Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum

Áfangaskýrsla I



Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir

Höfundar efnis:
Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir

FS460-07251
Fornleifastofnun Íslands
Reykjavík
2011

Forsíðumyndin er af tóft býlisins Hliðs í landi Kálfatjarnar (GK-151:026)

© Fornleifastofnun Íslands 2011
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. INNGANGUR 5

II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7

III. SKÝRINGAR 9

IV. FORNLEIFASKRÁ 11

GK-123 Stóru Vogar 11
GK-124 Eyrarkot 70
GK-125 Tumakot 71
GK-126 Suðurkot 74
GK-127 Tjarnarkot 78
GK-128 Minni Vogar 79
GK-129 Norðurkot 94
GK-146 Auðnar 99
GK-147 Auðnakot (Bergskot) 117
GK-148 Landakot 121
GK-149 Þórustaðir 138
GK-150 Norðurkot 167
GK-151 Kálfatjörn 174
GK-152 Naustakot 206
GK-153 Móakot 207
GK-154 Hátún 211
GK-155 Fjósakot 213
GK-156 Bakki 216
GK-157 Flekkuvík 228
GK-641 Fornleifar á fl. en 1 jörð 266

V. BYGGÐ Í VATNSLEYSUSTRANDARHREPP 271

VI. SAMANTEKT 273

Bæjarhólar og býli 273
Kirkjur, kuml og legstaðir 278
Sjósókn 279
Garðlög og kálgarðar 280
Útihús 282

Stekkir, kvíar og beitarhús 283
Fjárskýli og sel 284
VII. NIÐURSTÖÐUR 287
Minjar í hættu 287
Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu 287
HEIMILDASKRÁ 289
VIÐAUKI I: HNITASKRÁR Á ISN93 295
VIÐAUKI II: TÚNAKORT FRÁ 1919 308
VIÐAUKI III: MINJAKORT 316

I. INNGANGUR

Árið 2007 hófst skipuleg vinna við aðalskráningu allra fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum, gamla Vatnsleysustrandarhreppi. Nú er þremur áföngum af sex lokið og birtist afrakstur þeirra í þessari skýrslu. Að beiðni sveitarfélagsins var þriðja áfanga skipt í tvennt og hefur því áætlun um skráninguna lengst um eitt ár.

Í fyrsta áfanga var gerð aðalskráning innan og umhverfis þéttbýlið í Vogum á tæplega 2 km2 stóru svæði. Í þessum áfanga voru fornleifar skráðar á sjö lögbýlum: Stóru-Vogum (að hluta), Eyrarkoti, Tumakoti, Suðurkoti, Tjarnarkoti, Minni-Vogum og Norðurkoti. Í öðrum áfanga var gerð aðalskráning utan þéttbýlis á jörðinni Stóru-Vogum, í Kálfatjarnarhverfi og á jörðinni Flekkuvík. Innan Kálfatjarnarhverfis eru lögbýlin Kálfatjörn, Naustakot, Móakot, Hátún, Fjósakot og Bakki.[1] Árið 2009 voru skráðar fornleifar á Þórustöðum og í Norðurkoti og árið 2010 voru skráðar fornleifar í Landakoti, á Auðnum og í Auðnakoti (Bergskoti). Auk þeirra fornleifa sem skráðar voru sumurin 2007-2010 eru í þessari skýrslu birtar upplýsingar um þær fornleifar á fyrrtöldum jörðum sem skráðar voru við deiliskráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000 og fornleifar sem skráðar voru í landi Minni-Voga og Austurkots árið 2006 vegna fyrirhugaðrar íbúðarhúsabyggðar.

Stóru-Vogar, Minni-Vogar, Eyrarkot, Tumakot, Suðurkot, Tjarnarkot, Norðurkot og Austurkot eru í suðvesturenda sveitarfélagsins en aðrar jarðir sem skráðar voru á árunum 2008-2010 eru hins vegar nærri norðausturmörkum þess, þar sem landið teygir sig lengst til norðurs á Keilisnesi. Upphaflega stóð til að skrá samfellt svæði í suðvesturenda svæðisins en sveitarfélagið óskaði eftir að skráningaráætlun yrði breytt til hagræðis fyrir áætlanagerð. Í skýrslunni birtast upplýsingar um 689 fornleifar. Allar jarðirnar sem skráðar voru eru komnar í eyði en tómstundabúskapur er enn stundaður í Landakoti. Þó að búskap sé meira og minna hætt, er búið á flestum jörðunum. Innan lögbýlanna 19 voru skráð 56 býli og bústaðir og eru þeir allir komnir í eyði og sumir horfnir með öllu.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck gerði fornleifaskráningu í þéttbýlinu í Vogum 2007, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir og Þóra Pétursdóttir gerðu fornleifaskráninguna 2008 og Kristborg Þórsdóttir gerði fornleifaskráninguna árin 2009 og 2010. Elín Hreiðarsdóttir vann deiliskráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000 og Sædís Gunnarsdóttir

[1] Að auki bætttist við stök fornleif á bæði Suðurkoti og Minni-Vogum sem annars voru skráðar í fyrsta áfanga.

deiliskráningu í landi Minni-Voga og Austurkots árið 2006. Kristborg Þórsdóttir sá um samantekt efnis og ritun skýrslu. Kortagerð var í höndum Lísu Rutar Björnsdóttur. Rætt var við ýmsa heimildamenn um fornleifar á svæðinu og er þeim þökkuð aðstoðin. Ómetanlegt var að fá til afnota skjal með hnitum á ýmsum minjum og örnefnum sem hjónin Viktor Guðmundsson og Jóhanna Guðmundsdóttir hafa safnað saman. Sérstaklega komu hnitin að góðum notum við skráningu í hrauninu sunnan Reykjanesbrautar sem er víðfeðmt og illt yfirferðar á köflum.

Efnisskipan í þessari skýrslu er með þeim hætti að á eftir inngangi eru tveir kaflar um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf (2. kafli) og aðferðir við fornleifaskráningu (3. kafli). Í fjórða kafla er svo sjálf fornleifaskráin. Í henni er skrá yfir allar þekktar fornleifar á skráningarsvæðinu. Í 5. kafla er fjallað stuttlega um byggðasögu sveitarfélagsin og í 6. kafla er samantekt um helstu minjaflokka á svæðinu. Í 7. kafla er svo fjallað um minjavernd og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim.

II. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.

III. SKÝRINGAR

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi:GK-123:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Hnitalisti í landshnitakerfi (ISN93) er svo birtur aftast í skýrslu.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. FORNLEIFASKRÁ


GK-123 Stóru Vogar

Jarðadýrleiki óviss 1703. Hrolllaugur sem fékk Vatnsleysustrandarhrepp hjá Eyvindi lanndámsmanni bjó í Kvíguvogum. Kvíguvoga er getið í Sturlungu, (Sturlunga saga I, 406). Máldagi í Kvíguvogum frá árinu 1367 (DI III, 221). 18.4.1434: Jörðin seld fyrir 60 hundruð (DI IV 540). 9. september 1447: Bréf um jarðaskipti Einar Þorleifssonar og Steinmóðar ábóta í Viðey. Einar lét klaustrið í Viðey hafa jarðirnar, Voga (20 hdr), Hlöðunes (20 hdr), tvenna Áslákssstaði (40 hdr), Knarrarnes tvö (30 hdr)., Breiðagerði fyrir (10 hdr). (DI IV 707-708). 4.10.1489. Jörðin Stærri-Vogar seld (þá 50 hundruð) fyrir jarðirnar Skarð í Fnjóskadal og Mýri í Bárðardal (DI VI, 686). 1496: Eru báðir hlutar jarðarinnar fengnir Viðeyjarklaustri til eignar. (DI VII, 299, 303). 1533: Hálfkirkjan á jörðinni nefnd í sakamáli (DI IX, 660). 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 7 vættir fiska (Árni Óla: Strönd og Vogar, 26). Árið 1703 er þess getið að Snorrastaðir, forn eyðihjáleiga, hafi verið lögð undir jörðina. Hjáleigur jarðarinnar árið 1703 voru Eyrarkot [GK-124], Gata og Syðsta hjáleiga [Líklega sama og GK-126] í byggð. Eyðihjáleigur voru Tjarnarkot, Valgarðshjáleiga, Garðhús, Móakot, Halakot og Krunakot [Bræðrapartur] (JÁM III, 119-121). Seint á 18., öld er getið um hjáleigu sem nýtt var sem lambhús (FF, 239). Hjáleigur í byggð 1847: Eyrarkot [GK-124, Tumakot [GK-125], Suðurkot [GK-126] og Tjarnarkot [GK-127] (JJ, 90). Nýibær, Stapabúð, Brekka, Steinsholt, Klöpp, Garðbær, og Hábær voru afbýli byggð á 19. öld. Þéttbýli tók að myndast í landi Stóru- og Minni-Voga í kringum aldamótin 1900 en saga þess er rakin annarsstaðar, svo sem í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi. Upprunalegt nafn bæjarins er Kvíguvogar (Ö-Vogar, 7). Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir frá uppruna örnefnisins Kvíguvogar í þjóðsögunni um bónda einn í Vogum og marbendil sem bóndi veiðir í net sín. Í sögunni segir m.a.: "Þóttist hann skilja að kýr þessar hefði marbendill sent sér í þakkarskyni fyrir lausn sína. Þessi kýr hefur verið hinn mesti dánumannsgripur sem á Ísland hefur komið; æxlaðist af henni mikið kúakyn sem víða hefur dreifzt um land og er allt grátt að lit og kallað sækúakyn. En það er frá bónda að segja að hann varð mesti auðnumaður alla ævi. Hann lengdi og nafn byggðar sinnar og kallaði af kúm þessum, er á land hans gengu, Kvíguvoga er áður voru kallaðir Vogar." (Þjóðsögur Jóns Árnasonar I, 127-128).
1703: "Túnin líða skaða af sands og sjávarágángi, og gjörist að því ár frá ári meir og meir. Engjar eru öngvar. Úthagarnir litlir sumar og vetur." (JÁM III, 119). Túnakort 1919: Tún 2,3 teigar, garðar 1220m2.

GK-123:001 *Stóru-Vogar* bæjarhóll bústaður 63°58.929N 22°23.255V



Bæjarhóll Stóru-Voga 001, horft til NNV



Byggingaleifar á bæjarhól Stóru-Voga 001

"Neðan vert og nær sjónum eru svo Stóru-Vogar og stóðu á Bæjarhólnum í Stóru-Vogatúni. Þar eru nú rústir einar, því Stóru-Vogar eru í eyði." segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, segir: "Stóru-Vogarústirnar bera vott um stóran hug og stórverk. Húsið var byggt árið 1871 [...]. Það Stóru-Vogahús, sem áður er getið, var ein hæð og íveruris, en árið 1912 lét Sigurjón J.


Waage byggja nýtt hús á sama grunni og var hann kjallari nýja hússins. Hluti grunnsins stendur enn, þó stutt sé orðið í að þetta mikla verk hrynji í sjóinn. [...] Smiður þess var Skúli Högnason úr Keflavík. Húsið var rifið árið 1965." Stóru-Vogar eru um 370 m sunnan við Minni-Voga GK-128:001 og 310 m SSA við Suðurkot GK-126:001.
Grasigróinn bæjarhóll Stóru-Voga er horfinn að hluta í vestri vegna ágangs sjávar. Bæjarleifar Stóru-Voga eru um 5 m austan við efribrún Vogafjöru. Malbikaður göngustígur liggur N-S meðfram vesturvegg íbúðarhúss Stóru-Voga.
Bæjarhóll Stóru-Voga er grasigróinn, 2-3 m á hæð, um 30 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr N-S. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur og Viktori Guðmundssyni ber minna á bæjarhólnum í dag (2007) vegna framkvæmda við Stóru-Vogaskóla þar sem jarðvegi úr grunni hússins var ýtt yfir stóran hluta heimatúns bæjarins. Á hólnum eru enn tóftir íbúðarhússins (A) sem byggt var árið 1912 og signar hleðslur grjótveggja fjóss (B) sem var fast norðan við húsið. Grunnur íbúðarhússins (A) er steinsteyptur og grjóthlaðinn, um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snýr A-V. Innanveggir grunnsins eru alveg steinsteyptir um 0,2 m á breidd og um 1 m á hæð. Ytri veggir eru um 0,5 m á breidd og um 1-1,4 m á hæð. Steinsteyptar tröppur voru upp á aðra hæð húss að sunnan við SA horn þess. Tröppurnar eru um 2 m á breidd, um 3 m á lengd og um 1,4 m á hæð. Kjallarinn var þrískiptur, með sjö dyrum og einum glugga á austurvegg. Tvennar dyr eru á vesturhlið, tvennar á suðurhlið, einar á austurhlið og tvennar á norðurhlið. Samkvæmt Viktori Guðmundssyni og Sesselju Guðmundsdóttur var grunnur hússins að hluta til byggður 1871 og svo bætt við hann 1912. Eldri hluti grunnsins er tilhöggvið grjót límt saman á meðan yngri hluti hans er að verulegu leyti fjörugrjót sem steypt var í mót og múrhúðað. Tröppur hússins eru taldar vera frá 1912. Samkvæmt Helga D. Davíðssyni var hluti af byggingarefni íbúðarhússins svo notað í húsið Arageröi 7. Vestari dyr á norðurhlið íbúðarhúss lágu upp í sambyggt fjós og hlöðu (B) sem er um 2 m norðar. Um 1,5 m breiður og um 2 m langur gangur lá N-S á milli húsanna. Veggir fjóssins og hlöðunnar eru grjóthlaðnir og mjög hrundir en þeir eru um 0,5-1 m á breidd og um 0,2-0,4 m á hæð. Veggir þess eru **Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 64; Túnakort 1919

GK-123:002 *Mariu kirkia* heimild um útkirkja 63°58.929N 22°23.269V
Í bókinni Strönd og Vogar segir: "Upphaflega voru þrjár kirkjur á Ströndinni, hálfkirkjur í Kvíguvogum (Vogum) og Vatnsleysu, en aðalkirkjan á Kálfatjörn." Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var kirkjan líklega á vestanverðum bæjarhól Stóru-Voga 001 en ekkert sést til hennar í dag, trúlega vegna sjávarrofs. Mjög líklegt er að mannabein sem fundust í sniði bæjarhólsins að vestanverðu (sjá 059) séu vísbending um staðsetningu kirkju og kirkjugarðs þó ekki sé hægt að fullyrða það án frekari rannsókna.
Grasigróinn bæjarhóll Stóru-Voga er horfinn að hluta vegna ágangs sjávar. Grunnur íbúðarhússins er enn uppistandandi og leifar hleðslna í fjósi eru sjáanlegar.
KVÍGUVOGAR (G) -Þorláki, Maríu (KÁLFATJARNARÞING) - HÁLFKIRKJA
[1367]: lxv. Mariu kirkia og hinz heilaga Thorlaks Biskups j kuiguvogum a xc j heimalande. vj ær. ij saude tuævetra.
les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 221
1397: a .xc. j Heimalandi
portio Ecclesiæ vmm iiij ar .iiij. merkur þau sem Andries Magnusson a ad svara.
Þar skal takast heimatiund heimamanna; Máld DI IV 105-106
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 61}. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:DI III, 221; DI IV, 105-106; Árni Óla: Strönd og vogar, 183

GK-123:003 tóft útihús
63°58.931N 22°23.252V
Samkvæmt túnakorti frá því árið 1919 er útihús um 2-4 m austan við bæ 001. Á þessum stað er mjög hruninn grjóthlaðinn grunnur.
Grunnurinn er niðurgrafinn utan í austurhlið bæjarhóls Stóru-Voga sem er grasi gróinn.
Grunnurinn er um 5 m á lengd og 4 m á breidd að innanmáli. Aðeins sjást innveggir grunnsins svo óvíst er hversu þykkir þeir eru en að minnsta kosti tvær raðir grjóts er í veggjunum. Hleðslur veggja eru mjög signar í suður- og austurveggjum en grjóthleðslur eru greinilegar í norður- og vesturveggjum grunns. Hleðslur hafa trúlega verið um 1 m á hæð en þó er mikið grjóthrun og steypuklumpar í tóft


Tóft 003, horft til norðurs

svo ekki er alveg ljóst nákvæmlega hversu háir grjótveggir grunnsins hafa verið. Guðrún L. Magnúsdóttir, heimildarmaður, þekkti ekki hlutverk þessarar byggingar en telur líklegt að þarna hafi verið kindakofi en jafn hugsanlegt að hér hafi staðið einhverskonar skemma, jarðhýsi eða jafnvel hænsnakofi.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919



Tóft 003


GK-123:004 heimild um
63°58.943N 22°23.227V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var þró um 35 m NA við bæ 001 og um 5 m norðan við kálgarð 101.
Á þessu svæði er gervigrasvöllur við Vogaskóla.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrærnar 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:005 heimild um brunn 63°58.926N 22°23.196V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var brunnur um 50 m ASA við bæ 001. Líklega er hér ekki um að ræða Stóru-Vogabrunn sem minnst er á í örnefnaskrá (sjá 097).
Á þessu svæði er nú íbúðarhús við Akurgerði 10.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en búið er að fylla upp í þá flesta. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:006 *Stóru-Vogasjóhús* tóft fjárhús 63°58.961N 22°23.393V


Tóft 006, horft til norðausturs

"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust [054] og Stóru-Vogasjóhús [006 og 055]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 120 m NV við bæ 001 og um 5 m NA við fiskhús 055. Í raun er tóftin um 130 m NV við bæ 001 og um 5 m austan við efri brún fjöru.
Á þessu svæði er nú slétt graslendi.



Tóft 006

Lítið er eftir af byggingunni annað en um 4 m langur, 3 m breiður og um 0,2-0,4 m djúpur grjóthlaðinn grunnur sem snýr NNA-SSV. Grunnurinn er fullur af járnneti og grjóti sem trúlega hefur verið lagt sem gólf. Brúnir grunnsins eru grónar háu grasi og glittir í grjóthleðslur í veggjum grunns hér og þar. Þykkt grjótveggjanna er óþekkt. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni var fjárhús frá Stóru-Vogum á þessu svæði en samkvæmt ljósmynd sem tekin er árið 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands voru þarna sjóhús frá Stóru-Vogum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 9

GK-123:007 heimild um 63°58.984N 22°23.411V

Samkvæmt túnakorti frá því árið 1919 var þró um 50 m norðan við útihús 006 og um 160 m vestan við Tjarnarkot GK-127:001.
Á þessu svæði er slétt graslendi og malbikaður göngustígur milli Vogafjöru og bakka Vogatjarnar. Mjög stutt er niður í fjöru svo ekki er ólíklegt að einhver hluti svæðisins sem húsin stóðu á sé horfinn vegna sjávarrofs.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrærnar 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:008 heimild um útihús 63°58.992N 22°23.415V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 15 m norðan við útihús 007 og um 150 m vestan við Tjarnarkot GK-127:001.
Á þessu svæði er nú slétt graslendi og malbikaður göngustígur milli Vogafjöru og bakka Vogatjarnar.
Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni, heimildarmanni, voru skúrar frá Hábæ á þessu svæði í hans tíð sem líklega voru hjallar eða sjóbúðir. Ekkert sést til fornleifa. Sjóhúsið sést greinilega á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands og hefur það trúlega verið timburbyggt.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:009 *Snorrastaðir* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Snorrastader, forn eyðijörð og hefur um lángan aldur í eyði legið. Eigandinn er kóngl. Majestat. en hvað landskuld hefur hjer af verið, veit enginn að segja. Nú er alt land þessarar jarðar lagt undir brúkun ábúendanna í Vogum hvorutveggja og hefur yfir hundrað ár so verið. Það segja menn, að þegar þessi jörð lagðist í eyði, hafi bærinn verið færður annarstaðar í sömu landeign, og sá bólstaður um skamma stund viðhaldist eftir því sem munnmæli gánga. Er og so það bæjarstæði í Voga landi lángt fram yfir það, sem elstu menn til minnast, og kann örðugt aftur að bygjast fyrir þí, að túnin eru aldeiliss í sand, grjót og hrjóstur uppblásin." Í örnefnaskrá segir að jörðin hafi farið í eyði í eldsumbrotum á 13. öld. "Snorrastaðatjarnir verða næstar á vegi okkar en þær liggja rétt fyrir ofan Háabjalla. Í gömlum heimildum er getið um Snorrastaði einhvers staðar á þessum slóðum en hvergi sjást merki um þann bæ. [...] Fyrir ofan neðstu tjörnina er nýreistur skáli frá Skátafélaginu Heiðarbúum í Keflavík," segir í Örnefni og gönguleiðir. Snorrastaðatjarnir heitir falleg tjarnaþyrping um 300 m suðaustan við Háabjalla, en tjarnirnar hafa myndast í gjám sem liggja þarna þétt saman og teygja sig norðaustur-suðvestur.
"Tjarnirnar eru oftast sagðar þrjár, en eru í það minnsta fimm ef ekki er því meiri þurrkur," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Staðsetning býlisins er ókunn.
Heimildir:JÁM III, 118; Ö-Vogar, 7; SG: Örnefni og gönguleiðir, 62-63;

GK-123:010 *Snorrastaðir* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Snorrastader, forn eyðijörð og hefur um lángan aldur í eyði legið. Eigandinn er kóngl. Majestat. en hvað landskuld hefur hjer af verið, veit enginn að segja. Nú er alt land þessarar jarðar lagt undir brúkun ábúendanna í Vogum hvorutveggja og hefur yfir hundrað ár so verið. Það segja menn, að þegar þessi jörð lagðist í eyði, hafi bærinn verið færður annarstaðar í sömu landeign, og sá bólstaður um skamma stund viðhaldist eftir því sem munnmæli gánga. Er og so það bæjarstæði í Voga landi lángt fram yfir það, sem elstu menn til minnast, og kann örðugt aftur að bygjast fyrir þí, að túnin eru aldeiliss í sand, grjót og hrjóstur uppblásin." Í örnefnaskrá segir að jörðin hafi farið í eyði í eldsumbrotum á 13. öld. "Snorrastaðatjarnir verða næstar á vegi okkar en þær liggja rétt fyrir ofan Háabjalla. Í gömlum heimildum er getið um Snorrastaði einhvers staðar á þessum slóðum en hvergi sjást merki um þann bæ. ... Fyrir ofan neðstu tjörnina er nýreistur skáli frá Skátafélaginu Heiðarbúum í Keflavík," segir í Örnefni og gönguleiðir. Snorrastaðatjarnir heitir falleg tjarnaþyrping um 300 m suðaustan við Háabjalla, en tjarnirnar hafa myndast í gjám sem liggja þarna þétt saman og teygja sig norðaustur-suðvestur.
Staðsetning býlisins er ókunn.
Heimildir:JÁM III, 118; Ö-Vogar, 7; SG: Örnefni og gönguleiðir, 62-63;

GK-123:011 *Nýibær* bæjarstæði býli 63°58.878N 22°23.070V



Nýibær 011, horft til suðausturs

"Einnig Nýibær og Hábær [015] [enn í byggð]. [...] Þá er Nýibær í Nýjabæjartúni og liggur Nýjabæjarstígur [012] niður þaðan í Nýjabæjarvör [013]. Tún Tumakots [GK-125:001] og Nýjabæjar liggja saman á hólnum, sem nefnast Borhólar og skammt þaðan er Nýjabæjarbrunnur [014], [...]." segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Nýjibær (Vogagerði 24). Árið 1872 hófu ung hjón búskap að Nýjabæ. [...] Stuttu eftir að Andrés tók við búinu [eftir 1899] byggði hann nýtt íbúðarhús. [...] Árið 1927 lagði Andrés í það mikla verk að byggja nýtt og stærra íbúðarhús." Nýibær (byggður 1927) er nú Vogagerði 24, um 200 m NNA við Suðurkot GK-126:001 og um 180 m SA við Stóru-Voga 001.

Nýibær stendur fast vestan við malbikaða götu sem liggur N-S, Vogagerði, og fast sunnan við malbikaða götu, Ægisgötu, sem liggur A-V. Vestan við Nýjabæ er svo sléttað moldarbarð þar sem áður stóð steinsteypt íbúðarhús og sunnan við hann er íbúðarhús við Vogagerði 26.

1919: Tún 1 teigur, garðar 550 m2. Ekkert sést til eldri bæjar og enginn bæjarhóll er greinanlegur vegna sléttunar, bygginga og vegagerðar. Íbúðarhúsið sem byggt var 1927 er bárujárnsklætt timburhús sem snýr N-S. Gengið er inn að vestan og er grunnur hússins grjóthlaðinn og steinsteyptur. Húsið er á tveimur hæðum og samkvæmt Særúnu Jónsdóttur, heimildarmanni, er ómanngengur kjallari undir húsinu. Engir gluggar eru á grunni hússins og er þak þess með burst. Grunnurinn er um 7x7 m að flatarmáli fyrir utan steinsteypta viðbyggingu að norðanverðu.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Vogar, 7, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 51; Túnakort 1919

GK-123:012 *Nýjabæjarstígur* heimild um leið 63°58.879N 22°23.091V

"Þá er Nýibær [011] í Nýjabæjartúni og liggur Nýjabæjarstígur niður þaðan í Nýjabæjarvör [013]." segir í örnefnaskrá. Nýjabæjarstígur lá í vestur frá Nýjabæ niður í fjöru. Nákvæm staðsetning óþekkt.

Á þessu svæði er nú sléttað moldarbarð og íbúðarhús við Akurgerði 11 og 12.

Ekkert sést til götu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Vogar, 7, 8

GK-123:013 *Nýjabæjarvör* heimild um lendingu 63°58.863N 22°23.205V

"Þá er Nýibær [011] í Nýjabæjartúni og liggur Nýjabæjarstígur [012] niður þaðan í Nýjabæjarvör." segir í örnefnaskrá. Nýjabæjarvör hefur samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, trúlega verið í fjörunni 120 m vestan við Nýjabæ en nákvæm staðsetning er óþekkt.

Á þessu svæði er sendin og grýtt fjara og grjóthlaðinn sjávarvarnargarður.

Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Vogar, 8

GK-123:014 *Nýjabæjarbrunnur* heimild um brunn 63°58.891N 22°23.073V

"Þá er Nýibær [011] í Nýjabæjartúni og liggur Nýjabæjarstígur [012] niður þaðan í Nýjabæjarvör [013]. Tún Tumakots [GK-125:001] og Nýjabæjar liggja saman á hólnum, sem nefnast Borhólar og skammt þaðan er Nýjabæjarbrunnur, [...]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var Nýjabæjarbrunnur um 25 m norðan við Nýjabæ.

Á þessu svæði er sléttað graslendi við Vogagerði 22.

Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en búið er að fylla upp í þá flesta. Hugsanlega leynast leifar brunns undir sverði. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Vogar, 8; Túnakort 1919

GK-123:015 *Hábær* bæjarstæði býli 63°58.997N 22°23.170V



Hábær 015, horft til norðausturs

"Einnig Nýibær [011] og Hábær. [...] Hábær stendur í Hábæjartúni en heima frá bæ liggur Hábæjarstígur [016] í Hábæjarvör [017]. Rétt hjá bænum var Hábæjarbrunnur [018]." segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Hábær er nyrsti jarðarhlutinn sem látinn var úr Stóru-Vogajörðinni. [...] Árið 1920 reif Ásmundur [Árnason] Hábæ og byggði hann upp aftur í Hafnarfirði og gaf því húsi sama nafn, (nú Skúlaskeið 3). [...] Hábær í Vogum var aðeins kjallaragrunnur eftir að húsið sjálft var rifið. [...] lét hann [Árni T. Pétursson] rífa Hvamm og byggja upp á Hábæjargrunninum, þó í öðrum stíl væri en áður, og er það enn í dag sá hluti hússins sem snýr mót suðri. [...] Árni byggði Hábæ árið 1921 [...]." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var Hábær um 160 m NA við Stóru-Voga 001 og um 160 m sunnan við Austurkot GK-128:027. Í raun er Hábær um 150 m NA við Stóru-Voga og um 200 m SSV við Austurkot. Upprunalegt byggingarár Hábæjar er óþekkt og ekki er vitað hvort einhvern tíman stóð torfbær á þessu svæði.
Hábær stendur enn í grasigrónum garði fast norðan við Tjarnargötu í vesturenda hennar, NA við grunnskóla Voga.
1919: Tún 1,5 teigar, garðar 450 m2. Hábær sem byggður var 1922 stendur enn en búið er að byggja við upprunalegu bygginguna 2-3 sinnum. Gera má ráð fyrir því að aðeins grunnur fyrra timburhúss sem rifið var árið 1920 sé enn til staðar af eldri byggingum. Enginn bæjarhóll er greinanlegur hugsanlega vegna rasks í kringum húsið en einnig er hugsanlegt að enginn bæjarhóll hafi náð að myndast síðan Hábær byggðist. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 7, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 70

GK-123:016 *Hábæjarstígur* heimild um leið 63°59.002N 22°23.224V
"Hábær [015] stendur í Hábæjartúni en heima frá bæ liggur Hábæjarstígur í Hábæjarvör [017]." segir í örnefnaskrá. Hábæjarstígur lá trúlega um Stóru-Vogatún A-V frá Hábæ til suðurs við Vogatjörnina 180-200 m leið niður í Hábæjarvör.
Á þessu svæði er malbikaður göngustígur um smáþýft graslendi og sléttuð lóð grunnskólans í Vogum.
Ekkert sést til Hábæjarstígs.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8

GK-123:017 *Hábæjarvör* heimild um lendingu 63°58.991N 22°23.442V
"Hábær [015] stendur í Hábæjartúni en heima frá bæ liggur Hábæjarstígur [016] í Hábæjarvör." segir í örnefnaskrá. Hábæjarvör hefur trúlega verið um 220 m vestan við Hábæ 015 og um 190 m NV við Stóru-Voga 001.
Á þessu svæði er sendin og grýtt fjara.
Ekkert sést til varar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 8



Hábæjarbrunnur 018, horft til norðvesturs

GK-123:018 *Hábæjarbrunnur* gryfja brunnur 63°59.014N 22°23.181V
"Hábær [015] stendur í Hábæjartúni en heima frá bæ liggur Hábæjarstígur [016] í Hábæjarvör [017]. Rétt hjá bænum var Hábæjarbrunnur." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var Hábæjarbrunnur um 30 m norðan við Hábæ. Í raun eru leifar brunnsins um 30 m NNV við Hábæ og um 230 m SSA við Minni-Voga GK-128:001.
Brunnurinn er í grasigróinni dæld fast sunnan við sléttaða grasflöt. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur,

heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en búið er að fylla upp í þá flesta. Búið að fylla upp í Hábæjarbrunn en enn sést um 0,2-0,4 m djúp hola um 1x1 m að flatarmáli og glittir í grjóthleðslur í hliðum hennar. Mjög líklegt er að hleðslur brunns séu enn óhreyfðar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8; Túnakorti 1919

GK-123:019 *Mörguvörður* örnefni landamerki
Samkvæmt örnefnaskrá eru landamerki fyrir Stóru- og Minni-Voga þannig: "Frá Herjansæti, eður úr uppgöngu úr Kolbeinsgöngu úr Kolaskor suður til Mörguvarða á Gamla Stapaveginum." Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Þegar ekið er um Stapann til vesturs, u.þ.b. 1 km frá Grindavíkurafleggjara, eru margar litlar gamlar vörður eða grjóthrúgur á lágu holti skammt (200 m) fyrir neðan Reykjanesbraut. Vörðurnar standa fast við Gamla-Stapaveginn sem enn er nokkuð greinilegur á þessum slóðum. Örnefnið Mörguvörður gæti vel átt við þetta svæði en þó telja sumir það heita Tyrkjavörður. Skýring á Tyrkjaörnefninu er sú að allar þessar litlu vörður hafi verið hlaðnar til þess að flæma Tyrki á brott því þeir myndu telja að þarna væri her manns albúinn að bjóða þeim byrginn. Mörguvörður (Tyrkjavörður) sjást ekki frá sjó enda skýringin langsótt. Líklega er tilurð Mörguvarða sú að þarna hafa menn áð eða dokað við og dundað sér við grjótfærslur því vörðurnar eru á ætluðum gatnamótum Sandakravegar og Gamla-Stapavegar."
Á svæðinu suður af Kolaskor hefur orðið nokkuð rask vegna efnistöku og vegagerðar en að öðru leyti er þar gróinn hraunmói á köflum og rofasvæði inn á milli.
Mörguvörður eru að öllum líkindum sömu vörður og Tyrkjavörður, og er það mat Sesselju Guðmundsdóttur, heimildarmanns, sem rætt hefur við fjölda annarra heimildarmanna. Samkvæmt Sesselju sjást vörðurnar enn og eru þær um 200 m neðan (norðan) við Reykjanesbraut, og um 1 km frá Grindavíkurafleggjara (sennilega norðvestan við hann, ekki er mögulegt að þær séu austan við afleggjarann ef þær hafa verið sunnan við Kolaskor skv. landamerkjalýsingu). Skráningarmenn fundu ekki Mörguvörður á vettvangi en líklega var ekki leitað að þeim á réttum stað. Vörðurnar eru við Gamla-Stapaveg GK-641:013 og fyrir misskilning var talið var að hann væri sami vegur og Stapavegur GK-641:009 en síðar kom annað í ljós. Skráningarmenn leituðu að vörðunum nærri Stapavegi og hafa því verið of norðarlega.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 1-2; SG: Örnefni og gönguleiðir, 59-60

GK-123:020 *Rauðastígur* heimild um leið
"Þarna er einnig að finna nöfn eins og Hamrabrúnir, Stapabrúnir eða Brúnir og svo eru þarna niður undan Hamraskriður eða Brúnaskriður. Þá kom laut í Brúnirnar og nefndist Gil og lá þar upp með stígur erfiður uppgöngu, nefndist Heljarstígur. Hér nokkru innar er svo Brekkuskarð eða Brekkuskor og lá þar upp Brekkustígur og var þar sæmilega auðvelt uppgöngu. Litlu innar var svo Rauðastígur," segir í örnefnaskrá. Pétur Jónsson sem gerði athugasemdir við örnefnaskrá GS telur að Rauðastígur og Heljarstígur hafi verið sömu slóðarnir. Af loftmynd má sjá nokkuð greinilegt gil í Brúnirnar vestan við Brekkuskor og kann Heljarstígur og/eða Rauðastígur að hafa verið þar. Stígurinn hefur legið af Stapanum niður í fjöru, líklega vestan við Kerlingabúðir 031 en þar er bratt niður í grjótfjöru og er ekkert undirlendi þar.
Brattar en grónar hraunbrekkur.
Ekki sást til stígsins á vettvangi og nákvæm staðsetning hans óljós.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 5; Ö-Vogar ath, 2

GK-123:021 *Fúla* heimild um lendingu 63°59.009N 22°23.462V
Í örnefnaskrá segir: "Tjarnarkot [GK-127:001] stóð í Tjarnarkotstúni niður undan er Tjarnarkotsklöpp og rétt við hana Eyrarkotsvör [GK-124:002], Tjarnarkotsvör [GK-127:002], Hábæjarvör [017] og vörin Fúla eða Fúlavik en þarna safnaðist mikið þang og þari og fúlnaði. Seinna var hér byggð bryggja sem nefndist Fúlabryggja." Fúla er um 240 m NNV við Stóru-Voga 001 og um 190 m VNV við Tjarnarkot.
Á þessu svæði er ennþá fjara þar sem safnast saman þari og annar sjávargróður sem rotnar. Fjaran er malarfjara og er sunnan við 3-4 m háan grjóthlaðinn sjávarvarnargarð þar sem iðnaðarhúsnæði Áltaks og Þorbjarnar standa.
Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ljóst frá hvaða bæ vörin var nýtt en líklegt er að miðað við staðsetningu hafi hún verið nýtt frá Eyrarkoti 124:001 eða Norðurkoti 129:001.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-123:022 *Merkjagarður* garðlag landamerki 63°59.054N 22°23.167V



Merkjagarður 022, horft til ANA

Í örnefnaskrá segir: "úr henni [Þúfu] í austur að Austur-horni á Gömlum Garði, er kallast Merkjagarður og skilur á milli Tjarnarkots og Hábæjar og Austurkots og liggur til Norð-Austurs." Merkjagarður er teiknaður á túnakort frá því um 1919 um 80 m norðan við Hábæ 015. Örlitlar leifar hans sjást enn um 100 m norðan við Hábæ 015 og um 80 m norðaustan við Tjarnarkot GK-127:001.
Leifar garðlagsins má greina í sléttaðri grasflöt 5-10 m austan við Vogatjörn.
Garðurinn hefur nú (2007) verið að mestu sléttaður. Hann má greina sem 0,2-0,4 m háan hrygg A-V í sléttaðri grasflötinni. Hryggurinn er um 1,5-2 m á breidd og um 30 m á lengd. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést grjóthlaðinn garðurinn mjög greinilega þar sem hann hlykkjast í vestur niður að Vogatjörn og í suður í átt að Nýjabæ 011 en hann hefur mjög líklega tengst garðlagi 128:014 á horninu þar sem hann beygir í suður.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Vogar, 2

GK-123:023 *Kolbeinsvarða* heimild um landamerki 63°58.284N 22°27.450V
"Suður eftir Stapanum liggja Landamerki [svo] milli Stóru-Voga og Innri-Njarðvíkur, frá svonefndu Herjanssæti í Kolbeinsskor eða Kolaskor. [...] Héðan liggur línan í Kolbeinsvörðu [...]," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi segir um Kolbeinsvörðu: "Kolbeinsvarða er sögð standa á mörkum Njarðvíkur og Vatnsleysustrandarhrepps. [...] segja sumar heimildir að Kolbeinsvarða sé alveg fram á Stapabrún við Grynnri-Skor. [...] Svo virðist sem Kolbeinsvarða hafi verið rifin og notuð í seinni tíma mannvirki, annaðhvort vegagerð eða "hervirki" á Natóárunum. Stór jarðlægur vörðugrunnur sést þarna beint ofan við uppgönguna úr Skorinni og má ætla að það séu leifar Kolbeinsvörðu." Í bók Árna Óla segir: Koefoeds-varða er laust upp af ytri enda Grynnriskoru og er landamerki milli Innri-Njarðvíkur og Voga. Hún er sennilega kennd við Hans W. Koefoed sýslumann [...]." Kolbeinsvarða hefur verið á Stapabrún um 3,6 km VSV af Stóru-Vogum 001.
Grunnaskor er brött hálfgróin og grýtt skor niður til sjávar og liggur línuvegur í austur-vestur sunnan hennar. Stapavegurinn GK-641:009 liggur þar á kafla í línuveginum en verður aftur greinilegur við vesturenda skorarinnar. Sunnan línuvegar eru framkvæmdir í gangi.
Leifar vörðunnar fundust ekki við leit en hnit tekið við vesturenda Grunnuskorar. Það lendir alllangt utan við landamerki sem fengust frá sveitarfélaginu
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 5; SG: Örnefni og gönguleiðir, 58-59; Árni Óla: Strönd og vogar, 240.

GK-123:024 *Þrívörður* varða óþekkt 63°58.351N 22°20.674V



Varða A, horft til austurs



Varða B, horft til norðvesturs

"Austur og upp af Kolbeinsskor eru Þrívörður og þar hærra vörður, sem heita Strákar [...]", segir í örnefnaskrá. Þrívörður eru þrjár vörður sunnan við Línuveginn. Syðsta varðan er um 100 m norðan við Stráka 025 og um 720 m sunnan við Reykjanesbraut, en nyrsta varðan er 620 m frá henni og um 2,3 km suðaustur af bæ 001.
Klappir, grýtt svæði og mosaflákar.
Vörðurnar standa allar á lágum klettahæðum og eru 0,4-0,7 m á hæð. Aðalskráning 2008: Heildarsvæðið sem

vörðurnar eru á er um 100 x 20 m og snýr norðvestur-suðaustur. Varða A er syðst, hún er nokkuð vegleg, er hringlaga, 1,5 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Steinar meðalstórir og smáir, skófum vaxnir en síst þeir efstu. 4 umför greinileg. Um 60 m norðvestan við A er varða B. Hún er hringlaga um 1 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Í henni er meðalstórt og smátt grjót, mosa og skófum vaxið. 4 umför greinileg. Varða C er um 50 m norðvestan við B. Varðan er um 1,5 x 0,4 m og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hæð 0,5 m, 2 umför sýnileg. Steinarnir í henni eru stórir og skófum vaxnir. Ef til vill er þessi varða ekki hluti af Þrívörðum og kann að vera leifar af hruninni refagildru. Það sem bendir frekar til þess er að hleðslan er ílöng, nokkuð ferköntuð, og grjótið í henni er stærra en í vörðum A og B. Refagildran kann að hafa verið hlaðin úr grjóti vörðunnar en ef til vill er þriðja varðan í Þrívörðum hrunin og sást ekki á vettvangi eða hún gæti verið varða 139 sem er 140 m norðvestan við vörðu B. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessar vörður voru reistar en ef til vill hafa þær varðað leiðina að Kúastíg 066 en vörðurnar stefna í átt frá Stóru-Vogum 001 í suðaustur að Hrafnagjá þar sem Kúastígur lá yfir hana.



Varða C, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Vogar, 5

GK-123:025 *Strákar* varða óþekkt 63°58.313N 22°20.528V



Varða A, horft til austurs



Varða B, horft til austurs

"Austur og upp af Kolbeinsskor eru Þrívörður og þar hærra vörður, sem heita Strákar [...]. Þá koma Strákar eða Strákavörður sem eru þrjár og greinast í Austurvörðu, Miðvörðu og Syðstuvörðu," segir í örnefnaskrá "Fyrir ofan Þórusel [065] göngum við fram á þrjár lítilfjörlegar vörður sem heita Strákar eða Strákavörður og liggja þær þvert á Hrafnsgjárbarminn með nokkurra metra millibili. Stendur sú efsta svo til á gjárbarminum. Sumir telja að sú Strákavarða heiti Leifur Þórður [051] og að þar sé kominn landamerkjavarðan milli Voga og Brunnastaða, sem sögð er standa á Hrafnagjárbarmi." Strákar eru um 250 m sunnan við Línuveginn og um 720 m sunnan við Reykjanesbraut, á barmi Hrafnagjár. Vörðurnar eru 2,5 km suðaustur af bæ 001.


Vörðurnar standa á barmi Hrafnagjár rétt vestan við Kúastíg þar sem hann fer niður í Hrafnsgjá. Þær standa á lágum klöppum.

Aðeins eru tvær vörður af þremur mjög greinilegar. Vörðurnar eru hrundar. Aðalskráning 2008: Vörðurnar sem skráðar voru vegna framkvæmda við Reykjanesbraut veturinn 2000 voru þétt saman, önnur mjög lítil en hin stærri. Við gerð aðalskráningar sumarið 2008 voru tvær aðrar vörður skráðar við Hrafnagjá og er líklega önnur þeirra hluti af Strákum. Vörðurnar eru á svæði sem er um 30 x 5 m og snýr austur-vestur. Við nyrðri gjárbarm Hrafnagjár er lítil varða A), skammt frá Kúastíg. Hún er um 1 x 0,6 m að grunnfleti, snýr austur-vestur og er um 0,4 m á hæð. Grjót í henni er meðalstórt og smátt, 3 umför sýnileg. Um 30 m norðan við A er önnur lítil varða B). Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur er það sú varða sem sumir telja vera landamerkjavörðuna Leifur-Þórður. Hún er úr meðalstóru grjóti, skófum vöxnu. Hún er um 1 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Varðan mjókkar lítillega upp. Vestan við vörðuna er lítil málmplata með punkti á og númerinu 108. Samkvæmt samtali við Jón Örn Bjarnason hjá Orkustofnun og Ingvar Þór Magnússon hjá Íslenskum orkurannsóknum eru slíkar plötur settar niður í tengslum við mælingar af ýmsu tagi. Yfirleitt eru bókstafir á þeim auk tölustafa sem auðkenna stofnunina sem að mælingunum standa. Það er þó ekki á þessari plötu og vissu áðurnefndir menn ekki hvaða mælingum hún tengist. Líklegt er að

varðan við plötuna hafi verið hlaðin til að benda á plötuna og fundust tvær aðrar vörður uppi í heiðinni við samskonar koparplötur. Ekki er því líklegt að varðan sé landamerkjavarðan Leifur Þórður 051 eða að varðan tilheyri með réttu Strákum. Lítil varða, ungleg, sést á syðri gjárbarmi Hrafnagjár, ólíklegt er að hún sé hluti af Strákavörðum. Víðar í nágrenninu er hægt að sjá lítil vörðutyppi. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi Strákavörður voru hlaðnar en þær eru í framhaldi af þrívörðum og kunna að hafa vísað á Kúastíg þar sem hann fer yfir Hrafnagjá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir að samkvæmt einni heimild (ótilgreindri) hafi kúasmalar hlaðið vörðurnar fyrir aldamótin 1900.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 5, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 75

GK-123:026 tóft óþekkt 63°58.500N 22°23.470V


Tóft 026, horft til austurs



Tóft 026

Niðurgrafin tóft er nyrst á lágum sporöskjulaga hól, um 115 m suðaustan við hleðslu 157 og um 817 m suðvestan við bæ 001.
Hóllinn er grasi vaxinn og er við sjávarsíðuna, á láglendi með lágum hólum og dældum á milli þeirra. Flestir hólanna eru hraunhólar, grónir að hluta. Hóllinn sem tóftin er á er algróinn og ekki sést í hraun í honum. Hóllinn er innan beitarhólfs fyrir hesta í grennd við hesthús.
Tóftin hefur verið grafin inn í hól og er um 14 x 7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í tóftinni má greina 5 hólf og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni. Byrjað er að lýsa stærsta hólfinu A) sem er nyrst (neðst). Hólf A) snýr austur-vestur, það er um 12 x 2,5 m að innanmáli og er norðurkantur þess óljós. Sunnan við þetta hólf eru þrjú lítil kringlótt hólf B-D) grafin inn í hólinn. Þau eru 1,3-2 x 1-2 m að innanmáli. Suðaustasta hólfið B) er dýpst, um 1 m. Við austurenda hólfs A) er eitt ógreinilegt kringlótt hólf E) auk hinna þriggja, um 1,2 x 1,5 m að innanmáli. Opið er úr hólfi A) inn í litlu hólfin en ekki er greinilegt op inn í hólf A). Í hólfi C), (miðhólfinu til suðurs) sjást viðarleifar og grjót í veggjum. Vestan við tóftina eru tvö vik í hólinn en þau virðast ekki manngerð. Eins er umhorfs í suðurenda hólsins. Þar er rof í hólinn en engar grjóthleðslur og ekki er hægt að sjá að það sé mannvirki. Ekki er augljóst hvaða tilgangi mannvirki þetta hefur þjónað en mögulega hefur þarna verið einhverskonar geymsla, minjarnar virðast ekki vera ýkja gamlar.
Hættumat: engin hætta

GK-123:027 *Brekkustígur* gata leið 63°58.215N 22°24.261V
"Hér nokkru innar [en 026] er svo Brekkuskarð eða Brekkuskor og lá þar upp Brekkustígur og var þar sæmilega auðvelt uppgöngu," segir í örnefnaskrá. Brekkuskor er gróið en grýtt skarð beint upp af tóftum Brekku [036], en þaðan lá Brekkustígur um skarðið að Stapagötu [GK-641:009] .
Skarðið er snarbratt og stórgrýtt, gróið mosa og lyngi en efst, þar sem kemur upp á Stapann, er stórgrýtt og ógróin urð.
Í miðju skarðinu er sprungið hraunnef og er stígurinn greinilegastur austan undir því. Neðan við hraunnefið er um 15 m kafli þar sem hlaðið er undir götuna að austan en hún liggur utan í hallann að vestanverðu. Hleðslan er mest um 1 m á hæð. Hún er mjög gróin en þó er eitthvað af grjóti sýnilegt. Neðst í skarðinu verður stígurinn fremur ógreinilegur, en hann hefur líklega sveigt til vesturs að bænum á Brekku.


Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 5

GK-123:028 varða óþekkt 63°58.232N 22°24.473V
Varða er um 50 m norðan við Stapaveg GK-641:009 og um 175 m vestan við Brekkustíg 027.
Varðan stendur upp á hringlaga klöpp á stórgrýttu holti, lítt grónu en þó er þar eitthvað af mosa og skófum.
Varðan er keilulaga, er um 1,3 m í þvermál og er breiðust neðst og mjókkar upp. Varðan er um 1,2 m á hæð og sjást í henni 6-7 umför í hleðslu. Stórt grjót er í kjarna vörðunnar en nýlega hefur verið bætt í hana grjóti sem ekki er skófum vaxið. Óvíst er um hlutverk vörðunnar en hún kann að hafa verið siglingamið eða vísað á Stapaveg 641:009 eða Brekkustíg 027 sem farinn var að Brekku.
Hættumat: engin hætta

GK-123:029 *Kvennagönguskarðsstígu* heimild um leið 63°58.180N 22°24.050V
"Nokkru innar [en 028] er svo Kvennagönguskarð og þar lá upp Kvennagönguskarðsstígur," segir í örnefnaskrá. Kvennagönguskarð er næsta skarð austan við Brekkuskarð 027, á milli þess og Reiðskarðs GK-641:009.
Skarðið er snarbratt og stórgrýtt, gróið mosa og lyngi.
Engin ummerki gatna eða slóða eru í skarðinu, en Stapagata liggur sunnan við skarðið í austur-vestur. Mögulega hefur skarðið verið áningarstaður á þeirri leið og þess vegna hlotið þetta nafn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 5

GK-123:030 *Kálgarðsbjalli* gerði kálgarður 63°58.139N 22°24.532V


Kálgarður 030, horft til suðvesturs




Kálgarður 030

"Upp og austur af Brekkuskarði [027] er Kálgarðsbjalli [...]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt athugasemdum við örnefnaskrá var þar kálgarður um aldamótin 1900. Samkvæmt heimildamanni var garðurinn svokallaður hreppsgarður og hlaðinn í atvinnubótavinnu. Í honum voru ræktaðar kartöflur. Kálgarðsbjalli er um 1,3 km SSV af Stóru-Vogum 001 og um 400 m suður af Brekku 036, en garðhleðslur eru sunnan í honum.
Bjallinn er gróinn en mjög grýttur. Brekkan sem hleðslurnar eru í er allbrött til suðurs en klettar efst í henni. Lúpínubreiður eru til suðurs og austurs.
Garðarnir eru mjög greinilegir og ná yfir svæði sem er um 34x28 m að stærð og snýr í norður-suður. Á svæðinu er eitt stórt gerði og tveir niðurgrafnir eða jafnaðir stallar sunnan við það. Gerðið er efst í brekkunni, um 24x24 m að utanmáli. Hleðslur eru úr grjóti í austur-, norður-, og hluta vesturveggjar. Í suðurvegg og syðri hluta vesturveggjar eru hleðslur úr torfi og grjóti. Hleðslur eru allt að 1,2 m á hæð og mest að 3 m á breidd í suðurvegg. Hleðslur eru rofnar í hluta vesturveggjar en standa að öðru leyti. Efst innan gerðisins eru lágir klettar og mikil grjótdreif undir þeim. Op er á suðurhlið gerðisins en suðaustan við það, undir suðurvegg gerðisins, er jafnaður stallur í brekkunni. Hann er um 6x2 m og snýr austur-vestur. Engar vegghleðslur umlykja stallinn nema að austanverðu, þar sem garðstubbur, um 2 m langur, sameinast suðurvegg gerðisins. Um 3 m neðan, eða sunnan, við stallinn er annar

jafnaður stallur í brekkunni. Á honum eru tvö niðurgrafin hólf. Hið vestra er ferhyrnt, um 5x4 m að stærð, 0,3 á dýpt og snýr austur-
vestur. Hið eystra er sporöskjulaga, um 0,4 m á dýpt, um 4x2 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 5; Ö-Vogar ath, 2; SG: Örnefni og gönguleiðir, 45

GK-123:031 *Kerlingarbúðir* tóftir verbúð 63°58.384N 22°24.719V



Kerlingarbúðir 031


"Vestan undir Kvíguvogabjörgum er Mölvík og Hólanef, þar litlu austar og þar enn austar er svo Skollanef út þangað teygir sig gróðurlendisræma. Þar innan við eru svo ystu verbúðirnar og nefndust Kerlingabúðir. Heita þær svo vegna þess að útróðramenn, er þar voru tóku kerlingu er hjá þeim var matselja, drápu hana og notuðu í beitu," segir í örnefnaskrá "Undir Vogastapa er lítið undirlendi og ekki búsældarlegt, og treystu búendur þar því nær eingöngu á sjávarútveg. Vestast undir Stapanum þar sem minnst er undirlendið, eru Kerlingabúðir. ... Í Kerlingabúðum má sjá margar tóftir sem ýmist hafa verið mannabústaðir eða fiskibyrgi. ... Stór steinn sem í var höggið ártalið 1780 var allt fram á síðustu ár þarna fyrir neðan sjávarbakkann," segir í Mannlíf og mannvirki. Kerlingabúðir eru um 120 m vestur af vestasta hluta túnskikans á Stapa 036, um 1,5 km VSV af Stóru-Vogum 001. Þar er mosagróin grjóturð í í brekkunni og eru rústirnar neðst í henni.
Neðst í brattri og grýttri hlíð undir klettahömrum. Sjór hefur brotið nær allt undirlendi neðan hlíðarinnar.
Lítil ummerki sjást nú af verbúðinni, en mikið hefur horfið í sjó á undangengnum áratugum. Minjarnar dreifast á svæði sem er um 40x8 m að stærð, landræma sem liggur í austur-vestur milli brekkunnar og sjávar. Austast á svæðinu, í urðarfætinum, eru tvö samliggjandi hólf. Þau eru grjóthlaðin, en uppistaðan í hleðslunum er þó jarðfast grjót neðst í urðinni. Hleðslur eru mest tvö til þrjú umför, og 0,5 m á hæð. Eystra hólfið er um 3x1 að innanmáli með op á norðurhlið og snýr austur-vestur. Vestara hólfið er um 3,5x3 m að innanmáli með op á norðurhlið. Syðst í hólfinu er mikið hrunið ofan í það og virðist þar hafa verið hleðsla. Þar er hólfið líka alldjúpt og því mögulega niðurgrafið. Fleiri mannvirki hafa líklega verið vestan við hólfin en hleðslubrot er fast vestan við þau. Engin önnur glögg ummerki er þó um að ræða enda hefur grjóthrun og sjávarrof líklega eytt þeim. Um 20 m vestur af hólfunum, í sjávarbrotinu, er garðbrot. Það er um 1,2 m á hæð, 1,5 m á breidd og sigið út. Það er hlaðið við tvo stóra steina og er hleðslan úr torfi og grjóti.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 6; GJ: Mannlíf og mannvirki, 23.


Rofbakki og hleðsla í Kerlingarbúðum 030, horft til suðurs

GK-123:032 *Kerlíngabúðarvarir* heimild um lendingu 63°58.369N 22°24.570V
"Framundan [031] eru svo Kerlingabúðarvarir voru þar allgóðar lendingar," segir í örnefnaskrá. Framundan og norðan við Kerlingabúðir er stórgrýttur fjörukambur þar sem undirlendið endar í vestur. Líklega hefur lendingin verið þar.
Í fjöruborðinu er um 1,5 m hár fjörukambur og 15 m breiður. Þar sunnan við er 2 m hár gróinn bakki þar sem mjó undirlendisræma er niður undan berghömrum.
Ekki sést til minja.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vogar, 6


GK-123:033 *Stapabúð* tóft+garðlag býli 63°58.319N 22°24.414V



Stapabúð 033, tóftir A-C



Tóft A, horft til suðurs



Stapabúð 033, minjar D-G



Garðbrot H, horft til suðurs

"Næst þar fyrir innan [031-032] var svo Stapabúð stóð í Stapabúðartúni og er lítið eftir af því, en Stapabúðarvarir voru þar fram undan," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir: "Nokkru austar [en Kerlingabúðir 031] meðfram Stapanum eru aðrar kofarústir er heita Stapabúðir. Síðast var búið þar árið 1899 [...]." Stapabúð er um 130 m norðvestan við Brekku 036 og um 1,5 km suðvestan við Stóru-Voga 001.

Stapabúð er í grasi grónu túni niður undan mosagróinni en stórgrýttri brekku. Norðaustan við hana er djúp og breið lægð í landið, líklega vegna sjávarrofs og er hún sendin og vaxin melgresi. Aðrar minjar í tengslum við Stapabúð eru vestan við lægðina fyrir utan tóft C) sem er sunnan við hana. Þar er lítið láglendi en allt er það grasi vaxið frá brekkurótum fram á sjávarbakka.

Fyrst var þurrabúð á staðnum en síðar grasbýli. Stapabúð er með á túnakorti Brekku frá árinu 1919 var samanlagt tún 0,9 teigar og garðar 250m2 samkvæmt því. Á túnakortinu sjást 6 byggingar, kálgarður, vör (034), brunnur og líklega túngarður. "Á Stapabúð er járnþak baðstofunnar enn uppi hangandi. Hér mótar fyrir gömlum grjótgörðum, og má vera að sumir af þeim hafi verið gerðir til að þurrka á þeim skreið, því að útræði var hér [...] áður en býlin komu. Hjá Stapabúð eru einnig rústir af saltfiskbyrgjum, en þau hafa ekki verið gerð fyrr en farið var að salta fisk, og saltfiskverkun hófst ekki hér við Faxaflóa fyrr en á árunum 1829-1840," segir Árni Óla í bók sinni. Einnig er getið um Stapabúð í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki. Þar segir: "Stapabúð var grasbýli og greiddi landskuld til Stóru-Voga, er átti allt land meðfram Vogastapa. Þar má enn vel sjá hvernig húsaskipan var háttað. Útræðisaðstaða var mjög góð og fisksæld mikil." Í Stapabúð sjást enn miklar leifar. Þar eru 4 tóftir, kálgarður, leifar af túngarði og brunnur á svæði sem er um 170 x 90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þessar minjar eru merktar inn á túnakort Brekku 036 frá 1919. Hér verður hverri einingu gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst lýsingin suðaustast á svæðinu þar sem sjálf bæjartóftin er. Stór og greinileg tóft A) er í Stapabúð og skiptist hún í 4 hólf. Tóftin er um 13 x 10 m og snýr austur-vestur. Hólf I-III snúa norður-suður og eru opin til norðurs en hólf IV snýr austur-vestur og er opið til vesturs. Tóftin er grjóthlaðin og hleðslur standa enn vel, eru hæstar um 2,1 m og sjást þar 8 umför í hleðslum. Hólf I er austast og er það um 3,5 x 2 m að innanmáli. Hólf II er langt og mjótt,

er 8 x 2 m að innanmáli og hólf III er vestast og er um 5 x 2,5 m að innanmáli. Hleðslur standa allvel í hólfum I-II en þær standa síður vel í hólfum III-IV og hefur veggurinn milli þeirra hrunið nokkuð. Hólf III er fullt af ýmsu dóti: timburbrettum, bárujárni, viðarröftum og girðinganeti. Grjótið í því hólfi er tilhöggvið. Bárujárnið og eitthvað af viðnum hefur e.t.v. verið í þaki hússins og er líklegt að hólf III hafi verið baðstofan en Guðrún Lovísa Magnúsdóttir, heimildamaður, sagði að búið hefði verið í stærsta rýminu og önnur hólf hafi verið fyrir skepnur og hey. Ekki er útilokað að gengt hafi verið á milli hólfa III og IV. Um 7 m norðvestan við Stapabúð er stór kálgarður B) mitt á milli grýttrar brekku í suðri og fjöru í norðri. Kálgarðurinn snýr austur-vestur og er um 28 x 13 m að utanmáli. Grjóthleðslur sjást í suðurvegg og suðvestur- og norðvesturhorn eru greinileg. Hleðslu má greina óljóst í vestur- og austurvegg en lítið sést til norðurveggjar. Mesta hleðsluhæð innanmáls er um 1 m. Frá brúnum garðsins er aflíðandi halli í botn hans. Hleðslur standa ekki upp úr umhverfi nema að mjög litlu leyti og þá helst í suðvesturhorni þar sem hleðslan er um 1 m utanmáls.Kálgarðurinn kann að hafa verið notaður til að þurrka fisk á. Lítil tóft C) er um 6 m sunnan við Stapabúð, neðst í brekkunni innan um stórgrýti. Lítið fer fyrir tóftinni en hún er hlaðin úr grjóti innan um stór björg sem fallið hafa niður brekkuna úr Stapahömrum. Þrjú stór björg sjást í hleðslunni sem notuð hafa verið sem norðaustur- og suðausturhorn og vesturgafl. Tóftin er um 2 x 2 m að utanmáli og mesta hleðsluhæð innanmáls er um 1,8 m í suðurvegg. Tóftin er keilulaga og mjókkar í vesturenda. Op er á tóftinni til norðurs í norðausturhorni hennar. Hleðslur eru grónar að nokkru leyti og sjást 5 umför, ekki hefur mikið grjót fallið inn í tóftina. Óvíst er um hlutverk tóftar en kann að hafa verið útihús eða saltfiskbyrgi. Í miðju Stapatúni er lítil tóft D), en hún er einnig merkt inn á túnakort. Tóftin er einföld, um 5 x 4 m að utanmáli og snýr norður-suður. Op er á norðurhlið. Hleðslur eru úr torfi og ekkert grjót sýnilegt. Þær eru nokkuð signar og hlaupnar í þúfur. Hæð er mest um 0,3 m. Grjóthlaðinn brunnur E) er um 145 m norðvestan við Stapabúð A). Brunnurinn er hrörlegur og nokkuð samanfallinn en enn sést í hleðslur, 3 umför. Hann er dýpstur um 1,5 m og er sporöskjulagaður, um 2 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Í brunninum er vatn og mikið rusl hefur safnast í hann og viðarraftar. Vestast í Stapatúni, vestan við brunninn E), alveg í sjávarbrotinu er tóft F). Tóftin er einföld, um 8 x 4 m og snýr austur-vestur. Op er á vesturhlið. Hleðslur eru signar og grónar og mest um 0,5 m á hæð. Sjór hefur brotið nokkuð af norðurhlið og sér þar í grjót í rofinu. Annars staðar sér ekki í grjót, en líklega leynist það undir sverði. Um 12 m sunnan við tóftina, í skriðufætinum undir Stapanum, er tóft G). Þar hafa tvö samsíða hólf verið grafin inn í brekkuna neðst í grjóturðinni. Eystra hólfið er um 2,5 x 1 m að innanmáli en það vestara er um 2 x 1,5 m að innanmáli. Bæði snúa hólfin norður-suður og hafa op á norðurhlið. Hleðslur eru signar og mest um 0,5 m háar að innanverðu. Ekkert grjót er sýnilegt í þeim. Um 30 m austur af tóft F er garðbrot H) með sjávarkambinum. Brotið er um 4 m langt og liggur í austur-vestur. Það er hlaðið úr torfi og grjóti og mest um 0,5 m á hæð. Þrjú umför grjóts eru greinanleg. Við vesturenda garðbrotsins er dálítið vik inn í kambinn, sem mögulega getur verið manngert og þá e.t.v. einhverskonar uppsátursleifar. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru einhverskonar mannvirki í norðurjaðri túnsins, og varirnar 034 þar framundan. Á túnakorti eru þar merkt 3 hólf ásamt girðingum I). Þessi mannvirki eru nú að mestu leyti horfin í sjó, en grjóthleðsla er þó enn greinileg á kafla í túnjaðrinum. Hleðslan eða garðlagið er um 26 m langt en slitrótt á köflum. Hleðslan er sigin út og varla hægt að greina eiginleg umför, enda vinnur sjórinn markvisst á henni. Við austurenda hleðslunnar tekur við sigin og ógreinileg torfhleðsla sem liggur í sveig til suðurs. Hún nær þó ekki að mynda eiginlegt hólf við grjóthleðsluna. Við vesturenda grjóthleðslunnar er einnig dálítill torfstúfur, og gætu þar verið leifar hólfs.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 6; Árni Óla: Strönd og vogar, 158; GJ: Mannlíf og mannvirki, 23-24; Túnakort 1919

GK-123:034 *Stapabúðarvarir* heimild um lendingu 63°58.348N 22°24.350V
Stapabúðarvarir voru samkvæmt túnakorti um 80 m norðvestan við Stapabúð 033 (A). Sjór hefur nú brotið mikið af landinu og ekki sést lengur til varanna.
Grýtt fjara norðan við dálítið tún undir brattri og hárri hraungrýtisbrekku.
Hættumat: engin hætta

GK-123:035 *Sandvíksvör* heimild um lendingu 63°58.314N 22°24.263V
"Þá er Sandvík og Sandvíksvör var þar allgóð lending," segir í örnefnaskrá. Vörin hefur verið um 50 m norðan við Brekku 036 og hefur líklega verið notuð frá þeim bæ eða í tengslum við útgerð í Hólmsbúð 038.
Í Sandvík er sandfjara með smáu grjóti. Suðaustan við víkina eru grónar sandöldur. Í fjörunni er að mestu svartur sandur en lítillega blandaður ljósum sandi.
Ekki sést til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 6


GK-123:036 *Brekka* tóft+garðlag býli 63°58.285N 22°24.270V

"Þá kom Brekka í Brekkutúni er náði allt upp í Eggjar. Þarna var lengst byggð undir Stapanum. Fram undan því var Brekkulón og Brekkulónsvarir eða Brekkuvarir [...]," segir í örnefnaskrá. Brekkubærinn er neðan og vestan við Brekkuskarð 027, sunnan við Hólmann, um 1,5 km suðvestur frá Stóru-Vogum 001.

Bærinn stóð á litlu undirlendi undir bröttum hömrum og grjótskriðum. Brekkan suðaustan við bæinn er vel gróin og vex þar aðallega elfting eins og í norðurjaðri túnsins. Annarsstaðar er grasgefnara, sérstaklega næst bæjartóftinni. Sandhólar og -dalir eru vaxnir hvönn og melgresi. Undirlendið sem er gróið er um 100 x 150 m og snýr austur-vestur.



Bæjartóft Brekku 036A, horft til norðurs



Brekka 036

Upphaflega var Brekka þurrabúð en varð síðar grasbýli. Býlið var reist 1848. Árið 1919 var tún 0,9 teigar og garðar 250m2 samkvæmt túnakorti með túninu í Stapabúð 033. Getið er um Brekku í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um mannlíf og mannvirki í hreppnum. Þar segir: "Að Brekku undir Vogastapa fluttu hjón frá Hólmabúðum árið 1861. [...] Byggðu þau upp bæinn og bjuggu þar til ársins 1869. [...] Brekka var grasbýli, leiguland eins og stapabúð og greiddi afnotagjöldin til Stóru-Voga [...] Þetta gjald hélst þar til Brekka lagðist í eyði árið 1928." Minjasvæðið er um 40 x 20 m og snýr austur-vestur. Á vettvangi voru tvær tóftir skráðar, kálgarður og brunnur og eru þau mannvirki sýnd á túnakorti auk réttar í vesturjaðri túnsins á Brekku en ekki sést til hennar á vettvangi. Ef til vill er hún farin í sjó fram. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar en tóftirnar tvær eru skráðar saman. Vestast á minjasvæðinu er grjóthlaðin tóft bæjarins Brekku A). Sú tóft skiptist í 4 hólf, er um 12 x 13 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf I er í norðausturhorni tóftar, um 3 x 3,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er á því hólfi í suðvesturhorni þess en stórgrýti hefur hrunið úr hleðslum í opið og einnig hefur hrunið nokkuð inn í sjálft hólfið. Vestan við hólf I eru hólf II og III. Hólf II er í norðvesturhorni tóftarinnar og er að innanmáli um 2 x 3 m, snýr norður-suður, opið til norðurs. Hrunið hefur inn í þetta hólf og hleðslur ívið lægri en í hólfi I. Hólf III er um 2 x 1,5 m að innanmáli og er mjótt op á því til vesturs. Hólfið snýr austur-vestur. Hólf IV er um 8 x 5,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gaflarnir á því hólfi eru horfnir en suðurlangveggur sérlega stæðilegur. Í vesturenda þessa hólfs er gólfið um 0,3 m lægra en yfirborðið utan tóftarinnar og í austurendanum er gólfið um 0,3 m hærra en yfirborðið utan tóftar. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 2 m og eru veggir víða um 2 m á þykkt. Hæstar eru hleðslurnar í hólfi I, þar sem innri brún veggja er hlaðin hærra en sú ytri. Gróið er yfir hleðslur. Fast suðvestan við bæjartóftina er lítil tóft sem talin er með bæjartóftinni en samkvæmt túnakorti hefur þar verið þró eða gryfja, líklega fyrir mykju og annan úrgang sem notaður var sem áburður eða heygryfja. Tóftin er grjóthlaðin og gróin, um 2 x 2 m að innanmáli. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og veggjaþykkt er um 0,5-1 m. Op er á tóftinni til norðvesturs. Fast austan við bæjartóftina sjást leifar kálgarðs B) en ekki er garður utan um hann heldur er kantur í norðausturhorni hans, hæstur er hann um 0,4 m. Kálgarðurinn er um 20 x 10 m og snýr austur-vestur. Óljósar rákir má sjá í austurenda garðsins sem liggja þvert á stefnu hans, um 1 m er á milli þeirra og þær eru um 0,2 m djúpar.

Um 5 m austan við kálgarðinn er steinhlaðinn brunnur C). Hann er um 1,5 m í þvermál og um 2 m djúpur. Í botni brunnsins var bárujárnsplata og leifar af viðarröftum en lítið sem ekkert hefur hrunið úr brunninum. Hann stendur ekki upp úr jörðinni nema um 0,2 m að norðanverðu. Bárujárnið og viðarraftarnir hafa verið notaðir til að byrgja brunninn. Rætt var við Guðrúnu Lovísu Magnúsdóttur, ekkju Guðmundar Jónssonar sem ólst upp í Brekku til 15 ára aldurs. Hún sagði að þegar hætt hafi verið að búa í Brekku árið 1928 hafi allt efni verið tekið úr húsunum sem hægt var að nota á nýjum stað. Sjálft íbúðarhúsið í Brekku var í hólfi IV í tóft A en önnur hólf voru útihús. Guðrún Lovísa á málaða mynd af bænum og á henni má sjá að mikill hlaðinn garður hefur verið umhverfis kálgarðinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 6; GJ: Mannlíf og mannvirki, 26; Árni Óla: Strönd og vogar, 158

GK-123:037 *Brekkulónsvarir* mannvirki lending 65°58.271N 22°24.148V




Lending 037, horft til austurs

"Þá kom Brekka í Brekkutúni er náði allt upp í Eggjar. Þarna var lengst byggð undir Stapanum. Fram undan því var Brekkulón og Brekkulónsvarir eða Brekkuvarir [...]," segir í örnefnaskrá. Brekkuvarir eru um 100 m suðaustan við Brekkubæ 036.
Lendingin er í sandfjöru norðan við hraunbrúnina. Rétt norðan við lendinguna er dálítil klöpp og sunnan við hana er grjót sem að líkindum hefur hrunið úr hraunbrúninni.
Lendingin snýr austur-vestur og er sendin í botninn en þó er eitthvað af grjóti í henni vestarlega. Hún er um 1-4 m á breidd, breiðust vestast, og um 20 m löng. Líklega hefur lendingin verið rudd en það er ekki augljóst.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 6

GK-123:038 *Hólmsbúð* tóftaþyrping bússtaður 63°58.363N 22°24.195V



Yfirlitsmynd af Hólmi og minjum um Hólmsbúð 038, horft til vesturs



Hólmsbúð 038

"Fram undan Brekku [036] var tangi nefndur Hólmur og þar var Hólmsbúð og framundan henni Hólmsbúðarvör [039]," segir í örnefnaskrá. í athugasemdum við örnefnaskrá segir: "Á Hólminum eru rústir og stórir húsagrunnar, því þar var með stærstu útgerðarstöðum á landinu um tíma." "Hólmabúðir voru á svokölluðum Hólma, sem er um 250 metrum útfrá Stapanum og var talið grasbýli þó lítið virðist hafa verið þar grasland. Aftur á móti sést enn vel að þarna hafa verið stórir kartöflugarðar, enda fjölmenni á vetrarvertíð. Þar var mikið útræði um miðja 19. öld og fram yfir aldamót." Hólmurinn er lágreistur, landfastur (á fjöru) og gróinn hólmi fram undan Brekkutúni 036, um 1,3 km SV af Stóru-Vogum 001. Á honum eru greinilegar og umfangsmiklar rústir.



Tóft 038A, horft til vesturs



Uppsátur 038F, horft til austurs



Tóft 038E, horft til vesturs

Að austanverðu á Hólminum er sandfjara en berar og grófar hraunklappir í sjó fram á aðra kanta.

"Þegar komið er út í Hólminn, er hann nokkuð stór og hringlaga. Má þar sjá leifar af miklum mannvirkjum. Fyrst er þar grunnur undan stóru húsi sem líklega hefur veið fisktökuhús og íbúðarhús umsjónarmannsins, sem þarna var. Þetta hús hefur verið um 15 metrar á lengd og breitt að því skapi. Þar hjá er grunnur undan öðru húsi, og þar mun hafa verið salthúsið, sem tók 2000 tunnur af salti. Steinstéttir eru umhverfis þessi hús, en hvort það hafa verið gangstéttir, eða ætlaðar til að breiða á þær fisk, verður ekki sagt. Fremst á Hólminum eru rústir af grjótbyrgjum, þar sem vertíðarmenn hafa saltað fisk sinn. Hefir sjórinn brotið nokkuð af þessum byrgjum, svo að nú verður eigi séð, hve mörk þau hafa verið, en heillegar tóftir standa eftir af sumum. Þarna eru og leifar af grjótgörðum. Tvö svæði á stærð við meðalkálgarð eru þar afgirt með grjótgörðum, og getur verið, að annað þeirra hafi verið bátaskýli, og hafi menn dregið inn í það báta sína ... Þurrabúð rís fyrst í Hólmi 1830 ..., " segir Árni Óla í bók sinni. Einnig er getið um Hólmabúðir í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum. Þar segir: "Hólmabúðir voru á svokölluðum Hólma, sem er um 250 metrum útfrá Stapanum og var talið grasbýli þó lítið virðist hafa verið þar grasland. Aftur á móti sést en vel að þarna hafa verið stórir kartöflugarðar, enda fjölmenni á vetrarvertíð. Þar var mikið útræði um miðja 19. öld og fram yfir aldamót. Voru þar eingöngu svokölluð !innitökuskip", aðkomuskip um vetrarvertíðina, eða frá byrjun mars til lokadags 11. maí. ...Á Hólmabúðum voru komin stór salthús 1839-1840 og á lofti þeirra voru verbúðir aðkomumanna. ... Þar eru grunnar eftir tvö stór salthús og á Kristjánstanga, sem er milli Voga og Vogastapa var þriðja salthúsið. Allt árið urðu að vera saltafgreiðslumenn á Hólmabúðum, sem afgreiddu salt og aðrar nauðsynjar, þó helst á vetrarvertíðinni. Voru því, utan vertíðar, búendur allt árið í Hólmabúðum. ... Talið er að þegar útgerð var mest frá Hólmabúðum hafi verið gerð út þaðan 18 skip og ef áætlað er að jafnaði 7 menn á hvert skip verða það 126 manns. Síðan má telja landverkafólk og má ætla að þegar mest var hafi verið þarna um 140-150 manns á vetrarvertíðinni." Tóftirnar dreifast um Hólminn sem er um 50x50 m að stærð. Hér verður hverju mannvirki lýst og þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Lýsingin hefst nyrst á Hólminum, en þar er grjóthlaðin tóft, A, á mörkum sjávarrofsins. Hún er um 6x3 m að utanmáli og snýr austur vestur. Op er á austurhlið, við suðausturhorn. Hleðslur eru mest um 0,4 m á hæð en nokkuð signar út. Um 8 m sunnan við tóft A er stór upphækkaður húsagrunnur, B. Grunnurinn er um 17x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Utan með honum er hleðsla úr tilhöggnu grjóti og steypu, um 0,5 m á hæð og 2 umför.Talsvert er af grjóti í grunninum sjálfum, þjappað niður í svörðinn. Við miðja suðurhlið eru fjögur þrep upp á grunninn, hlaðin úr grjóti og steypu. Um 8 m sunnan við grunninn er annar húsgrunnur, C og austan hans stór kálgarður D. Húsgrunnur C er um 9x8 m að stærð og um 0,5 m hár. Grjóthleðsla er utanmeð grunninum að austan-, vestan- og norðanverðu og er steypa í hleðslunni að austanverðu. Uppganga virðist vera á grunninn á norðurhlið, nálægt norðausturhorni. Kálgarður D er fast austan við grunninn og myndar grunnurinn vesturvegg hans. Garðurinn er um 16x16 m að utanmáli. Hann er nokkuð niðurgrafinn en upphlaðnir torfveggir eru með norður-, austur-, og hálfri suðurhlið. Grjót sést á stöku stað í hleðslunum. Op er í norðvesturhorni. Í norðausturhorni er lítil hringlaga hvilft, um 1 m í þvermál. Fast sunnan við

kálgarðinn er sérkennileg, bátslaga tóft E. Tóftin er niðurgrafin og engir greinilegir upphlaðnir veggir, að undanskildum þvervegg sem greinir hana í tvennt. Tóftin er um 12x4 m að innanmáli, en þrengist til endanna. Hún snýr austur-vestur og er ekkert greinilegt op á henni. Um 6 m austur frá norðausturhorni kálgarðsins D, í sjávarbakkanum, er niðurgrafið vik F í gróðurþekjuna. Niðurgröfturinn myndar hólf sem er um 3x5 m að innanmáli og er opið fram í sandvíkina til austurs. Meðfram opinu, bæði að norðan og sunnanverðu, eru leifar af grjóthleðslum. Líklega er hér um bátauppsátur að ræða.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 6; Ö-Vogar ath, 2; GJ: Mannlíf og mannvirki, 24-25; Árni Óla: Strönd og vogar, 155-157

GK-123:039 *Hólmsbúðarvör* heimild um lendingu 63°58.350N 22°24.155V
"Fram undan Brekku [036] var tangi nefndur Hólmur og þar var Hólmsbúð [038] og framundan henni Hólmsbúðarvör," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, heimildamanni, mun þar hafa verið pláss fyrir tvo báta, en hún hefur ekki fundið staðsetningu vararinnar. Vörin hefur þó líklega verið austan í Hólminum, þar sem er dálítil sandvik, því annarstaðar eru umhverfis hann grófar hraunklappir sem flæðir yfir.
Hólmurinn er landfastur (á fjöru) gróinn hólmi fram undan Brekkutúni.
Ekki er vitað hvar Hólmsbúðarvör hefur verið (sjá þó 038F).
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 6


GK-123:040 *Brimarhólmstangavör* heimild um lendingu 63°58.517N 22°23.759V
"Innan við Brekkulóð [sjá 036], en svo var Brekkutúnið kallað, var svo Kristjánstangi. Fremst á honum var Brimarhólmur og þar fram af Brimarhólmstangi og fram í Tanganum Tangavör eða Brimarhólmstangavör," segir í örnefnaskrá. Brimarhólmstangavör er líklega um 600 m norðaustur af Brekku 036 og um 865 m suðvestan við Stóru-Voga 001.
Brimarhólmstangi er klettur úti í sjó með lítilli jarðvegstorfu eftir endilöngu, þar sem hann er hæstur.
Vörin var líklega á norðausturenda tangans en þar er nokkurt vik sem hægt hefur verið að lenda í og er nokkuð aðdjúpt þar. Ekki er hægt að sjá mannaverk á þeim stað. Erfitt er að segja nokkuð um stærð viksins en það virðist vera um 1,5 m á breidd, lengdin er svo væntanlega breytileg eftir sjávarföllum. Það skal tekið fram að flóð var þegar skráningarmaður var á ferð og kann vörin að sjást á fjöru.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 6

GK-123:041 varða óþekkt
63°57.090N 22°18.614V
Varða er um 1 km í norður frá Vogaseli yngra 084 og 5,1 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur á krosssprungnum hraunhelluhól í mosagrónu hrauni.
Varðan er hringlaga, um 1 m í þvermál og um 1,2 m á hæð. Hún er ágætlega hlaðin úr stóru grjóti, mosa og skófum vöxnu. Um 4 umför af hleðslu sjást í vörðunni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin en sennilegt er að hún hafi verið vegvísir.
Hættumat: engin hætta


Varða 041, horft til vesturs

GK-123:042 *Vogaréttir* heimild um rétt 63°58.369N 22°23.552V
"Upp af Moldu eru Vogaréttir. Voru þar lögréttir fyrir Strandar- Rosmhvalanes- Hafnar- og Grindavíkurfjárbændur," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Sesselju G. Guðmundsdóttur sést ekki til réttarinnar þar sem grjót úr henni var tekið og sett í sjóvarnargarð. Viktor Guðmundsson telur að réttin hafi staðið við austurhorn stórs bragga í norðvesturhorni afgirtrar lóðar fiskeldisins. Skátamót voru haldin þarna um 1974-1975, var þá hægt að sjá neðstu steinanna í hleðslunni, annars hafði grjótið verið tekið til hafnargerðarinnar.
Réttin stóð þar sem nú er lóð fiskeldisstöðvar á flatlendi skammt suðvestur af ströndinni.
Upplýsingar um rétta staðsetningu réttarinnar bárust eftir að vettvangsvinnu lauk og var staðurinn því ekki skoðaður á vettvangi en líkur eru til þess að lítið sem ekkert sjáist til minja um réttina.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 7

GK-123:043 tóftir óþekkt 63°58.539N 22°23.386V



Tóftir 043



Yfirlitsmynd af tóftum 043, horft til austurs

"Innan réttanna [042] er hóll, kallast Sandhóll, þar má sjá rústir nokkrar," segir í örnefnaskrá. Vestan við þéttbýlið í Vogum er vík og sandfjara en vestan hennar grónir hraunhólar og berar hraunklappir í sjó fram. Á þessum hraunhólum eru rústir. Um 730 m suður af Stóru-Vogum 001.

Sunnan við hraunhólana er hálfgróið hraun en sandströnd til austurs.

Rústirnar eru mjög greinilegar og á svæði sem er um 50x30 m og snýr austur-vestur. Alls eru tíu mannvirki á svæðinu en meginhluti þeirra er á grónum hraunhól á vestanverðu svæðinu, en hluti þeirra er austan undir hólnum. Öllum mannvirkjum á svæðinu verður lýst hér á eftir, en hverju þeirra verður gefinn bókstafur til aðgreiningar. Lýsingin hefst vestast á svæðinu. Þar er sporöskjulaga tóft eða gerði (A), um 17x8 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, mest 0,7 m á hæð og þrjú umför grjóts. Op eru á norður- og suðurhlið, en einföld grjóthleðsla lokar þó syðra opinu. Austast í gerðinu er grjóthlaðið hólf eða kró (B), um 3x1,5 að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á norðurhlið þess. Utan við suðurvegg gerðisins, gengt krónni, er annað lítið hólf (C). Það er um 1x1 m að innanmáli með op á vesturhlið og myndar gerðið norðurvegg þess. Gerðið er opin til vesturs, en þar eru utan við það þrjú lítil hólf, niðurgrafin í hólinn og aðskilin með grjóthleðslum. Hið nyrsta (D) er um 3x1 m að innanmáli, snýr norður-suður og nær alveg fram á sjávarbakkann. Miðhólfið (E) er um 2x2 m að innanmáli, en syðsta hólfið (F) um 4x3 m og snýr austur-vestur. Úr suðausturhorni gerðisins liggur um 7 m langt garðlag til austurs en sunnan við það er mjög sigið og ógreinilegt garðbrot (G), en þarna hefur líklega verið annað gerði eða aðhald af einhverju tagi. Um 6 m austan við garðbrotið er brún hólsins nokkuð brött. Þar í eða undir brekkunni eru þrjú mannvirki. Syðst er einföld tóft (H) hlaðin undir brekkuna og myndar hún vesturvegg hennar. Austurveggurinn er úr torfi, siginn og ógreinilegur. Tóftin er um 5x1,5 m að innanmáli og er opin til suðurs. Um 6 m norðan við tóftina er önnur tóft (I), en sú er grafin inn í hólinn. Hún er um 2x2 m að innanmáli, með op til austurs. Um 1 m norðan við hana er tóft J. Hún er um 5x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Brekkan myndar vesturvegg hennar en austurveggur er torfhlaðinn. Op er á suðurhlið. Um 7 m austan við tóftir I og J garðlag (K), um 20 m langt, og liggur í norður suður fram á sjávarbakkann. Garðlagið er um 1 m á hæð og 2-4 m á breidd. Austan í því eru á tveimur stöðum einskonar vik skáhalt inn í það sem mynda bátslaga hólf. Sunnan við garðlagið liggur greinilegur slóði fram á sjávarbakkann til austurs og að tóft C til vesturs. Sunnan við þennan slóða eru óljós ummerki mannvirkis (L). Það er einhverskonar sléttaður flötur, um 5 x 5 metar að stærð, og niðurgrafið með brúnum hans. Með suðurbrún er niðurgröfturinn tvöfaldur og myndar rennu meðfram mannvirkinu. Hlutverk mannvirkjanna er óþekkt en mögulega er um útgerðarminjar að ræða, naust, uppsátur og hugsanlega sjóbúð.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Vogar, 8

GK-123:044 *Steinsholt* bæjarstæði býli 63°58.536N 22°23.072V




Bæjarstæði 044, horft til norðausturs

"Innan Kristjánstanga er Síkið og liggja úr því Síkisrennan og Síkisrásin norðar, sem einnig nefnast Rennan og Rásin, [svo] Þá er Steinsholt og Steinsholtstún sem verið hefur heldur smátt í sniðum." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Mannlíf og Mannvirki í Vatnleysustrandarhreppi var Steinsholt byggt 1874 sem tómthús en hefur verið í eyði frá 1879. Sex tóftir og eitt gerði eru á svæði um 740 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 1100 m SSA við Minni-Voga GK-128:001. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, eru tvær af tóftunum (E og M) örugglega Steinsholt, en Guðrún kannaðist ekki við hinar.

Gerðið og tóftirnar eru í þýfðu graslendi 10-20 m vestan við Gamla-Keflavíkurveg. Síkistjörn er norðan við, á milli og uppi á Steinsholti, tveimur 1,5-2 m háum hæðum grónum grasi og mosa.

Einnig er getið um minjastaðinn í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum. Þar segir: "Guðmundur Magnússon, koparsmiður, f. um 1834, og kona hans, Ástríður Guðmundsdóttir [...] byggðu sér tómthús um 1874 er þau nefndu Steinsholt. Var það á milli Vogabyggðar og Vogastapa í landi Stóru-Voga. Landið fyrir neðan Steinsholt, eða sjávarmegin, heitir Kristjánstangi og var þar útgerð, enda landtaka góð. Á miðri nítjándu öld lagðist sá útgerðarstaður niður. [...] Eins og áður segir byggðu þau í Steinsholti, þar sem enn má sjá klapparskoru, sem Guðmundur refti yfir og notaði fyrir eldsmiðju. Þrátt fyrir haga hönd voru hjónin bláfáttæk og bjuggu við lélegan húsakost. Í Steinsholti lést Guðmundur 29 mars árið 1879." Á þessum stað eru 6 tóftir á svæði sem er um 85 m á lengd og um 60 m á breitt og snýr N-S. Hér verður hverju mannvirki gefinn bókstafur til aðgreiningar og hefst lýsingin nyrst á svæðinu. Torf- og grjóthlaðið gerði (L) umlykur tóftir A og B. Gerðið er um 22 m á lengd og um 20 m á breidd að utanmáli og snýr NNA-SSV. Veggir þess eru um 2 m á breidd og um 0,4-1 m á hæð. Innanmál gerðisins er um 18 m á lengd og um 16 m á breidd. Veggirnir eru vel grasigrónir en glittir í grjóthleðslur í austur-hliðinni að innanverðu og í NA horninu. Tóft A er í SV horni gerðis. Tóftin er einföld, um 5 m á lengd og um 5 m á breidd að utanmáli og um 3 m á lengd og um 2 m á breidd að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru um 1 m á breidd og um 0,5-0,8 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Um 0,5 m breiður inngangur er á vesturhlið tóftar sem snýr VNV-ASA. Tóft B er um 10 m NA við tóft A, um 1 m frá austurhlið gerðis um 1,5 m NA við SA horn þess. Tóftin er um 0,4-0,8 m há torfhrúga sem er um 7 m á lengd og um 5 m á breidd að utanmáli og snýr NNA-SSV. Innanmál tóftarinnar er óljóst en hugsanlegt er að tóftin sé full af torfhruni úr þaki hennar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóft C er um 30 m NNA við tóft A fast NNA við NNA-enda gerðis. Aðeins glittir þar í innri brún norðurhliðar gerðis L vegna brekku sem tóftin er í. Tóftin er um 0,4-0,8 m há torfhrúga sem er um 7 m á lengd og um 6 m á breidd að utanmáli og snýr VNV-ASA. Innanmál tóftarinnar er óljóst og líklegt er að hún sé full af torfhruni úr þaki hennar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóft D er um 45 m SA við tóft A utan gerðis L. Tóftin er um 16 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr A-V. Tóftin er vel grasigróin og hefur trúlega verið tvískipt. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Útlínur tóftarinnar eru greinilegri en innanmál hólfa hennar




Tóftir 044A-E auk gerðis 044L

og er hæð hennar um 0,4-0,8 m. Austara hólf (I) tóftarinnar er skýrara en hið vestara (II). Hólf I er um 2 m á lengd og um 2 m á breidd og hugsanlegur 0,5 m breiður inngangur er á suðurhlið þess. Innanmál hólfs II er óskýrt en hefur hugsanlega verið um 8 m á lengd, um 4 m á breidd og snúið A-V. Enginn inngangur er sjáanlegur. Tóft E er um 70 m SA við tóft A fast SV við Gamla-Keflavíkurveg og samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur var þarna íbúðarhúsið í Steinsholti. Tóftin er tvískipt, um 20 m á lengd og um 16 m á breidd að utanmáli og snýr A-V. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og grasigrónir. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti- og torfi, um 0,2-0,6 m á hæð og um 1,5-2 m á breidd. Vestara hólf I er um 6 m á lengd, um 3 m á breidd og snýr N-S. Líklegt er að inngangur hafi verið á norðurenda hólfs. Eystra hólfið (II) er mjög ógreinilegt fast austan við SA horn hólfs I. Óvíst er hvort um raunverulegt hólf er að ræða. Hólfið er hugsanlega um 3 m á lengd og um 2 m á breidd og snýr einnig N-S. Inngangur hefur trúlega verið á suðurhlið þess. Tóft M er um 15 m vestan við tóft E, vestan í Steinsholti og var hún smiðjan í Steinsholti samkvæmt Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi eftir Guðmund B. Jónsson. Tóftin hefur verið um 5 m á breidd og um 6 m á lengd að utanmáli og um 4 m á breidd og um 1,5 m á breidd að innanmáli. Tóftin snýr NV-SA og gengið hefur verið inn að NV en veggir tóftarinnar eru náttúrlegar klappir sem reft var yfir. Skoran milli klappanna er aðeins um 0,5-1 m á dýpt trúlega vegna hruninna leifa þaksins. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Um 1965 stóð sumarbústaður á þessu svæði sem gæti hafa haft einhver áhrif á fornleifarnar á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8; Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 28-29

GK-123:045 *Vogasel* tóftir sel 63°58.285N 22°22.328V


Hleðslur 045A, í nyrsta armi sprungunnar, horft til suðurs


Hleðsla 045B, horft til norðausturs



Vogasel 045

"Þá liggur þjóðvegurinn yfir Síkistjörn þar fyrir sunnan hækkar landið nokkuð og eru þar þrír hólar með hundaþúfum á heita Víkurhólar og Víkurhólaþúfur. Austan og ofan þessa svæðis er svo Leirdalur og syðst í honum Vogasel í Selhólum sem eru hér og lægð þar í milli. Sézt þetta vel af Reykjanesbraut," segir í örnefnaskrá. Leirdalur heitir sunnan við syðstu hús í Vogum. Sunnan hans er gróin hraunbreiða og margir sprungnir hraunhólar með hundaþúfum. Á einum þessara hóla, um 100 m neðan Reykjanesbrautar og um 1,4 km SA af Stóru-Vogum 001, eru umtalsverðar hleðslur og gætu verið rústir Vogasels.
Hraunhóllinn er krossprunginn og gróinn, og talsvert af birkihríslum í sprungunni sjálfri. Umhverfis hann er gróið hraun.
Hleðslurnar eru á hólnum, í krossprungunni sem er nokkuð breið. Hleðslurnar eru úr grjóti, nokkuð signar og víða grónar í svörð. Hæð þeirra er þó mest um 1,2 m og þrjú umför nyrst á hólnum, en þar

er að hluta hlaðið ofan á sprungu- eða gjárvegginn. Annarstaðar eru hleðslur mun lægri. Rústirnar eru á svæði sem er um 30x25 m. Mannvirkjunum verður nú lýst og þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Lýsingin hefst nyrst á svæðinu. Nyrsti armur sprungunnar (A) er dýpstur, en þar er gjárveggurinn að vestanverðu um 2 m hár. Sprungan er um 12 m löng í norður-suður og 2-3 m á breidd. Nyrst hefur verið hlaðið ofaná og með gjáveggnum, báðu megin, og eru hleðslur þar allt að 1,2 m háar. Í suðurhluta sprungunnar liggja hleðslur þvert á hana og mynda 4 lítil hólf. Hið nyrsta um 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Þar sunnan við er hólf sem er um 2x2 m að innanmáli, en austan þess tvö lítil samliggjandi hólf, bæði um 1x1 m að innanmáli. Austan við þennan arm sprungunnar er annar armur (B) sem liggur NA-SV og hallar talsvert til norðausturs. Í honum eru hleðslur, en mun ógreinilegri en í þeim sem áður er lýst. Sprungan er hér um 2-3 m á breidd og eru á tveimur stöðum hleðslubrot sem liggja þvert á hana. Hleðslurnar eru einfaldar, aðeins eitt umfar og mest 0,2 m á hæð. Þær hafa myndað a.m.k. Eitt hólf, um 2x1 m að innanmáli. Á hólnum miðjum, þar sem sprunguarmarnir fjórir mætast, eru einnig hleðslur og hleðslubrot (C). Sprungan er hér um 3-4 m breið. Á tveimur stöðum liggja grjóthleðslur þvert á hana í norður-suður og mynda á milli sín hólf sem er um 4x4 m að innanmáli. Hleðslurnar eru einfaldar, sumstaðar gisnar og signar í svörð. Op virðist vera á vestari hleðslunni. Suðvestan undir hólnum er hola, um 1x0,5 m að stærð og greinilega manngerð. Hún er fyllt grjóti og dýpt hennar því ógreinanleg. Það virðist vera hleðslur með holunni innanverðri og mögulegt að um brunn sé að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 118-119; Ö-Vogar, 13;

GK-123:046 *Bræðrapartur* bæjarhóll býli 63°58.744N 22°23.100V



Bæjarhóll 046, horft til suðvesturs

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Krunakot hefur verið tómthús, þar var landskuld ein vætt fiska til heimabóndans, það hefur sjaldan bygt verið, en nú síðast yfir sex ár í eyði legið." "Bræðrapartur enn í byggð." segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Bræðrapartur er syðsta hús í Vogum og stendur í Bræðrapartstúni." segir í örnefnaskrá. Einnig er getið um minjastaðinn í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum. Þar segir: "Syðsta grasbýlið í Vogum er Bræðrapartur (áður nefnt Krúnutóft) og er hann hluti úr Suðurkots [GK-126:001]- og Stóru-Vogalandi [001]. Það var og er enn umdeilt hvort það sé grasbýli eða með jarðarréttindi, þ.e. afréttar- og beitarréttindi utan heimagirðingar, en um langan tíma hefur það verið rekið sem bújörð og er svo gert enn í dag. [...] Í Bræðraparti urðu allmikil umskipti er Guðmundur Kortsson tók við búinu árið 1928. Árið 1929 byggði hann hús og reif það gamla, er hafði þótt gott á sínum tíma. [...] Árið 1947 byggði Guðmundur við og breytti húsinu í núverandi horf." Bræðrapartur var um 370 m sunnan við Stóru-Voga og um 60 m sunnan við Suðurkot.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt og íbúðarhús við Brekkugötu 6.
1919: Tún 1,3 ha, garðar 1000 m2. Ekkert sést til fornleifa en húsið við Brekkugötu 6 stendur á greinilegum egglaga hól sem er um 30 m á breidd, um 50 m á lengd, 1-2 m á hæð og snýr NV-SA.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:JÁM III, 121; Ö-Vogar, 7-8; GJ: Mannlíf og mannvirki, 32; Túnakort 1919

GK-123:047 *Bræðrapartsstígur* heimild um leið 63°58.757N 22°23.150V
"Bræðrapartur enn í byggð." segir í örnefnaskrá. "Bræðrapartur [046] er syðsta hús í Vogum og stendur í Bræðrapartstúni. Heima frá húsi liggur Bræðrapartsstígur niður í Bræðrapartsvör [048] og er hún syðst Stóruvogavara." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá því árið 1919 var stígur um 40 m í NNV frá Bræðraparti að SV horni kálgarðs GK-126:010 í Suðurkoti GK-126:001. Þar beygir stígur í VNV og liggur um 40 m niður í fjöru.
Á þessu svæði er nú malbikuð Brekkugata og hús við Brekkugötu 1.
Ekkert sést til stígsins lengur.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 7-8

GK-123:048 *Bræðrapartsvör* heimild um lendingu 63°58.761N 22°23.195V
"Bræðrapartur enn í byggð." segir í örnefnaskrá. "Bræðrapartur [046] er syðsta hús í Vogum og stendur í Bræðrapartstúni. Heima frá húsi liggur Bræðrapartsstígur [047] niður í Bræðrapartsvör og er hún syðst Stóruvogavara." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var stígur um 40 m í NNV frá Bræðraparti að SV horni kálgarðs GK-126:010 í Suðurkoti GK-126:001. Þar beygir stígur í VNV og liggur um 40 m niður í fjöru trúlega að Bræðrapartsvör sem var um 90 m NV við Bræðrapart.
Á þessu svæði er nú grýtt fjara og grjóthlaðinn sjávarvarnargarður.
Ekkert sést til fornleifa lengur á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 7-8; Túnakort 1919

GK-123:049 *Bræðrapartsbrunnur* heimild um brunn 63°58.727N 22°23.159V
"Bræðrapartsbrunnur er skammt fyrir sunnan húsið [046]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá því um árið 1919 var Bræðrapartsbrunnur um 60 m SV við bæ 046 og um 100 m SV við Suðurkot GK-126:001.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en búið er að fylla upp í þá flesta. Hugsanlega leynast leifar af hleðslum brunns undir sverði en ekkert sést til brunns ofanjarðar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 8

GK-123:050 *Markavarða* varða landamerki 63°59.078N 22°21.647V


Markavarða 050, horft til norðurs

Í örnefnaskrá segir um landamerki Voga: "[...] úr Dýpstaósi í Djúpavogi, sjónhending í Vörðu við Almenningsveginn, fyrir sunnan Prestshól. Þaðan í Vörðu sem stendur á Hrafnagjárbarmi og kölluð er Leifur Þórður [051]." Í örnefnaskrá segir einnig: "Landamerkin milli Stóru-Voga og Brunnastaða liggja sunnan Gamla þjóðvegarins sunnan við Presthóla, sem eru í Brunnastaðalandi og þar í Markavörðu, sem stendur á Langholti og er þess vegna einnig kölluð Langholtsvarða." Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, heimildamanni og höfundi bókarinnar Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi er engin önnur heimild um að landamerkjavarða á merkjum Brunnastaða og Voga heiti Markavarða. Hvergi annarsstaðar er heldur minnst á að landamerkjavarðan standi á Langholti. Varða GK-130:072 er vestarlega á Brunnastaðalangholti sem er um 400 m norðvestan við landamerkin eins og þau eru samkvæmt dómsorði Hæstaréttar í máli varðandi landamerki milli jarða í Vogatorfu og Brunnastaðhverfi nr. 47/2005. Staðsetningarhnit á landamerkjavörðu nærri Gíslaborg 064 í dómsorðinu er mjög nálægt staðsetningarhniti sem tekið var á vörðu 050 en hún stendur á mjóu holti og eru líkur á því að Markavarða sé sama varða. Varðan er um 100 m austan við byrgi 135 og 1,3 km ANA frá bæ 001. Varðan hefur að líkindum staðið við Almenningsveg GK-641:003 og hefur því einnig haft hlutverkið samgöngubót.
Varðan stendur á allháum mosavöxnum hraunhól og sést hún nokkuð víða að.
Varðan er köntuð og er um 1 m á kant. Nokkuð hefur hrunið úr vörðunni að vestanverðu en hún er um 0,8 m á hæð. Í vörðunni er meðalstórt grjót en á því er lítið um skófir. Varðan er ekki gróin og hleðslan hefur verið vönduð þó að hrunið sé úr henni og sjást enn 4-5 umför.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 1, 14; Dómur Hæstaréttar nr. 47/2005: http://www.haestirettur.is/domar?nr=3526

GK-123:051 *Leifur Þórður* varða landamerki 63°58.540N 22°20.042V

"[...] úr Dýpstaósi í Djúpavogi, sjónhending í Vörðu [050] við Almenningsveginn, fyrir sunnan Prestshól. Þaðan í Vörðu sem stendur á Hrafnagjárbarmi og kölluð er Leifur Þórður," segir í örnefnaskrá. "Fyrir ofan Þórusel [065] göngum við fram á þrjár lítilfjörlegar vörður sem heita Strákar eða Strákavörður [025] og liggja þær þvert á Hrafnsgjárbarminn með nokkurra metra millibili. Stendur sú efsta svo til á gjárbarminum. Sumir telja að sú Strákavarða heiti Leifur Þórður og að þar sé kominn landamerkjavarðan milli Voga og Brunnastaða, sem sögð er standa á Hrafnagjárbarmi," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Í ritgerð Gunnars Hauks Ingimundarsonar um örnefni í Brunnastaðahverfi segir: "Að sögn Símonar Kristjánssonar á Neðri-Brunnastöðum er Leifur-Þórður landamerkjaþúfa milli Voga og Brunnastaðahverfis, og stendur hún á barmi Hrafnagjár. Reyndar er um tvær álíka þúfur að ræða með um 100 m millibili. Gat Símon ekki skorið úr um hvor þeirra væri sú rétta. Mitt á milli þessara þúfna eru þrjár vörður í röð þvert á gjárstefnuna og heita þær Strákar. Einhver ágreiningur virðist vera um þessi örnefni, því Sigurjón í Traðarkoti segir Leif-Þórð vera vörðu á Hrafnagjárbarmi, og er það í samhljóðan við [...] landamerkjalýsingar [...]." Einnig segir í Örnefni og gönguleiðir: "Viðaukur, Viðuggur eða Viðauðgur er örnefni á þessum slóðum skammt austan Vogavegamóta og ofan Reykjanesbrautar. [...] Ekki er fullvíst hvort örnefnið á við nokkuð áberandi hóla sem standa rétt vestan við línuvegsafleggjarann eða margklofna klöpp fast ofan hólanna. Klöppin er með rismikilli og fallegri vörðu á og stendur hún um 100 m neðan Hrafnagjár (sjá hér á eftir). Sumir ætla að stóra varðan sé landamerkjavarða Brunnastaða og Voga, þ.e. varðan Leifur Þórður en hennar er getið í landamerkjalýsingum og sögð standa á Hrafnagjárbarmi." Af framanrituðu er ljóst að lengi hefur verið ágreiningsmál hvar landamerkjavarðan Leifur Þórður er. Í dómsorði Hæstaréttar um landamerki milli jarða í Brunnastaðahverfi og Vogatorfu er skorið úr um hvaða varða er Leifur Þórður. Það er varðan sem nefnd er hér að framan í tengslum við örnefnið Viðaukur. Hún er um 580 m norðaustan við Stráka 025 og um 2,7 km suðaustur af bæ 001.



Leifur Þórður 051, horft til vesturs

Varðan stendur hátt í miðjum krosssprungnum hól rétt við línuveginn. Sprungurnar á hólnum eru flestar nokkuð breiðar, vel manngengar og grasi grónar.
Varðan er nokkuð ferköntuð, um 1,2 m á kant og um 1 m á hæð. Hægt er að greina 5 umför í vörðunni. Grjótið í henni er af öllum stærðum, minnst efst. Grjótið er skófum vaxið. Hleðslan er nokkuð vönduð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 1; SG: Örnefni og gönguleiðir, 74, 75; GHI: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 69; Dómur Hæstaréttar nr. 47/2005: http://www.haestirettur.is/domar?nr=3526

GK-123:052 *Stóru-Vogastígur* heimild um leið 63°58.957N 22°23.367V
"Heiman frá bæ [001] lá Stóru-Vogastígur niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga." segir í örnefnaskrá. Stígurinn hefur trúlega legið NV-SA meðfram ströndinni frá bæ 001 að tóftum 055 og 006. Nákvæm staðsetning óþekkt.
Á þessu svæði er malbikaður göngustígur og slétt graslendi.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 8-9

GK-123:053 *Stóru-Vogavör* heimild um lendingu
63°58.949N 22°23.384V
"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör við Stóru-Vogatanga." segir í örnefnaskrá. Stóru-Vogavör hefur líklega verið um 115 m NV við bæ 001 og um 15 m SSA við Stóru-Vogasjóhús 055.
Á þessu svæði er sendin og grýtt fjara SSA undir Stóru-Vogatanga.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots




Mannvirki 054, horft til SSV

Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-123:054 *Stóru-Voganaust* mannvirki naust 63°58.956N 22°23.386V
"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust og Stóru-Vogasjóhús [006 og 055]." segir í örnefnaskrá. Aflöng djúp dæld er um 120 m NV við bæ 001 og um 3 m ASA við tóft 055.
Naustin er fast austan við efri brún fjöru í grasigrónum bakka sem hallar um 2-4° í SSV.
Ummerki, hugsanlega eftir umrædda naust eru á þessum stað. Þar má sjá um 0,4 m djúp dæld sem liggur NNA-SSV. Dældin er um 2 m á breidd og um 8 m á lengd. Bakkar hennar eru vel grasigrónir og aflíðandi. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru fiskibátarnir sem notaðir voru í Vogum í hennar tíð yfirleitt bara geymdir á hvolfi í sandinum ofarlega í fjörunni án nokkurra mannvirkja þeim til varnar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-123:055 *Stóru-Vogasjóhús* tóft sjóbúð 63°58.956N 22°23.397V


Tóft 055, horft til suðvesturs



Tóft 055

"Heiman frá bæ lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust [054] og Stóru-Vogasjóhús [055]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var fiskhús um 120 m NV við Stóru-Voga 001 og um 170 m VSV við Tjarnarkot GK-127:001. Tvöföld tóft er um 130 m VNV við bæ 001 og um 170 m SV við Tjarnarkot GK-127:001.
Tóftin stendur á efribrún fjöru í sléttu graslendi á Stóru-Vogartanga.
Tóftin er tvískipt, um 9 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr ASA-VNV. Hólf A er í tóftinni norðanverðri, um 2 m á breidd, um 4 m á lengd og niðurgrafnir veggir þess eru um 0,4 m á hæð og um 1-1,5 m á breidd. Hólfið snýr VNV-ASA. Þar sem hólf B hefur verið er nú sléttur grasigróinn upphækkaður pallur SSV við hólf A. Pallurinn er um 0,5 m á hæð og glittir í grjóthleðslur hér og þar í veggjum hans. Pallurinn er um 5 m á breidd og 7 m á lengd. Hér hefur trúlega verið timburhús á grjóthlöðnum grunni. Tóftin er vel grasigróin og lítið rofin en efri brún fjöru er komin mjög nálægt tóftinni að V svo hún er í hættu vegna sjávarrofs.
Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni var fjárhús frá Stóru-Vogum á þessu svæði en samkvæmt ljósmynd sem tekin er árið 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands voru þarna sjóhús frá Stóru-Vogum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9; Túnakort 1919


Garðlag 056, horft til norðurs

GK-123:056 garðlag túngarður
63°58.724N 22°23.197V
Samkvæmt Eyjólfi Guðmundssyni, heimildarmanni, þjónaði hlaðinn garður austan við Sæmundarnef ýmsum hlutverkum, s.s. að verja ágangi sjávar, sandfoki og að verja túnin fyrir ágangi dýra. Garðurinn fór ekki allur í kaf þegar sjóvarnargarður var settur þarna. Við endann á Hvammsgötu tekur við göngustígur sem liggur niður að

sjóvarnargarði. Þar sem stígurinn beygir til norðurs má sjá leifar af túngarði, um 380 m sunnan við Stóru-Voga 001. Túngarðsleifar þessar hafa afmarkað tún Bræðraparts 046.
Túngarðurinn er á milli sjóvarnargarðs til vesturs og malbikaðs göngustígs til austurs. Norðaustan við göngustíginn er dálítill grasblettur.
Garðurinn liggur í horn og vísar það í vestsuðvestur. Sá hluti garðsins sem liggur til norðurs er greinilegur en sá hluti hans sem vísar til austurs er siginn. Garðurinn er um 37 m langur og hann er um 1 m á hæð. Smátt grjót er í hleðslunni og sjást 4-5 umför. Garðurinn er gróinn að ofan og að innanverðu þar sem hvorki sést í hleðslur né skýra innri brún. Hleðslur sjást vel að utanverðu. Garðurinn lækkar til beggja enda og hverfur undir göngustíg sem liggur meðfram ströndinni.
Hættumat: engin hætta

GK-123:057 *Þórusker* þjóðsaga býli 63°59.015N 22°23.956V
"Þá er komið að sundi er nefndist Lágin og þar utar er svo Þórusker og liggur þangað Hafnargarður, Þóruskersgarðurinn. Sagnir herma, að í eina tíð hafi bær staðið, þar sem nú er Þórusker og hafi þar verið stórbýli og 18 hurðir á hjörum. [...] Til skamms tíma telja fróðir menn og glöggir að til veggja hafi mátt sjá í skerinu, undirstöðu húsa. Um Þóru þá, sem skerið er við kennt, eru engar sagnir, en nokkur örnefni önnur eru bundin nafni hennar," segir í örnefnaskrá. Þórusker er um 600 m NV við Stóru-Voga 001, um 590 m vestan við Tjarnarkot GK-127:001 undir vesturenda nyrðri arms hafnargarðsins í Vogum sem, samkvæmt Særúnu Jónsdóttur, var byrjað að byggja árið 1944.
Þórusker er hóll úr hraungrýti neðan sjávarmáls og við háflóð sést ekki til skersins. Hafnargarður var byggður út á skerið svo aðeins sést til skers NNV og SSA við garðinn.
Ekkert sést til fornminja á skerinu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9-10

GK-123:058 náma mógrafir
63°58.467N 22°23.143V
Greinilegar mógrafir eru um 100 m sunnan við Steinsholt 044. Mógrafirnar eru um 110 m suðvestur af Steinsholti, fast sunnan við Síkistjörn, suðvestan við hesthúsin og gamla Keflavíkurveginn.
Svæðið sunnan við tjörnina er blautt og smápollar hér og þar. Sunnar eru hálfgrónir hraunhólar. Þarna er nú hrossabeitarhólf.
Svæðið er um 20x20 m að stærð og má innan þess greina um um 8 grafir. Þær eru misjafnar að stærð, en allt að 2x3 m og 0,2 m á dýpt.
Hættumat: hætta, vegna rasks


Mógrafir 058, horft til austurs

GK-123:059 mannabein legstaður 63°58.929N 22°23.269V
Í Strönd og Vogar segir: ""Hrolleifur bjó síðan í Kvíguvogum og er þar heygður. Hans son var Svertingur, faðir Gríms lögsögumanns á Mosfelli." Enginn veit nú,hvar haugur Hrolleifs er. Sumir hafa giskað á, að hann muni vera rétt hjá húsinu, sem nú er í Stóru-Vogum, því að mannsbein hafa fundizt þar í hólbarði. Kålund getur um hauginn í Íslandslýsingu sinni og segir, að á haugnum hafi fyrst verið reist hjáleiga og síðan fjárhús." Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, fundust mannbeinin í fjöru í sniði bæjarhóls að vestanverðu um 15 m vestan við íbúðarhús Stóru-Voga 001.
Bæjarhóll Stóru-Voga er nú að hálfu rofinn í burtu að vestan vegna ágangs sjávar. Þar er nú brött grýtt brún sem hallar um 30-40° til V.
Ekkert sést til fornleifa í dag. Guðrún sagðist ekki vera viss um það hvort beinin hafi verið rofin úr bæjarhólnum eða hvort um hafi verið að ræða bein óþekkts sjómanns. Samkvæmt Helga Davíðssyni, einum eiganda Ásláksstaða, fundust beinin í sjávarbakkanum skammt norðan við bæjarrústina, á ská út frá tóft útihúsanna. Líklegast er að beinin tengist í raun kirkjugarði hálfkirkju Stóru-Voga sem talið er að hafi verið á jörðinni (sjá 002) þó ekki sé hægt að fullyrða það en einnig gæti alveg verið um legstað Hrolleifs að ræða. Snið bæjarhólsins er ógreinilegt vegna jarðvegshruns og rasks vegna byggingar sjávarvarnargarðs, göngustígs og skólabyggingar. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur og Viktori Guðmundssyni fundust beinin 5. júní 1976 og voru þau send Þjóðminjasafni Íslands til greiningar og varðveislu.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Árni Óla: Strönd og vogar, 14

GK-123:060 *Móakot* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Móakot hefur tvö ár í eyði legið, kostir voru þar allir hinir sömu, grasnyt sem því fylgdi brúkar heimabóndinn, og má ekki að skaðlausu án vera." Staðsetning hjáleigunnar er óþekkt og heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við Móakot í Vogum. Samkvæmt heimildarmönnum eru þó Móakot inn á Strönd rétt hjá Ásláksstöðum og einnig er hjáleiga frá Kálfatjörn sem kallast Móakot.
Heimildir:JÁM III, 121

GK-123:061 *Vogavegur* heimild um leið 63°59.064N 22°23.088V
"Vogavegur liggur á mörkum Norður- og Suður-Voga allt út á Hafnargarð," segir í örnefnaskrá. Vogavegur lá A-V í gegnum þorpið sunnan við Arahól og norðan við Vogatjörn um 310 m NA við Tumakot GK-125:001 og um 390 m ASA við Norðurkot GK-129:001.
Á þessu svæði er nú malbikuð aðalgata Voga, Hafnargata.
Ekkert sést til gömlu götunnar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 11


GK-123:062 *Valgarðshjáleiga* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Valgards hjáleiga hefur fimm ár í eyði legið, þar voru kostir allir hinir sömu sem á Tjarnarkoti. Nú brúkar heimabóndinn grasnautnina og kann hennar ei að missa að skaðlausu." Prestur telur hjáleigurnar Valgarðskot og Garðhús með 1803. Staðsetning hjáleigunnar er óþekkt og heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við nafnið.
Heimildir:JÁM III, 121; JJ 1847, 89

GK-123:063 *Gvendarbrunnur* gryfja vatnsból 63°58.674N 22°22.595V


Gryfja 063, horft til ANA

"Þar skammt frá Veginum er vatnsból er nefndist Gvendarbrunnur eitt þeirra vatnsbóla er vor ágæti Gvendur góði vígði," segir í örnefnaskrá. "Milli Leirdals og efstu húsanna er Gvendarbrunnur sem sagður er vígður af Guðmundi góða Arasyni Hólabiskupi. Brunnurinn er lítil hola við klappir oftast með einhverju vatni í," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Gvendarbrunnur er um 10 m austan við íbúðarhús við Hvammsdal 14 og um 450 m suðaustan við Suðurkot GK-126:001.
Brunnurinn er í grasi- og mosagrónu grýttu hrauni.
Einnig er getið um minjastaðinn í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum. Þar segir: "Skammt fyrir ofan Hvamm er Gvendarbrunnur, vígður af Guðmundi biskupi góða, og er mikilvægt að friðlýsa brunninn, því byggðin er farin að nálgast hann. Brunnurinn er um 260 metrum fyrir ofan gamla þjóðveginn (þeim ökufæra) og nánari staðsetning er sú að húsið í Hvamm skal bera í miðja Ytri-Njarðvík." Gvendarbrunnur er egglaga hola austan undir kletti sem Hvammsdalur 14 stendur á. Holan er um 1 m á breidd og um 1,2 m á lengd og um 0,4 m á dýpt. Engar greinilegar hleðslur eru sjáanlegar en holan er þó full af grjóti. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var þarna aldrei eiginlegur brunnur í hennar tíð heldur aðeins hola í hrauninu sem oft var vatn í. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur hefur mjög líklega verið vel nýtanlegt náttúrulegt vatnsból á þessu svæði sem hefur þó þurft að grafa upp úr við og við vegna jarðvegssöfnunar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 13; SG: Örnefni og gönguleiðir, 43; GJ: Mannlíf og mannvirki, 32

GK-123:064 *Gíslaborg* tóft fjárskýli 63°59.033N 22°21.876V



Tóft 064


Gíslaborg 064, horft til austurs

"Rétt heima við Vegamótin er svæði sem nefnist Lægðin. Austar og hærri er fjárborg, nefnist hún Gíslaborg og vestan undir henni lægðir heita Gíslaborgarlágar," segir í örnefnaskrá. "Suður undir Vogaafleggjara og suðvestur af Brunnastaðalangholti er Gíslaborg og Gíslaborgarlágar austur og norður af henni. Þarna eru rústir af stórri fjárborg og er mál borgarinnar u.þ.b. 10x7 m og veggþykktin töluverð," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Áður en kemur inn í þéttbýlið Voga er verksmiðjuhúsnæði Norma ehf. við Harunholt austan afleggjarans. Austan við verksmiðjuna, í grónu hrauni, er grjóthlaðin fjárborg og sést hún vel að. Um 1,1 km austur af Stóru-Vogum 001.
Fjárborgin stendur á dálitlum grónum hól í uppgrónu hrauni.
Fjárborgin er um 10x7 m að utanmáli, en hleðslur eru nokkuð hrundar út og virðist umfang hennar því meira. Hún snýr norður-suður og er op á miðri suðurhlið. Borgin er öll grjóthlaðin, en í norðurhluta hennar virðist torfi eða jarðvegi vera hlaðið með utanverðum veggjum. Að innan er borgin einnig niðurgrafin í norðurhluta og er þykkt veggja þar allt að 2,5 m, en annars um 1 m. Engu síður hallar fletinum nokkuð til suðurs innan tóftarinnar. Grjót í hleðslum er nokkuð stórt, hleðslur grónar og hæð þeirra um 1,2 m. Innan tóftarinnar má greina 6 lítil aðskilin hólf, öll aðgreind með einföldum grjóthleðslum. Talsvert hefur hrunið úr hleðslum innan tóftarinnar og er mögulegt að hólfin hafi verið fleiri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 13-14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 53

GK-123:065 *Þórusel* örnefni sel 63°58.465N 22°21.375V
"Suðaustur frá þessari fjárborg er svæði, sem nefnist Þórusel, þar eru Kúadalur og Kúastígur." segir í örnefnaskrá "Nokkurn spöl vestan við Viðaukahólana fyrrnefndu sjáum við nokkuð stórt slétt svæði sem áður fyrr hefur verið grasi vaxið en er nú sundurskorið af stórum moldarflögum. Svæðið er rétt ofan við vegamótin í Voga og gæti heitið Þórusel. Nafnið Þórusel kannast flestir eldri menn við en erfitt er að staðsetja það eftir heimildum. Vogamenn segja umrætt svæði líklega heita Þórusel en Strandarmenn segja svæði neðan Reykjanesbrautar og rétt austan vogaafleggjara heita Þórusel eins og fyrr er getið. Víst er að Þóru nafnið er úr Vogum því gamlar sagnir eru til um Þórusker við Voga en á því átti að standa höfuðból og þar "átján hurðir á hjörum". Engar rústir eru sjáanlegar á fyrrnefndu svæði þó grannt sé leitað en við tökum gildar heimildir úr Vogum um Þórusel á þessum stað þó svo að ólíklega hafi verið selstaða svo nærri byggð," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Eins og sést af ofangreindum frásögnum ber mönnum ekki saman um hvar Þórusel hafi verið. "Vogamenn" segja það norðan Reykjanesbrautar og austan Vogaafleggjara. Þar er gróið hraun og enginn staður sérstaklega vænlegur fyrir sel, eins og umhverfið er nú. Beint sunnan gatnamóta Reykjanesbrautar og Vogaafleggjara er grasi gróinn blettur sem að nokkru hefur verið raskað. Er þetta sá staður sem margir telja að selið hafi verið. Engar leifar um selið er nú að sjá á þessum stað en þar er mjög grösugt og þýft. Svæðið er um 30 m sunnan (ofan) við Reykjanesbraut og um 1,8 km suðaustan við bæ 001og kemur til með að hverfa undir mislæg gatnamót.
Gróinn grasblettur upp af Reykjanesbraut. Umhverfis eru mosavaxin hraun.
Veturinn 2006-2007 voru ráðgerðar framkvæmdir á þessum slóðum og tóku þá vinnuvélar prufuskurð á svæðinu sem Elín Ósk Hreiðarsdóttir fornleifafræðingur vaktaði. Ekki komu í ljós neinar mannvistarleifar á þessum slóðum og verður því að teljast nær útilokað að Þórusel hafi verið á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 74

GK-123:066 *Kúastígur* gata leið 63°58.318N 22°20.525V
"Suðaustur frá þessari fjárborg er svæði, sem nefnist Þórusel, þar eru Kúadalur og Kúastígur," segir í örnefnaskrá "Besta niðurgangan í Hrafnagjá á þessum slóðum er um Kúastíg ofan Vogaafleggjara en við efstu Strákavörðuna liggur stígurinn niður í gjána," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Hrafnagjá er um 700-800 m sunnan við Reykjanesbraut og sést slóðinn rétt norðan við gjána, ofan í hana og áfram til suðurs.
Slóðinn er ofan í hraunið og sést á spotta við og sunnan Hrafnagjár, slóðinn er ekki greinanlegur við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 75

GK-123:067 mannvirki óþekkt 63°58.262N 22°26.871V


Þrír af grjóthólum 067, horft til norðvesturs

Fimm stórir grjóthólar eru austan við Grunnuskor, um 50 m norðan við Gamla-Keflavíkurveginn og um 315 m norðaustur af Brúnuvörðu GK-117:062. Hólarnir eru að öllum líkindum ekki náttúrulegir en ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta eru eða hvort áreiðanlegt sé að þau teljist til fornleifa en þau voru engu að síður skráð til öryggis.
Allt í kringum hólana er uppblásinn og grýttur melur en rofabarð er inn á milli þeirra. Á hólunum sjálfum er nokkuð um lyng og mosa.
Hólarnir eru á svæði sem er um 50 x 45 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólarnir snúa ýmist austur-vestur eða norður-suður, minnsti hóllinn er um 7 x 3 m og sá stærsti um 10 x 7 m. Lægsti hóllinn er um 1,2 m og sá hæsti um 2 m. Misstórt grjót er í hólunum en í þeim stærsta er mikið stórgrýti. Í þeim er einnig nokkur jarðvegur. Mögulegt er að hólar þessir hafi myndast við framkvæmdir á svæðinu, t.d. vegagerð og að jarðvegi og grjóti hafi verið rutt í stórar hrúgur.
Hættumat: engin hætta

GK-123:068 varða óþekkt 63°58.313N 22°21.480V


Varða 068, horft til vesturs

Varða er á milli línuvegar og Reykjanesbrautar, um 255 m suðvestan við vörðu 070 og um 275 m norðan við vörðu 136. Varðan er um 1,8 km suðaustan við bæ 001.
Varðan er á lágum hraunhelluhól og liggur annar áþekkur hóll til norðausturs. Allt í kring eru hærri hólar og á milli þeirra er nokkuð gróinn mói en næst hólnum sem varðan stendur á er nokkuð rof.
Varðan er stæðileg, hlaðin úr stóru grjóti neðst og efst er meðalstórt grjót. Grjótið er mosa og skófum vaxið, sérstaklega eru efstu steinarnir mosavaxnir, 5 umför eru greinanleg. Varðan er nokkuð hringlaga og mjókkar upp. Hún er um 1,2 m í þvermál og um 1,3 m á hæð. Lítið sem ekkert virðist hafa hrunið úr henni. Varðan sést ekki víða að og hlutverk er óþekkt.
Hættumat: engin hætta

GK-123:069 *Byrgishóll* örnefni fjárskýli
"Þá er litlu austar [en Axarhólssprunga] Hvíthóll og á honum Hvíthólsvarða [100]. Þá er næst Byrgishóll, sem er krosssprunginn," segir í örnefnaskrá. Ótal krosssprungnir hólar eru á þessum slóðum og var stórt svæði gengið frá Hvíthólsvörðu að Þrívörðum 024, milli Reykjanesbrautar og Hrafnagjár en ekki tókst að staðsetja Byrgishól.
Ekki sést til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 14


GK-123:070 varða óþekkt 63°58.378N 22°21.203V

Varða er um 250 m norðaustan við vörðu 068 og um 2 km suðaustur af bæ 001, milli Reykjanesbrautar og Línuvegar.
Varðan er á klöpp og er í lægð í landslaginu. Til vesturs sjást tvær vörður, nafnlaus varða 166 og Hvíthólsvarða 100. Í kringum klöppina er lítt gróið og grýtt.
Varðan er um 1,1 m í þvermál og um 1,2 m á hæð. Grjótið er stórt og meðalstórt, skófum vaxið, 5 umför sýnileg. Varðan er hringlaga. Lítið virðist hafa fallið úr henni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi varða var hlaðin, hún sést ekki víða að og virðist nokkuð ungleg.
Hættumat: engin hætta


Varða 070, horft til vesturs

GK-123:071 *Snorrastaðasel* tóftir sel
63°57.405N 22°23.824V


Snorrastaðasel 071, horft til suðurs




Snorrastaðasel 071

"Við Nyrstu-Vatnsgjá mótar fyrir Snorrastaðaseli," segir í örnefnaskrá, en heimildir herma að á þessum slóðum hafi verið býlið Snorrastaðir (sjá 009-010) þótt staðsetning þess sé nú týnd. "Þrjár kofatóftir eru á nyrðri bakka neðstu og stærstu tjarnarinnar. Ein heimild segir að þarna hafi verið Snorrastaðasel og þá frá bæjum í Vogum. Þetta er annað af tveimur selstæðum í hreppnum sem eru svo nálægt byggð og má ætla að í þeim hafi eingöngu verið hafðar kýr," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Snorrastaðatjarnir heitir falleg tjarnaþyrping um 300 m suðaustan við Háabjalla, en tjarnirnar hafa myndast í gjám sem liggja þarna þétt saman og teygja sig norðaustur-suðvestur. Tóftir Snorrastaðasels eru við nyrðri bakka nyrstu tjarnarinnar, en göngustígur liggur fram á bakkann við tóftirnar frá bílastæði við Háabjalla. Selið er um 2,9 km SSV af Stóru-Vogum 001.
Tóftirnar eru sunnanundir hálfgróinni hrauntungu, á dálitlu grónu nesi um 5 m frá vatnsbakkanum. Handan tjarnarinnar stendur skáli Skátafélagsins Heiðarbúa í Keflavík.
Á þessum stað eru tvær tóftir á svæði sem er um 22x5 m að stærð og snýr norður-suður meðfram vatnsbakkanum. Önnur tóftin greinist í þrjú hólf (A,B og C) en hin tóftin (D) er einföld og er sunnan við hin þrjú. Tóftirnar eru allar grónar og signar en þó greinilegar. Op eru á öllum hólfunum til suðausturs að tjörninni, en hvergi er gengt á milli hólfa. Hleðslur eru úr torfi og grjóti, en grjótið er nær alveg yfirgróið. Hleðslur eru stæðilegastar í miðhólfunum tveimur (B og C), allt að 1 m á hæð og 1 m á breidd í veggnum sem skilur þau að. Hólf A er nyrsta hólfið og lang ógreinilegast. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og mjög sigið. Sunnan við það er hólf B, sem er greinilegast. Það er um 2,5x1,5 m að innanmáli. Því næst er hólf C, einnig um 2,5x1,5 m að innanmáli. Greinilegur stallur er hlaðinn með vesturvegg þess. Hann er um 0,3 m hár, 0,35 á breidd, 1 m á lengd og mjög kantaður og greinilegur. Ekkert grjót er sýnilegt í honum. Um 1,7 m sunnan við hólf C er tóft D. Hún er um 1x1 m að innanmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 64

GK-123:072 *Nýjasel* tóftir sel 63°57.640N 22°22.596V



Nýjasel 072, horft til norðausturs



Nýjasel 072

"Austur frá Vatnsgjánum er grágrýtisholt er nefnist Nielsarbjalli að því er sumir segja, en líklega er hér um mismæli að ræða. Nýjaselsbjalli mun hann heita og þar er Nýjasel," segir í örnefnaskrá. "Út frá tveimur efstu tjörnunum til norðausturs er Nýjaselsbjalli eða Níelsarbjalli. Ballinn er nokkuð langt grágrýtisholt sem sker sig dálítið úr umhverfinu. Hann líkist ekki hinum björllunum því þeir eru allir með nokkuð brattri hlíð sem snýr í suðaustur en Nýjaselsbjalli er frekar holt en hjalli. [...] en Nýjaselsbjalli mun hann heita og dregur nafn sitt af litlu seli sem staðið hefur rétt norðaustan við bjallann. [...] Undir bjallanum eru tóftir af Nýjaseli og kúra þær í lægð undir lágum gjárvegg sem snýr til norðurs. Þegar farið er um Skógfellaveginn er selstæðið skammt austan við götuna," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Nýjasel er um 1,1 km norðaustur af Snorrastaðaseli 071, norðanundir gjávegg skammt norður af Skógfellavegi sem er stikuð og vörðuð leið um hraunið. Selið er um 2,5 km suður af Stóru-Vogum 001.

Selrústirnar eru fast undir gjáveggnum, sem er þarna um 3 m hár. Meðfram veggnum er dálítil skjólsæl og gróin lægð en allt umhverfis er gróið hraun.

Á heimasíðu Ferlis segir: "Gengið var niður heiðina áleiðis að Snorrastaðatjörnum. Þegar skammt var eftir að tjörnunum var komið við í Nýjaseli undir Nýjaselsbjalla. Selið hefur tilheyrt bændum í Vogum og líklega byggst eftir að selstaða lagðist af ofar í heiðinni eða þá að þarna hafi eingöngu verið kúasel. Rétt norður af selinu eru grasgefnir hólar, sem gætu heitið Selhólar, en heimildir eru til um það örnefni á þessum slóðum." Selrústirnar dreifast á svæði sem er um 34x14 m að stærð og snýr norður-suður. Á svæðinu eru þrjár tóftir og auk þess tveir skútar. Hér á eftir verður hverju þessara mannvirkja lýst og þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Stærsta og umfangsmesta tóftin (A) er á miðju svæðinu. Hún er um 11x8 m að stærð, snýr austur-vestur og greinist í 6 hólf. Megininngangur er á miðri norðurhlið tóftarinnar og er þaðan gengt í öll hólf að einu undanskildu. Komið er inn í hólf 1 sem er um 2x2 m að innanmáli. Úr því er op til vesturs inn í hólf 2 sem er um 1x1,5 m að innanmáli. Í því er talsvert af grjóthruni gróið í svörðinn. Mögulega hefur verið annar inngangur í þetta hólf á norðurhlið, en hann er fallinn saman. Hólf 1 og 2 eru nokkuð niðurgrafin og hæð veggja að innanverðu allt að 1 m. Úr hólfi 2 er svo gengt yfir í hólf 3 til suðurs. Það er um 2x1 m og snýr austur-vestur. Þetta hólf er ekki niðurgrafið og er gólfflötur þess því hærri en áðurgreindra hólfa. Suðurveggur hólfs 3 er grjóthlaðinn að innanverðu, um tvö umför standa en talsvert er af grjóthruni í hólfinu.Til austurs frá megininngangi tóftarinnar eru tvö hólf. Hólf 4 er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er niðurgrafið í brekkuna undir gjáveggnum. Til suðurs úr því er komið í hólf 5 sem er um 2x1,5 m að innanmáli. Það er fast undir gjáveggnum og er ekki niðurgrafið. Um 6 m sunnan við tóft A er tóft B. Hún er einföld, um 4x3 m að utanmáli, en 1x1,5 að innanmáli, og snýr norður-suður. Op er á norðurhlið. Tóftin er hlaðin inn í brekkuna að austanverðu. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og mest um 0,5 m á hæð. Um 3 m norðan við tóft A er tóft C. Hún er tvískipt, um 6x4 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslur vestara hólfsins eru úr torfi og grjóti, en þess eystra eingöngu úr grjóti. Bæði hólf eru um 1,5x1 m að stærð og eru op á þeim báðum á suðurhlið. Norðan við tóft C er grjóturð sem hrunið hefur úr gjáveggnum. Í þessari urð eru tveir litlir skútar (D og E) og fagurgrænt og

gróið í og umhverfis þá. Þó er aðeins mannaverk á þeim syðri (D), en þar er lítil og sigin torfhleðsla sem lokar skútann af. Hleðslan er ógreinileg og gæti verið um náttúrumyndun að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 15; SG: Örnefni og gönguleiðir, 65-66; http://www.ferlir.is/?id=4100

GK-123:073 *Huldugjáarvarða* varða óþekkt 63°57.331N 22°22.240V
"Þar rétt við Veginn á Barminum er Huldugjárvarða," segir í örnefnaskrá. Vörðubrot er á brún Huldugjár um 450 m suðvestan við Pétursborg 074 og um 3,1 km SSA við bæ 001.
Varðan stendur á mosa- og lyngivöxnum gjárbarmi. Um 15 m eru niður af honum á gjárbotn. Varðan stendur nokkuð hátt ætti að sjást víða að ef hún væri stæðilegri.
Varðan er um 0,5 m í þvermál, hringlaga í grunninn og um 0,4 m á hæð. Hún er mjög niðurfallin en grjótið úr henni er meðalstórt, mosa og skófum vaxið. Varðan er gróin í grunninn. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan hefur verið hlaðin en mögulega hefur hún vísað á Pétursborg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 15



Huldugjáarvarða 073, horft til vesturs

GK-123:074 *Pétursborg* tóftir fjárskýli 63°57.481N 22°21.808V


Pétursborg 074, horft til norðvesturs


Tóft 074A, horft til austurs


Tóft 074B, horft til norðausturs



Tóftir 074

"Þar rétt við Veginn á Barminum er Huldugjárvarða [073]. Þar er fjárborg hlaðin af Pétri nokkrum föður Benedikts í Suðurkoti, föður Jóns, er þar býr núna, heitir Pétursborg," segir í örnefnaskrá. Pétursborg stendur hátt, á barmi Huldugjár, og sést langt að. Hún er um 700 m norðaustur af Nýjaseli 072 og um 1,6 km austur af Snorrastaðaseli 071. Hún er um 2,9 km SSA af Stóru-Vogum 001.
Gjáveggur Huldugjár er allhár og er gróið undir honum. Uppi á barminum þar sem borgin stendur eru hins vegar berar hraunklappir og hrjóstrugt.
Á barmi gjárinnar er fjárborg ásamt tveimur grónum tóftum á svæði sem er um 36x16 m og snýr N-S. Fjárborgin er sporöskulaga, um 7x5 m að utanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Hleðslur eru úr grjóti, um 0,5 m á breidd og allt að 1,8 m á hæð í suðurhluta. Þar eru umför allt að 12. Austurhluti borgarinnar er hinsvegar að mestu fallinn. Op er á suðausturhlið borgarinnar og liggur dyrahella yfir því. Hæð undir henni er um 1 m. Á gróinni spildu austan við borgina eru tvær tóftir. Tóft A er um 3 m austan við op borgarinnar. Hún er einföld og mjög sigin og gróin. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hæð þeirra mest um 0,2 m. Tóftin er um 6x4 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Op er á miðri vesturhlið. Um 8 m austan við tóft A er tóft B og er hún mun greinilegri. Hún er um 7x4,5 m að utanmáli, einföld og snýr norður-suður.

Op er á miðri suðurhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hæð þeirra um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 15

GK-123:075 *Hólssel* tóftir sel 63°57.698N 22°20.631V




Hleðslur 075A, horft til suðausturs



Tóft 075B, horft til suðurs



Tóftir 075C-D, horft til suðausturs



Hólssel 075

"Norður og upp frá borginni [Pétursborg 074] er Hólssel [...]," segir í örnefnaskrá. "Norðaustur og upp frá Pétursborg en rétt neðan Litlu-Aragjár er Hólasel eða Hólssel á milli þriggja hóla. Þar eru hleðslur á grasbletti og einnig þvert á sprungu sem liggur gegnum einn hólinn. Rústirnar eru ekki dæmigerðar selrústir en þó má ekki útiloka að þarna hafi einhvern tímann verið haft í seli," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Hólssel er beint í austur frá þéttbýlinu í Vogum og sér vel í það úr selinu. Það er um 1 km norðaustur af Pétursborg 074, um 2,66 km austnorðaustur af Snorrastaðaseli 071 og um 3,1 km SA af Stóru-Vogum 001.

Rústirnar eru í gróinni lægð á milli tveggja allhárra og sprunginna hraunhóla. Austan og vestan við þær er hálfgróinn melur en fleiri hraunhólar til suðurs og norðurs.

Svæðið allt er um 26x26 m stórt og eru rústirnar á tveimur stöðum. Annars vegar eru þær í lægðinni á milli hraunhólanna og hins vegar eru hleðslur í sprungunni á nyrðri hólnum. Mannvirkjunum verður nú lýst og þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Meginsprungan (A) í nyrðri hraunhólnum liggur í austur-vestur og er um um 17 m löng og um 2-3 m á breidd. Hún er öll gróin í botninn. Gjárveggurinn er frá 1 upp í 2 m hár. Í sprunginni eru 5 grjóthleðslur sem liggja þvert á hana og mynda fjögur aðskilin hólf. Hleðslurnar eru signar, um 0,2 m á hæð og mest tvö umför. Hólfin eru áþekk að stærð, um 2x2 m að innanmáli og virðist ekki vera op á milli þeirra. Í lægðinni sunnan við hólinn, í brekkurót syðri hraunhólsins, eru tóftir B, C og D nokkuð þétt. Tóft B er vestast. Hún er hringmynduð, um 2x2 m að innanmáli. Hleðslur eru úr grjóti, um 0,2 m á hæð og signar. Að einhverju leyti er um jarðfast hraungrýti að ræða, en hlaðið á milli. Inngangur er á suðuausturhlið. Um 1 m austan við tóft B er tóft C. Hún er tvískipt og greinilegust af tóftunum þremur. Hleðslur eru úr grjóti, allt að 1 m á breidd, 0,4 á hæð og 3 umför. Vestara hólfið er um 1,5x0,7 m að innanmáli og er ekkert greinanlegt op á því. Eystra hólfið er um 2x2 m að

innanmáli með op við norðausturhorn. Hólfið er niðurgrafið í brekkuna að suðvestanverðu og er enginn upphlaðinn veggur þar. Tóft D er svo um 2 m austan við C. Hún er fremur ógreinileg en hleðslur eru alveg hrundar út. Hún virðist þó hafa myndað einskonar hólf eða aðhald við tóft C og annað undir klett sem gengur fram úr brekkunni. Hleðslubrotin eru mest um 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 15; SG: Örnefni og gönguleiðir, 68

GK-123:076 varða samgöngubót 63°57.329N 22°20.462V


Varða 076, horft til suðurs

Lítið vörðubrot er á lágu hraunholti um 100 m vestur af Arahnúksseli 079, um 170 m norður frá Aragjárvörðu 078 og um 3,7 km suðaustur frá bæ 001.
Varðan er á mosagrónum bletti á hraunholti skammt niður (norðaustur) undan Aragjá. Undir gjánni er graslendi nokkurt en annars eru hraunhelluhólar og móar á milli þeirra í kringum holtið sem varðan stendur á.
Varðan er um 0,5 x 0,7 m að grunnfleti og er um 0,4 m á hæð, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er gróin neðst og steinarnir í henni eru stórir og meðalstórir, mjög skófum vaxnir og einnig mosavaxnir. 3 umför sjást í vörðunni. Um 30 m sunnan við þetta vörðubrot mynda nokkrir stórir steinar ferhyrning í mosanum sem er um 1 x 1 m að stærð og kann þar að hafa verið önnur varða en aðeins sést þessi eina röð steina og ekkert í kringum hana sem kynni að hafa fallið úr hærri hleðslu. Líklegt er að varðan hafi vísað á Arahnúkssel.
Hættumat: engin hætta

GK-123:077 varða óþekkt 63°57.580N 22°21.617V


Varða 077, horft til vesturs

Á barmi Huldugjár er varða um 240 m norðaustur af Pétursborg 074 og um 2,8 km suðaustur frá bæ 001.
Varðan stendur á mosavöxnum gjárbarminum og suðvestan við gjána eru hraunhólar og grónir móar á milli þeirra. Norðaustan við gjána er svipað landslag en heldur meira um gróna móa.
Varðan er köntuð að lögun í grunninn, um 0,6 x 0,5 m og um 0,4 m á hæð, snýr austur-vestur. Hrunið hefur úr vörðunni til austurs. Hleðslugrjótið er stórt og meðalstórt, skófum og mosa vaxið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ef til vill hefur hún vísað á Pétursborg 074.
Hættumat: engin hætta


GK-123:078 *Aragjárvarða* varða samgöngubót 63°57.239N 22°20.471V


Aragjárvarða 078, horft til suðvesturs

"Á Aragjábarmi er varða er nefnist Aragjárvarða. Austar og ofar er Arahnúkur og Arahnúksgjá er Gjáin þar kölluð, og í slakkanum er Arahnúkssel [079]," segir í örnefnaskrá. "Vestarlega á barmi Stóru-Aragjár við Skógfellsleiðina er Aragjárvarða en þar heitir gjáin Brandsgjá," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Varðan er um 200 m suðaustan við Arahnúkssel og um 3,9 km suðaustur af bæ 001.
Varðan stendur hátt á gjárbarminum og er þverhnípt niður af barminum ofan í gjána. Um 5 m neðan (norðan) við vörðuna er grunn og mjó sprunga. Í kringum vörðuna er nokkuð mosa- og lyngi gróið.
Varðan stendur á grjótgrunni sem kann að hafa tilheyrt stærri vörðu eða öðru mannvirki. Grunnurinn er um 3 x 2 m, snýr norðvestur-suðaustur, og er að hluta gróinn. Næst vörðunni er meðalstórt og lítið grjót en í jaðri grunnsins er nokkuð stórt grjót. Eitthvað af þessu grjóti kann að hafa hrunið úr

vörðunni. Varðan sjálf er um 1,5 x 1,2 m að grunnfleti og um 1,2 m á hæð, snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er ekki mjög köntuð og mjókkar lítið upp. Meðalstórt grjót er í vörðunni, skófum og mosa vaxið. Varðan hefur mögulega vísað á Arahnúkssel en kann einnig að hafa varðað leiðina áleiðis að Vogaseli gamla 080.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 15; SG: Örnefni og gönguleiðir, 69

GK-123:079 *Arahnúkssel* tóftir sel 63°57.315N 22°20.341V
"Á Aragjábarmi er varða er nefnist Aragjárvarða [078]. Austar og ofar er Arahnúkur og Arahnúksgjá er Gjáin þar kölluð, og í slakkanum er Arahnúkssel," segir í örnefnaskrá. "Undir Arahnjúk er Arahnjúkasel eða Arasel frá Vogum," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Aragjáin er stór og mikil og rís gjárveggurinn hátt og sést langt að. Á barmi gjárinnar er Aragjárvarða, afar greinileg, og þar aðeins norðar undir gjárveggnum eru seltóftir. Þær eru um 750 m suður af Hólsseli 075 og um 1,2 km austur af Pétursborg 074, en um 3,9 km suðaustur af Stóru-Vogum 001.
Í grónum skjólsælum slakka undir gjáveggnum. Til norðurs og vesturs eru mosagrónar hraunbreiður.



Arahnúkssel 079


Tóftir 079A-D, horft til NNA


Tóft 079G, horft til suðausturs

Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Undir Arahnúk er Arahnúkasel eða Arasel. Í Jarðabók 1703 er ekki getið um selstöðuna, en það kom fyrir að þær væru færðar neðar í heiðina eftir því sem vatnið minnkaði og gróðurinn eyddist. Af þessu má ætla að Arahnúkssel hafi byggst eftir árið 1703 enda höfðu Vogamenn sel í Vogaholti [080] það ár. Selstæðið er fallegt og grösugt í góðu skjóli við gjárvegginn og þar sjáum við margar kofatóftir ásamt kví. Sagt er að seltúnið hafi síðast verið slegið árið 1917. Ekkert vatnsból finnst við selið svo líklega hefur vatn verið sótt í Snorrastaðatjarnir, eins gæti verið að vatn hafi verið í gjánni. Í bergveggnum á Arahnúk er hrafnslaupur og þar sem uppgangan er á hnúkinn er Araselsgrenið. Heimildir er um tvö

önnur nöfn á Stóru-Aragjá, Aragjá og Stór-Aragjá. Gjáin nær allt að Skógfellahrauni til suðvesturs, en þegar komið er nokkuð norðaustur fyrir Arahnúk þrengist gjáin til muna og er svo til horfin í Brunnastaðalandi. Nokkrar heimildir segja að Stóra-Aragjá sé sama gjá og Klifgjá [...] þegar komið er austar í heiðina." Á svæði sem er um 100x20 m og liggur norðaustur-suðvestur með gjánni eru 7 tóftir (en líklega hefur verið átt við hólf en ekki kofa í tilvitnuninni hér að framan). Mannvirkjunum verður nú öllum lýst og þeim gefinn bókstafur til aðgreiningar. Lýsingin hefst nyrst á svæðinu. Tóft A er um 7x5 m að utanmáli og snýr norður suður. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og er hleðsluhæð allt að 0,7 m. Tóftin greinist í fjögur hólf og er ekki innangengt á milli hólfanna. Nyrsta hólfið er ógreinilegt og er mögulegt að um sé að ræða sig í útvegg en ekki eiginlegt hólf. Op er á vesturhlið þess. Sunnan við það er hólf sem er um 1x1,5 m að innanmáli með op á vesturhlið. Sunnan þess er hólf, um 2x0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á vesturhlið þess. Fjórða hólfið er við utanverðan austurvegg tóftarinnar og snýr norður-suður. Það er um 2x1,5 að innanmáli og er niðurgrafið í brekkuna ofan tóftarinnar. Um 5 m sunnan við tóft A er tóft B. Hún er einföld, um 6,5x5 m að utanmáli, 2,5x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á vesturhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hleðsluhæð um 0,7 m. Norðan við tóftina er hleðslubrot, um 4 m langt, liggur austur vestur og myndar kró við norðurhlið tóftarinnar. Króin er um 2x1,5 m að innanmáli og virðist opin bæði til austurs og vestur. Um 5 m vestur af tóft B er tóft C. Hún er um 6,5x5,5 m að utanmáli og greinist í tvö hólf. Eystra hólfið er stærra, um 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á vesturhlið þess. Vestra hólfið er um 1x1 að innanmáli með op á suðurhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hleðsluhæð um 0,8 m. Um 2 m sunnan við tóft C er tóft D. Hún er um 9x6 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hleðsluhæð mest um 1 m. Grjót er mest í austurvegg, allt að þrjú umför.Tóftin greinist í tvö hólf. Eystra hólfið er stærra, um 2,5x2 m að innanmáli en greinist í tvennt um 0,3, m háa grjóthleðslu. Op er á suðurhlið þess. Vestra hólfið er um 1,5x1,5 m að innanmáli og er mun signara en hitt. Mun minna grjót er í hleðslum þess og hleðsluhæð um 0,5 m. Op er á suðurhlið þess. Við austurvegg tóftar D og suðurvegg tóftar B virðist vera einhverskonar niðurgrafið hólf, en er mjög sigið og úr lagi gengið. Um 8 m sunnan við tóft D er tóft E. Hún er um 10x7 m að utanmáli og snýr norður-suður. Hún greinist í tvö hólf. Nyrðra hólfið er um 5x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á vesturhlið þess. Syðra hólfið er um 2x1 m að innanmáli og snýr norður-suður, með op á vesturhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hleðsluhæð mest um 0,7 m. Fast norðan við tóft E, neðst í grjóturð sem hrunið hefur úr gjáveggnum, er grjót- og torfhleðslubrot og hefur þar líklega verið lítil kró. Á milli tófta D og E er röð stórra steina sem þjónað hafa óþekktum tilgangi en eru nú grónir niður í svörðinn. Tóft F er fast sunnan við tóft E og mynda þær einskonar tvískipt hólf á milli sín. Tóft F er einföld, um 5x5 að utanmáli en 1x1 að innanmáli. Op er á vesturhlið. Hleðslur eru úr torfi og grjóti og hleðsluhæð um 0,7 m. Austan við tóftina er gjáin nokkuð djúp næst gjáveggnum. Um 50 m sunnan við tóft F er grjóthlaðið gerði eða kví (G). Það er um 7x7 m að stærð og greinist í þrjú hólf. Meginhólfið er um 5x4,5 m að innanmáli og er op á vesturhlið þess. Hólfið greinist í tvennt um torf- og grjóthlaðinn garða, en gengt er á milli hlutanna. Norðan við þetta hólf, í norðausturhorni tóftarinnar er hringlaga hólf. Það er um 2 m í þvermál og ekkert greinilegt op á því. Þriðja hólfið er við utanverðan vesturvegg. Það er niðurgrafið, um 3x2 að innanmáli og snýr norður-suður. Op er til norðurs. Úr norðvesturhorni tóftarinnar liggur einföld grjóthleðsla til vesturs, um 4 m löng.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Vogar, 15; SG: Örnefni og gönguleiðir, 68-69



Tóft 079E, horft til NNV



Tóft 079D, horft til suðausturs


GK-123:080 *Vogaselið gamla* tóftir sel 63°56.694N 22°18.163V



Tóft 080A, horft til norðausturs



Minjar B-C, horft til norðvesturs



Vogaselið gamla 080

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir: "Selstöðu vissa á jörðin eina nærri þar sem kallað er Vogaholt [...]. " "Á Aragjábarmi er varða er nefnist Aragjárvarða [078]. Austar og ofar er Arahnúkur og Arahnúksgjá er Gjáin þar köllud, og í slakkanum er Arahnúkssel [079]. Enn austar er svo Vogaselið gamla," segir í örnefnaskrá. Vogaselið gamla er um 155 m norðan við sel 084 og um 5,9 km suðaustan við Stóru-Voga 001.

Suðaustast í breiðum dal er grasi gróin hæð áður en farið er til suðurs upp brekku að yngri seltóftum 084 og í þessari hæð er ógreinileg seltóft. Uppblásið er norðaustan við tóftina og norðan við tóftina eru hraunbreiður, mosavaxnar.

Í ritgerð Ómars Smára Ármannssonar um sel á Reykjanesskaga segir: "Gömlu Vogasel (30) eru greinilega mjög gömul. Þau liggja neðst í grasi vaxinni brekku utan í holtinu [...]. Mótar fyrir einu húsi með tveimur rýmum, auk þess það virðist óljóst austan þess. Þarna er greinilega um mjög gamlar tóftir að ræða, enda að mestu orðnar jarðlægar. Jarðvegseyðing hefur náð upp að torfu þeirri, sem selin eru á. Ofar í brekkunni, undir og við hraunklett, eru Vogasel yngri (31) [084]. 2-3 ógreinilegar tóftir eru á svæði sem er um 40 x 12 m og snýr austur-vestur. Tóftunum verður nú lýst og fá þær bókstafi til aðgreiningar, byrjað er nyrst á svæðinu. Tóft (A) er mjög ógreinileg. Hún er um 20 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Óljóst má greina 4 hólf í tóftinni en hvergi sjást op inn í þau. Austasta hólfið I) er stærst, 3 x 1 m að innanmáli, það snýr norðaustur-suðvestur og mjókkar í norðausturenda. Hólf II) og III) eru um 1 x 1 m að innanmáli og er hólf II) dýpsta hólfið, um 0,5 m á dýpt. Hólf IV) er svo 2 x 0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Um 17 m ANA við seltóftina er lítil og ógreinileg tóft (B), um 3 x 2 m að stærð og hleðsluhæð um 0,3 m. Tóftin er einföld og torfhlaðin. Óljóst op er til suðausturs. Um 3 m vestan við tóft (B) eru tvær dældir næst rofabarði sem kunna að vera mannvirkjaleifar (C), hvor um sig er um 1 m í þvermál að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:JÁM III, 118-119; Ö-Vogar, 15; ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum, 65-66

GK-123:081 *Halakot* heimild um býli


Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Halakot hefur í eyði legið fimm ár, þar voru allir kostir hinir sömu sem á hinum og brúkar heimabóndinn grasnytina og getur ekki burt leigt að skaðlausu." Staðsetning Halakots er óþekkt og heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við að bær að nafni Halakot hafi staðið í Vogunum. Heimildarmenn könnuðust aðeins við Halakot í Brunnastaðahverfi en Magnús Ágústsson er sjálfur þaðan.

Heimildir:JÁM III, 121

GK-123:082 *Hamarsstígur* heimild um leið 63°58.246N 22°24.185V
"Á Brekkusandi, fram undan Hamrinum ... Hamarinn er stórgrýtisurð, um 200 m langur með háum hömrum efst. Um hann lá Hamarsstígur," segir í örnefnaskrá. Hammarsstígur lá heim að Brekku 036 um Hamarinn á milli Brekkuskarðs 027 og Kvennagönguskarðs 029. Stígurinn var farinn vestur í Brekku þegar flóð var.
Snarbrött mosavaxin urð og klettar eru á milli Kvennagönguskarðs og Brekkuskarðs.
Engin greinileg ummerki sjást um götu eða slóða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar ath, 2

GK-123:083 *Garðbær* heimild um býli 63°58.748N 22°23.037V
Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Garðbær var aflagður fyrir 1920. Var það hús á milli Brekku og Suðurkots [GK-126:001] og þá í Stóra-Vogalandi [001] og Suðurkotslandi, eins og Bræðrapartur [046] var lengi vel." Þar er nú Brekkugata 7 um 80 m suðaustan við Suðurkot og um 50 m ANA við Bræðrapart.
Á þessu svæði er íbúðarhús og slétt graslóð við Brekkugötu 7.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 38

GK-123:084 *Vogasel yngri* tóftir sel 63°56.610N 22°18.143V



Vogasel yngri 084


Tóft 084A, horft til suðausturs


Tóft 084C, horft til norðvesturs

Í ritgerð ÓMÁ um sel á Reykjanesskaga segir: "Ofar í brekkunni, undir og við hraunklett, eru Vogasel yngri (31). Þar eru þrjár tóftir, ein undir klettinum efst, önnur framar og enn önnur, sú stærsta, tvískipt, utan í grasbakka enn neðar. Austan við tóftirnar er stekkur á bersvæði. Veggir eru heillegir en grónir." Seltóftir eru um 155 m sunnan við Vogaselið gamla 080 og um 6 km í suðaustur frá Stóru-Vogum 001. Ekki eru aðrar heimildir um örnefnið Vogasel yngri og kannaðist Sesselja Guðmundsdóttir ekki við það. Hún telur að örnefnið Vogaselið gamla, Gamla-Vogasel eða Gömlu-Vogasel eigi við um sel 080 og þær tóftir sem hér eru skráðar.
Fjórir hólar eru í brekku sem liggur til suðausturs upp úr víðum dal. Seltóftir eru við þrjá efstu hólana og stekkjartóft og lítil grjóthlaðin tóft eru á grösugum en grýttum bletti þar austan við.


Tóft 084B, horft til suðausturs

Minjasvæðið er í heild um 46 x 68 m og snýr norðaustur-suðvestur. Á þessu svæði eru samtals 5 tóftir og verður hverri þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er efst á svæðinu til suðausturs. Hún er einföld, grjóthlaðin en mjög gróin. Hún stendur norðaustan undir allmiklum kletti. Tóftin er um 6 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, op er á henni til norðurs. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast vestan við þessa tóft, undir sama kletti, eru stórar þúfur og grjót sem gróið er yfir og kann þar að vera annað mannvirki sem er um 3 x 2,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Um 10 m vestan við tóft (A) eru tvö óljós hólf eða dældir sem einnig kunna að vera mannvirkjaleifar. Þær eru hvor um sig um 2 x 2 m og er 1 m á milli þeirra, þær liggja NV-SA. Um 10 m norðan við tóft (A), neðar í brekkunni, er tóft (B) á litlum hól með litlum klöppum. Tóftin er grjóthlaðin og hefur jarðfast grjót og klappir verið nýtt í hleðsluna. Tóftin er einföld, um 4 x 4 m að stærð og er opin til norðurs. Hleðslur eru grónar og eru hæstar um 1 m. Norðan við tóftina myndar klöpp hálfhring og kann að hafa verið lítið hólf þar, það er þó ógreinilegt og ekki sjást neinar hleðslur. Fast norðvestan við tóftina má sjá einfalda röð af steinum sem virðast mynda hringlaga hólf, um 3 x 3 m að stærð, snýr NV-SA. Þetta hólf er mjög óskýrt. Tóft (C) er um 18 m norðvestan við tóft (B). Ekki sést í grjóthleðslur í henni og virðist hún vera elsta tóftin á svæðinu. Tóftin er um 13 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hleðslur tóftarinnar eru mjög grónar, um 0,6 m á hæð, og greina má fimm hólf í tóftinni. Op eru á henni á miðri suðsuðaustur langhlið og í austurhorni. Hólfin eru lítil, 1-3 x 1-2 m. Grjóthlaðinn stekkur eða rétt (D) er um 25 m austan við tóft (A). Hann er um 12 x 10 m að stærð og snýr NNV-SSA. Stekkurinn er nokkuð hringlaga en veggur liggur um 3 m út úr hringnum til NNV, vestan við opið inn í stekkinn sem er til norðvesturs. Stekkurinn skiptist í tvö hólf, það austara er um 6 x 4 m að innanmáli, snýr NNV-SSA og það vestara er um 3 x 4 m og hefur sömu stefnu. Austara hólfið er opið til VNV og vestara hólfið til opið til norðurs. Veggurinn sem aðskilur hólfin er stuttur og er opið milli hólfanna norðvestast í tóftinni, þar sem tóftin er opin. Hleðslur eru signar og grónar, um 0,4 m á hæð. Um 10 m norðaustan við stekkinn er lítil grjóthlaðin hringlaga tóft (E), um 4 m í þvermál. Tóftin er full af grjóti sem hefur hrunið inn í hana og er hún orðin mjög mosavaxin. Ekki er hægt að sjá op á tóftinni. Hleðsluhæð veggja er um 0,3 m en grjóthrunið inni í henni stendur ívið hærra. Suðvestan við tóftina er bunga sem virðist vera mosavaxin grjóthrúga og er líklega hrun úr tóftinni. Sel það sem hér hefur verið lýst er mjög nálægt Vogaseli gamla 080 en virðist mun yngra og er líklegt að selið hafi verið flutt sunnar og ofar, ef til vill vegna þess að haglendi hefur eyðst við Vogaselið gamla en þar er nokkur jarðvegseyðing. Sesselja Guðmundsdóttir telur að selin hafi bæði fengið nafnið Gamla- eða Gömlu-Vogasel þegar selstaðan hafi verið flutt að Arahnjúksseli 079 en ekki er vitað hvenær það gerðist.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganaum, 66

GK-123:085 *Syðsta hjáleiga* heimild um býli

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Sidsta hjáleiga, þriðja. Jarðardýrleiki er óviss." Staðsetning hjáleigunnar er óþekkt og Guðrún L. Magnúsdóttir, heimildarmaður, kannaðist ekki við nafnið. Hugsanlegt er að hjáleigan hafi verið á svipuðum stað og Suðurkot er nú en engar heimildir hafa fundist um slíkt. Staðsetning hjáleigunnar er óþekkt og heimildarmenn, Guðrún L.Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við nafnið. Hugsanlegt er að um sé að ræða Suðurkot en engar heimildir hafa fundist sem styðja þá hugmynd.

Heimildir:JÁM III, 120

GK-123:086 *Dailey Camp* 63°57.941N 22°23.934V

"Við Stapahornið milli Gamla-Keflavíkurvegar og Reykjanesbrautar er slétt svæði en á því var reist herskálahverfi árið 1942 sem kallað var Daily camp. Þar var sjúkrahús með fullkomnum skurðstofum og sjúkrarými fyrir 250 sjúklinga og var eina starfandi hersjúkrahúsið hér á landi í stríðslok. Daily Camp brann til kaldra kola í óveðri í apríl árið 1946," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Daily Camp var á sléttu svæði norðan Reykjanesbrautar og að Kálgarðsbjalla. Á þessum slóðum liggur nú vegarslóði upp að Grímshól.

Á þessum stað er mikið sléttlendi. Svæðið er vaxið mosa og grasi. Vestan slóðans er sérstaklega slétt.

Ekki sáust skýr ummerki um hverfið á vettvangi en samkvæmt heimildarmanni, Viktori Guðmundssyni, eru sökklar og aðrar minjar auk frárennslislagna á svæðinu.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 56-58

GK-123:087 *Grímshóll* þjóðsaga 63°58.296N 22°25.544V



Grímshóll 087, horft til vesturs



Minjar á Grímshól 087

Grímshóll er hæsti punktur Vogastapa. Á honum er hringsjá og útsýnisstaður. Við hringsjána, á kolli hólsins, er grjóthleðsla. Hóllinn er 2,2 km suðvestur af bæ 001. Þjóðsaga tengist hólnum og er hún á þessa leið: "[...] En einu sinni bar svo við að unglingsmaður nokkur, Grímur að nafni, ætlaði suður í Leiru til útróðra. Grímur var fyrirvinna hjá móður sinni, en faðir hans var dáinn. Grímur fór nú með öðrum Rangvellingum suður, en er þeir komu suður undir Vogastapa bar svo við sem oft má verða að reiðgjörð slitnaði á hesti Gríms svo hann varð að staldra við til að bæta gjörðina. [...] En er Grímur var einn orðinn kom að honum maður einn. Sá maður falar Grím til að róa hjá sér um vertíðina, en Grímur skorast undan og kveðst vera ráðinn hjá manni í Leirunni [...] Og hvernig sem þeim hafa nú farizt orð í milli þá fór Grímur með hinum ókunna manni." Grímur aflar vel hjá ókunna manninum og fer heim með miklar birgðir til móður sinnar. Hann segir engum af viðskiptum sínum við ókunna manninn nema móður sinni og er nokkrar vertíðir hjá honum. Maðurinn býður Grími að koma til sín þegar móðir hans væri önduð og eiga dóttur sína. Grímur þiggur boð mannsins og heldur suður eftir andlát móður sinnar " [...] en engi vissi upp á víst hvert hann fór nema hvað samferðamenn hans komust næst að hann mundi hafa farið að hól þeim sem er á Vogastapa fyrir ofan Reiðskarð [GK-641:009. Hóll þessi er æði stór með vörðu á og er hann kallaður Grímshóll síðan. Aldrei varð neitt vart við Grím eftir þetta hvorki á Rangárvöllum né í veiðistöðvum."

Hóllinn er gróinn í kollinn en annars blásinn og grýttur eins og umhverfið. Þó eru umhverfis hann miklar lúpínubreiður. Sunnan hólsins liggur Stapagata GK-641:009 í austur-vestur.

Umhverfis hringsjána er hlaðinn hringur eða stallur úr grjóti og steypu. Fast sunnan við stallinn er gróin hvilft og grjóthleðsla með börmum hennar. Hvilftin er skálarlaga og lækkar inna að miðju. Hún er um 3 m í þvermál og myndar hleðslan hring með börmum hennar. Þar standa mest 2 umför en hleðsluhæð er um 0,4 m í norðurhlið. Á lítilli klöpp í hlíð hólsins, sunnan við hvilftina, eru einnig þrjár lítilfjörlegar grjóthrúgur. Þær liggja í röð í austur-vestur og eru hver um sig varla meira en 0,5 m í þvermál. Sunnan undir hólnum eru svo tveir grjótruðningar. Sá eystri er um 10 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Hann virðist niðurgrafinn að hluta. Vestari ruðningurinn liggur á yfirborði og er um 3,5 m langur í norður-suður. Hæð ruðninganna er um 0,3 m. Tilgangur mannvirkjanna er óþekktur en nokkuð er af járn- og spýtnabraki á og við hólinn.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir: ÞJÁ I, 76-78



Varða 088, horft til vesturs

GK-123:088 varða óþekkt

63°57.306N 22°20.556V

Varða er um 360 m suðaustan við vörðu 089 og um 140 m

suðvestan við Aragjárvörðu 078. Varðan er 3,7 km suðaustan við bæ 001.
Lítil varða er skammt niður undan Stóru-Aragjá, í hraunhelluhólum. Grónir móar eru á milli hóla og á stöku stað undir gjánni, næst henni.
Varðan er um 1 m x 0,5 m að grunnfleti, snýr norður-suður, og um 1 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru og smáu grjóti sem er skófum og mosa vaxið. 4 umför sjást. Efst í vörðunni er stór ferkantaður steinn og smáir steinar á honum. Varðan er gróin neðst og nokkuð virðist hafa hrunið úr henni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var reist. Mögulega hefur hún vísað á Arahnúkssel 079 eða varðað leið áfram að Vogaseli gamla 080. Varðan virðist hins vegar ekki vera mjög gömul.
Hættumat: engin hætta

GK-123:089 varða samgöngubót 63°57.476N 22°20.785V
Varða er á milli Huldugjár og Arahnúksgjár, um 510 m norðvestan við Aragjárvörðu 078 og um 440 m norðvestan við Arahnúkssel 079. Varðan er 3,4 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur á nokkuð háum og áberandi ílöngum hraunhelluhól sem snýr norðaustur-suðvestur. Héðan er bein stefna í suðaustur á Arahnúk. Allt í kring eru hraunhelluhólar og grónir móar á milli. Sprungur eru eftir miðjum hólnum sem varðan stendur á.
Varðan er stæðileg og vandlega hlaðin. Lítið virðist hafa fallið úr henni. Grjótið í henni er stórt og meðalstórt og skófum og mosa vaxið. Hún er ferköntuð neðst, er um 1,3 x 1 m að grunnfleti, snýr norðvestur-suðaustur, og er um 1,2 m á hæð. Í henni sjást 8 umför hleðslu. Líklega vísar varðan leiðina að Arahnúksseli.
Hættumat: engin hætta


Varða 089, horft til vesturs

GK-123:090 *Jónasarvarða* varða legstaður 63°56.786N 22°19.515V
"Á Holtsgjábarmi er Varðan, Jónasarvarða og er við Jónasarsprungu. Þá eru ýmsir sem nefna hér Jóhannesarvörðu og Jóhannesarsprungu [...]," segir í örnefnaskrá. Varðan stendur á klettanibbu suðaustan í krosssprungnum hraunhól og sést langt að. Hún er um 5 km SA af Stóru-Vogum 001.
Austan við hólinn er slakki fram á gjávegginn sem liggur norðaustur-suðvestur um 100 m austan við vörðuna.
Varðan er reisuleg, um 1,3 m á hæð, 0,8x0,8 m að ummáli og köntuð. Hún er hlaðin úr fremur stóru hraungrjóti og er hleðslan um 6 umför. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, heimildamanni, á varðan að vera hlaðin á þeim stað sem maður, líklega að nafni Jón eða Jónas, varð úti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 15


Jónasarvarða 090, horft til suðurs


Varða 091, horft til vesturs

GK-123:091 varða óþekkt
63°57.611N 22°21.949V
Varða er sunnan Reykjanesbrautar um 270 m norðvestan við vörðu 077, um 265 m norðvestan við Pétursborg 074 og 2,7km SSA við bæ 001.
Lítið vörðubrot er á lágum hól í helluhrauni. Hóllinn er mosavaxinn. Norðan og vestan við hólinn er mólendi í hrauninu.
Varðan er um 0,7 x 0,5 m að grunnfleti, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,5 m á hæð. Varðan er hrunin en 3 umför hleðslu eru sýnileg. Steinar eru meðalstórir og vaxnir mosa og skófum. Mögulega hefur varðan vísað á Pétursborg 074.
Hættumat: engin hætta

GK-123:092 tóft+garðlag fjárskýli 63°55.801N 22°18.855V




Fjárskýli 092A, horft til norðurs



Fjárskýli 092B, horft til austurs



Garðlag 092C, horft til vesturs



Tóftir og garðlag 092

"Í Kálffelli var setið yfir sauðum um og eftir aldamótin 1900 [...] og var frægasti sauðamaðurinn þar Oddur Stefánsson frá Grænuborg (d. 1925)," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Kálffell er lágt fell eða gígur, sem þó rís nokkuð upp úr umhverfinu og er eina fellið á þessum slóðum vestan fjallgarðsins. Austan við hæsta punkt fellsins, norðaustan í hlíðum þess, eru tvö fjárskýli í hellisskútum, en vörslugarður í gígnum. Rústirnar eru tæpa 7 km SA af Stóru-Vogum 001.

Í mosagróinni hraungrýtishlíð, en allt umhverfis eru mosagrónar hraunbreiður.

"Í gígnum eru hlaðnir garðar og við hellaop ofan við gíginn eru einnig hleðslur sem líklega hafa átt að beina fé í skjól ef veður var vont," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Fjárskýlin tvö (A og B) eru í lágum hraunhellum sem hlaðið hefur verði að og fyrir til þess að mynda skjól, en svæðið er um 15x15 m. Nyrðri skútinn (A) er um 4 m djúpur og 10 m breiður og snýr austur-vestur. Lofthæð er mest um 1 m, en lækkar mjög frá miðju. Hlaðið hefur verið að munnanum og hraunhellur reistar upp á rönd til þess að loka honum fyrir veðri og vindum. Ein hella stendur en a.m.k. tvær eru fallnar. Austast við munnann er grjóthlaðinn rani sem myndar op inn í skútann, en gengið er inn í hann til norðurs. Hleðslan er um 0,5 m á hæð og tvö umför. Um 7 m sunnan við skúta A er annar hraunskúti (B). Hann er um 5 m djúpur og um 15 m breiður og snýr norður-suður. Lofthæð er um 1 m en lækkar mjög frá miðju. Gengið er inn í skútann til austurs og er grjóthlaðinn rani að opinu. Hleðslan er um 0,5 m á hæð og 3 umför. Næst munnanum liggur hraunhella þvert yfir ranann og myndar þak. Fleiri skútar eru á svæðinu umhverfis en á þeim eru engin mannaverk. Um 140 m vestur af fjárskýlum A og B, ofan í gígnum í Kálffellinu, er grjóthlaðinn vörslugarður. Hleðslan er úr stóru hraungrýti og liggur í vinkil með horn í suðvestur og myndar þannig gerði við gígbarminn. Vesturhliðin er um 12 m löng, en suðurhliðin um 10 m löng. Umför eru allt að fjögur en hleðslan er sigin og hrunin út á köflum. Hæð hennar er mest um 0,8 m. Minjarnar lenda lítillega utan við landamerki sem fengin voru hjá sveitarfélaginu en þær eru engu að síður skráðar með Stóru-Vogum þar sem þær eru í tengslum við Oddshelli 093 sem er skammt frá og möguleiki er á því að landamerkin séu ekki eins nákvæm uppi í heiðinni og niðri við byggðina.

Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 73

GK-123:093 *Oddshellir* hellir smalakofi

63°55.764N 22°19.151V

"Í Kálffelli var setið yfir sauðum um og eftir aldamótin 1900 [...] og var frægasti sauðamaðurinn þar Oddur Stefánsson frá Grænuborg (d. 1925). [...] Einn hellanna heitir Oddshellir og er í Brunnhóli rétt sunnan við gígskálina," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Kálffell er lágt fell, eða öllu heldur gígur, í hrauninu um 3 km suður

af Arahnjúksseli 079. Oddshellir er í suðausturhlíð fellsins, fast sunnan við gígbrúnina. Hellirinn er tæpa 7 km SA af Stóru-Vogum 001.
Í hálfgróinni hlíð fellsins, en allt umhverfis eru mosagrónar hraunbreiður.
"Hóllin dregur nafn af lögun hellisins og eða "dyrum" hans. Opið er eins og brunnop og til þess að komast niður þurfum við að stökkva niður á nokkrar hellur sem hlaðnar hafa verið upp neðan "dyranna". Oddshellir er nokkuð rúmur og á einum stað er hlaðið upp í einn afkima," segir í bókinni Örnefni og gönguleiðir. Erfitt er að finna hellinn þar sem opið er ofan á hólnum og því lítt áberandi fyrr en komið er alveg að því. Hóllin sjálfur, gróinn hraunhóll, er hins vegar áberandi. Op hellisins er um 1x1,5 m að stærð og er hellirinn nokkuð rúmur. Ekki var farið ofan í hann við skráninguna. Hellirinn lendir utan við landamerki sem fengust hjá sveitarfélaginu en hann er talinn með í örnefnaskrá Voga og tilheyrir að öllum líkindum Stóru-Vogum og er því skráður innan þeirrar jarðar.
Hættumat: hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 73


Oddshellir 093

GK-123:094 varða landamerki 63°57.912N 22°19.575V


Varða 094, horft til norðvesturs

"Inghóll heitir hóll með fornlegri vörðu á sem sagður er á eða við mörk Brunnastaða og Voga á Huldum," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Varðan er um 500 m suðvestur af vörðu 068 og um 3,5 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur allhátt á Inghól, grónum hraunhelluhól sem er um 200 m suðaustan við Litlu-Aragjá.
Varðan líkist helst hundaþúfu að vestan þar sem hún er mjög grasi gróin, líkt og allur toppurinn á hólnum og undir vörðunni. Varðan er um 0,6 m í þvermál og um 0,4 m á hæð, hleðslur signar og grónar, 2 umför sjást. Varðan er fornleg. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur var varðan á Inghól látin liggja á milli hluta sem landamerkjavarða í dómsorði um landamerki milli jarða í Vogatorfu og Brunnastaðahverfi frá 2005 en varðan er um 340 m innan við þau landamerki sem þar voru staðfest, í landi Vogatorfu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 78; Dómur Hæstaréttar nr. 47/2005: http://www.haestirettur.is/domar?nr=3526


GK-123:095 tóftir skotbyrgi 63°57.082N 22°23.429V
"Við tjarnirnar [Snorrastaðatjarnir sjá 009-010] að suðvestanverðu eru tvö tófugreni sem kölluð eru Grandagrenin og það þriðja, Tjarnargrenið, er á mosasvæði fyrir ofan næst efstu tjörnina. Við flest öll grenin í hreppnum eru lítil skotbyrgi," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Um 80 m sunnan við suðvesturenda næstefstu (syðstu og vestustu) tjörnina eru tvö skotbyrgi með 15 m millibili. Þau eru um 680 m suðaustan við Snorrastaðasel 071. Ekki er víst við hvaða gren byrgin standa en ekki fundust fleiri byrgi á þessu svæði við leit og óvíst hvort byrgi hafi verið við öll þau greni sem nafngreind eru hér að framan.
Allt í kringum skotbyrgin er mjög mosavaxið hraun. Til austurs eru tjarnir og hraunmói, til vesturs er úfið, svart en mosagróið hraun.



Byrgi 095A, horft til suðausturs



Byrgi 095B, horft til suðausturs




Tóftir 095

Á svæði sem er 18 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur eru tvö byrgi og fá þau bókstafi til aðgreiningar. Vestara byrgið (A) er lítill hellisskúti sem myndast hefur undir hraunhellu og er hann opinn til norðvesturs. Opið er um 0,4 m hátt og um 2 m breitt. Aflíðandi halli er niður í botn hellisins sem er um 2 m djúpur og er grjóturð í hallanum. Norðvestan við hellismunnann er lítil laut, um 1 x 1,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,4 m djúp. Hún er mosa og grasi vaxin. Grjóthleðsla er ofan á hraunhellunni sem myndar hellinn, á brúninni við munnann. Hleðslan er í hálfhring, opin til norðvesturs. Hún er 2 umför, grjótið er skófum vaxið og af öllum stærðum. Hleðslan er 3 x 1,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er hleðsluhæðin mest um 0,4 m. Um 15 m suðaustan við byrgi A er grjóthlaðið, hringlaga byrgi (B). Hleðslan virðist hvorki vönduð né gömul, 3 umför, 0,5 m há. Grjótið er meðalstórt, mosa og skófum vaxið. Byrgið er um 1,2 x 1,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Suðvesturhluti byrgis er hlaðinn á norðausturenda lítils hraunholts. Ekki er greinilegt op á tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 64

GK-123:096 þúst óþekkt 63°58.664N 22°23.106V



Þúst 096



Þúst 096, horft til SSA

Þúst er um 500 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 250 m norðan við tóftir Steinsholts 044.
Þústin er á grasigrónu sandrifi um 40 m SV við suðvesturmörk þéttbýlisins í Vogum.

Þústin er um 0,4 m hár, óreglulega ferkantaður hóll sem snýr NV-SA. Hóllinn er vel grasigróinn, um 24 m á lengd og um 6 m á breidd. Litlar sem engar dældir eru í hólnum en ekki er ólíklegt að hér finnist fornleifar undir sverði. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, heimildarmanni, voru á þessu svæði kartöflugarðar og geymslur um 1960 svo hugsanlega er hér ekki um fornleif að ræða en verður hún þó höfð hér með til vonar og vara.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-123:097 *Stóru-Vogabrunnur* heimild um brunn
"Heiman frá bæ [001] lá Stóru-Vogastígur [052] niður í Stóru-Vogavör [053] við Stóru-Vogatanga. Upp var [svo] Vörinni var Stóru-Voganaust [054] og Stóru-Vogasjóhús [006 og 055]. Milli sjávar og bæjar bar [svo] Stóru-Vogabrunnur." segir í örnefnaskrá. Engar leifar af brunni fundust milli Stóru-Voga 001 og sjávar. Nákvæm staðsetning hans er óþekkt.
Aðeins um 10 m breitt malbikað og sléttað svæði er í dag á milli bæjartóftanna og sjávar.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en búið er að fylla upp í þá flesta.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-123:098 *Gata* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Gata, önnur hjáleiga. Jarðardýrleiki óviss." Staðsetning hjáleigunnar er óþekkt. Heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við að hjáleiga með því nafni hafi verið í Vogum en jörð með því nafni er í Hlöðuneshverfi.
Heimildir:JÁM III, 120

GK-123:099 heimild um legstað
"Hit 4da leidi segja gamlir menn at hafi verit í Stóru-voga-Túni, þar, sem sydan var Hiáleiga bygd, hver ed nu er í eydi og ad Lambhúsi giör [...]" segir í Frásögnum af fornaldarleifum I. Í Strönd og vogar segir: ""Hrolleifur bjó síðan í Kvíguvogum og er þar heygður. Hans son var Svertingur, faðir Gríms lögsögumanns á Mosfelli." Enginn veit nú, hvar haugur Hrolleifs er. Sumir hafa giskað á, að hann muni vera rétt hjá húsinu, sem nú er í Stóru-Vogum, því að mannsbein hafa fundizt þar í hólbarði. Kálund getur um hauginn í Íslandslýsingu sinni og segir, að á haugnum hafi fyrst verið reist hjáleiga og síðan fjárhús." Staðsetning legstaðarins er óþekkt (sjá einnig 059) og heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við staðinn.
Í Frásögnum af fornaldarleifum I segir einnig: "[...] og þetta meinast ad vera hins sama Hiörleifs, er fyrst bió ad Heidarbæ [...] Enn glögg Merki Leidisins siást nú ecki framar."
Heimildir:FF I, 239; Árni Óla: Strönd og vogar, 14

GK-123:100 *Hvíthólavarða* varða óþekkt 63°58.232N 22°22.008V
Um 100 m norðan við Reykjanesbraut og um 1,6 km suðaustan við bæ 001 er varða. Hún stendur á hæð og er mjög myndarleg en nokkurn spöl suðvestan við hana er önnur minni. Stærri varðan er að öllum líkindum sú sama og Hvíthólsvarða: "Þá er litlu austar [en Axarhólssprunga] Hvíthóll og á honum Hvíthólsvarða," segir í örnefnaskrá. "Við skreppum aftur niður fyrir Hrafnagjá áður en við höldum ofan í heiðina því suðvestan Þórusels eru Hvíthólar og Hvíthólavarða," segir í Örnefnum og gönguleiðum.
Vörðurnar standa á klettahæðum.
Stærri varðan er köntuð og um 1 m á hvern veg en 1,4 m á hæð. Hin varðan er mun minni og hrunin. Þetta er stærsta varðan í námunda við Reykjanesbraut á þessum slóðum. Um Hvíthólsvörðu segir í Örnefnum og gönguleiðum: "Varðan er breið, 70-80 cm á kant, og traustbyggð." Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þessi varða hefur verið hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 76


Garðlag 101, horft til norðurs

GK-123:101 garðlag kálgarður
63°58.937N 22°23.219V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast austan við Stóru-Voga 001. Grjóthlaðið garðlag sem hlaðið var utan um

kálgarðinn er enn að hluta uppistandandi fast austan við NA horn tóftar 003. Það er um 4 m norðan við bárujárnsskúr sem er um 5 m austan við bæ 001. Einnig er annað garðbrot úr sama garði um 14 m sunnan við tóft 003.
Norðurhluti gerðisins er í grasigróinni brekku sem hallar um 20° í suður og vesturhluti þess er samsíða vesturhlið skúrs utan í bæjarhól SA verðum.
Garðbrotin eru grjóthlaðin, um 0,5-1 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Norðan við skúr er garðbrot um 22 m á langt og snýr ANA-VSV. Þar hverfur garðlagið í austur undir malargöngustíg og endar í vestri við NA horn tóftar 003. Syðra garðbrotið er um 11 m langt, um 0,5-0,6 m á hæð, um 0,5 m á breidd og snýr N-S. Það hverfur í suðri vegna sléttunar en í norðri er það hrunið á 14 m kafla að SV horni tóftar 003. Breidd garðbrotanna er þó nokkuð óviss þar sem lítið sem ekkert sést af ytri brún þeirra. Hleðslur eru grasigrónar en vel sést þó í grjóthleðslur. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:102 *Garðhús* heimild um býli 63°58.954N 22°23.142V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Gardhus hefur þrjú ár í eyði legið, þar voru kostir hinir sömu sem á Tjarnarkoti. Nú brúkar heimabóndinn grasnautnina og kann hennar ei að missa að skaðlausu." Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Í landi Stóru-Voga eru Garðhús í austurhluta heimatúns. [...] en upp úr aldamótunum var það notað fyrir gripahús. Árið 1938 seldi Sigurjón J. Waage [...] Garðhúsatóftirnar ásamt smáspildu í kring og kálgarði allstórum sem þar var. [...] Þegar landið var fengið, keypti Ólafur [Júlíusson Petersen] mannlaust hús, Norðurkot, sem stóð niður við sjó á leigulóð frá Minni Vogum. Reif hann það og notaði timbrið í nýja Garðhús. Var timbrið kjörviður úr strandgóssi af skipi, er rak upp í Höfnum 26. júní 1881." Samkvæmt túnakorti frá því um árið 1919 var Garðhús tæpum 100 m NA við Tumakot GK-125:001 og um rúmum 100 m austan við Stóru-Voga 001.
Á þessu svæði er nú nýja Garðhús, malarplan, sléttuð grasflöt og bakgarðar íbúðarhúsa SV við horn Vogagerðis og Tjarnargötu.
1919: Tún 1,25 teigar, garðar 660m2. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur voru tættur austan við núverandi íbúðarhús er hún settist að í Vogum um 1940. Á túnakorti er eitt útihús sýnt vestan við Garðhús og stórir kálgarðar bæði norðan og sunnan við útihúsið. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést bærinn ógreinlega en greinilega má sjá grjóthleðslur umhverfis kálgarðana sem voru allt umhverfis húsið.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:JÁM III, 121; GJ: Mannlíf og mannvirki, 69; Túnakort 1919

GK-123:103 heimild um útihús 63°58.759N 22°23.181V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Bræðraparti 046 um 320 m SSV við Stóru-Voga 001 og um 70 m VNV við Bræðrapart.
Á þessu svæði er nú hús við Brekkugötu 1 og sjávarvarnargarður.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani Guðmundar M. Jónssonar af Vogum um árið 1930 voru sjóhús og hænsnakofi á þessu svæði (sjá einnig 104).
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-123:104 heimild um útihús 63°58.758N 22°23.174V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Bræðraparti 046 um 320 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 65 m VNV við Bræðrapart.
Á þessu svæði er hús við Brekkugötu 1 og sjávarvarnargarður.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani Guðmundar M. Jónssonar af Vogum um 1930 voru sjóhús og hænsnakofi á þessu svæði (sjá einnig 103).
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-123:105 þúst fjárhús 63°58.731N 22°23.065V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Bræðraparti 046 um 400 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 40 m S

við Bræðrapart.
Á þessu svæði er nú sléttað graslendi inn á milli húsa í Brekkugötu og Hvammsgötu.
Á þessum stað glittir nú aðeins í hleðslur í norðvesturhorni byggingar á um 3x3 m stóru svæði sem hefur verið sléttað og mjög líklega finnast hér fornleifar undir sverði. Samkvæmt líkani Guðmundar M. Jónssonar af Vogum um 1930 voru fjárhús á þessum stað þá.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-123:106 heimild um kálgarð 63°58.937N 22°23.266V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður frá Stóru-Vogum fast norðan við fjósið á bænum (sjá 001b).
Á þessu svæði er nú sléttuð grasflöt.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum. Á ljósmynd frá árinu 1936 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást greinilegar grjóthleðslur utan um kálgarðinn.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:107 heimild um 63°58.865N 22°23.041V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt þró frá Nýjabæ 011 um 210 m SA við Stóru-Voga 001 og um 30 m SA við Nýjabæ.
Á þessu svæði er íbúðarhús og garður við Vogagerði 25.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekki er ólíklegt að lítill kamar hafi einnig verið við gryfjuna á þessu svæði. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:108 heimild um útihús 63°58.862N 22°23.037V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Nýjabæ 011 um 220 m SA við Stóru-Voga 001 og um 40 m SA við Nýjabæ 011.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús og garður við Vogagerði 25.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru áður kofar hlaðnir úr torfi og grjóti á þessu svæði. Hún var ekki viss um hlutverk þeirra en taldi að þarna hefði hugsanlega staðið fjárhús og hlaða. Ekkert sést nú til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:109 heimild um fjós 63°58.863N 22°23.052V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Nýjabæ 011 um 210 m SA við Stóru-Voga 001 og um 30 m SA við Nýjabæ.
Á þessu svæði er nú malbikuð gata, Vogagerði, sem liggur N-S.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, stóð áður á þessum stað grjót- og torfhlaðið fjós.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:110 heimild um útihús 63°58.876N 22°23.002V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Nýjabæ 011 um 320 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 60 m ASA við Nýjabæ.
Á þessu svæði er nú bílskúr Hofgerðis 2 og grasigróin lóð.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:111 þúst útihús
63°58.879N 22°22.991V

Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Nýjabæ 011 um 230 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 60 m ASA við Nýjabæ.
Á þessu svæði er grasigróinn bakgarður Hofgerðis 2.
Óljósar leifar eru greinilegar í lóð Hofgerðis. Er það líklega af grunni útihússins. Í bakgarðinum norðanverðum er grjóthlaðinn garður sem er um 10 m á lengd, 0,3-0,5 m á hæð, um 0,5 m á breidd og snýr ASA-VNV. Garðurinn er mjög grasigróinn og aðeins glittir í grjóthleðslur í vesturenda hans.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919


Þúst 111, horft til VNV

GK-123:112 heimild um
63°58.884N 22°23.004V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt þró frá Nýjabæ 011 um 220 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 50 m austan við Nýjabæ.
Á þessu svæði er nú malbikuð gata sem liggur A-V milli Hofgerðis og Aragerðis.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:113 heimild um 63°58.902N 22°23.005V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt þró frá Nýjabæ 011 um 210 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 70 m ANA við Nýjabæ.
Á þessu svæði er íbúðarhús vestan við Aragerði 17.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:114 heimild um kálgarð 63°58.878N 22°23.054V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merktur kálgarður frá Nýjabæ 011 um 190 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 4 m SA við Nýjabæ.
Á þessu svæði er nú malbikuð gata, Vogagerði, sem liggur N-S og Vogagerði 25.
Ekkert sést til kálgarðsins lengur. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:115 heimild um kálgarð 63°58.867N 22°23.064V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merktur kálgarður frá Nýjabæ 011 um 190 m SA við Stóru-Voga 001 og um 15 m sunnan við Nýjabæ.
Á þessu svæði er nú malarborin innkeyrsla Vogagerðis 26.
Ekkert sést til kálgarðsins lengur. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:116 heimild um útihús 63°59.000N 22°23.162V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Hábæ 015 um 150 m NA við Stóru-Voga 001 og um 10 m NA við Hábæ 015.
Á þessu svæði er sléttuð grasigróin lóð og snúrustaurar.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:117 heimild um útihús 63°59.000N 22°23.156V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Hábæ 015 um 160 m NA við Stóru-Voga 001 og um 12 m NA við Hábæ.
Á þessu svæði er trjálundur og sléttuð grasigróin lóð.
Á túnakorti er strik þvert á kassann sem táknar útihús. Við bæ í Austurkoti (sjá GK-128:049) og í landi Minni-Voga (sjá GK-128:050) hefur verið staðfest að þessir kassar með þverstriki tákna e-s konar gryfju, líklega súrheysgryfju eða heygarð, svo mögulegt er að á þessu svæði hafi einnig verið eitthvað slíkt mannvirki. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:118 heimild um útihús 63°59.005N 22°23.170V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Hábæ 015 um 160 m NA við Stóru-Voga 001 og um 15 m norðan við Hábæ.
Á þessu svæði er steinsteyptur bílskúr og steinsteypt viðbygging norðan við Hábæ.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:119 heimild um kálgarð 63°58.997N 22°23.159V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Hábæ um 150 m NA við Stóru-Voga 001 og fast austan og sunnan við Hábæ 015.
Á þessu svæði eru grasigrónir garðar og trjágróður.
Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum lengur. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóminjasafns Íslands sjást grjóthleðslurnar greinilega umhverfis kálgarðinn austan við bæinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:120 varða óþekkt 63°58.657N 22°21.819V
Nafnlaus varða er um 1300 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 1500 m SA við Minni-Voga GK-128:001.
Varðan stendur á norðurenda um 3 m hás hraunholts sem snýr N-S. Holtið er grýtt og mosa- og lyngigróið.
Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur hefur varðan ekkert nafn og ekki er vitað hvenær hún var reist eða af hvejrum. Varðan er grjóthlaðin, um 1,2 m á hæð (5-6 umför), ferköntuð og um 1x1 m að flatarmáli. Hleðslur hennar eru signar og grjótið er gróið skófum.
Hættumat: engin hætta


Varða 120, horft til suðurs

GK-123:121 heimild um kálgarð
63°58.745N 22°23.033V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merktur kálgarður frá Bræðraparti 046 um 390 m suðaustan við Stóru-Voga 001 og rúma 50 m austan við Bræðrapart.
Á þessu svæði er íbúðarhús og slétt graslóð við Brekkugötu 7.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:122 heimild um útihús 63°58.732N 22°23.101V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Bræðrapart 046 um 390 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 20 m S við Bræðrapart.

Á þessu svæði er sléttuð grasflöt og limgerði við Brekkugötu 6.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919


GK-123:123 heimild um útihús 63°58.752N 22°23.085V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt útihús frá Bræðraparti 046 um 360 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 20 m NA við Bræðrapart.
Á þessu svæði er malbikaður vegur og sléttuð grasflöt framan við Brekkugötu 5.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:124 heimild um 63°58.755N 22°23.095V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merkt þró frá Bræðraparti 046 um 350 m SSA við Stóru-Voga 001 og um 20 m NNA við Bræðraparti.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt og malarbílastæði milli Brekkugötu 3 og 5.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:125 heimild um kálgarð 63°58.739N 22°23.082V
Inn á túnakort frá árinu 1919 er merktur kálgarður frá Bræðraparti 046 um 380 m SSA við Stóru-Voga 001 og fast austan, SA og S við Bræðrapart.
Á þessu svæði er grasigróinn garður og limgerði Brekkugötu 6.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-123:126 *Gvendarstekkur* tóft stekkur 63°58.860N 22°22.255V


Gvendarstekkur 126, horft til suðurs



Gvendarstekkur 126

"Ofan við hann [þar sem trjárækt ungmennafélagsins Þróttar er] er ámóta hóll og utan í honum að sunnanverðu er stór tóft sem heitir Gvendarstekkur. Þarna virðist hafa verið fjárborg en enginn veit lengur frá hvaða bæ hún var." Gvendarstekkur er um 830 m ASA við Stóru-Voga 001 og um 960 m suðaustan við Minni-Voga 128:001. Óljóst er hvort um er að ræða stekk frá Stóru- eða Minni-Vogum svo stekkur var skráður með Stóru-Vogum þar sem þeir eru nær. Þó er einnig hugsanlegt að stekkur hafi verið notaður frá báðum bæjum.
Tóftin er í grasi- mosa- og lyngigrónu hrauni sunnan undir grýttum 4-5 m háum aflöngum hól sem snýr A-V.
Tóftin er einföld, um 14 m á lengd, um 11 m á breidd og snýr VNV-ASA. Innanmál tóftar er um 6 m á lengd og um 5 m á breidd. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd og um 0,4-1 m á hæð. Hugsanlegur inngangur er á suðvesturhlið tóftar, um 0,5 m á breidd, um 1 m frá suðvesturhorni hennar. Við inngang tóftarinnar og í norðvesturvegg hennar að innanverðu glittir í grjóthleðslur. Tóftin er gróin grasi og lyngi og hólf hennar er smáþýft að innan.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 42

GK-123:127 varða óþekkt

63°58.473N 22°21.066V
Varða er um 100 m sunnan við Reykjanesbraut, og í beinni línu við Langholtsvörðu 067 og vörðu 153. Varðan er um 670 m suður af vörðu 153, um 2 km ASA af Stóru-Vogum 001.
Varðan stendur á hraunhól en umhverfis eru blásnir melar, gróin börð og hraunhryggir.
Varðan er köntuð og um 1x1 m að grunnflatarmáli. Hæð hennar er um 1 m á hæð. Hún er um 5 umför. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan er hlaðin.
Hættumat: engin hætta


Varða 127, horft til vesturs

GK-123:128 varða óþekkt
63°58.139N 22°21.244V


Varða 128, horft til austurs

Fornleg varða er um 40 m austan við vörðu 152 og um 150 m suðaustan við vörðu 136. Varðan er um 2,2 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur efst á mjóum klapparhrygg sem liggur norðaustur-suðvestur. Hann er mosagróinn en grýtt og blásið er í kringum hann. Vestan við hrygginn er lítill hraunhóll. Mjög gróið er undir og í vörðunni, mosa og lyngi.
Varðan er um 1,5 m x 1 m og snýr norður-suður. Mesta hæð hennar er um 0,4 m. Hún er mjög gróin neðst og grjótið er allt mosa og skófum vaxið, meðalstórt. Varðan er mjög niður fallin og fornleg og erfitt er að segja til um fjölda umfara en ekki eru fleiri en 3 sýnileg. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega hefur hún vísað á stað þar sem hægt var að fara yfir Hrafnagjá.

Hættumat: engin hætta

GK-123:129 garðlag kálgarður 63°58.267N 22°23.613V


Hleðsla 129A og garðlag129B, horft til austurs



Hleðsla, garðlag og gryfja 129

Lítill kálgarður og garðlag fast við hann er 30-50 m norðvestan við fiskeldisstöð, um 475 m sunnan við hleðslu 157 og um 1,3 km SSV frá bæ 001.
Gróinn mói innan um hraunhóla. Sunnan við minjar er mikið jarðrask og hefur jarðvegi verið hrúgað þar upp í haug. Í kringum minjarnar er mosa- og grasivaxið.


Á svæði sem er um 18x12 m að stærð og snýr norður-suður má sjá unglega hleðslu utan um rababarabeð, garðlag og gryfju. Mannvirkin fá bókstaf til aðgreiningar og byrjað er að lýsa hleðslunni um beðið sem er suðvestast á svæðinu. Hleðslan utan um rababarabeðið A er 2 umför, 0,5 m há og er um 1x4 m að stærð, opin til suðurs. Á suðurhlið er dálítil brún fram af garðinum, um 0,3 m. Innan hleðslunnar vex rababari. Gróið og sigið garðlag B er 3 m austan við kálgarð. Það er um 5 m löng, 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Garðlagið liggur í austsuðaustur frá beðinu en óljóst er hvernig eða hvort þetta tvennt tengist. 15 m sunnan við beðið er dálítil gróin gryfja C sem að öllum líkindum er ung en ekkert er vitað um tilgang hennar. Ef til vill hefur jarðvegur verið tekinn úr henni til að setja í beðið. Hún er um 2,5x1,5 m að stærð, snýr austur-vestur, og er um 0,4 m djúp.



Gryfja 129C, horft til vesturs

Hleðslan umhverfis rababarann virðist ekki vera gömul en garðlagið austan við hana er mun eldra. Óvíst er að öll mannvirkin séu mjög gömul en þau eru engu að síður skráð þar sem að hluta til er um hleðslur að ræða sem eru til vitnis um mannvirkjagerð fyrri tíma. Eftir að skráningu lauk greindi heimildamaður, Viktor Guðmundsson, frá því að þetta væri norðurhornið af hreppsgörðum sem voru í notkun í stuttan tíma, líklega aflagðir á árunum 1972-74.
Hættumat: engin hætta

GK-123:130 gerði óþekkt 63°58.249N 22°23.648V



Gerði 130




Gerði 130, horft til norðurs

Gerði er fast austan við vegslóða sem liggur með sjónum vestan við byggingar fiskeldisins vestan þéttbýlisins í Vogum, um 1,3 km SV af Stóru-Vogum 001.
Vegslóðinn liggur yfir suðvesturhluta gerðisins. Vestan slóðans er sandfjara en gróið hraun austan gerðisins.
Gerðið er um 13x10 m að stærð, en hluti þess hefur verið eyðilagður af vegagerð. Hleðslur eru úr torfi, en gerðið er að verulegu leyti niðurgrafið og mótar því víða lítið fyrir ytri brún veggja. Hæð hleðsla er mest um 0,3 m. Í norðvesturhorni er lítið garðbrot innan garðsins sem myndar lítið hólf eða kró við horn gerðisins. Úr norðausturhorni gerðisins liggur niðurgrafinn bakki um 20 m til suðausturs. Ekkert er vitað um hlutverk gerðisins en líklegt er að hér hafi verið kálgarður af einhverju tagi. Viktor Guðmundsson, heimildamaður, hafði ekki heyrt um mannvirki á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-123:131 hleðsla óþekkt 63°58.210N 22°23.006V
Tvær hleðslur eru um 50 m norðan við vörðu 148 og um 1,3 km SSA við bæ 001.
Minjarnar eru á gróðurlausu og sléttu klapparholti. Umhverfis holtið er gróðurlaust og uppblásið. Holtið stendur ekki mjög hátt.
Hleðslurnar eru á svæði sem er um 14 x 2 m og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í

lýsingu. Vestarlega á holtinu er hleðsla (A). Hún er hálfhringlaga, opin til suðvesturs og gæti verið skotbyrgi án þess að nokkuð sé hægt að fullyrða um það. Hleðslan er um 1,2 x 1 m, snýr norður-



Hleðslur 131A-B


Hleðsla 131A, horft til norðurs


Hleðsla 131B, horft til vesturs

suður, mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Grjótið er meðalstórt og smátt og er skófum vaxið. Greina má 4 umför. Hleðsla (B) er grjóthlaðin og ferköntuð. Hún er um 2 x 1,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og mesta hleðsluhæð hennar er um 0,4 m. Veggir tóftarinnar eru þunnir, aðeins einföld steinaröð. Ekki sést op á hleðslunni. Nokkrir steinar hafa hrunið úr veggjum til suðurs. Hlutverk hleðslu er óþekkt en ef til vill hefur þarna verið skotbyrgi.
Hættumat: engin hætta

GK-123:132 heimild um mógrafir 63°58.746N 22°23.226V
Mótökusvæði var í Bræðrapartsfjöru í suðurjaðri þorpsins í Vogum. Mógrafirnar hafa verið um 100 m vestan við húsið Bræðrapart og um 80 m norðvestan við túngarð 056, skammt norðan við affallsrör sem kemur undan sjóvarnargarði. Þær voru um 345 m sunnan við bæ 001.
Efst í sandfjörunni á þessum stað er mikið af smágrýti og það er vaxið skærgrænum mosa og þangi. Þar hafa grafirnar að öllum líkindum verið. Vestan við þetta er sandfjara og austan við er sjóvarnargarðurinn.
Ekki sést til minja á þessum stað en gróðurinn hér og grjótið gefur staðsetninguna til kynna auk þess sem stuðst var við ljósmynd af mógröfunum og leiðsögn Guðmundar Valdimarssonar, heimildamanns.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-123:133 varða óþekkt
63°58.835N 22°21.952V
Um 50 m austan við miðjan Vogaafleggjara, um 1,1 km austur af Stóru-Vogum 001, er vörðubrot.
Í mosavöxnu hrauni.
Brotið er um1x1 m að stærð og mosavaxið. Það er hrunið út og hæð þess mest um 0,2 m. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan hefur verið hlaðin.
Hættumat: engin hætta


Varða 133, horft til suðausturs

GK-123:134 varða óþekkt 63°58.863N 22°21.974V


Varða 134, horft til norðurs

Vörðubrot er um 60 m austan við miðjan Vogaafleggjara, um 50 m norðan við vörðubrot 133. og um 1,1 km austur af Stóru-Vogum.
Í mosavöxnu hrauni.
Vörðubrotið er um 1,5x1 m að stærð og snúið norður-suður. Það er að mestu hrunið og hæð þess mest um 0,4 m. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan hefur verið hlaðin.
Hættumat: engin hætta

GK-123:135 tóft skotbyrgi 63°59.050N 22°21.801V

Byrgistóft er um 75 m austan við Gíslaborg 064 og 1,2 km ANA við bæ 001.

Tóftin er á milli hraunhóla í grónu dalverpi en með holmóablettum hér og hvar. Móinn er vaxinn lyngi, mosa og grasi.

Byrgið er grjóthlaðið, ferningslaga, um 2,5 x 2,5 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóftin er full af grjóti sem hrunið hefur inn í hana. Hleðslugrjótið er nokkuð stórt, mosa og skófum vaxið. Mögulega hefur tóftin þjónað hlutverki skotbyrgis frekar en smalabyrgis vegna þess að það stendur lágt og frá því sést ekki vítt yfir.

Hættumat: engin hætta



Tóft 135, horft til vesturs

GK-123:136 varða óþekkt 63°58.167N 22°21.416V



Varða 136, horft til norðurs

Lítið vörðubrot er um 120 m norðvestan við vörðu 152 og um 2,1 km suðaustan við bæ 001.

Vörðubrotið stendur norðaustan á sprungnum hraunhelluhól. Gróið er í sprungunum í hólnum og upp við hann en víða er uppblásið þegar litið er lengra í kring. Lægðir eru í landslaginu til austurs og vesturs en það fer hækkandi til suðurs.


Varðan er smá, um 0,5 m í þvermál og um 0,2 m á hæð, 2 umför af hleðslu sjást. Í vörðunni eru fremur litlir steinar, skófum og mosa vaxnir. Hún stendur á sprungubrún hraunhellu á hólnum. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ef til vill hefur hún vísað á leið yfir Hrafnagjá líkt og varða 128 og varða 152.

Hættumat: engin hætta

GK-123:137 mannvirki óþekkt 63°58.188N 22°23.636V



Mannvirki 137, horft til vesturs



Mannvirki 137

Fast austan undir Vogastapa, vestan við malarveginn sem liggur niður að sjó með Stapanum, er hleðsla, líklega gamall húsgrunnur. Grunnurinn er um 1,4 km suðaustur af bæ 001.

Grunnurinn er neðst í gróinni brekku, undir klettahömrum. Austan við taka við grónar og hálfgrónar sandöldur en hálfgróið hraun þar austar.

Grunnurinn er um 8x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæð hans er ekki nema um 0,2 m. Hann er greinilega grafinn í brekkuna og sléttaður. Einföld grjóthleðsla er með norður- og austurhliðum en niðurgröftur með vesturhlið og vesturhluta suðurhliðar. Austurhluti suðurhliðar er ógreinilegur. Við austurhlið er einnig einn sprunginn steypubiti. Um 20 m austan við grunninn er annar sprunginn steypubiti, um 1x2 m að stærð, 1 m á hæð og holur innan. Eftir að skráningu lauk greindi heimildamaður, Viktor Guðmundsson, frá því að þarna hefði sumarhús staðið

sem brann, líklega um 1972. Hann bætti því einnig við að sprungni steypubitinn hafi verið brunnur á frárennslislögn frá Dailey Camp 086 og eru margir aðrir slíkir brunnar sem liggja upp að Dailey Camp frá þessum brunni.
Hættumat: engin hætta

GK-123:138 náma mógrafir 63°57.566N 22°23.574V
Um 360 m norðaustur af Snorrastaðaseli 071 eru greinilegar mógrafir. Svæðið er um 2,6 km suður af Stóru-Vogum 001.
Mógrafirnar eru í grónum slakka á milli hraunhryggja við eina af Snorrastaðatjörnum.
Svæðið er um 20x20 m og er all blautt, en ástand þess fer líklega eftir vatnsstöðu i tjörninni sem það liggur við. Á svæðinu eru nokkrar greinilegar mógrafir, kantaðir skurðir ýmist blautir eða uppþornaðir. Alls eru um 5 greinilegar grafir ásvæðinu, frá 1x1 m að stærð upp í um 4x3 m.
Hættumat: engin hætta


Mógrafir 138, horft til austurs

GK-123:139 varða óþekkt
63°58.402N 22°20.886V


Varða 139, horft til vesturs

Varða stendur á lágum hraunhrygg undir línustæðinu, um 20 m norðan Línuvegarins. Varðan er 2,2 km suðaustur af bæ 001 og er á milli tveggja varða, um 200 m suðaustan við vörðu 127 og um 140 m norðvestan við miðvörðu Þrívarða 024.
Á lágum lítt grónum hraunhrygg.
Varðan er topphlaðin, um 0,6 m á hæð og um 5 umför. Hún er um 05,x0,5 m að utanmáli. Ekki virðist vera hrunið úr henni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega er hún hluti af Þrívörðum 024 (sjá nánari umfjöllun þar) og hefur þá ef til vill varðað leiðina frá Vogum á Kúastíg 066 yfir Hrafnagjá.
Hættumat: engin hætta

GK-123:140 varða óþekkt 63°59.035N 22°21.630V


Varða 140, horft til vesturs

Varða er um 100 m sunnan við Markavörðu 050 og um 1,3 km austan við bæ 001.
Varðan stendur á lágu og litlu hringlaga hraunholti. Það er gróið mosa að hluta en einnig eru á því moldarflag og lausir steinar.
Varðan er um 1,2 x 1 m að grunnmáli, snýr norður-suður, og um 0,5 m á hæð. Varðan virðist vera hrunin. Óvíst er að hleðslan hafi verið vönduð í upphafi. Grjótið í henni er meðalstórt, nokkuð vaxið mosa og skófum og varðan er gróin neðst. Sjá má 3-4 umför af hleðslu. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún hefur ekki sést víða að.
Hættumat: engin hætta

GK-123:141 varða samgöngubót
63°57.539N 22°22.794V
Varða er við stikaðan Skógfellaveg GK-641:014, um 250 m suðvestan við Nýjasel 072 og 2,6 km sunnan við bæ 001.
Varðan er á gróðurlausri klöpp í mosavöxnum hraunmóa.
Varðan er keilulaga, um 1 m í þvermál og um 1,3 m á hæð. Eitt stórt bjarg er í henni neðst en annars er grjótið í henni meðalstórt og skófum vaxið. Efstu steinarnir virðast hafa verið settir í vörðuna nýlega. Leiðin er sýnd sem vörðuð leið á Herforingjaráðskorti en líklegra er að þessi varða hafi verið hlaðin í tengslum við stikun leiðarinnar en að hún sé gamalgróin.


Varða 141, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

GK-123:142 gryfja 63°57.390N 22°22.129V

Einhvers konar gryfja eða byrgi, líklega í tengslum við hersetu Bandaríkjamanna, er norðan undan Huldugjá, um 300 m suðvestan við Pétursborg 074 og 3 km SSA við bæ 001.
Gryfjan er í lyngi vöxnum og grasi grónum móa en á stöku stað eru flagmóaflekkir.
Gryfjan er um 3 x 3 m að stærð. Grjóti er raðað í hálfhring innan í gryfjuna og þar ofan á er mikill og þykkur viðarfleki,sem liggur yfir um 2/3 hluta gryfjunnar, ofan á honum eru svo nokkrir steinar. Gryfjan er grunn, um 0,4 m. Í flekanum ofan á gryfjunni eru 5 raftar saman, um 0,1 m á þykk og um 0,3 m á breidd. Einn rafturinn er laus frá og liggur í austurenda gryfju. Samskonar viðarraftar eru í öllum hliðum gryfjunnar nema austurhlið hennar en suður- og norðurhliðar eru samfallnar. Ef til vill hefur verið op ofan í gryfjuna á austurhliðinni.



Gryfja 142, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

GK-123:143 gryfja 63°57.339N 22°22.291V

Gryfja er um 50 m vestan við Huldugjáarvörðu og um 150 m suðvestan við samskonar gryfju 142. Gryfjan er um 3 km SSA við bæ 001. Mannvirkið er líklega herminjar frá stríðsárunum.
Gryfjan er norðaustan undir Huldugjá í lyngmóa.
Gryfjan er alveg eins og gryfja 142 en er í betra ásigkomulagi. Hún er að innanmáli um 2 x 1,5 m og snýr norður-suður. Gryfjan er opin til austurs. Aðrar hliðar gryfjunnar eru settar 3 timburröftum sem hver um sig er um 0,1 m á þykkt og um 0,3 m á breidd. Ofan á gryfjunni er fleki úr 5 samskonar viðarröftum, ofan á flekanum er smátt grjót. Meðfram allri gryfjunni nema austurhliðinni hefur grjóti verið raðað. Gryfjan er um 1 m djúp.



Gryfja 143, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta

GK-123:144 varða óþekkt 63°57.404N 22°20.607V



Varða 144, horft til suðurs

Varða er um 190 m norðan við vörðu 088 og um 200 m suðaustan við vörðu 089. Varðan er um 3,6 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur nokkuð hátt á hraunhelluhól, gróðurlausum að mestu, fyrir utan mosaskellur á stöku stað. allt í kring eru samskonar hólar og á milli þeirra grónir móar. Nokkuð er um laust grjót ofan á hólnum.
Varðan er ágætlega hlaðin en norðurhorn hennar er hrunið. Hún er köntuð og er um 1 x 1 m að grunnfleti og um 0,7 m á hæð, 4 umför hleðslu sjást. Fast norðvestan við vörðuna er stór steinn sem er líklega ekki hluti af botnhleðslu en hefur e.t.v. fallið úr henni eða er hluti af hraunhólnum. Grjótið í vörðunni er stórt og mosa og skófum vaxið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega hefur hún vísað á Arahnúkssel 079 eða Vogasel gamla 080 sem var lengra upp í heiðina til suðausturs.



Varða 145, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta

GK-123:145 varða óþekkt
63°57.403N 22°20.453V

Varða er um 150 m suðaustan við Arahnúkssel 079 og um 140 m norðan við vörðu 076. Varðan er um 3,6 km suðaustan við bæ 001.

Varðan er á mjóum og ílöngum hraunhelluhól. Hóllinn snýr norður-suður og er að mestu gróðurlaus. Varðan stendur syðst á honum. Lítið er gróið hér í kring. Vel sést til Arahnúkssels frá vörðunni.
Varðan er köntuð, um 1 m á kant og um 0,4 m á hæð. Grjótið í henni er stórt og meðalstórt, mosa og skófum vaxið. Sýnileg eru 3 umför. Mikið hefur hrunið úr vörðunni að austanverðu. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún hefur mögulega vísað á Arahnúkssel.
Hættumat: engin hætta

GK-123:146 varða óþekkt 63°57.281N 22°20.323V
Varða er um 100 m sunnan við Arahnúkssel 079 og um 140 m norðaustur af Aragjárvörðu 078. Varðan er um 3,9 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur um 30 m suðvestan við brún Aragjár á mosagróni hraunholti og stendur allhátt. Allt í kring eru lágir hraunhelluhólar og grónar dældir á milli þeirra.
Varðan er um 1,5 x 1 m að grunnfleti, snýr suðvestur-norðaustur. Hæst er hún um 0,7 m. Grjótið í henni er stórt og meðalstórt, mosa og skófum vaxið. Norðausturhlið vörðunnar er næstum alhvít af skófum. 4-5 umför má greina í hleðslu. Mikið virðist hafa hrunið úr vörðunni, sérstaklega til suðvesturs en einnig til norðausturs. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún hefur mögulega vísað á Arahnúkssel eða áfram upp í heiðina til suðausturs að Vogaseli gamla 080.
Hættumat: engin hætta


Varða 146, horft til suðurs

GK-123:147 varða óþekkt 63°57.117N 22°20.345V
Varða er um 250 m suðaustan við Aragjárvörðu 078 og um 300 m sunnan við vörðu 146. Varðan er um 4,1 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur á lítt grónum, löngum og nokkuð háum hraunhelluhól og er sprunga eftir honum endilöngum. Nokkuð er um lausa steina há hólnum.
Varðan er um 1,2 m í þvermál og um 0,8 m á hæð. Hleðslan er óvönduð og virðist varðan ekki vera gömul. Grjótið í henni er meðalstórt en ekki mikið um skófir eða mosa á því. Um 4 umför af hleðslu má greina. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega hefur hún varðað leið áleiðis að Vogaseli gamla 080.
Hættumat: engin hætta


Varða 147, horft til vesturs


GK-123:148 varða óþekkt
63°58.182N 22°23.002V
Vörðubrot er um 1,4 km SSA við bæ 001 og um 585 m VSV við Vogasel 045.
Vörðubrotið er austan í ílöngum hraunhelluhól, lítt grónum. Hóllinn er nokkuð hár og snýr norður-suður. Gróðurlaust og blásið er í kringum hann.
Vörðubrotið er um 0,7 x 0,5 m að grunnfleti, snýr austur-vestur og er um 0,3 m á hæð. Grjótið er meðalstórt og skófum vaxið. Varðan er ekki hlaðin efst á hólnum heldur utan í hann og sést því ekki víða að. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


Varða 148, horft til vesturs

GK-123:149 tóft stekkur
63°58.379N 22°22.910V
Grjóthlaðin tóft er um 500 m vestan við Vogasel 045 og um 850 m norðaustan við Reiðskarð GK-641:009. Tóftin er 1,1 km SSA við bæ 001.

Tóftin er á mosagrónu klapparholti sem er skeifu-laga. Tóftin er á miðju holtinu á norðausturbrún. Í tóftinni og utan við hana er lyngi- og mosagróið og norðaustan við hana er dálítill grasi vaxinn blettur í hrauninu.
Tóftin er einföld, hlaðin úr grjóti af öllum stærðum. Hleðslur eru að miklu leyti niður fallnar. Tóftin er um 5 x 3 m og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvesturgafl tóftarinnar er hæstur, um 1,2 m en lítið sem ekkert sést orðið af norðurhorni hennar eða norðausturgafli. Þar er grjóturð og kann að hafa verið inngangur í horninu eða á gaflinum. Mest sjást 3-4 umför. Hlutverk tóftar er óþekkt en líklegt er að þarna hafi verið stekkur og hefur verið sæmilegt beitarhólf á blettinum norðaustan við hana.


Stekkur 149, horft til vesturs



Stekkur 149

Hættumat: engin hætta

GK-123:150 varða óþekkt 63°56.759N 22°18.434V

Varða er um 365 m norðvestan við Vogasel yngra 084 og um 5,6 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur á hraunholti við jaðar dálítils dals. Norðvestan og suðvestan við holtið er gróðurlítið hraunlandslag en gróðursælla og grónara til suðausturs og austurs.
Varðan er um 1 x 0,5 m að grunnfleti, snýr austur-vestur og er um 0,7 m á hæð. Í henni er stórt grjót og hefur eitthvað af grjóti fallið úr henni. Steinarnir eru skófum og mosa vaxnir en hún er ekki vandlega hlaðin. 4 umför af hleðslu eru í vörðunni, hún hallar lítillega til suðurs. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega hefur hún vísað á Vogasel gömlu 080.


Varða 150, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta

GK-123:151 varða óþekkt 63°57.283N 22°21.290V

Varða er um 600 m vestan við vörðu 088 og 780 m austan við Huldugjáarvörðu 073. Varðan er um 3,4 km suðaustan við bæ 001.
Varðan stendur sunnan á hraunhellihól.
Varðan er köntuð, um 1 m á kant og um 1,1 m á hæð. Grjótið í vörðunni er stórt og vaxið skófum og mosa, 5 umför sjást. Varðan mjókkar upp. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta

GK-123:152 varða óþekkt 63°58.136N 22°21.290V

Varða er um 40 m vestan við vörðu 128 og um 120 m suðaustan við vörðu 136. Varðan er um 2,2 km suðaustur af bæ 001.
Varðan er á mjög lágum, ílöngum hraunhelluhól. Hóllinn er nokkuð mosagróinn og grýtt er í kringum hann er norðaustan við hann er lítill grasbali.
Varðan er úr stóru og meðalstóru grjóti sem allt er skófum vaxið en efstu steinarnir eru einnig mosavaxnir. Varðan er nokkurn veginn hringlaga, um 0,6 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Tvö umför af hleðslu eru greinanleg. Varðan er hlaðin á efsta punkt hólsins. Í kringum vörðu og á hólnum eru lausir steinar, óvíst hvort þeir hafi tilheyrt henni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ef til vill hefur hún vísað á leið yfir Hrafnagjá líkt og varða 128.


Varða 152, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

GK-123:153 varða landamerki 63°58.830N 22°21.173V

Varða er um 400 m norðan við Reykjanesbraut, um 640 m sunnan við Langholtsvörðu 067, í beinni línu við hana. Hún er um 1,7 km austur af Stóru-Vogum.

Varðan stendur á krosssprungnum hraunhól, en umhverfis eru hraunhólar og hryggir en grónir slakkar á milli.

Varðan er um 0,8x0,5 m að stærð. Hæð hennar er um 0,8 m og umför 4-6. Varðan er líklega landamerkjavarða milli Brunnastaða og Voga.


Hættumat: engin hætta



Varða 153, horft til norðurs

GK-123:154 tóft óþekkt

63°58.360N 22°22.652V



Tóft 154



Tóft 154, horft til vesturs

Grjóthlaðin tóft er um 300 m sunnan við nútíma hesthús, um 140 m norðvestan við vörðu 160 og um 300 m norðvestur af Vogaseli 045, tóftin er um 1,2 km SSA við bæ 001.

Tóftin er í lítilli sprungu í hraunhelluhól. Hún er í suðvesturenda hólsins þar sem hann er ílangur og snýr norðvestur-suðaustr. Nokkuð gróið er í kring, mosa og lyngi vaxið, einnig í sprungunni.

Tveir veggir hafa verið hlaðnir þversum í sprungunni og hraunveggir sprungunnar notaðir til að búa til lítið hólf. Hlöðnu veggirnir eru á austur- og vesturhlið hólfsins og hlaðið hefur verið ofan á hraunvegginn til suðurs. Utanmál hólfsins er 3 x 2 m og snýr það austur-vestur. Mesta hleðsluhæð þess er um 0,7 m. Grjótið í hleðslunni aðallega meðalstórt en í henni er einnig stórt grjót. Á dreif í kringum hólfið eru timburleifar og í hleðslunum má sjá staka gulrauð múrsteina. Hleðslur eru hrundar að hluta, mest í austur- og vesturveggjum. Ekki sést inngangur inn í hólfið. Hlutverk er óþekkt en minjarnar eru greinilega fremur ungar. Tóftin er skráð engu að síður því hún er til vitnis um mannvirkjagerð fyrri tíma. Samkvæmt heimildamanni, Viktori Guðmundssyni, byggðu þrír strákar kofa á þessum stað um 1970.

Hættumat: engin hætta

GK-123:155 varða óþekkt 63°58.307N 22°22.466V



Varða 155A, horft til vesturs



Varða 155B, horft til vesturs

Tvær vörður eru um 120 m vestan við Vogasel og 1,3 km suðaustur af bæ 001. Um 50 m skilja vörðurnar að.
Vörðurnar standa hátt á mosavöxnum en grýttum hraunhól. Hann er ílangur og snýr austur-vestur. Vörðurnar eru á sitt hvorum enda hólsins. Sunnan undir austari vörðunni er llítill trjálundur, líklega s.k. Systrabrekkur (sbr. Örnefni og gönguleiðir, 55). Vestari varðan stendur austan undir hundaþúfu.
Minjarnar eru á svæði sem er um 50 x 4 m og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Austari varðan A) er kringlótt og ágætlega hlaðin. Hún er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Grjótið í vörðunni er meðalstórt og skófum vaxið, 3-4 umför sýnileg. Nokkuð hefur hrunið úr vörðunni til suðausturs. Vestari varðan B) er um 1 m í þvermál og um 0,4-0,5 m á hæð, kringlótt í grunninn. Grjótið er meðalstórt, skófum og mosa vaxið og sjást 3 umför í hleðslu. Mikið af grjóti hefur hrunið úr vörðunni til austurs. Ekki er ólíklegt að vörðurnar hafi verið reistar til að vísa á Vogasel 045.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 55

GK-123:156 hleðsla óþekkt 63°58.534N 22°23.599V
Eftir að vettvangsvinnu lauk benti Viktor Guðmundsson, heimildamaður, skráningarmönnum á hringlaga hleðslu í fjörunni á Kristjánstanga auk fleiri hleðslna sem eru að koma undan sjávarbakkanum. Hleðslurnar eru um 785 m suðvestan við Stóru-Voga 001.
Minjarnar eru á sléttri klöpp fast neðan (norðan) við sjávarbakkann.
Viktor Guðmundsson gaf eftirfarandi upplýsingar um minjarnar: Hringlaga hleðslan er um 11 m í þvermál, grjóthlaðin. Veggir hennar eru um 1,4 m á þykkt. Rétt austan við þessa hleðslu eru aðrar hleðslur að koma undan bakkanum og fast við þær hleðslur hefur hugsanlega verið vör. Landbrot hefur verið þarna undanfarin ár og gætu þessar hleðslur eyðilagst á skömmum tíma.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

GK-123:157 hleðsla óþekkt 63°58.523N 22°23.598V


Hleðsla 157, horft til vesturs

Ógreinileg grjóthleðsla er á Kristjánstanga um 805 m norðvestan við Stóru-Voga 001.
Hleðslan er á gróðurtanga við ströndina. Til norðurs og suðurs hefur sjórinn brotið landið. Tanginn er allur gróinn og grasi vaxinn og sunnan og austan í honum vex melgresi. Austur af tanganum er grösugt beitarhólf fyrir hesta en moldarflag er næst tanganum. Hann er nokkuð sléttur en hækkar örlítið til vesturs.
Hleðslan er um 10 m löng og liggur norðaustur-suðvestur. Aðeins virðist vera um einfalda röð steina að ræða og er hún um 0,3 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Vestarlega á tanganum og innan við hleðsluna (til austurs) er grjótdreif á svæði sem er um 10 x 7 m. Mest er af grjóti vestast á svæðinu og myndar þar ógreinilega línu. Á umræddu svæði er grasið grænna en grasið sem vex vestan við það en austan við það vex melgresi, eins og áður er nefnt. Norðan og sunnan við svæðið er sandur og grjót í fjörunni.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-124 Eyrarkot

Hjáleiga Stóru Voga 1703 (JÁM III, 123). "Eyrarkot var á Eyrarkotsbakka svokölluðum, norðanverðum, milli sjávar og norðurenda Vogatjarnar ..." Fór í eyði um 1922 (GJ: Mannlíf og mannvirki, 103).

GK-124:001 *Eyrarkot* heimild um bústað 63°59.050N 22°23.537V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir frá hjáleigu undir Stóru-Vogum GK-123:001: "Eirarkot, fyrsta hjáleiga." Í Manntali frá 1801 er einnig minnst á hjáleiguna Eyrarkot undir Stóru-Vogum. Í örnefnaskrá segir svo: "Í norður frá Stóru-Vogabakka er Eyrarkotsbakki, þar stóð Eyrarkot í Eyrarkotstúni og þar niður undan var Eyrarkotsvöru [svo, 002]." Á túnakorti frá því um árið 1919 stendur: "Eyrarkot, þ.búð, færð nýl. á lágan bakka, er brotnar garðlag lágt og kg. [003] framanvið". Í bók Guðmundar B. Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Eyrarkot (horfið). Eyrarkot á Eyrarkotsbakka svokölluðum,

norðanverðum, milli sjávar og norðurenda Vogatjarnar, eða þar sem nú er syðsti hluti af fiskhúsi Valdimars hf. [...] sem var timburhús að mestu, [...]. Eyrarkot fór í eyði um 1922." Samkvæmt túnakorti var Eyrarkot á svæði um 320 m NV við Stóru-Voga GK-123:001 og um 250 m VNV við Tjarnarkot GK-127:001 á svæði 50-80 m V-VSV við Vogatjörn. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur og Viktors Guðmundssonar er nákvæm staðsetning Eyrakots undir suðurhorni fiskverkunarhúss Þorbjarnar Fiskanes.
Á svæðinu eru bárujárnsklædd og steinsteypt iðnaðarhúsnæði og malbikað plan.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru tættur á þessu svæði áður en iðnaðarhúsnæði voru reist vestan við Vogatjörn. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:JÁM III, 123; Ö-Vogar, 9; Túnakort 1919


GK-124:002 *Eyrarkotsvör* heimild um lendingu 63°59.050N 22°23.562V
"Í norður frá Stóru-Vogabakka er Eyrarkotsbakki, þar stóð Eyrarkot [001] í Eyrarkotstúni og þar niður undan var Eyrarkotsvör." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Eyrarkotsvarar er óþekkt en hún hefur trúlega verið um 270 m VNV við Tjarnarkot GK-127:001 í fjörunni stutt vestan við Eyrarkot 001.
Á svæðinu eru nú bárujárnsklædd og steinsteypt iðnaðarhúsnæði, steinsteypt bryggja og malbikað plan.
Nákvæmt staðsetning varar er óþekkt þar sem strandlínan er gjörbreytt vegna landfyllingar. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-124:003 heimild um kálgarð 63°59.061N 22°23.491V
Á túnakorti frá árinu 1919 er skrifað: "Eyrarkot [001], þ.búð, færð nýl. á lágan bakka, er brotnar garðlag lágt og kg. framanvið". Kálgarður sem nefndur er hefur verið á svæði um 320 m NV við Stóru-Voga GK-123:001 og um 250 m VNV við Tjarnarkot GK-127:001 á svæði 50-80 m V-VSV við Vogatjörn en nákvæm staðsetning hans er óþekkt.
Á svæðinu eru nú bárujárnsklædd og steinsteypt iðnaðarhúsnæði, steinsteypt bryggja og malbikað plan.
Ekkert sést til kálgarðs. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-125 Tumakot

Hjáleiga Stóru-Voga 1847. Brann 26. ágúst 1960 (GJ: Mannlíf og mannvirki, 61-62)
Túnakort 1919: Tún 0,6 teigar, garðar 620 m2.

GK-125:001 *Tumakot* bæjarstæði bústaður 63°58.910N 22°23.202V



Bæjarstæði Tumakots 001


Bæjarstæði Tumakots 001, horft til norðurs


"Þá var Tumakot í Tumakotstúni [...]," segir í örnefnaskrá. Í Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi eftir Guðmund B. Jónsson segir svo: "Tumakot (brann 26. ágúst 1960). [...] Eyjólfur Pétursson endurbyggði Tumakot um 1910. Þótti húsið reisulegt á þeim tíma. Einnig byggði hann upp öll útihúsin [002]." Samkvæmt Guðmundi var einnig búið í Tumakoti fyrir 1910. Grjóthlaðinn grunnur Tumakots er 6-8 m vestan við íbúðarhús við Akurgerði 8 og um 55 m suðaustur við Stóru-Voga GK-123:001.
Norðan og vestan við grunninn er slétt graslendi. Austan og suðaustan við hann er um 3 m hár jarðvegshaugur úr grunni íbúðarhússins við Akurgerði 8.
Grasigróinn og grjóthlaðinn grunnur húss sem samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttir var bárujárnsklætt timburhúss. Grunnurinn er niðurgrafinn um 0,8-1 m og eru um 5 umför sjáanleg. Grunnurinn er um 6 m á lengd og um 5 m á breidd að innanmáli. Mikið af grjóthruni er í honum. Grjótveggir grunnsins eru um 1 m á breidd og eru þeir hlaðnir úr hraungrýti. Því er flatarmál grunnsins um 8 m á lengd og 7 m á breidd. Samkvæmt ljósmynd af Tumakoti í Mannlíf og mannvirki og líkani Guðmunda M. Jónssonar af Vogum árið 1930 var inngangur í húsið á vesturhlið um 1 m norðan við suðvesturhorn hússins. Þar er um 0,4 m hátt grjóthlaðið þrep með steypuhúð ofaná sem trúlega hefur verið hluti af forstofunni. Á ljósmynd af Tumakoti í Mannlíf og mannvirki sést greinilega að húsið var á 2 hæðum, jarðhæð og ris, byggt úr timbri og klætt bárujárni. Ómanngengur kjallari var undir húsinu og gluggar á grunni hússins.
Hættumat: hætta, vegna byggingar
Heimildir:Ö-Vogar, 8; Túnakort 1919; Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 61-62; G.M.J.líkan 1930

GK-125:002 tóft fjós 63°58.901N 22°23.220V


Tóft 002, hólf A, horft til SSA


Tóft 002, hólf C og D, horft til vesturs

Grjóthlaðinn grunnur er um 60 m SSA við Stóru-Voga GK-123:001 og um 15 m SV við Tumakot 001.
Grunnurinn er í graslendi fast vestan við malbikaðan göngustíg sem liggur N-S eftir efri brún Vogafjöru vestan við sjávarvarnargarð.
Samkvæmt líkani Guðmundar M. Jónssonar af Vogum í kringum 1930 voru á þessum stað fjós, hlaða og fjárhús. Nú sést aðeins grunnur húsanna sem var að mestu grjóthlaðinn en einnig steinsteyptur að hluta. Grunnurinn snýr N-S, er um 34 m á lengd, um 12 m á breidd og eru um 4 hólf sjáanleg. Veggir tóftarinnar eru að hluta til horfnir, trúlega vegna sléttunar eða hruns en tóftin er að stórum hluta grasigróin. Grjótið í grunninum er hraungrýti og virðist lítið torf hafa verið notað. Veggirnir eru um 1 m á breidd og um 0,4-0,8 m á hæð. Hólf A er syðst, um 12 m á lengd og a.m.k. 6 m á breidd að innanmáli. Vesturveggur hólfsins er horfinn. Hólf B er fast norðan við hólf A, er um 8 m á lengd, um 3 m á breidd að innanmáli og snýr A-V. Veggir hólfs að austan og í SV horni þess eru horfnir. Hólf C er fast norðan við hólf B, er um 5 m á lengd, um 4 m á breidd að innanmáli og snýr A-V. Enginn vesturveggur er sjáanlegur. Hólf D er fast norðan við hólf C, er um 10 m á lengd og um 8 m á breidd að innanmáli og snýr N-S. Veggir þessa hólfs hafa verið bæði steinsteyptir (að A) og grjóthlaðnir (að S, N og V) en þeir eru óskýrir og grasigrónir og eru fallnir steypuklumpar í hólfinu. Ekki er vitað hvar gengið hefur verið inn í hólfin.



Tóft 002

Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-125:003 garðlag kálgarður 63°58.913N 22°23.213V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast vestan og NV við Tumakot 001. Lítill hluti af austurhlið garðs er enn greinilegur um 10 m VNV við Tumakot og um 45 m SA við Stóru-Voga GK-



Garðlag 003, horft til NNA

123:001.
Garðlagið er í þýfðu graslendi sem einnig er gróið njóla.
Aðeins tveir smáir hlutar af garðlagi standa enn í dag. Nyrðri hlutinn er um 10 m á lengd á meðan syðri hlutinn er um 5 m á lengd. Um 5 m bil er á milli þeirra. Báðir hlutar eru um 1,5 m á breidd, um 1 m á hæð og snúa NNA-SSV. Garðlagið er grjóthlaðið en lítið sést í grjóthleðslur vegna þess hversu grasigróið það er. Afgangur garðlagsins umhverfis kálgarðinn virðist hafa verið rifið án sjáanlegrar ástæðu. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Túnakort 1919

GK-125:004 *Fjöruvötn* heimild um þvottastað 63°58.889N 22°23.237V
"Niður af Tumakotstúni eru Fjöruvötn, þar sem hreint vatn kemur upp við lágsævi. Voru þau notuð við ullarþvott." segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Fjöruvatna er óþekkt en áætluð staðsetning var um 50 m SV við Tumakot 001 og um 75 m sunnan við Stóru-Voga GK-123:001. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru Fjöruvötn í fjörunni milli Bræðraparts GK-123:046 og Tumakots 001.
Á þessu svæði er nú sendin fjara og slétt vatnsrofið hraun vestan við um 2-3 m háan sjávarvarnargarð.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur heimildarmanni voru margir fleiri staðir í fjörunni þar sem konur þvoðu þvotta og þæfðu léreft en fæstir hafa þeir fengið nafn. Samkvæmt Særúnu Jónsdóttur eru Fjöruvötn þar sem ferskt vatn ofar úr landinu rennur á yfirborði í átt til sjávar. Vötnin voru notuð til allra þvotta, ekki aðeins ullarþvotta.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar ath, 4

GK-125:005 heimild um hjall 63°58.866N 22°23.201V
Samkvæmt túnakorti frá því um 1919 var hjallur í Tumakotstúni um 70 m sunnan við Tumakot 001, um 125 m sunnan við Stóru-Voga GK-123:001 og um 490 m sunnan við Minni-Voga GK-128:001.
Á þessu svæði er í dag malbikaður göngustígur í sléttuðu graslendi og grjóthlaðinn sjávarvarnargarður.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru timburhjallar á þessu svæði sem trúlega hafa verið nýttir frá Tumakoti. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-125:006 heimild um hjall 63°58.855N 22°23.198V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 voru útihús um 125 m sunnan við Stóru-Voga GK-123:001 og um 100 m sunnan við Tumakot 001. Hann hefur verið rétt sunnan við suðvesturhorn túns Tumakots og um 110 m ANA við Nýjabæ GK-123:011.
Þetta svæði hefur verið sléttað og þar er malbikaður göngustígur og sjávarvarnargarður.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru timburhjallar á þessu svæði. Hugsanlegt er að hjallar 006 hafi verið nýttir frá Nýjabæ GK-123:011. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-125:007 *Tumakotsbrunnur* heimild um brunn 63°58.908N 22°23.166V
" [...] Tumakotsstígur [008] lá niður í Tumakotsvör [009] og Tumakotsbrunnur tilheyrði bænum." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá því um 1919 var Tumakotsbrunnur um 20 m austan við bæ 001.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús við Akurgerði 8 og sléttaður garður.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var brunnurinn grjóthlaðinn en búið er að fylla upp í flesta brunna í Vogaþorpi. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks


Heimildir:Ö-Vogar, 8; Túnakort 1919

GK-125:008 *Tumakotsstígur* heimild um leið 63°58.905N 22°23.220V
"[...] Tumakotsstígur lá niður í Tumakotsvör [009] [...]." segir í örnefnaskrá. Tumakotsstígur hefur legið A-V, 20-30 m, frá bæ 001 niður í Tumakotsvör 009. Nákvæm staðsetning er óþekkt.
Á þessu svæði er nú grasigróið sléttlendi milli kálgarðs 003 og tóftar 002 og malbikaður göngustígur.
Ekkert sést til Tumakotsstígs.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8

GK-125:009 *Tumakotsvör* heimild um lendingu 63°58.899N 22°23.247V
"[...] Tumakotsstígur [008] lá niður í Tumakotsvör [...]." segir í örnefnaskrá. Tumakotsvör var trúlega í fjörunni beint neðan við Tumakot 001 um 40 m vestan við bæ.
Á þessu svæði er nú sendin fjara vestan við um 2-3 m háan sjávarvarnagarð.
Ekkert sést til mannvirkja. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir fiskibátar yfirleitt geymdir efst í fjörunni ofan við lendingu en ekki í naustum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 8

GK-126 Suðurkot

Hjáleiga Stóru Voga 1847 samkvæmt Jarðabók Johnsens.
Túnakort 1919: Tún 1,7 teigar, garðar 1180m2.



Bæjarstæði Suðurkots 001

GK-126:001 *Suðurkot* bæjarstæði bústaður 63°


Bæjarstæði Suðurkots 001, horft til ANA

"Þá er Suðurkot í Suðurkotstúni," segir í örnefnaskrá. Í Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Eftir aldarmótin lét Benedikt [Pétursson] byggja upp gamla bæinn og var sá notaður til ársins 1927. Þá lét hann byggja það Suðurkot er nú stendur." Tóft Suðurkots er um 310 m sunnan við Stóru-Voga GK-123:001 og um 180 m SSV við Nýjabæ GK-123:011.
Tóftin er á milli suðurenda malbikaðrar götu sem kallast Akurgerði og malbikaðs göngustígs og íbúðarhúss við Brekkugötu 3.
Bæjarhóll er ekki greinanlegur lengur þar sem búið er að umturna öllu svæðinu í kring um bæjartóftina vegna byggingavinnu, vegagerðar og göngustíga en þó er ekki ólíklegt að einhverjar leifar finnist undir sverði á svæðinu. Tóft bæjarins er vel grasigróin, um 18 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr VNV-ASA. Veggir tóftarinnar eru mjög rofnir og hleðslur þeirra signar en þeir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Veggir sem ennþá standa eru um 1-2,5 m á breidd og um 0,4-1,4 m á hæð. Óljóst er hvar inngangar voru í tóftina en gengið hefur verið inn á N- eða S-hlið hennar. Hólf innan tóftarinnar eru óljós og er hvorki hægt að segja til um það hversu stór þau voru né hvernig þau lágu. Á túnakorti sést að á bæjarhólnum hefur einnig mjög líklega verið niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang

líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034 en ekkert sést til slíks mannvirkis.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 8; Túnakort 1919; Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 39-40

GK-126:002 heimild um sjóbúð 63°58.784N 22°23.165V
Samkvæmt túnakort frá því árið 1919 var útihús um 50 m NV við Suðurkot 001. Nú er þetta svæði um 20 m vestan við íbúðarhús í suðurenda Akurgerðis að vestanverðu.
Á þessu svæði er sléttað graslendi.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani af Vogum frá því um 1930 (eftir Guðmund M. Jónsson) var sjóhús á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-126:003 heimild um hjall 63°58.783N 22°23.162V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 45 m NV við Suðurkot 001 og um 20 m vestan við íbúðarhús í suðurenda Akurgerðis að vestanverðu.
Á þessu svæði er nú sléttað graslendi.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani af Vogum frá því um 1930 (eftir Guðmund M. Jónsson) var líklega á þeim tíma hæsnakofi á þessum stað. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, Viktori Guðmundssyni og Særúnu Jónsdóttur var á þessum stað sjóhús með viðbyggðum þurrkhjalla sem seinna var breytt í útihús sem rifið var árið 2005.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-126:004 heimild um útihús 63°58.779N 22°23.165V
Á túnakorti frá árinu 1919 er merkt útihús um 40 m vestan við Suðurkot 001.
Á þessu svæði er nú sléttaður grasbali og malbikaður göngustígur.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani af Vogum frá því um 1930 (eftir Guðmund M.Jónsson) var á þeim tíma líklega hæsnakofi á þessum stað
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-126:005 heimild um brunn 63°58.783N 22°23.146V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var brunnur um 30 m NV við Suðurkot 001.
Á þessu svæði er nýbyggt íbúðarhús í suðurenda malbikaðrar götu sem kallast Akurgerði, vestanmegin við götuna.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en búið er að fylla upp í þá flesta. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:006 *Hof* örnefni 63°58.846N 22°22.987V
"Þá er Suðurkot í Suðurkotstúni. Þar er hóll í túninu [er] nefnist Suðurkotshóll eða Hof. Á þeim hól eru þau álög,að ekki má slá hann eða hreifa við honum á nokkurn hátt." segir í örnefnaskrá. Í Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi eftir Guðmund B. Jónsson segir: "Hof var byggt um 1945, þá sem sumarbústaður, [...]. Hof er í landi Suðurkots. [...] stendur á hól er Hofhóll heitir og réði það nafninu á húsi og götu." Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, heimildarmanni, eru Hofhóll og Suðurkotshóll ekki sami hóllinn líkt og segir í örnefnaskrá. Hof/Hofhóll er um 260 m suðaustan við Stóru-Voga GK-123:001 og um 160 m NA við Suðurkot 001.
Stórt steinsteypt íbúðarhús, Hofgerði 6, er austan í hólnum.
Hóllinn er aflangur, vel grasigróinn og sést greinilega enn. Hann er ávalur, 2-4 m á hæð, um 50 m á breidd og snýr N-S. Óljóst er


Hóllinn Hof 006, horft til NNA

hversu langur hann er vegna íbúðarhúsa í kring en er hann a.m.k. um 50 m á lengd. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8; GJ: Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 51

GK-126:007 *Suðurkotsstígur* heimild um leið 63°58.775N 22°23.157V
"Þá er Suðurkotsstígur og liggur niður í Suðurkotsvör [008] og rétt við bæinn var Suðurkotsbrunnur [005]." segir í örnefnaskrá. Stígurinn hefur trúlega legið 50-60 m í vestur frá Suðurkoti 001 niður í Suðurkotsvör.
Á þessu svæði er nú malbikaður göngustígur sem liggur A-V um sléttað graslendi frá SV-horni lóðar við Suðurgötu 2, vestur að sjávarvarnargarði í Vogafjöru.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8

GK-126:008 *Suðurkotsvör* heimild um lendingu 63°58.780N 22°23.198V
"Þá er Suðurkotsstígur [007] og liggur niður í Suðurkotsvör og rétt við bæinn var Suðurkotsbrunnur [005]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá því um 1919 var Suðurkotsvör um 75 m VNV við Suðurkot 001 og 10-20 m vestan við útihús 002-004.
Á þessu svæði er sendin fjara og grjóthlaðinn varnargarður.
Ekkert sést til mannvirkja. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur voru fiskibátar yfirleitt geymdir efst í fjörunni ofan við lendingu en ekki í naustum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 8

GK-126:009 heimild um kálgarð 63°58.782N 22°23.111V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast norðan við Suðurkot 001.
Á þessu svæði er nú malbikaður norðurendi götu sem kallast Akurgerði og nýbyggt íbúðarhús í suðurenda götunnar vestanmegin.
Ekkert sést til kálgarðs. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:010 heimild um kálgarð 63°58.771N 22°23.113V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast sunnan við Suðurkot 001.
Á þessu svæði er nú malbikaður göngustígur, sem liggur A-V fast sunnan við tóft Suðurkots 001, og íbúðarhús við Brekkugötu 3.
Ekkert sést til kálgarðs. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:011 heimild um brunn 63°58.778N 22°23.014V
Í örnefnaskrá segir: „Þá er Suðurkotsstígur [007] og liggur niður í Suðurkotsvör [008] og rétt við bæinn var Suðurkotsbrunnur.“ Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var brunnur um 80 m austan við Suðurkot 001 og um 10 m vestan við útihús 012. Nákvæm staðsetning brunnsins er rétt við mörk bílastæðis og gras/trjábeðs milli Suðurkotshússins og horns suðausturálmu húss eldri borgara, Álfagerðis.
Á þessu svæði er bílastæði við Suðurgötu 2 og Suðurgata sem er malbikuð.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var brunnurinn grjóthlaðinn og hringlaga. Áður en fyllt var upp í brunninn var efri hluti hans styrktur með steinsteypu er hann var enn í notkun. Er brunnur var tekin úr notkun var settur hlemmur ofan á brunninn og möl hellt yfir. Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur var þessi brunnur yngri en brunnur 005 og notaður er búið var í Suðurkoti 2 sem byggt var um 1927 en það þarf ekki endilega að vera því að báðir brunnarnir sjást á túnakorti frá 1919 svo þeir hafa trúlega báðir verið í notkun á þeim tíma. Brunnur 011 hefur þó trúlega enst lengur en brunnur 005 því samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, Viktori Guðmundssyni og Særúnu Jónsdóttur var hann steyptur og styrktur upp úr miðri 20. öld til frekari notkunar fyrir Suðurkotshúsin, Bræðrapart 123:046, Björk, Lyngholt og Hvamm. Samkvæmt Sesselju

Guðmundsdóttur var brunnurinn í maí 2007 um 3 m djúpur og var hæð opsins um 80 cm neðan við hæð Suðurgötu. Neðst í brunninum var sprunga í klöppina og hafði verið hlaðið grjóti í báða enda hennar. Steinsteyptur kassi var þar ofaná, nærri faðmur á alla kanta, og steypt plata yfir með opi sem hlemmur var yfir. Galvaniseruð járnjör lágu úr brunninum og steypt í veggi hans. Árið 2007 var honum endanlega lokað og var sett möl yfir.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 8; Túnakort 1919

GK-126:012 heimild um útihús 63°58.778N 22°22.997V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 90 m austan við Suðurkot 001 og um 10 m austan við brunn 011.
Á þessu svæði er malbikuð gata kölluð Suðurgata norðan við bílskúr íbúðarhúss við Suðurgötu 2.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru þarna trúlega kindakofar en búið var að rífa þá er hún settist að í Vogum. Þó er einnig hugsanlegt að hér hafi Klöpp (sjá 017) staðið áður en Suðurgata 2 var byggð um 1927.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:013 heimild um 63°58.767N 22°23.002V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var þró um 20 m sunnan við útihús 012 og um 90 m ASA við Suðurkot 001.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús og bakgarður við Suðurgötu 2.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:014 heimild um útihús 63°58.769N 22°23.010V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 20 m SSV við útihús 012, um 5 m NV við útihús 013 og um 85 m ASA við Suðurkot 001.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús og bakgarður við Suðurgötu 2.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru trúlega kindakofar á þessum slóðum en búið var að rífa þá er hún settist að í Vogum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:015 heimild um kálgarð 63°58.757N 22°23.021V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður um 80 m SA við Suðurkot 001 fast SA við útihús 016 og um 45 m SSV við útihús 012.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús við Brekkugötu 7 og sléttuð grasigróin lóð.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:016 heimild um útihús 63°58.759N 22°23.027V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 75 m SA við Suðurkot 001 og um 45 m SV við útihús 012.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús við Brekkugötu 7 og sléttuð, grasigróin lóð.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-126:017 *Klöpp* heimild um býli 63°58.775N 22°23.014V
Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Klöpp var þar sem nú stendur Suðurkot (Suðurgata 2) og var timburhús. Minnist ég þess að hafa séð það í barnæsku sem útihús eða geymslu, annað hvort var það tjöruborið eða tjörupappaklætt og svart á að líta. [...] Klöpp lagðist undir Suðurkot og var rifið þegar núverandi hús þar var byggt." Í byggð rétt eftir aldamótin. Klöpp var um 80 m austan við Suðurkot 001.


Á þessu svæði er nú íbúðarhús og sléttuð grasflöt við Suðurgötu 2.
Ekkert sést til fornleifa. Hugsanlegt er að Klöpp sé hús 012 sem sýnt er á túnakorti frá árinu 1919 en ekki er hægt að sýna fram á það með neinni vissu.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 38-39; Túnakort 1919

GK-126:018 *Suðurkotshóll* álagablettur huldufólksbústaður 63°58.806N 22°23.041V
Samkvæmt Sesselju Guðmundsdóttur, heimildarmanni, eru Hofhóll og Suðurkotshóll ekki sami hóllinn líkt og segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Sesselju stóð "Suðurkotshóll [...] neðan við Vogagerði fyrir framan húsið Vogagerði 33, uppi á hólnum mátti sjá hleðslu úr torfi uppfyllta uþb. 4x5 m og 40 cm háa. Bóndi nokkur í Suðurkoti er sagður hafa áformað að byggja þarna lambhús en þegar þarna var komið fótbrotnaði bóndi við þessa vinnu, varð hann þess áskynja að hóllinn væri álagablettur í honum byggju álfar og féllst hann á að hætta frekari byggingaráformum. Áður en hafist var handa við byggingu Stórheimilis (þjónustuíbúðir fyrir aldrða) á þessum stað árið 2006 var fenginn "álfasérfræðingur" til að semja við álfana að þeir flyttu bústað sinn, var það talið hafa gengið eftir."
Nú hafa verið reistar þjónustuíbúðir fyrir aldraða á þessum stað og allt verið jafnað út.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna rasks

GK-127 Tjarnarkot

Hjáleiga Stóru-Voga árið 1703, þá í eyði en í byggð árið 1847 (skv. Jarðabók Árna og Páls og síðan Jarðatali Johnsens). Tjarnarkot var byggt upp um 1880 (GJ: Mannlíf og mannvirki, 75).
Túnakort 1919: Tún 0,11 teigar, garðar 620 m2.

GK-127:001 *Tjarnarkot* bæjarstæði bústaður 63°59.016N 22°23.236V



Bæjarstæði Tjarnarkots 001 og garðlag 003


Bæjarstæði Tjarnarkots 001, horft til SSA

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Tiarnarkot, eyðihjáleiga, hefur í eyði legið fjögur ár. [...] Nú er grasnaut lögð til heimabóndans, og kann ekki hjáleigan aftur að byggjast án heimabóndans skaða." Í örnefnaskrá segir: "Tjarnarkot stóð í Tjarnarkotstúni niðurundan er Tjarnarkotsklöpp og rétt við hana Eyrarkotsvör [GK-124:002], Tjarnarkotsvör [,] [002] Hábæjarvör [GK-
123:017] og vörin Fúla [003] eða Fúlavik en þarna safnaðist mikið þang og þari og fúlnaði." Í bókinni Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir svo: Tjarnarkot var byggt upp um 1880 af Magnúsi J.Waage, (yngri). Var það talið gott timburhús og stóð í landi Stóru-Voga (GK-123:001) austan við Vogatjörn, nálægt tjarnarbakkanum. [Eftir að flutt var úr] Tjarnarkoti var það ábúendalaust en notað sem danshús á vetrarvertíðinni árið 1904, [...]." Tjarnarkot er um 200 m norðan við Tumakot GK-125:001 og um 160 m norðan við Stóru-Voga GK-123:001.
Tóft Tjarnarkots er í þýfðu graslendi á suðausturbakka Vogatjarnar. Um 8 m austan við tóftina er svo malbikaður göngustígur.

Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var Tjarnarkot aðeins tóftir er hún settist að í Vogum árið 1942. Á svæðinu er einföld tóft og mjög óskýrt garðlag utan um kálgarð. Tóftin er um 11 m á lengd, um 9 m á breidd og snýr N-S. Trúlega er tóftin aðeins leifar af niðurgröfnum grjóthlöðnum grunni timburhússins en tóftin er mjög grasigróin svo lítið sem ekkert sést í grjóthleðslur. Tóftin er ferköntuð og eru veggir grunnsins nú um 2-4 m á breidd og um 0,4-1 m á hæð. Innanmál tóftar er um 5 m á lengd og 4 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:JÁM III, 121; Ö-Vogar, 9; GJ: Mannlíf og mannvirki, 75; Túnakort 1919

GK-127:002 *Tjarnarkotsvör* heimild um lendingu 63°58.996N 22°23.434V
Í örnefnaskrá segir: "Tjarnarkot [001] stóð í Tjarnarkotstúni niðurundan er Tjarnarkotsklöpp og rétt við hana Eyrarkotsvör [GK-124:002], Tjarnarkotsvör, Hábæjarvör [GK-123:017] og vörin Fúla [003] eða Fúlavik en þarna safnaðist mikið þang og þari og fúlnaði." Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, hefur Tjarnarkotsvör trúlega verið um 170 m vestan við Tjarnarkot 001 og um 190 m NV við Stóru-Voga GK-123:001.
Á þessu svæði er nú grýtt fjara.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur voru flestir fiskibátar yfirleitt geymdir efst í fjörunni ofan við lendingu en ekki í naustum. Ekkert sést til mannvirkja.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-127:003 garðlag kálgarður 63°59.014N 22°23.249V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður umhverfis bæinn Tjarnarkot og eru enn leifar af garðlagi á svæðinu.
Á þessu svæði er þýft graslendi vestan við malbikaðan göngustíg.
Svæðið sem kálgarðurinn hefur náð yfir er a.m.k. um 34 m á lengd og um 28 m á breidd. Garðlagið utan um garðinn er mjög ógreinilegt og sést aðeins hluti vesturhliðar en mestöll norðurhlið garðsins. Þar er garðlagið um 0,5 m á breidd og um 0,2-0,4 m á hæð. Austurhlið garðsins er horfin vegna malbikaðs göngustígs og suður- og suðvesturhlið garðsins eru svo til
horfnar, trúlega vegna sléttunar. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást greinilegar grjóthleðslur á


Garðlag 003, horft til SSV

þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128 Minni Vogar

Jarðardýrleiki óviss 1703. Konungseign. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 4 vættir fiska. (Árni Óla: Strönd og Vogar, 26)
Hjáleigur í eyði 1703: Eyrarkot og Hólshjáleiga ásamt tómthúsinu Renslutóft. (JÁM III, 123). Norðurkot [GK-129] hjáleiga í byggð 1847. Óljósar sagnir eru um býli nefnt Hólkot en engar upplýsingar hafa varðveist um það. Mýrarhús, Austurkot, Helgabær, Mörk og Grænaborg voru afbýli sem byggðust í landi Minni-Voga eftir 1847. Þéttbýli tók að myndast í landi Stóru- og Minni-Voga í kringum aldamótin 1900 en saga þess er rakin annarsstaðar, svo sem í bók Guðmundar Björgvins Jónsson um Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi
1703: "Túnin brýtur sjór og skemmir sandur árlega. Engjar eru öngvar. Hagar og útigángur litlir sumar og vetur." (JÁM III, 123). Túnakort 1919: Tún 3,4 teigar, garðar 2480m2.

GK-128:001 *Minni-Vogar* bæjarhóll bústaður 63°59.128N 22°23.266V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Minne Vogar. Jarðardýrleiki óviss." Í Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Minni-Vogar (Egilsgata 8). [...] Klemens [Egilsson] lét byggja upp Minni-Voga árið 1922, [...]. Húsið var byggt sem tvíbýli og var gert ráð fyrir að tveir synir Klemensar, Þórður og Sæmundur

byggju í sitthvorum enda hússins." Minni-Vogar eru um 370 m norðan við Stóru-Voga GK-123:001 og um 230 m austan við Norðurkot GK-129:001 við miðja Egilsgötu vestanverða.



Bæjarhóll Minni-Voga 001, horft til norðurs

Á bæjarhólnum stendur íbúðarhúsið sem byggt var upp árið 1922.
Íbúðarhúsið snýr A-V, er með bárujárnsklætt þak, plastklætt að utan og með steinsteyptum og grjóthlöðnum kjallara. Steinsteypt viðbygging hefur verið byggð við timburhúsið að vestan. Húsið er á þremur hæðum, kjallara, jarðhæð og risi. Gengið er inn að norðan. Mjög líklegt er að áður en timburhús var byggt að Minni-Vogum hafi staðið þar grjót- og torfhlaðinn bær. Útlínur bæjarhóls eru orðnar mjög óskýrar vegna vegagerðar og nýlegra bygginga í kringum bæinn en vestan og norðvestan við hús er grasigróin brekka sem hallar um 5° í V um 20 m út frá bæ sem gefur til kynna að húsið standi á hól. Ólíklegt er þó að mikið af óhreifðum fornleifum finnist í bæjarhólnum. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést eldra timburhúsið og viðbyggingin sem áður var fast norðan við það. Gamla timburhúsið var á þremur hæðum, byggt úr timbri og með bárujárnsþaki. Þar sést einnig að veggir viðbyggingarinnar hafa trúlega verið hlaðnir úr grjóti á meðan þakið var timburbyggt. Skorsteinn í þaki gæti gefið til kynna að í húsinu hafi hugsanlega verið hlóðaeldhús líkt og í Austurkoti 046.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 123; GJ: Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 112; Túnakort 1919

GK-128:002 heimild um útihús 63°59.132N 22°23.311V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 30 m ANA við íbúðarhúsið 001.
Á þessu svæði er slétt graslendi og steinsteypt bárujárnsklætt útihús.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:003 heimild um útihús 63°59.137N 22°23.296V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 25 m norðvestan við íbúðarhús 001.
Á þessu svæði er nú slétt graslendi og ógreinileg 0,2-0,4 m djúp dæld.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:004 heimild um útihús 63°59.138N 22°23.294V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 20 m norðvestan við íbúðarhús 001 fast NNA við útihús 003.
Á þessu svæði er nú (2007) malarborin heimkeyrsla að nýlegum bílskúr.
Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést lítill, af því er virðist, timburkofi með burstaþaki í norðvesturhorni kálgarðs 041. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


GK-128:005 heimild um fjós 63°59.141N 22°23.284V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 20 m NNV við íbúðarhús 001 fast austan við útihús 004.
Á þessu svæði er nú malarborin heimkeyrsla að nýlegum bílskúr og moldarhaugar vegna framkvæmda við íbúðarhús.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani Guðmundar M. Jónssonar af Vogum var fjós og hlaða á þessu svæði um árið 1930.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-128:006 heimild um útihús 63°59.134N 22°23.294V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 2-5 m vestan við bæ 001 og um 2-3 m S við útihús 004 og 005.
Á þessu svæði er nú aðeins nýlegur bárujárnsklæddur bílskúr og steinsteyptur grunnur byggingar sem hefur verið rifin.
Ekkert sést til fornleifa. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést útihúsið og hefur það greinilega verið timburhús með burstaþaki, hugsanlega klætt bárujárni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:007 heimild um útihús 63°59.169N 22°23.396V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 130 m NV við bæ 001 og um 150 m ANA við Norðurkot GK-129:001.
Á þessu svæði er nú sléttuð grasflöt við norðvesturhorn vesturenda Mýrargötu.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt líkani Guðmundar M. Jónssonar af Vogum voru hænsnakofar á þessu svæði um 1930.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; G.M.J. líkan 1930

GK-128:008 tóft útihús 63°59.059N 22°23.390V


Tóft 008, horft til norðausturs



Tóft 008

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 140 m SV við bæ 001. Tóftin sést enn um 170 m SA við Norðurkot GK-129:001 og um 160 m SV við Minni-Voga 001.
Tóftin er í smáþýfðu graslendi á NA bakka Vogatjarnar, fast sunnan við malargöngustíg sem liggur samsíða Hafnargötu að sunnanverðu.
Tóftin er grasigróin, mjög sigin og ógreinileg. Hún snýr NA-SV, er um 8 m á lengd og um 5 m á breidd. Veggir hennar eru um 0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Tóftin hefur hugsanlega verið tvískipt en hólfin eru ógreinileg. Inngangur hefur trúlega verið á SV hlið. Hlutverk tóftar hefur líklega verið heygarður eða lítið útihús.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:009 *Verbúðin* heimild um verbúð 63°59.275N 22°23.271V
"Og frá þeim Ós eiga Minni-Vogar fjörur suður að gömlum lendingarstað, er kallast Búðavör," segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað segir: "Hér tala við Austurkotsfjörur allt um Búðarvör eða Lendingarstaðinn gamla. Þar upp af var Búðin eða Verbúðin en austan til við Mýrarhús var Búðartjörnin." segir í örnefnaskrá. Að sögn heimildarmanns, Ásu Árnadóttur, voru sjóbúðir og útgerðarminjar vestan og norðan við Búðartjörn. Allar minjar vestan tjarnarinnar hafa verið eyðilagðar með háum sjóvarnargarði en engar minjar voru sjáanlega sunnan tjarnar, verbúðirnar voru um 90 metra norðvestur af Mýrarhúsum 010.
Vestan tjarnar er sjóvarnargarður, en norðan Búðartjarnar er mjög blautt mýrlendi og ef þar hafa verið byggingar

hafa þær sennilega horfið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 4, 12

GK-128:010 *Mýrarhús* bæjarstæði bústaður 63°59.201N 22°23.261V
"Frá Eystraskarðshorni liggur Grjótgarður í norður meðfram Mýrinni skammt fyrir norðan Mýrarhúsatóftir og beygir garður þar til suð-austurs og liggur alla leið að mörkum Austurkots og Minni-Voga..." segir í örnefnaskrá. Í henni segir ennfremur: "Mýrarhús þar er búið nú, þurabúð." Mýrarhúsa er einnig getið í bókinni Mannlíf og mannvirki. Þar segir "Mýrarhús er norður af Minni-Vogum á landi þeirra. Húsið byggði Hinrik A. Hansen árið 1885." Mýrarhús voru m 90 metra suður af meintri verbúð 009. Þau eru á mörkum deiliskráningarreits sem nú er skipulagður, á milli nyrstu húsa við Marargötu eða rétt norður af þeim. Grjótgarðurinn sem nefndur er í lýsingunni sést enn að hluta til norðaustan byggðarinnar Í Vogum en hverfur beint norður af nyrstu húsum við Marargötu.
Á þessu svæði eru nú hús og garðar og engin merki um Mýrarhús eru sjáanleg.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 3, 7; GJ: Mannlíf og mannvirki, 118

GK-128:011 *Austurkotsvör* heimild um lendingu
"Utan til við Fúlu [GK-127:003] er svo Norðurkotsvör [GK-129:009], þar utan Austurkotsvör og Minni-Vogavör [012 og 013]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni nýtti Austurkot vör með Minni-Vogum í hans tíð (sjá 013). Austurkot hafði greinilega áður sína eigin vör (sbr. örnefnaskrá) en staðsetning hennar er óþekkt. Þó er líklegast að hún hafi verið í Austurkotsfjörum á milli Minni-Vogavara (012 og 013) og Búðarvarar 023.
Í Vogafjöru NV við Austurkot er sjávarvarnargarður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-128:012 *Vesturvör* heimild um lendingu 63°59.183N 22°23.388V
"Utan til við Fúlu [sjá Tjarnarkot] er svo Norðurkotsvör [GK-129:009], þar utan Austurkotsvör [GK-128:011] og Minni-Vogavör [012 eða 013]" segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í skránni segir: "Við Bæjarklöpp tekur við sameiginleg fjara Minni-Vogs og Austurkots. Þarna eru Minni-Vogavarirnar tvær, Vesturvör og Austurvör [GK-128:013]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var vör frá Minni-Vogum um 100 m NNV við bæ 001 og um 200 m ANA við Norðurkot GK-129:001. Hér er líklega um svonefnda Vesturvör að ræða og sem hefur verið um 130 m NNV við Minni-Voga og um 180 m NA við Norðurkot.
Á þessu svæði er sjávarvarnargarður.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9, 12

GK-128:013 *Austurvör* hleðsla lending 63°59.223N 22°23.378V


Austurvör 013, horft til norðvesturs

"Utan til við Fúlu [sjá Tjarnarkot] er svo Norðurkotsvör [GK-129:009], þar utan Austurkotsvör [GK-128:011] og Minni-Vogavör [012 eða 013]. [...] Við Bæjarklöpp tekur við sameiginleg fjara Minni-Voga og Austurkots. Þarna eru Minni-Vogavarirnar tvær, Vesturvör [GK-128:012] og Austurvör." segir í örnefnaskrá. Leifar Minni-Vogavarar eru um 200 m norðan við Minni-Voga 001, um 260 m norðan við Austurkot GK-128:034 og um 5 m NV við sjávargarð. Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, nýtti Austurkot þessa vör. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni áttu Minni-Vogar þessa vör svo mjög líklegt er að hér sé um Austurvör að ræða en eftir að Búðarvör lagðist af nýttu Austurkot og Minni-Vogar sömu vör.
Vörin er í grýttri Vogafjöru á milli tveggja um 2 m hárra hraunklappa.
Vörin snýr NV-SA, er um 10 m á breidd og um 15 m á lengd að utanmáli og um 6 m á breidd og um 12 m á lengd að innanmáli. Innsigling var í norðvesturenda hennar. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, um 0,5-1 m á hæð og um 1,5-2

m á breidd. Hleðslurnar eru mjög signar og mjög grónar þara. Hrundar grjóthleðslur eru hér og þar inni í vörinni.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9, 12


Garðlag 014, horft til suðausturs

GK-128:014 garðlag túngarður
63°59.109N 22°23.001V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var túngarður um 190 m austan við Minni-Voga GK-128:001 og um 60 m NA við gryfju GK-128:027. Á þessu svæði sjást nú ógreinilegar leifar grjótgarðs.
Leifar grjótgarðsins liggja um grasi- og mosagróið hraun fast NA við lund barrtrjáa SV í Aragerði.
Hleðslur garðsins eru signar og mjög grasigrónar og er NA hlið hans skýrari en sú SV. Leifar grjótgarðsins eru um 100 m á lengd, um 0,3-1 m á hæð og um 0,5-1 m á breidd. Garðlagið liggur NV-SA og endar á brún Arahóls í NV en hverfur í SA við malbikaðan göngustíg sunnan við íþróttahús Voga.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:015 *Sjávarstígurinn* gata leið 63°59.147N 22°23.293V


Sjávarstígurinn 015, horft til norðvesturs

Í örnefnaskrá segir svo: "[...] en austan til við Skurðinn er Sjávarstígurinn frá Minni-Vogum [...]." Á túnakorti frá árinu 1919 sést að gata hefur legið um 80 m í NV frá norðausturhorni Minni-Voga 001, niður í Minni-Vogavör (012 og 013) og samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var þessi gata kölluð Sjávarstígurinn.
Gatan hefur legið um grasigróið sléttlendi en á þessu svæði er nú sléttaður garður, heimkeyrsla Minni-Voga 001 og Mýrargata 1, 3 og 6.
Aðeins sést í ógreinilegan um 3 m breiðan og 3-5 m langan malarslóða sem liggur NV-SA frá Minni-Vogum (001) en hverfur fljótt undir grasigróna sléttaða lóð Mýrargötu 6 í norðvestri. Til suðausturs hverfur slóðinn undir möl við íbúðarhús Minni-Voga. Gatan hefur líklega ekki alltaf verið malarborin þar sem malarstígurinn virtist vera frekar nýlegur. Gatan hefur trúlega aðeins verið grasigróinn niðurtroðinn slóði á þessu svæði niður frá bæ niður í fjöru sem seinna hefur verið endurbættur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vogar, 11; Túnakort 1919

GK-128:016 *Minni-Vogastígur* heimild um leið 63°59.106N 22°23.239V
"Minni-Vogastígur liggur heim að Minni-Vogabæ [001]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, lá stígurinn til norðurs frá Vogavegi GK-123:061 að Minni-Vogum fast vestan við Austurkot 027 og var samtals um 110 m langur.
Á þessu svæði er nú malbikuð Egilsgata.
Ekkert sést til Minni-Vogastígs en samkvæmt Ásu Árnadóttur var hann breiður malarstígur fyrir hestvagna.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 11

GK-128:017 *Helgabær* heimild um býli 63°59.176N 22°23.207V
Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Helgabær var um 100 metra í norðaustur frá Minni-Vogum [001], í landi þeirra. Bærinn var jarðlaus og því aðeins stunduð þar sjómennska [...]."Á þessu svæði eru nú íbúðarhús og garðar við Mýrargötu 7 og 9.
Íbúðarhús og garðar við Mýrargötu 7 og 9.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 118

GK-128:018 *Merkurgata* heimild um leið 63°59.120N 22°23.417V
"Frá Minni-Vogum liggur Merkurgata, að Mörk [019], en kringum þá þurrabúð var Merkurflöt." segir í örnefnaskrá. Merkurgata lá til vesturs frá Minni-Vogum 001 að Mörk 019 og var samtals um 150 m löng.
Á þessu svæði eru nú íbúðarhús við malbikaða Hólagötu.
Ekkert sést til Merkurgötu lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vogar, 11


GK-128:019 *Mörk* heimild um býli 63°59.119N 22°23.451V
"Úr þeim Steini er mörkin bein lína norðanhalt við Karlshól og norður að merkisteini við gamalt bæjarstæði Mörk og mynda þar rétt horn í vestur [...] Mörk þurrabúð, nú í eyði. [...] Frá Minni-Vogum liggur Merkurgata, að Mörk, en kringum þá þurrabúð var Merkurflöt." segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Mörk (horfin). Mörk var byggð í Minni-Vogalandi, milli Minni-Voga og Norðurkots. [...] Þar bjuggu hjónin Skúli Magnússon f. 1844 og kona hans Elín Bjarnadóttir f. 1859. Skúli í Mörk var af Austurkotsættinni og fékk hann að byggja í sameignartúni Minni -Voga og Austurkots. Hann byggði bæinn úr timbri og var það sjaldgæft á þeim tíma [...] Mörk hafði einnig nafnið Tómásarkot [svo]." Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var Mörk um 80 m ASA við Norðurkot GK-129:001 og um 150 m vestan við Minni-Voga 001.
Á þessu svæði er sléttað graslendi, malbikaður göngustígur og íbúðarhús við Hólagötu 1e.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vogar, 3, 7, 11; GJ: Mannlíf og mannvirki, 118

GK-128:020 *Hólkot* heimild um býli 63°59.448N 22°23.320V
"Grænaborg [021] var byggð árið 1881 á landi Minni-Voga að 2/3 hluta og Austurkots 1/3 hluta. Húsið byggði Ari Egilsson frá Austurkoti og bróðir Klemensar í Minni-Vogum. ... Þarna hafði verið bær er Hólkot hét, en hann brann, og eru litlar sagnir til um þann bæ. Grænaborg hefur varla verið byggð á sama stað og Hólkot, því sagnir voru til um að á þessum stað ætti hús að brenna þrisvar. Grunar mig að Ari, sem þekkti þessa sögu, hafi flutt til hússtæðið, enda nefnir hann það ekki Hólkot, heldur Grænuborg," segir í Mannlífum og mannvirkjum í Vatnsleysustrandarhreppi. Ekki ljóst hvort þetta er á svipuðum stað og byggingar skráðar innan túnstæðis Grænuborgar (sjá 019) en hér er gengið út frá því að svo sé.
Túnið í Grænuborg er nokkuð gróið, sérstaklega að vestanverðu við ströndina. Nokkrar hæðir eru þó eru í túninu, hæst er það er austanverðu rétt vestan við túngarðinn í Grænuborg 021. Nokkuð hraun og grjót í túninu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 120

GK-128:021 *Grænaborg* tóftir+garðlag býli 63°59.448N 22°23.320V
"Ennfremur fylgir Austurkoti og Minni-Vogum eyðibýlið Grænaborg umgirt grjótgörðum." segir í örnefnaskrá. Þar segir ennfremur: "Og svo er Grænaborg, þar býr Baldvin Oddsson.""Frá Búðinni [009] lá einnig Grænuborgarkampur alla leið að Vesturtúngarði [sem hér er skráður - 021x-y] og bak við Kampinn Grænuborgarstígur [022] allt heim í Vesturhlið á Grænuborgar túngarði [021x-y], sem er grjótgarður vestan og sunnan túnsins. Grænaborg stendur á Bæjarhólnum ... Austan Grænuborgarhúss í Grænuborgartúni er Grænuborgarbrunnur [hér skráður - 021L] og Brunngatan þaðan og heim til húss. ... Sjávargatan liggur heiman að niður á Kampinn, en þar er Grænuborgarnaust [hér skráð - 021S] og Grænuborgarvör [hér skráð - 021T]. ... Þar sem Sjóvarnargarðurinn og Suðurtúngarðurinn komu saman var Grænuborgartúngarðshlið Eystra." Bæjarhóllinn í


Tóftir 021A-C, horft til vesturs

Grænaborg er um 650 m norður af Austurkoti 027.



Tóftir og garðlög í Grænuborg 021

Túnið í Grænuborg er nokkuð gróið, sérstaklega að vestanverðu við ströndina. Nokkrar hæðir eru þó eru nokkrar í túninu, hæst er það er austanverðu rétt vestan við túngarðinn. Nokkuð hraun og grjót í túninu.

"Ari lét byggja húsið úr hlöðnu grjóti og bundnu sem sementsteypu. ... stutt var dvölin í þessu vandaða nýja húsi, því það brann vorið 1883 þá tveggja ára gamalt ... Grænuborgartóftin stóð opin í 35 ár, eða til ársins 1916, að Benjamín Halldórsson og kona hans Þuríður Hallgrímsdóttir frá Austurkoti, síðar í Stóra-Knarrarnesi 2, fengu leyfi Klemensar í Minni-Vogum til að byggja upp Grænuborg ... Hann byggði upp húsið, fór í útgerð og tapaði öllu sínu og flutti eftir það að Stóra-Knarrarnesi 2. Eftir nokkur ár, eða um 1922, fluttu að Grænuborg fjölskylda frá Eyrarkoti, sem áður er sagt frá ... Vormur lét endurbæta Grænuborg árið 1932 .... ," segir í Mannlífum og mannvirkjum í Vatnsleysustrandarhreppi. Hér verður öllum minjunum í túnstæði Grænuborgar lýst, og notaðir bókstafir til aðgreiningar. Minjasvæðið heild er um 140 X 165 m stórt. Austast er garðlag og tóft. Nyrst er 20 m langur grjóthlaðinn garður um 1 m breiður og mest 1,1 m á hæð. Hann hefur verið hlaðinn með steypu á milli og því hafa hleðslurnar haldist vel. Í suðurenda garðsins er tvískipt útihúsatóft, sem snýr vestur-austur. Hún er 8x9 m stór. Hólf tóftarinnar eru misstór. Að sunnanverðu er minna hólfið en ekki er greinilegur vesturveggur á því og kann að hafa verið timburþil þar . Norðan við það er stærra hólfið. Ekkert op er sjáanlegt á því nú. Austurveggur tóftarinnar er jafn hár grjótgarðinum sem getið var um í upphafi (eða 1,1-1,2 m á hæð). Um 20 m suður af tóft A er önnur tvískipt útihústóft B. Ekki er sýnilegt hleðslugrjót í henni. Hún snýr austur-vestur. Að vestanverðu er aflangt hólf en ekki er greinilegur vesturveggur þess og líklega hefur verið timburþil þar. Austantil er hringlaga hólf, og er op á suðurvegg. Stærð tóftarinnar er alls 14x10 m og er hleðsluhæð mest 0,4 m. Um 15 m suðuvestur af tóft B er tóft C. Þar leynast tvennskonar mannvistarleifar, annarsvegar steyptur grunnur sem snýr norður-suður og er 15x5 m að utanmáli. Um hann miðjan eru leifar af millivegg. Inni í nyrðra hólfinu eru leifar af sperrum og torfi sem bendir til þess að þar hafi staðið bygging úr blönduðu efni. Ekkert slíkt hrun er að finna í syðri hluta tóftarinnar. Við suðausturenda grunnsins er tvískipt, hlaðin tóft úr torfi og grjóti. Snýr hún í austur-vestur og þrengist til austurs og opnast þar til austurs líkt og þar hafi verið lítil bæjargöng. Stærra hólfið snýr austur-vestur, er 10x7 m að utanmáli og er hleðsluhæð mest um 1,2 m. Við opið eru merki um steypuleifar á milli hleðslnanna. Við norðausturenda stærra hólfsins er minna hólf og er op austast á norðurveggnum. Það er um 5x5 m stórt og hleðsluhæð um 0,3 m. Um 10 m austur af tóft B eru leifar af steyptu mannvirki Þ, sem er um 5x5 m að utanmáli en opið til austurs. Um 35 m SSA af húsarúst Þ er grjóthrúga, um 2x2 m stór en um 1,5 m há. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi grjót var sett saman á þessum stað. Um 35 m norðvestur af tóft C eru leifar af bæjarhól H. Hann er um 15x10 m að stærð en síðasta húsið á honum brann og var rifið fyrir fáum árum. Um 5 m suður af bæjarhól er lítil grjóthlaðin tóft E sem hefur verið hlaðin inn í bæjarhólinn sunnanverðan. Tóftin er U-laga, snýr norður-suður og er opin til suðurs. Tóftin er 4x4 m að utanmáli og eru hleðslurnar um 0,5 m háar, mest 3 umför. 5 m suður af tóftinni var brunnur L. Búið er að byrgja hann með tréhlera en engin merki sáust um brunngötuna sem nefnd er í örnefnalýsingunni. Um 15 m suðvestur af brunninum eru leifar af garðlagi F. Garðurinn liggur fyrst í um 25 m til norðurs og sveigir síðan til austurs að bæjarhólnum og liggur svo áfram til norðurs um 15 m utan í bæjarhólnum. Þar sem garðurinn sveigir til austurs eru ógreinilegar þúfur sem gætu verið leifar af mannvirki G og sama má segja við norðurenda garðsins er þar eru ógreinileg þúst D. 50-60 m norðaustur af bæjarhólnum taldi Ása Árnadóttir, heimildarmaður, að Grænuborgarnaust og Grænuborgarvör hafi verið sjá S og T. Engin merki sáust um naustið og vörina, leitað var að líklegum lendingarstað og vörin staðsett þar sem var lítið vik í fjörunni. Um 25 m norðvestur af tóft A er útihústóft J. Hún er einföld og snýr norður-suður, er um 7x7 m stór og op á norðurvegg. Grjóthleðslur eru greinilegar í hólfinu innanverðu, mest 2-3 umför. Hleðsluhæð mest 0,4 m. Um 30 m norðaustur af tóft A er ólöguleg hrúga af hleðslugrjóti O. Í framhaldi af hrúgunni er um 17 m langt garðlag úr grjóti, um 2 m breitt en hæð þess er aðeins um 0,2 m og strax suður af því er önnur ólöguleg grjóthrúga M. Í henni eru leifar af bárujárni. Allt er þetta grjót ágætis hleðslugrjót og eru það mosavaxið og gæti komið úr eldri byggingum á svæðinu, hvort sem væri túngörðum eða útihúsum. Um 5 m vestur af M eru leifar gerðis, líklega

kálgarðs R. Þar hefur verið stungið niður um 12x10 m stórt gerði. Engar hleðslur eru sjáanlegar í gerðinu nema um miðjan norðurvegg en þar er ógreinileg grjóthrúga full af bárujárni. Um 20 m austur af grjóthrúgu M eru leifar af túngarði (X og Y) Garðurinn hefur verið grjóthlaðinn, um 1,5 m á breidd en er að mestu hrunin og engar hleðslur heillegar. Á ljósmynd af bæjarrústinni í Grænuborg, sem tekin var áður en húsið var rifið, má sjá grjótgarð umhverfis bæjarhólinn sem ekki er lengur greinilegur og ef til vill er eitthvað af þeim grjóthrúgum sem hér hefur verið lýst hleðslugrjót úr túngarðinum og öðrum görðum sem safnað hafi verið saman á nokkrum stöðum í túninu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 3, 7, 12-13; GJ: Mannlíf og mannvirki, 120

GK-128:022 *Grænuborgarstígur* vegur leið 63°59.389N 22°23.254V
"Frá Búðinni [009] lá einnig Grænuborgarkampur alla leið að Vesturtúngarði [við Grænuborg, sjá 021] og bak við Kampinn Grænuborgarstígur allt heim í Vesturhlið á Grænuborgar túngarði, sem er grjótgarður vestan og sunnan túnsins. Grænaborg stendur á Bæjarhólnum ..." segir í örnefnaskrá. Frá bæjarstæði Grænuborgar sést greinilegur slóði til suðausturs meðfram sjónum, alla leið að þéttbýlinu í Vogum. Slóðinn hefur verið ekinn af bílum síðustu ár en líklega hefur Grænuborgarstígur verið á svipuðum slóðum og vegaslóðinn er nú.
Vegurinn liggur að mestu á mörkum fjörunnar og gróinnar sléttu austur af fjörunni.
Á þessum stað er ekki upphlaðinn vegur, aðeins troðinn vegaslóði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 12

GK-128:023 *Búðavör* heimild um lendingu 63°59.261N 22°23.314V
"Og frá þeim Ós eiga Minni-Vogar fjörur suður að gömlum lendingarstað, er kallast Búðavör." segir í örnefnaskrá. Þar segir ennfremur:"Hér tala við Austurkotsfjörur allt um Búðarvör eða Lendingarstaðinn gamla. Þar upp af var Búðin eða Verbúðin [009] en Austan til við Mýrarhús [010] var Búðartjörnin." segir í örnefnaskrá. Öllu landslagi frá tjörninni að sjónum hefur verið umbylt með stórum sjóvarnargarði og því engin leið að sjá nákvæmlega hvar lending var lengur hún hefur þó verið um 20 m norðvestur af meintri verbúð 009.
Grýtt fjara og erfitt að sjá út mögulega lendingarstaði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 4, 12

GK-128:024 garðlag óþekkt
63°59.356N 22°23.180V
Suðurendi garðlags sem liggur í beina línu til norðurs er um 170 m norðaustur af meintri verbúð 009. Garðurinn liggur beint í 130 m til norðurs og hverfa þar öll ummerki um hann.
Garðurinn er fast við vegaslóða (hitaveituveg að sögn heimildarmanns Ásu Árnadóttur), í grónu hrauni.
Garðurinn er um 130 m langur og á köflum nær 2 m breiður. Hann er ekki mjög hár, mest 0,3 m. Ekki er sjáanlegt hleðslugrjót í honum en spýtnadrasl og gaddavír er niðurtroðin í garðinum. Hleðslan er of breið til að hafa upprunalega verið hlaðin undir girðingu og verður að teljast líklegra að gaddavírsgirðing hafi verið sett ofaná eldra garðlag. Garðurinn fjara út í báða enda og gæti hafa verið lengri. Hvaða hlutverk garðurinn hefur upprunalega haft er ekki ljóst, ef til vill hefur hann verið merkjagarður frá Grænuborg eða eldri túngarður þaðan.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Garðlag 024, horft til norðausturs

GK-128:025 dys óþekkt
63°59.440N 22°23.171V
Um 60 m norðvestur af norðurenda garðlags 024 eru tvær grjóthrúgur. Ekki tókst að afla upplýsinga um hlutverk þeirra en mögulegt er að hrúgurnar séu aðeins upphleðslur af eldra hleðslugrjóti.
Grjóthrúgurnar eru á nokkuð sléttum grasbala, hraun gægist þar uppúr sverði.
Syðri hrúgan er um 2 m á hæð og 2 m að þvermáli. Nokkur mosi er á



Dys 025, horft til norðurs

steinunum en þetta þurfa þó ekki að vera gömul mannvirki. Um 1 m er á milli grjóthrúgnanna. Nyrðri hrúgan er minni, aðeins 1,2 m á hæð og um 1,5 m að þvermáli.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-128:026 tóft óþekkt 65°59.501N 22°23.027V



Tóft 026, horft til norðurs



Tóft 026

Um 75 m ASA af Vatnsskersbúðum, 028, eru mjög ógreinilega hleðsluleifar.
Hleðslan er uppi á grónu lágu holti. Umverfis er mosagróið hraun.
Tvískipt tóft sem snýr norður-suður, og er alls 15 x 5 m á stærð. Að norðanverðu er stórt grjóthlaðið hólf. Op hefur verið á því syðst á vesturvegg. Beint suður þessu hólfi eru ógreinilegar leifar af hleðslum, annars vegar er þar 2 m langur veggstubbur (norður-suður) og hins vegar, suður af honum, annar veggstubbur nokkuð lengri. Hann snýr austur-vestur og er um 5 m langur. Hleðsluhæð er mest 1 umfar, eða 0,2 metrar. Þessi ummerki eru fremur óljós en afar líklegt verður að telja að þarna séu leifar einhvers konar mannvirki, þó óljós séu þau.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-128:027 gryfja 63°59.097N 22°23.082V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var þró um 75 m ASA við Austurkot GK-128:034 og um 360 m NA við Tumakot GK-125:001.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt suðaustan undir Arahól.
Aðeins sést skærgræn ferhyrnd mjög ógreinileg dæld í sléttaðri grasflötinni, um 4x3 m að flatarmáli og <0,2 m á dýpt. Samkvæmt Magnúsi Ágústssyni, heimildamanni, var á þessu svæði gryfja en Magnús þekkti ekki hlutverk hennar. Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 049 og 050 sem skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 034.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:028 *Vatnsskersbúðir* örnefni verbúð 63°59.512N 22°25.110V
"Yst í Djúpaós er Dýpstiós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir og Vatnsskersbúðarvör [031]. Einnig Djúpavogsvör [030]." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna Vatnsskersbúðir eru hér staðsettar um 25 m suðvestur af Vatnsskersbúðavör 031.
Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin merki sjást um verbúð
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 13

GK-128:029 heimild um herslubyrgi 63°59.532N 22°23.063V
"Fjörumörk Minni-Voga byrja við gamalt Byrgi á Vatnsskeri í Djúpavog ..." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Herslubyrgið var líklega um 20 m VSV af Djúpavogsvör 030.
Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin merki sjást um herslubyrgi
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 4


GK-128:030 *Djúpavogsvör* heimild um lendingu 63°59.535N 22°23.039V
"Yst í Djúpaós er Dýpstiós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir [028] og Vatnsskersbúðarvör [031]. Einnig Djúpavogsvör." segir í örnefnaskrá. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Djúavogsvör var líklega um 20 m ANA af hinu meinta herslubyrgi 029
Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin skýr merki greinileg um það hvar lendingin var.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 13

GK-128:031 *Vatnsskersbúðarvör* heimild um lendingu 63°59.518N 22°23.087V
"Yst í Djúpaós er Dýpstiós. Nokkru innar er Vatnasker, þar upp af er Vatnsskersbúðir [028] og Vatnsskersbúðarvör. Einnig Djúpavogsvör [030]." segir í örnefnaskrá Staðsetning minja númer 028-032 er óljós. Staðsetning minja númer 028-032 er óljós enda hafa deilur verið innan sveitarfélagsins um staðsetningu þessara örnefna. Heimildarmaður, Ása Árnadóttir, kannaðist ekki við þessi örnefni gat þó aðstoð við að staðsetja örnefnin gróflega út frá staðsetningu annarra þekktra örnefna. Vatnsskersbúðavör var líklega um 35 m suðvestur af Vatnsskersbúðum 029.
Grýtt og víðfeðm fjara er á þessum slóðum og engin skýr merki greinileg um það hvar lendingin var.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 13

GK-128:032 *Renslutóft* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Renslutopt hefir tómthús verið, og átti sá er þar bjó sjálfur við allan í húsinu [...] Þetta hús kynni með sömu kostum aftur að byggjast." Staðsetning tóftarinnar er óþekkt og heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við nafnið.
Heimildir:JÁM III, 123

GK-128:033 *Grænuborgarrétt* hleðsla rétt 63°59.401N 22°23.077V


Grænuborgarrétt 033, horft til austurs



Grænuborgarrétt 033

"Ofan eða sunnan Suðurtúngarðs [021 - Grænaborg] var Grænuborgarrétt. Var hún Vorrétt þeirra Vogamanna." segir í örnefnaskrá. Réttin er um 70 m norðvestur af vörðu 038.
Réttin sem er hlaðin utan í nokkuð háan hól, stendur í gróinni kvos umkringd grýttum hólkollum.
Réttin er 15 x 11 m að stærð og er grjóthlaðin. Hún er aflöng, snýr norður-suður og skipist í þrjú hólf. Um miðjan vesturvegg hleðslunnar er lítið hólf, um 2x2 m að utanmáli. Út frá því er hleðsla sem skiptir réttinni í tvennt. op er í norðvesturhorni réttarinnar. Frá opinu liggur um 10 m hlaðinn grjótgarður sem sveigir fyrst til VNV en síðan til vestur og hefur líklega verið byggður til að auðvelda innrekstur í réttina. Hleðsluhæð réttarinnar er mest um 0,6 m og í veggjum sjást 4-5 umför af grjóti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Vogar, 13

GK-128:034 *Austurkot* bæjarstæði býli 63°59.100N 22°23.226V



Austurkot 034, horft til NNA

"Austurkot sem enn er í byggð." segir í örnefnaskrá. Austurkot er í dag við Egilsgötu 11 um 70 m sunnan við Minni-Voga 001 og um 315 m NNA við Stóru-Voga GK-123:001.
Norðan við Austurkot er malbikuð heimreið, að vestan er malbikuð Egilsgata, að sunnan er íbúðarhús við Egilsgötu 9 og að austan er Egilsgata 11b sem deilir heimkeyrslu með Austurkoti.
Inn á túnakort frá árinu 1919 eru færðar eftirfarandi upplýsingar: Tún 1,64 teigar, garðar 1700 m2. Austurkot er bárujárnsklætt timburhús sem byggt var 1911. Húsið er á þremur hæðum, kjallari, jarðhæð og ris undir burst. Húsið snýr N-S og gengið er inn í hús að austan og í steinsteyptan kjallarann að vestan. Þetta hús er á mörkunum að vera löggild fornleif en ákveðið var að skrá hana samt lauslega.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Vogar, 7

GK-128:035 *Austurkot* frásögn býli 63°59.088N 22°23.174V
Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, var annað eldra íbúðarhús í Austurkoti á svæði um 50 m SA við núverandi íbúðarhús 034. Ekki er minnst á bæinn Austurkot í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá því um 1703 en hjáleigan Austurkot er skráð í Manntali fyrir Suðuramt árið 1801. Trúlega er þar um að ræða eldri bæinn í Austurkoti.
Á þessum stað er sléttuð grasflöt í garði Austurkots og Egilsgötu 13 vestur undir Arahóli.
Ekkert sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir: Manntal 1801

GK-128:036 *Hólshjáleiga* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hólshjáleiga hefur tvö ár í eyði legið, kostir voru sömu sem á hinni. Nú hafa bændur grasnytina sjálfir og þykjast ei skaðlaust afleggja mega." Staðsetning hjáleigunnar er óþekkt og heimildarmenn, Guðrún L. Magnúsdóttir og Magnús Ágústsson, könnuðust ekki við nafnið.
Heimildir:JÁM III, 123

GK-128:037 *Arahólsvarða* varða 63°59.093N 22°23.135V



Arahólsvarða 037, horft til suðvesturs

"Arahóll er austan til við Minni-Voga á honum stendur Arahólsvarða. Vogamenn nefna Hólinn Arhól, Arhólsvarða, Arhólsbrekka." segir í örnefnaskrá. Í Mannlíf og Mannvirki segir: "[...] minnisvarði um Hallgrím [Scheving Árnasonar], er hann lét gera á svonefndum Arahól, sem er hæð austanvert við íbúðarhúsið og heitir minnisvarðinn Arahólsvarða. Hallgrímur fékk vinnumann í Minni-Vogum til að byggja vörðuna. Sá hét Sveinbjörn Stefánsson, hálfbróðir Hinriks Hansens, er byggði Mýrarhús. Varðan var byggð árið 1890, í hvaða tilgangi er ekki ljóst, nema þá sem prýði fyrir plássið. [...] Leifur Kristjánsson frá Helgafelli efndi gamalt loforð, [...] um 1982, að laga vörðuna og var það gert svo gott sem á aldarafmæli hennar." Arahólsvarða er um 320 m NA við Stóru-Voga 001 og um 125 m SA við Minni-Voga (GK-128:001).
Varðan stendur á grasigrónum hól, Arahól, sem er um 10-20 m á hæð og snýr NA-SV.
Varðan er grjóthlaðin og steinlímd. Varðan er um 2,5 m á hæð, um 2 m á breidd og 2 m á lengd. Hlutverk vörðu er óþekkt ef hún hefur nokkurn tíman nýst til einhvers annars en sem minnisvarði. Samkvæmt ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands er varðan sem stendur í dag (2007) steinlímd með kalki úr Esjunni sem brennt var í Kalkofninum í Reykjavík. Áður var grjótvarða á sama stað.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Vogar, 11; Árni Óla: Strönd og vogar, 233; Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 109-110.



Varða 038, horft til austurs

GK-128:038 varða samgöngubót
63°59.386N 22°23.004V
Um 70 m suðaustur af Grænuborgarrétt 033 er há og nýleg varða uppi á hæð.
Varðan stendur uppi á berangurslegri hæð.
Varðan er um 2 m á hæð og um 1 m á kant að neðanverðu. Hún er ferhyrnd neðst en mjókkað aðeins upp í toppinn. Lítill mosi í hleðslugrjótinu. Viktor Guðmundsson, heimildamaður, taldi líklegt að varðan væri samgöngubót því hún stæði við götu. Líklegt er að þessi varða og varða 039 hafi verið við sömu leið sem legið hefur frá Minni-Vogum til suðurs á aðrar leiðir í nágrenninu, s.s. Alfaraleið GK-641:003.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Varða 039, horft til austurs

GK-128:039 varða samgöngubót
63°59.256N 22°22.932V
Um 250 m SSA af vörðu 038 er önnur nýleg varða.
Varðan stendur á lágu grónu hraunholti
Varðan er nýleg, lítill mosi í hleðslum. Er hún um 1,2 m á hæð, hún er ferhyrnd og er 1 m í ummál. Viktor Guðmundsson, heimildamaður, telur líklegt að varðan sé samgöngubót, enda hafi hann séð skýra götu og úrkast úr henni fast austan við vörðuna. Líklegt er að þessi varða og varða 038 hafi verið við sömu leið sem legið hefur frá Minni-Vogum til suðurs á aðrar leiðir í nágrenninu, s.s. Alfaraleið GK-641:003.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-128:040 tóft+garðlag kálgarður
63°59.241N 22°23.043V



Tóft og garðlag 040


Tóft og garðlag 040, horft til norðvesturs

Um 100 m VSV af vörðu 039 er gerði, leifar af kálgarði. Það var, að sögn Ásu Árnadóttur, heimildarmanns, frá Austurkoti. Í suðausturhorni kálgarðsins eru leifar af hænsnakofa.
Gerðið er byggt utan í hraunholt á þýfðum en þurrum móa. Í suðausturhorninu vex lítill runni.
Garðurinn er 28x20 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hleðsluhæð er mest 0,3 m. Grjót sést í hleðslum að utanverðu (mest 2-3 umför) en aðeins eru torfhleðslur greinilegan að innanverðu. Op er á garðinum sunnarlega á austurhlið. Við opið, innan í garðinum, er lítil tvískipt tóft í suðausturhorni gerðisins, í heild er hún um 5x3 metrar að ummáli. Innst í horninu er hringlaga, torfhlaðið hólf, um 1,5 x 1,5 m að innanmáli. Fast norðan við það er grjóthlaðið hólf 2x2 m að innanmáli, en það opnast til norðurs inn í kálgarðinn. Hleðsluhæð er mest 9m,3 metrar, 2-3 umför af hleðslugrjóti. Tóftin var hænsnakofi að sögn heimildarmanns
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-128:041 garðlag kálgarður 63°59.116N 22°23.304V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast vestan og suðvestan við Minni-Voga 001. Garðlag var skráð 8. nóvember 2007 og þá sáust enn leifar af garðlögum sem hlaðin höfðu verið í kring um kálgarð um 40 m vestan við íbúðarhús 001. Er farið var aftur á staðinn 20. nóvember var búið að slétta garðlögin út.



Garðlag 041 (horfið), horft til norðurs

Svæðið milli garðlags og íbúðarhúss var grasigróið og sléttað. Kálgarður var innan svæðisins en hann var talsvert minni en sá er merktur var á túnakortið frá 1919. Eftir skráningu var svæðið sléttað og á þessum stað er nú (des. 2007) sléttað malarplan.
Kálgarðurinn var, samkvæmt túnakorti, um 30 m á lengd og um 25 m á breidd. Garðlagið sem sást á þessum slóðum var grjóthlaðið, snéri N-S og var um 20 m á lengd. Hleðslur þess voru signar, um 0,2-0,5 m á hæð og breidd garðlags var um 1,5-2 m. Röð af trjáplöntum var fast vestan við garðlagið. Norður- og suðurhliðar kálgarðs voru þá horfnar vegna sléttunar en í dag (2007) er allt garðlagið horfið. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást þessir grjótgarðar greinilega.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:042 garðlag kálgarður 63°59.116N 22°23.284V



Garðlag 042, horft til norðurs

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast austan og sunnan við Minni-Voga 001. Garðbrot var skráð 8. nóvember 2007 og þá sáust enn leifar af garðlagi sem hlaðið hafði verið í kring um kálgarð um 25 m suðvestan við íbúðarhús 001. Er farið var aftur á staðinn 20. nóvember var búið að slétta garðbrotið út.
Garðbrot var í suðvesturhorni afgirts garðs austan við íbúðarhús 001 en nú (des. 2007) er þar sléttað malarplan.
Garðurinn var grjóthlaðinn, um 1 m á hæð (4 umför), 3 m á lengd og 3 m á breidd. Hleðslur voru signar og vel grasigrónar. Engar leifar garðlags sjást nú (2007) á svæðinu vegna sléttunar. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást þessir grjótgarðar greinilega.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:043 heimild um kálgarð 63°59.202N 22°23.229V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður um 140 m NNA við Minni-Voga 001, fast NNA við túngarð 014.
Á þessu svæði er íbúðarhús við Marargötu 1 og malbikuð Marargata.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:044 heimild um kálgarð 63°59.185N 22°23.184V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður um 130 m NA við Minni-Voga 001, fast NA við túngarð 014.
Á þessu svæði er bakgarður íbúðarhús við Marargötu 2 og Mýrargötu 1 og 3.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:045 heimild um kálgarð 63°59.150N 22°23.107V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður um 130 m austan við Minni-Voga 001 fast austan við grjótgarð 014.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt sunnan við Mýrargötu 2.
Ekkert sést til kálgarðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:046 heimild um eldhús 63°59.100N 22°23.208V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús frá Austurkoti um 70 m SA við Minni-Voga 001 og um 10 m A við

Austurkot 034.
Á þessu svæði er í dag íbúðarhús við Egilsgötu 11b (Austurkot II) fast A við Austurkot.
Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, var á þessum stað hús sem var skipt í tvennt í hlóðaeldhús að V og hlöðu að A. Húsið var grjóthlaðið með bárujárnsklæddu og timburbyggðu tvískiptu burstaþaki en húsið var rifið um 1943. Í eldhúsinu var stór steinþró (ca. 2x1 m að flatarmáli) fyrir rigningarvatn. Ekkert sést til fornleifa í dag (2007).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:047 heimild um útihús 63°59.101N 22°23.194V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús frá Austurkoti um 80 m SA við Minni-Voga 001 og um 25 m A við Austurkot 034.
Á þessu svæði er íbúðarhús við Egilsgötu 11b (Austurkot II) um 40 m A við Austurkot 034.
Samkvæmt Ásu Árnadóttur var þarna lítill timburbyggður kamar með skúrþaki milli hlöðu 046 og fjóss 048 sem gengið var inn í að norðan. Þegar fjós var byggt fast austan við hlöðuna var kamarinn rifinn og færður inn í fjós. Ekkert sést til hans nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:048 heimild um fjós 63°59.101N 22°23.186V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús frá Austurkoti um 85 m SA við Minni-Voga 001, um 5 m austan við útihús 047 og um 35 m austan við Austurkot 034.
Á þessu svæði er nú íbúðarhús við Egilsgötu 11b (Austurkot II) um 40 m austan við Austurkot og er svo sléttuð grasflöt austan við íbúðarhúsið vestur undir Arahól.
Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, var á þessum stað grjóthlaðið fjós fyrir 4 kýr með járnklætt timburþak. Einnig var 1 bás fyrir kálfa. Steyptur flór var seinna byggður þar sem þetta fjós stóð. Búið var að byggja fjósið fyrir 1928 en þá byrjar faðir Ásu að búa í Austurkoti. Seinna byggði hann annað fjós nær hlöðunni þar sem kamarinn stóð áður (sjá 047). Kamarinn var þá færður inn í fjós. Seinna fjósið var einnig grjóthlaðið en gamla fjósið var rifið. Ekkert sést til fornleifa. Til gamans má geta að um 1940-1950 tók einn maður að sér að bera skít á tún bæjanna í Vogum þar sem búskapur var. Notaði hann til verksins hest og timburkerru og líklega hefur hann mokað og dreift skítnum með handafli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:049 heimild um 63°59.103N 22°23.180V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 og Ásu Árnadóttur, Sesselju Guðmundsdóttur og Viktori Guðmundssyni, heimildarmönnum, var niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang frá Austurkoti um 85 m suðaustan við Minni-Voga 001, um 5 m norðaustan við fjós 048 og um 40 m ANA við Austurkot 034.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt austan við Egilsgötu 11b (Austurkot II).
Ekkert sést nú (2007) til fornleifa. Á ljósmynd af Austurkoti og Minni-Vogum frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést þróin greinilega. Er hún ferhyrnd og niðurgrafin en engin girðing eða garðlög hafa verið hlaðin í kring. Ekki er vitað hvort veggir hennar hafa verið styrktir með grjót- eða torfhleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:050 heimild um 63°59.100N 22°23.194V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 og Ásu Árnadóttur, Sesselju Guðmundsdóttur og Viktori Guðmundssyni, heimildarmönnum, var niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang frá Austurkoti um 80 m suðaustan við Minni-Voga 001, um 25 m austan við Austurkot 034 og fast sunnan við kamar 047.
Á þessu svæði er íbúðarhús við Egilsgötu 11b (Austurkot II).
Ekkert sést nú (2007) til fornleifa. Á ljósmynd af Austurkoti og Minni-Vogum frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést þróin ógreinilega. Er hún ferhyrnd og niðurgrafin en engin girðing eða garðlög hafa verið hlaðin í kring. Ekki er vitað hvort veggir hennar hafa verið styrktir með grjót- eða torfhleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:051 heimild um kálgarð 63°59.105N 22°23.213V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður frá Austurkoti um 60 m SA við Minni-Voga 001, um 20 m NNA við Austurkot 034 fast norðan við útihús 046-048.
Á þessu svæði er malbikuð heimreið íbúðarhúsa við Egilsgötu 11a og 11b og bakgarður íbúðarhúsa við sunnanverða Austurgötu.
Ekkert sést til fornleifa en á málverki í eigu Ásu Árnadóttur sjást háir grjóthlaðnir veggir utan um kálgarðana. Samkvæmt Ásu var Hallgrímur Árnason með þeim fyrstu til að rækta kartöflur í Vogum og seinna fór hann einnig að rækta rófur og rabbabara. Búið var að slétta grjótveggi garðsins um 1930. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást grjóthlaðnir veggirnir greinilega.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:052 heimild um kálgarð 63°59.090N 22°23.211V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður frá Austurkoti um 85 m suðaustan við Minni-Voga 001 fast sunnan við Austurkot 034.
Á þessu svæði er sléttuð grasflöt milli Egilsgötu 13 og Austurkots ásamt glerskála og verönd sem byggð hafa verið við suðurenda Austurkots.
Ekkert sést til fornleifa en á málverki í eigu Ásu Árnadóttur sjást háir grjóthlaðnir veggir utan um kálgarðana. Samkvæmt Ásu var Hallgrímur Árnason með þeim fyrstu til að rækta kartöflur í Vogum og seinna fór hann einnig að rækta rófur og rabbabara. Búið var að slétta vestari og syðri grjótveggi garðsins um 1930 en eystri grjótveggur hans var ekki sléttaður fyrr en um 1950. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást grjóthlaðnir veggirnir greinilega.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:053 heimild um verbúð 63°59.193N 22°23.261V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 voru tóftir 120-160 m NNA við Minni-Voga 001. Á kortinu er skrifað: "(Hér var búðin: salthús og íbúð uppi ca 10x5 áln. rifin f.20-30 árum; nú horfið í sjó m.fl. húsum)". Þar fyrir neðan eru skrifuð orðin "(stein tótt)" og "(rústir)".
Á þessu svæði er malbikuð Marargata og íbúðarhús við Marargötu 3 SA við Búðatjörn.
Ekkert sést til fornleifa. Þessi mannvirki eru mjög líklega tengd fornleif Búðinni/Verbúðinni 009.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:054 garðlag óþekkt
63°59.180N 22°23.080V
Grjóthlaðið garðlag er um 170 m austan við Minni-Voga 001.
Garðurinn liðast NV-SA um grasi- og mosagróið hraun. Samsíða honum að norðanverðu er malbikaður göngustígur sem liggur í gegnum garðinn á tveimur stöðum og tengist þannig Mýrargötu og Marargötu að austan.
Garðurinn er grjóthlaðinn, um 1 m á breidd, 0,4-1 m á hæð (2-6 umför) og um 160 m á lengd. Garðurinn liggur NV-SA, er mjög hruninn á köflum og hverfur í rask bæði til NV og SA. Austan við Mýrargötu og Marargötu eru tvö um 8 m breið skörð í garðinn vegna göngustíga. Garðurinn er ekki grasigróinn en mikið af skófum grær á hleðslugrjótinu. Hlutverk garðsins er óþekkt en hugsanlegt er að hann hafi verið hlaðinn við stækkun túns Minni-Voga eftir 1919.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Garðlag 054, horft til norðvesturs

GK-128:055 heimild um hjall 63°59.167N 22°23.321V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 voru fiskihjallar um 80 m norðan við Minni-Voga 001. Á túnakortinu er skrifað "(fiskiklappir 2 timbur fiskhús)".
Á þessu svæði er nú íbúðarhús við Mýrargötu 3 og grasigróin sléttuð lóð.
Á ljósmyndum frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sjást sjóbúðirnar greinilega og eru þær byggðar úr

timbri með burstaþaki og hefur þá grunnurinn trúlega verið hlaðinn úr grjóti. Um 10-20 m virðast hafa verið á milli húsanna og þau líklega snúið N-S. Ekkert sést nú (2007) til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:056 heimild um brunn 63°59.127N 22°23.229V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var brunnur um 30 m ASA við Minni-Voga 001.
Á þessu svæði er sléttað malarplan við vesturenda Austurgötu að norðanverðu.
Ekkert sést til brunnsins þar sem fyllt var upp í hann um 1980. Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, notuðu Austurkot og Minni-Vogar sama brunninn. Þvottur á bæjunum var fyrst skolaður nálægt brunninum. Eftir að handdæla sem leiddi vatn inn í fjós var sett upp um 1935-1940 fyrir Austurkot var þvotturinn þaðan skolaður heima við bæ.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-128:057 *Karlshóll* huldufólksbústaður
63°59.080N 22°23.407V
Í örnefnaskrá segir: "Úr þeim Steini er mörkin bein lína norðanhalt við Karlshól og norður að merkisteini við gamalt bæjarstæði Mörk [019] og mynda þar rétt horn í vestur [...]." Karlshóll er greinilegur grösugur hóll framan við íbðúðarhúsið við Hafnargötu 1A.
Í húsagarði.
Hóllinn er ávalur, um 15 m á lengd og 10 m á breidd.
Heimildir:Ö-Vogar, 3


Karlshóll 057, horft til norðurs

GK-128:058 *Eirarkot* heimild um býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir frá hjáleigu undir Minni-Vogum GK-128:001: "Eirarkot, eyðihjáleiga, hefur óbygð verið næstu þrjú ár [...] Nú er grasnautn lögð til heimabændanna og þykjast þeim hennar ei að skaðlausu missa kunna." Staðsetning óþekkt.
Heimildir:JÁM III, 120


GK-129 Norðurkot

Hjáleiga Minni Voga 1847 samkvæmt Jarðatali Johnsens. Í byggð fram á þessa öld.
Túnakort 1919: Tún 1,2 teigar, garðar 560 m2.

GK-129:001 *Norðurkot* bæjarstæði bústaður 63°59.121N 22°23.541V


Bæjartóft Norðurkots 001, hólf A,B og D, horft til suðurs


Bæjartóft Norðurkots 001, hólf C, horft til SSA



Bæjartóft Norðurkots 001

"Af Norðurkoti er nú ekki annað að sjá en Norðurkotsrústir," segir í örnefnaskrá. Í Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi segir svo: "Norðurkot var lítið grasbýli í landi Minni-Voga [GK-128:001] og Austurkots [GK-128:027]. [...] Nikulás [Jónsson] lét byggja röð af húsum, þannig að fimm stafnar stóðu fram að hlaði. [...] Húsin gætu þá hafa verið reist um 1860. Á rústum þeim sem eftir standa má vel sjá að vandað hefur verið til verksins, því nokkrir veggir standa enn sem nýhlaðnir nema hvað gróður hefur fest á þeim rætur. Hluti húsanna eru þó hruninn fram af sjávarbakkanum." Tóftirnar eru um 200 m vestan við Minni-Voga (GK-128:001), um 410 m NNV við Stóru-Voga (GK-123:001) og 20-30 m NA við steinsteypt frystihús Voga h/f.
Tóftin er í sléttu graslendi fast suðaustan við grjóthlaðinn sjávarvarnargarð í Vogafjöru.
Í Norðurkoti virðist enginn bæjarhólsmyndun hafa átt sér stað en svæðinu umhverfis bæjartóftirnar hefur þó verið umturnað þó nokkuð vegna sjávarvarnargarðs og iðnaðarhúsnæðis svo hugsanlegt er að búið sé að slétta eitthvað úr honum eða fylla upp í svæðið í kring um hann. Tóftin sem eftir stendur er um 15 m á lengd, um 12 m á breidd og snýr NA-SV. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, var húsið sem enn er undir þaki hlaðið upp sem fiskhús fyrir Minni-Voga eftir að hætt var að búa í Norðurkoti (sjá hólf D). Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og sjást 4 hólf í henni. Samkvæmt túnakorti voru árið 1919 sex hólf í tóftinni og kálgarð inn á milli þeirra en líklega hefur nyrsta hólfið hrunið í sjóinn og austasta hólfið verið sléttað eða rifið. Á túnakorti er strik þvert á kassann sem táknar austasta útihúsið. Við bæ í Austurkoti (sjá GK-128:049) og í landi Minni-Voga (sjá GK-128:050) hefur verið staðfest að þessir kassar með þverstriki tákna e-s konar gryfju, líklega súrheysgryfju, heygarð eða jafnvel mógröf, svo mögulegt er að á þessu svæði hafi einnig verið eitthvað slíkt mannvirki eða þró fyrir lífrænan úrgang. Hólf B, C og D eru öll í beinni röð og snúa NV-SA. Hólf D er eina hólfið sem enn er undir þaki og er það vestast í röðinni. Hólf B er í miðjunni og hólf C austast. Hólf A er fast N við hólf B og D og snýr það NA-SV. Hólf A er um 3 m á lengd og um 1,5 m á breidd að innanmáli. Gengið hefur verið inn í hólfið á SV hlið um 0,5 m breiðan inngang. Veggir hólfsins eru um 1,5-2 m á breidd og 0,5-0,8 m á hæð. Grjóthleðslur eru greinilegar í hólfinu innanverðu en útveggir þess eru vel grasigrónir. Hólf D er um 4 m á breidd og um 5,5 m á lengd undir bárujárnsklæddu timburþaki með burst. SA- og SV-veggir hólfsins eru hlaðnir úr hraungrýti, eru um 0,5 m á breidd og um 1,2 m á hæð. NV veggur hólfs er viðarþil með hurð við NV horn hólfs og glugga í þilinu miðju. NA-veggur hólfsins, sem hólf D deilir með hólfi B, er hins vegar um 1,5 m á breidd, 1,2-1,8 m á hæð og hlaðinn úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur eru mjög greinilegar í öllum veggjum. Til þess að komast inn í hólf B þarf að labba inn á milli hólfa D og A um 0,5 m breitt og 4 m langt húsasund. Inngangur hólfs B er jafn breiður sundinu og er hann á SV hlið hólfs fast upp við V horn þess. Hólf B er um 2,5 m á breidd og um 4,5 m á lengd. Veggir þess eru 1,5-2 m á breidd og 1,2-1,8 m á hæð. Gengið er inn í hólf C úr hólfi B um 0,5 m breiðan og um 2 m langan gang á NA hlið hólfs B um 1 m SA við N-horn þess. Inngangur hólfs C hefur sömu staðsetningu og inngangur hólfs B. Hólf C er um 4 m á lengd og um 3 m á breidd. Veggir þess eru 1,5-2 m á breidd, 0,5-1,8 m á hæð og grjóthleðslur eru greinilegar í veggjunum. 2008: Húsið sem stóð enn (hólf D) við aðalskráningu 2007 brann stuttu síðar og hafa nú leifar timburs og járns verið

hreinsaðar burt.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 12; GJ: Mannlíf og mannvirki, 116; Túnakort 1919

GK-129:002 heimild um sjóbúð 63°59.116N 22°23.557V
Á túnakorti frá árinu 1919 er útihús um 2-3 m SV við Norðurkot 001 og um 220 m vestan við Minni-Voga GK-128:001. Í Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi eftir Guðmund B. Jónsson segir svo: "Þessi húsakostur [sjá 001] í Norðurkoti dugði ekki þegar vel áraði í aflabrögðum. Var því byggt nýtt hús úr timbri árið 1882, [...]. Þegar samdráttur var orðinn á útgerðinni í Norðurkoti, stóðu stóru fiskhúsin [002-005?] hálftóm. Þá var standsett íbúð í timburhúsinu, en það var traust og góð bygging sem stóð í fullu gildi þegar hún var rifin 1940 [sjá Garðhús GK-123:102]."
Á þessu svæði er nú bárujárnsklæddur skúr á grjóthlöðnum grunni í sléttu graslendi fast sunnan við grjóthlaðinn sjávarvarnargarð og um 2,5 m SV við Norðurkotstóftir 001.
Líkan af timburhúsinu sem byggt var 1882 og sést á ljósmynd í Mannlíf og Mannvirki sýnir uppbyggingu hússins og passar hún nokkurn vegin við húsflatarteikningu 002 á túnakorti frá því 1919. Er því líklegt að timburhúsið hafi verið á þessum stað. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu í dag.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi, 116-117

GK-129:003 heimild um útihús 63°59.111N 22°23.579V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 30 m VSV við Norðurkot 001 og um 235 m vestan við Minni-Voga (GK-128:001).
Á þessu svæði eru nú steinsteypt frystihús Voga h/f og grýtt slétt plan fast sunnan við sjávarvarnargarð.
Ekkert sést til fornleifa nú (2007) en þarna hefur líklega áður verið gripahús eða fiskihjallur frá Norðurkoti. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést annað hvort útihús 003 eða 004. Húsið hefur trúlega verið að mestu byggt úr timbri með burstaþaki en ekki sést hvort það er klætt bárujárni eða hvort grunnur og/eða veggir hafa einnig verið grjóthlaðnir.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:004 heimild um útihús 63°59.104N 22°23.586V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 40 m VSV við Norðurkot 001 og um 240 m vestan við Minni-Voga GK-128:001.
Á þessu svæði eru nú steinsteypt frystihús Voga h/f og grýtt slétt plan fast sunnan við sjávarvarnargarð.
Ekkert sést til fornleifa nú (2007) en þarna hefur líklega áður verið gripahús eða fiskihjallur frá Norðurkoti. Á ljósmynd frá árinu 1921 í fórum Þjóðminjasafns Íslands sést annað hvort útihús 003 eða 004. Húsið hefur trúlega verið að mestu byggt úr timbri með burstaþaki en ekki sést hvort það er klætt bárujárni eða hvort grunnur og/eða veggir hafa einnig verið grjóthlaðnir.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:005 heimild um útihús 63°59.093N 22°23.602V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var útihús um 70 m VSV við Norðurkot 001 og um 260 m vestan við Minni-Voga GK-128:001.
Á þessu svæði eru steinsteypt hús sem, samkvæmt Særúnu Jónsdóttur, var byggt 1942 og sjávarvarnargarður. Húsið var fyrrum frystihúsið Vogar h/f.
Ekkert sést til fornleifa en þarna hefur líklega áður verið gripahús eða fiskihjallur frá Norðurkoti.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:006 heimild um 63°59.106N 22°23.546V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var þró um 25 m SSV við Norðurkot 001 og um 5 m austan við frystihúsbyggingar Voga h/f.
Búið er að slétta þetta svæði svo þar er hálfgrasigróið malarplan.
Mjög líklega hefur verið hér niðurgrafin þró fyrir mykju og annan úrgang líkt og þrær 128:049 og 128:050 sem

skráðar voru heima við bæ í Austurkoti 128:034. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:007 heimild um brunn 63°59.084N 22°23.543V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 er brunnur um 70 m SSV við Norðurkot 001 og um 240 m VSV við Minni-Voga GK-128:001.
Á þessu svæði er sléttað malarplan þar sem geymdir eru gámar og annað tengt því iðnaðarhúsnæði sem nú stendur við bryggjuna í Vogum.
Ekkert sést til brunnsins. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en nú er búið að fylla upp í þá flesta. Hugsanlega leynast leifar brunns undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:008 heimild um brunn 63°59.127N 22°23.481V
Samkvæmt túnakorti var brunnur um 50 m austan við Norðurkot 001 og um 155 m vestan við Minni-Voga GK-128:001.
Á þessu svæði er nú sléttað graslendi en um 5 m norðar er sjávarvarnargarður.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru flestir brunnar í Vogunum grjóthlaðnir en nú er búið að fylla upp í þá flesta. Hugsanlega leynast leifar brunns undir sverði en ekkert sést til hans á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:009 *Norðurkotsvör* heimild um lendingu 63°59.114N 22°23.591V
"Utan til við Fúlu [GK-127:003] er svo Norðurkotsvör, þar utan Austurkotsvör [128:011] og Minni-Vogavör [GK-128:012 og 013]." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Norðurvarar er nú óþekkt en hún hefur trúlega verið í fjörunni NV við útihús 002-005 í Norðurkotstúni.
Á þessu svæði er nú grýtt hraunfjara og sjávarvarnargarður.
Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 9

GK-129:010 *Lambhúshóll* örnefni lambhús
"Í Norðurkotstúni er Lambhúshóll." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Lambhúshóls er óþekkt. Hugsanlega hefur hóllinn verið á svipuðum stað og útihús 006 á túnakorti frá árinu 1919 en engar heimildir hafa fundist um slíkt og því ekkert hægt að fullyrða um staðsetningu hólsins.
Þessu svæðið hefur nú verið að miklu leyti umturnað vegna framkvæmda t.d. við iðnaðarhúsnæði, lengingu Hafnargötu, íbúðarhús við Hólagötu vestanverða og sjávarvarnargarð.
Enginn áberandi hóll sést nú í Norðurkotstúni.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Vogar, 12

GK-129:011 garðlag kálgarður 63°59.117N 22°23.539V


Garðlag 011, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast undir SSA-vegg Norðurkots 001. Aðeins sjást hlutar af grjóthlöðnu garðlagi sem trúlega hafa áður verið utan um kálgarðinn fast við suður- og suðausturhorn bæjartóftar 001.
Garðlagið er í grasigrónu sléttlendi fast SSA við Norðurkot 001 en búið er að slétta og/eða hylja SSA helming þess með mold og grjóti.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum. Garðbrotin utan um kálgarðinn eru alls um 15 m á lengd, 0,4-0,8 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Annað garðbrotið tengist suðurhorni bæjarins og liggur um 5 m NNV-SSA þar sem það hverfur vegna sléttunar. Garðlagið er um 0,5 m

á breidd og um 0,5 m á hæð. Við austurhorn bæjar liggur annað garðbrot um 3 m í NA frá bæjarhorninu áður en það beygir í SA og liggur NV-SA um 7 m áður en það beygir aftur í NA. Á því horni er garðlagið orðið hluti af sjávargrjótgarði (sjá GK-129:013) er það beygir. Við hornið sést að garðlagið hefur einu sinni einnig haldið áfram í SA en sá hluti er nú mjög grasigróinn og að mestu horfinn vegna sléttunar. Garðlagið er um 0,5 m á breidd, 0,4-0,8 m á hæð og alls um 10 m á lengd. Lítið sem ekkert torf hefur verið notað í hleðslu garðlaganna.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:012 heimild um kálgarð 63°59.111N 22°23.562V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1919 var kálgarður fast sunnan og suðaustan við útihús 002, 003 og 004.
Á þessu svæði er nú grasigróið sléttlendi NNV við Norðurkot 001 og frystihúsbyggingar Voga h/f.
Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildarmanni, voru kálgarðar í Vogum aðallega nýttir til að rækta kartöflur og rófur og voru flestir kálgarðar umkringdir grjóthlöðnum garðlögum. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-129:013 garðlag túngarður 63°59.122N 22°23.519V


Garðlag 013, horft til VSV

"Frá Steini 9 eru mörkin Grjótgarður á Sjávarbakkanum [...]" segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá árinu 1919 er sýndur grjótgarður sem liggur til norðausturs frá kálgarði 011 að útihúsi GK-128:007. Aðeins lítill hluti garðsins er sjáanlegur um 20 m ASA við Norðurkot 001 en stór hluti hans er horfinn vegna sjávarvarnargarðs.
Sunnan við garðlagið er slétt graslendi en norðan við hann er sjávarvarnargarður.
Garðlagið er grjóthlaðið og grasigróið, um 7 m á lengd, um 0,5 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Það liggur NA-SV út frá grjótgarði sem trúlega var reistur utan um kálgarð 011.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 11; Túnakort 1919

GK-129:014 *Stóramýri* frásögn mógrafir 63°59.117N 22°23.488V
Samkvæmt Ásu Árnadóttur, heimildarmanni, voru mógrafir í Stórumýri í túni Norðurkots um 50 m SA við bæ 001 og um 220 m VNV við Austurkot GK-128:027.
Á þessu svæði er nú sléttað deigt og smáþýft graslendi.
Ekkert sést til mógrafa á svæðinu en samkvæmt Magnúsi Ágústssyni heimildamanni voru 5-10 grafir á þessu svæði og voru þær á hálfa annan metra djúpar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-129:015 *Þvottakonunef* heimild um þvottastað 63°59.082N 22°23.626V
"Yst á Sjávarkampinum [í Norðurkotslandi] er Þvottakonunef klöpp, þar sem Vogakonur þóu léreft sín, [...]." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnalýsingu var Þvottakonunef í fjörunni um 100 m suðvestan við Norðurkot 001 en samkvæmt Magnúsi Ágústssyni, heimildarmanni, var Þvottakonunef við norðvesturhorn Vogatjarnar um 140 m suðaustan við bæ 001. Ekki er hægt að ákveða hvor heimild er rétt að svo stöddu.
Suðvestan við Norðurkot er sjávarvarnargarður og grjóthlaðinn og malbikaður hafnargarður og við Vogatjörn eru grasigrónir lágir bakkar og malbikað bílastæði.
Ekkert sést til fornleifa á hvorugum staðnum. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur heimildarmanni voru margir staðir í fjörunni þar sem konur þvoðu þvotta en fæstir hafa þeir fengið nafn.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Vogar, 12

GK-129:016 *Grjótgarður* garðlag landamerki 63°59.055N 22°23.457V
"Mörkin [Milli Minni-Voga og hjáleiganna] byrja á Klapparhorni en þaðan liggur Grjótgarður úr Suðvesturhorni Norðurkotstúns í Vogatjörn." segir í örnefnaskrá. "Landamerki milli Suður-Voga og Norður-Voga eru Grjótgarður, sem liggur úr Klapparhorni á Suð-Vesturhorni Norðurkotstúns og nær út í Vogatjörn í stefnu til Suð-Austurs." segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá árinu 1919 liggur garðlag í VNV frá Vogatjörn um 100 m SV við Norðurkot GK-

129:001. Lítið sem ekkert er eftir af garðlaginu en á NV-bakka Vogatjarnar um 210 m SV við Norðurkot og um 290 m NV við Stóru Voga GK-123:001 glittir í grjóthleðslur sem hugsanlega eru leifar af landamerkjagarðinum.
Á þessu svæði er nú malbikaður göngustígur, iðnaðarhúsnæði og malarplan. Bakkar Vogatjarnar eru annars grasigróinir og smáþýfðir.
Útflattar leifar grjóthleðslna sjást á 1x1 m svæði á blábrún bakka Vogatjarnar. Ekki er víst að grjótið sé úr grjótgarðinum en þó líklegt vegna staðsetningar þess miðað við túnakortið. Samkvæmt Guðrúnu L. Magnúsdóttur, heimildamanni, voru flestir grjótgarðar í þorpinu rifnir er nýja bryggjan í Vogum var byggð og var grjótið endurnýtt í hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Vogar 1921, 2; Ö-Vogar, 10; Túnakort 1919


Mögulegar leifar Grjótgarðs 016, horft til SSA

GK-146 Auðnar

Jarðadýrleiki óviss, konungseign 1703. JÁM III, 137-139. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs, 1 hdr í fríðu og 1 vætt fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26. Hjáleigur 1703: Auðnahjáleiga GK-147 í byggð, í eyði voru Lönd 148:015 og Hólmsteinshús 027 og ein nafnlaus hjáleiga 026. Auðnakot GK-147 hjáleiga 1847. Höfði 022 hét afbýli frá Auðnum í byggð frá um 1850-1971. Tómthúsið Hóll 048 var einnig í landi Auðna. Ö-Auðnahverfi, 2. "Guðmundur [Guðmundsson] var með mestu útgerðarmönnum á Suðurnesjum með 60 manns á vertíð og þar með um 20 fast heimilisfólk. [...] Guðmundur hafði góðar landnytjar og allnokkurn búpening, þó hann sinnti búskapnum minna en sjósókninni. Hann byggði stórt tveggja hæða timburhús um 1883-84 og var efnið úr James-Town skipinu, sem strandaði í Höfnum árið 1881. [...] Stefán Sigurgeirsson [keypti jörðina 1915] byggði upp flest hús á staðnum og byrjaði á íbúðarhúsinu árið 1918, sem þá var með glæsilegri húsum í hreppnum. Reif hann gamla húsið og notaði viði þess í það nýja. [...] Árið 1960 byggði Kolbeinn [Guðmundsson] núverandi íbúðarhús og reif það gamla árið 1963 [...]." GJ: Mannlíf og mannvirki, 296-300.
1703: "Túnin spillast af sandi og grjóti sem sjór og vindur ber á, líka er þar mein að grjóti því, sem jarðfast er í túninu. Engjar eru öngvar." JÁM III, 138. 1919: Tún A og Höfða 6,5 teigar, garðar 4300m2.

GK-146:001 *Auðnar* bæjarhóll bústaður 64°00.655N 22°19.009V


Bæjarhóll Auðna 001, horft til suðvesturs

Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir um bæinn á Auðnum: "[Guðmundur Guðmundsson] byggði stórt tveggja hæða timburhús um 1883-84 og var efnið úr James-Town skipinu, sem strandaði í Höfnum árið 1881. [...] Stefán Sigurgeirsson [keypti jörðina 1915] byggði upp flest hús á staðnum og byrjaði á íbúðarhúsinu árið 1918, sem þá var með glæsilegri húsum í hreppnum. Reif hann gamla húsið og notaði viði þess í það nýja. [...] Árið 1960 byggði Kolbeinn [Guðmundsson] núverandi íbúðarhús og reif það gamla árið 1963 [...]." Bæjarhóllinn er greinilegur en refabú var byggt fyrir nokkrum áratugum norðan við hann og nær það norður að sjávarbakka. Núverandi íbúðarhús er fast vestan við bæjarhólinn en á honum sjálfum er nú malbikað bílaplan.
Bæjarhóll Auðna er í miðju túni.
Bæjarhóllinn er um 20x20 m að stærð og um 1,2 m á hæð þar sem hæst er fram af honum til norðurs. Engar fornar mannvirkjaleifar sjást á honum. Líkur eru til þess að hann hafi lítið verið skemmdur vegna byggingaframkvæmda úr því nýjasta íbúðarhúsið var ekki byggt á honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919, GJ: Mannlíf og mannvirki, 296-300

GK-146:002 heimild um útihús 64°00.661N 22°19.022V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 10 m norðvestan við bæ 001. Hún var innan kálgarðs sem var um 20x25 m að stærð og sneri suðvestur-norðaustur. Hann er skráður með þrónni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en

líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin og kálgarðurinn voru þar sem nú er afar grasgefið tún fast norðvestan við bæjarhól 001.
Hvorki sést til minja um þróna né kálgarðinn. Það kann að hafa verið fyllt upp í þróna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:003 heimild um útihús 64°00.674N 22°19.006V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 30 m NNA við bæ 001.
Útihúsið stóð líklega þar sem nú (2010) er gamalt steinhús en nokkurt rask hefur orðið við það og mikið af rusli hefur verið safnað saman þar.
Ekki er útilokað að útihúsið á túnakortinu sé í grunninn það sama og steinhúsið sem enn stendur. Ekki sést til eldri mannvirkja á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:004 heimild um útihús 64°00.675N 22°18.994V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m NNA við bæ 001.
Útihúsið var að líkindum þar sem nú (2010) er skemma, áföst steyptu útihúsi. Í henni virðist vera starfrækt bifreiðaverkstæði og allt í kringum það er mikið af gömlum bílum og öðru rusli og nokkurt rask hefur orðið á svæðinu.
Ekki sést til útihússins en steinhúsið stendur á dálítilli hæð í túninu og kunna leifar eldri húsa að leynast þar undir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:005 *Auðnabrunnur* brunnur brunnur 64°00.681N 22°18.962V
"Auðnabrunnur var austan bæjarins, og Auðnabrunnstígur [045] heim til bæjar," segir í örnefnaskrá. Um 60 m NNA við bæ 001 og um 20 m NNA við útihús 004 er merktur brunnur á túnakort frá 1919.
Brunnurinn er á röskuðu óræktarsvæði um 20 m norðaustan við skemmu sem er áföst gömlu steyptu útihúsi.
Brunnurinn er byrgður og sést illa en steyptur kantur sést við brunninn. Brunnurinn sjálfur er líklega um 2x2 m að stærð að utanmáli en það sést illa vegna gróðurs og efnis sem sett hefur verið ofan á hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Auðnahverfi, 3


Brunnur 005, horft til VNV

GK-146:006 heimild um 64°00.678N 22°19.012V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 45 m NNA við bæ 001. Þróin var að líkindum á milli efsta (suðaustasta) refahússins og gamals útihúss úr steypu (sjá 003). Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin var þar sem nú er óræktarsvæði milli mannvirkja.
Ekki sést til minja um þróna og hefur hún annað hvort horfið við byggingu refabús eða fyllt hefur verið upp í hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:007 heimild um útihús 64°00.675N 22°19.027V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m norðan við bæ 001. Kálgarður var áfastur útihúsinu að suðaustan.
Útihúsið var fast við sjávarstíg 041, þar sem nú er malarvegur. Austan við það er lítill tréskúr og óræktarsvæði suðaustan við refabú.
Hvorki sést til útihússins né kálgarðsins og er líklegt að mannvirkin hafi verið rifin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:008 heimild um útihús 64°00.675N 22°19.041V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 40 m NNV við bæ 001 og um 25 m NNV við útihús 002.
Útihúsið var fast við sjávarstíg 041, þar sem nú er malarvegur. Klöpp er í malarveginum og túninu vestan við hann, þar sem húsið stóð að líkindum.
Ekki sést til minja um útihúsið og hefur það að líkindum verið rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


GK-146:009 gryfja 64°00.700N 22°18.922V


Gryfja 009, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 110 m norðaustan við bæ 001 og um 45 m norðaustan við brunn 005. Ummerki hennar sjást enn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin er nærri sjávarkampi í sléttu túni. Klappir eru í túninu til suðurs. Grafið hefur verið upp úr þrónni nýlega, niður á klöpp, og er mikill ruðningur vestan við hana.
Nú (2010) er þróin um 5x15 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hún er um 1 m á dýpt. Rás hefur verið grafin sunnan við hana, í gegnum klöpp og áfram suður túnið á 20-30 m löngum kafla. Tilgangur framkvæmdarinnar er óviss en ef til vill hefur þetta verið gert til að ræsa fram mýri eða tjörn í túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:010 heimild um 64°00.716N 22°18.980V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 100 m norðan við bæ 001 og 40-50 m vestan við þró 009. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Allmikil tjörn er á milli sjávarkamps og refabús. Í hana hefur gömlum refabúrum verið hent.
Líklegt er að þróin hafi verið þar sem tjörnin er en ekki sést til hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:011 hús útihús 64°00.688N 22°19.049V




Hús 011


Hús 011, horft til NNV

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús um 70 m NNV við bæ 001 og um 30 m NNV við útihús 007. Steinhlaðið og uppgert hús er á sama stað og útihús 011 og er mögulega það sama í grunninn.
Húsið er fast austan við sjávarstíg 041, þar sem nú er malarvegur niður að sjó. Það er fast austan við refabú en ótengt

því.
Húsið er grjóthlaðið með sementslími í hleðslu og er það undir þaki. Það er um 5x9 m að stærð og snýr SSA-NNV. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m. Ofan á hleðsluna hefur verið steypt. Í hleðslunni sjást 7 umför grjóts. Stórar dyr eru á SSA-hlið hússins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:012 hleðsla útihús 64°00.724N 22°19.094V



Hleðsla 012


Hleðsla 012, horft til suðurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús um 145 m NNV við bæ 001. Þar sjást enn hleðslur sem líklegt er að hafi tilheyrt þessu mannvirki en einnig er möguleiki á að þær hafi tilheyrt varnargarði 028. Í bókinni Litla skinnið eftir Jón Thorarensen segir um þetta hús: "Það stóðu ofan við skipin tvö nokkuð stór timburhús. Þeirra hef ég áður getið, að þar höfðu sjómenn skinnklæði sín. Þar var allur farviður skipsins geymdur og allt það er til þurfti til að taka í sambandi við útveginn. Þar var allur fiskur saltaður, sem tók upp mikið rúm í lok vertíðar. Undir hliðarveggjunum var raðað lifrarköggum og framan við húsin stóðu flatningsborðin, þar sem vinnumenn gerðu að heimilisfiskinum. Grjótgarður mikill gekk út frá húsum þessum til beggja handa [að öllum líkindum sami garður og varnargarður 028]."
Minjarnar eru á sjávarbakkanum fast norðan við lítið íbúðarhús eða sumarbústað. Austan við hana er grasi gróið svæði í lægð en á túnakorti stendur að þar sé pollur. Hann er nú (2010) þurr.
Grjóthleðslur eru á svæði sem er um 20x5 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru hlaðnar austan í klöpp. Í norðurenda er lítið innskot sem er um 4x2 m að innanmáli - opið til austurs en norðurveggur er horfinn eða hefur ekki verið. Frá innskotinu verður mannvirkið óljóst og hefur því verið raskað við gerð nýlegs varnargarðs. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 4 umför í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Jón Thorarensen, 118-119


GK-146:013 heimild um 64°00.707N 22°19.108V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 130 m norðvestan við bæ 001 og um 30 m suðvestan við útihús 012. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin var á mýrlendu svæði milli sjávarstígs 041 og sjávarbakka, flatlendu og grasgefnu.
Ekki sést til minja um þróna og kann hún að hafa horfið við gerð nýlegs sjóvarnargarðs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:014 gryfja 64°00.648N 22°19.152V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 120 m vestan við bæ 001. Leifar hennar sjást enn fast norðan við þró 015. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.



Gryfja 014, horft til suðvesturs

Þróin er í túnjaðri við varnargarð 028.
Þróin er um 4x7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er niðurgrafin og hlaðin að innan. Mest sjást 2 umför hleðslu. Þróin er um 0,5 m djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919



Gryfjur 014 og 015

GK-146:015 gryfja
64°00.644N 22°19.157V



Gryfja 015, horft til norðausturs


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 120 m vestan við bæ 001. Þar sést enn gryfja fast sunnan við þró 014. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin er í túnjaðri við varnargarð 028.
Þróin er niðurgrafin og hlaðin að innan. Hún er um 4x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 1 m á dýpt og sjást 3 umför hleðslu.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:016 tóft útihús 64°00.584N 22°19.054V



Tóft 016, horft til norðausturs



Tóft 016

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 135 m suðvestan við bæ 001. Tóft útihússins sést enn.
Tóftin er sunnan undir grónum hól fast vestan við veg heim að bæ 001. Hún er í móa rétt utan túns.
Tóftin er einföld, er um 7x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki virðist hafa verið veggur fyrir suðvesturenda hennar. Tóftin er algróin og sést hvergi í grjóthleðslur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:017 heimild um útihús 64°00.588N 22°18.957V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 120 m sunnan við bæ 001 og um 65 m vestan við útihús 016.
Útihúsið var í túni, sunnan við klapparrinda.
Ekki sést til minjanna um útihúsið og hefur líklega verið sléttað úr því.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


GK-146:018 *Höfðabrunnur* heimild um brunn 64°00.620N 22°18.955V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 70 m suðaustan við bæ 001 og um 20 norðvestan við Höfða 022. Í örnefnaskrá segir: "Höfðabrunnur - austan við Höfðatjörn - er löngu fallinn saman." "Norðan við stíginn [042] var

svo Höfðabrunnur," segir í örnefnaskrá Auðnahverfis.
Líklega var brunnurinn í austurjaðri Höfðatjarnar í litlu viki inn í hólinn sem býlið Höfði 022 er á. Mikill gróður vex í vikinu.
Engar leifar brunnsins sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Auðnar, 2, Ö-Auðnahverfi, 3

GK-146:019 heimild um 64°00.665N 22°18.916V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró í mýri um 75 m austan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin var í framræstri mýri.
Ekki sést til minja um þróna og líklega hefur hún fyllst af jarðvegi. Eins getur hún hafa raskast við það að grafin var rás í mýrina til framræslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:020 heimild um 64°00.645N 22°18.904V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró í mýri um 85 m suðaustan við bæ 001 og 35-40 m NNV við þró 019. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin var í jaðri mýrar, innan túns.
Ekki sést til mannvirkisins en lægð er í mýrinni þar sem það var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:021 *Lambhús* tóft lambhús 64°00.573N 22°18.969V




Lambhús 021, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 150 m sunnan við bæ 001 og gerði (túngarður) umhverfis. Húsið er líklega það sama og lýst er í örnefnaskrá á eftirfarandi hátt: "Neðanvert við hólinn [Klappir] er aflöng slétta, er nefnist Leynir. Þar var mikið skjól fyrir vestan- og norðanátt. Garðlag [túngarður 052] lá eftir Leyninum. Þar stóð hús, hlaðið úr grjóti, sem var kallað Lambhús. Í þessu húsi munu eingöngu hafa verið hýst lömb. Kringum það var lágur grjótgarður. Innan hans var nefnt Gerði. Seinna var það ræktað. Veggir standa enn af þessu lambhúsi."
Tóft útihússins er í sléttuðu túni en hólar eru víða í því.
Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Fast austan við hana er grjóthrúga sem er um 4x4 m að stærð og er líklega úr öðru hólfi sem hefur verið áfast. Samanlagt eru því mannvistarleifar á svæði sem er 9x4 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 6 umför í hleðslu. Inngangur er á vesturgafli.
Ekki sjást ummerki um grjótgarð í kringum tóftina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Höfði í Auðnahverfi, 1-2

GK-146:022 *Höfði* bæjarstæði býli 64°00.609NN 22°18.932V

"Höfði hét afbýli frá Auðnum í byggð frá um 1850-1971," segir í örnefnaskrá Auðnahverfis. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Höfði um 90 m suðaustan við bæ 001. Bæjarstæðið er í hólóttu túni. Á því stendur stórt hús sem er allgamalt í grunninn og líklega sama hús og merkt er inn á túnakortið. Ekki sjást leifar kálgarðs sem sýndur er á túnakorti fast sunnan við bæinn. Hann er skráður hér með bænum.



Höfði 022, horft til norðurs

Bæjarstæðið er í gömlu túni suðaustan við Höfðatjörn, stóra lægð sem nú er þurr og gróin. Nú (2010) er fallegur skrúðgarður í kringum húsið en aðallega sunnan við það. Austan við syðsta hluta hússins er upphækkun og hleðsla þar sunnan við en þetta virðast ekki vera gamlar minjar.

Byggingarnar á bæjarstæðinu eru um 20x13 m að stærð og snúa ANA-VSV. Byggingarnar samanstanda af fjórum samtengdum húsum eða herbergjum. Þær hafa verið gerðar upp og eru bárujárnsklæddar. Ekki er að sjá að kjallari sé undir byggingunum og ekki er nein uppsöfnun mannvistarleifa sýnileg.


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2, Ö-Höfði í Auðnahverfi, 1; GJ: Mannlíf og mannvirki, 300; Túnakort 1919

GK-146:023 hleðsla óþekkt 64°00.665N 22°19.174V



Hleðsla 023, horft til suðvesturs



Hleðsla 023

Grjóthlaðinn veggur er um 25 m norðaustan við Höfðavör 031 og um 135 m norðvestan við bæ 001. Líklega hefur mannvirki þetta tengst útgerð frá Höfða 022 og er mögulega af nausti eða fiskbyrgi.

Veggurinn er hlaðinn á lítinn tanga sem liggur til vesturs í fjörunni. Hann er nokkuð gróinn og grasi vaxinn.

Veggurinn snýr suðvestur-norðaustur og er um 6 m langur. Hann er um 1 m á breidd og um 1,2 m á hæð, sjást 5 umför. Mögulega er horn á veggnum, veggbútur sem beygir af honum til norðvesturs, um 3 m langur, en það er óljóst vegna grjóts sem sjórinn hefur borið á land.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-146:024 hleðsla óþekkt 64°00.756N 22°19.120V



Hleðsla 024, horft til vesturs

Á túnakorti frá 1919 stendur að á klettanefi "aðeins óslitið frá kampinum" sé varða. Mögulegar leifar vörðu eru á Snasa sem er tangi til norðvesturs, um 55 m norðan við hleðslu 012 og um 210 m norðvestan við bæ 001.

Lítil gróðurtorfa er á klöpp norðvestast á Snasa, um 30 m frá núverandi varnargarði.

Grjót er á litlum bletti á gróðurtorfunni sem er um 1 m í þvermál en ekki stendur steinn yfir steini og kann þetta grjót að hafa borist á land í sjógangi þó líklegra sé að þetta sé borið saman. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ef til vill hefur hún verið siglingamið.


Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Túnakort 1919

GK-146:025 *Ólafsbúð* tóftir bústaður 64°00.593N 22°19.192V



Tóftir 025, horft til suðausturs



Tóftir 025

Í bókinni Litla skinnið eftir Jón Thorarensen segir: "Þá eru enn ótalin tvö þurrabúðarkot rétt hjá Auðnum: Hóll [048] [...]. Ólafsbúð, þurrabúð sunnanmegin við Auðna [...]." Þrjár tóftir eru um 180 m suðvestan við bæ 001 og hafa þær líklega tilheyrt Ólafsbúð þó ekki sé hægt að fullyrða um það.
Tóftirnar eru í þýfðum og grónum hraunmóa skammt utan túns. Fast austan við tóftirnar er lítill skúr sem virðist vera notaður sem sumarhús.
Minjarnar eru á svæði sem er um 32x14 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Tóft A er næst sjó til suðurs. Hún er grjóthlaðin og einföld. Tóftin er um 4x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á norðvesturgafli. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 3 umför hleðslu í innanverðum veggjum. Tóft B er um 9 m austan við tóft A. Hún er um 6x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grjóthlaðin en gróin og einföld. Líklega hefur verið inngangur á norðvesturgafli, þar er lágur veggur en ekki skýrt op. Ekki sést fjöldi umfara en mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóft C er í suðausturenda svæðisins, um 2 m sunnan við tóft B. Hún er um 3x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á norðvesturgafli. Tóftin er einföld og grjóthlaðin en gróin. Ekki sést í grjóthleðslur en mesta hæð veggja er um 0,8 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Jón Thorarensen, 156-157.

GK-146:026 bæjarstæði bústaður
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hjáleiga forn heima við bæinn, hefur bygð verið fyrir tuttugu árum, síðan um stund í eyði legið, nú ljær bóndin húsin móður sinni ... Kann ekki að byggjast án bóndans skaða." Ekki er vitað hvar hjáleiga þessi hefur verið og því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.
Hjáleigan hefur væntanlega verið í túni, nærri bæ 001.
Ekki sjást neinar minjar við bæinn sem gefa til kynna staðsetningu hjáleigunnar en ekki er ólíklegt að hún hafi verið þar sem eitthvert af þeim útihúsum sem skráð eru af túnakorti stóðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 139

GK-146:027 *Hólmsteinshús* bæjarstæði bústaður
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Hólmsteinshus hafa yfir tuttugu ár í eyði legið ... grasnautnina brúkar heimabóndinn og þykist ei missa mega að skaðlausu." Ekki er vitað hvar Hólmsteinshús voru og því ekki hægt að staðsetja þau með innan við 50 m skekkju.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 139

GK-146:028 *Sjávargarður* garðlag varnargarður 64°00.664N 22°19.162V
"... og um Krók þann, sem Sjávargarðar Landakots [148:021] og Auðna mynda, þar sem þeir mætast ...," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Litla skinnið eftir Jón Thorarensen segir: "Grjótgarður mikill gekk út frá húsum þessum [sjá 012] til beggja handa. Innan þess garðs var túnið, en að utan malarkamburinn með fiskverkunarreitum [044]. Meðfram garðinum var grjótbyrgi, eitt við annað, þau voru ætluð sjómönnum einum, eitt byrgi handa hverjum hlutarlagsmönnum, sem tóku kast saman og gerðu að í félagi, og söltuðu síðan fiskinn í þessum opnu grjótbyrgjum." Grjótbyrgin eru skráð með garðinum þar sem þau hafa verið fast við hann eða sambyggð honum samkvæmt lýsingu. Sjávargarður Auðna er að miklu leyti horfinn vegna landbrots og gerð nýlegs varnargarðs meðfram hluta



Sjávargarður 028, horft til suðurs

strandarinnar í landi Auðna. Hann sést þó enn á tveimur stöðum. Annars vegar um 120 m NNA við bæ 001 og hins vegar frá hleðslu 023 til suðurs.
Sjávargarðurinn er ofan við fjöru á sjávarkampinum en liggur einnig að hluta meðfram suðvesturmörkum Auðnatúns á mörkum túns og móa.
Óljósar leifar garðsins eru um 120 m NNA við bæ 001. Þar er um 10 m langur grjótgarður - hruninn. Hann er um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Garðurinn er hins vegar nokkuð stæðilegur og sést vel frá hleðslu 023. Þaðan liggur hann í boga til suðvesturs að suðurvesturjaðri Auðnatúns. Þar beygir garðurinn til vesturs að vegi að Auðnum 001. Garðurinn er að mestu hruninn en enn vel greinilegur. Hann er um 1 m á breidd og hæstur um 1 m. Mest sjást 4-5 umför. Samkvæmt túnakorti afmarkaði garðurinn svæði sem er 340 x 130 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn sést á svæði sem er um 270x120 m að stærð og snýr eins. Ekki sést til grjótbyrgja eins og þeirra sem lýst er í bókinni Litla skinnið en þó kann að vera að leifar þeirra séu skráðar á fornleif 012.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 1; Jón Thorarensen, 119

GK-146:029 heimild um landamerki 64°00.146N 22°15.139V
"Úr Þúfuhól þessum liggja mörkin beint eftir Vörðum upp Heiðina, milli Auðnaklofsins og Breiðagerðisskjólgarðs, spölkorn fyrir neðan Syðri-Keilisbróðir (Litla-Hrút), alla leið að landi Krísuvíkur í Grundavíkurhreppi." segir í örnefnaskrá. Í Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi leiðir höfundur að því líkum að Auðnaklofningar séu það sama og Skrokkar. Sökum skorts á betri rökum var staðsetning hinna horfnu landamerkjavarða tekin á Skrokkum. Skrokkar er langur hólaklasi sem liggur norður-suður. Reykjanesbrautin gengur í gengum klasann um 900 m austan við Þyrluvörðu. Á þessum stað eru hæðir/hraunhryggir sem eru grýttir en vaxnir mosa og grasi um 100 m norðan við Reykjanesbraut.
Hraunhryggurinn er mosagróinn mosa. Norðan Reykjanesbrautar eru nokkrir grónir toppar en engin greinileg merki um vörður sjást. Sunnan brautarinnar er á sama hrygg varða eða samtíningur úr grjóti sem sýnist nýlegur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 1

GK-146:030 garðlag óþekkt 64°00.569N 22°19.114V



Garðlag 030A, horft til austurs



Garðlag 030B, horft til suðvesturs

Tvö garðlög eru um 160 m suðvestan við bæ 001.
Garðlögin eru í hraunmóa nærri frístundabyggð, skammt utan túns á Auðnum.
Garðlögin eru á svæði sem er um 65x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðlag A liggur frá myllu 057 til vesturs upp á hraunhól. Vestan við hólinn er garðurinn illgreinanlegur og er hann þar gróinn. Garðurinn er hlaðinn úr stóru grjóti en ekki stendur steinn yfir steini. Mögulega er þetta hleðsla undir girðingu sem þarna hefur verið. Garður B er um 20 m sunnan við garð A, fast sunnan við malarveg. Hann sést á um 32 m löngum kafla. Garðurinn er grjóthlaðinn, sokkinn og kann að hafa verið rifinn eða verið hleðsla undir girðingu. Hann er um 0,5 m á breidd eins og garður A og ekki stendur steinn yfir steini. Stórt grjót er í garðinum. Hann liggur VSV-ASA. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi garðlög gegndu og eins er ekkert vitað um aldur þeirra. Mögulega hafa þetta verið vörslugarðar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-146:031 *Höfðavör* heimild um lendingu 64°00.652N 22°19.183V
"Við Bláklett taka við Bergskotsfjörur og þá taka við Höfðafjörur og þar er Höfðavör," segir í örnefnaskrá. "Höfðafjörur og Höfðavör taka við norður af Bergskotsfjörunni," segir í örnefnaskrá Höfða. Höfðavör er líklega um 140 m vestan við bæ 001 og um 220 m norðvestan við Höfða 022.
Vörin er í grýttri klapparfjöru.
Flóð var þegar skráningarmaður var á ferðinni og sáust ekki greinileg ummerki um manngerða vör.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2, Ö-Höfði, 2

GK-146:032 *Austurbæjarvör* renna lending
64°00.727N 22°19.117V
"Þá er komið að hinum reglulegu Auðnafjörum og þar eru Auðnavarir tvær var [svo], sem nefnast Austurbæjarvör og Suðurbæjarvör [033]. Auðnalendingar, Austurbæjarlending og Suðurbæjarlending," segir í örnefnaskrá. Austurbæjarlending er um 160 m norðan við bæ 001.
Vörin er í grýttri klapparfjöru vestan undir nýlegum sjóvarnargarði.
Vörin er ekki mjög greinileg og ekki að sjá að hún hafi verið hlaðin eða rudd og kann hún að vera náttúruleg. Hún er á milli tveggja lágra klappa og er stórgrýti í henni. Hún er um 30 m löng og 5-10 m breið, snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2


Austurbæjarvör 032, horft til vesturs

GK-146:033 *Suðurbæjarvör* renna lending
64°00.703N 22°19.165V
"Þá er komið að hinum reglulegur Auðnafjörum og þar eru Auðnavarir tvær var, sem nefnast Austurbæjarvör [032] og Suðurbæjarvör. Auðnalendingar, Austurbæjarlending og Suðurbæjarlending," segir í örnefnaskrá. Suðurbæjarlending er um 155 m norðvestan við bæ 001.
Vörin er í grýttri klapparfjöru.
Vörin virðist að mestu náttúruleg en hefur líklega verið rudd. Hún er um 20x5 m að innanmáli og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2


Suðurbæjarvör 033, horft til norðurs

GK-146:034 *Auðnanaust* heimild um naust 64°00.716N 22°19.109V
"Þar upp af [Auðnavörum 032 og 033] er Auðnanaust og Auðnaskiparétt [035]," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar Auðnanaust hefur verið nákvæmlega en líklega hefur það verið um 140 m norðvestan við bæ 001, upp af vörunum.
Ofan við Auðnavarir 032 og 033 til suðausturs er nýlegur sjóvarnargarður og innan við hann er tún í órækt.
Ekki sést til minja um naust í nágrenni Auðnavara. Minjarnar kunna að vera horfnar vegna landbrots eða framkvæmda við sjóvarnargarðinn.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2

GK-146:035 *Auðnaskiparétt* heimild um 64°00.717N 22°19.105V
"Þar upp af [Auðnavörum 032 og 033] er Auðnanaust [034] og Auðnaskiparétt," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar Auðnaskiparétt hefur verið nákvæmlega en líklega hefur hún verið um 140 m norðvestan við bæ 001, upp af vörunum og þétt við Auðnanaust.
Ofan við Auðnavarir 032 og 033 er nýlegur sjóvarnargarður og innan við hann er tún í órækt.
Ekki sést til minja um skiparétt í nágrenni Auðnavara. Minjarnar kunna að vera horfnar vegna landbrots eða framkvæmda við sjóvarnargarðinn.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2

GK-146:036 *Fjöruvötn* heimild um þvottastað 64°00.752N 22°19.091V
"Austan til við Auðnavarir [032, 033] eru svo kölluð Fjöruvötn. Þar var á fjöru þvegin þvottur alla jafnan og upp á vorin," segir í örnefnaskrá. Fjöruvötn eru líklega um 50 m norðaustan við Austurbæjarvör 032 og um 190 m norðan við bæ 001.
Fjöruvötn eru í grýttri klapparfjöru.
Ekki sjást skýr merki um fjöruvötn en vatn situr í klöppum á nokkrum stöðum og kann þvottur að hafa verið þveginn þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2

GK-146:037 *Sveinstættur* heimild
"Upp á Kampinum eru húsatættur, nefnast Sveinstættur," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar Sveinstættur hafa verið en allur Kampurinn var genginn og sáust ekki minjar á honum sem komu til greina sem leifar af Sveinstættum. Ekki reyndist unnt að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju. Líklegt er að þessar minjar séu horfnar vegna ágangs sjávar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2

GK-146:038 *Sundvarðan Neðri* varða samgöngubót
64°00.528N 22°19.121V
"Landamerkin að sunnan liggja úr Blákletti í Þúfuhól, en þar stendur Sundvarðan Efri [039], en Sundvarðan Neðri er nokkru neðar, eða um 600 faðma upp frá fjöru, en milli varðanna eru 150 faðmar," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 250 m suðvestan við bæ 001.
Varðan stendur hátt á klöpp í móa innan sumarhúsalóðar.
Varðan er um 2x2 m stór að grunnfleti og um 2 m á hæð. Upp úr henni stendur viðarraftur og hefur líklega verið kross eða annað merki á honum. Í vörðunni sjást 8 umför hleðslu. Lítið hefur hrunið úr henni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2


Sundvarðan Neðri 038, horft til NNV

GK-146:039 *Sundvarðan Efri* varða samgöngubót 64°00.457N 22°18.976V
"Landamerkin að sunnan liggja úr Blákletti í Þúfuhól, en þar stendur Sundvarðan Efri, en Sundvarðan Neðri [038] er nokkru neðar, eða um 600 faðma upp frá fjöru, en milli varðanna eru 150 faðmar," segir í örnefnaskrá. Sundavarða Efri er um 370 m sunnan við bæ 001.
Varðan er á lágum hraunhól í móa skammt neðan (norðvestan) vegar sem liggur um Vatnsleysuströnd. Hún er nú innan einbýlishúsalóðar en ekki er sýnilegt heiti á því eða götunúmer.
Varðan er um 1,5x1,5 m að grunnfleti, ferköntuð. Hún er um 1,7 m á hæð og sjást 6 umför hleðslu. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2


Sundvarðan Efri 039, horft til norðvesturs

GK-146:040 *Auðnastígur* heimild um leið 64°00.605N 22°19.043V
"Heim af þjóðveginum lá Auðnastígur niður að bæ, nú húsi," segir í örnefnaskrá. Líklega hefur Auðnastígur verið á sama stað og leið heim að bæ á túnakorti frá 1919 en hann liggur að bænum úr SSV.
Stígurinn er nú kominn undir malbikaðan veg sem liggur í gegnum tún.
Ekki sést til stígsins og eru allar líkur á að hann hafi horfið undir núverandi veg. Hann liggur að bænum úr suðvestri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2-3; Túnakort 1919

GK-146:041 *Sjávarstígurinn* heimild um leið 64°00.702N 22°19.079V
"En heiman frá bæjum lá svo Sjávarstígurinn niður á Kampinn," segir í örnefnaskrá. Hann er sýndur á túnakorti frá

1919 og liggur til NNV frá bæ 001.
Ofan á Sjávarstíginn hefur verið lagður malarvegur. Austan við leiðina er gamalt refabú sem hætt er að nota. Vestan við hana er tún sem komið er í órækt.
Ekki sést til sjávarstígsins sem hvarf að líkindum við gerð malarvegar á sama stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 3; Túnakort 1919

GK-146:042 *Höfðastígur* hleðsla leið 64°00.604N 22°18.955V



Hleðsla 042, horft til norðausturs

"Á mörkum milli Auðna og Höfða, sem stóð í Höfðatúni, var Höfðastígur, sem lá af Auðnastíg [040] heim til bæjar [022 og/eða 001]," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 sést hvar leiðin liggur af Auðnastíg 040, um 20 m norðan við útihús 016, að Höfða 022 til austurs og beygir svo þaðan til norðurs að Auðnum 001.
Frá Auðnastíg lá stígurinn þar sem nú er malarvegur að Höfða á milli klapparhóla og Höfðatjarnar sem nú er þurr. Frá Höfða að Auðnum lá stígurinn um tún sem komið er í órækt.
Leiðin hefur að mestu horfið undir núverandi malarveg og sést ekki í túni. Hlaðinn kantur er á hólbrún ofan við Höfðatjörn og hefur hann að líkindum verið hlaðinn í tengslum við leiðina. Hann sést fast norðvestan við húsið á Höfða og nær út að malarvegi. Hann er um 30 m að lengd, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hæð kantsins er um 0,5 m og sjást 2-3 umför. Ekki er hægt að gera sér grein góða grein fyrir breiddinni þar sem vegurinn liggur að miklu leyti ofan á kantinum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 3


GK-146:043 heimild um sjóbúð 64°00.708N 22°19.085V
Í bókinni Litla skinnið eftir Jón Thorarensen segir: "Stígur lá frá íbúðarhúsinu til sjávar, sjávargata [041]. Við þann stíg stóð hið óæðra sjómannaskýli, sjálf verbúðin. Í henni voru 20 sjómenn. Verbúð þessi var öll af torfi, löng og mjó, lágreist og hrörleg, en ekki mjög köld. Rúmfleti voru meðfram báðum miðveggjum og tveir menn í hvoru rúmi, og lágu þeir andfætis, voru það vanalegast hlutalagsmenn. [...] Þanghlaði mikill tyrftur og hlaðinn upp sem hey, stóð þar ekki langt frá verbúðinni. Var það mest notað til eldsneytis, en sjómenn máttu leysa sér nokkra visk úr þessum þanghlöðum og bera í fleti sín og breiða það á rúmbálkinn, og skyldi koma í stað undirsængur." Nákvæm staðsetning verbúðarinnar er ókunn en líklegt er að hún hafi verið um 115 m norðvestan við bæ 001.
Verbúðin var skammt frá sjó á flatlendi við Sjávarstíg 041 sem lá í gegnum túnið á Auðnum.
Engin torfmannvirki sjást nú við Sjávarstíginn. Líklegt er að minjarnar hafi horfið við vegagerð eða vegna framkvæmda við refabú sem er austan við Sjávarstíginn, ef þær hafa ekki verið horfnar fyrir þann tíma.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Jón Thorarensen, 111-112

GK-146:044 heimild um varnargarður 64°00.732N 22°19.110V
Í bókinni Litla skinnið eftir Jón Thorarensen segir: "Grjótgarður [028] mikill gekk út frá húsum þessum til beggja handa. Innan þess garðs var túnið, en að utan malarkamburinn með fiskverkunarreitum. [...]. Norðan megin við lendingarstaðinn voru "bólverk" til fiskverkunar. Var þar hlaðinn garður úr stórgrýti til varnar sjávargangi. Að þeim garði unnu sjómenn í landlegum, endurgjaldslaust. Fram af þessu bólverki tók við klettahryggur, sem nefndist Snasi. Þangað voru allir þorskhausar bornir, bæði af hlutum vermanna og útvegsbónda." Hér er garðurinn og fiskreitirnir sem nefndir eru hér að framan skráðir saman en þetta hefur allt verið á fremur litlu svæði norðan við Austurbæjarvör. Ekki er ljóst hvar þessar minjar voru nákvæmlega en þó er líklegt að þær hafi verið um 10 m norðan við Austurbæjarvör 032 og um 165 m norðvestan við bæ 001.
Á þeim stað slóðum sem þessi mannvirki hafa líklega verið er nú búið að hlaða nýlegan sjóvarnargarð.
Ekki sést til varnargarðsins sem hér er skráður eða ummerkja um fiskireiti og er líklegt að minjarnar hafi horfið vegna landbrots eða við gerð nýlegs sjóvarnargarðs. Ekki er útilokað að garðurinn sé að hluta eða öllu sama mannvirki og hleðsla 012 en hún er 20 m ASA við Austurbæjarvör 032 og 70 m norðaustan við Suðurbæjarvör 033.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Jón Thorarensen, 119

GK-146:045 *Auðnabrunnstígur* heimild um leið 64°00.674N 22°18.964V
"Auðnabrunnur 005 var austan bæjarins, og Auðnabrunnstígur heim til bæjar [001]," segir í örnefnaskrá.
Mikið rask hefur orðið á milli bæjarhóls 001 og Auðnabrunns 005 vegna vegagerðar og mannvirkjagerðar en stígurinn lá um tiltölulega slétt svæði.
Ekki sést til minja um stíginn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 3

GK-146:046 *Markavörður* heimild um landamerki
"Um Markavörður liggur landamerkjalínan milli Auðnahverfis og Breiðagerðis upp Heiðina ..." segir í örnefnaskrá
Sesselja Guðmundsdóttir telur helst að Markavörður hafi verið það sama og 029. Hann segir að þeir heimildamenn sem hún hafi rætt við hafi verið mjög óvissir með þessa staðsetningu og því hafi sér ekki tekist að staðsetja þetta nema helst sem 029. (Sjá fornleif 029). Við skráningu 2010 sást ekki til Markavarða á svæðinu milli túns Auðna og Auðnaborgar 047.
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 3

GK-146:047 *Auðnaborg* tóftir fjárskýli 64°00.209N 22°18.240V



Tóftir 047


Yfirlitsmynd af tóftum 047, horft til norðurs

"Hrúthóll heitir klapparhóll og Vatnshólar og svo er Auðnaborg fjárborg," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Upp og suður af Skálholti er Auðnaborg í grasmóa sunnan í hól. Þar er nokkuð heilleg fjárrétt með stórum almenningi og tveimur dilkum, en uppi á hólnum við réttina eru rústir af tveimur kofum. Lítill stekkur er rétt neðan og vestan við borgina en engar heimildir eru til um nafn hans." Minjarnar eru um 1 km suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru á og við grösugan hól í hraunmóa með moldarflögum.
Minjarnar eru á svæði sem er um 36x28 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Vestast á svæðinu er tóft A. Hún er einföld og er um 6x4 m að stærð. Hún snýr norðaustur-




Tóftir 047A og 047B, horft til norðvesturs



Tóft 047D, horft til suðvesturs

suðvestur. Inngangur er inn í hana úr suðvestri. Mögulegt er að tóftin hafi verið tvískipt en hún er ógreinileg í suðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin er gróin og ekki sést grjót í veggjum. Tóft B er fast norðvestan við tóft A og er hún uppi á hæsta hólnum. Hún er um 3x3 m að stærð og er einföld. Inngangur er í suðvesturenda. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m en tóftin er gróin og ekki sést í grjót í veggjum. Fast norðan tóft B er afar ógreinileg tóft C. Hún er einföld, er um 3x2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð um 0,3 m. Ekki sést í grjót í veggjum. Tóftin er opin til suðvesturs. Um 2 m norðan við C er tóft D, líklega stekkurinn sem talað er um í Örnefni og gönguleiðir. Hann er einfaldur og er um 3x4 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Inngangur er í norðurhorni. Mesta hleðsluhæð tóftar D er um 0,5 m. Hún er algróin og nokkuð hlaupin í þúfur. Gróður er hvað dekkstur á henni sem bendir líklega til þess að styst sé síðan hún var í notkun og að hún sé líkega yngri en aðrar tóftir á svæðinu. Neðan við hólinn sem tóftir B og C eru á, til norðausturs, er lítil renna E sem kann að vera manngerð. Hún er um 3x1 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Suðvestan við tóftirnar er stór og grjóthlaðin rétt F sem skiptist í 4 hólf. Réttin er um 36x20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er um 12x13 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Op er á því í suðvesturhorni. Hólf II og III eru við SSA-enda hólfs I. Hólf II er um 6x4 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Hólf III er um 5x5 m að innanmáli. Ekki sjást op inn í þessi hólf. Hólf IV er suðvestan við fyrrnefndu hólfin og er um 34x10 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ekki er veggur fyrir NNV-enda og kann þetta að hafa verið innrekstrartrekt. Rask hefur orðið á VNV-vegg hólfsins við lagnagröft. Mesta hleðsluhæð réttar er um 1,2 m og sjást 6 umför. Víðast eru þó hleðslur lægri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 3; SG: Örnefni og gönguleiðir, 30

GK-146:048 *Hóll* tóft bústaður 64°00.520N 22°19.119V



Tóft 048




Tóft 048, horft til SSA

"Og svo er eitt tómthús, Hóll. ... Skammt frá Þúfuhól er þurrabýlið Hóll í Hólslóð," segir í örnefnaskrá. Tóft Hóls er um 265 m frá bæ 001 og um 10 m sunnan við Sundvörðu Neðri 038.
Tóftin er uppi á klapparhól í hraunmóa, innan sumarhúsalóðar.
Tóftin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 6x13 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mesta hleðsluhæð er um 1,6 m og sjást 5 umför í innanverðum hleðslum. Ekki fundust heimildir um aldur bústaðarins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 2

GK-146:049 gryfja 64°00.609N 22°19.182V



Gryfja 049, horft til norðvesturs



Gryfja 049

Gryfja, líklega slorfor, er um 15 m austan við tóft 058 og um 160 m vestan við bæ 001.
Forin er fast sunnan varnargarðs 028 í litlu mýrlendi í móa austan við fjöruna, utan túns Auðna.
Forin er um 3x6 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Ekki sjást í henni hleðslur en laust grjót er í leðju í botni hennar. Hún er um 0,3 m á dýpt, allþurr og gróin að hluta. Mögulega hefur þetta verið slorfor fyrir Bergskot GK-147 en kann einnig að tengjast Ólafsbúð 025.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 4

GK-146:050 *Auðnaselsstígur* heimild um leið 63°59.555N 18°17.201V
"Þá liggur fyrir Klofgjá og blasir við Klifgjárbarmur og rétt þar fyrir ofan er Auðnasel og Höfðasel og Breiðagerðissel [þessi sel hafa væntanlega öll verið á sama stað, skráð sem Auðnasel 148:039]. Til selja þessara lá aðeins einn stígur Auðnaselsstígur," segir í örnefnaskrá. Auðnaselsstígur lá skáhallt frá Auðnum til selsins og hefur þá vísast legið um Reykjanesbraut 400-500 m austan við Þyrluvörðu (reist þar sem þyrla fórst 1965) og um 2 km vestan við þar sem Marteinsskáli (151:051) sést frá Reykjanesbrautinni.
Á þessu svæði er gróið hraun en skrásetjari kom ekki auga á greinilegan stíg í námunda við Reykjanesbrautina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 4

GK-146:051 heimild um útihús 64°00.573N 22°18.870V
"Liggja landamerkin milli Bergskots [RA-147 og Höfða [022] eftir endilöngum hólnum, úr enda hans beina línu í gamalt tóftarbrot, sem er suður og upp af Höfða-túngarðinum," segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni að dæma og þeim mörkum sem sýnd eru milli Höfða og Bergskots á túnakorti var tóftin þar sem garðar 052 og 147:012 mætast, um 185 m sunnan við bæ 001.
Tóftin var á mörkum túna og móa.
Ekki sést til tóftarinnar en líklegt er að hún hafi verið af útihúsi. Ef til vill hefur grjót úr henni verið notað í túngarða Höfða og Bergskots.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Höfði í Auðnahverfi, 1, Túnakort 1919

GK-146:052 garðlag túngarður 64°00.574N 22°18.871V



Túngarður 052, horft til vesturs


"Neðanvert við hólinn [Klappir] er aflöng slétta, er nefnist Leynir. Þar var mikið skjól fyrir vestan og norðanátt. Garðlag lá eftir Leyninum. Þar stóð hús, hlaðið úr grjóti, sem var kallað Lambhús [021]," segir í örnefnaskrá. Líklega er hér átt við garð sem er í framhaldi af heiðargarði 147:012 í landi Bergskots GK-
147 og afmarkaði tún Höfða 022. Garðurinn er um 185 m sunnan við bæ 001.
Garðurinn er á mörkum túns og móa í dálítilli lægð milli klapparhóla.
Garðurinn er grjóthlaðinn og liggur austur-vestur. Hann er um 1 m á breidd og um 1 m á hæð. Hann sést á um 110 m löngum kafla en hefur verið rifinn að hluta. Garðurinn er siginn og gróinn en þó sjást 2-3 umför hleðslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Höfði í Auðnahverfi, 1

GK-146:053 hleðsla óþekkt 64°00.553N 22°18.925V



Hleðsla 053, horft til vesturs



Hleðsla 053

Hleðsla er um 200 m sunnan við bæ 001 og um 50 m suðaustan við Lambhús 021.
Hleðslan er sunnan undir litlum klapparhól í útrækt úr túni Höfða 022.
Grjótdreif er á svæði sem er um 7x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hleðslan er í vesturjaðri hennar og er um 4 m á lengd. Hún snýr norður-suður og er um 0,5 m á breidd en 1 m á hæð. Þrjú umför sjást í hleðslunni. Ekkert er vitað um hlutverk mannvirkisins en mögulega er þetta leifar grjótgarðs eða gerðis umhverfis Lambhús 021.
Hættumat: engin hætta

GK-146:054 heimild um mógrafir 64°00.618N 22°18.964V
"Fyrir neðan og vestan bæinn [Höfða 022] er Höfðatjörn. Þar var tekinn mór, síðast árið 1918," segir í örnefnaskrá. Tjörnin er um 80 m sunnan við bæ 001 og um 35 m VNV við Höfða 022.
Tjörnin er þurr og gróin og umhverfis hana eru klapparhólar.
Ekki sjást ummerki um mótekju við tjörnina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Höfði í Auðnahverfi, 2

GK-146:055 *Höfðavatn* heimild um þvottastað 64°00.671N 22°19.179V
"Höfðavatn [svo] er hvergi getið, þó munu þau vera til eins og með hinum bæjunum," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvar Höfðavatn eða -vötn eru en mögulega hafa þau verið á klöppum um 140 m norðvestan við bæ 001 og um 35 m norðan við Höfðavör. Þó að það sé ekki tekið fram í heimild má ætla að þvottur hafi verið þveginn í Höfðavatni/-vötnum eins og í Bergskotsvötnum 063 og Fjöruvötnum 036.
Þvottastaðurinn er líklega í flötum klöppum í grýttri fjöru.
Ekki sést til fornleifa og nákvæm staðsetning ókunn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Höfði í Auðnahverfi, 2

GK-146:056 *Bergskotsvör* renna lending 64°00.601N 22°19.222V
"Sjávargata [147:010] kallast sú leið, er lá frá bænum [Bergskoti GK-147] til sjávar, niður í lendinguna og naustin [058] (þ.e. Bergskotsvör). Sjávargatan lá um Suðurtún," segir í örnefnaskrá. "Vestast í fjörunni er Bergskotsvör," segir í örnefnaskrá Auðnahverfis. Vörin er um 200 m vestan við Auðnar 001 og um 350 m vestan við Bergskot 147:001. Vörin og aðrar minjar í fjöru sem tilheyrðu Bergskoti eru skráðar með Auðnum þar sem líklegt er að Bergskot hafi aðeins átt tún umhverfis bæinn en annað tilheyrt heimajörðinni Auðnum.



Bergskotsvör 056, horft til vesturs

Vörin er í grýttri klapparfjöru, SSV við lítinn tanga í fjörunni.
Vörin er um 6x25 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hlaðinn veggur er með hliðum hennar, sýnu stæðilegri er veggurinn sem er meðfram norðurhliðinni en hann er um 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 2, Ö-Auðnahverfi, 2




Mylla 057, horft til suðausturs

GK-146:057 hús mylla

64°00.500N 22°19.090V
Í bók Guðmundar Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Þá stofnaði Stefán, ásamt fleirum, samtök meðal hreppsbúa sem byggðu rammgerða vindmyllu 1918-19. Skyldi hún mala þurrkuð bein úr sjávarafurðum til skepnufóðurs. Stendur þetta sérkennilega hús enn, þ.e. steyptir veggir [...] Beinmyllan stóð stutt og var aflögð 1920-21." Myllan er um 150 m suðvestan við bæ 001.
Myllan stendur á klapparhól í móa rétt utan túns, um 10 m vestan við veg heim að Auðnum.
Myllan er steinsteypt og er um 3 m á kant að grunnfleti. Dyr eru á norðvesturhlið og gluggar á suðvestur- og suðausturhliðum. Myllan mjókkar lítið eitt upp, er um 4 m á hæð. Timburbrak er utan við og innan í myllunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 297

GK-146:058 tóft naust



Tóft 058 auk tóftar 062 og Sjávargarðs 028

64°00.603N 22°19.199V
"Sjávargata [147:010] kallast sú leið, er lá frá bænum [Bergskoti GK-147] til sjávar, niður í lendinguna og naustin (þ.e. Bergskotsvör [056]). Sjávargatan lá um Suðurtún," segir í örnefnaskrá. Tóft naustsins sem hefur tilheyrt Bergskoti er um 330 m vestan við Bergskot 147:001 og um 180 m suðvestan við Auðna 001.


Tóft 058, horft til suðurs


Tóftin er skammt utan túns Auðna í móa á sjávarbakka.
Tóftin er um 6x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda er hóll sem afmarkar þá hlið, til vesturs er fjaran og ekki er veggur fyrir þeirri hlið. Hleðslur eru hrundar að miklu leyti, um 1,5 m á breidd og um 0,5 m á hæð, mest sjást 4 umför. Tóftin er allstór og lítur ekki út eins og dæmigert naust.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 2

GK-146:059 náma mógrafir
64°00.403N 22°18.363V
Tvær litlar gryfjur, líklega mógrafir eru um 700 m suðaustan við bæ 001.
Mógrafirnar eru vestan undir Skálholti í lyngmóa með moldarflögum.
Grafirnar eru á svæði sem er um 6x4 m og snýr norður-suður. Mesta dýpt er um 0,5 m og eru þær grónar og að mestu þurrar.
Hættumat: engin hætta


Mógrafir 059, horft til vesturs

GK-146:060 hleðsla óþekkt


Hleðsla 060, horft til suðvesturs




Hleðsla 060

64°00.411N 22°18.418V
Grjóthleðsla er um 660 m suðaustan við bæ 001.
Hleðslan er á lágum hraunhelluhól í hraunmóa með moldarflögum.
Mannvirkið er um 1,5x1 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Það er opið til norðausturs. Mesta hæð er um 0,3 m og sjást tvö umför. Lítilsháttar hefur hrunið hleðslunni, Ekki er vitað hvaða hlutverki mannvirkið gegndi en mögulega er það leifar af skotbyrgi.

Hættumat: engin hætta

GK-146:061 tóft beitarhús 64°00.377N 22°18.671V



Tóft 061

"Um 300 m vestur af Skálholti [148:047] og stuttu ofan við Strandarveginn er fjárhústóft á grónum hól," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Fjárhústóft er um 585 m SSA við bæ 001.
Tóftin er á hól í hraunmóa með moldarflögum. Næst tóftinni er grasi vaxið og þýft.
Tóftin skiptist í fjögur hólf og er líklega torf og grjóthlaðin. Hún er um 13x9 m að stærð, snýr austur-vestur. Vestast er hólf I og er gengið inn í tóftina um það hólf í vesturenda. Það er um 2x3,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Mikið grjóthrun er inni í hólfinu. Næst austan við það er lítið hólf II sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sjást op á því. Hólf III er í austurenda og er það um 4x4 m að innanmáli. Veggir þess eru víðast mjög signir. Óljós inngangur er í austurenda hólfsins. Hólf IV er fast sunnan við hólf I. Það er í brekku og er um 2x3 m að stærð. Það snýr norðvestur-suðaustur og er óljós inngangur í norðausturenda. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,6 m.



Tóft 061, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 29

GK-146:062 *Byrgið* tóft herslubyrgi 64°00.612N 22°19.202V


Tóft 062, horft til norðurs

"Byrgið stendur norðan við naustið [058] og er hlaðið úr grjóti, veggjabrotin standa eftir af því. [það var fiskibyrgi]," segir í örnefnaskrá. Byrgið tilheyrði Bergskoti. Tóftin er um 335 m vestan við Bergskot 147:001 og um 175 m suðvestan við Auðna 001.
Tóftin er skammt utan túns Auðna í móa á sjávarbakka. Sjávarkampurinn er kominn fast að henni.
Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 8x6 m að stærð. Nokkuð hefur hrunið úr henni til norðausturs og sjávarkamburinn er að fara yfir norðvesturenda hennar. Hólf I er um 2x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hefur verið inngangur í suðvesturenda en lá hleðsla er þar engu að síður. Hólf II er um 3x3 m að innanmáli. Sennilega hefur einnig verið op á því hólfi til suðvesturs en á þeirri hlið er lágur veggur. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 5 umför.



Tóft 062 auk tóftar 058 og Sjávargarðs 028

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 3

GK-146:063 *Bergkotsvötn* heimild um þvottastað 64°00.616N 22°19.233V

"Að vestanverðu út af Blákletti eru fjöruvötn, þar var þvegin ull á vorin og einnig þvottur (Bergkotsvötn). Oft var drykkjarvatn sótt í fjöruvötnin á sumrum, þegar þurrkasamt var," segir í örnefnaskrá. Vötnin eru að líkindum um 360 m VNV við Bergskot 147:001 og um 195 m norðaustan við Auðna 001.
Vötnin eru að líkindum í þangi vaxinni klapparfjöru.

Ekki er ljóst hvar vötnin voru nákvæmlega og ekki sáust nein ummerki um þau.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 3

GK-146:064 heimild um fiskreitur 64°00.623N 22°19.198V
"Norður af Byrginu [062] var grjótkampur, er notaður var til fiskþurrkunar fyrir Bergskot [GK-147] og Höfða [022]," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst af lýsingunni hvort grjótkampurinn hafi verið manngerður en allmikill grjótkampur er í fjörunni utan við garð 028, um 330 m austan við bæ Bergskot 147:001 og um 165 m norðaustan við Auðnabæ 001.
Grjótkampurinn er á milli klapparfjöru og Auðnatúns.
Ekki er að sjá að grjótkampurinn sé manngerður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 4


Gk-146:065 heimild um kálgarð 64°00.639N 22°19.023V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tveir kálgarðar fast sunnan og vestan við bæjarhól 001.
Kálgarðarnir voru í flatlendu túni sem komið er í órækt. Núverandi íbúðarhús er byggt þar sem norðvestari kálgarðurinn var.
Ekki sést til minja um kálgarðana en samkvæmt túnakorti voru þeir saman um 70x40 m að stærð og sneru norðvestur-suðaustur. Auðnastígur 040 liggur á milli garðanna. Líklegt er að sléttað hafi verið úr túngörðunum við túnasléttun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-147 Auðnakot (Bergskot)

Hjáleiga Auðna 1703, dýrleiki óviss. JÁM III, 138. Upphaflega tómthús. GJ: Mannlíf og mannvirki, 302.
1919: Tún 1,3 teigar, garðar 670m2.

GK-147:001 *Auðnakot* bæjarhóll bústaður 64°00.602N 22°18.791V


Bæjartóft Auðnakots 001, horft til norðausturs




Bæjartóft Auðnakots 001, auk kálgarða 006-008 og brunns 004

"Bærinn var hlaðinn út torfi og grjóti og kringum hann voru grjótgarðar," segir í örnefnaskrá. Bergskot er um 200 m suðaustan við bæjarhól Auðna 146:001. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir að Þórarinn Einarsson og Guðrún Þorvaldsdóttir hafi búið í Bergskoti til 1925 en þau eignuðust líka Höfða 146:022 og sameinuðu jarðirnar. Líklega hefur verið hætt að búa í bænum 1925. Tengdasonur Þórarins byggði nýtt íbúðarhús um 30 m suðvestan við gamla bæinn og kallaði það Bergstaði. Gamla Bergskotsjörðin fylgdi þó ekki húsinu.
Tóft bæjarins er í grösugu og tiltölulega flatlendu túni. Bergstaðir, íbúðarhús, er fast vestan við bæjarhólinn.
Ekki er að sjá greinilegan bæjarhól en umtalsverðar byggingar eru á bæjarstæðinu. Stór og greinileg bæjartóft sést

enn, auk þriggja kálgarða (sjá fornleifar 006-008). Tóftin er um 14x14 m að stærð og skiptist í 3 hólf. Hún er grjóthlaðin og gróin. Hólf I er vestast, er um 6x2,5 m að innanmáli og snýr suðaustur-norðvestur. Inngangur er í suðurhorni. Mikið hefur hrunið úr suðvesturlangvegg og ekki er útilokað að annar inngangur hafi verið á þeirri hlið. Hólf II er austan við hólf I, er um 4x4 m að innanmáli en ekki er nema lágur veggur meðfram suðaustur- og suðvesturhliðum þess. Hólf III er fast norðvestan við hólf II og fast norðaustan við hólf I. Það er niðurgrafið og er um 3x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Mögulega hefur verið op í það úr hólfi I en það er ekki greinilegt. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,8 m og sjást 5 umför í hleðslum. Út frá vesturhorni hólfs I er stakur veggur sem er um 4 m á lengd og um 2 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 1; Túnakort 1919; GJ: Mannlíf og mannvirki, 304

GK-147:002 *Slorfor* heimild um 64°00.602N 22°18.810V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 5 m norðvestan við bæ 001. Í örnefnaskrá segir: "Þar í túninu [Suðurtúni] bjó Þórarinn [Einarsson] til djúpa gryfju, safnaði í hana fiskslori. Hún var nefnd Slorfor. Síðan var slorið notað til áburðar á tún og græddar upp berar klappir." Umrædd þró er að öllum líkindum sama þró og merkt er á túnakortinu. Þróin var í grösugu túni sem komið er í órækt.
Ekki sést til mannvirkisins og hefur líklega verið fyllt upp í það en grjót er í túninu á þeim stað sem líklegt er að það hafi verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 2-3

GK-147:003 tóft útihús 64°00.617N 22°18.707V



Tóft 003


Tóft 003, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80 m austan við bæ 001. Þar sést enn lítil tóft.
Tóftin er í túnjaðri við merkin móti Landakoti GK-148.
Tóftin er um 5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og grjóthlaðin. Inngangur er í norðvesturhorni. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 3 umför hleðslu í innanverðri tóftinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-147:004 *Bergkotsbrunnur* brunnur brunnur 64°00.593N 22°18.764V


Bergskotsbrunnur 004, horft til suðausturs

"Austan við bæinn [001] var brunnur (vatnsból), Bergkotsbrunnur. Brunnur þessi var hlaðinn innan, og var hann tæp mannhæð á dýpt. Vatn úr honum var notað handa skepnum og einnig til þvotta, en óhæft til drykkjar, svo sækja var neyzluvatn á næsta bæ, Landakot [GK-148]," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er um 25 m suðaustan við bæ 001.
Brunnurinn er í þýfðum móa, rétt utan (suðaustan) við kálgarða 007 og 008.
Brunnurinn er um 3 m í þvermál, grjóthlaðinn. Hleðslur standa um 0,3 m upp úr jörðu og eru um 0,5 m á breidd. Ekki sést ofan í brunninn og kann hann að hafa fallið saman eða verið fylltur af grjóti og öðru efni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 2; Túnakort 1919

GK-147:005 garðlag túngarður 64°00.655N 22°18.756V
"Bærinn var hlaðinn út torfi og grjóti og kringum hann voru grjótgarðar. ... Túnið fyrir sunnan bæinn var nefnt Suðurtún. Það nær að Höfðatúni. Grjótgarðar skýldu túninu að, en grjótgarðslögin sjást enn að mestu leyti og skilja túnið frá óræktuðum móum og klöppum," segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sést enn á stuttum kafla um 100 m

norðaustan við bæ 001 og þar sem hann tengist heiðargarði 012, um 80 m suðaustan við bæ 001.
Túngarðurinn sést norðvestan undir Landakotshól á mörkum túns, nærri merkjum móti Landakoti GK-148 og Auðnum GK-146.
Túngarðsleifar sjást á svæði sem er um 140x10 m að stærð og snýr norður-suður. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tún Bergskots þá um 180x110 m að stærð og snéri norðaustur-suðvestur. Norðaustan við bæinn sést garðurinn á um 20 m löngum kafla þar sem hann liggur nálega norður-suður. Hann er um 1 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Hann er líklega grjóthlaðinn en ekki sést í grjót fyrir gróðri. Þar sem garðurinn sést suðaustan við bæ er einföld röð steina á um 15 m löngum kafla. Þar er hann um 0,2 m á hæð og um 0,4 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 1-2


Garðlag 005, horft til SSA

GK-147:006 *Vesturgarður* gerði kálgarður 64°00.612N 22°18.794V


Vesturgarður 006, horft til suðvesturs

"Bærinn var hlaðinn út torfi og grjóti og kringum hann voru grjótgarðar [005]. Innan þeirra voru matjurtagarðar, sem nefndust Vesturgarður (þar voru ræktaðar gulrófur), Austurgarður [007] og Suðurgarður [008]. Þessir hlöðnu garðar standa enn," segir í örnefnaskrá. Vesturgarður er fast norðvestan við bæjartóft 001.
Í grónu túni.
Kálgarðurinn er um 16x16 m að stærð en ekki er lengur veggur fyrir suðvesturhlið hans. Hann er grjóthlaðinn en gróinn og er mesta hæð um 0,6 m. Líklega hefur verið gerð rotþró fyrir íbúðarhús Bergstaða (sem er skammt suðvestan við bæjarhól Bergskots) inni í kálgarðinum því þar stendur rör upp úr dálitlum hól.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 1

GK-147:007 *Austurgarður* gerði kálgarður 64°00.601N 22°18.768V


Austurgarður 007, horft til norðvesturs

"Bærinn var hlaðinn út torfi og grjóti og kringum hann voru grjótgarðar [005]. Innan þeirra voru matjurtagarðar, sem nefndust Vesturgarður [006] (þar voru ræktaðar gulrófur), Austurgarður og Suðurgarður [008]. Þessir hlöðnu garðar standa enn," segir í örnefnaskrá. Garðurinn er fast suðaustan við bæjartóft 001.
Garðurinn er fast við móa á mörkum túns.
Garðurinn er grjóthlaðinn, er um 26x14 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hann er ekki ýkja gróinn, er um 0,5 m á hæð og sjást 3 umför af hleðslu. Innan kálgarðs er lítil grjótþúst sem er um 1,5 m í þvermál og um 0,3 m á hæð. Óvíst er um hlutverk hennar eða hvort um mannvirki er að ræða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 1

GK-147:008 *Suðurgarður* gerði kálgarður 64°00.593N 22°18.783V
"Bærinn var hlaðinn út torfi og grjóti og kringum hann voru grjótgarðar [005]. Innan þeirra voru matjurtagarðar, sem nefndust Vesturgarður [147:006] (þar voru ræktaðar gulrófur), Austurgarður [147:007] og Suðurgarður. Þessir hlöðnu garðar standa enn," segir í örnefnaskrá.

Garðurinn er fast norðaustan við íbúðarhús Bergstaða og norðvestan við móa, í framhaldi til suðvesturs af Austurgarði.
Garðurinn er grjóthlaðinn og nokkuð gróinn. Hann er um 35x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 3 umför af hleðslu. Aðeins er kantur sem skilur á milli þessa garðs og Austurgarðs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 1


Suðurgarður 008, horft til norðausturs

GK-147:009 heimild um leið
64°00.607N 22°18.886V
"Milli Bergskots [001] og Höfða [146:022] var stígur, og lá hann austan í Lákahól, en hann er langur hóll. Eftir honum lágu mörkin milli bæjanna," segir í örnefnaskrá.
Leiðin lá um tún og yfir Lákahól.
Ekki sást til leiðarinnar en mikill gróður er í túni Bergskots. Af túnakorti að dæma var leiðin um 120 m löng og lá austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 2; Túnakort 1919

GK-147:010 *Sjávargata* heimild um leið 64°00.589N 22°18.887V
"Sjávargata kallast sú leið, er lá frá bænum [001] til sjávar, niður í lendinguna og naustin [146:058] (þ.e. Bergskotsvör [146:056]. Sjávargatan lá um Suðurtún," segir í örnefnaskrá.
Leiðin lá um grösug og fremur slétt tún.
Ekki sést til leiðarinnar en frá Bergskoti að Bergskotsvör eru um 350 m og lá leiðin austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bergskot í Auðnahverfi, 2

GK-147:011 gerði kálgarður
64°00.603N 22°18.840V
Í túni Bergskots var stórt gerði, líklega kálgarður, sem hefur verið jafnað út. Það er um 20 m vestan við bæ 001.
Gerðið er í tiltölulega flatlendu túni, fast norðvestan við lóð umhverfis íbúðarhúsið á Bergsstöðum.
Gerðið er um 35 m á kant. Veggir þess eru um 1 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Suðurhluti þess er að mestu horfinn eða hulinn vegna rasks við byggingu íbúðarhúss Bergsstaða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Gerði 011, horft til vesturs

GK-147:012 garðlag vörslugarður 64°00.596N 22°18.656V


Garðlag 012, horft til vesturs

Garður er sunnan við tún í Bergskoti 001. Hann er samtengdur garði 148:026 í landi Landakots og tengist einnig garði 146:052 í landi Auðna. Garðurinn er um 50 m sunnan við bæ 001. Frá Bakka GK-156 til og með Auðnum er nokkuð óslitinn garður sem skilur tún jarðanna frá beitarlandi í Strandarheiði. Hann er sumsstaðar kallaður Heiðargarður og er skráður á hverri jörð fyrir sig enda óvíst að hann sé allur frá sama tíma.
Garðurinn liggur um hæðir í móa utan túns.
Garðurinn er stæðilegur, grjóthlaðinn og er um 1 m á breidd og um 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Þar sjást 6 umför hleðslu. Garðurinn sést á um 140 m löngum kafla og liggur nokkurn veginn norðaustur-suðvestur. Garðurinn hefur verið rifinn á kafla þar sem íbúðarhús Bergsstaða stendur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir:Ö-Auðnahverfi, 4

GK-147:013 heimild um leið 64°00.624N 22°18.883V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá Bergskoti 001 að Auðnum 146:001. Leiðin var um 200 m að lengd og lá norðvestur-suðaustur.
Leiðin lá um hæðótt tún, austan við Höfða 146:022.
Ekki sást til ummerkja um leiðina á vettvangi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-148 Landakot

Nefnd hálflenda, jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 139-140. 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs 3 vættir fiska. Árni Óla: Strönd og Vogar, 26. Guðmundur Jónsson segir þetta býli hafa verið höfuðból Vatnsleysustrandarhrepps á árunum 1830-1930. Gata 013 var tómthús milli Landakots og Þórustaða í Landakotslandi. GJ: Mannlíf og mannvirki, 304, 309. Niður við sjó var býlið Lönd 015 .Ö-Landakot GS, 2.
1703: "Túnin fordjarfast stórum af sandi og sjáfargángi allareiðu til þriðjúngs. Engjar eru öngvar." JÁM III, 140.
1919: Tún 4,7 teigar, garðar 1620m2.

GK-148:001 *Landakot* bæjarhóll bústaður 64°00.698N 22°18.715V



Yfirlitsmynd af mannvirkjum á bæjarstæðinu


Landakot 001, horft til austurs

Í bókinni Mannlíf og mannvirki eftir Guðmund Jónsson segir: "Einnig byggði hann [Guðmundur Brandsson bóndi í Landakoti] nýtt íbúðarhús í Landakoti um 1883-4 á líkum tíma og aðrir hér í hreppi byggðu úr James-Town strandinu í Höfnum." "Núverandi íbúðarhús var byggt 1925-27 norðan við grunn eldra húss, sem rifið var. Standa nú tröppur þess húss einar eftir, og mótar fyrir grunnir," segir í örnefnaskrá Heimildum ber ekki saman um byggingarár núverandi íbúðarhúss; í bók Guðmundar Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir að steinhúsið hafi verið byggð um 1921-22. Húsið sem byggt var á árunum 1883-4 er það hús sem sýnt er á túnakorti frá 1919 en samtengt því var annað hús sem stóð fast austan við það og er mynd af báðum húsum í bókinni Mannlíf og mannvirki.
Bærinn er í miðju túni sem nýtt er til beitar. Í túninu eru klappir sem eru að mestu grónir hólar.
Ekki er eiginlegur bæjarhóll sýnilegur í Landakoti. Núverandi íbúðarhús og áfast fjós eru fast austan við húsið sem byggt var 1883-4 og hafa líklega raskað bæjarhólnum en óvíst er hversu umfangsmikill hann var ef hann hefur náð að myndast. Kjallari, um 1 m djúpur, er undir húsinu. Enn sjást leifar af húsgrunni gamla hússins frá 1883-4 en hann er um 4x8 m að stærð, þar hann sem sést, og er múr eða sementslím í hleðslum sem eru um 0,5 m á hæð. Steyptar tröppur eru upp á grunninn á vesturhlið en grunnurinn snýr norður-suður. Í framhaldi af húsgrunninum til suðurs eru hleðslur úr kálgarði 028 sem sýndur er á túnakorti frá 1919.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Landakot, 3; GJ: Mannlíf og mannvirki, 304, 306; Túnakort 1919


GK-148:002 heimild um útihús 64°00.710N 22°18.698V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 20 m norðaustan við bæinn 001.
Útihúsið var í túni sem nýtt er til beitar.
Ekki sést til minja um útihúsið og er líklegt að það hafi verið rifið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-148:003 heimild um útihús 64°00.701N 22°18.693V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús um 10 m austan við bæ 001. Útihúsið stóð að líkindum fast austan við núverandi íbúðarhús.
Nokkuð flatlent tún sem nýtt er til beitar er nú þar sem útihúsið stóð.
Ekki sést til minja um útihúsið en þar sem það stóð er dálítil bunga í túninu og kunna leifar þess að leynast undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-148:004 heimild um 64°00.709N 22°18.723V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 15 m norðan við bæ 001 og um 30 m norðvestan við útihús 003. Líklega var þetta hlandfor sem heimildamenn, Margrét Guðnadóttir og Eydís Fransdóttir, muna eftir og hefur verið fyllt en þar er nú lítill gróinn haugur.
Haugurinn er í norðvesturjaðri bæjarhlaðs og er tún umhverfis það.
Forin sjálf sést ekki vegna haugsins sem settur hefur verið ofan í hana. Haugurinn er um 8x6 m að stærð, snýr austur-vestur. Hann er um 1,5 m á hæð og er víða laust grjót í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-148:005 *Bakkagarður* gerði kálgarður 64°00.768N 22°18.676V


Bakkagarður 005, horft til norðurs




Bakkagarður 005

"Ofan við garðstæðið [021] eru harðir sandbakkar með lágu, þéttu grasi. Þeir voru kallaðir Bakkinn eða Landakotsbakki og talað um að slá Bakkann. Neðst á Bakkanum sést nú kálgarðsstæði, sem notað var til skamms tíma, eða þar til ágangur sjávar gerði þar veruleg spjöll. Þessi kálgarður var kallaður Bakkagarður eða Sandgarður, því að jarðvegurinn var hvítleitur af fjörusandi, hér um bil eins og sandfjaran fyrir neðan sjávarkambinn. Utan um Bakkagarð voru grjótveggir ..." segir í örnefnaskrá. Bakkagarður er um 135 m norðaustan við bæ 001.
Garðurinn er í norðurjaðri túns, niður við sjávarbakkann.
Garðurinn er grjóthlaðinn en afar gróinn og sést ekki mikið í hleðslur. Veggir hans eru um 2 m á breidd og um 1 m á hæð. Hann er um 20x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Aðeins sjást vestur- og suðurveggir.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Landakot, 5

GK-148:006 þúst brunnur 64°00.731N 22°18.773V



Brunnur 006, horft til vesturs



Brunnur 006 og þró 007

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 70 m norðan við bæ 001. Um þennan brunn segir í örnefnaskrá: "Ofan sjávargarðsins liggur landamerkjalínan að sunnan milli Landakots og Auðnahverfis og stakkstæðið upp í krókinn eða hlykkinn, sem var milli sjávargarða Landakots og Auðna. Þaðan um grjótgarðinn í Brunnhóla og svo eftir gamla torfgarðslaginu um Landakotshól og þaðan út í túngarðinn [þessir garðar eru skráðir saman á fornleif 022] og heiðargarðinn [sjá 026]," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er í Brunnhólum og sést enn til hans.
Brunnurinn er í lægð í túninu, nærri merkjum móti Auðnum. Að sögn Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns, var tjörn á þessum stað á æskuárum hennar í Landakoti. Lægðin var þurrlend og grösug þegar skráningarmaður var á ferð (júní 2010).
Brunnurinn sést sem hringlaga dæld í túninu sem er um 4 m í þvermál. Svo virðist sem hlaðið hafi verið meðfram brunninum í boga til norðurs en náttúruleg hæð afmarkar hann til suðurs. Mesta hæð hleðslunnar er um 0,2 m og er hún um 5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki sést grjót í henni nema á einum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Landakot, 4

GK-148:007 tóft
64°00.737N 22°18.769V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró 5-10 m norðan við brunn 006 og um 80 m norðan við bæ 001. Leifar hennar sjást enn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Tóftin er í túni nærri merkjum móti Auðnum.
Tóftin er um 7x6 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Hún er einföld og er hlaupin í þúfur. Ekki sést í grjót nema á einum stað. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Ekki er inngangur í tóftina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919



Tóft 007, horft til austurs

GK-148:008 *Efrikofi* tóftir útihús 64°00.747N 22°18.798V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þrískipt útihús áfast kálgarði um 110 m norðan við bæ 001. Þar er nú tóft af hesthúsi og Efrikofa sem var fyrir sauðfé auk kálgarðs. "Neðan við tjörnina er gamalt, gróið kálgarðsstæði, aflagt fyrir okkar tíð. Það hlýtur að vera sá sjávarkálgarður, sem til er vitnað í landamerkjalýsingunni gagnvart Auðnum, enda liggur girðingin milli bæjanna úr suðurhorni hans í krók, sem myndast á mörkum sjávargarða beggja býlanna. Hjá kálgarðinum eru tóftarbrot, en ekki vitum við, hvort þar stóð bærinn Lönd, eins og látið er liggja að í heimildum, sem við fengum í ljósriti frá Örnefnastofnun [sjá Ö-Landakot G.S.]. Í okkar bernsku gekk fjárhús með hlöðnum veggjum vestast út úr kálgarðsveggnum og sneri dyrum til sjávar. Það var kallað Efrikofi til aðgreiningar frá öðru fjárhúsi, Neðrikofa [009], sem stóð alveg niðri á sjávarkambinum. Út úr suðurvegg kálgarðsstæðisins gekk hesthús

með hlöðnum veggjum og sneri dyrum að Auðnum," segir í örnefnaskrá. Kálgarður, hesthústóft og tóft af Efrikofa eru sambyggðar og því skráðar saman undir einu númeri.
Minjarnar eru í mishæðóttu túni við merki milli Auðna og Landakots.




Kálgarður 008A, horft til vesturs



Tóft 008D, horft til suðurs



Tóft 008E, horft til austurs



Tóftir 008

Áfastar stórum kálgarði eru tvær tóftir, hesthús og fjárhús, Efrikofi. Samtals eru minjarnar á svæði sem er um 23x28 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Kálgarðurinn A er um 16x19 m að stærð, snýr austur-vestur. Ekki sést inngangur inn í hann en líklegast er að hann hafi verið á suðurvegg, þar er hann lægstur. Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og gróinn, er um 1 m á hæð og breidd. Innan hans eru ógreinilegar minjar. Á miðjum norðurvegg hans er þúst B sem er um 4x4 m að stærð og er um 0,4 m á hæð. Hún er ójöfn og gróin. Frá suðvesturhorni hennar liggur lítið garðlag C sem hlaupið er í þúfur en það er um 0,4 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Það er um 6x3 m að stærð og liggur í boga þannig að það myndar lítið gerði með norðvesturhorni kálgarðs. Frá innanverðu horni garðlags er óljóst annað garðlag sem liggur til norðvesturs og er um 4 m á lengd og að öðru leyti samskonar og bogagarðurinn. Óvíst er hvaða hlutverki þessar minjar gegndu. Fjárhústóft D er við norðvestanvert horn kálgarðs og er um 7x7 m að stærð, snýr norður-suður.

Inngangur er á norðurstafni. Tóftin er einföld og grjóthlaðin. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 6 umför hleðslu innanvert. Sennilega hefur verið jata á vesturvegg en hrunið hefur úr austurvegg þannig að ekki er hægt að greina slíkt þar. Hesthústóftin E er einnig við norðvesturhorn kálgarðs A og fast við suðvesturhorn fjárhhústóftar D. Hún er um 9x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Eitt hólf er í henni sem er um 3x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Í vesturenda tóftarinnar er svo grjóthrúga og hefur verið hætt að nota þann hluta fyrir löngu en Margrét mundi eftir hesthúsinu sem var aðeins fyrir einn hest. Inngangur er í norðvesturhorni hólfsins. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og sjást 7 umför af hleðslu í




Tóft 009, horft til austurs

innanverðum veggjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Landakot, 4

GK-148:009 *Neðrikofi* tóft fjárhús 64°00.773N 22°18.804V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús á sjávarbakkanum um 160 m norðan við bæ 001 og 5-10 m vestan við útihús 010. Þar voru fjárhús, Neðrikofi, en nú sést aðeins suðurgafl þess húss. "Í okkar bernsku gekk fjárhús með hlöðnum veggjum vestast út úr kálgarðsveggnum [008] og sneri dyrum til sjávar. Það var kallað Efrikofi [sjá 008] til aðgreiningar frá öðru fjárhúsi, Neðrikofa, sem stóð alveg niðri á sjávarkambinum," segir í örnefnaskrá.
Tóftin er á sjávarbakkanum og hefur sjórinn brotið meira en helminginn af henni í sjóinn.
Tóftin er um 5,5x2,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er einföld og grjóthlaðin en stór hluti hennar er horfinn vegna landbrots. Sementslím er í hleðslum sem eru hæstar um 1,3 m. Mest sjást um 5 umför í hleðslum. Dyr eru á tóftinni á suðurhlið. Hluti sjávargarðs 021 er áfastur tóftinni austanverðri.



Tóft 009 og hús 010

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Landakot, 4

GK-148:010 hús útihús 64°00.772N 22°18.788V


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þrískipt útihús um 150 m NNV við bæ 001. Þar stendur enn hús á grunni eldra húss og var þar fiskihús og hjallur. "Á sjávarkambinum ofan við varirnar [016-018] voru þau mannvirki, sem þurfti til árabátaútgerðar fyrri tíma. Þar var naust [019], skiparétt [020], hjallur og söltunarhús. Hjallurinn var áfastur við söltunarhúsið og sneri dyrum til sjávar. Á lofti yfir báðum var veiðarfærageymsla. Handsnúið spil var norðan við hjallinn og bátar settir á hvalbeinum eins hátt upp í uppsátrið [031] og þurfa þótti til að verja þá sjógangi," segir í örnefnaskrá. Gamalt hús stendur þar sem þetta mannvirki stóð. Það er að öllum líkindum sama hús í grunninn þó að það kunni að hafa tekið breytingum frá því túnakortið var gert.


Hús 010, horft til norðurs

Húsið stendur á sjávarbakka og grefur sjórinn undan því.
Húsið sem nú stendur er um 4x7 m að stærð og snýr norður-suður. Það er úr timbri og bárujárni. Steypt plata er undir því og er hún um 2 m breiðari en húsið og er 1 m lengri til suðurs en húsið. Margrét man eftir hjalli norðan við þetta hús sem var áfastur því og er nú horfinn. Mesta hæð hússins er um 4 m upp í mæni.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Landakot, 5

GK-148:011 gryfja 64°00.770N 22°18.774V


Gryfja 011, horft til austurs




Gryfja 011

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 140 m NNV við bæ 001. Þar var að sögn heimildamanna slorfor og var slor sett í forina og notað sem áburður. Leifar hennar sést enn.
Forin er fast norðan undir lágum klapparhól í norðurjaðri túns.
Forin er niðurgrafin og hlaðin að innan að hluta. Hún er um 5x2,5

m að innanmáli og snýr austur-vestur. Klöppin sem hún stendur neðan við afmarkar forina til suðurs en hleðsla er á norðurhlið og vesturhlið en sést ekki í austurenda. Mesta dýpt er um 0,5 m. Hún er þurr og gróin að hluta. Í henni er gróf sjávarmöl.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-148:012 *Jarðhúsið* tóft skemma 64°00.768N 22°18.631V



Tóft 012

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var Íshús um 140 m norðaustan við bæ 001. "Utan um Bakkagarð [005] voru grjótveggir, og fyrir austan hann merkilegt mannvirki grafið í Bakkann, hlaðið í hring og reft með tunnustöfum, svo tyrft yfir allt saman. Þetta var kallað Jarðhúsið og notað fyrir kartöflugeymslu í okkar bernsku og var víst upphaflega ætlað til að ísa fisk," segir í örnefnaskrá.
Jarðhúsið er norðarlega í nokkuð hæðóttu túni.
Jarðhúsið er í hól í túninu sem er um 2 m á hæð. Hóllinn er um 12x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Á miðri norðurhlið hólsins er inngangur í húsið en þar er hola sem er um 1x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Rof er komið í þak hússins og sést þar ofan í það. Það er hlaðið að innan og reft yfir með timbri og járni. Tóftin er um 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur en þó sést vesturendi hennar ekki nógu vel og kann hún að vera lengri í þá átt. Mesta hleðsluhæð er um 1 m.



Jarðhúsið 012, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Landakot, 5

GK-148:013 *Gata* tóftir býli 64°00.731N 22°18.591V


Býlið Gata 013, horft til suðurs


Tóft 013A, horft til norðurs




Gata 013

"Neðan við Landakotsbæinn eru tættur eftir býlið Götu og niður við sjó var býlið Lönd [015]," segir í örnefnaskrá GS. "Í austur hallaði Bakkanum í aflíðandi brekku á áttina að tóftum býlisins

Götu. Milli Götu og Þórustaðagirðingar var túnið þýft og grýtt," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Gata var tómthús milli Landakots og Þórustaða [GK-149] í Landakotslandi [...] mun bærinn hafa aflagst nokkru eftir aldamót." Gata er um 115 m norðaustan við bæ 001.
Býlið er í hæðóttu túni.
Tvískipt tóft og kálgarður tilheyra býlinu. Mannvirkin eru á svæði sem er um 22x18 m að stærð og snýr NNV-SSA og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Kálgarðurinn var nýttur í tíð Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns. Tóftin A er um 10x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin og skiptist í tvö hólf. Hólf I er í norðurenda og er um 4x2,5 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur. Aðeins er einföld röð steina meðfram suðurhlið þess og er op inn í hólfið í suðausturhorni þess. Hólf II er um 4x5 m að innanmáli og er op inn í það úr vestri þar sem er aðeins lágur veggur og hefur inngangur inn í tóftina verið þar. Ekki er langt síðan andakofi var hlaðinn í þessu hólfi og hefur það raskað tóftinni. Andakofinn er um 1x1 m að innanmáli. Suðausturhorn tóftarinnar er lágt og getur verið að efni hafi verið tekið þaðan til að hlaða andakofann. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 1,5 m. Mest sjást 6 umför af hleðslu. Framan við tóft til vesturs er þúst sem er um 4x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 0,6 m á hæð. Kálgarðurinn B er um 18x18 m að stærð, grjóthlaðinn. Hann er víða hruninn og gróinn. Mesta hæð er um 1 m og sjást 4 umför. Garðurinn er nær horfinn við suðvesturhorn tóftarinnar. Í suðurenda kálgarðs er hann hærri og er lítið garðlag sem skiptir honum í tvö hólf. Garðlagið liggur frá þúst framan við tóft til vesturs og er um 10 m langt og um 0,5 m á breidd og hæð. Ekki sést í grjóthleðslur. Kálgarðurinn skiptist í tvö hólf. Hólf I er um 11x16 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf II er um 4x11 m að innanmáli og snýr austur-vestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2, Ö-Landakot, 6; GJ: Mannlíf og mannvirki, 309

GK-148:014 tóft stekkur 64°00.438N 22°18.272V



Stekkur 014


Tóft 014, horft til suðausturs

"Í kvos austan í holtinu [024] er gamall stekkjarmói og ein lítil kofatóft," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Stekkjartóft er um 600 m sunnan við bæ 001.
Tóftin er í kvos austan undir Skálholti í grónum hraunmóa þar sem víða eru moldarflög. Dálítill grasmói er sunnan við tóftina.
Tóftin er grjóthlaðin en gróin, tvískipt og er um 7x4 m að stærð. Hún snýr suðaustur-norðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hólf I er í norðvesturenda. Það er um 2x1 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er sennilega rétt því hleðslur í því eru lægri en í hólfi I. Það er um 2,5x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Óljós op eru á hólfi II í suðausturenda og í vesturhorni. Eins er óljóst op á milli hólfa I og II. Gerð tóftarinnar og fjarlægð frá bæ bendir sterklega til þess að tóftin sé af stekk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 29

GK-148:015 *Lönd* heimild um býli 64°00.732N 22°18.835V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Lönd, eyðihjáleiga, hefur í eyði legið í fjegur ár. ... Grasnautnina brúkar nú heimabóndinn og þykist ei missa mega að skaðlausu." "Neðan við Landakotsbæinn eru tættur eftir býlið Götu [013] og niður við sjó var býlið Lönd," segir í örnefnaskrá GS. " Óvíst er hvar býli þetta hefur verið en það kann að hafa verið í horni því sem keypt var úr landi Auðna, í norðvesturhorni jarðarinnar, um 115 m norðvestan við bæ 001. Ekki er ljóst hvenær sú landspilda var keypt úr landi Auðna en það hefur verið áður en landamerkjalýsing var gerð fyrir jarðirnar 1886.
Líklegast hefur býlið Lönd verið í túni í norðvesturhorni jarðarinnar niður við sjó.
Ekki sjást önnur ummerki um býlið Lönd á þessum stað en skráð eru undir fornleifanúmeri 008 og virðast þær minjar ekki mjög gamlar. Mögulega eru minjarnar sem skráðar eru þar reistar á rústum býlisins en ekki er hægt að slá neinu föstu um það nema með ítarlegri rannsókn. Einnig má vera að býlið hafi farið í sjó en mikið landbrot er við ströndina.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM III, 139; Ö-Landakot GS, 2

GK-148:016 *Suðurvör* renna lending 64°00.785N 22°18.806V



Suðurvör 016, horft til norðurs

"Landakotsvarir þrjár voru hér í fjörunum og nefndust Suðurvör, Miðvör [017] og Norðurvör [018]," segir í örnefnaskrá. Suðurvör er um 175 m norðvestan við bæ 001.
Vörin er í klettafjöru.
Vörin er á milli tveggja kletta í fjörunni. Hún er um 10 m á breidd og 20-30 m löng. Hún snýr norður-suður. Hún hefur sýnilega verið rudd en mikið hefur borist af grjóti í hana.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2

GK-148:017 *Miðvör* renna lending
64°00.786N 22°18.782V



Miðvör 017, horft til norðurs

"Landakotsvarir þrjár voru hér í fjörunum og nefndust Suðurvör [016], Miðvör og Norðurvör [018]," segir í örnefnaskrá. Miðvör er um 170 m NNV við bæ 001.
Vörin er í klettafjöru.
Miðvör er greinilegasta vörin og sú sem lengst var notuð. Suður- og Norðurvarir voru ekki notaðar í tíð Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns, en Miðvör var notuð fram á fullorðinsár hennar. Vörin er um 7 m breið og um 30 m löng. Hún er á milli tveggja klappa. Vörin er um 1 m á dýpt og var hún upphlaðin að sögn heimildarmanns. Hún snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2

GK-148:018 *Norðurvör* renna lending
64°00.791N 22°18.753V




Norðurvör 018, horft til norðurs

"Landakotsvarir þrjár voru hér í fjörunum og nefndust Suðurvör [016], Miðvör [017] og Norðurvör," segir í örnefnaskrá. Norðurvör er um 170 m norðan við bæ 001.
Vörin er í klettafjöru með hvítum sandi.
Skýr hleðsla er með vesturhlið vararinnar frá klöpp sem rétt 020 stendur á, um 20 m til norðurs. Ógreinileg hleðsla er á austurhlið en vörin er um 6 m breið og um 40 m löng í allt. Hún afmarkast að mestu af klöppum til austurs. Mesta hæð vesturkants er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2

GK-148:019 *Landakotsnaust* heimild um naust 64°00.777N 22°18.777V
"Á Landakotskampi var Landakotsnaust og Landakotsskiparétt [020]," segir í örnefnaskrá GS. "Á sjávarkambinum ofan við varirnar [016-018] voru þau mannvirki, sem þurfti til árabátaútgerðar fyrri tíma. Þar var naust, skiparétt [020], hjallur og söltunarhús [010]. Hjallurinn var áfastur við söltunarhúsið og sneri dyrum til sjávar. Á lofti yfir báðum var veiðarfærageymsla. Handsnúið spil var norðan við hjallinn og bátar settir á hvalbeinum eins hátt upp í uppsátrið [031] og þurfa þótti til að verja þá sjógangi," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar naustið var nákvæmlega og Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, mundi ekki eftir því. Það hefur líklega verið fast austan við spil og uppsátur, á sjávarkambinum, um 155 m NNV við bæ 001.
Naustið var á grýttum sjávarkambi.
Ekki sést til minja um naust en rétt 020 er um 5 m austan við líklega staðsetningu þess og garður liggur frá henni að húsi 010.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2; Ö-Landakot, 5

GK-148:020 *Landakotsskiparétt* tóft rétt 64°00.776N 22°18.767V



Landakotsskiparétt 020


Landakotsskiparétt 020, horft til austurs

"Á Landakotskampi var Landakotsnaust [019] og Landakotsskiparétt." segir í örnefnaskrá. "Á sjávarkambinum ofan við varirnar [016-018] voru þau mannvirki, sem þurfti til árabátaútgerð fyrri tíma. Þar var naust [019], skiparétt, hjallur og söltunarhús [010]. Hjallurinn var áfastur við söltunarhúsið og sneri dyrum til sjávar. Á lofti yfir báðum var veiðarfærageymsla. Handsnúið spil var norðan við hjallinn og bátar settir á hvalbeinum eins hátt upp í uppsátrið og þurfa þótti til að verja þá sjógangi," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin rétt og áfast garðlag er um 150 m norðan við bæ 001. Að sögn Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns, endurhlóð Guðni Einarsson þessi mannvirki og notaði sem fjárrétt. Líklegt er að hún hafi verið skiparétt áður.
Réttin er á grýttum sjávarkambi.
Alls eru minjarnar á svæði sem er um 17x10 m að stærð og snýr austur-vestur. Réttin er grjóthlaðin og einföld. Hún er um 10x7 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurgaflinn er horfinn vegna landbrots. Op er inn í réttina á sunnanverðum vestanvegg. Mesta hleðsluhæð réttarinnar er um 1 m og sjást 4 umför í hleðslum. Frá inngangi liggur garðlag að húsi 010. Það er um 10 m langt til vesturs og er lítið horn á því við endann, um 2 m langt garðlag til norðurs. Hlið er á girðingu á milli garðlagsins og húss 010. Garðlagið er hæst um 1,1 m og um 1 m á breidd. Mest sjást 5 umför hleðslu.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2; Ö-Landakot, 5

GK-148:021 garðlag varnargarður 64°00.770N 22°18.815V


Garðlag 021, horft til austurs

"Á kampinum var hlaðinn garður, sjávargarður, og liggur hann allt austur eða inn í mörk," segir í örnefnaskrá GS. Sjávargarðurinn er um 150 m norðvestan við bæ 001.
Sjávargarðurinn er á sjávarbakkanum í túnjaðri.
Garðurinn er hruninn að langmestu leyti og hefur fjörugrjót gengið yfir hann. Hann er víðast um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Hann sést á um 50 m löngum kafla og snýr suðvestur-norðaustur. Greinilegastur er hann á milli Neðrikofa 009 og útihúss 010. Þar er hann enn, á um 3 m löngum kafla, er um 1,1 m á hæð og um 0,6 m á breidd.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2

GK-148:022 garðlag landamerki 64°00.722N 22°18.787V
"Ofan sjávargarðsins [021] liggur landamerkjalínan að sunnan milli Landakots og Auðnahverfis og stakkstæðið upp í krókinn eða hlykkinn, sem var milli sjávargarða Landakots og Auðna [146:028]. Þaðan um grjótgarðinn í Brunnhóla [sjá brunn 006] og svo eftir gamla torfgarðslaginu um Landakotshól og þaðan út í túngarðinn og heiðargarðinn [026]," segir í örnefnaskrá. Hér verða grjótgarðurinn, gamla torfgarðslagið og túngarðurinn skráð undir einu númeri en heiðargarðurinn er fornleif númer 026. Þessir þrír garðar eru á merkjum milli Auðnahverfis og Landakots og girða túnið af til vesturs. Grjóthlaðinn garður er í Brunnhólum, um 75 m norðvestan við bæ 001 og garðlag er á Landakotshól 027 sem líklega er gamla torfgarðslagið. Annað sést ekki af görðum á vesturmerkjum

Landakots.
Garðlögin eru á merkjum á klapparhólum milli túna Auðna og Landakots.
Grjótgarðurinn er um 35 m á lengd og snýr nálega norður-suður. Hann er niðurfallinn og er breiðastur um 1,2 m og hæstur um 0,8 m. Mest sjást 4 umför af hleðslu. Girt hefur verið ofan á garðinn. Í norðurenda endar hann við suðvesturhorn kálgarðs 008. Grjót er undir girðingunni þar sem hún beygir til norðvesturs eftir merkjum en líklega hefur ekki verið garður þar. Gamla torfgarðslagið er á Landakotshól, um 100 m SSA við suðurenda grjótgarðsins. Garðurinn er útflattur og gróinn. Hann er um 1 m á breidd og um 0,3 m áhæð, grjót sést í honum á stöku stað. Á kafla hefur verið komið fyrir stórum steinum ofan á garðinn og krókar boraðir niður í þá. Strengt hefur verið á milli steinanna. Þetta garðlag sést á 65 m löngum kafla og snýr NNV-SSA. Frá SSA-enda þess eru 90 m suður að heiðargarði 026 sem afmarkar túnið til suðausturs.




Garðlag 022, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2

GK-148:023 varða samgöngubót 64°00.603N 22°18.274V
Stæðileg sundvarða er um 385 m suðaustan við bæ 001. Hún var siglingamið fyrir Landakot. Þegar hún bar við neðri sundvörðuna [038] var óhætt að sigla milli skerja á leið út og inn.
Varðan er á klapparhól um 20 m sunnan við veg um Vatnsleysuströnd, í lyngmóa þar sem nokkuð er um moldarflög. Varðan er grjóthlaðin, er um 2 m á kant og um 1,8 m á hæð. Mest sjást 9 umför af hleðslu í vörðunni. Upp úr henni miðri eru viðarleifar en að sögn Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns, var sjómerki upp úr henni, prik með þríhyrningsspjaldi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-148:024 *Skálholt* varða óþekkt 64°00.446N 22°18.293V



Varða 024B



Varða 024A, horft til norðausturs

"Nú snúum við aftur niður á Strandarveg og stuttu ofan vegar móti Landakoti er breitt og flatt holt sem heitir Skálholt og þar um eru mörk Landakots og Auðna. Á Skálholti eru þrjár vörður og leifar af litlu grjótbyrgi með vörðu í," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Minjarnar eru um 575 m sunnan við bæ 001.



Varða 024B, horft til norðausturs



Varða 024C, horft til norðurs

Minjarnar eru á allháu og flötu holti í lyngmóa með moldarflögum.
Minjarnar eru á svæði sem er um 80x45 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Minjarnar fá bókstafi í lýsingu, til aðgreiningar. Varða A er afar gróin og er um 1 m í þvermál og um 0,3 m á hæð. Ekki sést fjöldi umfara. Ílöng hundaþúfa

er fast norðaustan við hana. Um 50 m suðvestan við A er varða B sem hlaðin hefur verið á grunni byggingar, mögulega smalabyrgis. Grunnurinn er um 2x2,5 m að stærð og varðan er um 1 m í þvermál og um 0,6 á hæð. Grunnurinn snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,2 m á hæð en ekki stendur steinn yfir steini. Ekki sést greinilegur inngangur. Í vörðunni sjást 3 umför hleðslu. Varða C er um 40 m norðvestan við vörðu og grunn B og um 60 m vestan við vörðu A. Varðan er hrunin, er um 1,2x1 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er um 0,6 m á hæð en ekki sést fjöldi umfara vegna þess hve hún er hrunin. Varða D er um 20 m suðvestan við C. Hún er um 1 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Í henni sjást 3 umför en hún er nokkuð sigin. Ekki er víst hver tilgangur allra þessara varða hefur verið. Líklegt er að varða A hafi vísað á stekk 014 þar sem hún er aðeins 20 m norðvestan við hann. Einhverjar hinna varðanna kunna að vera landamerkjavörður eða smalavörður hlaðnar til dægrastyttingar.



Varða 024D, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 29

GK-148:025 hleðsla traðir 64°00.686N 22°18.711V




Hleðsla 025, horft til NNV

Samkvæmt Margréti Guðnadóttur, heimildamanni, lágu traðir á svipuðum stað og núverandi vegur liggur heim að bænum og er líklegt að kantur A á kálgarði 028 hafi afmarkað þær til vesturs en þá hefur líklega verið búið að minnka kálgarðinn frá 1919 og aðkoman að bænum breytt eftir að nýtt steinhús var byggt 1921-2. Auk áðurnefnds kants er gróin hleðsla um 20 m sunnan við bæ sem kann að vera leifar af tröðunum.
Minjarnar eru í grónu túni sem nýtt er til beitar. Um 5 m austan við suðurenda kants A sem tilheyrir kálgarði 028 má óljóst greina gróna hleðslu sem er um 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð þar sem hún er hæst. Hún er um 15 m löng, liggur NNA-SSV, og kann að hafa afmarkað traðir til austurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Landakot, 6

GK-148:026 garðlag túngarður 64°00.694N 22°18.446V



Gerði við túngarð 026, horft til norðausturs



Gerði við túngarð 026

"Ofan sjávargarðsins [021] liggur landamerkjalínan að sunnan milli Landakots og Auðnahverfis og stakkstæðið upp í krókinn eða hlykkinn, sem var milli sjávargarða Landakots og Auðna [146:028]. Þaðan um grjótgarðinn í Brunnhóla [sjá brunn 006] og svo eftir gamla torfgarðslaginu um Landakotshól og þaðan út í túngarðinn [þessir garðar eru skráðir saman á fornleif 022] og heiðargarðinn," segir í örnefnaskrá. Frá Bakka GK-156 til og með Auðnum GK-146 er nokkuð óslitinn garður sem skilur tún jarðanna frá beitarlandi í Strandarheiði. Hann er sumsstaðar kallaður Heiðargarður (ýmist með stórum eða litlum staf) og er skráður á hverri jörð fyrir sig enda óvíst að hann sé allur frá sama tíma. Heiðargarður í Landakoti tengist garði 147:012 og garði 149:041.
Heiðargarðurinn liggur á mörkum túns og móa.

Garðurinn er grjóthlaðinn og hruninn. Hann er um 1,5 m á breidd og hæstur um 0,5 m. Mest sjást 2 umför hleðslu. Heiðargarðurinn sést á um 280 m löngum kafla en hann hefur verið rifinn þar sem vegur heim að bænum liggur og fiskireitur 034 er. Lítið gerði er áfast garðinum utanverðum um 150 m suðaustan við bæ 001. Gerðið er hlaðið á milli heiðargarðs og klapparhóls. Gerðið er um 3x5 m að stærð og snýr norðaustur-
suðvestur. Lítilfjörlegir, grjóthlaðnir veggir eru við norðaustur- og suðvesturenda þess. Klapparhóllinn afmarkar það til suðausturs og heiðargarðurinn til norðvesturs. Veggir gerðisins eru alveg signir, eru um 0,3 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Heiðargarðurinn og landamerkjagarður 022 afmarka saman svæði sem er um 300x280 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2

GK-148:027 *Landakotshóll* álagablettur 64°00.657N 22°18.729V
Mikil álög og viðurlög lágu við því að slá eða nýta nokkuð af Landakotshól, þeim hluta hólsins, sem Landakoti tilheyrði. Urðu nokkur slys, ef út af þessu var brugðið," segir í örnefnaskrá GS. Álagabletturinn var einnig kallaður Bergskotshóll. Hóllinn er um 80 m suðvestan við bæ 001.
Landakotshóll er allhár hóll í túni á merkjum milli Bergskots og Landakots.
Heimildir:Ö-Landakot GS, 2; Ö-Landakot, 6

GK-148:028 hleðsla kálgarður 64°00.696N 22°18.694V



Hlaðinn kantur 028A, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við bæ 001 og útihús 003. Hann var um 30x35 m að stærð og sneri austur-vestur. Kálgarður þessi sést að hluta á mynd af gömlu íbúðarhúsi í Landakoti í bókinni Mannlíf og mannvirki. Í örnefnaskrá segir: "Alveg við austurhorn íbúðarhússins byrja gamlir grjótgarðar, sem skýldu kálgörðum heima við bæinn." Leifar af kálgarði þessum sjást á tveimur stöðum. Annars vegar er það hlaðinn kantur sem liggur frá grunni gamals íbúðarhúss til suðurs og myndar vesturkant heimreiðar á kafla. Hins vegar er hlaðinn kálgarður, mun minni en sá sem sýndur er á túnakorti, fast suðaustan við núverandi íbúðarhús.
Minjarnar eru í grónu túni sem nýtt er til beitar.
Minjarnar eru á svæði sem er um 25x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Kanturinn A sem liggur til suðurs í framhaldi af gömlum húsgrunni er um 25 m langur og um 0,7 m á hæð. Mest sjást 2 umför í hleðslu. Kálgarðurinn B suðaustan við núverandi íbúðarhús er um 9x15 m að stærð og snýr norður-suður. Hann er afmarkaður af grjótveggjum til norðurs, austurs og vesturs að hluta. Hleðslur eru hæstar um 1 m og og um 1 m á breidd. Mest sjást 4 umför hleðslu en garðurinn hefur verið endurhlaðinn fyrir nokkrum áratugum og þá hluti hans hlaðinn með steyptum hleðslusteini. Samkvæmt Margréti Guðnadóttur, heimildamanni, lágu traðir 025 á svipuðum stað og núverandi vegur liggur heim að bænum og er líklegt að kantur A hafi afmarkað þær til vesturs en þá hefur líklega verið búið að minnka kálgarðinn frá 1919 og aðkoman að bænum breytt eftir að nýtt steinhús var byggt 1921-2.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Landakot, 3

GK-148:029 heimild um smiðju 64°00.697N 22°18.687V
"Alveg við austurhorn íbúðarhússins byrja gamlir grjótgarðar [028], sem skýldu kálgörðum heima við bæinn. Austast í þessum hleðslum er talin hafa verið smiðja," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvar þessi smiðja hefur verið en ef marka má lýsinguna þá hefur hún verið um 20 m ASA við bæ 001.
Smiðjan var að líkindum í túni sem nýtt er til beitar.
Ekki sést til minja um smiðjuna og nákvæm staðsetning hennar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Landakot, 3

GK-148:030 heimild um leið 64°00.750N 22°18.764V
"Niður túnið, frá húsinu, liggur sjávargata að uppsátrinu [031]. Þetta var troðningur, en túnið hart og hægt að fara

sjávargötuna með hest og vagn, ef með þurfti," segir í örnefnaskrá.
Leiðin lá um hæðótt tún.
Ekki sést til minja um leiðina en hún hefur væntanlega verið um 155 m á lengd og legið frekar beina leið frá bæ 001 til NNV að uppsátri 031.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Landakot, 3

GK-148:031 heimild um uppsátur 64°00.776N 22°18.783V
"Niður túnið, frá húsinu, liggur sjávargata [030] að uppsátrinu. Þetta var troðningur, en túnið hart og hægt að fara sjávargötuna með hest og vagn, ef með þurfti. [...] Á sjávarkambinum ofan við varirnar [016-018] voru þau mannvirki, sem þurfti til árabátaútgerðar fyrri tíma. Þar var naust [019], skiparétt [020], hjallur og söltunarhús [010]. Hjallurinn var áfastur við söltunarhúsið og sneri dyrum til sjávar. Á lofti yfir báðum var veiðarfærageymsla. Handsnúið spil var norðan við hjallinn og bátar settir á hvalbeinum eins hátt upp í uppsátrið og þurfa þótti til að verja þá sjógangi," segir í örnefnaskrá. Uppsátrið var um 160 m norðan við bæ 001.
Uppsátrið var á grýttum sjávarkambi fast austan við hús 010.
Ekki sjást minjar um uppsátrið og hvalbeinin eru horfin. Þó sjást leifar spils á staðnum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot, 3, 5

GK-148:032 *Brunnurinn* brunnur brunnur 64°00.748N 22°18.745V



Brunnur 032, horft til suðurs

"Vatnsbólið var annar brunnur [annar en Djúpagröf 149:021] miklu dýpri, byrgður, og í honum flæðivatn ósalt. Hann þornaði um fjöru, en fylltist á flóði, og varð að sæta sjávarföllum til að dæla úr honum vatni. Hann er um 80-100 m neðan við íbúðarhúsið í Landakoti, langt frá Djúpugröf og miklu yngri og var aldrei kallaður annað en Brunnurinn." Brunnurinn er um 90 m norðan við bæ 001.
Brunnurinn er fast norðan við lágan hól í túni sem nýtt er til beitar.
Brunnurinn er grjóthlaðinn og hringlaga. Hann er um 3 m í þvermál og stendur um 0,4 m upp úr sverði. Að sögn Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns, er hann djúpur en ekki vissi hún hversu djúpur hann var. Reft hefur verið yfir brunninn og sést því ekki ofan í hann. Leiðsla var lögð úr brunninum í fjósið (áfast núverandi íbúðarhúsi) í tíð Margrétar og sést enn móta fyrir henni þar sem hún liggur úr suðausturhorni brunnsins fyrir hólinn og til suðurs. Hún líkist sokknu garðlagi sem er um 0,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot, 2; Túnakort 1919

GK-148:033 garðlag óþekkt 64°00.760N 22°18.819V
"Frá syðri vegg Efrikofa [008] gekk gamalt garðbrot alveg niður á sjávarkamb. Gæti það hafa verið á mörkum jarðanna Landakots og Auðna en girðingin, sem nú skilur jarðirnar, liggur nú skáhallt nokkru sunnar, eins og sneitt hafi verið af Auðnatúninu," segir í örnefnaskrá. Garðlag er á milli klapparhryggs í túni og sjávargarðs 021. Klapparhryggurinn er um 3 m NNV við Efrikofa 008. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, man eftir því að grjóthleðslur hafi líka verið uppi á hryggnum en þær sjást ekki lengur. Garðurinn er um 150 m norðvestan við bæ 001.
Garðurinn er í túnjaðri við sjó. Þar er grasgefið en grýtt.
Garðurinn er grjóthlaðinn en mjög gróinn. Hann er um 7 m langur og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. vel er mögulegt að garðurinn hafi verið landamerkjagarður áður en mörkin breyttust.




Garðlag 033, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Landakot, 4

GK-148:034 hleðsla fiskreitur
64°00.631N 22°18.594V
"Ofan við Upptún, Inntún og Leyni var girðing og heiðarmegin við hana fiskireitur og hænsnakofi [025]," segir í örnefnaskrá. Fiskireiturinn er um 160 m suðaustan við bæ 001.
Fiskreiturinn er í grónum klapparmóa vestan við veg að bæ.
Fiskireiturinn er um 25x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjót hefur verið sett á milli klapparhóla sem þá voru gróðurlausir en eru nú grónir. Hleðslan stendur ekki upp úr jörðu. Að sögn Margrétar Guðnadóttur, heimildamanns, var stakkstæðið á miðjum reitnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot, 6


Hleðsla 034, horft til norðvesturs

GK-148:035 tóft óþekkt
64°00.706N 22°18.518V



Tóft 035A og grjótþúst 035B


Tóft 035A, horft til norðausturs

"... Upptún upp af bænum í Landakoti. Í Upptúni mótar fyrir gömlum hleðslum, sem gætu verið bæjarstæði, og faðir okkar gizkaði á, að hefði verið bærinn Lönd [Sjá 015]. Mamma vissi ekki um neinn slíkan bæ," segir í örnefnaskrá. Tóft og grjótþúst eru um 150 m austan við bæ 001.
Minjarnar er á mörkum móa og túns.
Minjarnar eru á svæði sem er um 25x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er í suðausturenda svæðisins. Hún er um 7x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er einföld og grjóthlaðin en gróin. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki sést greinilegur inngangur inn í tóftina. Grjótþúst er um 15 m norðvestan við tóft. Þústin er um 1,5x1 m að stærð og nær nánast ekkert upp úr jörðu. Óvíst er hvort þetta er mannvirki og hvert hlutverk þess hefur verið. Tóftin virðist hafa verið rétt eða stekkur en ólíklegt er að hún sé leifar af mannabústað þó að erfitt sé að útiloka það án frekari rannsókna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot, 6

GK-148:036 náma mógrafir
64°00.781N 22°18.588V
"... en mógrafir vestan og sunnan við Djúpugröf [149:021] í austurjaðri Bakkans," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru um 175 m norðaustan við bæ 001.
Mógrafirnar eru í túni í norðausturhorni jarðarinnar.
Þrjár litlar mógrafir eru á svæði sem er um 12x16 m að stærð og snýr norður-suður. Grafirnar eru 2x2-5 m að stærð. Mesta dýpt er um 0,5 m. Grafirnar eru þurrar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot, 6


Mógrafir 036, horft til austurs

GK-148:037 *Gerðið* garðlag vörslugarður 64°00.768N 22°18.754V



Gerðið 037, horft til norðausturs

"Norðan sjávargötunnar [030], eiginlega í beinu framhaldi af neðra vegg gamla kálgarðsstæðisins [008], sem áður getur, neðan við þann brunn [032], sem vatn var leitt úr í bæinn, og skáhallt niður og niður til sjávar, var grjótgarður. Svæðið, sem afmarkaðist af honum og gamla kálgarðsstæðinu annars vegar og sjávargarðinum [021] hins vegar og girðingunni milli Landakots og Auðna að sunnan, var alltaf kallað Gerðið," segir í örnefnaskrá. Garðlagið er um 120 m norðan við bæ 001.
Garðurinn liggur frá sjávarbakka í norðri í boga til vesturs í hæðóttu túni.
"Gerðið var athafnasvæði þeirra, sem sjóinn sóttu frá Landakoti. Þar var gert að veiðarfærum, og líklega hafa verið þar fiskireitir áður fyrr. Gerðið var slegið í okkar bernsku, en fiskur þurrkaður á reit, sem gerður var ofan túns eftir 1930 [034]. Grásleppa var þurrkuð við sjóinn og sundmagi breiddur á sjávargarðinn [021], meðan hann var hirtur. Hleðslurnar kringum Gerðið hafa líklega átt að verja athafnasvæði úrgerðarinnar fyrir ágangi búfjár," segir í örnefnaskrá. Garðurinn er um 35 m á lengd og liggur í boga eins og áður segir frá norðri til vesturs og endar skammt frá norðausturhorni kálgarðs 008 en leið 030 lá á milli kálgarðs og þessa garðs. Garðurinn er fallinn og gróinn á köflum. Hann er grjóthlaðinn og er um 0,6 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Ekki stendur steinn yfir steini. Svæðið sem lýst er í örnefnaskrá er um 85x45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Landakot, 4

GK-148:038 varða samgöngubót
64°00.780N 22°18.663V
"Á honum [sjávargarði 021] sem næst miðjum er sundvarðan, sem áður er á minnzt, og hefur verið reynt að halda henni við," segir í örnefnaskrá. Varðan var um 150 m norðaustan við bæ 001.
Varðan var á sjávarbakkanum, sunnan við sendna fjöru, við norðurvegg Bakkagarðs 005.
Varðan sést ekki og er líklega horfin vegna sjávarágangs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Landakot, 5

GK-148:039 *Auðnasel* tóftir sel 63°58.711N 22°14.922V




Tóft 039A, horft til norðvesturs



Tóft 039C, horft til suðausturs

Samkvæmt núverandi landamerkjum sem Sveitarfélagið Vogar hefur látið í té er Auðnasel á merkjum milli Þórustaða og Landakots, og eru minjar því tengdar á báðum jörðunum. Flestar tóftirnar eru í landi Landakots og er það því skráð undir þeirri jörð. Auðnasel er um 4,7 km suðaustan við Þórustaði 149:001, 4,8 km norðaustan við Landakot 148:001og 4,9 km suðaustan við Auðnir 147:001.
Seljatóftirnar eru í grónum og gróðursælum hvilftum umhverfis allhátt holt en einnig eru minjar uppi á holtinu og í seltúni sem er norðaustan við holtið. Allt er hér gróið en stutt er í uppblásinn hraunmóa utan svæðisins.



Tóftir í Auðnaseli 039



Tóft 039B, horft til suðausturs


Selið er á svæði sem er um 110x120 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tvær tóftaþyrpingar eru á vesturhluta svæðisins og stekkir eða kvíar eru á þremur stöðum. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Grjóthlaðin tóft A, sennilega stekkur, er uppi á holtinu suðaustan við aðaltóftasvæði 1. Hún er tvískipt, um 8x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Um 4 m langur innrekstrargarður liggur til norðvesturs frá inngangi á norðvesturgafli. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m en hleðslur eru hrundar. Tóftin er gróin að hluta. Lítið hólf I er í suðvesturenda tóftar, um 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Stórt hólf II er svo þar norðvestan við og er það um 3,5x2,5 m að innanmáli, snýr eins og tóftin. Tóft B er um 52 m norðan við tóft A en hún er grjóthlaðin kví norðvestan undir klettavegg í allstórri hvilft, grasi gróinni. Tóftin er grjóthlaðin, um 7,5x4 m að



Tóftasvæði 1, tóftir 039D, F, G, H, I og gryfja J (neðarlega á mynd), horft til suðvesturs



Tóft 039K, horft til suðausturs



Tóft 039L, horft til suðurs

stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er fjórskipt að því er virðist. suðaustast er lítið hólf I upp við klettavegginn. Það er um 1x0,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Þar framan við er hólf II sem er um 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Loks er svo hólf III sem er um 2x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Þessi hólf eru hvert fram af öðru. Opið er í norðvesturenda tóftarinnar inn í hólf III og opið er á milli hólfa III og II. Stuttur veggur, mögulega aðrekstrargarður, liggur til norðvesturs frá norðaustur-langvegg, er um 1,5 m langur. Hólf IV er samsíða hólfum II og III. Er það um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Suðaustan við hólfið að klettavegg er mikið stórgrýti og kann þar að hafa verið framhald af þessu hólfi eða annað hólf. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,2 m utanmáls. NNV við tóftina, fast við hana er þúst sem er um 3 m í þvermál og er hún um 0,6 m á hæð. Grjót sést á einum stað í henni en annars er hún gróin. Tvær rákir eru í þústina sem liggja norður-suður og eru 1-1,5 m langar. Tvískiptur stekkur C er í miðju stekkjartúninu á dálítilli hæð. Hann er um 70 m norðvestan við tóft B. Stekkurinn er grjóthlaðinn, er um 5x4 m að stærð, snýr norður-suður. Að auki liggur veggur frá honum miðjum til vesturs, um 4 m langur en tóftin snýr norður-suður. Stærra hólfið I er í suðurenda og er um 2x3m að innanmáli, snýr austur-vestur. Inngangur er í norðvesturhorni. Minna hólfið II er mun ógreinilegra, er um 1,5 x 2 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 3 umför. Dálítil þúst er um 3 m norðaustan við tóftina og er hún um 2 m í þvermál og um 0,6 m á hæð. Seljatóftirnar eru á tveimur stöðum á svæðinum. Annars vegar eru tóftir litlu vestan við mitt svæðið 1 og hins vegar eru tóftir vestast á minjasvæðinu 2. Á fyrrnefnda staðnum eru sex tóftir og ein gryfja sem mögulega hefur verið vatnsstæði. Tóftirnar eru allar nema ein ofarlega í brekku stórrar hvilftar. Tóft I er tvískipt og er hlaðin undir hamravegg sem er suðurveggur hennar. Hún er orðin nokkuð óskýr en er um 7x2,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Vestara hólfið I er um 1,5x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á báðum hólfum til norðurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Tóft E er neðst í hvilftinni, um 14 m norðaustan við tóft I og virðist hún vera nokkuð gömul. Hún er um 5x2,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er tvískipt og er hólf I í suðausturenda um 1,2x1 m að innanmáli. Op er á því til norðausturs. Hólf II er um 2,5x0,5 m að innanmáli, snýr eins og tóft. Op er á hólfinu á norðvesturgafli og einnig er op á því til norðausturs. Mesta hæð veggja er um 0,4 m, ekki sést í grjóthleðslur. Tóft D er um 20 m vestan við tóft E. Hún er stærst tóftanna á þessu svæði og greinilegust þeirra. Hún er um 5x4 m að stærð, snýr norður-suður. Grjóthleðslur sjást í henni innanverðri og op er á henni á miðjum austur-langvegg. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast norðaustan við tóft D er tóft F. Hún er um 3x3 m að stærð og er opin á norðausturgafli. Grjót sést í innanverðum veggjum. Mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Fast norðvestan við tóft D er tóft G. Hún er um 3,5x2,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Grjóthleðslur sjást í innanverðum veggjum. Mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Fast norðvestan við tóft G er tóft H. Hún er um 3x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á tóftinni í austurhorni. Grjóthrun er á gólfi tóftarinnar. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Gryfja J er um 15 m norðan við tóft F. Hún er um 2 m í þvermál og um 1,2 m á dýpt, gróin, e.t.v. vatnsstæði. Á tóftasvæði 2 er þrískipt tóft K um 30 m norðvestan við tóft H hún snýr suðvestur-norðaustur og er um 10x6 m að stærð. Norðaustast hólf I sem er 2x1 m að

innanmáli, snýr suðaustur-norðvestur. Grjót er á gólfi þess og í innanverðum veggjum. Suðvestan við þetta hólf er hólf II sem aðeins virðist tengt hólfi I með norðvestur-langvegg. Það hólf er um 2,5x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur, opið til norðausturs. Fast suðvestan við þetta hólf er hólf III en þau eru laustengd og ef til vill eru þau sitthvor tóftin. Hólf III er 2x1 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á hólfinu. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast norðvestan við tóft K er önnur þrískipt tóft L algróin og virðist eldri en hin. Hún snýr austur-vestur og er um 7x4 m að stærð, gróin en sést lítillega í grjót að innanverðu. Vestast er lítið hólf I sem er um 1x1 m að innanmáli og í austurenda er stórt rými sem óljóst skiptist í tvö hólf. Austast er hólf II sem er um 2x1m að innanmáli snýr austur-vestur og vestan við það er svo hólf III sem er um 1x1,5 m að innanmáli snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Inngangur inn í hólf II og III er úr suðvestri og inngangur inn í hólf I er úr suðaustri. Varða M er um 20 m norðvestan við tóft K. Hún stendur á lágum klapparhól, er um 1 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Steinar nokkuð skófum vaxnir en virðist ekki gömul, 5 umför.
Hættumat: engin hætta

GK-148:040 varða landamerki 64°00.264N 22°17.724V



Varða 040, horft til austurs

Varða er um 475 m sunnan við vörðu 029 og um 1,1 km suðaustan við bæ 001.
Varðan er allhátt á mosagrónu klapparholti.
Varðan stendur og er ferköntuð í grunninn. Hún er um 1 m á kant að grunnfleti og um 1,3 m á hæð. Um 6 umför af hleðslu sjást í henni. Varðan er nokkuð vandlega hlaðin en hrunið hefur úr henni til norðurs. Steinar eru skófum vaxnir og nokkuð stórir. Þessi varða kann að vera ein af Markavörðum 149:029 en hún kann einnig að hafa verið mið.
Hættumat: engin hætta

GK-149 Þórustaðir

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. JÁM III, 141. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. (DI XII, 115) 1584: Landskuld jarðarinnar til Viðeyjarklausturs eitt hdr fiska. (Árni Óla: Strönd og Vogar, 26). Hjáleigur 1703 Norðurkot og Suðurhjáleiga í eyði. (JÁM III, 141). Norðurkot hjáleiga 1847 [GK-150] (JJ, 91). Hellukot var grasbýli ofan og sunnan Þórustaða, upphaflega úr Þórustaðalandi. Um 1880 var Hellukot tómthús, en varð grasbýli síðar (GJ: Mannlíf og mannvirki, 309).
1703: "Túnin spillast af sjáfarágángi og föstu grjóti, sem árlega blæs upp. Engjar eru öngvar. Útihagar í lakasta máta um sumar, nær öngvir um vetur." JÁM III, 141. 1919: Tún 4,8 teigar alls, garðar 2480m2.

GK-149:001 *Þórustaðir* bæjarhóll bústaður 64°00.796N 22°18.299V



Bæjarhóll Þórustaða 001, horft til suðausturs

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, kemur fram að tvíbýli var á Þórustöðum fyrir aldamótin 1900. Bæirnir voru nefndir norður- og suðurbær og var nyrðra bæjarstæðið að líkindum yngra, sjá 003. Timburhús reis á jörðinni á syðra bæjarstæðinu 1884 og brann húsið 1984. Húsið var byggt úr viði úr James-Town strandinu í Höfnum. Í sömu bók segir: "Byggðu þau [Páll Jónsson og Hrefna Guðnadóttir] við Þórustaði, en svo brann allt eins og áður segir árið 1984. Þá þegar var hafist handa og byggt nýtt íbúðarhús, nokkuð suðaustur af því gamla. Þegar farið var að grafa fyrir nýjum grunni í og við brunarústirnar, komu í ljós leifar af fornminjum. Var þá uppgröftur stöðvaður og farið fram á að nýja húsið yrði byggt nokkuð fjær, því kanna þyrfti betur staðinn, ef þarna kynnu að vera

gamlar menjar." Núverandi íbúðarhús er um 60 m sunnan við bæjarhólinn. Ekki er hefðbundinn búskapur á jörðinni en búið er í íbúðarhúsinu. Tún eru ekki nytjuð.
Bærinn á Þórustöðum var á hæð í landslaginu og allt í kringum hana eru tún sem komin eru í órækt.
Mikið rask hefur orðið á bæjarhól Þórustaða og er af þeim sökum erfitt að gera sér grein fyrir stærð hans. Hæðin sem bærinn var á er um 40x40 m stór og mest um 3 m á hæð. Búið er að byggja stór, steinsteypt, útihús í norðvesturhluta hólsins og eru þau niðurgrafin að hluta. Á norður- og norðausturhluta hólsins er búið að ryðja til grjóti og jarðvegi. Sunnan og suðaustan á hólnum er slétt plan og eru háir jarðvegsruðningar til suðausturs og vesturs. Leifar kálgarðs 043 sjást í suðausturjaðri bæjarhólsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 310, 312; Túnakort 1919

GK-149:002 heimild um 64°00.817N 22°18.292V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvöföld þró 5-10 m ANA við bæ 001. Kálgarður var sambyggður þrónum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þrærnar gegndu en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í þær og hann notaður sem áburður.
Mikið rask hefur orðið á bæjarhólnum vegna bygginga og jarðvegi hefur verið rutt til. Þrærnar og kálgarðurinn hafa verið í norðausturjaðri bæjarhólsins og eru þar lágir og grónir klapparhólar fast norðaustan og norðan við.
Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-149:003 bæjarstæði býli 64°00.808N 22°18.289V
Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, kemur fram að tvíbýli var á Þórustöðum fyrir aldamótin 1900. Bæirnir voru nefndir norður- og suðurbær (001) og var nyrðra bæjarstæðið að líkindum yngra. Ekki er víst hvar norðurbærinn stóð nákvæmlega en í einni örnefnaskrá Norðurkots er tekið fram að hann hafi átt lendingu í Krókum 063 eins og Norðurkot (GK-150) 064 og Tíðagerði (GK-105:006) 065. Gera má því ráð fyrir að norðurbærinn hafi verið norðan við hinn bæinn. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru nokkur hús saman í hnapp um 10 m norðan við bæ 001 og kálgarður sambyggður hluta þeirra. Líklegt er að norðurbær Þórustaða hafi verið á þessum stað þegar tvíbýli var á bænum. Sú ályktun um að norðurbærinn hafi verið yngri en suðurbærinn er dregin af því að hann hefur að líkindum verið staðsettur í jaðri hæðarinnar sem bæirnir stóðu á, en ekki þar sem hún er hæst, og að hann hafi ekki átt lendingu í Þórustaðavör 038. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, vissi ekki um staðsetningu norðurbæjarins.
Bærinn var þar sem nú stendur stórt steypt útihús. Það hefur að hluta verið grafið inn í hæðina sem bæirnir stóðu á.
Ekki sést til minja um bæinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 310, 312; Túnakort 1919; Ö-Norðurkot AG, 1

GK-149:004 þúst útihús 64°00.802N 22°18.333V


Þúst 004, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvö samtengd hús um 25 m norðvestan við bæ 001, þar sést nú einungis gróin grjótþúst. Stór kálgarður var áfastur húsunum samkvæmt túnakorti og var hann um 40x40 m að stærð.
Þústin er í vesturjaðri bæjarhóls 001 og vestan við hana er tún í órækt.
Grjótþústin er um 5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést í reglulegar hleðslur nema í neðsta hluta norðvesturveggjar en hann er skýr og þar má sjá sementslím í hleðslu. Tóftin hefur fallið saman og er gróin að miklu leyti. Mesta hæð hennar er um 1 m. Ekki sést til minja um kálgarðinn og má ætla að grjót úr hleðslum hafi verið rifið við túnrækt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-149:005 þúst útihús
64°00.798N 22°18.328V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið útihús fast suðaustan við útihús 004 og um 25 m norðvestan við bæ 001. Á þessum stað er algróin og ógreinileg þúst.
Þústin er í vesturjaðri bæjarhóls 001 og vestan við hana er tún.
Þústin er um 3x3 m að stærð og er um 1,1 m á hæð, hæst til suðausturs en fellur inn í bæjarhólinn til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


Þúst 005, horft til norðausturs

GK-149:006 brunnur brunnur
64°00.819N 22°18.355V



Brunnur 006, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti var brunnur fast við Sjávarstíginn 042, um 60 m norðvestan við bæ 001. Á heimasíðu Ferlis segir um sama brunn: "Nyrðri brunnurinn er vestan götu frá bænum niður að sjávarhúsnum. Steypt er við opið og stór hringlaga hlemmur ofan á. Hann er fallega hliðinn [svo] niður."
Brunnurinn er fast suðvestan við bílslóða niður að sjó, í túni.
Umhverfis brunninn er nú steyptur kassi og er hann byrgður með miklum tréhlemmi. Samkvæmt Margréti Guðnadóttur, heimildamanni, var brunnurinn hlaðinn niður. Hann er um 2,5x2,5 m að stærð og rís um 0,3 m upp úr jörðu. Fast suðaustan við brunninn er kofahræ, að falli komið, úr viði og bárujárni og á litlu þakinu er allþykk jarðvegstorfa. Líklega eru þetta leifar einhvers konar brunnhúss.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; http://www.ferlir.is/?id=4390

GK-149:007 gryfja
64°00.861N 22°18.384V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvær þrær þétt saman í suðurjaðri mýrar sem er á mörkum milli Þórustaða og Norðurkots. Saman mynda þrærnar rennu sem nú (2009) er full af vatni, um 160 m NNV við bæ 001.
Minjarnar eru í gróinni og allþurri mýri.
Á vettvangi má sjá langa og mjóa gryfju sem er um 10x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún mjókkar lítillega fyrir miðju þar sem kann að hafa verið haft á milli tveggja gryfja. Gryfjan er full af vatni og virðist vera gróin, hún er líklega 0,5-1 m á dýpt. Líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í þróna og hann notaður sem áburður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


Gryfja 007, horft til suðausturs

GK-149:008 tóft útihús
64°00.864N 22°18.417V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús fast norðan við Sjávarstíginn 042, um 170 m norðvestan við bæ 001. Þar er nú tvískipt tóft.
Tóftin er í hæðóttu túni.
Tóftin er úr grjóti en gróin, hlaðin inn í lágan hól. Hún er um 10x10 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, mesta hleðsluhæð um 0,7 m. Tóftin er tvískipt. Hólf I er í norðvesturenda og er um 3 x 4 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Ekki er hægt að greina innanmál hólfs II sem er í suðausturenda tóftarinnar en þar er tóftin samfallin og gróið yfir hrunið. Framan við tóftina til suðausturs er dálítil lægð, grasi gróin.




Tóft 008

Ekki sést op inn í tóftina eða hólfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


Tóft 008, horft til norðvesturs


GK-149:009 *Þórustaðanaust* hús naust
64°00.869N 22°18.464V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var fiskhús sem skiptist í fjögur hólf við enda Sjávarstígsins 042 og um 200 m norðvestan við bæ 001. "Sjávarkampurinn hlutaðist sundur um Þórustaðanaust en þar var Þórustaðavör [038] niður undan, en Þórustaðaskiparétt [010] var sunnan til við Sjávarhliðið," segir í örnefnaskrá. Uppistandandi bárujárnsnaust með sambyggðum timburhjalli er nú á þessum stað, á sjávarbakkanum. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, man eftir húsinu frá sinni æsku (hún er fædd 1929) og því líklegt að um sama hús sé að ræða og er á túnakorti þó að það kunni að hafa tekið breytingum.
Minjarnar eru á grónum sjávarbakka í túnjaðri, klettótt og sendin fjara er til norðvesturs.
Minjarnar eru alls um 12x15 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Sambyggð eru tvískipt naust og hjallur úr timbri og bárujárni sem enn eru undir þaki. Naustið er um 10x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hlaðinn veggur er meðfram suðvesturhlið þess. Hann er um 1,5 m breiður og um 0,7 m á hæð. Þar sem sést í grunn húsanna er hann hlaðinn með sementslími. Steypt plata er í botni naustsins og eru dyr á báðum stöfnum. Þil skiptir því í tvennt nokkurn veginn fyrir miðju. Einfaldar grjótraðir eru frá suðausturendum langveggja naustsins, um 5 m langar. Frá naustinu liggja þær til suðausturs en sú sem er í framhaldi af suðvesturlanghlið sveigir til suðurs og tengist að líkindum túngarði [010]. Við norðausturhlið naustsins er samfastur timburhjallur, tvískiptur, um 8x4 m að stærð og snýr eins og naustið. Í suðausturenda hjallsins er hólf sem er um 2,5x2 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Í norðvesturendanum er hólf sem er um 6x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Burstaþak er á naustinu en á hjallinum er ekki burst og hallar þakinu þar til norðausturs. Þökin eru úr bárujárni. Austan við hjallinn eru líklega leifar af húsgrunni sem er um 4,5x9,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Af honum sjást veggjaleifar til allra hliða nema suðausturs og eru veggirnir algrónir, um 0,3 m að hæð og um 0,4 m á breidd. Innan grunnsins eru 3 grónir jarðvegshryggir í sömu stefnu, samsíða, eru 0,5-1,5 m á breidd og um 6-8 m á lengd. Hæð þeirra er mest um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Þórustaðir, 2



Þórustaðanaust 009


Þórustaðanaust 009, horft til norðvesturs

GK-149:010 *Þórustaðaskiparétt* tóft+garðlag túngarður 64°00.861N 22°18.467V



Tóftir við túngarð 010



Tóft 010A, horft til suðausturs



Tóft 010B og túngarður 010D, horft til norðausturs



Tóft 010C, horft til suðvesturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá túngarður til suðvesturs frá nausti 009 að merkjum milli Þórustaða og Landakots GK-148. Á túnakortinu sést að áföst túngarðinum voru tvö útihús, annað sem hér er nefnt A, var um 180 m norðvestan við bæ 001 en hitt, B, um 180 m VNV við bæ. Í örnefnaskrá segir: "Sjávarkampurinn hlutaðist sundur um Þórustaðanaust [009] en þar var Þórustaðavör [038] niður undan, en Þórustaðaskiparétt var sunnan til við Sjávarhliðið." Útihús A sem merkt er inn á túnakort er líklega Þórustaðaskiparétt miðað við lýsingu á staðsetningu hennar. Þar er nú gróin tóft, um 10 m suðvestan við naust 009. Tóft af útihúsi B sést einnig, sem og túngarðurinn sjálfur og tvískipt gerði C við garðinn D innanverðan, um 30 m suðvestan við útihús B. Minjarnar eru um 175 m norðvestan við bæ 001 og eru skráðar saman undir þessu númeri.

Minjarnar eru á grónum sjávarbakka í túnjaðri. Sendin klettafjara er til norðvesturs.

Minjarnar eru á svæði sem er um 135x10 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Túngarður D er um 135 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Hann afmarkar norðvesturhlið túnsins en þó eru rof í hann á stöku stað. Gamla-Garðlagið 023 afmarkar suðvesturhlið túnsins og Heiðargarður 041 afmarkar suður- og suðausturhlið túnsins en ekki er túngarður sýnilegur á milli Þórukots og Norðurkots GK-150, meðfram norðausturhlið túnsins. Saman afmarka garðarnir svæði sem er um 225x280 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn sem skráður er hér er grjóthlaðinn en víða gróinn. Hann er 0,5 m breiður, 0,4-0,7 m á hæð og sjást mest 3 umför. Greinilegastur er garðurinn fast við norðausturgafl tóftar B en þar er garðurinn uppistandandi á um 2 m löngum kafla. Ef til vill hefur hann verið nýttur sem hluti af öðru mannvirki en ekki er að sjá aðra veggi sem hafa getað tilheyrt því. Tóft af útihúsi A er við utanverðan túngarð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld, algróin og ógreinileg. Tóftin er opin í báða enda og er um 4x5 m að stærð. Ekki sést í grjót í veggjum tóftar sem eru mjög signir. Líklegt er þó að tóftin hafi verið grjóthlaðin. Mesta veggjahæð tóftar er um 0,3 m. Mesta breidd veggja er 1,5 m. Tóft af útihúsi B er um 47 m suðvestan við tóft A. Samkvæmt Margréti Guðnadóttur, heimildamanni, var hún fjárhús. Tóftin er einföld, er um 8x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er grjóthlaðin en gróin. Mesta

hleðsluhæð er um 1,2 m og sjást 5 umför. Mikið hefur fallið inn í tóftina af viðarleifum og gróið er þar yfir. Suðausturveggur er niðurfallinn. Inngangur er á norðvesturgafli. Gerði C er sambyggt við innanverðan túngarð, um 30 m suðvestan við tóft B. Það er um 3x8 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og mjókkar í norðausturenda. Hólf I í suðvesturenda er um 1,5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er ógreinilegra, er um 1,5x2 m að innanmáli og snýr eins. Mesta hleðsluhæð er um 0,3 m. Ekki sést í grjót nema lítillega í innanverðu minna hólfinu og millivegg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:011 varða óþekkt
63°58.721N 22°14.046V
Í bókinni Örnefni og gönguleiðir segir: "Ofan og austan við Auðnasel [148:039] er há og mikil varða, nafnlaus, sem sést víða að, m.a. af Reykjanesbraut og stendur hún ofan Sýrholts en neðan Grindavíkurgjár." Stæðileg varða og lítið vörðubrot eru í Strandarheiði um 635 m austan við Auðnasel 148:040 og um 5,2 km suðaustur af bæ 001.
Minjarnar eru á miðju klapparholti, ekki ýkja háu. Umhverfis er hraunmói.
Minjarnar eru á svæði sem er um 17x2 m að stærð ogo snýr norður-suður. Nyrst er stæðilega varðan A, hún er um 1x1,2 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Hún er um 2 m á hæð og sjást 13 umför hleðslu í henni. Vörðubrotið B er um 15 m sunnan við vörðu A. Það er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Hleðslur standa að mestu og sjást 4 umför í hleðslu. Óvíst er í hvaða tilgangi vörðurnar hafa verið reistar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 76


Varða 011, horft til norðurs

GK-149:012 *Brunnurinn Nyrðri* gryfja brunnur 64°00.825N 22°18.494V


Gryfja 012, horft til austurs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró eða niðurgröftur í norðurjaðri mýrar sem er á mörkum Landakots GK-148 og Þórustaða, um 170 m VNV við bæ 001. "Brunnar tveir eru við Mómýrina Syðri. Nefnast Tjarnarbrunnar[;] Brunnurinn Nyrðri norðan Mýrarinnar og Brunnurinn Syðri [021] sunnan, eða utan Mýrarinnar," segir í örnefnaskrá. Líklegt er að gryfjan sem er í norðurjaðri Mómýrarinnar Syðri sé Brunnurinn Nyrðri og að hann hafi verið notaður til að brynna fé í fjárhúsum 010B. Ekki var að sjá önnur ummerki um brunn við norðurenda mýrarinnar. Á heimasíðu Ferlis er talið að brunnur 006 sé Brunnurinn Nyrðri. Ekki er það talið líklegt hér enda er sá brunnur um 100 m ANA við Mýrina.
Gryfja er í lægð í túni skammt norður af Þórustaðatjörn.
Ferköntuð gryfja er í túninu. Hún er um 2x1,5 m að stærð og er um 0,5 m djúp, snýr norður-suður. Gryfjan er gróin og ekki er vatn í henni. Kantar hennar reglulegir. Mögulega hefur þessi gryfja verið mógröf en Margréti Guðnadóttur, heimildamanni, þótti það líklegt og kannaðist ekki við að þarna væri brunnur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Þórustaðir, 3


GK-149:013 *Fjósboði* örnefni fjós
"Næst landi var Baðstofusker [014], sem einnig var nefnt Burstasker. Þar var einnig Fjósboði," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Fjósboða er ókunn og ekki er vitað til hvaða fjóss örnefnið vísar. Ef til vill hefur það borið í fjós á bæjarhólnum við innsiglingu en ekki eru heimildir um fjós niður við fjöru.
Fjósboði er í klettafjöru.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:014 *Baðstofusker* þúst óþekkt 64°00.895N 22°18.518V



Þúst á Baðstofuskeri 014, horft til suðurs



Þúst 014

"Næst landi var Baðstofusker, sem einnig var nefnt Burstasker. Þar var einnig Fjósboði [013]," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Baðstofusker er stórt, flatt sker yzt í Þórustaðatanga. Mér var sagt, að þar hefði verið baðstofa. Það fylgdi líka sögunni, hvað þar hefði verið margar hurðir á hjörum, en töluna man ég ekki lengur." Óvíst er hvar þetta sker er nákvæmlega eða baðstofan en á Þórustaðatanga er dálítil gróðurtorfa sem sjórinn er að rífa og kunna mannvistarleifar að leynast þar undir. Stutt er hins vegar niður á klöpp svo lítið er orðið þar eftir af mannvistarleifum. Þústin er um 260 m norðvestan við bæ 001.
Baðstofusker er hæsta skerið á Þórustaðatanga í samnefndri fjöru.
Það sem eftir er af gróðurtorfunni er um 8x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á norðvesturlanghlið torfunnar er rofabarð og í því sést að lítill jarðvegur er ofan á klöppinni. Ekki sést í hleðslur og lítið er um grjót sem ekki virðist vera jarðfast. Í rofinu má sjá litlar viðar- og járnaleifar og eru þær það sem helst gefur til kynna að þarna hafi verið mannvirki. Mesta jarðvegsþykkt í rofinu er um 0,5 m.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2; Ö-Þórustaðir svör við sp, 1


GK-149:015 *Þórustaða-Verbúðir* heimild um verbúð 64°00.895N 22°18.472V
"Næst landi var Baðstofusker [014], sem einnig var nefnt Burstasker. Þar var einnig Fjósboði [013]. Utan voru svo Geitlarnir, eða Þórustaða-Geitlar, Stóri-Geitill og Litli-Geitill og þar var Músasund og þar utar Þórustaðahnýll. Uppundir fjöru var Hannesarklöpp og á Kampinum voru Þórustaða-Verbúðir," segir í örnefnaskrá. Ekki sjást ummerki um verbúðir á Kampinum sem er um 230 m norðvestan við bæ 001.
Verbúðirnar voru á grýttum sjávarkambi sem er gróinn að hluta milli fjöru og lítillar tjarnar.
Ekki sést til minja og líklegt er að þær séu horfnar vegna landbrots.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2



Tóftir 016, horft til norðvesturs


GK-149:016 *Fjárhúsið* tóftir fjárhús
64°00.907N 22°18.395V
"Ofanvert við Norðurkampinn er svæði afgirt, sem nefnt hefur verið Beitiland og þar í kampinum er Fjárhúsið og við það Hlaðan. Þar er einnig Fjárrétt," segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftin eru enn vel greinileg á sjávarkambinum og sambyggður veggur liggur frá þeim til austurs og hefur að líkindum tilheyrt

Fjárréttinni sem nefnd er í örnefnaskrá. Minjarnar eru um 220 m norðvestan við bæ 001. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, minnist þess að fé hafi verið rekið í þessa rétt til slátrunar.
Minjarnar eru á grýttum sjávarkambinum sem er að hluta gróinn milli tjarnar og fjöru. Dálítill gróðurtangi er suðaustan við fjárhústóftina út í tjörn.
Saman ná minjarnar yfir svæði sem er um 13x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Hún er grjóthlaðin en allgróin. Tóftin er um 8x4 m að stærð mesta hleðsluhæð er um 1,2 m, 5 umför eru sýnileg. Tóftin er opin til norðurs en mögulegt er að þar hafi upphaflega verið veggur sem horfið hafi í sjó. Tóftin er í halla til suðurs. Frá suðausturhorni tóftarinnar er veggur eða garður sem liggur til austurs. Hann er að mestu hruninn en er um 0,7 m á hæð þar sem hann er hæstur og um 1,5 m breiður þar sem hann er mest hruninn. Í honum sjást 3 umför. Grjót hefur fyllt upp svæðið að garðinum. Líklega hefur réttin verið hér en ekki sjást skýr ummerki um hlöðu.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2



Tóftir 016

GK-149:017 hleðsla óþekkt 64°00.551N 22°18.072V
Þrjár lítilfjörlegar hleðslur eru um 490 m sunnan við bæ 001.
Minjarnar eru í grónum hraunmóa með stöku moldarflagi.



Hleðslur 017



Hleðsla 017B, horft til suðausturs


Hleðsla 017C, horft til suðausturs


Hleðsla 17A, horft til norðausturs

Hleðslurnar eru á svæði sem er um 10x40 m að stærð og snýr norður-suður. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Hleðslurnar eru allar á lágum klöppum, sú nyrsta, A, er um 1,5 m á lengd, liggur í litlum sveig frá norðri til suðausturs. Hleðslan er einföld og um 0,4 m á breidd og um 0,5 m á hæð, 2 umför sjást. Hleðsla B er um 25 m sunnan við hleðslu A. Hún er einnig hlaðin í boga, liggur frá suðaustri til norðurs. Hleðslan er um 1,5 m löng, einföld og mesta hleðsluhæð er um 0,4 m, 2 umför. Innanmál hleðslunnar með klöppinni sem hún stendur á er um 1 m. Hleðsla C er um 10 m suðvestan við hleðslu B. Þar eru aðeins 4 stórir steinar sem raðað hefur verið ofan á klöpp sem myndar dálítið skjól. Lengd hleðslunnar er um 1 m, snýr norður-suður og er eitt umfar, 0,4 m á hæð. Óvíst er hvaða hlutverki þessar hleðslur hafa gegnt en þær gætu mögulega verið leifar skotbyrgja.
Hættumat: engin hætta

GK-149:018 hleðsla óþekkt 64°00.535N 22°17.993V



Hleðslur 018


Hleðsla 018A, horft til suðurs


Hleðsla 018B, horft til norðausturs

Hleðslur eru á tveimur stöðum
á allháu holti um 545 m suðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru á holti í grónum hraunmóa en sunnan við holtið er mikið uppblásið svæði.
Alls eru minjar á svæði sem er um 5x35 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Annars vegar eru þrjár litlar hleðslur, A, á svæði sem er um 8x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslurnar eru norðvestan undir holti. Í norðausturenda svæðisins er hleðsla I sem er um 1,5 m á lengd, snýr austur-vestur. Hún er hæst um 1 m og sjást 3 umför. Hún er að hluta hlaðin ofan á klöpp. Breiðust um 0,4 m. Um 1,5 m norðvestan við þessa hleðslu er hleðsla II sem er um 2 m á lengd, snýr austur-vestur, 0,6 m á hæð og um 0,4 á breidd, 4 umför. Um 5 m suðvestar eru fáir steinar á litlum kletti, III. Er um 1 m á lengd, snýr austur-vestur. Um 35 m suðaustan við hleðslur A er stök hleðsla, B, á brún sama holts. Hún er um 2 m á lengd, snýr suðaustur-norðvestur og er um 0,5 m á hæð, 3 umför. Hleðslan er einföld og um 0,3 m breið. Óvíst er um hlutverk þessara hleðslna.
Hættumat: engin hætta

GK-149:019 náma mógrafir 64°00.796N 22°18.541V


Mógrafir 019, horft til austurs

"Sunnan (vestan) Sjávarstígsins [042] en niður undir Kampi Mómýrin Syðri og var þar einnig sæmilegt mótak. Þar er Þórustaðatjörn," segir í örnefnaskrá. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, man eftir mógröfunum á þessum slóðum en þær voru ekki notaðar í hennar minni. Mógrafirnar eru um 200 m vestan við bæ 001.
Mógrafirnar eru í mýri við tjörnina og við túngarð 010 en þurrt er utan hans og innan. Landinu hallar til suðausturs frá sjávarkambi niður að tjörn. Gróið svæði.
Mógrafir eru á svæði sem er um 30x30 m stórt og er vestan Þórustaðatjarnar, utan og innan túngarðs. Ein stök gröf er um 30 m norðaustan við aðalsvæðið. Staka mógröfin er um 1,5 m utan túngarðs (sjá 010), hún er um 5,5x2,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gröfin er grynnri í norðaustur-enda þar sem hún er um 0,4 m á dýpt en í hinum endanum er hún um 0,8 m djúp. Ekki er útilokað að gröfin hafi haft annan tilgang, t.d. að jarðvegur hafi verið fenginn þaðan til ræktunar í gerði innan við túngarð (sjá 010). Á aðalsvæðinu eru margar litlar mógrafir, a.m.k 16 og algengt er að þær séu um 3x3 m að stærð og um 0,5 m á dýpt. Þær grafir sem næstar eru tjörninni eru fullar af vatni en þær sem eru við eða utan túngarðs eru þurrar. Allar eru þær grónar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:020 varða óþekkt
64°00.349N 22°17.592V
Lítil varða er um 1 km sunnan við bæ 001 og um 125 m norðaustan við vörðu 029C.


Varðan stendur allhátt á klapparhól í hraunmóa sem er gróinn á köflum.
Varðan stendur að mestu en er nokkuð fornleg, gróin neðst og steinar skófum vaxnir. Grunnflötur vörðunnar er um 0,8x0,5 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m, 4 umför. Lítið virðist hafa hrunið úr vörðunni. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


Varða 020, horft til norðvesturs

GK-149:021 *Brunnurinn Syðri* brunnur brunnur
64°00.780N 22°18.555V



Brunnur 021, horft til suðausturs

"Brunnar tveir eru við Mómýrina Syðri. Nefnast Tjarnarbrunnar Brunnurinn Nyrðri [012] norðan Mýrarinnar og Brunnurinn Syðri sunnan, eða utan Mýrarinnar," segir í örnefnaskrá. Á heimasíðu Ferlis segir: "Í raun má sjá báða þessa brunna enn þann dag í dag. Einkum er Syðri brunnurinn áberandi. Hann er bæði hlaðinn og stór um sig, þó líkari vatnsstæði, enda suðvestan undir Tjarnarendanum. Fallega hlaðin brunngata [052] liggur að honum." "Mörk Suðurtúnsins eru úr Sandinum undir Þórustaðabakka upp í Brunninn Djúpugróf [búið að strika yfir nafnið í vélriti] eða Djúpugröf, þaðan eftir Markasteinum eftir Gamla-Garðlaginu [023] í Heiðargarðinn [041]. Brunnurinn Djúpagróf var allmikið mannvirki, niðurgrafið og upphlaðið, og tröppur niður að ganga að vatninu, sem aldrei þraut." segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er brunnurinn sýndur á merkjum milli Landakots og Þórustaða. Margrét Guðnadóttir man eftir því að þvottar voru þvegnir í brunninum og því óvíst að hann hafi verið notaður fyrir vatnsból, a.m.k. í seinni tíð. Brunnurinn er um 210 m vestan við bæ 001.
Djúpagröf er á merkjum milli Landakots og Þórustaða, í gróinni mýri skammt suðaustur af fjörunni.
Brunnurinn er grjóthlaðinn í hring. Hann er um 4 m í þvermál utanmáls og standa hleðslur um 0,3 m upp úr sverði en gróið er yfir þær, Ekki sést í tröppur í brunninum en hlaðið hefur verið undir merkjagirðingu þar sem þær voru á suðvestanverðum brunninum. Líklega er brunnurinn um 1,5 m á dýpt en vatn er í honum og gróður og sést ekki gjörla til botns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3; http://www.ferlir.is/?id=4390; Túnakort 1919




Brunnur 021 og brunngata 052

GK-149:022 *Hellukot* tóftir býli 64°00.719N 22°18.372V



Tóftir 022D, 022I, 022J og gerði 022H



Tóft 022E og gerði 022F



Tóft 022D, horft til norðausturs



Tóft 022E og samfast gerði 022F, horft til suðurs

"Upp í túninu sunnan götunnar var hjáleiga í eina tíð, nefndist Hellukot, þar í kring var Hellukotstún. Í þessu túni var Hellukotsbrunnur, og brunnstígur frá honum til bæjar," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Hellukot var grasbýli ofan og sunnan Þórustaða, upphaflega úr Þórustaðalandi. Um 1880 var Hellukot tómthús, en varð grasbýli síðar." Ekki er ljóst hvenær Hellukot fór í eyði en það hefur þó verið eitthvað fyrir síðari heimsstyrjöld því í bók Guðmundar kemur fram að býlið hafi verið notað til sumardvalar í nokkur ár, ýmist sem barnaheimili (á stríðsárunum) og fyrir aðra sumargesti. Hellukot er um 155 m suðvestan við bæ 001.



Tóft 022I, horft til suðausturs

Hellukot er í suðurhorni túnsins, þar eru klapparhólar í grónu túni. Stór hluti minja sem tilheyrt hafa Hellukoti eru innan girðingar vestan heimreiðar þar sem nú er sumarhúsið Grund.



Brunnur 022G, horft til vesturs



Tóft 022J, horft til norðausturs



Kálgarður 022C, horft til suðvesturs



Hús á bæjarstæði Hellukots 022A, horft til norðausturs

Á túnakorti frá 1919 kemur fram stærð túns og kálgarða Hellukots: Tún ,13 teigar, garðar 200m2. Býlið og mannvirki sem tilheyrðu því eru merkt inn á túnakortið. Auk býlisins eru merkt inn 3 útihús (D,E,J) ein þró (I), einn brunnur (B) og 2 kálgarðar (F,H) . Á vettvangi sást til allra minjanna auk eins kálgarðs (C) og brunns (G). Líklega eru þessar minjar ekki á túnakorti vegna þess að þær eru yngri en það. Mannvirki sem tilheyrðu Hellukoti eru á svæði sem er um 120x60 m að stærð. Þau eru hér skráð undir þessu númeri en hver fornleif fær bókstaf til aðgreiningar í umfjöllum. Samkvæmt túnakorti var býlið A um 50 m norðaustan við tóft E. Þar er nú múrsteinshlaðið hús á hlöðnum grunni. Húsið virðist ekki hafa verið ætlað til íbúðar en ekki fengust upplýsingar um hvenær það var byggt. Grunnurinn er niðurgrafinn og grafið hefur verið niður með húsinu niður á klöpp norðvestan við það. Vestan við þá gryfju er gróinn jarðvegshaugur en engin ummerki um býlisrústina eru sjáanleg. Ekki sést heldur til brunns B sem var 10 m norðaustan við hana samkvæmt túnakorti. Framan við býlisstæðið eru lágar, grónar klappir til suðvesturs og suðvestan við þær er kálgarður C. Veggir hans er útflattir og gróið yfir þá nema suðausturvegg. Þar sést í grjót. Mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Garðurinn er um 20x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í suðurhorni túnsins þar sem Gamla-Garðlagið 023 og Heiðargarður 041 koma saman er lítill kálgarður F og í norðausturhorni hans er tóft E. Kálgarðurinn er um 15x20 m að stærð, snýr austur-vestur. Garðarnir umhverfis hann eru niðurfallnir, eru um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Tóft E er tvískipt. Hún er um 7x5 m að stærð, snýr austur-vestur. Hólf I er austar, það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf II er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Grjóthleðslur greinilegar innan þess en sjást lítið annarsstaðar. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1,5 m. Op eru inn í bæði hólf úr norðri. Hlaðinn brunnur er um 30 m norðan við E. Hann er um 1,5 m í þvermál, vandlega hlaðinn en farinn að falla inn efst. Brunnurinn er um 2 m á dýpt en þurr og fullur af drasli. Tóft D er um 30 m sunnan við A og er ógreinileg. Hún er suðaustan í lítilli klöpp en hlið inn á svæðið er á henni og nýleg heimreið að Þórustöðum er fyrir norðaustan við tóftina. Hún er um 3x6 m að stærð, virðist einföld en gæti hafa raskast í norðausturenda. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést í grjót nema í norðausturenda. Ekki sést hvar inngangur hefur verið í tóftina. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Tóftir I og J eru innan kálgarðs H sem

liggur frá Heiðargarði 041 til norðvesturs. Garðurinn er niðurfallinn, er um 1 m á breidd og um 0,4 m á hæð. Hann afmarkar svæði sem er um 25x50 m að stærð. Við brekkurætur er grjóthlaðin þró, I með sementslími. Hún er um 4,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þróin er niðurgrafin en hleðslur standa um 0,5 m upp úr jörðu, er um 1 m á dýpt en full af grjóti. Um 3 m norðvestan við I er einföld, grjóthlaðin tóft, J. Hún er um 4x9 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni norðaustast á norðvestur-langvegg, um 2,5 m breitt. Mesta hleðsluhæð um 1,1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3; GJ: Mannlíf og mannvirki, 309

GK-149:023 *Gamla-Garðlagið* garðlag túngarður 64°00.694N 22°18.443V



Gamla-Garðlagið 023, horft til suðausturs

"Mörk Suðurtúnsins eru úr Sandinum undir Þórustaðabakka upp í Brunninn eða Djúpugröf [021], þaðan eftir Markasteinum eftir Gamla-Garðlaginu í Heiðargarðinn [041]," segir í örnefnaskrá. Garður liggur á merkjum milli Þórustaða og Landakots frá Djúpugröf að Heiðargarði.
Garðurinn liggur úr mýrinni í túni, á klapparhólum og um móa.
Garðurinn er hruninn að langmestu leyti, hann liggur suðaustur-norðvestur, og er um 185 m langur. Hann sést illa í mýrinni en verður greinilegri eftir því sem ofar dregur (til suðausturs). Eftir því sem ofar dregur verður grjótið í garðinum stærra. Hann er víða 1-2 m á breidd og hæstur er hann um 1 m, sjást 3 umför. Ekki sáust markasteinar í garðinum sem skáru sig frá öðru grjóti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3


GK-149:024 hleðsla óþekkt 64°00.253N 22°17.495V
Hleðsla er um 1,2 km norðan við bæ 001.
Hleðslan er á sléttri hraunhellu sem hallar til suðurs í hraunmóa.
Hleðslan stendur. Hún er um 2 m á lengd, snýr norðvestur-suðaustur og er um 0,6 m á hæð, 5 umför. Breidd hleðslu um 0,3 m. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hún var hlaðin.
Hættumat: engin hætta



Hleðsla 024, horft til norðausturs

GK-149:025 *Stekkhóll* örnefni stekkur
64°00.686N 22°18.240V
"Norðan Þórustaðagötu og ofan við bæinn er Stekkhóll og þar er Stekkhólsrétt [026]," segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing kemur ekki heim og saman við Þórustaðagötu 040 sem skráð var um 120 m norðaustan við Stekkhólsrétt 026. Annað hvort er villa í örnefnaskrá eða verið er að tala um aðra götu, ef til vill hefur legið gata þar sem núverandi heimreið liggur. Gengið var umhverfis Stekkhól sem Stekkhólsrétt 026 stendur að öllum líkindum á en ekki sáust minjar um stekk. Ákjósanlegt stekkjarstæði er hins vegar norðvestan undir lágri klöpp á Stekkhól, um 210 m sunnan við bæ 001. Til norðvesturs frá þeim stað er sléttur og grasgefinn mói á milli klappa sem mynda náttúrulegt aðhald. Ekki er útilokað að Stekkhólsrétt 026 hafi verið byggð á leifum stekkjarins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3

GK-149:026 *Stekkhólsrétt* tóft rétt 64°00.671N 22°18.249V




Stekkhólsrétt 026


Stekkhólsrétt 026, horft til norðausturs

"Norðan Þórustaðagötu [040] og ofan við bæinn er Stekkhóll og þar er Stekkhólsrétt," segir í örnefnaskrá. "Stekkhólsrétt, veit ég ekki, hvort er sama réttin, sem enn stendur að hluta uppi og var alltaf notuð í mínu ungdæmi og var alltaf kölluð bara Þórustaðaréttin," segir í svörum við spurningum. Líklega er Þórustaðarétt og Stekkhólsrétt sama réttin. Margrét Guðnadóttir man vel eftir að réttin hafi verið notuð og að féð hafi verið rekið í réttina þegar því var smalað úr heiðinni. Réttin er 250 m sunnan við bæ 001.
Réttin er á flatri hæð og sést í bera klöppina, í móa utan túns.
Réttartóftin er grjóthlaðin og tvískipt, snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er um 16x5 m að stærð og er hólf I í norðausturenda um 4x4,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er um 4,5x10,5 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Veggir eru einfaldir, um 0,5 m á breidd og hæstir um 1 m, sjást 5 umför. Þar sem veggur skiptir tóftinni í tvennt liggur veggur til suðurs frá tóftinni, um 2 m langur. Suðvesturveggur er horfinn að mestu á kafla. Mikil grjóthrúga er hér um 5 m norðan við tóftina og kann þar að þar hafi verið safnað saman grjóti sem hrunið hefur úr réttinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3; Ö-Þórustaðir svör við sp, 2-3

GK-149:027 *Bakkarétt* hleðsla rétt 64°00.914N 22°18.330V


Hleðsla 027, horft til norðvesturs



Hleðsla 027

"Auk þess sem áður segir finnast í Þórustaðatúni eftirtalin örnefni: Tíðarhóll, Jónsvöllur, Jónsslakki, Grábakki og Bakkarétt," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 segir að á sjávarkampi séu 3 fjárréttir og fjárkofi. Líklega er fjárkofinn og ein réttanna skráð á fornleif númer 016. Önnur réttin er líklega Bakkarétt en ekki er vitað um staðsetningu þriðju réttarinnar [050]. Leifar Bakkaréttar eru um 220 m norðan við bæ 001.
Leifar réttarinnar eru á háum sjávarkambi milli klettafjöru og mýrar.
Hleðslur eru á svæði sem er um 6x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Annars vegar er hleðsla sem er 1,5 m

löng og 0,5 m breið. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Um 2 m austan við hana er L-laga hleðsla sem er um 2x4 m að stærð, liggur norðaustur-suðvestur, og er breidd hennar um 0,5 m. Mesta hleðsluhæð er um 1 m að utanverðu (suðvestanverðu). Sjórinn hefur fyllt upp að hleðslunni að norðaustanverðu.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3; http://www.ferlir.is/?id=4390

GK-149:028 *Stöðulhóll* örnefni kvíar 64°00.709N 22°18.225V
"Utan Heiðargarðs [041] er svo Stöðulhóll," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvaða hóll bar þetta heiti og Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, man ekki eftir því að kvíar hafi verið á Þórustöðum. Líklegast er að Stöðulhóll sé norðvestan undir lágum og sléttum hól um 190 m sunnan við bæ 001.
Umhverfis hólinn er gróinn mói.
Ekki sést til minja um kvíar á þessum stað og ekki einu sinni fullvíst að hóllinn sé Stöðulhóll, þó það þyki líklegast.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3

GK-149:029 *Markavörður* varða landamerki 64°00.479N 22°18.047V



Varða 029, horft til norðausturs

"Markalínan syðri liggur upp Heiðina, Strandarheiði eftir Markavörðum [...]," segir í örnefnaskrá. Varða er um 640 m sunnan við bæ 001, líklega ein Markavarðanna.
Varðan er á lágu hraunholti í hraunmóa sem er gróinn að hluta en nokkuð mikið um flagmóa.
Varðan er niðurfallin og ekki mög fornleg. Hún er um 1 m í þvermál og er um 0,5 m á hæð. Steinar eru lítillega skófum vaxnir. Lítill tréhæll er inn á milli steina. Áður var reynt að staðsetja Markavörður við skráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000 en þá fannst engin varða í námunda við brautina. Örnefnið bendir til þess að margar vörður hafi verið á merkjum en ekki fundust fleiri á þessum slóðum sem víst er að séu á merkjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3

GK-149:030 *Þórustaðaborg* tóftir fjárskýli 64°00.425N 22°17.129V


Tóftir 030A-B, horft til norðvesturs. Þórustaðaborg 030A er fyrir miðri mynd en tóft 030B er í neðra vinstra horni

"Markalína nyrðri liggur úr Vatnagarði [068] í Hólaþyrpinga, sem eru margir Hólar og nefnast einu nafni Þórustaðaborg. Þar í er Stekkatúnið gamla eða Þórustaðastekkatún," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Við fylgjum Þórustaðastíg [641:002] upp í Þórustaðaborg sem er ofar og suðaustar í heiðinni, u.þ.b. km frá veginum. Stígurinn var einnig kallaður Kúastígur á þessu bili því kúm var beitt við borgina á sumrin. Þórustaðaborg hefur upphaflega verið fjárborg og liggur vestan undir allháum hól." Þórustaðaborg og fleiri minjar henni tengdar eru um 1,2 km suðaustan við bæ 001.
Þórustaðaborg er umkringd hraunhelluhólum á alla vegu nema til suðvesturs þar sem Þórustaðastekkatún er enn allgróið en litlir rofaflekkir eru farnir að myndast í og við það.
Á heimasíðu Ferlis segir: "Gengið var til vesturs að Þórustaðaborg. Hún er í hvarfi við hraunhól í ca. 10 mín fjarlægð frá Staðarborg [151:049]. Falleg fuglaþúfa er á hólnum. Borginni hefur einhvern tímann verið breytt í stekk, en suðaustan í honum er gróin tóft. Þá er stök tóft, greinilega gömul, norðvestan undir klapparhólnum, í skjóli fyrir suðaustanáttinni. Vel gróið er í kringum borgina. Þórustaðastígurinn liggur þarna upp með borginni og sést hann vel þar sem hann liggur til suðausturs ofan hennar, áleiðis að Keili. Stígurinn liggur upp á Vigdísarvelli."
Minjar við Þórustaðaborg eru á svæði sem er um 20x50 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni. Borgin sjálf A er um 10 m í þvermál en hún er ekki alveg hringlaga og sést



Tóftir og aðrar minjar við Þórustaðaborg 030


Garðlag 030C, horft til suðausturs


Vatnsstæði 030D, horft til suðausturs

móta fyrir horni á henni í norðausturhluta. Borgin er þrískipt og er op á henni til suðurs. Hólf I er líklega upprunalegast og nær það yfir norðvesturhluta tóftarinnar. Það er um 5x3,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Í norðausturhluta tóftar eru tvö yngri hólf sem standa hærra í tóftinni. Hólf II er um 3x1, 5 m að innanmáli og snýr eins og hólf I. Grjóthlaðinn veggur skilur á milli þess og hólfs I. Op er inn í hólfið í vesturhorni. Grjótveggurinn er hruninn að hluta en þó sjást 4 umför. NNV við hólf II er hólf III. Það er lítið, er um 2x0,5 m að innanmáli, snýr suðvestur-norðaustur. Veggir borgarinnar eru að mestu grónir og víða um 2,5 m á breidd en mesta hæð þeirra er um 1,3 m. Hvergi sést í grjót í utanverðum veggjum en lítillega sést grjót í þeim innanverðum. Op er inn í tóftina úr suðri og er innrekstrargarður meðfram inngangi vestanmegin, um 2 m langur og liggur SSV-NNA. Fast suðaustan við borgina er algróin tóft B sem er orðin mjög ógreinileg en er um 8 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Greina má óljóst 2 hólf í henni sem bæði snúa norður-suður. Það vestara I er um 2x1 m að innanmáli, snýr norður-suður, og virðist opið í báða enda, það austara II er um 3x0,5 m að innanmáli, snýr norður-suður, opið til suðurs. Mesta hæð tóftarinnar er um 1 m. Ekki sést í grjóthleðslur. Garðlag C er á milli tveggja hraunhóla um 20 m norðan við borgina A. Það er um 8 m langt en nær ekki alveg að loka milli hólanna. Það liggur frá norðvestri til austurs. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og sjást 3 umför. Garðurinn er hruninn að hluta. Breiðastur er hann um 0,4 m. Hlaðið vatnsstæði D er um 30 m suðaustan við Þórustaðaborg, uppi á háum hól, nokkuð vel grónum. Hleðslan er í hring og er víðast einföld á breidd og hæð. Hún er að utanmáli um 1,3 m í þvermál. Innan hleðslunnar er þurrt og grasi gróið. Mesta hæð hleðslu er um 0,4 m, 2 umför á einum stað og breiðast um 0,5 m en þar er það steinninn sem er svo breiður en ekki hleðslan. Fast suðaustan við vatnsstæðið er lítil dæld og mosagróin hleðsla E suðaustan við hana og stakt grjót norðvestan við hana. Dældin auk hleðslu er um 1,5x1,2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru um 0,2 m á hæð og um 0,5 m á breidd. Ef til vill hefur þarna verið eldra vatnsstæði. Á fyrrnefnda vatnsstæðinu D er grjóthrúga við suðvesturjaðar þess og hefur þar ef til vill verið lítil varða sem vísaði á það. Hún er um 0,6 m í þvermál og um 0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3; SG: Örnefni og gönguleiðir (2007), 40; http://www.ferlir.is/?s=toftirogsaeluhus&naid=970

GK-149:031 hleðsla óþekkt

64°00.285N 22°16.858V

Hleðsla er um 110 m norðan við hleðslur 035 og um 1,5 km norðvestan við bæ 001.


Hleðslan er á lítilli klöpp í hraunlendi.
Hleðslan er um 2 m á lengd, snýr suðvestur-norðaustur. Hún er um 0,6 m á hæð, 3 umför, óvönduð hleðsla, um 0,3 m á breidd. Ekki er vitað í hvaða tilgangi mannvirkið var hlaðið en mögulegt er að það sé skotbyrgi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3


Hleðsla 031, horft til norðvesturs

GK-149:032 *Smalaskáli* þúst smalakofi 64°00.489N 22°17.493V


Þúst 032, horft til suðausturs

"Í landi Þórustaða er upp frá Þjóðveginum Smalaskáli," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi segir: "Smalaskáli heitir hringlaga klapparhóll, lítið áberandi, sem stendur nokkurn spöl ofan og austan Skálholts en neðan og norðvestan Þórustaðaborgar [030]. Jarðsímastrengur liggur fast við og neðan hólsins." Líklegt er að Smalaskáli sé þar sem grjótþúst er á háum kringlóttum hól, um 185 m norðvestan við Þórustaðaborg og um 1 km suðaustan við bæ 001.




Þúst 032

Þústin er á háum, kringlóttum hól, mosagrónum í hraunmóa. Af honum sést víða.
Þústin á hólnum er um 1,5 m í þvermál og er um 0,4 m á hæð. Hún er orðin mjög gróin. Mögulega eru þetta leifar smalaskála sem hóllinn dregur nafn af.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 3; SG: Örnefni og gönguleiðir, 41

GK-149:033 *Kolgrafarhóll* örnefni kolagröf 63°59.766N 22°15.146V
"Kolgrafarhóll. Ég held að það eigi að heita Kolgrafarholt. Þetta er grjótholt, dálítið stórt, með nokkuð djúpri skál í suðurendanum," segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Þar hafa verið byggð fjárhús 034. "Til landsuðurs frá Lynghól [útsuður frá 049] og rétt ofan við veginn er stórt klapparholt, er Kolgrafarholt nefnist, dregur það nafn af tveim grasigrónum bollum, er ofan í það eru og kallast Kolagrafir. Þær eru miklu stærri en kolagrafir eru vanalega, en lögun sú sama." Kolagrafarholt er um 350 m suður af Reykjanesbraut. Ef keyrt er eftir brautinni til vesturs er farið um 1,3 km lengra til vesturs á heldur en veðurathugunarkassi sem er við brautina. Vestast á holtinu er hálfhrunin varða.
Hóllinn er gróinn klettahóll með nokkrum dældum. Þessar dældir eru mest áberandi sunnan í hólnum en einnig má greina einhvers konar dældir austan í honum. Dældir þessar eru alltof stórar til að vera kolagrafir, lögunin minnir þó á kolagrafir og er nafnið sjálfsagt þaðan komið. Ekkert skóglendi er á þessum slóðum.
Heimildamaður þekkir ekki sagnir um kolagerð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir svör við sp, 2; Ö-Þórustaðir AG og Ö-Kálfastrandarhverfi, 15

GK-149:034 tóft fjárhús 63°59.768N 22°15.171V



Tóft 034

"...


Tóft 034, horft til

skammt ofan hennar er Kolgrafarhóll, svo er Sýrholt; þess má geta, að bóndinn þar byggði fjárhús í Kolgrafarholti," segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin eru í Kolagrafarholti sem er um 350 m sunnan við Reykjanesbraut og 1,3 km vestar við Reykjanesbrautina heldur en veðurathugunarkassi við brautina. Á hólnum er hálfhrunin varða.
Kolgrafarholt er klettaholt og sú syðsta og stærsta af þremur hæðum. Hóllinn er myndaður af klettum en er gróinn mosa og grasi. Í honum eru nokkrar dældir.
Hleðslurnar eru í einskonar dæld austan í hólnum og eru byggðar í náttúrulegu aðhaldi. Virðist sem um aðhald og fjárhúskofa sé að ræða. Umhverfis er klettaveggur en inn í hann er hlaðinn grjótveggur til að styrkja aðhaldið (meira en 18 m langur en á milli eru klettar). Í miðju aðhaldinu er svo kofi sem er um 8x4 m að stærð og er hann einfaldur úr grjóti.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir AG


Hleðsla 035, horft til norðausturs

GK-149:035 hleðsla óþekkt
64°00.233N 22°16.794V
Þrjár hleðslur eru um 1,6 km suðaustan við bæ 001.
Hleðslurnar eru á brún hraunhelluhóls í hraunmóa.
Hleðslurnar eru á svæði sem er um 22 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Stæðilegasta hleðslan, A, er í miðið. Hún er um 2 m á lengd en virðist hafa hrunið að hluta. Hún snýr austur-vestur og er um 0,8 m á hæð, 3 umför, 0,3 m á breidd. Um 5 m austan við er lítil hleðsla, B, sem er 0,6 m á lengd og snýr austur-vestur. Hleðslan er um 0,4 m á hæð og 0,3 m á breidd, 2 umför. Um 11 m norðvestan við hleðslu A er einföld röð steina C sem raðað hefur verið á lága klöpp. Hún er um 2 m á lengd og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslan er um 0,3 á hæð og breidd. Óvíst er í hvaða tilgangi þessi mannvirki voru hlaðin. Mögulega voru þau notuð sem skotbyrgi.
Hættumat: engin hætta


Hleðsla 036, horft til suðausturs

GK-149:036 hleðsla óþekkt
Hleðslur eru á þremur stöðum á sama hraunhól og varða 641:002f, um 10 m suðvestan við hana. Hleðslurnar eru um 760 m suðaustan við bæ 001.
Lágur hraunhóll í hraunmóa.
Hleðslurnar eru á þremur stöðum á svæði sem er um 30x5 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Þær eru varla meira en einföld röð af steinum sem raðað er ofan á lága klöpp. Sú lengsta er í miðið, er um 3 m löng, 2 umför. Hún er um 0,6 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hinar tvær

hleðslurnar eru 1-2 m á lengd, snúa suðaustur-norðvestur og eru um 0,3 m á hæð. Óvíst er í hvaða tilgangi þessi mannvirki voru hlaðin.
Hættumat: engin hætta

GK-149:037 *Fornasel* tóftir sel 63°59.397N 22°15.926V


Tóft 037A, horft til suðurs


Gryfja E, meint vatnsstæði, horft til suðurs


Tóft 037C, horft til suðausturs


Tóft 037B, horft til norðurs



Tóft 037D, horft til vesturs

"Þar suður af [Klifgjá og Klifgjárbarmi sem eru sunnan við Kolgrafarholt] er Fornasel eða Litlasel," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Fornasels er ekki getið í örnefnaskrá Þórustaða en samkvæmt núverandi landamerkjum er selið innan landamerkja þeirra. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi segir um Fornasel: " Í austurátt frá Skrokkum er lítið selstæði sem heitir Fornasel. Ein heimild segir það vera frá Þórustöðum [mögulega úr bókinni Strönd og Vogar] en önnur heimild segir að selið gæti heitið Litlasel og verið frá Landakoti [í örnefnalýsingu Landakots eftir Gísla Sigurðsson segir: "Ekki er með öllu víst, að Fornasel tilheyri landi Landskots, en hafi svo verið nefndist það einnig Litlasel." Ekki er ljóst hvernig Litlasel kemur til sögunnar. Þess virðist ekki vera getið annarsstaðar en í þessari örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá fyrir Landakot er Fornasel talið til örnefna sem tilheyra því en framar í skránni er tekið fram að erfitt sé að staðsetja þekkta hóla og kennileiti í Strandarheiði í landi hverrar einstakrar jarðar vegna þess hve þéttbýlt sé á svæðinu]. Í Jarðabókinni 1703

er ekki getið um Fornasel eða annað sel á þessum slóðum en bókin nefnir Fornuselshæðir sem eru líklega nokkuð ofar í heiðinni [...]." Í bókinni Strönd og Vogar segir: "Þá er Fornasel. Þar áttu fyrst selstöðu Kálfatjörn og Þórustaðir en Kálfatjörn fékk seinna selstöðu, þar sem heitir Sogasel [159:098] [...]." Mögulega er hér átt við sel í Fornuselshæðum [151:067] en í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 kemur fram að Kálfatjörn og Þórustaðir hafi átt selstöðu þar. Fornasel er um 3,2 km suðaustan við bæ 001.

Selið er í hrauninu sunnan við Reykjanesbraut þar sem landið fer hækkandi og er selið á dálítilli hæð. Gróið er í kringum selið.

Í ritgerð Ómars Smára Ármannssonar um sel og selstöður á Reykjanesskaga segir um Fornasel: "Í selinu er ein megintótt með tveimur vistarverum og hlöðnu gerði sunnan við. Vestar er hlaðinn stekkur. Ofan við hólinn er vatnsstæði í krika og minni tóft með tveimur vistarverum. Tóftirnar eru grónar, en vel sést móta fyrir veggjum. Hleðslur sjást í veggjum. Hlaðið er um vatnsstæðið." Heildarstærð minjasvæðisins er um 68x20 m og snýr það norðvestur-suðaustur. Seltóftirnar eru á tveimur stöðum, annars vegar tóftir A-C sem eru norðaustan við dálitla klapparbungu, hins vegar tóft D sem er suðaustan við sömu bungu. Um 60 m eru á milli staðanna. Á milli svæðanna er svo líklega vatnsstæði eða vatnsból E og er dálítil hleðsla eða steinlögn meðfram henni. Tóft A er einföld og mjög ógreinileg. Hún er neðst (norðvestast) í tóftaþyrpingunni og útflött að mestu leyti. Tóftin er um 4x5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Ógreinilegir veggir eru á austurhlið og á SSA-gafli. Aðrir veggir eru útflattir en grjót finnst undir sverði. Óljóst er hvar inngangur hefur verið. Tóft B er tvískipt, 6,5x4 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur. Tóftin er gróin en þar sem hrunið hefur úr veggjum inn í tóftina sést í grjót. Hólf I er í norðvesturenda og er um 1x1 m að innanmáli en hólf II í hinum endanum er um 2x2,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Fast við þessa tóft en líklega ekki sambyggð er tóft C. Hún snýr austur-vestur og er um 5x5 m að stærð og skiptist óljóst í 2 hólf. Hólf II í suðausturenda er um 2,5x1 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Op er á því til norðvesturs inn í hólf I. Hólf I er í norðvesturenda tóftar, opið til norðvesturs, um 2x2 m að innanmáli. Tóftin er vel gróin og ekki sést í steina nema á stöku stað. Mesta hleðsluhæð í tóftum B og C er um 0,5 m. Um 18 m suðaustan við tóft C er gróin gryfja E, um 2x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Mikið grjót er í gryfjunni, sérstaklega að austan- og sunnanverðu og grjóti hefur verið raðað á bakka gryfjunnar í vesturenda sem er að mestu þurr og er gryfjan dýpst þar, um 1-1,2 m. Líklegt er að þarna hafi verið vatnsstæði eða vatnsból. Um 24 m suðaustan við vatnsstæðið er tvískipt tóft D sem er um 5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft þessi er mun fornlegri en tóftir A-C. Hólf I er í norðurenda og er um 2x1 m að innanmáli, snýr norður-suður, op til austurs. Hólf II er um 1x1 m að innanmáli, óljóst op er á austurvegg. Mesta hleðsluhæð tóftarinnar er um 0,5 m. Tóftin er vel gróin en lítillega sést í grjót í hólfi II.



Fornasel 037

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 12; SG: Örnefni og gönguleiðir, 89; Árni Óla: Strönd og vogar, 206; Ö-Landakot GS, 3; Ö-Landakot, 2,7; ÓSÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum, 84

GK-149:038 *Þórustaðavör* náttúrumin lending 64°00.873N 22°18.549V

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 var þá heimræði og góð lending á Þórustöðum. "Sjávarkampurinn hlutaðist sundur um Þórustaðanaust [009] en þar var Þórustaðavör niður undan, en Þórustaðaskiparétt [010] var sunnan til við Sjávarhliðið," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1919 er vörin sýnd fast norðvestan við útihús 009 og spil suðaustan við vörina. Þórustaðavör er um 240 m norðvestan við bæ 001.

Vörin er í sendinni klettafjöru með ljósum sandi.

Vörin er löng og mjó, um 40x5 m að stærð og liggur norðvestur-suðaustur og er nokkur sandur í henni. Í seinni tíð hafa verið lagðir járnteinar úr vörinni að Þórustaðanausti 009. Vörin virðist vera náttúruleg og ekki sést að hún hafi verið rudd en klettar eru meðfram henni á báða bóga.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:JÁM III, 141; Túnakort 1919; Ö-Þórustaðir, 2


Þórustaðavör 038, horft til norðvesturs

GK-149:039 *Suðurhjáleiga* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Sudurhjáleiga hefr að fornu bygð verið, og síðan legið í auðn um nokkrar stundir, þá enn aftur bygð verið um eitt ár, og síðan í eyði legið fjegur samfeld ár til þessa tíma. [...] Nú hefur bóndinn grasnytina sjálfur, og þykist ei að skaðlausu afleggja mega." Ekki er vitað hvar þetta kot hefur staðið en líklegt er að það hafi verið á sama eða svipuðum stað og Hellukot 022. Það var í suðurhorni Þórustaðatúns.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM III, 142

GK-149:040 *Þórustaðagata* gata leið 64°00.687N 22°18.333V
"Þórustaðagata lá ofan frá Þjóðveginum [annað hvort er átt við Alfaraleið 641:003 eða Strandaveg 641:011] um Þórustaðahlið á Heiðargarði [041] heim til bæjar [001]," segir í örnefnaskrá. Hér er líklega átt við leið sem ekki er sýnd á túnakorti frá 1919 en lá á svipuðum slóðum og núverandi heimreið. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, man eftir þessari leið.
Gatan lá um gróinn móa og tún.
Samkvæmt heimildamanni lá leiðin frá steyptum mjólkurbrúsakofa við Strandaveg, í sveig til norðurs á milli tófta 22D og 22J og heim að bæ 001. Leiðin var um 370 m löng. Ekki sést lengur til leiðarinnar en sem fyrr segir liggur núverandi heimreið á svipuðum slóðum og hylur hana að líkindum að miklu leyti. Afar líklegt er að þessi leið hafi legið á leið 056, brunnstíg sem lá frá bæ 001 að Hellukotsbrunni 022B.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:041 *Heiðargarður* garðlag túngarður 64°00.697N 22°18.342V

Heiðargarður 041, horft til vesturs

"Þórustaðagata [040] lá ofan frá Þjóðveginum um Þórustaðahlið á Heiðargarði heim til bæjar," segir í örnefnaskrá. Heiðargarður afmarkar tún Þórustaða að sunnan- og suðaustanverðu. Hann tengist Gamla-
Garðlaginu 023 í suðvesturhorni túnsins. Með túngarði 010 afmarka þessir garðar svæði sem er um 225x280 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Heiðargarður er mun veglegri en hinir tveir garðarnir og hefur átt að varna því að skepnur kæmust upp í heiðina. Garðurinn er um 110 m suðaustan við bæ 001.
Garðurinn liggur um hóla og hæðir á mörkum túns og mólendis. Trjágróður vex í og við garðinn suðvestan við Hellukot 022.
Heiðargarður er víðast niðurfallinn en hefur verið stæðilegur. Hann er nú um 1-2 m á breidd og hæstur er hann um 1 m, þar sjást 5 umför. Heillegastur er hann norðvestan við Hellukot 022 þar sem lítill reitur hefur verið afgirtur og þar er dálítil trjárækt. Heildarlengd garðsins er um 355 m og er hann talinn enda við túngarð Norðurkots 150:009.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:042 *Þórustaðastígur* heimild um leið
64°00.864N 22°18.442V
"Þórustaðir stóðu á bala í Þórustaðatúni. Þórustaðagata [040] lá ofan frá Þjóðveginum um Þórustaðahlið á Heiðargarði [041] heim til bæjar. Þaðan lá Þórustaðastígur eða Sjávarstígur niður á Sjávarkampinn," segir í örnefnaskrá. Bílslóði liggur frá Þórustaðanausti 009 til suðausturs að bæ 001, á sömu slóðum og gatan var áður.
Slóðinn liggur í túni.
Ekki sést til götunnar vegna bílslóðans sem liggur á sama stað. Möl hefur verið ekið í slóðann næst bæjarhólnum 001 en gróið er yfir hann að mestu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2


Hér lá Þórustaðastígur 042, horft til suðausturs

GK-149:043 gerði kálgarður 64°00.796N 22°18.263V


Kálgarður 043, horft til NNA

Samkvæmt túnakorti var kálgarður fast suðaustan við bæ 001. Kálgarðurinn sést enn og er grjóthlaðinn.
Kálgarðurinn er í suðausturjaðri bæjarhólsins 001. Sinugróður er innan og utan garðsins.
Kálgarðurinn er um 24x12 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er um 1 m á hæð og mjög gróinn. Ekki er hægt að sjá fjölda umfara í hleðslum vegna mikils gróðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-149:044 vegur leið 64°00.691N 22°17.989V


Upphlaðinn vegur á leið 044, horft til norðurs.

Upphlaðnir veghlutar eru á leið sem liggur frá malbikuðum vegi um Vatnsleysuströnd til norðurs í átt að Hliði 151:026. Vegurinn er um 250 m suðaustan við bæ 001.
Leiðin liggur yfir hraunmóa.
Leiðinni var fylgt eftir þar sem hún sést í hraunmóanum, á um 117 m löngum kafla. Á tveimur stöðum á leiðinni eru upphlaðnir vegbútar. Annars vegar er slíkur bútur um 10 m norðan við malbikaðan veg. Sá kafli er um 10 m langur og um 2 m breiður. Frá honum er steinaröð meðfram austurkanti vegarins. Hins vegar er bútur, um 60 m norðar, sem er 2,5 m á breidd og 5 m á lengd. Stórir steinar eru í köntum en smærri á milli. Þessi bútur hefur verið byggður til að fylla upp í lægð í landslaginu. Mesta hæð um 0,3 m. Grjótið í hleðslunum er mosavaxið.
Hættumat: engin hætta

GK-149:045 hleðsla herslubyrgi 64°00.700N 22°18.143V
Suðaustan við túnin á Þórustöðum og Norðurkoti GK-150 er gríðarlegur fjöldi mannvirkja úr grjóti af ýmsum stærðum og gerðum. Líklegt er að þessi mannvirki hafi verið notuð til að þurrka fisk á en vera má að sum þeirra hafi gegnt öðrum hlutverkum. Heimildamenn gátu ekki varpað ljósi á hlutverk minjanna og ekki er hægt að skera úr um það nema með nánari rannsókn. Minjasvæðið er um 135 m suðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru í grónum hraunmóa á milli túna og malbikaðs vegar um Vatnsleysuströnd.



Dæmi um hleðslu 045, horft til suðurs.

Minjarnar eru á svæði sem er um 160x250 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Alls voru skráð 70 mannvirki á svæðinu, öll grjóthlaðin en flest þeirra hrunin að mestu eða öllu leyti. Stærð þeirra og lögun er mjög breytileg. Þau minnstu eru 0,5-1x1 m að stærð og 0,2-0,3 m á hæð. Eitt greinilegasta mannvirkið var herslugarður sem var skráður norðaustast á svæðinu. Hann er um 12x1,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er 1 m og sjást 3 umför af hleðslu í honum. Flest mannvirkin standa á litlum hólum og hæðum í móanum en mjög fá þeirra eru í lægðum á milli hóla. Minjarnar sem skráðar eru á þessu svæði eru allsérstæðar og er nauðsynlegt að þær séu rannsakaðar nánar ef þær lenda innan áhrifasvæðis framkvæmda við byggingu svokallaðra Golfgarða sem fyrirhugaðir eru í landi Þórustaða.
Hættumat: engin hætta

GK-149:046 *Sjávargarðurinn Nyrðri* heimild um varnargarður 64°00.881N 22°18.477V
"Á Kömpunum voru stæðilegir Sjóvarnargarðar, Sjávargarðurinn Nyrðri og Sjávargarðurinn Syðri [047]," segir í örnefnaskrá. Sjóvarnargarðurinn Nyrðri var um 215 m norðvestan við bæ 001.
Garðurinn var í grýttum fjörukambi sem gróinn er að hluta.
Ekki sést til varnargarðs á Norðurkampi vegna landbrots en hann er allhár að hluta.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:047 *Sjávargarðurinn Syðri* hleðsla varnargarður 64°00.864N 22°18.479V



Hleðsla 047, horft til suðausturs


"Á Kömpunum voru stæðilegir Sjóvarnargarðar, Sjávargarðurinn Nyrðri [046] og Sjávargarðurinn Syðri," segir í örnefnaskrá. Óljósar minjar, sem líklega eru leifar Sjóvarnargarðsins Syðri, eru um 195 m norðvestan við bæ 001.
Minjarnar eru á grónum og flötum sjávarbakka. Sendin klettafjara er til norðvesturs við hann.
Á sjávarbakkanum er dálítill gróinn stallur sem kann að vera leifar sjóvarnargarðs en einnig er mögulegt að hann hafi verið undirstaða spils sem stóð á þessum slóðum samkvæmt túnakorti og járn- og viðarleifar gefa til kynna. Stallurinn er um 3x1,5 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Í rofinu á bakkanum má sjá nokkuð stórt grjót. Stallurinn er um 0,3 m á hæð. Ekki sjást önnur möguleg merki um þennan garð en sjórinn brýtur mjög land hér þar sem ekki er hár kampur eða önnur fyrirstaða.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:048 hleðsla óþekkt 63°59.178N 22°14.559V
Á heimasíðu Ferlis segir: "Skammt norðvestar [en Seltóft 151:067 á Sýrholti] var önnur tóft [049] á litlum grasbala. Mjög erfitt er að finna hana. Skammt norðar er hlaðinn stekkur í gróinni gjá." Hleðslur eru um 290 m norðvestan við sel 151:067 og um 4,3 km suðaustan við bæ 001.
Hleðslurnar eru í stórri og hrikalegri gjá í mosagrónu hrauni. Gjáin er víðast mjög djúp en hvað grynnst á þessum stað. Grasgefið er á þessu hafti sem og í halla niður af stekk í gjánni til suðvesturs en gjáin snýr suðvestur-norðaustur.
Tveir veggir eru hlaðnir milli gjárbarma og mynda þeir hólf, um 4x2 m að stærð. Hólfið snýr suðvestur-



Hleðsla 048, horft til VSV



Hleðsla 048

norðaustur. Suðvesturveggur er mun greinilegri en norðausturveggur en hrunið hefur úr honum. Hann er um 1 m á hæð. Bratt er niður af honum til suðvesturs og þar er grasgefið. Ekki er útilokað að það svæði hafi verið nýtt til beitar eða að þar kunni mannvistarleifar að leynast undir sverði. Norðaustan við hleðsluna er snarbratt og hyldjúpt niður á botn sprungunnar. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Ferlis er mannvirkið sagt vera stekkur en ekki er ljóst á hverju sú fullyrðing er byggð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki mannvirkið gegndi en það er mjög langt frá bæ og af þeirri ástæðu er ekki augljóst að það hafi verið stekkur. Eins er það nokkuð langt frá seli 151:067 og þar af leiðandi hæpið að það hafi verið notað í tengslum við það.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:http://ferlir.is/?id=4018

GK-149:049 tóft óþekkt
Á heimasíðu Ferlis segir: "Skammt norðvestar [en seltóft 151:067 á Sýrholti] var önnur tóft á litlum grasbala. Mjög erfitt er að finna hana. Skammt norðar er hlaðinn stekkur [048] í gróinni gjá."
Tóftin er í hraunmóa sem er gróinn að hluta en víða er holmói.
Þrátt fyrir ítarlega leit á svæðinu umhverfis Sýrholt og á milli þess og stekkjar 048 fannst tóftin ekki.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:http://ferlir.is/?id=4018

GK-149:050 heimild um rétt
Á túnakorti frá 1919 er er merkt að þrjár fjárréttir og fjárkofi 016 hafi verið á sjávarkampi neðan við girðingu 059 um kúabeit. Tvær réttir eru skráðar á kampinum (Bakkarétt 027 og rétt við fjárhús 016) en ekki er vitað um staðsetningu þriðju réttarinnar.
Réttin var á sjávarkambi milli klettafjöru og mýrar.
Ekki sést til minja um þriðju réttina á kampinum og ekki er ljóst hvar réttin hefur verið á kampinum.
Heimildir:Túnakort 1919

GK-149:051 *Vatnagarður* örnefni óþekkt 64°00.929N 22°18.238V
"Vatnagarður nefnist blautlendur mói, sem er neðan Norðurkotstúns; nær hann óslitið ofan kampsins að Goðhólsmörkum," segir í örnefnaskrá. Margrét Guðnadóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við að Vatnagarður hefði verið afmarkaður með garðlagi en taldi að svæðið hefði haft þetta nafn. Á vettvangi var ekki hægt að sjá garðlag sem afmarkaði svæðið, annað en túngarð Norðurkots 150:009.
Vatnagarður er blautlent svæði með litlum tjörnum á milli sjávarkambs og túna eða mólendis.
Ekki sést til garðlaga í Vatnagarði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Norðurkot KE, 1

GK-149:052 vegur leið 64°00.775N 22°18.543V


Á heimasíðu Ferlis segir: "Í raun má sjá báða þessa brunna [020 og 021] enn þann dag í dag. Einkum er Syðri brunnurinn [021] áberandi. Hann er bæði hlaðinn og stór um sig, þó líkari vatnsstæði, enda suðvestan undir Tjarnarendanum. Fallega hlaðin brunngata liggur að honum." Gatan er um 215 m vestan við bæ 001.
Gatan er í gróinni mýri á merkjum milli Þórustaða og Landakots.
Gata hefur verið hlaðin á um 20 m löngum kafla fá brunni 021 til suðausturs. Hleðslan er víðast gróin, er um 1 m á breidd og stendur mest um 0,3 m upp úr jörðu. Leiðin hefur legið heim að bæ 001 en hverfur í tún skammt suðaustan við brunninn og sést ekki eftir það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:http://www.ferlir.is/?id=4390


Upphlaðinn vegur á leið 052, horft til norðvesturs

GK-149:053 tóft naust 64°00.933N 22°18.277V


Tóft 053, horft til norðurs

"Þar [í Krókavörum 063-065] átti einnig Tíðagerði uppsátur," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá Norðurkots segir: "Uppsátrið í Norðurkoti [054] er í svokölluðum Krókavörum. Þær eru neðan undan bænum, nokkurn veginn miðja vegu milli syðri og nyrðri landamerkja. Þar átti einnig Tíðagerði uppsátur. [...] Þarna við vörina [Norðurkotsvör 064?] eru skiparéttir [sama og naustin?] og fiskibyrgi, þar á meðal stæðileg tóft [057], mjög vel hlaðin úr löguðu grjóti, lögð í sement. Það var fiskibyrgi. [...] Stundum voru naustin notuð sem skiparéttir. Þær stóðu þó oftast hærra yfir sjávarmál. Var lögun þeirra svipuð og naustanna. Upphaflega hafa þær líklega verið hlaðnar á þrjá vegu þótt á seinni tíð hafi þær verið alla vega. Í skiparéttunum var bátunum hvolft yfir veturinn." Fyrir utan fiskibyrgi 057 eru tvær grjóthlaðnar tóftir á litlu svæði. Ætla má að önnur þeirra sé naust frá Norðurkoti 054 en hin sé naust frá Tíðagerði. Hér er gengið út frá því að staðsetning tóftanna sé til marks um hvaða býli þær tilheyrðu, s.s. að tóftin sem er nær Norðurkoti tilheyri því og tóftin sem er nær Tíðagerði tilheyri því. Hér er naust Tíðagerðis skráð og er það um 210 m norðvestan við Tíðagerði 150:006.
Tóftin er á grýttum sjávarkambi og hefur nýlega verið hlaðinn varnargarður á honum að hluta.
Tóftin er grjóthlaðin en hrunin að miklu leyti og hefur sjórinn rutt grjóti yfir hana að hluta. Hún er um 12x3 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Aðeins er eitt skýrt hólf greinilegt í suðvesturenda tóftarinnar en það er 2,5x1,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki sést op á hólfinu. Af öðrum hlutum tóftarinnar er aðeins suðausturveggur skýr en ekki er víst að hann sjáist allur. Mesta hleðsluhæð er um 1,3 m og sjást 5 umför í hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Norðurkot, 2; Ö-Norðurkot KE, 1-2




Tóftir 053 og 057

GK-149:054 tóft naust 64°00.924N 22°18.297V



Tóft 054, horft til suðurs

Í örnefnaskrá Norðurkots segir: "Uppsátrið í Norðurkoti er í svokölluðum Krókavörum [063-065]. Þær eru neðan undan bænum, nokkurn veginn miðja vegu milli syðri og nyrðri landamerkja. Þar átti einnig Tíðagerði uppsátur [053]. [...] Þarna við vörina [Norðurkotsvör?] eru skiparéttir [sama og naustin?] og fiskibyrgi, þar á meðal stæðileg tóft [057], mjög vel hlaðin úr löguðu grjóti, lögð í sement. Það var fiskibyrgi. [...] Stundum voru naustin notuð sem skiparéttir. Þær stóðu þó oftast hærra yfir sjávarmál. Var lögun þeirra svipuð og naustanna. Upphaflega hafa þær líklega verið hlaðnar á þrjá vegu þótt á seinni tíð hafi þær verið alla vega. Í skiparéttunum var bátunum hvolft yfir veturinn." Fyrir utan fiskibyrgi 057 eru tvær grjóthlaðnar tóftir á litlu svæði. Ætla má að önnur þeirra sé naust frá Norðurkoti en hin sé naust frá Tíðagerði. Hér er gengið út frá því að staðsetning tóftanna sé til marks um hvaða býli þær tilheyrðu, s.s. að tóftin sem er nær Norðurkoti tilheyri því og tóftin sem er nær Tíðagerði tilheyri því. Hér er naust Norðurkots skráð en tóft þess er um 6 m suðvestan við tóft 053, um 183 m norðvestan við Þórustaði 001 og um 185 m norðvestan við Norðurkot 150:001.



Tóft 054

Tóftin er á grýttum sjávarkambi og hefur nýlega verið hlaðinn varnargarður á honum að hluta.
Tóftin er tvískipt, er um 8x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hólf I í suðvesturenda er um 2x2 m að innanmáli. Í hleðslum þess er sementslím og stendur það nokkuð vel. Hólf II er í norðausturenda og er um 3x3 m að innanmáli. Það er að mestu hrunið. Mesta hleðsluhæð er um 1,7 m og mesta breidd veggja er um 1 m. Í veggjum sjást 6 umför.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Norðurkot KE, 1-2; Ö-Norðurkot, 1-2; http://www.ferlir.is/?id=7663

GK-149:055 garðlag traðir 64°00.749N 22°18.221V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir heim að bæ 001 frá Heiðargarði 041, úr suðaustri til norðvesturs.
Traðirnar liggja um tiltölulega flatt tún í órækt.
Traðirnar eru tveir samsíða garðar sem eru hvor um sig um 80 m á lengd, um 1 m á breidd og um 0,4 á hæð. Á milli þeirra er um 1,5 m. Garðlögin eru niðurfallin og gróin og eins er gróið á milli þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919




Traðir 055, horft til norðvesturs

GK-149:056 heimild um leið
64°00.726N 22°18.346V
Samkvæmt túnakorti lá gata milli Hellukots 022 og bæjar 001. Í örnefnaskrá segir: "Upp í túninu sunnan götunnar var hjáleiga í eina tíð, nefndist Hellukot [022], þar í kring var Hellukotstún. Í þessu túni var Hellukotsbrunnur, og brunnstígur frá honum til bæjar," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er skráður með Hellukoti en hann er horfinn undir veg sem liggur að Þórustöðum. Ekki er annað að skilja af örnefnaskrá en að Þórustaðir hafi sótt vatn í Hellukotsbrunn, en óvíst er hvort það hafi verið gert þegar býlið var byggt.
Núverandi heimreið að bænum liggur á sömu slóðum og gatan hefur legið. Til beggja hliða við heimreiðina eru tún í órækt.
Ekki sést til minja um leiðina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-149:057 tóft herslubyrgi 64°00.941N 22°18.273V

"Þarna við vörina [Norðurkotsvör 064?] eru skiparéttir og fiskibyrgi, þar á meðal stæðileg flór, mjög vel hlaðin úr lögðu grjóti, lögð í sement. Það var fiskibyrgi," segir í örnefnaskrá. Tóft þessa fiskibyrgis er um 270 m norðan við bæ 001 og um 205 m norðvestan við Norðurkot 150:001.



Tóftir 057 og 053


Tóft 057, horft til norðausturs

Tóftin er á grýttum sjávarkambi.

Tóftin stendur enn að mestu leyti. Hún er um 5x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er neinn veggur fyrir suðvesturhlið. Mesta hleðsluhæð er um 1,7 m.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Norðurkot KE, 2

GK-149:058 náma mógrafir 64°00.846N 22°18.353V


Mógröf 058B, horft til austurs

"Ofan Beitilandsins er Mómýrin Nyrðri og var þar allgott móttak [svo], en blautt," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru um 90 m norðvestan við bæ 001.

Mógrafirnar eru á mörkum mýrar og túns.

Mógrafirnar eru á svæði sem er um 40x6 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Lítil gröf, A, er suðaustast á svæðinu. Hún er um 1x1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gröfin er þurr, er um 0,3 m djúp. Önnur mógröf, B, er um 40 m norðan við gröf A. Hún er um 6x3 m að innanmáli og er um 0,5 m djúp en sést illa því hún er gróin og full af vatni. Gröfin snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Þórustaðir, 2

GK-149:059 garðlag vörslugarður 64°00.877N 22°18.466V


Garðlag 059, horft til norðvesturs

Á túnakorti frá 1919 segir að neðan túns á Þórustöðum, niður við fjöru, sé girðing um kúabeit. Líklegt er að þetta sé sami staður og lýst er svo í örnefnaskrá Norðurkots: "[...] í Austurhornið á Girðingunni sem þar er á Bakkanum gjörð kringum Túnblett, sem Eyjólfur á Þórustöðum hefur ræktað þar upp úr gömlum Tóftum. Túnmörk þessi stefna beint á Geitil [...]." Garðlag sést enn á þessum slóðum frá Þórustaðanausti 009 til austurs að merkjum Þórustaða og Norðurkots GK-151 og er að öllum líkindum sú sama og nefnd er í örnefnaskrá Norðurkots. Engar aðrar heimildir eru um tóftir þær sem nefndar eru í örnefnaskránni og óvíst er hvaða hlutverki þær hafa gengt. Svæðið er um 190 m norðvestan við bæ 001.


Garðurinn er í grónum móa og tjarnarmýri, fast sunnan við sjávarkamb í fjörunni.

Garðurinn afmarkar svæði sem er um 95x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðlagið er niðurfallið og sokkið, er hæst um 0,4 m og er um 1 m á breidd. Ekki sést steinn yfir steini. Ekki sjást ummerki um tóftir þær sem sagt er að túnbletturinn hafi verið ræktaður upp úr.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Norðurkot, 1

GK-149:060 tóft óþekkt 64°00.754N 22°18.219V



Tóft 060


Tóft 060, horft til norðausturs

Nýleg tóft hefur verið hlaðin við við suðausturenda traða 055, utan túns, um 100 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er á mörkum túns og hraunmóa.
Ekki er ljóst í hvaða tilgangi tóftin hefur verið byggð. Tóftin er 5x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni til suðvesturs. Mesta hæð er um 0,6 m. Svo virðist sem grjótinu hafi verið hrúgað saman en ekki hlaðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-149:061 gata leið
63°58.893N 22°14.720V
Mjó gata er um 350 m norðaustur af Auðnaseli 148:040. Óvíst er hvert hún hefur legið.
Gatan er í hraunmóa.
Gatan stefnir norður-suður þar sem hún var skoðuð. Hún er gróin, um 0,2 m á breidd og dýpt. Leiðinni var ekki fylgt á vettvangi en mögulega er hér einungis um fjárgötu að ræða.
Hættumat: engin hætta


Leið 061, horft til norðurs

GK-149:062 varða óþekkt
64°00.297N 22°17.697V


Hleðsla 062A, horft til suðausturs

Lítil hleðsla og vörðubrot eru um 1,1 km suðaustan við bæ 001.
Minjarnar standa nokkuð hátt á klapparholti nærri merkjum milli Landakots GK-148 og Þórustaða.
Minjarnar eru á svæði sem er um 15x5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hleðsla A er um 2 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,4 m á hæð, um 0,3 m á breidd og sjást 3 umför. Óvíst er í hvaða tilgangi hún var hlaðin en líklegast er að hún sé skotbyrgi. Um 15 m suðaustan við hleðslu er vörðubrot sem er 0,6 x 0,4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,5 m á hæð og sjást 2 umför af hleðslu. Merkingarhæll hefur verið settur í vörðuna miðja. Steinar eru skófum vaxnir. Svo virðist sem hrunið hafi úr vörðunni. Mögulega er þessi varða ein Markavarða sjá 029 en hún er hvorki vönduð né fornleg.
Hættumat: engin hætta


Varða 062B, horft til norðvesturs

GK-149:063 renna lending 64°00.927N 22°18.320V

"Þá eru hér þrjár lendingar Krókar þar var lent frá Norðurbæ Þórustaða, Norðurkoti [064] og Tíðagerði [065]," segir í örnefnaskrá Norðurkots AG. Á túnakorti eru sýndar tvær varir undan Norðurkoti og kann þessi að vera önnur þeirra. Líklegast er að þessi vör Norðurbæjarins sé um 35 m suðaustan við Norðurkotsvör 064, milli tveggja klappa, um 245 m norðan við Þórustaði 001 og um 200 m norðaustan við Norðurkot 150:001.
Lendingin er í grýttri klettafjöru.
Vörin er mjó og ekki sjást mannaverk á henni. Hún er um 10x4 m að innanmáli, snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Norðurkot AG, 1; Túnakort 1919



Lending 063, horft til norðurs

GK-149:064 mannvirki lending 64°00.939N 22°18.308V



Lending 064, horft til norðvesturs

"Þá eru hér þrjár lendingar Krókar þar var lent frá Norðurbæ Þórustaða [063], Norðurkoti og Tíðagerði [065]," segir í örnefnaskrá Norðurkots AG. Á túnakorti eru sýndar tvær varir undan Norðurkoti og kann þessi að vera önnur þeirra. Norðurkotsvör er litlu suðvestan við Tíðagerðisvör 065, um 110 m norðan við Þórustaði 001 og um 210 m norðvestan við Norðurkot 150:001.
Vörin er í stórgrýttri klettafjöru.
Vörin er vel greinileg og hefur sýnilega verið rudd. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er um 15x5 m að innanmáli. Suðvestan við hana er klöpp en norðaustan við hana er grjótruðningur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Norðurkot AG, 1; Túnakort 1919

GK-149:065 mannvirki lending 64°00.950N 22°18.303V



Lending 065, horft til norðurs

"Þá eru hér þrjár lendingar Krókar þar var lent frá Norðurbæ Þórustaða [063], Norðurkoti [064] og Tíðagerði," segir í örnefnaskrá Norðurkots AG. Á túnakorti eru sýndar tvær varir undan Norðurkoti og kann þessi að vera önnur þeirra. Tíðagerðislending er um 290 m norðan við bæ 001 og um 250 m norðvestan við Tíðagerði 150:006.
Vörin er í stórgrýttri klettafjöru.
Vörin er allgreinileg, hún snýr norður-suður og er um 5 m breið og um 20-30 m löng. Grjóti hefur verið rutt úr henni til vesturs en til austurs er klöpp.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Norðurkot AG, 1; Túnakort 1919

GK-149:066 heimild um skemmu 64°00.939N 22°18.294V

Á túnakorti frá 1919 stendur (niður undan túni Norðurkots): "(Hér á kampinum eru: 2 hróf (skiparéttir) [054 og 053] tirnur-fiskhús [057?] og 2 fisk-(beitningar?) kofar, og 2 gerði lítil [067])." Að öllum líkindum eru hrófin sem nefnd eru á túnakorti naust 054 og 053. Ekki er víst hversu mörg fiskhús hafa verið á sjávarkambinum en eitt slíkt er sýnilegt þar enn, 057. Þá eru það fisk-kofar en ekki sjást ummerki þeirra á sjávarkambinum, ekki nema að þeir hafi verið áfastir naustunum eða að naustin séu ranglega skráð sem slík. Líklega hafa minjarnar verið um 265 m norðan við bæ 001.
Minjarnar voru á grýttum sjávarkambi sunnan við klettafjöru.
Engar leifar fisk-kofanna sjást en ljóst er að mikið grjót hefur borist upp á sjávarkambinn og kunna leifar þessara mannvirkja að leynast undir því en hætt við því að landbrot hafi eyðilagt þær.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots


Heimildir:Túnakort 1919; http://www.ferlir.is/?id=3644

GK-149:067 heimild um óþekkt 64°00.933N 22°18.308V
Á túnakorti niður undan túni Norðurkots stendur: " "(Hér á kampinum eru: 2 hróf (skiparéttir) [054 og 053] tirnur-fiskhús [057?] og 2 fisk-(beitningar?) kofar [066], og 2 gerði lítil)." Að öllum líkindum eru hrófin sem nefnd eru á túnakorti naust 054 og 053. Ekki er víst hversu mörg fiskhús hafa verið á sjávarkambinum en eitt slíkt er sýnilegt þar enn, 057. Þá eru það fisk-kofar 066 en ekki sjást ummerki þeirra á sjávarkambinum. Ekki sést heldur til gerða á sjávarkambinum en líklega hafa þau verið um 255 m norðan við bæ 001.
Minjarnar voru á grýttum sjávarkambi sunnan við klettafjöru.
Ekki sást til minja um gerðin en ljóst er að mikið grjót hefur borist upp á sjávarkambinn og kunna leifar þessara mannvirkja að leynast undir því en hætt við því að landbrot hafi eyðilagt þær.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-150 Norðurkot

Hjáleiga Þórustaða 1703, jarðadýrleiki óviss. JÁM III, 141. Tíðagerði [006] var tómthús úr Norðurkotslandi, og aflagðist árið 1920. Harðangur [008] var tómthús frá Norðurkoti, í byggð frá um 1885 til um 1900 (GJ: Mannlíf og mannvirki, 315-316)
1919: Tún 1,7 teigar, garðar 340m2.

GK-150:001 *Norðurkot* bæjarhóll bústaður 64°00.836N 22°18.196V



Minjar á og við bæjarhól Norðurkots 001


Bæjarhóll Norðurkots 001, horft til austurs

Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar Mannlíf og mannvirki segir: "Árið 1903 var Norðurkot byggt upp eins og það er í dag. Það var skólanefnd og hreppurinn sem létu gera það og var húsið notað sem skólahús fyrir "Innstrendinga". Húsið var úr timbri, ein hæð og port-ris. [...] Barnakennsla var aflögð í Norðurkoti 1910 [...]. Norðurkot var í upphafi grasbýli frá Þórustöðum og átti ekki ítök í heiðarlandi." Í sömu heimild kemur fram að í kringum 1940 hafi verið hætt að búa í Norðurkoti og eftir það hafi húsið verið notað sem heyhlaða og geymsla. Á heimasíðu Sveitarfélagsins Voga kemur fram að árið 2004 hafi Minjafélag sveitarfélagsins fengið Norðurkotshúsið að gjöf og var húsið flutt á fyrirhugað minjasvæði sveitarfélagsins að Kálfatjörn og gert upp. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru bæjarhús Norðurkots á svæði sem er um 20x10 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Bæjarhóll Norðurkots er um 110 m norðaustan við Þórustaði 149:001.
Umhverfis bæjarhólinn er sléttað tún í órækt. Hann er í hæðóttu landslagi þar sem sést í hraunnibbur á stöku stað.
Bæjarhóllinn er um 15x20 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hann er um 1,2 m á hæð. Náttúrulegt framhald

er á hólnum til norðausturs. Á hólnum eru byggingaleifar sem ná yfir svæði sem er 14x15 m og snýr suðvestur-norðaustur. Eldri minjar eru í norðausturenda svæðisins, þar eru tvö hólf í hlaðinni tóft, A, sem er 14x8,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er í norðvesturendanum, langt og mjótt, það er um 2x7 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og er op á því á suðvesturlanghlið. Hólf II stendur lægra en hólf I og kann að vera niðurgrafið. Það er um 2x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-
suðaustur. Mikið af grjóti hefur hrunið inn í það. Út frá miðri suðvesturlanghlið tóftarinnar er mikill veggur 2x5 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Suðaustan við vegginn eru minjar, B, um timburhúsið sem byggt var árið 1903 og flutt til Kálfatjarnar árið 2004. Þar er dálítil þúst þar sem norðausturhluti hússins stóð á hlöðnum grunni I og sjást hleðslurnar á suðaustur- og suðvesturhlið. Grunnurinn er 4x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustan við þennan grunn er annar grunnur II með kjallara, um 1,5 m djúpum. Hann er um 4x4,5 m að stærð og snýr eins og hinn. Þessi er vandlega hlaðinn úr grjóti og er sementslím í hleðslunni. Mesta hleðsluhæð á veggjum er um 1,3 m en lítið stendur ofanjarðar af húsgrunnunum. Grjóthlaðnir kálgarðar 011 og 014 eru suðvestan og suðaustan við bæjarhólinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 313-315; Túnakort 1919; http://www.vogar.is/Ithrotta_og_tomstundastarf/Minjafelagid/

GK-150:002 gryfja
64°00.840N 22°18.203V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró fast norðvestan við bæjarhólinn 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin er í jaðri grasi vaxins bæjarhóls í hólóttu landslagi.
Þróin er um 2x4 m að innanmáli, grjóthlaðin en hleðslur mjög fallnar inn í hana. Hún snýr norðvestur-
suðaustur og er dýpst um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


Þró 002, horft til suðausturs

GK-150:003 *Norðurkotsbrunnur* brunnur brunnur 64°00.866N 22°18.159V


Brunnur 003, horft til norðvesturs

Á heimasíðu Ferlis segir: "Norðurkotsbrunnurinn er einn fallegast brunnurinn á ströndinni og nær alveg heill. Hann er í lægð skammt norðan við túngarðinn [009]." Brunnurinn er um 60 m norðaustan við bæ 001.
Brunnurinn er í lægð í móa innan um gróna hraunhóla.
Brunnurinn er grjóthlaðinn, og er sementslím í hleðslunni. Brunnurinn er um 2,5 m í þvermál og er byrgður með viðarplötu svo ekki er hægt að sjá ofan í hann. Hleðslur standa um 0,4 m upp úr jörðinni. Gaddavír er strengdur á staura umhverfis brunninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:http://www.ferlir.is/?id=4390

GK-150:004 vegur leið 64°00.879N 22°18.231V
Á túnakorti eru sýndir upphlaðnir gangvegir tveir, samsíða, niður að vörum og mannvirkjum á kampinum. Samkvæmt túnakorti voru þeir hvor um sig um 20 m á lengd og lágu norður-suður. Þeir eru skráðir saman undir einu númeri. Á heimasíðu Ferlis segir: "Gengið var niður gamla flóraða götu með garðinum [009] að Norðurkotsbyrginu [149:057?] á sjávarkambinum. Þar mun hafa verið salthús." Ekki sáust ummerki um vestari gangveginn B á vettvangi en á loftmynd má sjá dökka rönd sem liggur yfir mýri á sjávarkambinn norðan við norðurenda Norðurkotstúns. Rönd þessi er um 60 m suðaustan við hinn gangveginn og kemur það nokkurn veginn heim og saman við túnakort. Hinn gangvegurinn A sést sem hlaðinn vegbútur I frá norðurhorni túngarðs 009 yfir litla tjörn að sjávarkambi, um 140 m norðvestan við bæ 001. Annar vegbútur II sem að líkindum hefur tilheyrt sömu leið er fast

norðaustan við sama túngarð, um 85 m norðvestan við bæ 001. Í örnefnaskrá Norðurkots er talað um sjávargötu þaðan sem Norðurkot og Tíðagerði áttu naust 149:054,149:053 og hafa vegbútar I og II að öllum líkindum tilheyrt þeirri götu.



Vegur 004AII, horft til norðurs

Vegurinn norðaustan við túngarðinn I er í grónum hraunmóa en vegurinn frá norðurhorni túngarðsins II liggur yfir þýfða mýri og litla tjörn.

Minjar um gangvegi A og B eru á svæði sem er um 85x80 m að stærð og snýr NNV-SSA. Á leið A sést vegbútur I á um 10 m löngum kafla og er breiðastur um 2,5 m. Vegurinn er gróinn nema þar sem hann liggur yfir litla tjörn. Þar sjást aðeins tvær samsíða grjótraðir og er um 1,5 m á milli þeirra. Ætla má að vegurinn hafi verið gerður þannig að jarðvegur eða smærra grjót hafi verið notað til að fylla upp á milli grjótraðanna en í tjörninni hafi þetta efni sokkið eða leyst upp. Þessi hluti leiðarinnar liggur norður-suður. Vegbútur II er um 4 m langur og um 1,5 m á breidd. Hann liggur norðvestur-suðaustur. Norðausturkantur vegarins er mjög skýr og hefur allstóru grjóti verið hlaðið þar í laut og fyllt upp innan hans með minna grjóti. Tvö umför eru sýnileg í kantinum og mesta hæð um 0,4 m. Sem fyrr segir sást ekki til vestari gangvegarins B en þar sem hann sést af loftmynd er hann um 25 m á lengd og liggur norður-suður. Hann er að öllum líkindum sokkinn í mýri.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919; http://www.ferlir.is/?id=3644; Ö-Norðurkot, 2

GK-150:005 þúst óþekkt

64°00.871N 22°18.209V

Stór grjóthrúga er í móanum norðvestan við Tíðagerði. Hrúgan er um 85 m norðvestan við Tíðagerði 006 og um 65 m NNV við Norðurkot 001.

Grjóthrúgan er í grónum hraunmóa skammt austan við tún Norðurbæjar.

Grjóthrúgan er allmikil og greinilega manngerð. Sjá má hvar grjóti hefur verið bætt í hana nýlega sem er ekki skófum vaxið. Neðst í hrúgunni er hins vegar mjög skófum vaxið grjót og má vera að það sé leifar eldra mannvirkis á þessum slóðum. Hrúgan er um 4x6 m að stærð, snýr austur-vestur. Hún er um 1,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta



Þúst 005, horft til austurs

GK-150:006 *Tíðagerði* tóftir býli

64°00.842N 22°18.129V



Bæjarstæði Tíðagerðis 006A, kálgarður 006F og þró 006B


"Steinsnar norðaustan við bæinn í Norðurkoti stóð býlið Tíðagerði, byggt úr Norðurkotslandi. Því tilheyrði kálgarður neðan við bæinn, allstór. Skiptist hann að nokkru um klapparbala. Neðan hans var kálgarðurinn kallaður Leynir. Tíðargerðistúnið er ofan og austan við bæinn. Um það eru hlaðnir grjótgarðar," segir í örnefnaskrá KE. Í annarri örnefnaskrá segir: "Tíðagerði var býli, þurrabúð með Tíðagerðislóð eða Tíðagerðistún. Býlinu fylgdi matjurtagarður og svo var Heiðarlandið óskipt, en leyfi til beitar eftir stærð heimalandsins. En Tíðargerði átti 2400 fermetra land." Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar Mannlíf og mannvirki segir: "Tíðagerði var tómthús úr Norðurkotslandi, þó það yrði grasbýli síðar ... Tíðagerði aflagðist árið 1920." Samkvæmt túnakorti frá 1919 tilheyrðu Tíðagerði bæjarstæði A), þró B), útihús C) kálgarður D), túngarður E) og kálgarður F).



Tóft 006C, horft til vesturs



Þró 006B, horft til vesturs



Bæjarstæði Tíðagerðis 006 og minjar í túni býlisins

Minjar um býlið eru í hæðóttu túni.
Á túnakorti frá 1919 kemur fram túnastærð Tíðagerðis: Tún 0,5 teigar, garðar 700m2. Minjarnar sem tilheyra Tíðagerði eru á svæði sem er um 110x85 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í umfjöllun. Ekki er mikið um uppsafnaðar mannvistarleifar á bæjarstæði Tíðagerðis. Það er tiltölulega slétt og nær það yfir svæði sem er um 9x7 m og snýr ANA-VSV. Á bæjarstæðinu A er hlaðinn húsgrunnur úr grjóti með sementslími. Hann er um 7x3 m að stærð og snýr ANA-VSV. Á stærstum hluta hans er gámur sem hefur verið innréttaður. Framan við gáminn til norðurs er viðarpallur og hefur verið hlaðið undir hann. Ógreinilega hleðslu má greina í L frá norðvesturhorni palls um 1,5 m til norðurs en beygir svo til austurs og er þar um 2 m löng. Hleðslan er útflött og einföld, um 0,3 m á breidd. Við VSV-enda húsgrunns er dálítil þúst, um 1,5x3 m að stærð, snýr norður-suður og sunnan við húsgrunn, meðfram honum, er lág grjóthleðsla. Sennilega eru þetta leifar af eldri húsum á sama stað. Um 7 m sunnan við bæ er þró B sem er áföst innanverðum kálgarði F. Þróin er um 2x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og sementsmúruð að innan. Er um 0,7 m djúp. Tóft C er um 25 m norðvestan við bæ og er í horni kálgarðs D og túngarðs 009 sem skilur á milli Tíðagerðis og Norðurkots. Tóftin er grjóthlaðin en nokkuð gróin. Hún er einföld, 3x4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Mesta hleðsluhæð er 1,3 m og sjást 3 umför. Op er á suðausturlanghlið. Tveir kálgarðar eru umhverfis bæ. Kálgarður D er norðvestan við bæinn. Hann er um 38x26 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru hæstar um 1 m og 7 umför, vönduð hleðsla þar sem hún sést. Breidd garðsins er um 0,5 m þar sem hleðslur standa, annars um 1 m. Kálgarður F er suðaustan við bæ og er hann allur hruninn, mesta hæð um 0,6 m og víða um 1 m á breidd. Kálgarðurinn er um 14x17 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Túngarður E umlykur tún Tíðagerðis. Hann er grjóthlaðinn en víðast niðurfallinn. Hann afmarkar svæði sem er um 80x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð um 0,8 m og sjást 5 umför þar sem mest er.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Norðurkot KE, 2; Ö-Norðurkot, 2; GJ: Mannlíf og mannvirki, 316.

GK-150:007 *Klapparvatnsstæði* þúst vatnsból 64°00.860N 22°18.102V



Klapparvatnsstæði 007, horft til vesturs


"Djúp graslaut er rétt norðan við bæjarstæðið í Tíðargerði. Hún var kölluð Lautin. Á Klöppinni norðan við Lautina, rétt utan við túngarðinn, er vatnsstæði, Klapparvatnsstæði," segir í örnefnaskrá. Vatnsstæðið er um 40 m norðaustan við Tíðagerði 006 og 3 m norðan við túngarð þess.
Vatnsstæðið er á dálítilli klapparhæð, gróinni.
Vatnsstæðið er um 2x1,2 m að stærð, snýr norður-suður. Það er um 0,4 m á dýpt og grjót er í botni þess. Kann að vera manngert að hluta en það er ekki að sjá. Ekki er vitað hvort vatnsstæðið var nýtt frá Norðurkoti eða Tíðagerði en líklegra er að það hafi verið nýtt frá Tíðagerði enda nær því en Norðurkoti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Norðurkot KE, 2

GK-150:008 *Harðangur* tóft+garðlag bústaður 64°00.883N 22°18.069V



Harðangur 008, horft til norðurs

"Sunnan við garðinn, sem skilur á milli Norðurkotslands og Goðhóls [151:030], neðan Hliðs [151:026], eru rústir býlisins Harðangurs. Þar er lítill túnblettur innan garða, sennilega kálgarður upphaflega," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar Mannlíf og mannvirki í hreppnum segir að Harðangur hafi verið tómthús frá Norðurkoti 001 og að það hafi verið í byggð 1885 en hafi aflagst um aldamótin 1900. Óljósar leifar um býlið sjást enn þar sem er ógreinileg tóft er á hól sem virðist vera náttúrulegur að mestu leyti. Hóllinn er við merki milli Kálfatjarnar GK-151 og Norðurkots. Umhverfis tóftina er túngarður eða kálgarður. Mannvirkin eru um 135 m austan við bæ 001.
Býlið er í grónum hraunmóa.
Býlistóftin er fast við túngarð Goðhóls 151:030 sem er á merkjum milli Kálfatjarnar og Norðurkots. Gerði sem er umhverfis tóftina og afmarkar svæði sem er um 15x70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er hæstur um 0,5 m en er víðast hruninn. Tóftin er tvískipt, 8x4 m að stærð og snýr suðaustur-
norðvestur. Ekki sést í grjót nema á stöku stað í suðausturenda þar sem rof hefur myndast í tóftinni innanverðri. Hólfin eru svipuð að stærð: 3,5x2,5 m að innanmáli, snúa norðaustur-suðvestur. Óljóst op er á norðvesturhólfi á suðvestur-langvegg tóftar. Hleðslur eru um 0,3-0,4 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Norðurkot KE, 2-3; GJ: Mannlíf og mannvirki, 315-316



Harðangur 008

GK-150:009 garðlag túngarður 64°00.817N 22°18.182V



Túngarður 009, horft til NNV

Túngarður umhverfis túnið í Norðurkoti sást á tveimur stöðum á vettvangi og kemur staðsetning hans heim og saman við túnakort frá 1919. Annars vegar liggur túngarðurinn til suðausturs frá kálgarði 011 suðaustan við bæjarhól Norðurkots 001, litlu lengra en að Heiðargarði 149:04 þar sem hann beygir til norðausturs. Hins vegar sést túngarðurinn á mörkum milli Tíðagerðis 006 og Norðurkots þar sem hann nær frá Tíðargerði, langleiðina niður í fjöru, þar sem hann beygir til suðvesturs að merkjum milli Þórustaða GK-149 og Norðurkots.
Innan túngarðs eru tún en utan hans eru grónir hraunmóar.
Túngarðurinn afmarkar svæði sem er um 250x80 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Garðurinn er grjóthlaðinn, mesta hleðsluhæð er 1,6 m og mesta breidd 1,5 m. Mest sáust 6 umför.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1919

GK-150:010 *Álfhóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°00.886N 22°18.272V



Álfhóll 010, horft til norðvesturs

Á uppdrætti af Norðurkoti á heimasíðu Ferlis er merktur Álfhóll norðvestan við Stórhól 012, niður undan Norðurkoti 001. Ekki er minnst á þennan hól í örnefnaskrám. Hólinn er fast norðan við hrunið byrgi 014C og um 120 m norður frá bæ 001.
Hóllinn er í norðurjaðri túnsins
Hóllinn er allhár og stór, hömrum girtur til suðausturs. Að öðru leyti er hann vel gróinn, mjókkar upp og eru nokkrar fuglaþúfur efst á honum. Hann er 3-4 m á hæð, hæstur til norðurs og er um 25x15 m að stærð, snýr austur-vestur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:http://www.ferlir.is/?id=7663

GK-150:011 gerði kálgarður
64°00.824N 22°18.188V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þá kálgarður fast suðaustan við Norðurkot 001. Leifar þessa garðs sjást enn.
Kálgarðurinn er fast suðaustan við bæjarhólinn í grónu og flötu landi.
Kálgarðurinn er grjóthlaðinn en gróið hefur yfir hann að miklu leyti. Hann er um 14x38 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er 0,7 m og breiðastir eru veggirnir 2 m þar sem þeir eru niðurfallnir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður 011, horft til norðvesturs

GK-150:012 *Stórhóll* huldufólksbústaður huldufólksbústaður
64°00.845N 22°18.240V
"Neðan við bæinn er Stórhóll. Álfabyggð var talin í honum," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 30 m norðvestan við bæ 001.
Hóllinn er í hæðóttu túni.
Hóllinn er algróinn og hefur að öllum líkindum verið sleginn með túninu. Hann er um 3 m á hæð og er um 15x10 m að stærð, snýr suðvestur-norðaustur. Bratt er fram af honum til vesturs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Norðurkot KE, 1



Stórhóll 012, horft til vesturs


GK-150:013 gerði kálgarður 64°00.830N 22°18.215V



Kálgarður 013, horft til norðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þá kálgarður fast vestan við Norðurkot 001. Enn sjást leifar af þessum garði.
Kálgarðurinn er fast vestan við bæjarhólinn í grónu landi þar sem klettar standa upp úr sverði hér og hvar.
Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og myndar L. Leið 641:017 milli Norðurkots 001 og Þórustaða 149:001 skilur á milli þessa kálgarðs og kálgarðs 011 og afmarkar óljóst garðinn til suðausturs en þar er kantur meðfram götunni. Lág klöpp afmarkar hann hins vegar til norðausturs. Garðurinn er um 22x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mesta hleðsluhæð er um 1,1 m og sjást 4 umför.
Heimildir:Túnakort 1919

GK-150:014 hleðsla óþekkt 64°00.873N 22°18.294V



Hleðslur 014



Hleðsla 014A, horft til vesturs



Hleðsla 014B, horft til norðurs


Nokkrar hleðslur eru á lágum hólum um 100 m norðvestan við bæ 001.
Mishæðótt tún í órækt.
Minjarnar ná yfir svæði sem er um 17x12 m og snýr norður-suður. Minjarnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Suðaustast á svæðinu er mikil grjóthrúga, A, sem virðist hafa hrunið undan halla hólsins sem hún er á. Hún er um 6x3 m að stærð og snýr austur-vestur, mesta hæð er um 1 m. Mögulega er þetta leifar fiskbyrgis. Um 4 m norðvestan við A, á sama hól, er einföld röð steina, B. Hún er um 2 m löng, en norðvestan við hana er dálítið skarð í hólinn sem er um 4 m langt og um 1 m breitt og snýr suðvestur-norðaustur. Hinum megin við grjót og getur verið að einhvers skarðið, á norðvesturbrún er stórt laust konar aðhald hafi verið á þessum stað. Um 11 m norðan við grjóthrúgu A er hleðsla, C, á lítilli klöpp, sennilega niðurfallið fiskbyrgi. Það er um 1,5x2,5 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: engin hætta

GK-150:015 tóft óþekkt
64°00.868N 22°18.117V

Grjóthlaðin tóft er um 20 m norðvestan við Klapparvatnsstæði 007 og um 85 m norðaustan við bæ 001 og 50 m norðaustan við Tíðagerði 006.
Tóftin er í grónum hraunhólum utan túns.
Tóftin er hlaðin suðvestan í lágan hól. Hún er grjóthlaðin en allgróin. Hún er um 4x4 m að stærð og er einföld. Mesta hleðsluhæð er um 1 m, sjást 4 umför. Inngangur er á suðurhorni tóftar. Mikið hefur hrunið inn í hana og líka í




Tóft 015, horft til norðausturs



Tóft 015

inngang.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-150:016 hleðsla óþekkt 64°00.797N 22°18.115V



Hleðslur 016


Hleðslur 016A-C, horft til suðvesturs

Grjóthleðslur, garðlag og tóft eru um 90 m suðaustan við bæ 001. Hleðslurnar eru í halla mót norðaustri og tún er norðaustan við þær, en suðvestan við eru lágir bergveggir sem mynda n.k. náttúrulegt aðhald umhverfis svæði sem er um 15x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur og nær að grjóthleðslunum.

Minjarnar eru á svæði sem er um 36x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslurnar eru 3 talsins og eru í röð frá suðaustri-norðvesturs. Allar eru hleðslurnar hrundar að mestu eða öllu leyti svo þær eru sem grjóthrúgur nú. Suðaustast er hrúga A sem er útflött. Hún er um 6 m löng og um 1,5 m breið, snýr suðvestur-norðaustur. Um 5 m norðvestar er mikil grjóthrúga B sem er um 2x2 m að stærð og um 1,2 m á hæð. Í henni sjást 3 umför. Um 5 m norðvestan við þessa hrúgu er önnur grjóthrúga C sem hefur verið hlaðin utan í litla klöpp. Hún er um 2,5x2,5 m að stærð. Um hlutverk þessara hleðslna er erfitt að segja nokkuð en mögulegt er að þetta séu hrunin herslubyrgi. Á litlum klapparhól um 10 m suðaustan við þessar hleðslur er grjóthlaðin tóft D og lítið garðlag E sem lokaði að líkindum mjóu sundi í túninu á milli klapparhóla. Garðlagið liggur ASA-VNV og er um 3 m á lengd og um 1,2 m á breidd. Það er nokkuð sokkið í jörðu, hlaðið úr stórgrýti. Mesta hleðsluhæð þess er 0,4 m. Hóllinn sem tóftin er á snýr norðaustur-suðvestur. Garðlagið er við suðvesturendann en tóftin er í norðausturendanum. Hún er um 4x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin virðist vera einföld. Mikið hefur hrunið úr veggjum en þeir eru hæstir um 1,3 m og sjást 8 umför. Inngangur á norðausturgafli. Hlutverk tóftarinnar er einnig óþekkt en ekki er ólíklegt að tóftin hafi verið herslubyrgi í stærra lagi.


Hleðsla 016D, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-151 Kálfatjörn

1703: Jarðadýrleki óviss. Kirkjustaður. Kirkjunnar er fyrst getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200 (DI XII 9) [1379]: "Hvad sem kirkiann aa kalfatiornn aa Petvr kirkia aa kaalfatiornn. hvnn aa heima land alltt med gognvm ok giædvm. hvn aa backa ok fleckv vik. hvnn a allann reka j millvm Hravnnes ok ranga giogvrs ok firr nefnd fleckvik aa allann þridivng j vatzleysv jord. j rekvm. skogi ok hagabeit. fra nyia gordvm ok in at gardi þeim er geingvr ofan vr Hraune fram at sia firir innann akvrgerdi. Advrnefnd kirkia aa kaalfatiornn aa allann reka j millvm markletz ok nyia garda." (DI III 340) [1379]: "Kalfatiorn. Svo felldann vitnisbvrd bervm vier þorvardvr arason oc þorsteinn jonsson olafur marteinsson oc hallvardvr karason at vier hofvm verit j kalfatiarnar kirkivsokn meir enn xx vetur enn svmer meir en lx vetur. hofvm vier alldri tvimæli aa heyrt. at eige ætti kirkiann aa kalfatiornn allann reka j millvm hravnnes oc rangagiogvrs. oc alldri hofvm vier heyrt at þar væri hvalreki fra skilldvr. og epter [þessv] vilivm vier sveria ef þvrfa þycker." (DI III 341) 1379: Kalfatiorn. "Svo felldann vittnisburd bervm vier kare þorgilsson. jon

oddzson oc olafur kodransson. at vier hofvm heyrt lesinn maldagann j videy advr enn kirkiann brann. oc firnefndur olafur kodransson las hann sialfur. at kirkiann j videy ætti fiordv hvoria vætt vr hval hvar aa land kæme fra kolbeinsskor oc jnn at hravnnes vottnvm j millvm hvassaravns oc ottastada nema kæme aa kalfartiarnar reka þeim frateknvm j millvm markkletz oc nyia garda. hier epter vilivm vier sveria ef þvrfa þycker." (DI III 341) 18.4.1434: Vogar a Rosmhualanese [liggja] i KalfatiarnarÞijngum; (DI IV 540) 9.9.1447: Er þess getið að Vogar, Hlöðunes, Ásláksstaðir, Knarrarnes, Breiðagerði og Óttastaðir tilheyri Kálfatjarnarkirkjusókn. (DI IV 707-708) [1477]: “kalua Tiornn."Peturskirkia ad kaluatiornn a heima land allt oc backa oc fleckuvijk. fiara ä hraunsnese." (DI VI, 124) 28.4.1479: Er þess getið að Jörðin Vatnsleysa er í Kálfatjarnarkirkjusókn. (DI VI, 185-86) 4.10.1489 er þess getið að jörðin Stærrivogar á Kálfatjarnarströnd er í Kálfatjarnarkirkjusókn. (DI VI, 686) 9.7.1496 er þess getið að jörðin Stærrivogar er í Kálfatjarnarkirkjusókn. (DI VII, 299, 303) 13.9.1500 er þess getið að jörðin Breiðagerði á Strönd er í Kálfatjarnarkirkjusókn. (DI VII, 513, 561).
Hjáleigur 1703: Naustakot GK-152, Móakot GK-153, Fjósakot GK-155 og Borgarkot GK-151:076 í byggð, í eyði voru Hólakot GK-151:074, Hátún GK-154 og Árnahús GK-151:075. Hjáleigur 1847: Naustakot, Móakot, Hátún og Fjósakot. JJ, 91. Hlið var tómthús frá Kálfatjörn til 1923, Góðhóll var einnig tómthús sem var í byggð til 1935. Sama má segja um Litlabæ sem var byggður fyrir 1884 (GK-156:023). (GJ: Mannlíf og mannvirki, 319, 321-22, 337-340) Jörðin hét áður Gamlatjörn.
1703: "Túnin spillast af sjáfarágángi, og þó enn meir af vatnarásum, sem uppá bera leir til skemda. Engjar eru öngvar. Úthagar lakir um sumar, nær öngvir um vetur nema fjaran." JÁM III, 143. 1919: Tún 7 teigar, garðar 1180m2.

GK-151:001 *Kálfatjörn* bæjarhóll bústaður 64°00.929N 22°17.755V
"Bærinn á Kálfatjörn stendur því sem næst í miðju túni á allstórum bala. Austan bæjarhúsa er kirkjan [002]," segir í örnefnaskrá. "Gegnt kirkjunni í vestur var prestsetrið til margra ára og eftir að það var aflagt eða frá 1920 bjó Erlendur Magnússon, oddviti og útvegsbóndi og Kristín Gunnarsdóttir og börn þeirra á Kálfatjörn. Heimili þeirra var opið prestum og öllum kirkjugestum til ýmissa verka. Systkinin tóku síðan við og tóku á móti gestum og gangandi alla sína búskapartíð eða þar til að Kálfatjarnarhúsið brann í nóvember árið 1998," segir í erindi Sigrúnar Jónsdóttur Franklín á Sagnakvöldi í Kálfatjarnarkirkju þann 19. janúar 2006 og birt er á heimasíðu Ferlis. Samkvæmt túnakorti stóð bærinn árið 1919 ríflega 20 m VSV af kirkjunni 002. Ekki er lengur búið á Kálfatjörn en þar er nú golfvöllur Golfklúbbs Vatnsleysustrandar.
Umhverfis bæjarstæðið er nú golfvöllur. Utan hans er mosagróið hraun.
Þar sem bærinn stóð er nú lítill hóll, u.þ.b. 40 x 15 m að stærð og 2 m hár. Hann snýr í NNV-SSA og er bratt niður til suðurs af honum. Í jaðri hólsins er nú malarplan og efst á honum stendur fánastöng. Líklega hefur bærinn staðið um 15 m vestur af henni. Hóllinn hefur verið sléttaður. Norðan við hólinn er bali, hugsanlega sá sem nefndur er í örnefnaskránni. Sunnan við bæjarhólinn er kálgarður. Hann er 30 x 40 m og snýr líkt og bæjarhóllinn í NNV-SSA að stærð og er hlaðið í kringum hann á þrjá vegu, norðurhliðin er opin. Breidd veggja er 1 m og hæð þeirra 0,3 m. Þeir eru grjóthlaðnir. Túnakortið sýnir annan kálgarð fast austan við hinn. Hann hefur verið um 30 x 30 m að stærð og garðlag hlaðið utan um hann í suðri og austri. Hann er horfinn og er nú slétt flöt sem tilheyrir golfvellinum þar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 2; Túnakort 1919; http://www.ferlir.is/?id=3148

GK-151:002 hús kirkja
64°00.932N 22°17.723V
"Bærinn á Kálfatjörn stendur því sem næst í miðju túni á allstórum bala. Austan bæjarhúsa er kirkjan. Allt umhverfis hana er grafreiturinn eða kirkjugarðurinn, og þó aðallega norðan og austan megin," segir í örnefnaskrá. Í bók Árna Óla, Strönd og vogar, segir: "Upphaflega voru þrjár kirkjur á Ströndinni, hálfkirkjur í Kvíguvogum (Vogum) og Vatnsleysu, en aðalkirkjan á Kálfatjörn." Í broti úr sögu Vatnsleysuhrepps, samantekt eftir Viktor Guðmundsson segir enn fremur um kirkjuna: " Í kaþólskum sið var kirkjan á Kálfatjörn helguð Pétri postula. Á Kálfatjörn var torfkirkja fram til ársins 1824, þá var reist ný kirkja og var hún með torfveggjum en timburþaki og stóð hún í 20 ár eða til ársins 1844. Árið 1844 er svo byggð ný timburkirkja á Kálfatjörn, hún stóð aðeins í 20 ár og 1864 er enn byggð kirkja. Núverandi kirkja var byggð 1892-1893 og vígð árið 1893." Kirkjan stendur á golfvellinum miðjum, um 25 m austan við bæjarhól 001


Kirkja 002, horft til norðausturs

Golfvöllur hefur verið gerður í hrauninu. Kirkjan stendur á sléttaðri flöt en utan vallarins er mosagróið hraun.
KÁLFATJÖRN Á VATNSLEYSUSTRÖND (G) -Pétri
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 9
[1379]: Hvad sem kirkiann aa kalfatiornn aa.
Petvr kirkia aa kaalfatiornn. hvnn aa heima land alltt med gognvm ok giædvm. hvn aa backa ok fleckv vik. hvnn a allann reka j millvm Hravnnes ok ranga giogvrs ok firr nefnd fleckvik aa allann þridivng j vatzleysv jord. j rekvm. skogi ok hagabeit. fra nyia gordvm ok in at gardi þeim er geingvr ofan vr Hraune fram at sia firir innann akvrgerdi. Advrnefnd kirkia aa kaalfatiornn aa allann reka j millvm markletz ok nyia garda. Bessastaðabók DI III 340
[1379]: Kalfatiorn.
Svo felldann vitnisbvrd bervm vier þorvardvr arason oc þorsteinn jonsson olafur marteinsson oc hallvardvr karason at vier hofvm verit j kalfatiarnar kirkivsokn meir enn xx vetur enn svmer meir en lx vetur. hofvm vier alldri tvimæli aa heyrt. at eige ætti kirkiann aa kalfatiornn allann reka j millvm hravnnes oc rangagiogvrs. oc alldri hofvm vier heyrt at þar væri hvalreki fra skilldvr. og epter [þessv] vilivm vier sveria ef þvrfa þycker. Bessastaðabók DI III 341
1379: Kalfatiorn.
Svo felldann vittnisburd bervm vier kare þorgilsson. jon oddzson oc olafur kodransson. at vier hofvm heyrt lesinn maldagann j videy advr enn kirkiann brann. oc firnefndur olafur kodransson las hann sialfur. at kirkiann j videy ætti fiordv hvoria vætt vr hval hvar aa land kæme fra kolbeinsskor oc jnn at hravnnes vottnvm j millvm hvassaravns oc ottastada nema kæme aa kalfartiarnar reka þeim frateknvm j millvm markkletz oc nyia garda. hier epter vilivm vier sveria ef þvrfa þycker.
anno domini M. iij°. lxxxix ar. Bessastaðabók DI III 341
18.4.1434: Vogar a Rosmhualanese [liggja] i KalfatiarnarÞijngum; DI IV 540
9.9.1447: Vogar, Hlöðunes, Ásláksstaðir, Knarrarnes, Breiðagerði og Óttastaðir ... liggia í Kalfatiarnar kirkivsokn; DI IV 707-708
[1477]: kalua Tiornn.
Peturskirkia ad kaluatiornn a heima land allt oc backa oc fleckuvijk. fiara ä hraunsnese.
iiij mesoklæde et cetera.
atta kyr. þriu asaudar kugillde oc j hestur. Máld DI VI, 124 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 122a]
28.4.1479: Jörðin Vatnsleysa er í Kálfatjarnarkirkjusókn. DI VI, 185-86
4.10.1489: Jörðin Stærrivogar á Kálfatjarnarströnd er í Kálfatjarnarkirkjusókn. DI VI, 686
9.7.1496: Jörðin Stærrivogar er í Kálfatjarnarkirkjusókn. DI VII, 299, 303
13.9.1500: Jörðin Breiðagerði á Strönd er í Kálfatjarnarkirkjusókn. DI VII, 513, 561
1575: Máld DI XV 638
26.4.1815: Njarðvíkurkirkja gerð að annexíu frá Kálfatjörn; (PP, 107) [konungsbréf]
16.11.1907: Kálfatjarnarprestakall lagt niður og leggst sóknin til Garða á Álftanesi; (PP, 107) [lög]. Kirkjan stendur á grjóthlöðnum grunni. Hún er byggð úr timbri og klædd með bárujárni. Er hún á tveimur hæðum og að auki er kirkjuturn austast á byggingunni. Snýr hún í austur-vestur. Umhverfis kikjuna er kirkjugarður, 65 x 35 m stór. Hann snýr eins og kirkjan. Hann er afmarkaður af grjóthleðslu í suðri og vestri, u.þ.b. 0,4 m hárri og 0,2 m breiðri. Hleðslan virðist fremur nýleg. Líklega hefur grjóthleðsla verið umhverfis garðinn allan áður fyrr en þar sem mörk hans eru afar skýr en hún er horfin nú. Kirkjugarðurinn er sýndur á túnakorti frá 1919 og virðist hann vera álíka stór í dag að því frátöldu að hann hefur verið stækkaður örlítið til vesturs. Á heimasíðu Ferlis segir um stein í kirkjugarðinum: "Hér rétt innan kirkjugarðshliðsins er steinn með bolla í sem að Ólafur Erlendsson segir að hafi áður verið undir vegg á tröðinni sem lá upp fyrir garð. Kristján Eldjárn þá þjóðminjavörður taldi hann vera frá kaþólskri tíð og kirkjugestir ef til vill signt sig áður en þeir fóru í kirkju." Steinninn er um 2 m innan við hliðið á hægri hönd þegar gengið er að kirkjunni. Hann er um 0,4 m að hæð og 0,3 m í þvermál. Bolli, 0,2 m í þvermál og 0,1 m djúpur er í honum miðjum. Steininn er nokkuð mosagróinn.


Steinn í kirkjugarði 002, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 2; Árni Óla: Strönd og vogar, 183; Túnakort 1919; DI III; DI IV; DI VI; DI VII; DI XII; DI XV; PP; http://www.vogar.is/resources/Files/14_saga.pdf; http://ferlir.is/?id=3148

GK-151:003 heimild um útihús 64°00.923N 22°17.743V

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m austan við bæ 001.
Golfvöllur er á þessum slóðum en umhverfis er mosagróið hraun.
Útihúsið hefur staðið á bæjarhólnum sunnanverðum, u.þ.b. þar sem fánastöngin er nú. Hóllin hefur verið sléttaður og er grasi gróinn.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-151:004 *Skjaldbreið* tóft hlaða 64°00.941N 22°17.765V



Tóft 004, horft til norðurs


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m vestur af bæ 001. Tóft hússins sést enn.
Golfvöllur er á þessum slóðum en umhverfis er mosagróið hraun.
Á heimasíðu Ferlis er þessari tóft lýst: "Hlaðan er talin vera yfir 200 ára gömul og steinhleðslan einstök, tvöföld þ.e. ytri og innri steinhleðsla og loftbil á milli. Hún hefur haldist vel fyrir utan eitt hornið en upphaflega bakkaði olíubíll á það og síðan einhverjir aðrir og við það riðlaðist hleðslan. Erlendur smíðaði kvist á þakið og fjós við sem nú hefur verið rifið. Hlaðan var í notkun alla tíð fram til ársins 1999. Ólafur Erlendsson telur að tréverkið þ.e. bitarnir inni í hlöðunni séu úr Jamestown en það skip rak á hafi úti fyrir Ameríku í 3 ár áður en það strandaði við Þórshöfn nálægt Höfnum árið 1881. [...] Hlaðan þótti mikil bygging á sínum tíma og var nefnd Skjaldbreið. Hlaðan er nú í umsjá minjafélagsins." Húsið er í jaðri bæjarhólsins, rétt við malarveginn sem liggur fram hjá kirkjunni. Sést í sement í veggjahleðslunum. Húsið snýr norður-suður og er um 10 x 8 m að stærð. Breidd veggja er 0,4 m og hæð þeirra 2 m. Vesturhlið hússins er nánast alveg hrunin. Inngangur hefur líklega verið í SV-horni. Innan veggja er mikill arfi, brotið gler, gömul eldavél og ýmis önnur áhöld. Norðan við tóftina er afmarkaður sleginn blettur, um 30 x30 m stór. Líklega hefur þar verið kálgarður samkvæmt túnakorti. Aðeins glittir í grjóthleðslur utan um blettinn en þær eru afar jarðsignar. Hleðslurnar eru um 1 m breiðar og 0,3 m háar.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; http://ferlir.is/?id=3148

GK-151:005 heimild um 64°00.949N 22°17.770V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 5 m vestur af tóft 004 og um 40 m NNV við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Golfvöllur er á þessum slóðum en umhverfis er mosagróið hraun.
Suðvestan á bæjarhólnum er mikil órækt. Svæðið er óslegið og vex þar mikil hvönn. Engin ummerki þróarinnar er þar að sjá.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919

GK-151:006 *Fjóshóll* tóft fjós 64°00.957N 22°17.758V



Tóft 006, horft til austurs



Tóft 006

"Heim undir bæjarhólmanum að norðanverðu er Fjóshóll. Hann er brattur mót norðri og norðvestri. Þar stóð fjósið lengi," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti var útihús um 50 m norðvestur af kirkju 002 og 40 m norður af bæ 001 og er líklegast fjósið á Fjóshól. Þar sjást enn leifar af tvískiptri tóft.

Tóftin er í golfvelli. Utan hans er mosavaxið hraun.
Grjóthlaðin tvískipt tóft, 9 x 6 m að stærð sem snýr suðvestur-norðaustur. Hólf I er 3 x 5 m að innanmáli og er það opið til suðurs norðvestur-suðaustur. Hólf II er 4 x 3 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur og er lítið op á því í norðvesturhorni á langhlið hólfsins. Breidd veggja er 1 m og er hæð þeirra 1,3 m. Tóftin er afar gróin og vex hátt gras ofan á veggjum og innan þeirra. Lítið er hrunið úr vegghleðslum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 2; Túnakort 1919

GK-151:007 *Kálfatjarnarbrunnur* brunnur brunnur 64°00.960N 22°17.855V



Kálfatjarnarbrunnur 007, horft til suðvesturs

"Niður með Sjávargötunni [065] er Kálfatjarnarbrunnur," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. "Niður með sjávargötunni og fast við hana, um 70 m frá hlaðvarpanum, er brunnurinn, vatnsból, sem enn er notað, og var það fyrsta á Vatnsleysuströnd, sem grafið var svo djúpt í jörð að þar gætti flóðs og fjöru. Slíkt var kallað flæðivatn. Síðar þegar sprengiefni kom til sögunar var þessi brunnur dýpkaður, svo ekki þryti vatn um stórstraumsfjörur," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Umræddur brunnur er merktur inn á túnakort frá 1919 um 100 m norðvestur af bæ 001 og 70 m vestur af tóft 006. Hann er í óslegnu belti milli sleginna flata á golfvellinum.
Golfvöllur, mosagróið hraun í utan hans.
Brunnurinn er á litlum hól, 0,5 m háum og 5 m í þvermál. Brunnurinn sjálfur er 2 m í þvermál. Ekki sést í neinar hleðslur í honum. Nú hefur hann verið byrgður. Mikið og hátt gras er í kringum brunninn.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 3; Túnakort 1919

GK-151:008 tóft útihús 64°01.005N 22°17.868V


Tóft 008, horft til norðvesturs


Um 180 m norður af bæ 001 og 90 m norður af brunni 007 eru tvær tóftir útihúsa. Eru þær sýndar á túnakorti frá 1919. Önnur þeirra, 009, er efst á 4 m hárri hæð en 008 er rétt austan við hana. Á sömu eða svipuðum slóðum var Sjóbúðin 087 og þar á undan býlið Hólkot 074, samkvæmt örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Í örnefnaskrá Kálfatjarnar segir að Fjárhúsið standi nú þar sem býlið Hólkot stóð áður. Líklegt er að önnur eða báðar tóftir 008 og 009 séu leifar af þessum fjárhúsum.
Tóftin er á golfvelli. Utan hans er gróið hraun.



Tóft 008

Grjóthlaðin tóft er byggð austan í hæðina sem 009 stendur efst á. Tóftin er einföld, 5 x 5 m að stærð og er samsíða 009, þ.e. snýr í norður-suður. Vesturveggur tóftarinnar er byggður inn í hæðina. Breidd veggja er 0,8 m og austast í tóftinni eru þeir um 0,8 m háir en vestast 1,1 m. 0,6 m breitt op er fyrir suðurvegg miðjum. Veggir hafa hrunið inn í tóftina. Innan hennar er gaddavír og annað brotajárn.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 6, Ö-Kálfatjörn, 6

GK-151:009 tóft útihús 64°01.008N 22°17.877V
Um 180 m norður af bæ 001 og 90 m norður af brunni 007 eru tvær tóftir útihúsa. Eru þær sýndar á túnakorti frá 1919. Önnur þeirra, 009, er efst á 4 m hárri hæð. Á sömu eða svipuðum slóðum var Sjóbúðin 087 og þar á undan býlið Hólkot 074, samkvæmt örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Í örnefnaskrá Kálfatjarnar segir að Fjárhúsið standi nú



Tóft 009


Tóft 009, horft til norðvesturs

þar sem býlið Hóll stóð áður. Líklegt er að önnur eða báðar tóftir 008 og 009 séu leifar af þessum fjárhúsum.
Tóftin er á golfvelli. Utan hans er gróið hraun.
Grjóthlaðin ferhyrnd tóft, 9 x 4,5 m að stærð. Hún er einföld og snýr í norður-suður. Breidd veggja er 1 m og hæð þeirra um 1,2 m. Eru þeir þó lægri í norðausturhluta tóftar, um 0,5 m. Grjót í veggjum er fremur stórgert og vaxið mosa og skófum. Tóftin er gróin háu grasi og syðst í henni hefur ónýtum hjólbörðum verið staflað.


Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 6; Ö-Kálfatjörn, 6

GK-151:010 heimild um útihús 64°01.036N 22°18.019V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt útihús þar sem rani liggur til norðurs út frá sjóvarnargarðinum. Mun það hafa verið 40 m norðaustan við Naustakot GK-152:001 og 300 m norðvestan við bæ 001.
Golfvöllur er þar sem húsið stóð áður. Við hann er á þessum slóðum stórgrýtt fjara prýdd klöppum og hamrastöplum.
Þar sem útihúsið hefur staðið er nú teigur á golfvellinum. Einnig er hugsanlegt er að húsið hafi staðið utan hans og hafi brotið í burt. Mögulegt er að húsið, sem merkt var inn á túnakortið sé sama hús og skráð er sem Naust 014 og/eða Byrgi 016.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-151:011 áletrun óþekkt
64°00.944N 22°17.712V
Á heimasíðu Ferlis segir: "Fyrir framan skálann er steinn með ártalinu A°1674 og fannst hér í fjörunni en hann hefur líklega verið við eina sjóbúðina." Skálinn er nú á malarplani um 40 m norður af kirkjunni 002 og 45 m norðaustan við bæ 001.
Steinninn er á malarplani norðan við kirkjuna. Golfvöllur er austan og vestan við hann.
Steinninn er 0,5 m á lengd, 0,3 m á breidd og 0,3 m hár. Á hann er letrað A°1674. Steininn er líklega úr grágrýti.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:http://ferlir.is/?id=3148


Áletrun 011, horft til austurs

GK-151:012 tóft óþekkt 64°01.082N 22°16.021V



Tóft 012


Tóft 012, horft til vesturs

Lítil tóft er um 180 m vestan við Stefánsvörðu 044 og um 270 m suðvestan við Borgarkotsstekk 045. Tóftin er 1,4 km austnorðaustan við Kálfatjörn 001.
Tóftin er efst á klapparhól sem stendur nokkuð hátt í hraunmóa. Hóllinn er ágætlega gróinn mosa, lyngi og grasi.
Tóftin er einföld og sporöskjulaga, um 2 x 2 m að stærð. Veggir eru mjóir og mesta hæð þeirra er um 0,3 m. Tóftin er mjög vel gróin, ekki sést í grjót í henni og ekki sést op á

henni. Hlutverk er óvíst en ef til vill hefur þarna verið smalabyrgi.
Hættumat: engin hætta

GK-151:013 *Skiparéttin* heimild um naust
"Á kampinum var Skiparéttin og Naustið [014] , og skiptist þar Sjóvarnargarðurinn [057] í Sjóvarnargarðinn Syðri og Sjóvarnargarðinn Nyrðri, og lágu þeir á Kampinum, sem einnig var nefndur Kálfatjarnarkampur," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar þetta mannvirki hefur verið en líklegt er að það hafi verið á svipuðum eða sama stað og býli/fjárhús GK-152:001 eða útihús 010. Á milli þeirra húsa skiptist Sjóvarnargarðurinn og hefur Naustið 014 ef til vill verið fast við Skiparéttina eða skammt frá.
Grasi gróinn og grýttur sjávarbakki.
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kálfatjörn, 6

GK-151:014 *Naustið* heimild um naust
"Á kampinum var Skiparéttin [013] og Naustið , og skiptist þar Sjóvarnargarðurinn [057] í Sjóvarnargarðinn Syðri og Sjóvarnargarðinn Nyrðri, og lágu þeir á Kampinum, sem einnig var nefndur Kálfatjarnarkampur," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar þetta mannvirki hefur staðið en líklegt er að það hafi annað hvort verið fast við Skiparéttina 013 og/eða þar sem útihús 010 var, norðan við býli/fjárhús GK-
152:001.
Stórgrýtt fjara prýdd klöppum og hamrastöplum. Golfvöllur er skammt austan við.
Ekki sést til minja. Nú er teigur á golfvellinum þar sem Naustið hefur verið. Á túnakorti frá 1919 er tvískipt mannvirki sýnt á svipuðum stað (sjá fornleif nr. 10) sem gæti hafa verið Naustið og/eða Byrgið 016.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Kálfatjörn, 6; Túnakort 1919

GK-151:015 *Skiparéttargarðurinn* garðlag varnargarður 64°01.034N 22°17.921V


Garðlag 015, horft til norðvesturs

"Ofan við naustin [014] er garður, Skiparéttargarðurinn," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Á kampinum var Skiparéttin [013] og Naustið [014] , og skiptist þar Sjóvarnargarðurinn [057] í Sjóvarnargarðinn Syðri og Sjóvarnargarðinn Nyrðri, og lágu þeir á Kampinum, sem einnig var nefndur Kálfatjarnarkampur," segir enn fremur í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Garðlag liggur meðfram fjörunni frá Kampinum 018 að Eyrinni. Líklegt er að Skiparéttin 013 hafi verið á Skiparéttargarðinum og að hann dragi nafn sitt af henni. Garðlagið er um 250 m norðvestan við bæ 001.
Golfvöllur er sunnan garðlagsins en norðan þess stórgrýtt fjara.
Frá Kampinum til austurs er sjóvarnargarður. Hann er úr afar stórgerðu grjóti og líklega nýlegur. Skiparéttargarðurinn var á svipuðum stað. Leifar hans sjást um 20 m sunnan við nýja sjóvarnargarðinn þar sem liggur slitrótt garðlag á um 45 m löngum kafla meðfram garðinum. Það er það um 0,8 m breitt og 0,5 m hátt. Steinarnir í hleðslunni eru afar mosavaxnir.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 4; Ö-Kálfatjörn, 6

GK-151:016 *Byrgið* heimild
"Ofan við naustin [014] er garður, Skiparéttargarðurinn [015]. Norðan megin naustsins var sjávarhúsið Byrgið, hlaðið úr grjóti. Nú hefur sjór brotið það svo að ekki sér nema veggbrot eftir," segir í örnefnaskrá.
Golfvöllur, stórgrýtt fjara prýdd klöppum og hamrastöplum.
Nú er teigur á golfvellinum þar sem Byrgið hefur staðið. Hugsanlegt er að Byrgið sé útihús 010 sem sýnt er á túnakorti frá 1919 en annars er nákvæm staðsetning þess týnd.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 4; Túnakort 1919

GK-151:017 *Hausaklöpp* heimild um herslubyrgi 64°01.051N 22°18.031V

"Norðan vararinnar [019] gengur allhár klettarani til norðausturs, næst vörinni heitir Staðarklöpp, en fjær Snoppa, einnig oft nefnd Hausaklöpp. Þar voru hertir þorskhausar á vertíðum," segir í örnefnaskrá. Hausaklöpp er um 40 m norðan við Kampinn 018 og um 320 m norðvestan við bæ 001.
Golfvöllur í mosagrónu hrauni. Í fjörunni eru klettar og ljós fjörusandur í bland við dökkan.
Klöppin er um 30 x 15 m að stærð og að hluta gróin grasi. Engin ummerki mannvirkis er að sjá þar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 4

GK-151:018 *Kampur* hleðsla 64°01.042N 22°18.028V



Hleðsla 018, horft til suðvesturs

"Norðan megin vararinnar á Kálfatjörn er hlaðinn veggur (uppfylling) nefndur Kampur," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðinn garður er við fjöruna, vestan við teig á golfvellinum ríflega 300 m norðvestan við bæ 001og um 20 m norðaustur af býli/fjárhúsum 152:001.
Golfvöllur, klettum prýdd fjara.
Grjóthlaðinn garður liggur norður-suður meðfram fjörunni. Hann er 20 m langur og sveigir aðeins til austurs á síðustu metrunum í norðri. Breidd hans er 1 m og hæð hans 1,1 m. Steinarnir eru vaxnir skófum og mosa.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 4

GK-151:019 *Kálfatjarnarvör* heimild um lendingu 64°01.032N 22°18.045V

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1703 var þá heimræði og sæmileg lending í Kálfatjörn."Rétt norðan við fjárhúsin [GK-152:001] eru naustin [014] og vörin. [...] Norðan megin vararinnar á Kálfatjörn er hlaðinn veggur (uppfylling) nefndur Kampur [018]. [...] Þegar róið er úr Kálfatjarnarvör, verður ekki komizt beint út," segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni að dæma hefur verið hlaðinn veggur meðfram vörinni norðanverðri en hvorki sáust ummerki hans eða vararinnar á vettvangi. Vörin hefur þó líklega verið um 25 m norðan við býli/fjárhús 152:001 og um 305 m norðvestan við bæ 001.
Golfvöllur, stórgrýtt fjara prýdd klöppum og hamrastöplum.
Ekki sést til mannvirkja í fjörunni.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:JÁM III, 143; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 4



Kálfatjarnarvör 019, horft til suðvesturs

GK-151:020 *Sundvarða* varða samgöngubót 64°00.968N 22°18.068V



Sundvarða 020, horft til suðausturs

"Varða, Sundvarða er á klapparhól nyrzt í Goðhólstúni, neðan undir kampi," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Hóll var í Goðhólstúni og var á honum Sundmerkið fyrir Kálfatjarnarsund." Að öllum líkindum er Sundmerki það sama og Sundvarða og hefur varðan vísað á sundið og flokkast sem samgöngubót. Sundvarða er um 70 m norðan við býlið Goðhól 030 og um 265 m norðvestan við bæ 001.
Varðan stendur í norðvesturjaðri golfvallar á grösugum en litlum hól.
Varðan er niðurfallin og er nú mikil grjóthrúga. Óvíst er að allt grjótið í hrúgunni hafi tilheyrt vörðunni eða hvort bætt hafi verið í hana, t.d. við gerð golfvallarins eða aðra ræktun. Varðan er um 2 x 1,2 m að grunnfleti, um 0,9 m á hæð og snýr suðaustur-norðvestur. Í norðvesturendanum sést móta fyrir ferkantaðri hleðslu í grunni vörðunnar. Grjótið er mjög stórt og meðalstórt inn á milli, skófum og mosa vaxið.

Hættumat: stórhætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 5; Ö-Kálfatjörn, 9

GK-151:021 *Hausarétt* heimild um rétt 64°01.015N 22°18.044V
"Þarna [hjá Naustakoti GK-152:001] eru nú fjárhús [skráð undir sama númeri og Naustakot]. Sunnan við þau er fjárrétt og fast við hana að sunnanverðu grasigróið gerði. Það var kallað Hausarétt. Þar voru þurrkaðir þorskhausar í sumartíð unz það lagðist niður með öllu á stríðsárunum síðari," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var órækt innan gerðis sunnan við réttina við fjárhús/býli GK-152:001. Allar líkur eru á það hafi verið Hausarétt. Hefur verið um 250 m norðvestur af bæ 001.
Stórgrýtt fjara. Víða ganga klappir fram í sjó og eru litlar víkur á milli þeirra.
Hvergi sést til réttar suður af býli/fjárhúsum GK-152:001. Hins vegar er mögulegt að hún hafi þurft að víkja fyrir golfvelllinum sem er um 60 m sunnan við býli/fjárhús GK-152:001. Milli golfvallarins og tóftarinnar var hins vegar Naustakotstjörn.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 4; Túnakort 1919

GK-151:022 *Heiðargarður* garðlag túngarður 64°00.986N 22°18.089V


Heiðargarður 022, horft til suðvesturs

"Landagarður lá sunnan túnsins. [...] Ofan [Hliðslóðar] var svo Heiðargarðurinn," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. "Efst í suðurtúni, ofan við Landið, er Landamóinn, nú fyrir alllöngu slétt tún að mestu leyti utan dálítil ræma meðfram Heiðargarði, en svo nefnist garðurinn, er ver túnið þeim megin sem að heiðinni veit," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Þar segir einnig: "Mörkin milli bæjanna [Bakka 156:003 og Litlabæjar 156:023] eru upp frá naustunum [156:009], beint að Heiðargarði. [...] Garðsendi [Bakkakrókur 156:021] nefnist þar sem hinn óslitni og títtnefndi Heiðargarður kemur að sjó." Landagarður og Heiðargarður afmarka tún Kálfatjarnar að sunnan- og vestanverðu. Heiðargarður afmarkar suðurhlið túnsins en hann nær alla leið að Bakkakrók [156:021] og afmarkar einnig suðurhlið túna Litlabæjar og Bakka og haglendi Kálfatjarnar. Heiðargarður er um 150 m SSA við bæ 001 þar sem styst er á milli.
Sá hluti garðsins sem heitir Landagarður er á miðjum golfvelli en sá hluti sem heitir Heiðargarður er í grónu hrauni rétt utan golfvallarins og víðast annarsstaðar á mörkum túns og gróins hrauns. Í norðurenda, við Bakkarkrók, liggur garðlagið að stórgrýttri fjöru með svörtum klöppum og ljósum skeljasandi.
Landagarður liggur frá fjöru til suðausturs og er horn þar sem hann beygir til norðausturs og heitir þaðan Heiðargarður og liggur út í fjöru. Tún Kálfatjarnar eru afmörkuð til austurs af túnum Móakots, Fjósakots og fjaran afmarkar túnið til norðurs. Svæðið sem garðarnir afmarka er um 400 x 1000 m og snýr suðvestur-norðaustur. Garðurinn er víðast sýnilegur. Á nokkuð löngum kafla innan golfvallarins (Landagarður) er hann undir sverði og lítt eða ekki greinilegur. Hlutar hans hafa verið fjarlægðir á þeim kafla. Skömmu áður en Landagarður mætir Heiðargarði er lítið gerði innan garðs (golfvallar). Það er lítið og ógreinilegt, er um 3 x 4 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur, opið til norðvesturs. það stendur á dálítilli hæð á golfvellinum. Aðeins sést móta fyrir nokkrum steinum upp úr grassverðinum. Við gerðið er lítið rof á garðinum. Eftir að garðurinn beygir til norðausturs (Heiðargarður) er hann greinilegri og efnismeiri en nokkuð hruninn. Mesta hleðsluhæð er um 1 m og hann er víðast á þessum kafla um 1 -1,3 m á breidd. Garðurinn endar við golfflöt skammt suðvestan frá malbikuðum vegi heim að Kálfatjarnarkirkju, þar sem traðir 024 voru áður. Hinum megin við veginn taka við túngarðar Hátúns GK-155:002 og hefur sá hluti þeirra sem vísar til austurs ef til vill verið hluti af Heiðargarði. Þegar þeim sleppir sést garðurinn aftur litlu norðan við golfskála og liggur nær órofinn til sjávar við Bakkakrók. Á þessum kafla, frá golfskála að Bakkakrók er garðurinn mjög greinilegur austan við tún Bakka og Litlabæjar þar sem hann er um 1,2 m á breidd og um 0,5-1 m á hæð. Annarsstaðar er hann lægri og ógreinilegri. Heildarlengd sýnilegs garðs á vettvangi er um 1,2 km.
Hættumat: stórhætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 2, 10


GK-151:023 heimild um 64°00.860N 22°17.603V

Á heimasíðu Ferlis segir: "Annar steinn, hestasteinninn er/var á móts við Hátún [GK-154] þ.e. við afleggjarann að kirkjunni hann er með tveimur götum og líklega til að binda hesta við." Steinninn hefur verið við tröð 024, um 175 m suðaustan við bæ 001.
Golfvöllur er þar sem steinninn hefur staðið.
Steinninn fannst ekki á vettvangi. Samkvæmt Andrési Guðmundssyni, heimildamanni, stóð steinninn í núverandi vegstæði að kirkjunni, u.þ.b. 150 frá bæ 001. Var hann fjarlægður þegar malbik var lagt þar. Gerð var leit að steininum og er hann nú (2009) fundinn. Stendur til að koma honum aftur fyrir þar sem steinninn stóð upphaflega.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:http://ferlir.is/?id=3148

GK-151:024 hleðsla traðir 64°00.927N 22°17.733V
"Við suðausturhorn Hátúnsins endaði tröðin á Kálfatjörn, en eystri garður hennar er jafnframt túngarður Hátúns [GK-154:005] að vestanverðu. Garðurinn Kálfatjarnarmegin traðarinnar var rifinn um 1930," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Traðirnar eða Kálfatjarnartraðir lágu ofan frá Heiðargarði heim á hlað. Traðarveggir voru með þeim.Traðarveggur Nyrðri og Traðarveggur Syðri," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Traðirnar eru einnig sýndar á túnakorti frá 1919.
Golfvöllur í mosagrónu hrauni.
Þar sem traðirnar voru áður er nú malbikaður vegur að kirkjunni. Þar sem austari veggur traðanna mætir túngarðinum (GK-154:005) sem liggur til norðausturs og aðskilur Hátún GK-154 og Fjósakot GK-155 er um 8 m langur grjótruðningur, mögulegar leifar traðanna.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; Ö-Kálfatjörn, 6; Túnakort 1919

GK-151:025 *Hestarétt* heimild um rétt 64°00.856N 22°17.682V
"Sunnan þess [Traðarhliðsins] og innan garðs á Kálfatjörn var Hestaréttin," segir í örnefnaskrá. Hestaréttin var um 150 m suðurr af bæ 001 og suðvestan við akveginn.
Golfvöllur í mosagrónu hrauni.
Hestaréttin hefur líklega vikið fyrir golfvellinum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8

GK-151:026 *Hlið* tóft+garðlag býli 64°00.866N 22°18.037V



Minjar um býlið Hlið 026

"Í beinu áframhaldi af túngarði Hátúns liggur Heiðargarðurinn [022] suður frá traðarhliði fyrir ofan Landamóa, en þegar nálgast suðausturhorn Kálfatjarnartúns sveigist hann meira til vesturs og heldur sömu stefnu fyrir ofan Goðhólstún (en Goðhóll [030] nefnist býlið, er liggur sunnan Kálfatjarnartúns) unz hann beygir þvert til sjávar. Hann afmarkar Goðhólstún. Við þennan garð innanvert, nánast í garðstæðinu, var býlið Hlið; hafði það kálgarð og lítinn túnblett til suðurs upp með garðinum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Milli Goðhóls og Norðurkotstúns var Hlið og var þar í kring Hliðslóð eða Hliðstún umgirt Hliðstúngörðum, hlöðnum af grjóti og ofan lóðarinnar svo svo Heiðargarðurinn," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Hlið var tómthús frá Kálfatjörn." Þar lagðist niður búskapur 1923 en þar var byggður sumarbústaður sem ekki er notaður nú. Þar sem Hlið stóð sést enn stór tóft og túngarður. Hlið er um 260 m suðvestan við Kálfatjarnarbæ 001 og um 110 m norðnorðaustan við Goðhólsbæ 030.
Gróinn túnblettur milli hraunhóla í vesturjaðri golfvallar. Dálítill holmói er austan við Hlið, utan garðs.



Tóft 026A, horft til norðvesturs




Garðlag 026C, horft til NNA

1919: Tún 0,05 teigar, garðar 540m2. Á heimasíðu Ferlis segir: "Á miðjum vestari garðinum eru tóftir bæjarins í Hliði en þar í gegn lá kirkjugatan [641:017] svokallaða sem að allir kirkjugestir fóru til messu og þar má sjá steinhleðslu [028] yfir rásina sem áður hefur verið nefnd og þar má jafnframt finna klappaðan stein með ártalinu A°1790. Sagnir eru um að allir hafi stoppað í Hliði og fengið sér í nefið og rabbað um landsins gagn og nauðsynjar og jafnvel farið í kirkjufötin þar. Kirkjustígurinn heldur síðan áfram út eftir ströndin í gegnum Tíðagerði [150:006] og Norðurkot [150:001]." Túngarðurinn C umhverfis Hlið afmarkar svæði sem er um 65 x 40 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur, mesta hleðsluhæð er um 0,8 m og sjást 3 umför. Garðurinn er hruninn að miklu leyti. Innan túngarðs er ein tóft sýnileg og lítill bárujárnsskúr sem hefur líklega verið sumarbústaður. Annar bárujárnsskúr er utan garðs, norðvestan við tóftina. Býlistóftin A er í norðvesturhorni túngarðs. Hún er grjóthlaðin og vel greinileg. Tóftin er grasi gróin en sést í hleðslur að innan- og utanverðu, sjást 3 umför í norðurgafli, mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóftin er einföld, um 10 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Inngangur er á miðjum norðausturvegg. Milli tóftar og skúrs innan garðs hefur staðið lítið hús B samkvæmt túnakorti og sjást þess óljós merki. Fast suðvestan við skúrinn, um 8 m norðaustan við tóftina er dálítil dæld, um 2 x 2 m að stærð og um 0,4 m djúp. Hún er grasi gróin og ekki sést í grjót.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; Ö-Kálfatjörn, 9; GJ: Mannlíf og mannvirki, 319; Túnakort 1919; http://ferlir.is/?id=3148

GK-151:027 *Borgarkot* tóft+garðlag býli 64°01.680N 22°16.262V



Tóft, þúst og garðlag í Borgarkoti 027



Tóft 027A, horft til norðvesturs

Borgarkot var hjáleiga Kálfatjarnar samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1703 en jarðadýrleiki var óviss. "Innan við Breiðufit tekur við Borgarkotstún, dálítill túnblettur, mestur á lengdina, meðfram sjónum, illþýft og hólótt. Bæjarrústirnar í Borgarkoti eru nálægt miðju túni á bakkanum; brýtur sjór nú framan af þeim. Einnig rótar sjór nú í seinni tíð mjög miklu grjóti upp á bakkann [...] Borgarkot mun hafa farið í eyði á 18. öld," segir í örnefnaskrá. Borgarkot er við sjóinn um 500 m frá landamerkjagirðingu að Flekkuvík og um 1,8 km norðaustan við bæ 001.

Þýft og grýtt tún meðfram stórgrýttri fjöru. Ofan við túnið tekur mosagróið hraun við.

Á heimasíður Ferlis segir: "Tóftir kotsins eru á sjávarbakkanum, en sjórinn er smám saman að brjóta þær niður. Hlaðinn vörslugarður, jarðlægur, er landmegin við tóftirnar. Gerði [041] er við hann austanverðan. Austan við tóftirnar er stór hlaðinn krossgarður [040], sem minkaveiðimenn hafa rutt um koll, en þarna með ströndinni má víða sjá götur eftir minkinn. Hlaðið gerði (rétt eða nátthagi) er suðvestan við tóftirnar. Vestan við það er vatnsstæði. Í örnefnalýsingu er það nefnt Vatnssteinar [038], en kunnugir nefna það Vaðsteina. Í því þrýtur sjaldan vatn. Eftir



Þúst 027B, horft til norðausturs

Breiðufit er röð stöpla (steina) stórgripagirðingar er liggja frá Litlabæ [GK-156:023] að landamörkum Flekkuvíkur, beygir til norðurs skammt vestan Hermannavörðu [GK-157:080] og endar niður við sjávarbakkann. Í hverjum steini eru tveir trétappar. Ofan við girðinguna er hlaðin refagildra. Önnur slík er innan girðingarinnar nokkru vestar. Borgarkot var, líkt og svo margar jarðir á norðanverðu Reykjanesinu, eign Viðeyjarklausturs og gerð út þaðan."Minjasvæðið er um 200 m langt og 50 m breitt. Það snýr gróflega frá austri til vesturs. Á svæðinu er ein greinileg tóft (A), ein þúst (B), stutt garðlag (C) og vörslugarður (D). A: Ríflega 1 m hár hóll stendur rétt við fjöruna. Er hann nokkurn vegin hringlaga og um 10 m í þvermál. Hóllinn er gróinn afar háu melgresi. Efst á honum er mjög ógreinileg tóft. Hún er 6 x 7 m að stærð, einföld og snýr í norður-suður. Veggir eru mikið fallnir inn á við, um 2 m breiðir og 0,2 m háir. Þeir hafa líklega verið torf- og grjóthlaðnir þó aðeins sjáist í grjót á stöku stað nú. Á göflum eru veggir nánast horfnir, einkum sá nyrðri. Einnig er hugsanlegt að þeir hafi verið úr timbri. B: Norðan við tóftina er grasi gróinn hryggur sem liggur til austurs. Er hann 15 m langur, 3 m breiður og um 1 m á hæð. Hann liggur fast við fjöruborðið. 6 m austar er smá grjóthrúga ofan á lágum hól. Hrúgan er 2 x 3 m að stærð og snýr í norður-suður. Hún gæti verið leifar einhvers mannvirkis þó hún geti líka verið af náttúrunnar hendi. C: Fáum metrum þar suðaustur af er annar hóll, um 7 x 10 m að stærð og um 1,3 m hár. Utan í honum austanverðum er grjóthleðsla. Hún er fremur ógreinileg en líklega manngerð. Er hún um 7 m löng, 0,3 m breið og 0,2 m há. D: Vörslugarðurinn liggur landmegin við Borgarkot um 30 m frá tóftinni. Hann hefst í austri um 30 m fyrir vestan Borgarkot og um 20 m frá sjó og er um 200 m langur. Hann er víða afar siginn og sést þar aðeins sem rás í röðinni og glittir í stöku stein. Garðurinn er hins vegar greinilegastur í vestri. Þar er hann 0,4 m breiður og 0,3 m hár.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:JÁM III, 145; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12; http://www.ferlir.is/?s=brunnarogvatns&naid=1088

GK-151:028 *Kirkjubrú* hleðsla brú 64°00.870N 22°17.972V



Kirkjubrú 028, horft til norðausturs



Áletrun á steini í Kirkjubrú 028, horft til suðausturs

"Rétt ofan við götuna [Kirkjugötuna 641:017] lá grjótstétt þvert yfir Goðhólstún, kölluð Kirkjubrú," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Strönd og vogar segir enn fremur: "Fyrir sunnan eða vestan Kálfatjörn er farvegur, sem nefnist Rás. Þessi farvegur var alltaf þurr, nema í leysingum á vorin. Þá gat safnazt saman mikið vatn fram í heiði og fékk þá framrás um Rásina og gat þar orðið allmikill flaumur, jafnvel í mitti á mönnum. En yfir Rásina hefir verið hlaðin göngubrú úr grjóti, svo að menn gæti komizt þar yfir þurrum fótum." Kirkjubrú liggur nokkuð samsíða Kirkjugötu 641:017, 10-30 m suðaustan við hana, og liggur frá suðvestri til norðausturs. Brúin er um 55 m austnorðaustan við Hlið 026 og um 175 m suðvestan við bæ 001.

Brúin liggur yfir hraunmóa en suðvesturhluti brúarinnar liggur yfir holmóa. Er í jaðri golfvallar, suðvestan við Landagarð 022.

Brúin er úr grjóti sem hrúgað hefur verið yfir Rásina en ekki er um vandaða stétt að ræða. Grjótið í brúnni er meðalstórt og stórt hraungrýti. Brúin er um 2 m á breidd og um 32 m löng. Brúin er nokkuð sokkin og er mesta hæð hennar um 0,2-0,3 m. Steinninn með áletruninni er norðaustan við miðja brú. Steinninn er um 0,6 x 0,6 m að stærð, ferkantaður, og um 0,3 m á þykkt. Steinninn er flatur að ofan og mosavaxinn. Áletrunin er á suðurhlið steinsins, og þekur flöt sem er um 0,2 x 0,1 m, snýr norðaustur-suðvestur. Í bókinni Strönd og vogar er ártalið lesið 1706 og á heimasíðu Ferlis er það sagt vera 1790. Áletrunin er orðin mjög óskýr en ekki var hægt að sjá annað á vettvangi en ártalið 1700 og ekki sást í A° á undan því.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; Árni Óla: Strönd og vogar, 230-231;http://ferlir.is/?id=3314

GK-151:029 *Gerði* garðlag vörslugarður 64°00.835N 22°17.859V



Garðlag 029, horft til vesturs

"Rétt ofan við götuna lá grjótstétt þvert yfir Goðhólstún, kölluð Kirkjubrú [028]. Ofan hennar nefndist Gerði. Var það jöfnum höndum notað sem kúabeit," segir í örnefnaskrá. Garður liggur frá görðunum umhverfis Hlið 026 að horni Landagarðs og Heiðargarðs 022. Garður þessi hefur myndað gerði með fyrrnefndum görðum sunnan við Kirkjubrú 028 en óvíst er að það sé það Gerði sem nefnt er í örnefnaskrá. Þessi garður kann einnig að hafa verið hluti af Heiðargarði 022. Garðurinn er um 195 m suðvestan við bæ 001.


Garðurinn liggur um gróið hraun, skammt sunnan við golfvöll.

Garðurinn er ekki sýndur á túnakorti og virðist vera með yngri garðlögum á svæðinu. Í honum er víðast einföld hleðsla, mest 4 umför og um 1 m á hæð, um 0,5 m breiður. Garðurinn er um 120 m langur. Stærð gerðis sem garðurinn hefur afmarkað með öðrum aðliggjandi görðum er um 100 x 100 m og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8-9

GK-151:030 *Goðhóll* tóft+garðlag býli 64°00.922N 22°18.084V



Tóftir og aðrar minjar sem tilheyra býlinu Goðhól 030

"Svo sem 20 m neðar en brunnurinn [007] er Rásin, en þar er farvegur, er Goðhólsrás hefur grafið sér, en hún rennur að nokkru inn á Kálfatjarnartún. [...] Í beinu áframhaldi af túngarði Hátúns [GK-155:003] liggur Heiðargarðurinn [022] suður frá traðarhliði fyrir ofan Landamóa, en þegar nálgast suðausturhorn Kálfatjarnartúns sveigist hann meira til vesturs og heldur sömu stefnu fyrir ofan Goðhólstún (en Goðhóll nefnist býlið, er liggur sunnan Kálfatjarnartúns)



Tóft 030D, horft til suðurs



Kálgarður 030F, horft til norðausturs



Tóft 030G, horft til suðurs



Tóft 030H, horft til suðausturs

unz hann beygir þvert til sjávar. Hann afmarkar Goðhólstún. Við þennan garð innanvert, nánast í garðstæðinu, var býlið Hlið [026]; hafði það kálgarð og lítinn túnblett til suðurs upp með garðinum. [...] Nokkurt tún er í Goðhól. Goðhóll fór í eyði árið 1933. Þar mun síðast hafa verið búið í torfbaðstofu í Vatnsleysustrandarhreppi. Bærinn var skammt frá suðurtúngarði og eigi alllangt frá sjó. Beint niður undan bænum er uppsátrið, skiparéttin [031] og vörin [033] [...]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Ofan og sunnan Naustakots [GK-152:001] var býlið Goðhóll, sem stóð í Goðhólstúni, á suðurhlið túnsins var svokallaður Heimagarður og Vatnagarður eða Móinn," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Goðhóll var tómthús frá Kálfatjörn, en hafði grasnyt. [...] afleggst Goðhóll [...] árið 1935." Bæjarstæði Goðhóls er í suðvesturjaðri golfvallar skammt frá sjó, um 275 m vestan við Kálfatjarnarbæ 001.

Norðan við bæinn eru golfflatir og sunnan og vestan við hann eru lágar klappir og grösugir balar þar á milli. Nokkuð er um flagmóa austan við bæinn.

1919: Tún 1,4 teigar, garðar 660 m2. Minjasvæðið sem tilheyrir Goðhól er um 150 x 70 m og snýr norðvestur-suðaustur. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru á svæðinu bæjarhús a), brunnur b), þró c), útihús d), kálgarður e), kálgarður f), útihús g), útihús h), slóði i), slóði j), kálgarður k), útihús l), útihús m) og túngarður n). Bæjarhúsin a) eru mjög greinileg og vel uppi standandi. Þau standa sunnan í Goðhól, litlum bröttum og grónum hól og vestan í öðrum stærri klapparhól. Bæjartóftin er um 11 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Inngangur inn í tóftina er á miðri suðvesturhlið og eru þar tvö hólf, hvort til sinnar handar. Þau snúa eins og tóftin. Hólf II er í suðausturenda og er að innanmáli um 4 x 2 m. Hólf II er hinum megin við gang og er það um 3 x 2 m að innanmáli. Þröngar dyr eru inn í það úr suðaustri en ekki eru dyr inn í hólf II og hefur ef til vill verið þil þar sem hefur snúið inn að gangi. Gengið er því næst beint áfram ganginn til norðausturs í þriðja hólfið, líklega fjósið. Það er nokkuð niðurgrafið. Hólf III er um 8 x 3 m og snýr norðvestur-suðaustur. Opið er úr því til suðausturs en einnig til suðvesturs inn í ganginn. Hleðslur sjást í flestum veggjum. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 1,5 m og hægt er að sjá 6 umför. Fast vestan við hólf I er lítil þúst og hlaðinn kantur meðfram henni að hluta. Þústin er um 2 x 3 m, snýr norðvestur-suðaustur. Samkvæmt túnakorti var hús fast vestan við þústina, um 4 m suðaustan við útihús d). Á vettvangi sáust ekki ummerki um þetta hús. Þó eru einhverjar hleðsluleifar vestan í og við Goðhól sem kunna að hafa tilheyrt þessu húsi. Þær hleðsluleifar eru þó nokkrum metrum norðar en húsið á að hafa staðið. Samkvæmt túnakorti var brunnur b) um 5 m suðvestan við bæinn. Brunnurinn sést enn vel og er hann grjóthlaðinn, um 2 x 2 m að stærð og um 0,7 m djúpur. Grjóthleðslur hafa fallið inn í brunninn. Brunnurinn er gróinn í botninn og getur verið að fyllt hafi verið upp í hann að hluta. Samkvæmt túnakorti var þró c) um 10 m norðvestan við Goðhólsbæinn, við suðurhorn útihúss d). Þarna hefur líklega verið áburðarþró eða heygryfja. Þar sést greinileg gryfja sem er grjóthlaðin að innan. Hún er um 1 m djúp, 2 x 1,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Við suðurvegg

þróarinnar er lítil klöpp. Tóft af útihúsi d) er fast norðan við þró c) og um 4 m norðvestan við bæinn. Tóftin er einföld og grjóthlaðin, um 7 x 5 m að stærð. Mesta hleðsluhæð hennar er um 1,7 m og hún snýr norðvestur-suðaustur. Fast suðaustan við tóftina sést móta fyrir hleðslu, um 5 m langri, sem liggur norðvestur-suðaustur. Neðan við hleðsluna til vesturs er lítil brekka niður að þró c). Frá suðausturenda hleðslunnar tekur við klöpp sem myndar hálfhring í kringum þróna. Austan við bæinn er grjóthlaðinn kálgarður e), að mestu leyti hruninn. Garðurinn er um 26 x 12 m að stærð og snýr austur-vestur. Næst bænum liggur garðurinn utan í hólbrekku. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og veggir eru víða 1-1,2 m á breidd. Um 5-6 m norðan við þennan kálgarð er annar grjóthlaðinn kálgarður f) en mun greinilegri. Garðurinn er um 20 x 20 m að stærð, mesta hleðsluhæð um 0,5 m og veggir víða 1-1,5 m á þykkt. Á stöku stað sést í garðinum gaddavír og leifar af viðarstaurum. Hleðslur eru hrundar. Samkvæmt túnakorti var útihús h) um 40 m suður frá bænum. Þar sést enn til tóftar sem stendur fast upp við lítinn hól sem virðist hafa verið notaður sem hluti af suðausturgafli hússins. Tóftin er nokkuð hringlaga, um 2 x 2 m að innanmáli, opin til norðvesturs. Veggir tóftarinnar eru gerðir úr miklum grjótbjörgum sem liggja saman í röð. Lítil merki sjást um hleðslur ofan á þessum björgum. Viðarleifar eru innan í tóftinni. Tóftin er vel gróin, vaxin grasi og elftingu. Um 50 m norðan við Goðhólsbæ er tóft af útihúsi g) á miðri golfflöt. Hún er einföld og steinhlaðin. Tóftin er um 6,5 x 4 m, snýr norður-suður, mesta hleðsluhæð er um 1m. Op er inn í tóftina nyrst á vesturlangvegg og sennilega hefur verið gluggi á norðurgafli en þar er hlaðið op, um 0,6 m breitt. Nokkuð hátt er niður úr opinu til norðurs svo ólíklegt að þarna hafi verið aðrar dyr. Þó getur verið að hlaðið hafi verið upp í eldri dyr á gaflinum en gluggaop skilið eftir. Tóftin er grasi gróin en hún virðist vera slegin svo að hún sést öll mjög vel. Samkvæmt túnakorti er túngarður n) meðfram sjónum frá túngarði Kálfatjarnar (Landagarði 022), meðfram túni og húsum á Goðhóli að Hliði 026. Garðurinn sést fyrst í fjörukambinum skammt austan við merkta vör (Goðhólsvör 033) á túnakorti. Við fjörukambinn er lábarið grjót í garðinum en annarsstaðar hraungrýti. Garðurinn beygir til suðurs og heldur áfram suður að Hliði en er að mestu hruninn. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Samkvæmt túnakorti var tvískipt útihús m) um 20 m norðan við Hlið 026. Ekki sést til þess húss nú en mikil grjóthrúga er í túngarði m) fast norðan við rauðan bárujárnskofa sem er norðan við Hlið 026. Undir þeim kofa er mikið af grjóti og hefur það ef til vill verið tekið úr þessu húsi. Túngarðurinn er einnig rofinn á þessum stað. Um 5 m norðar var skv. túnakorti annað útihús l) fast við túngarðinn. Ekki sást til þess á vettvangi. Á þessum stað er golfvöllurinn komin alveg að túngarðinum og hefur tóftinni ef til vill verið rutt burt við framkvæmdir í tengslum við hana. Samkvæmt túnakorti er kálgarður k) áfastur túngarði, innan hans, um 40 m sunnan við Goðhólsbæ. Hann er grjóthlaðinn á klapparhólsbrún. Hleðslan er víðast niðurfallin en er um 1 m á hæð þar sem hún stendur og sjást 3 umför. Garðurinn liggur í hálfhring. Framhald virðist vera á norðurhlið garðsins til austurs en það er óljóst. Garðurinn er um 16 x 10 m og snýr norður-suður. Slóði i) er sýndur á túnakorti liggja frá bænum út fyrir túngarð til vesturs. Hlið er á túngarðinum þar sem gatan hefur legið en ekki sést til hennar. Tveir stórir steinar hafa verið hliðstólpar, annar þeirra er farinn á hliðina. Einnig sést slóði j) liggja frá bænum niður að ströndinni að vör. Ekki sást til hans á vettvangi. Utan túngarðs en áfastur honum er garður og í honum voru túnblettir og kálgarðar skv. túnakorti. Garðurinn er grjóthlaðinn en hleðslur eru að mestu hrundar. Garðurinn er um 33 x 16 m að innanmáli, snýr norður-suður. Þegar túnakortið var gert árið 1919 var þetta svæði notað frá Norðurkoti GK-150 og tilheyrir þeirri jörð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 3, 8, 9; Ö-Kálfatjörn, 9; GJ: Mannlíf og mannvirki, 321, 322; Túnakort 1919


GK-151:031 tóftir naust 64°00.967N 22°18.148V



Tóft 031D, horft til suðvesturs



Innskot 031A, horft til norðurs



Tóftir 031


"Nokkurt tún er í Goðhól. Goðhóll fór í eyði árið 1933 [sjá 030]. Þar mun síðast hafa verið búið í torfbaðstofu í Vatnsleysustrandarhreppi. Bærinn var skammt frá suðurtúngarði og eigi alllangt frá sjó. Beint niður undan bænum er uppsátrið, skiparéttin og vörin [033] [...]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Í örnefnaskrá Norðurkots segir: "Þarna við vörina [Norðurkotsvör] eru skiparéttir og fiskibyrgi, þar á meðal stæðileg flór, mjög vel hlaðin úr lögðu grjóti, lögð í sement. Það var fiskibyrgi." Undir þessu númeri eru skráðar minjar sem sést til á sjávarkambinum norðvestan við Goðhólstún. Á túnakorti eru nokkur mannvirki sýnd þar saman. Talið frá norðaustri til suðvesturs er á túnakorti: tákn fyrir spil þar sem er hlykkur á túngarði 030n, þá er veggur sem liggur til sjávar í norðvestur og loks er þar hús. Frá þessum minjum liggur slóði heim að Goðhól 030. Þessi teikning kemur nokkuð heim og saman við þær minjar sem sjást enn á vettvangi en spilið er ekki lengur sýnilegt. Minjarnar eru um 100 m norðvestan við Goðhól 030a, um 30 m suðaustan við Goðhólsvör 033 og um 330 m norðvestan við bæ 001.

Sjávarkambur, grýttur og allhár. Golfflöt er rétt sunnan og suðaustan við minjarnar.

"Stundum voru naustin notuð sem skiparéttir. Þær stóðu þó oft hærra yfir sjávarmál. Var lögun þeirra svipuð og naustanna. Upphaflega hafa þær líklega verið hlaðnar á þrjá vegu þótt á seinni tíð hafi þær verið allavega. Í skiparéttunum var bátunum hvolft yfir veturinn," segir í örnefnaskrá Norðurkots. Minjasvæðið er um 16 x 12 m og snýr norðaustur-suðvestur. Það er fast norðvestan við túngarð 030n. Einstök mannvirki innan þess fá bókstafi til aðgreiningar. Norðaustast á svæðinu er innskot A á túngarðinum sem er um 2 x 7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestan við innskotið er allsléttur flötur í sömu hæð og túngarðurinn og hefur spil staðið þar samkvæmt túnakorti en ekki sést til þess lengur. Nokkuð er þó um spýtnabrak suðvestast á fletinum. Þar suðvestan við er svo hlaðinn veggur B þvert á sjávarkambinn. Hann er um 6 m langur og 1 m á breidd, snýr norðvestur-suðaustur. Um 2 m vestan við vegginn er óljóst garðlag C sem liggur norðvestur-suðaustur, frá túngarði í átt að Goðhól. Það er um 6 m langt og um 1 m á breidd, grjóthlaðið en suðausturendinn er undir sverði. Garðlagið endar við golfvöll. Samband þessa garðlags við aðrar minjar á sjávarkambinum er óljóst en það er á svipuðum stað og slóðin heim að Goðhól og kann að vera leifar hennar. 2 m suðvestan við garðlagið er grjóthlaðin tóft D og er veggjahleðslum haldið saman með sementslími. Tóftin er einföld, 5 x 3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, og standa veggir að nokkru enn, mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóftin er opin til norðvesturs. Viðar- og járnaleifar sjást í og við tóftina. Að öllum líkindum er síðastnefnda tóftin fiskibyrgi sem talað er um í örnefnaskrá Norðurkots og við hliðina á henni hefur þá líklega verið skiparéttin en á milli tóftar og veggjar B er svæði sem er um 5x6 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Túngarðurinn myndar suðausturhliðina en ekki er hlaðið fyrir norðvesturhliðina.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9; Ö-Norðurkot KF, 2.



Tóft 032

GK-151:032 *Bakkastekkur* tóft stekkur

64°01.074N 22°16.759V

"Beint upp af Nausthólsvík miðja vegu milli Langahryggjar og þjóðvegarins gamla, eru stórir klapparhólar. Þar milli hóla, í graslaut, er Bakkastekkur," segir í örnefnaskrá. Bakkastekkur er um 590 m austur af Bakka GK-156:003, um 720 m norðaustur af Gamla-Bakka GK-156:001 og um 850 m norðaustan við Kálfatjarnarbæ 001.

Stekkurinn er í grasi gróinni laut milli hraunhóla og er lautin opin til norðvesturs. Úr henni sést að Gamla-Bakka og Litlabæ GK-156:023. Smáþýft er í lautinni.



Bakkastekkur 032, horft til SSA

Stekkurinn er ógreinilegur í norðurjaðri lautarinnar í dálitlum halla mót suðri. Stekkurinn er grjóthlaðinn, um 5 x 3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Í suðurendanum er lítið hólf, um 1 x 2 m að innanmáli, snýr VSV-ANA. í norðurendanum er óljós grjótþúst, um 1,5 x 1,5 m að stærð. Ekki er útilokað að þar hafi verið hólf og svo eitt á milli þeirra en einnig er mögulegt að hólfin hafi verið ótengd því langveggir eru ekki skýrir. Mesta hleðsluhæð er um 0,2 m. Fast suðsuðvestan við tóftina virðist vera ógreinilegur veggur, um 3 m á lengd, snýr austur-vestur. Hann er mjög ógreinilegur og kann að vera hluti af þýfinu í lautinni en stendur þó hærra og harðara er undir gróðri þarna en annarsstaðar.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 13

GK-151:033 *Goðhólsvör* mannvirki lending 64°00.973N 22°18.177V



Goðhólsvör 033, horft til norðvesturs

"Nokkurt tún er í Goðhól [030]. Goðhóll fór í eyði árið 1933. Þar mun síðast hafa verið búið í torfbaðstofu í Vatnsleysustrandarhreppi. Bærinn var skammt frá suðurtúngarði og eigi alllangt frá sjó. Beint niður undan bænum er uppsátrið, skiparéttin [031] og vörin [...]," segir í örnefnaskrá. "Kálfatjarnarsund var einnig notað af þeim, er reru úr Goðhólsvör og Krókavörum [sjá 149:064 og 149:065]." Lendingin er um 20 m norðvestur af tóftum 031 á sjávarkambinum, um 120 m norðvestan við Goðhól 030 og um 355 m norðvestan við bæ 001.
Vörin er á milli stórs skers til austurs og stórgrýtis til vesturs. Grýtt fjara er sunnan við vörina upp á sjávarkambinn.
Vörin virðist hafa verið rudd, hún er um 5 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9, 5

GK-151:034 *Nausthóll* heimild um verbúð 64°01.388N 22°17.062V

"Frá Gamla-Bakkarústum [GK-156:001] sveigist ströndin miklu meira til austurs en áður inn að garðsendaklöpp. Innan (norðan) við klöppina skerst inn lítil vík, Nausthólsvík. Norðan hennar og gegnt Garðsendaklöpp er stór og hár hóll, en Nausthóll heitir, nú laus við land. Sagt er, að hér hafi fyrr meir verið verstöð frá Krýsuvík og jafnvel Skálholti, en engan sér þess nú staðinn," segir í örnefnaskrá. Nausthóll er um 200 m norðaustur af Bakkakrók GK-156:021 og um 1 km norðaustan við bæ 001.
Stórgrýtt fjara. Víða ganga klappir fram í sjó og mynda víkur sín á milli.
Nausthóll er klettur og hefur líklega áður fyrr verið gróinn grasi en er nú nánast gróðurlaus. Þegar fjarar út er manngengt þangað. Engin ummerki mannvirkis eru þar sýnileg.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 11

GK-151:035 *Litli-Nausthóll* örnefni naust 64°01.410N 22°16.970V

"Örskammt innan við Nausthól [034] (60-80 m) eru sléttar klappir á kampi og grónir balar. Þarna heitir Litli-Nausthóll; upp frá honum um 100 m, eru fjárhústóftir, Helgahús [036], nefnd eftir þeim er lét reisa þau, Helga kenndan við Tungu í Reykjavík. Þau voru reist um 1920," segir í örnefnaskrá. Litli-Nausthóll er um 240 m norðaustur af Bakkakrók GK-156:021 og 1,1 km norðaustan við bæ 001.
Stórgrýtt fjara. Víða ganga klappir fram í sjó og mynda víkur sín á milli.
Engin ummerki mannvirkis eru sýnileg á Litla-Nausthól, hvorki í fjörunni né grasbalanum sem er á honum. Hins vegar er þar fremur grýtt og liggja netadræsur víða.


Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 11

GK-151:036 *Helgahús* tóft beitarhús 64°01.366N 22°16.871V



Tóft 036, horft til austurs


"Örskammt innan við Nausthól [034] (60-80 m) eru sléttar klappir á kampi og grónir balar. Þarna heitir Litli-Nausthóll; upp frá honum um 100 m, eru fjárhústóftir, Helgahús, nefnd eftir þeim er lét reisa þau, Helga kenndan við Tungu í Reykjavík. Þau voru reist um 1920," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að húsið hafi verið reist a.m.k. 3-4 árum fyrr. Helgahús er 280 m austur af Bakkakrók GK-156:021 og 1,1 km norðaustan við bæ 001.
Grasi gróinn melur sem hraunklappir standa upp úr. Stórgrýtt fjara ásamt klettabeltum niður (norður) af tóftinni.
Tvískipt grjóthlaðin tóft, 14 x 10 m að stærð. Snýr hún í norðvestur-suðaustur. Breidd útveggja á langhliðum er 1,5 m en innveggurinn sem skiptir tóftinni í tvö hólf er um 1 m að breidd. Tóftin er byggð upp að kletti í suðaustri og er hann notaður sem gafl í öðru hólfinu. Hæð veggjanna er víðast hvar 0,5 m en hæst er skammhliðin sem snýr til suðausturs, 1,5 m há. Norðvesturgafl hefur líklega verið úr timbri eða öðru léttu efni þar sem hleðslur eru mun lægri þar og í vestari hólfinu hulin grasi. Vestara hólfið er 9 x 2,2 m að innanmáli en hið austara er styttra og breiðara, 7 x 4 m að stærð. Suðaustan við það, upp að klettunum gæti hafa verið annað hólf eða rétt. Engin grjóthleðsla er sýnileg í framhaldi af langvegg austara hólfsins en landið þar er aðeins hærra og virðist afmarka svæði milli klettanna og tóftarinnar. Er það u.þ.b. 5 x 6 m að stærð. 2 m austur af meintu hólfi eða rétt er 5 m löng grjóthleðsla. Hún stendur á klettabrún og er um 1,2 m há. Gæti hún hafa verið hluti af rétt eða einhvers konar aðhaldi. Suðvestan við vestara hólfið er einnig afmarkað svæði, 20 x 3 m að stærð, sem gæti hafa verið nýtt við skepnuhald. Afmarkast það af nokkuð brattri hæð í landslaginu, tóftarvegg og grjóthlöðnu garðlagi, 6 m löngu, sem liggur til norðvesturs frá horni tóftarinnar. Er það aðeins einföld röð steina, 0,2 m hátt, 0,3 m breitt og líklega fremur rofið.



Tóft 036

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 11; Ö-Kálfatjarnarhverfi aths. og viðb., 2

GK-151:037 *Réttir* hleðsla rétt 64°01.539N 22°16.745V



Hleðsla 037

"Nokkru sunnar með sjónum [en Kálfatjarnarvatnsstæði] eru Réttir, dálítið nef allgróið. Efst á því eru tveir hólar, litlir um sig, en algrónir, Réttarhólar. Fram af Réttum eru Réttartangar og Réttarhnífill þar fram af. Líklega telur Ólafur, að réttir hafði áður verið á Réttartanga," segir í örnefnaskrá.



Hleðsla 037, horft til NNV

Réttartangar eru 400 m norðaustur af Nausthól 034 og 1,4 km norðaustan við bæ 001.
Grasi gróinn tangi, neðan (norðan) hans er stórgrýtt fjara. Gróið hraun er upp (suður) af tanganum.
Yst á Réttartanga er dæld, 20 x 10 m að stærð. Snýr hún norðaustur-suðvestur. Meðfram langhlið hennar er óljós þúst, líklega leifar

hleðslu. Er hún 1,2 m breið og 0,3 m há og grasi gróin svo erfitt er að átta sig á hvort grjót leynist undir því. Bratt er niður í fjöruna af tanganum og myndar því fjörubakkinn aðra langhliðina og skammhlið. Engin merki eru um hleðslur á skammhliðinni sem snýr frá sjó. Innan og utan réttar vex gras.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 11

GK-151:038 *Vatnssteinar* heimild um vatnsból 64°01.527N 22°16.689V


Vatnssteinar 038, horft til norðurs

"Ofan við Breiðufit [inn með sjónum frá rétt 037] miðja eru 2 hólar allstórir hver upp af öðrum og grónir nokkuð upp. Norðan undir þeim, sem nær er bakkanum, er lítið vatnsstæði, það heitir Vatnssteinar," segir í örnefnaskrá. Vatnssteinar eru um 400 m norðaustan við Nausthól 034, 310 m norðaustur af Litla-Nausthól 035 og um 1,4 km norðaustur af bæ 001. Ekki er ljóst hvort fólk sótti vatn í vatnsbólið og þá hvaðan það var sótt eða hvort skepnum hafi verið brynnt þar.
Grasi gróið nef sem gengur út í stórgrýtta fjöru. Ofan við það er mosagróið hraun.
Líklegt er að hólarnir tveir sem nefndir eru í örnefnaskrá séu Réttarhólar. Um 50 m norður af þeim nyrðri og 10 m frá fjörunni er stórgrýtt dæld. Hún er 3 x 1,5 m að stærð og 0,3 m djúp. Hugsanlega eru Vatnssteinar þar. Nú er dældin þó þurr og grasi gróin. Stór trjádrumbur liggur ofan í henni.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12



Hleðsla 039, horft til vesturs

GK-151:039 *Skothús* hleðsla skotbyrgi
64°01.537N 22°16.717V
"Ofan við Breiðufit [inn með sjónum frá rétt 037] miðja eru 2 hólar allstórir hver upp af öðrum og grónir nokkuð upp. Norðan undir þeim, sem nær er bakkanum, er lítið vatnsstæði, það heitir Vatnssteinar [038]. U.þ.b. 30 m norðvestur af Vatnssteinum sést smá rúst. Þar heitir Skothús. Veggir þess stóðu vel fyrst þegar Ólafur [Erlendsson, fæddur 23. október 1916] man eftir. Í Skothúsinu var legið bæði fyrir tófu og sjófugli. Skothúsið hefur líklega verið byggt um miðja 19. öld," segir í örnefnaskrá. Það er um 30 m norðvestan við Vatnssteina 038 og um 1,4 km norðaustan við bæ 001.
Skothús er á grónum tanga. Fjaran er fremur stórgrýtt en innar tekur mosagróið hraun við.
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir að skothúsið hafi verið eins og skotgryfja, ílöng að lögun. Grjóthleðsla er enn greinileg á tanganum. Hún er 5 m löng, 0,5 m breið og 0,2 m há. Snýr hún austur-vestur. Gæti hún verið leifar skothússins. Engar aðrar hleðslur eru sýnilegar nema rétt 037 um 15 m vestan við.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12; Ö-Kálfatjarnarhverfi aths. og viðb., 2

GK-151:040 *Skjólgarður* hleðsla varnargarður
64°01.701N 22°16.115V
"Rétt norðan við túnið í Borgarkoti [027], á bakkanum, er hlaðinn garður í kross, nefndur Skjólgarður. Þessir garðar voru hlaðnir svona til þess að fé hefði þar skjól í öllum veðrum, hvaðan sem blés. Þarna eru og gerði eða réttir. Allar þessar hleðslur eru mjög ósjálegar, sumar sokknar í jörðu að mestu, aðrar sundurtættar af minkaveiðimönnum," segir í örnefnaskrá. Skjólgarður er um 2 km norðaustur af bæ 001 og 120 m austur af Borgarkoti 027.



Hleðsla 040, horft til NNV

Garðurinn stendur í þýfðu og grýttu túni. Upp af því tekur við gróið hraun. Fjaran er fremur stórgrýtt og prýdd klettabeltum.
Skjólgarður er grjóthlaðinn í kross. Snýr hann u.þ.b. í höfuðáttirnar. Upphaflega hefur garðurinn verið um 16 m í þvermál en sjórinn hefur brotið af honum í norðri, a.m.k. 4 m. Veggir eru því næst sem hrundir og nú aðeins 0,3 m háir. Eru þeir 2 m breiðir en hafa líklega verið mjórri þegar þeir stóðu enn. Nokkurt spýtnabrak er á hleðslunni og vex gras í kringum hana. Sjálf er hún gróin mosa að hluta.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12



Hleðsla 040

GK-151:041 hleðsla rétt
4°01.706N 22°16.070V



Hleðsla 041

"Rétt norðan við túnið í Borgarkoti [027], á bakkanum, er hlaðinn garður í kross, nefndur Skjólgarður [040]. .... Þarna eru og gerði eða réttir. Allar þessar hleðslur eru mjög ósjálegar, sumar sokknar í jörðu að mestu, aðrar sundurtættar af minkaveiðimönnum," segir í örnefnaskrá. Réttin er 15 m austur af Skjólgarði 040, 130 m austur af Borgarkoti 027 og um 2 km norðaustur af bæ 001.
Réttin er í þýfðu og grýttu túni. Upp af því tekur við gróið hraun. Fjaran er fremur stórgrýtt og prýdd klettabeltum.
Réttin er einföld og grjóthlaðin, 12 x 25 m stór og snýr í austur-vestur. Austasti hluti vörslugarðsins sem tilheyrir Borgarkoti 027 myndar vestari skammhlið réttarinnar. Nyrðri skammhlið er aðeins grjótruðningur á sjávarkambinum. Hleðslur eru afar jarðsokknar, hæð þeirra er aðeins 0,1 m og hæð þeirra 0,4 m. Innan og utan réttar er gróið og fremur þýft. Ekki sést hvar op hefur verið á réttinni.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12

GK-151:042 *Borgarkotsvör* heimild um lendingu 64°01.708N 22°16.078V
"Norðan við Skjólgarðinn [040] mun Borgarkotsvör hafa verið. Þess sér nú lítil merki," segir í örnefnaskrá. Vörin hefur líklega verið um 2 km norðaustan við bæ 001.
Fjaran er stórgrýtt. Þýft og grýtt tún er ofan hennar.
Engin merki eru um manngerða lendingu eða nokkrar hleðslur. Hins vegar eru hrauntangar sem skaga út í sjó og mynda ágætis náttúrulegar aðstæður fyrir lendingu. Ómögulegt er þó að segja hvar hún hefur verið nákvæmlega. Tangi beint norður af Skjólgarði 040 er þó líklegur staður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12

GK-151:043 *Þjófabyrgi* heimild um 64°01.810N 22°15.737V
"Frá Borgarkoti [027] inn að Neskletti er nokkur spölur. Þar heitir Keilisnes. [...] Þar á bakkanum, miðsvæðis, er hringlaga tóft um 4 m í þvermál. Í hana er hlaðinn þverveggur. Kallast hún þjófabyrgi. Því hefur nú verið umturnað af minkaveiðimönnum," segir í örnefnaskrá. Byrgið hefur líklega verið um 10 m norðan við refagildru 066 og um 2,4 km frá bæ 001.
Þýft og grýtt graslendi næst stórgrýttri fjörunni. Hraunklappir ganga út í sjó.
Í fjörunni er afar mikið stórgrýti sem nær allt upp á graslendið. Engin ummerki tóftarinnar eru sýnileg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 12-13

GK-151:044 *Stefánsvarða* varða samgöngubót 64°01.063N 22°15.798V
"Í austur frá Bakkastekk [032] dregur til hæðarbungu. Hún kallast Hæðin. Þar á há-Hæðinni stendur Stefánsvarða,

rétt við þjóðveginn. Hún var rifin af vegagerðarmönnum á stríðsárunum síðari en var byggð upp um 1970. Það gerði Jón Helgason frá Litlabæ [GK-156:023] og Magnús sonur hans. Settu þeir og nafnspjald á vörðuna," segir í örnefnaskrá. Varðan er skammt norðan við aðalveginn og sést vel af honum. Hún er um 15 m norðan við leið GK-645:015 og um 1,6 km ANA af Kálfatjörn 001.



Stefánsvarða 044, horft til norðausturs


Varðan stendur á flatri og sléttri klapparhellu. Umhverfis vörðuna er klappir og klapparhólar. Milli klappa eru grýttir melar, mosagrónir að hluta.

Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir að varðan hafi verið hlaðin endurhlaðin um 1950. Varðan er vandlega hlaðin úr hraungrýti. Hún er köntuð og mjókkar lítillega upp. Varðan er um 1 x 1 m að grunnfleti og er um 1,8 m á hæð. Hrunið hefur lítillega úr vörðunni efst en 8 umför eru í hleðslunni. Grjótið er af öllum stærðum en stærst neðst og minnkar eftir því sem ofar dregur. Grjótið virðist vera tilhöggvið. Ekki er vitað hvenær varðan var hlaðin upphaflega en líkur eru á því að hún hafi átt að varða leið GK-
645:015.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 13; Ö-Kálfatjarnarhverfi aths. og viðb., 2

GK-151:045 *Borgarkotsstekkur* tóft stekkur 64°01.182N 22°15.771V



Tóft 045


"Tveir hólar skammt fyrir neðan vörðuna [Stefánsvörðu 044], annar til vesturs hinn til norðurs, kallast Stefánsvörðuhólar. Norðan undir þeim nyrðri (hann kallast einnig Stekkhóll) er Borgarkotsstekkur," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er dálítinn spöl norðvestan við Stekkhól, um 220 m norður af Stefánsvörðu 044, um 1 km suðaustur frá Borgarkoti 027 og um 1,7 km norðaustan við Kálfatjörn 001.

Stekkurinn er í dálítilli grasi vaxinni laut. Aflíðandi brekka er upp úr lautinni til suðurs en grónir hraunhólar mynda kraga í kringum lautina alla. Þó er op á honum til norðausturs.

Stekkurinn er grjóthlaðinn, tvískiptur og snýr norður-suður. Tóftin er um 6 x 3 m og mesta hleðsluhæð er um 0,4 m. Í syðri enda er lítið hólf, um 1 x 1 m að innanmáli og í nyrðri enda er lítið gerði, að því er virðist, þar eru veggir mun ógreinilegri og efnisminni. Það er um 2 x 2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op sést í norðvesturhorni gerðisins. Tóftin er allvel gróin, aðallega grasi og elftingu en víða sést í grjót.



Borgarkotsstekkur 045, horft til suðurs



Tóft 046

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 13

GK-151:046 *Heimristekkur* tóft stekkur 64°00.807N 22°16.638V

"Til suðurs frá Stefánsvörðu [044] og nokkuð frá veginum er allhár hóll og brattur til norðurs. Hann heitir Grjóthóll.Til suðvesturs frá Grjóthól og nær veginum er Heimristekkur, vestan undir Heimri-Stekkhól. Heimristekkur er um

200 m til austurs frá steinkofa þeim, sem stendur við veginn heim að Bakka [GK-156:003]," segir í örnefnaskrá. "Nú förum við aftur niður á Strandarveg fyrir neðan Hæðina, innan og austan við afleggjarann að Bakka og Litlabæ [GK-156:023] (u.þ.b. 200 m) er Heimristekkur austan undir Heimristekkhól," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Heimristekkur er sunnan undir sprungnum hraunhelluhól, um 780 m norðvestur af Staðarstekk 048 og um 930 m austur af Kálfatjörn 001.



Heimristekkur 046, horft til suðurs

Um 200 m sunnan við aðalveginn er hár hóll með hundaþúfu efst og suðsuðaustan við hann er ívið minni hóll, krosssprunginn hraunhelluhóll. Stekkurinn er sunnan undir honum á grasi grónum bletti í mosavöxnu hrauninu.
Tóftin er mjög gróin en á stöku stað sést í grjóthleðslur. Tóftin er tvískipt, um 7 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Austara hólfið er um 1 x 1 m að innanmáli og það vestara er um 2 x 3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Op er á tóftinni í suðvesturhorni og í gengt er í minna hólfið um stuttan gang úr stærra hólfinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 38

GK-151:047 varða samgöngubót 64°01.055N 22°16.770V




Varða 047, horft til norðausturs

Vörðubrot er um 30 m suðvestur frá Bakkastekk 032 og um 835 m norðaustur af Kálfatjörn 001.
Varðan stendur á allháum hraunhelluhól. Frá hólnum sést vel heim að Bakka, gamla- GK-156:001og nýja GK-156:003, og hefur eflaust vísað á Bakkastekk. Hóllinn er mosa og lyngi vaxinn. Umhverfis hann eru fleiri hraunhólar og grónir blettir að mestu á milli þeirra.
Varðan er niðurfallin. Hún er um 0,5 m í þvermál og um 0,3 m á hæð. Grjótið í henni er meðalstórt og smátt og er skófum vaxið. Varðan er nokkuð gróin neðst. 2 umför sjást.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 14

GK-151:048 *Staðarstekkur* hleðsla stekkur 64°00.601N 22°15.806V



Staðarstekkur 048, horft til austurs




Hleðsla 048

"Spottakorn upp af Heimristekk [046] er Staðarstekkur," segir í örnefnaskrá. Staðarstekkur er um 320 m norður af Staðarborg 049 og um 1,7 km suðaustur af Kálfatjörn 001.
Stekkurinn er í stórri sprungu nyrst á hraunhelluhól. Einnig er sprunga á hólnum vestanverðum en hún er grynnri. Hóllinn er allstór en lágur og flatur. Allt í kringum hann er grasi vaxið en jarðvegseyðing víða komin nærri honum.
Heildarstærð stekkjarins er um 22 x 3 m. Sprungan sem stekkurinn er í liggur austur-vestur og er víðast um 1,5 m á breidd og hafa öll hólfin þá breidd nema hólf D. Suðurveggur sprungunnar er hærri en sá nyrðri og beinni. Hæstur er

hann um 1,8 m. Norðurveggurinn hallar út til norðurs og er hæstur um 1,4 m. Sprungunni virðist skipt í 5 hólf; A-E. Hólf A er í austurenda, um 6 m langt. Þá er lá hleðsla, um 1 m á breidd sem skiptir milli hólfs A og B. Skarð er í norðurvegg sprungunnar í miðju hólfi A og hefur verið hlaðið upp í það en hleðslan nú fallin inn í hólfið. Hólf B er 3 m langt. Þá er nokkuð greinileg en lá hleðsla úr stóru grjóti sem er hrunin. Hún er um 1 m á breidd og skilur á milli hólfa B og C en hólf C er lítið, um 1,5 x 1 m, snýr norður-suður. Þá kemur voldugur og grasi gróinn veggur milli sprunguveggja sem nær upp á brúnir þeirra, er um 1 m á hæð. Hann er um 2 m á breidd. Vestan við hann grynnist sprungan og hleðslur eru ógreinilegri. Hólf D er 3 x 3 m að innanmáli. Stórt grjót skilur að hólf D og E og nær yfir sprunguna. Hólf E er um 3 m á lengd og þar hefur mikið af stóru grjóti hrunið úr suðurvegg gjárinnar og ofan í sprunguna. Almennt fer lítið fyrir hleðslum sem eru þvert á sprunguna því hún er mjög grasi vaxin og hleðslur eru flestar lágar. Sumstaðar sést í grjót.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 14

GK-151:049 *Staðarborg* tóft fjárskýli 64°00.436N 22°15.905V




Tóft 049


Staðarborg 049, horft til austurs

"Spottakorn upp af Heimristekk [046] er Staðarstekkur [048]. Litlu ofar og sunnar er Staðarborg, fjárborg hringlaga, mjög vel hlaðin, - er friðlýstar minjar," segir í örnefnaskrá. Friðlýsingin var gerð ógild árið 1990 samkvæmt Skrá um friðlýstar minjar. Staðarborg er um 300 m suðvestur frá tóft 050 á Þorsteinsskála og um 1,8 km suðaustur frá Kálfatjörn 001.
Borgin stendur suðaustast á sléttum hraunhelluhrygg, ekki mjög háum. Innan og utan borgarinnar er grasi vaxið en að öðru leyti er hryggurinn að mestu gróðurlaus.
"Ólafur heyrði þá sögu um Staðarborg, að presturinn á Kálfatjörn hafi látið fjármann sinn hlaða hana, er hann stóð yfir fé. [...] Á borginni voru áður lágar dyr svo að stórgripir kæmust ekki inn í hana. Upp úr 1920 lenti trippi inn í borgina og til að ná því var rifið fyrir ofan dyrnar og eru þær nú heilar upp úr," segir í örnefnaskrá. "Borgin er hringlaga, um 8 m í þvermál að innan og vegghæðin er um 2 m," segir í Örnefnum og gönguleiðum. "Þetta er mikið mannvirki og ber þess glöggt vitni, að þar hefir handlaginn maður verið að verki. Borgin er hringlaga og er hlaðin úr grjóti einu, valdir hleðslusteinar bæði í ytri og innri hleðslu, en fyllt upp á milli með smágrjóti. Vegghæð er um 2 metrar og veggþykktin neðst um 1 1/2 metri, en 1 metri efst. Þvermál borgarinnar að innan er um 8 metrar, ummál hringsins að innan 23 metrar, en 35 metrar að utan. Efst slútir hleðslan að innan nokkuð, líkt og hleðslumeistarinn hafi hugsað sér að hlaða borgina upp í topp, eins og hinar smærri fjárborgir, sem voru víða um land," segir í Strönd og vogum. Á heimasíðu Ferlis segir: "Gengið var að Staðarborg á Strandarheiði. Lagt var upp frá Prestsvörðu sunnan Strandarvegar skammt austan afleggjarans að Kálfatjörn. Ofar eru svonefndar Klifflatir. Vörður eru á leiðinni svo auðvelt er að nálgast borgina. Staðarstekkur er í lágum hól skammt norðan við hana.
Strandarborg er hringlaga fjárborg, hlaðin eingöngu úr grjóti og er hverjum steini hagrætt í hleðslunni af hinni mestu snilld. Vegghæðin er um 2 m og þvermál að innan um 8 m. Ummál hringsins að utanverðu er um 35 m. Gólfið inni í borginni er bæði slétt og gróið. Ekki er vitað hvenær borgin var hlaðin upphaflega, en menn telja hana nokkur hundruð ára gamla. Munnmæli herma að maður að nafni Guðmundur hafi hlaðið borgina fyrir Kálfatjarnarprest. Guðmundur vandaði vel til verka, safnaði grjóti saman úr nágrenninu, bar það saman í raðir og gat einnig valið þá

hleðslusteina sem saman áttu. Ætlun hans var að hlaða borgina í topp. En er hann var nýbyrjaður að draga veggina saman að ofanverðu kom húsbóndi hans í heimsókn. Sá hann þá strax í hendi sér að fullhlaðin yrði borgin hærri en kirkjuturninn á Kálfatjarnarkirkju og tilkomumeiri í alla staði. Reiddist hann Guðmundi og lagði brátt bann við fyrirætlan hans. En þá fauk í Guðmund svo hann hljóp frá verkinu eins og það var og hefur ekki verið hreyft við borginni síðan. Staðarborg var friðlýst sem forminjar árið 1951. [...] Sagan segir að fyrrum hafi þversteinn verið efst í inngangi borgarinnar. Kálfur hafi komst inn í hana og hafi honum ekki verið komið út aftur án þess að fjarlægja hafi þurft steininn fyrst. Hann liggur nú undir veggnum gegnt dyrunum. Leitað var að hugsanlegum ártalssteini í borginni, en enginn fannst að þessu sinni." Borgin er vandlega hlaðin úr meðalstóru grjóti að mestu leyti að stórt grjót er í dyrum. Hún er hringlaga, um 6 m að innanmáli í þvermál. Veggir eru um 1,3 m á þykkt (neðst í dyrum) og þynnast lítið er ofar dregur. Utanmál borgarinnar er þá um 8,5 m. Hæð veggja er um 2 m. Dyr eru á borginni til vesturs, þær eru um 0,5 m á breidd og jafnháar veggjum en eins og kemur fram í texta hefur verið rifið upp úr dyrunum. Borgin er mjög heilleg og lítið sem ekkert virðist hafa hrunið úr henni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 14-15; Fornleifaskrá, 18; SG: Örnefni og gönguleiðir, 37; Árni Óla: Strönd og vogar, 199-200; http://ferlir.is/?id=3928

GK-151:050 *Þorsteinsskáli* tóft óþekkt 64°00.513N 22°15.566V



Tóft 050


Þorsteinsskáli 050, horft til suðurs

"Skammt norður af borginni [049] er mikil hæð, sem kallast Þorsteinsskáli. Smá tóftarbrot er á henni," segir í örnefnaskrá. Tóftarbrotið er efst á suðaustanverðri hæðinni, um 1 km suður af Stefánsvörðu 044 og um 1,9 km suðaustur af Kálfatjörn 001.
Hæðin Þorsteinsskáli stendur hvað hæst upp úr umhverfinu og þaðan sést mjög víða. Hæðin er mjög grýtt og á henni sprungnar hraunhellur. Hún er ekki mjög gróin en víða er mosi. Um 5 m norðvestan við tóftabrotið er grasi gróinn hraunhelluhóll og hundaþúfa á honum efst.
Tóftarbrotið er steinhlaðið. Það er um 2 x 2 m að stærð, snýr norður-suður. aðeins sjást suður- og vesturveggir og örlítið af austurvegg. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m í suðurvegg og er þar tvöföld hleðsla, 4 umför. Frá tóftinni hallar landið til norðurs. Ekki er ólíklegt að tóftin hafi verið skotbyrgi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 15;

GK-151:051 *Marteinsskáli* varða óþekkt
64°00.146N 22°15.139V
"Suðaustur frá Þorsteinsskála [050], ekki alllangt frá steypta veginum, er vörðubrot á hól; þar heitir Marteinsskáli," segir í örnefnaskrá. Vörðubrotið á Marteinsskála sést vel. Það er 600-700 m frá Þorsteinsskála og um 1 km m vestan við Stærri-Hrafnhól. Það er 200-300 m norðan við Reykjanesbraut.
Varðan stendur á lágri klöpp. Umhverfis skiptast á lágar klappir, grýtt moldarflög og mosa- og lynggróður.
Varðan er hálfhrunin. Hún er ferhyrnd og 0,75 m á hvern veg og um 0,6 m á hæð. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 15;

GK-151:052 hleðsla brú
64°00.971N 22°17.905V


Hleðsla 052, horft til norðausturs

Á heimasíðu Ferlis segir: "Við hana [hlöðuna 004] er mjög hagalega hlaðinn djúpur brunnur [007] sem talinn er vera með elstu brunnum á ströndinni. Skammt fyrir neðan brunninn lá rásin sem alltaf var full af vatni en tæmst hefur á síðustu árum. Yfir hana sést greinilega steinhleðsla frá fornri tíð. Rásin kom ofan úr heiði og tók oft í sundur veginn eftir að hann kom og bar þá með sér möl sem enn má sjá en rásin hélt síðan áfram niður eftir Goðhólstúninu sem er vestan við Kálfatjarnartúnið en beygði síðan norður neðan Hallhóls og endaði í Kálfatjarnarsíkinu en þaðan rann hún bæði í Kálfatjörnina og út í sjó. Enn sér móta fyrir affallinu. Stundum snéri þetta við á stórstraumsflóði og í vestanátt en þá flæddi inní síkið og jafnvel upp um öll tún. Kálfatjarnarkirkja stóð á hól og stundum var hún eins og á miðri eyju." 45 m norðvestan við brunn 007 og 145 m norðvestur af bæ 001 er brú yfir Rásina.
Rásin liggur nú í gegnum golfvöll, utan hans er mosagróið hraun.
Yfir rásina sem nú er þurr má sjá hleðslu úr grjóti milli flata á golfvellinum. Hleðslan er 1,5 m að breidd og 2,5 m að lengd. Stendur hún um 0,2 m upp úr jörðu. Er hún gerð úr fremur stóru grjóti og nú á kafi í grasi. Brúin gæti hafa verið á Sjávargötunni 065.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:http://ferlir.is/?id=3148

GK-151:053 varða óþekkt 63°59.726N 22°14.437V



Varða 053, horft til norðurs

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 15

"Nokkru austar en Kolagrafaholt [í landi Auðna] er varða á hæðarbungu. Þar heitir Kirkholt (Kirkjuholt)," segir í örnefnaskrá. Varðan á Kirkholti er um 3,5 km suðaustan við Kálfatjörn 001.
Kirkholt stendur nokkuð hátt og sést víða af því. Holtið er grýtt og mosa og lyngi vaxið að nokkru. Varðan stendur á hæsta punkti og umhverfis hana er dálítill grasblettur.
Varðan er um 1 m í þvermál og um 0,7 m á hæð, mjókkar lítið upp. Grjótið í vörðunni er stórt og meðalstórt en það er ekki mjög skófum vaxið nema neðst. Hleðslan er hrunin, umhverfis vörðuna, undir grassverði að hluta, er laust grjót sem kann að hafa fallið úr henni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en mögulega hefur hún vísað veg upp í hraunið að seli 067 í Fornuselshæðum.
Hættumat: engin hætta

GK-151:054 hleðsla óþekkt 64°01.525N 22°16.699V
Hleðsla er um 10 m suðvestan við Vatnssteina 038 og um 1,4 km norðaustan við bæ 001.
Allgróinn hraunmói skammt frá sjó.
Grjóthleðslan er 5 m löng og liggur í örlitlum boga frá suðri til vesturs. Er hún hlaðin úr einfaldri röð steina og er 0,3 m breið og 0,2 m há. Afar gróið er í kringum hleðslurnar. Suðvestan við þær er þó fremur grýtt og jarðvegur að hluta rofinn. Ekki er ljóst hvaða tilgangi mannvirkið hefur þjónað.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-151:055 *Kálfatjarnarmógrafir* heimild um mógrafir 64°01.294N 22°16.557V
"Upp frá Nausthól [034] er Vatnsstæðið [einnig Vatnssteinar 038], áður nefnt, en þar ofar eru svo kallaðar Kálfatjarnamógrafir rétt ofan við Langahrygg," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru líklega um 280 m suðaustan við fjárhús 036 og 1,2 km norðaustan við Kálfatjörn 001.
Mosagróið hraun.
Á þessum slóðum hefur runnið hraun sem nú er gróið mosa og grasi. Inn á milli klettaholta er jarðvegur mikið rofinn og grýttur. Lítið um hentuga staði fyrir mógrafir. Einna helst kemur til greina stór lægð, mikið rofin og sést í mold. Lægðin er ekki mjög grýtt og stöku þúfur standa upp úr henni. Hugsanlega hefur uppþornuð tjörn verið í lægðinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 11

GK-151:056 *Prestsvarða* varða samgöngubót 64°00.766N 22°17.281V



Prestsvarða 056, horft til suðurs

"Prestsvarða eða Staðarvarða er nálægt 200-250 m í austsuðaustur frá Heiðargarði, [022] beint upp af Hátúni [GK-154:001]. [...] Oddmyndaður steinn er út úr henni neðan við miðju. Hann vísar í norður (þ.e. til byggða)," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Fast ofan og austan við Kálfatjarnarvegamót er Prestsvarða sem ein heimild kallar Staðarvörðu og í henni neðarlega er steinn sem vísar á kirkjustaðinn," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Í athugasemdum við örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis er varðan einnig nefnd Berjavarða. Varðan er rétt sunnan við afleggjara að Kálfatjörn, um 480 m suðaustan við bæ 001 og um 530 m vestan við Heimristekk 046.
Varðan stendur lágt á sléttri hraunhellu. Í kringum hana er að mestu gróið hraun.
Varðan er vandlega hlaðin, köntuð að lögun. Hún er um 1 x 1 m að grunnfleti og um 1,6 m á hæð. Hleðslugrjótið er meðalstórt og smátt, nokkuð skófum vaxið. Neðarlega á norðurhlið vörðunnar stendur stór, flatur steinn út úr henni og vísar nokkurn veginn til norðurs, í átt að Kálfatjarnarbænum. Ofan á þessum steini er annar minni sem hefur e.t.v. verið settur þangað nýlega eða hrunið úr toppi vörðunnar. Prestsvarða stendur við Almenningsveg GK-641:003.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 16a; SG: Örnefni og gönguleiðir, 38; Ö-Kálfatjarnarhverfi aths. og viðb., 2

GK-151:057 *Sjóvarnargarðurinn* heimild um varnargarður
"Á kampinum var Skiparéttin [015] og Naustið [014] , og skiptist þar Sjóvarnargarðurinn í Sjóvarnargarðinn Syðri og Sjóvarnargarðinn Nyrðri, og lágu þeir á Kampinum, sem einnig var nefndur Kálfatjarnarkampur," segir í örnefnaskrá.
Grýttur fjörukambur, gróinn að hluta.
Ekki sást til Sjóvarnargarðs með óyggjandi hætti á vettvangi en nýr sjóvarnargarður hefur verið hlaðinn ofan á fjörukambinn og liggur hann ef til vill ofan á Sjóvarnargarðinum að hluta. Þá getur verið að garðlagið sem skráð var sem Skiparéttargarður 015 sé hluti af Sjóvarnargarðinum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 6

GK-151:058 *Kotagirðingar* garðlag vörslugarður 64°01.082N 22°17.340V



Garðlag 058, horft til VNV

"Í Móakoti [GK-153] og Fjósakoti [GK-155] voru hlaðnir garðar umhverfis dálitla móa, er næstir voru túnum. Þetta voru kallaðar Kotagirðingar, ætlaðar til kúabeitar," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Þá segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar: "Þarna [hjá Fjósakoti] voru Girðingar eða gerði fyrir kýr." Garðlag er á milli túna Bakka annars vegar og Móakots og Fjósakots hins vegar. Garðurinn er skráður með heimajörðinni Kálfatjörn þar sem býlunum Móakoti og Fjósakoti tilheyrði ekki annað land en það sem var innan túna þeirra. Garðurinn er 165 m norðvestan við Móakot 153:001 og um 380 m norðaustan við Kálfatjörn 001.
Gróið hraun milli túns á Bakka GK-156:003 og golfvallar.
Grjóthlaðinn garður liggur frá Heiðargarði 022 í suðaustri til norðvesturs og hefur legið langleiðina niður að sjávarkambi en hluti hans er horfinn á stuttum kafla þar sem hann hefur tengst túngarði Móakots GK-153:005. Hleðslur garðsins eru signar, hæstar eru þær um 0,5 m og garðurinn er um 0,6 m á breidd. Heildarlengd hans er um 200 m. Með túngörðum Móakots og Fjósakots GK-155:003 hefur garðurinn afmarkað svæði sem er um 200 x 150 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Líklegt er að fleiri garðlög hafi verið í tengslum við þennan garð, og ef til vill skipt upp svæðinu innnan hans, þar sem talað er um Kotagirðingar og Girðingar í fleirtölu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 7; Ö-Kálfatjörn, 10


GK-151:059 *Landabrunnur* brunnur brunnur 64°00.842N 22°17.729V



Landabrunnur, 059 horft til suðurs

"Í Landamóanum, rétt við túngarðinn [022], er vatnsból á sléttum bala. Kallast það Landabrunnur; er hann 2x3m ummáls og 1,3m á dýpt. Þar þrýtur sjaldan vatn," segir í örnefnaskrá. Vatnsbólið er um 10 m norðan við Heiðargarð 022 og 160 m suður af bæ 001.
Golfvöllur, umkringdur mosagrónu hrauni.
Andrés Guðmundsson, heimildamaður, sagði vatnsbólið ná niður á klöpp. Það var dýpkað með dínamíti um miðja síðustu öld. Líkt og segir í örnefnaskrá er vatnsbólið 2 x 3 m að stærð og nær niður á klöppina, um 1 m að dýpt. Ekkert vatn er hins vegar nú í dældinni og vex nokkur gróður í botni hennar. Engar hleðslur eru sýnilegar við vatnsbólið og er grasi gróið allt í kringum hann.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 2

GK-151:060 *Baráttubyrgi* garðlag herslubyrgi 64°01.022N 22°17.434V



Garðlag 060



Garðlag 060, horft til suðvesturs

"Austur við Heiðargarðinn er vatnsstæði á stórri klöpp í sprungu; kallast þar Gjáin eða Gjáarvatnsstæði. Skammt suðvestur frá því, nær Fjósakoti, [155:001] var fiskibyrgi kallað Baráttubyrgi. Þar sér nú aðeins í undirstöðuna," segir í örnefnaskrá. Um 310 m norðaustan við Kálfatjörn 001 og um 120 m norðaustur af Fjósakoti í norðausturjaðri golfvallarins mun hafa verið herslubyrgi, líklega Baráttubyrgi.

Utan golfvallarins er gróið hraun og mólendi.
Andrés Guðmundsson, formaður Golfklúbbs Vatnsleysustrandar, sagði að þarna hefði verið herslubyrgi en aðeins sæist nú gólfið. Á staðnum fannst garðlag, 14 m langt, 0,4 m breitt og 0,2 m hátt. Snýr suðvestur-norðaustur. Suðaustan við garðlagið er nokkurs konar dæld sem gæti verið grunnflötur herslubyrgisins. Er hún 14 x 8 m að stærð og er suðvesturjaðar hennar bogadreginn. Dældin er 0,2 m djúp og afmarkast sums staðar af greinilegum kanti. Innan hennar og utan er grasi gróið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 6; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 7-8

GK-151:061 *Skálholtsvör* heimild um lendingu 64°01.379N 22°17.056V
"Þarna [í Nausthólavík] hafa því verið Skáholtsvör og Krísuvíkurvör [062]," segir í örnefnaskrá. Vörin hefur verið um 1 km suðvestur frá bæ 001 og um 100 m suðvestur af Litla-Nausthól.
Stórgrýtt fjara. Klettar ganga út í sjó.
Engin merki manngerðar lendingar er að finna í Nausthólavík. Annað hvort eru þau horfin eða lendingarnar hafi verið náttúrulegar. Aðstæður eru ágætar til þess. Ekki er hægt að staðsetja þær nákvæmlega.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 7

GK-151:062 *Krísuvíkurvör* heimild um lendingu 64°01.378N 22°17.054V
"Þarna [í Nausthólavík] hafa því verið Skáholtsvör [061] og Krísuvíkurvör," segir í örnefnaskrá. Vörin hefur verið um 1 km suðvestur frá bæ 001 og um 100 m suðvestur af Litla-Nausthól.

Stórgrýtt fjara. Klettar ganga út í sjó.
Engin merki manngerðar lendingar er að finna í Nausthólavík. Annað hvort eru þau horfin eða lendingarnar hafi verið náttúrulegar. Aðstæður eru ágætar til þess. Ekki er hægt að staðsetja þær nákvæmlega.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 7

GK-151:063 varða óþekkt
63°59.402N 22°14.143V
Varða er um 622 m norður af seli 067 á Sýrholti og um 475 m norðan við vörðu 069. Varðan er um 4,1 km suðaustan við Kálfatjörn 001.
Varðan stendur á lágum, sprungnum hraunhelluhól í grónu hrauni. Varðan er hrunin að hluta. Hún er um 1 x 0,7 m að grunnfleti, snýr austur-vestur og er um 0,7 m á hæð. Grjót í henni er meðalstórt, skófum og mosa vaxið, í henni sjást 2 umför. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var reist en ef til vill hefur hún vísað á sel 067.
Hættumat: engin hætta


Varða 063, horft til vesturs

GK-151:064 hleðsla herslubyrgi 64°01.714N 22°16.052V


Tóft 064A, horft til norðausturs


Þúst 064B, horft til norðurs

"Litlu innar eru svo Borgarkotstangar og þar er Borgarkotsvör [042] eða Borgarkotslending. Þar í kring má sjá merki um fiskigarða og fiskibyrgi," segir í örnefnaskrá. Á þessum stað eru þrjár hleðslur. Hleðsla A er 50 m austur af Skjólgarði 040, um 180 m austur af Borgarkoti 027 og um 2 km norðaustan við Kálfatjörn 001. Mannvirki B er um 150 m vestan við A. Mannvirki C er um 30 m vestur af B.
Mosagróið hraun, þýft valllendi næst sjó og stórgrýtt fjara.
Þrjár hleðslur koma til greina sem leifar herslubyrgja. Öll eru líklega af mannvirkjum sem tengst hafa sjósókn. A: Ferhyrnd grjóthlaðin tóft, 10 x 4 m að stærð og snýr í austur-vestur. Hún liggur upp að grjótkambinum í fjörunni sem myndar nyrðri langvegg. Hleðslan er fremur ógreinileg, einkum vegna þess að sjórinn hefur borið mikinn grjótruðning í hana. Breidd veggja er um 0,3 m og hæð þeirra 0,2 m. Gólfflöturinn er aðeins lægri lægra en landslagið í kring nema allra vestast. Um 150 m vestar er þúst. Hún er 10 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Eftir stendur lítið annað en grjótruðningur en útlínur hans eru svo reglulegar að varla er hægt að telja ruðninginn náttúrulegan. Greina má óljósa hleðslu þvert í gegnum þústina um 4 m frá austari endanum og skiptir henni í tvö hólf. Breidd veggja er u.þ.b. 0,6 m breið og 0,3 m há. Í vestari hluta þústarinnar virðist gólfflöturinn vera nokkuð lægri en landslagið. Mikið timburbrak er meðal grjótsins. C:


Garðlag 064C, horft til norðausturs


Grjóthlaðið garðlag sem snýr u.þ.b. norður-suður. Það er um 2 m langt, 0,5 m hátt, 0,4 m breitt og hlaðið úr fremur stóru grjóti. Þetta garðlag er líklega það sem kallað er fiskigarður í örnefnaskrá.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 8

GK-151:065 *Sjávargata* gata leið 64°01.017N 22°17.972V
"Sjávargata kallast slóðin til sjávar niður í Naustin [014] og Lendinguna [019]," segir í örnefnaskrá. Gatan lá frá bæ 001að fjörunni.
Golfvöllur í mosagrónu hrauni. Stórgrýtt fjara.
Nyrst er gatan komin undir golfvöllinn og sjást þar engin merki hennar. Í austsuðaustur frá brunni 007 hefur leiðin líklega legið þar sem renningur er á milli flata. Þar er um 15 m langur garður úr einfaldri röð nokkuð stórra steina en fremur ógreinilegur. Hugsanlega er um leifar götunnar að ræða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 3

GK-151:066 hleðsla refagildra
64°01.806N 22°15.736V
Um 150 m suðvestur af Hermannavörðu GK-157:080 og um 2,3 km norðaustan við Kálfatjörn 001, við landamerkjagirðingu milli Kálfatjarnar og Flekkuvíkur, er grjóthleðsla. Hún er um 20 m frá sjó.
Valllendi, hraunklappir og stórgrýtt fjara.
Grjóti hefur verið hlaðið ofan á smá hól þannig að lítið hólf, um 0,3 x 0,2 m að stærð, myndast á milli þeirra. Þar ofan á liggur flöt hella. Líklega hefur þetta verið refagildra. Að utan er hún 0,6 m að breidd, 0,3 m há og 0,4 m löng.
Hættumat: engin hætta



Hleðsla 066, horft til norðvesturs

GK-151:067 *Fornuselshæðir* tóft sel 63°59.073N 22°14.292V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir: "[...] áður hefur hann [staðurinn] og brúkað selstöðu þar sem staður á sjálfur


Suðausturhluti tóftar 067, horft til vesturs


Norðvesturhluti tóftar 067, horft til VNV

land, þar sem heitir Fornuselshæði [svo], þar er mein stórt að vatnsbresti og hagar naumir [...]." Í Jarðabókinni segir einnig að Þórustaðir GK-149 eigi selstöðu í Fornuselshæðum: "Selstöðu á jörðin þar sem kallaðar eru Fornuselshæðir, þar eru hagar næsta að þrotum komnir, en vatnsból so lakt, að fyrir þann skort er selstaðan aflögð orðin, og hefur því bóndinn selstöðu að annara láni með miklum óhægðum og lángt í burtu." "Engin önnur heimild er til um Fornuselshæðir en líklega eru hæðirnar í eða við Sýrholtið. Vestan í holtinu sjást þrjár mjög gamlar kofatóftir og þar hefur líklega verið selstaða fyrrum og gæti verið selstaða sú er getið er um í Jarðabókinni," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Þrískipt tóft ("þrjár mjög gamlar kofatóftir") er vestan í Sýrholti, um 980 m suðvestan við Flekkuvíkursel GK-157:058, um 4,4 km suðaustan við Kálfatjörn 001 og um 4,6 km suðaustan við Þórustaði GK-149:001.



Tóft 067

Tóftirnar eru allhátt á holtinu og er þar grasi gróinn blettur í kring. Umhverfis holtið eru hraunbreiður sem eru grónar á köflum en nokkur gróðureyðing er hér í kring.
Í ritgerð Ómars Smára Ármannssonar um sel á Reykjanesskaga segir: "Vestan í holtinu [Sýrholti] sjást þrjár mjög gamlar jarlægar [svo] kofatóftir og þar hefur mjög líklega verið sel fyrrum og gæti verið selstaða sú sem getið er um í Jarðabókinni. Mikill uppblástur er á þessum slóðum og á holtinu sjást merki eftir landgræðslu. Útveggir sjást. Tvær tóftanna (48) [hér hefur líklega átt að standa "Þrjár tóftanna..." þar sem áður hefur verið talað um að kofatóftirnar séu þrjár vestan í holtinu og uppdráttur sem fylgir umfjölluninni sýnir einnig þrjár tóftir] eru suðvestan í hæðunum, en sú þriðja (49) [GK-149:049] er á gróðurbleðli skammt vestar. Hlaðin kví [GK-149:048] er í gróinni gjá þar skammt vestan hennar." Tóftirnar þrjár vestan í Sýrholti sem nefndar eru í heimildum er í raun ein tóft, en þrískipt. Tóftin er um 8 x 4 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfin 3 snúa suðvestur-norðaustur. Þau eru 1,5 x 0,5-1 m að innanmáli og er norðvestasta hólfið ógreinilegast. Hleðslur eru mjög signar en hólfin eru enn nokkuð djúp. Mesta hleðsluhæð utanmáls er um 0,3 m en innanmáls er hún um 1 m. Ekki sjást op inn í hólfin og ekki sést í grjót. Efst uppi á Sýrholti er mikil hundaþúfa, grasi vaxin. Líklegt er að þar hafi staðið varða sem vísað hefur á selið því lausir steinar sjást grónir við þúfuna og minnst er á það í örnefnaskrá Kálfatjarnar (AG) að á þessu svæði sé landamerkjavarða, Sýrholtsvarða 076, og kann að vera að þessi meinta varða hafi einnig haft það hlutverk. Tóft GK-149:049 fannst ekki á vettvangi og ekki er ljóst hversu langt frá seltóftinni hún er. Þar sem það er óljóst, sem og tengsl hennar við seltóftina, er hún skráð á sér númer. Hleðsla GK-149:048 er í gjá um 290 m norðvestur af seltóftinni og er þar líklega um meintan stekk að ræða sem nefndur er á heimasíðu Ferlis. Hann er skráður á sér númer enda langt frá seltóftinni. Samkvæmt landamerkjum sem fengust hjá sveitarfélaginu er selið á merkjum milli Kálfatjarnar og Þórustaða. Það er skráð með Kálfatjörn þar sem líkur eru til þess að hér sé um selið að ræða sem talað er um í Jarðabók Árna og Páls og hefur það þá verið í landi Kálfatjarnar. Hleðslan og tóftin sem Ómar Smári talar um í ritgerð sinni eru að öllum líkindum það langt frá seltóftinni og nokkuð inn í landi Þórustaða og eru þær minjar því ekki skráðar með selinu heldur í sitt hvoru lagi með Þórustöðum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:JÁM III, 141, 142; SG: Örnefni og gönguleiðir, 95; ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum, 84, 85; Ö-Kálfatjörn AG, 5

GK-151:068 *Hliðsbrunnur* heimild um brunn 64°00.868N 22°18.025V
"Hliðsbrunnur við Hlið [026]," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt en líklegt er að hann hafi verið um 10 m ANA við bæjartóft Hliðs 026A og um 250 m suðvestan við Kálfatjörn 001.
Golfvöllur og tún innan túngarðs Kálfatjarnar. Utan hans er hraun.
Hvorki brunnur né vatnsstæði fannst við Hlið. Andrés Guðmundsson,heimildamaður, vissi ekki til þess að þar væri brunnur. Golfvöllur nær nú nánast að Hliði og gæti brunnurinn hafa horfið undir hann.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9

GK-151:069 varða óþekkt
63°59.145N 22°14.219V
Vörðubrot er um 140 m norðaustan við sel 067 á Sýrholti. Varðan er um 4,4 km suðaustan við Kálfatjörn 001.
Varðan stendur á háum krosssprungnum hraunhelluhól, mosavöxnum að hluta. Er í grónu hrauni.
Varðan er lítil, um 0,5 m í þvermál og um 0,4 m á hæð. Grjótið er meðalstórt og skófum vaxið. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ef til vill hefur hún vísað á selið á Sýrholti.
Hættumat: engin hætta



Varða 069, horft til suðurs

GK-151:070 *Kálfatjarnargirðingar* heimild um vörslugarð
"Norðan eða innan Móakots [GK-153] og Kotagirðinga [058], þar sem nú eru býlin Bakki [GK-156:003] og Litlibær [GK-156:023] ásamt því landi öðru, sem innan Heiðargarðs [022] er frá Móakotsmörkum, var um langan aldur kúabeit frá Kálfatjörn, kölluð Kálfatjarnargirðingar. En þetta hafði áður verið tún og beitarland Bakka [GK-156:001] hins forna býlis, er þar var, en lagðist í eyði vegna sjávarágangs og lagðist þá undir Kálfatjörn," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvaða garðar þetta hafa verið en ef til vill er hér átt við sama garð og Heiðargarð 022 þar sem hann liggur fyrir austan Bakka og Litlabæ og áfram norðaustur að Bakkakrók GK-156:021.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9

GK-151:071 *Þvergarður* örnefni óþekkt
"Þar má einnig tilnefna Kálfatjarnargirðingar [070] og þar var Þvergarður," segir í örnefnaskrá. Óvíst er hvar þessi garður hefur verið og er staðsetning hans nú alveg týnd.
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 10

GK-151:072 hleðsla óþekkt 64°01.499N 22°16.740V


Hleðsla 072, horft til VSV



Hleðsla 072

Tvær litlar hleðslur eru 75 m sunnan við Réttir 037 og 1,3 km norðaustan við Kálfatjörn 001.
Allgróið svæði skammt frá sjó. Gróður er þó rofinn á köflum og jarðvegur grýttur.
Tvær 5 m langar grjóthleðslur eru á svæði sem er um 15 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Báðar eru hleðslurnar um 0,6 m breiðar og 0,3 m háar. Sú syðri liggur til VNV-ASA en hin nyrðri til norðvestur-suðaustur og eru u.þ.b. 10 m á milli þeirra. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þær hafa verið hlaðnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 10


GK-151:073 garðlag óþekkt
64°01.584N 22°16.259V
Grjóthlaðið garðlag er 170 m sunnan við Borgarkot 027 og 1,8 km norðaustan við Kálfatjörn 001.
Garðlagið liggur í þýfðu og grýttu túni innan um mela og hraunklappir.
Grjóthlaðið garðlag liggur frá suðvestri til norðaustur í lægð á milli tveggja hæða og upp á hina eystri. Er það 0,6 m breidd, 0,4 m hátt og um 60 m að lengd. Um 15 m frá vestari enda þess er garðlagið rofið á 6 m löngum kafla. Í austri er það hins vegar afar jarðsokkið. Garðlagið gæti verið hluti af gerði eða nátthaga.
Hættumat: engin hætta


Garðlag 073, horft til suðvesturs

GK-151:074 *Hólakot* heimild um býli
64°01.008N 22°17.878V
Á heimasíðu Ferlis segir: "Tóftirnar sunnan við hina eiginlegu Kálfatjörn sem bærinn dró nafn sitt af eru minjar um sjóbúð sem reist var í tíð Stefáns

Thorarenssen og Ólafur lýsti fyrir mér að ömmubróðir hans mundi eftir því að hún rúmaði tvær áhafnir eða um 16 manns. Erlendur á Kálfatjörn var umhugað um að varðveita allar minjar og þegar háspennulínan var lögð um túnið á Kálfatjörn notuðu línumenn allt grjót sem komið hafði upp úr túninu til að púkka með staurana og voru byrjaðir að rífa niður steinhleðslur úr sjóbúðinni þegar hann náði að stöðva þá. Hann vildi ekki heldur að þeir tækju steinahrúgurnar því þær voru minjar um hvað fólkið lagði á sig." Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir enn fremur: "Holakot, eyðihjáleiga, hefur í eyði legið í fjegur ár [...]. Nú er grasnautn lögð til staðarhaldarans, og má ei að skaðlausu missa." "Rétt ofan við Eyrina og fast sunnan við Kálfatjörnina er Sjóbúðin [087]. Þar eru rústir sjóbúðar er séra Stefán Thoraresen lét byggja, er hann var prestur á Kálfatjörn [1831-1892]. Sagt er, að sjóbúð þessi rúmaði tvær skipshafnir, alls 16 menn. Hér mun býlið Hólkot hafa staðið (talið í eyði 1699 og ekki nefnt síðar)," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Rétt við Naustið [014] hafði verið þurrabúðin Hóll eða Hólakot, en þar er nú Fjárhúsið [008 eða 009]. Þegar Hóll lagðist niður var þarna reist Sjóbúð, Kálfatjarnarsjóbúð og hafði rúmað 16 menn," segir í örnefnaskrá. Hólakot hefur líklega verið um 175 m norðvestan við bæ 001.
Sjóbúðin var þar sem nú er golfvöllur. Utan hans er gróið hraun.
Sjóbúðin var á sama stað og tóftir 008 og 009 standa nú. Sjóbúðinni var síðar breytt í fjárhús eða ný fjárhús voru reist á sama stað. Ekki sést til minja um Hólakot.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:http://ferlir.is/?id=3148; JÁM III, 144; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 6; Ö-Kálfatjörn, 6

GK-151:075 *Árnahús* tóft býli 64°00.988N 22°17.765V



Tóft 075

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Arnahus hafa í eyði legið þrettán ár. [...] Nú er grasnautn lögð til staðarhaldarans, og kann ei án vera fyrir utan sinn skaða." "Ofan hans [Tjarnarbakkans], við austurhorn Tjarnarinnar (hún má reyndar heita nær hringlaga) er dálítil lægð eða pollur, mun hafa verið kallaður Víti. Þar mun býlið Árnahús líklega hafa staðið mjög nærri. En gárungarnir svo fært nafnið af pollinum yfir á kotið," segir í örnefnaskrá. Víti er um 110 m norðan við bæ 001.
Tóftin er á golfvelli. Gróið hraun er utan hans.
Pollurinn Víti er nú uppþornaður en hann má þó greina sem smá dæld. Gróður innan dældarinnar er einnig frábrugðinn þeim í kring. Rétt norðan Vítis er grasi gróinn hóll. Ofan á honum er ógreinileg tóft. Hugsanlegt er tóftin sé rústir Árnahúss eða útihúss þess. Hún er 4 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Er hún opin til norðurs. Breidd veggja er um 1 m og er hæð þeirra mest 0,5 m. Víðast hvar eru veggirnir þó aðeins 0,2 m háir. Glitta sést í grjót á vestanverðum langvegg innanverðum. Erfitt er að skera úr um hvort þar sé náttúruleg klöpp eða hleðsla úr grjóti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:JÁM III, 144-145; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 6

GK-151:076 *Sýrholtsvarða* heimild landamerki
Í örnefnaskrá Kálfatjarnar eftir Ara Gíslason segir: "Norður og upp af Kirkjuholti eru tvær vörður sem heita Bræður [GK-157:053] úr Kolgrafaholti [GK-149:033] eru svo merkin í Sýrholtsvörðu sem eru á há Sýrholti en það er stór hæðarbunga." Ekki er vitað hvar Sýrholtsvarðan stóð nákvæmlega.
Við Sýrholt er mosagróið hraun sem er uppblásið að stórum hluta.
Líklegt er talið að þekktar minjar séu við Sýrholt, í Fornuselshæðum 067. Þar er skráð seltóft og vörðubrot um 4,4 km suðaustan við bæ 001. Mögulega er varðan sem þar er skráð Sýrholtsvarða en hún er mjög nærri núverandi merkjum á milli Kálfatjarnar og Þórustaða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Kálfatjörn AG, 148


GK-152 Naustakot

Hjáleiga Kálfatjarnar 1703, jarðadýrleiki óviss. Á heimasíðu Ferlis segir: "Nær sjónum eru tóftir af tveimur fjárhúsum og standa þær við Naustakotstjörn og þar hefur Naustakotsbærinn verið og líklega farið vegna ágangs sjávar." http://ferlir.is/?id=3148

GK-152:001 *Naustakot* bæjarhóll bústaður 64°01.018N 22°18.040V



Tóft á bæjarhól Naustakots 001, horft til austurs



Tóft á bæjarhól Naustakots 001

"Neðan Rásar og sunnan Sjávargötu [GK-151:065] er Naustakotstún. Neðst í því er mýrartjörn, Naustakotstjörn. Á kampinum fast norðan við tjörnina stóð kotbýlið Naustakot (í byggð 1703), hefur lengi verið í eyði. Þar er nú fjárhús," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "En neðst í túninu var Naustakot og stóð á Naustakotshól og þar í kring hafa verið Naustakotstún. Á hólnum er nú Naustakotsfjárhús, fjárhús frá Kálfatjörn," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Í bók Árna Óla, Strönd og vogar, segir: "Aðfaranótt 3. febrúar 1779 gerði mikið sjávarflóð og skemmdist Bakki [GK-156:001] þá svo að hann var í eyði það ár, en grasbýli sem hét Naustakot tók alveg af." Fjárhúsin eru merkt á túnakort Kálfatjarnar frá 1919. Naustakot hefur staðið þar sem nú er tóft fjárhúss sem tilheyrt hefur Kálfatjörn, 285 m norðvestan við þann bæ GK-151:001.
Golfvöllur er sunnan við tóftina. Þar sem honum sleppir tekur við hraun. Fjaran er prýdd klettabeltum.
Tóftin er á lágum hól, u.þ.b. 12 x 20 m stórum og snýr austur-vestur, sem er að líkindum bæjarhóll Naustakots. Tóftin er tvískipt og sambyggðar við hana eru tvær réttir eða hólf. Byggingin nær yfir svæði sem er u.þ.b. 20 x 9 m stórt. Tóftin er grjóthlaðin, 8 x 9 m að stærð og snýr í austur-vestur. Skiptist hún í tvö hólf. Hólf I: Syðra hólfið er 8 x 3 m að innanmáli og snýr í norðaustur-suðvestur. Veggir eru grjóthlaðnir og austast eru tveir steinsteyptir stólpar. Gaflar hafa líklega verið úr timbri og sjást leifar timbursins austast í brakinu. Breidd veggja er 0,8 m og hæð þeirra 1,8 m. Gras vex ofan á veggjum sem og innan tóftar. Framan (austan) við hólfið afmarkað svæði sem virðist vera rétt. Hugsanlegt er þó að það sé viðbygging við tóftina. Hún er 5 x 5 m að stærð og hefur jafn breiða veggi og tóftin. Suðurveggur er hins vegar steinsteyptur. Hólf II: Annað hólf er norðan við og samsíða hólfi II. Eru veggir jafnbreiðir og háir en þó er innveggurinn sem aðgreinir hólfin 1,2 m breiður. Hólfið er jafn stórt og hið syðra en hefur grjóthlaðinn gafl í austri en opið til vesturs. Innan þessa hólfs er einnig timburbrak. Vestan við hólfin tvö virðist vera rétt, 7 x 9 m að stærð. Afmarkast hún af garðlagi, 0,8 m breiðu og 0,4 m háu. Op er á því í suðausturhorni þar sem það mætir tóftinni. Sú hlið sem liggur að sjónum er afar óskýr. Garðlagið er grjóthlaðið en grasi vaxið. Mögulegt er að Skiparéttin GK-151:013 hafi verið á sömu eða svipuðum slóðum.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 3; Ö-Kálfatjörn, 9; Árni Óla: Strönd og vogar, 183; Túnakort 1919


GK-152:002 *Naustakotsbrunnur* heimild um brunn
"Við bæinn 001 hefur svo verið Naustakotsbrunnur," segir í örnefnaskrá. Ekki reyndist unnt að staðsetja hann.
Stórgrýtt fjara. Víða ganga klappir fram í sjó og mynda víkur sín á milli. Milli golfvallarins og fjörunnar er blautt valllendi.
Enginn brunnur fannst við Naustakot 001. Mögulegt er þó að hann sé kominn undir flöt á golfvellinum eða að um sama brunn og GK-151:007 sé að ræða og nafn hans hafi breyst eftir að Naustakot fór í eyði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9

GK-153 Móakot

Hjáleiga Kálfatjarnar 1703, jarðadýrleiki óviss. Fór í eyði um 1940 eða 1950.
1919: Tún 1,8 teigar, garðar 450m2.

GK-153:001 *Móakot* bæjarhóll bústaður 64°01.042N 22°17.689V



Bæjarstæði Móakots 001, hleðsla 002 og hleðsla 003 auk kálgarða


Tóft 001A og hluti af tóft 001B, horft til ANA


Kálgarðshleðslur norðvestan við bæjarstæði Móakots 001. horft til norðvesturs

"Fyrir ofan Móakotsbakkann er lítil mýrartjörn, Móakotstjörn. Skammt fyrir ofan hana er bærinn í Móakoti, nokkuð miðsvæðis í túninu og þó heldur nær suðurmörkum. [...] Í Móakoti og Fjósakoti [GK-155] voru hlaðnir garðar umhverfis dálitla móa, er næstir voru túnum [GK-151:077]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Norð-Austur af Kálfatjarnarhúsinu er Móakot og þar í kring Móakotstún, eða Móakotspartur, sem var umgirt Móakotstúngörðum [005]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir að húsin í Móakoti hafi verið rifin 1919 en ný byggð fljótlega. Móakot er 220 m suðaustan við Kálfatjörn GK-151:001.
Móakot er nú inni á golfvelli og er allt snöggslegið á milli bygginga og annarra mannvirkja en minjarnar virðast að mestu hafa fengið að halda sér. Bærinn er fast norðan við Álfhól 008.
Ekki er um eiginlegan bæjarhól að ræða í Móakoti. Tóft húss sem er líklega það sama og sýnt er á túnakorti frá 1919 sést ógreinilega en annað hús hefur verið hlaðið í norðurhluta hennar. Eldri tóftin B) er tvískipt, um 6 x 9 m að stærð og snýr ANA-VSV. Syðra hólfið I) er nokkuð greinilegt, þar sést móta fyrir grunni en nyrðra hólfið II) er ógreinilegt nema norðausturgafl að hluta en tóft A) hefur verið hlaðin ofan í það. Í norðausturgaflinum sést móta fyrir hleðslu og veggurinn um 0,8 m á hæð utanmáls. Svo virðist sem grjót úr þessari tóft hafi verið endurnýtt í garð sem liggur í boga til austurs frá norðausturgafli hólfs II í tóft B og tengist þar kálgarði. Tóftin er öll vaxin háu grasi. Ekki er að sjá hvar inngangur í hana hefur verið en líklega hefur hann verið í suðvesturenda. Tóft A) er einföld, 6 x 5 m að

stærð og snýr VSV-ASA. Inngangur er í hana nyrst á vesturvegg. Tóftin er steinhlaðin og grasi gróin. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Fast sunnan við tóft B er steyptur húsgrunnur, þar sem er merkt þró eða gryfja C) á túnakort, líklega áburðarþró eða heygryfja. Grunnurinn hefur verið fylltur með grjóti og steypubrotum. Hann er um 4 x 4 m að stærð og er um 0,1 m djúpur. Mjó vatnslögn liggur yfir grunninn. Heildarumfang minja á bæjarstæði er um 13 x 9 m. Kálgarðar eru enn vel greinilegir og voru þeir umhverfis allt bæjarstæðið nema til suðurs þar sem Álfhóll 008 er. Hleðslurnar í görðunum eru hrundar en mesta hæð þeirra er um 0,7 m. Heildarstærð svæðisins með kálgörðum er um 45 x 45 m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 7; Ö-Kálfatjörn, 10; GJ: Mannlíf og mannvirki, 333; Túnakort 1919

GK-153:002 hleðsla útihús 64°01.045N 22°17.693V


Hleðsla 002, horft til suðausturs

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 5-10 m norðan við bæ 001. Um 5 m norðaustan við tóft 001A er hlaðinn húsgrunnur og leifar annars húss eru þar norðan við.
Minjarnar eru innan golfvallar, allt í kringum þær er gras snöggt slegið.
Hlaðni húsgrunnurinn A) er um 5 x 4 m að stærð og snýr austur-vestur. Utan við suðausturhornið grunnsins er mosavaxin steypt plata, er um 1 x 1,2 m að stærð. Grunnurinn er fullur af grjóti og gróðri. Ekki er hægt að sjá dyraop en ef til vill hefur verið gengið inn í húsið þar sem steypta platan er. Hleðsluhæð grunnsins er um 0,1 m. Fast suðvestan við grunninn er lítil grasi gróin þúst, um 1,5 x 1,5 m að stærð og um 0,7 m á hæð. Í þeirri þúst sést svört aska. Hleðslur annars húss B) eru fast norðan við grunn A). Aðeins sést í steinhlaðinn vesturgafl og norðurvegg og er tóftin um 5 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur. Tóftin er full af jarðvegi og gróðri. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Ekki sést hvar inngangur hefur verið í tóftina. Heildarstærð svæðisins er um 9 x 7 m og snýr það norður-suður. Líklegt er að mannvirkjaleifar B) séu af húsi því sem sýnt er á túnakorti og að steypti grunnurinn A) sé leifar af húsi sem byggt var síðar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919

GK-153:003 hleðsla útihús
64°01.048N 22°17.682V
Á túnakort frá 1919 er merkt nokkuð stórt hús um 5 m norðaustan við útihús 002. Húsið var í norðvesturhorni kálgarðs sem var 10 m austan við bæinn 001.
Minjarnar eru innan golfvallar, allt í kringum þær er gras snöggt slegið.
Ekki sést til hússins og hefur það ef til vill verið rifið árið 1919 (sjá 001) . Nú er slétt og slegin flöt þar sem húsið stóð en einnig eru þar garðleifar eða veggjaleifar sem hafa getað tilheyrt húsinu. Garðlag þetta er grjóthlaðið, um 6 m á lengd, snýr norðaustur-suðvestur. Það er um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919


Hleðsla 003, horft til norðvesturs


GK-153:004 heimild um brunn 64°01.057N 22°17.743V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur í vesturenda lítillar mýrar, um 60 m norðvestan við bæ 001.
Brunnurinn er nú innan golfvallar. Mikið er búið að breyta landslagi á þessum slóðum og nú er manngerð tjörn á svipuðum slóðum og mýrin var áður.
Líklegast er að brunnurinn hafi verið norðan undir dálitilli klöpp í túninu, um 50 m norðvestan við bæ 001. Þar er nú slétt golfflöt en merki eru um að tyrft hafi verið á þessum stað tiltölulega nýlega og getur verið að fyllt hafi verið

upp í brunninn og tyrft yfir hann af golfvallarstarfsmönnum. Ekki var að sjá aðrar vísbendingar um brunn í næsta nágrenni. Það er hins vegar steinsteyptur brunnur mun nær bæ 001, eða um 30 m norðvestan við hann og því ólíklegt að það sé sami brunnur og merktur er á túnakort. Þarna er hringlaga steinsteypt hella, um 2 m í þvermál og trélok yfir opinu, um 0,5 x 0,5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919

GK-153:005 garðlag túngarður 64°01.062N 22°17.786V



Tóft við túngarð 005, horft til norðurs



Túngarður og tóft 005

"Fyrir ofan Móakotsbakkann er lítil mýrartjörn, Móakotstjörn. Skammt fyrir ofan hana er bærinn í Móakoti [001], nokkuð miðsvæðis í túninu og þó heldur nær suðurmörkum. [...] " segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Norð-Austur af Kálfatjarnarhúsinu er Móakot og þar í kring Móakotstún, eða Móakotspartur, sem var umgirt Móakotstúngörðum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Túngarður Móakots er víða greinilegur enn. Túngarðurinn er á golfvelli en utan garðsins til suðausturs er hraunmói.
Steinhlaðinn túngarður var umhverfis túnið á Móakoti og sést hann enn að nokkru leyti. Suður- og norðvesturhlið hans er þó að mestu horfnar og skörð eru í hann hér og hvar sem flest hafa verið gerð til að bæta aðgengi að golfflötum. Hleðslur eru að miklu leyti hrundar en mesta hleðsluhæð er um 1 m. Sumstaðar má sjá miklar grjóthrúgur á garðinum eða skammt frá honum og er það eflaust grjót sem hefur verið tekið úr honum þar sem hann er horfinn og safnað í þessar hrúgur. Ein tóft er byggð við garðinn, um 80 m norðaustan við Móakot 001. Tóftin er einföld, um 4 x 6 m að stærð, og snýr austur-vestur. Op er á miðjum suðurvegg tóftar. Hleðslur standa grónar, mesta hleðsluhæð er um 1,5 m. Heildarstærð þess svæðis sem túngarðurinn afmarkar er um 220 x 215 m og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er víðast um 1 m á breidd. Áfast túngarðinum en utan hans, í grónu hrauni, er bogadregið, grjóthlaðið, garðlag sem myndar allstórt gerði. Það er að innanmáli 90 x 55 m, snýr norður-suður. Líklegt er að þetta gerði hafi verið talið með Kotagirðingum, sjá 151:077.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 7; Ö-Kálfatjörn, 10

GK-153:006 heimild um 64°01.067N 22°17.792V
"Á bala rétt utan við fiskhús sem nú er var fiskhús frá Móakoti [001] þar var þar og vör [007] frá Móakoti," segir í örnefnaskrá. Staðsetning fiskhúss er óljós. Um 30 m suðaustur af meintri vör 007 er dálítil lægð í landið, um 95 m norðvestan við bæ 001. Ef til vill hefur húsið staðið á þessum stað, á grasflöt við sjávarkambinn og innan við túngarð Móakots.
Golfvöllur.
Ekki sást til minja á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1

GK-153:007 heimild um lendingu 64°01.078N 22°17.819V
"Á bala rétt utan við fiskhús sem nú er var fiskhús [006] frá Móakoti þar var og vör frá Móakoti," segir í örnefnaskrá. Líklegt er að vörin hafi verið um 125 m norðvestan við Móakot 001.
Í fjörunni er brimsorfið grjót en við vörina er einnig nokkuð um ljósan skeljasand.
Staðsetning vararinnar er óljós en líklegt er að hún hafi verið niður undan norðurenda túngarðs Móakots 005, að vestanverðu. Þar er allstór klöpp í fjörunni og austan við hana er grunnt og sendið á allstóru svæði. Ekki eru sýnileg mannaverk á vörinni. Móakot átti líka lendingu í landi Bakka GK-156:020 og ekki er útilokað að um sömu lendingu sé að ræða. Á milli þeirrar lendingar og meintrar lendingar sem hér er skráð eru 270 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1

GK-153:008 *Álfhóll* heimild um huldufólksbústað 64°01.032N 22°17.692V
"Sunnan við bæjarhúsin [001] er langur og hár klapparhóll, Álfhóll," segir í örnefnaskrá.Kálfatjarnarhverfis. "Heim við bæ var Klapparhóllinn. Þar bjó mikið af huldufólki og því var hann einnig kallaður Álfhóll," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Hóllinn er um 10 m sunnan við Móakot 001.
Hóllinn er við bæjarstæði Móakots á golfvelli.
Hóllinn er ílangur, um 10 x 30 m að stærð, snýr suðaustur-norðvestur og mjókkar mjög til suðausturs. Hann er um 2 m á hæð. Upp úr hólnum miðjum og norðvestast standa litlir klapparkollar. Hóllinn er allur mjög grasi gróinn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 7; Ö-Kálfatjörn, 9

GK-153:009 *Móakotsgirðing* garðlag vörslugarður 64°01.112N 22°17.638V

Garðlag 009, horft til norðausturs
"Niður undir Móakotskampi var Móakotsgirðing, sem eiginlega var nokkurs konar Kúagerði, þar var var kúnum beitt. Þar var Innri-Garður og Ytri-Garður," segir í örnefnaskrá. Niður undan fjörukambinum, í norðurhorni Móakotsgarðs er dálitill óræktaður blettur sem ekki hefur verið grjóthreinsaður og sleginn. Líklegt er að þessi blettur sé Kúagerði það sem nefnt er í örnefnaskrá. Enn sést lítill hluti garðlags sem sennilega hefur tilheyrt Móakotsgirðingu og er um 135 m norðaustan við bæ 001. Ekki er skýrt hvort Innri-Garður og Ytri-Garður voru hluti af Móakotsgirðingu, hvort hún hafi skipst í tvö hólf eða hvort þetta eru aðrir garðar á svipuðum slóðum. Hér eru þeir skráðir með Móakotsgirðingu. Gert er ráð fyrir því að allir áðurnefndir garðar séu innan túngarðs Móakots 005 og tilheyri því jörðinni Móakoti.
Kúagerðið er óræktarblettur milli fjörukambs og golfvallarflatar.
Kúagerðið er afmarkað af túngarðinum 005 til norðausturs, fjörukambinum til norðvesturs og svo er garðlag sem liggur til suðvesturs frá túngarðinum og afmarkar blettinn til austurs. Líklegt er að þessi garður sé Móakotsgirðing. Garðurinn er um 19 m langur og um 1,2 m á breidd, grjóthlaðinn en hleðslur hrundar, hæstur er garðurinn um 0,5 m. Þessi garður og túngarðurinn mynda horn og áframhald túngarðsins til suðausturs frá sjónum er horfið þarna á kafla en mikil grjóthrúga er á slegnum grasbletti suðaustan við Móakotsgirðingu. Grjótið í þeirri hrúgu er væntanlega úr Móakotsgirðingu og túngarðinum 005. Stærð svæðisins sem garðurinn afmarkar er um 19 x 40 m og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10


Brunnur 010, horft til suðurs


GK-153:010 brunnur brunnur
64°01.078N 22°17.615V
Um 1 m utan við túngarð Móakots 005 virðist vera hlaðinn brunnur. Hann er um 90 m norðaustan við bæ 001. Brunnurinn er í grasi grónum móa þar sem eru nokkrir klapparhólar.

Brunnurinn er um 1 m í þvermál að innanmáli og fullur af grjóti. Tvö stór björg eru í austur- og vesturbrún brunnsins en minni steinar til annarra átta. Líklegt er að brunnurinn hafi verið hlaðinn að innan en grjótið sem sést efst í honum kann að hafa verið sett í hann til að fylla upp í hann eftir að hætt vara að nota hann.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-154 Hátún

Hjáleiga Kálfatjarnar 1703, þá í eyði frá 1700. Fór í eyði um 1920 en föst búseta tekin upp aftur, um 1960, þar brann fyrir nokkrum árum.
1919: Tún 1,9 teigar, garðar 750m2.

GK-154:001 *Hátún* bæjarhóll bústaður 64°00.909N 22°17.558V



Bæjarhóll Hátúns 001


Bæjarhóll Hátúns 001, horft til vesturs

"Úr austurhorni Kálfatjarnartúns liggur girðing til austurs út að Heiðargarði [GK-151:022]. Hún skilur tún Fjósakots [GK-155] og Hátúns en svo heitir býli, sem er suðaustan megin upptúns á Kálfatjörn. Má það í raun kallast austurhorn Kálfatjarnartúns. Það fór í eyði um 1920. Árið 1941 var byggður þar sumarbústaður, en föst búseta tekin upp um 1960. Grjótgarður umlykur túnið heiðarmegin," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Hátún stóð í Hátúnstúni, sem girt var Grjótgörðum [005]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Hátún er um 160 m suðaustur af Kálfatjörn GK-151:001.
Hátún stendur nokkuð hátt og lækkar landið til suðurs og vesturs. Innan golfvallar.
Bærinn í Hátúni hefur að líkindum staðið á náttúrulegri hæð og bæjarhóllinn ekki verið afgerandi. Engin hús eða tóftir sjást lengur á bæjarstæðinu nema stöku steinaraðir og golfteigur er nú norðvestast á bæjarhólnum. Umfang bæjarhólsins sjálfs er um 35 x 20 m og snýr hann suðaustur-norðvestur. Mesta hæð bæjarhólsins er um 1 m. Leifar kálgarða sem voru umhverfis bæinn sjást enn að miklu leyti. Grjóti hefur verið bætt í þessa garða sumstaðar og norðaustast á svæðinu er dálítill grjóthryggur innan við garð. Samkvæmt túnakorti voru bæjarhúsin um 20 x 10 m að stærð og sneru norðaustur-suðvestur. Kálgarðarnir umhverfis bæjarstæðið girtu af svæði sem var um 30 x 40 m að stærð og sneri norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; Ö-Kálfatjörn, 10; Túnakort 1919

GK-154:002 heimild um 64°00.910N 22°17.571V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró rétt innan við kálgarð fast suðvestan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Golfvöllur er nú þar sem þróin var.
Ekki sést til minja.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919


GK-154:003 hleðsla útihús
64°00.900N 22°17.566V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var nokkuð stórt útihús rétt suðvestan við bæjarhúsin 001.
Mikið er búið að raska minjum á þessum stað og golfvöllur er nú á bæjarstæðinu.
Ekki sést til þessa húss nema að mjög litlu leyti. Nokkrir steinar sjást í röð þar sem húsið hefur verið, um 3 m sunnan við golfteig. Grjótröðin er í halla mót suðri. Steinaröðin er um 2 m á lengd, einföld, snýr suðaustur-norðvestur, stendur um 0,2 m upp úr grassverði og er um 0,3 m á breidd. Norðvestast í hleðslunni eru steyptar hellur.


Hleðsla 003, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919

GK-154:004 tóft útihús 64°00.920N 22°17.503V


Tóft 004, horft til austurs



Tóft 004

Á túnakort frá 1919 er útihús merkt við túngarðinn 005 í austri. Er það um 200 m austur af 001 og 80 m norðaustan við golfskála. Tóftir hússins sjást enn.
Tóftin er á golfvelli. Utan hans er hraun og flatlent mólendi. Grjót- og torfhlaðin tóft, 12 x 4,5 m að utanmáli, sem snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt og er syðra hólfið stærra, 6 x 2,5 m að innanmáli. Hið minna og nyrðra er 2,5 x 2,5 m að stærð. Breidd útveggja er 1 m en innveggurinn sem aðgreinir hólfin er 1,5 m breiður. Hæð veggja er 1,2 m. Op er á báðum hólfum. Á hinu stærra er það í norðvesturhorni á langvegg en í suðvesturhorni minna hólfsins. Bæði opin eru 1 m breið. Tóftin stendur hátt og er afar áberandi. Hún er grasi gróin og sjá starfsmenn golfvallarins um að slá hana.


Garðlag 005, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919

GK-154:005 *Grjótgarðar* garðlag túngarður
64°00.893N 22°17.655V
"Úr austurhorni Kálfatjarnartúns liggur girðing til austurs út að Heiðargarði [GK-151:022]. Hún skilur tún Fjósakots [GK-155] og Hátúns en svo heitir býli, sem er suðaustan megin upptúns á Kálfatjörn. Má það í raun kallast austurhorn Kálfatjarnartúns. Það fór í eyði um 1920. Árið 1941 var byggður þar sumarbústaður, en föst búseta tekin upp um 1960. Grjótgarður umlykur túnið heiðarmegin," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Hátún stóð í Hátúnstúni, sem girt var Grjótgörðum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Talsverðar leifar túngarðsins sjást enn. Garðlag liggur frá veginum að Kálfatjarnarkirkju til austurs, í


kringum púttvöllinn neðan golfskálans, til norðausturs að golfskálanum og fram hjá honum suðvestanverðum. Þaðan stefnir hann til vesturs inn á flöt þar sem hann hverfur. Í upphafi hefur hann þó líklega náð að veginum aftur. Garðlagið liggur í jaðri golfvallarins.
Grjóthlaðinn garður, 1-2 m á breidd og u.þ.b. 0,4 -1,2 m hár. Afmarkar hann svæði sem er um 160 x 120 m að stærð og snýr í norðaustur-suðvestur. Heildarlengd garðsins er um 310 m. Hæstur er hann við golfskálann þar sem hann virðist hafa verið endurhlaðinn að hluta. Nyrsti hluti garðlagsins sem liggur inn á flöt á golfvellinum er ógreinilegastur og hefur verið girt yfir hann. Við púttvöllinn, þann hluta sem merktur er útgræðsla á túnakorti, er suðvesturhorn garðlagsins horfið. Garðlagið hefur víða verið rofið og göngustígar verið lagðir í gegnum það.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; Ö-Kálfatjörn, 10

GK-154:006 heimild um leið 64°00.940N 22°17.732V
Á túnakorti frá 1919 er merkt leið á milli Hátúns og Kálfatjarnarbæjarins GK-151:001 fram hjá kirkjugarðinum 151:002 norðanverðum.
Leiðin liggur þvert yfir golfvöllinn.
Leiðin hefur verið u.þ.b. 160 m löng og legið frá norðaustri til suðvesturs. Engin merki hennar sjást á golfvellinum. Þó er malarborinn stígur meðfram kirkjugarðinum á svipuðum slóðum og leiðin lá.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919

GK-155 Fjósakot

Hjáleiga Kálfatjarnar 1703, jarðadýrleiki óviss. Í eyði frá um 1920. Því tilheyrðu 3/4 hlutar Nausthólsvíkur. Ö-Kálfatjörn, 6. "Fjósakot var smá grasbýli frá kirkjujörðinni á Kálfatjörn. Var það norðaustur af kirkjugarðinum." GJ: Mannlíf og mannvirki, 330
1919: Tún 1,3 teigar, garðar 500m2.

GK-155:001 *Fjósakot* bæjarhóll bústaður 64°00.970N 22°17.514V
"Ofan Móakots (fjær sjó) er Fjósakot. Túnin liggja saman og einnig bæði að Kálfatjarnartúni. Bærinn í Fjósakoti stóð á stórri hólbungu í miðju túni. Þar sér nú aðeins grjóthrúgur. Mold úr rústunum var tekin til uppfyllingar í grafreitinn á Kálfatjörn. [...] Fjósakot fór í eyði um 1920. Í Móakoti [GK-153] og Fjósakoti voru hlaðnir garðar [GK-151:077, ath. einnig GK-153:005] umhverfis dálitla móa, er næstir voru túnum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Fjósakot stóð í Fjósakotstúni og lágu að því Grjótgarðurinn Syðri og Grjótgarðurinn Nyrðri [003]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Fjósakot er um 200 m austur af bæjarstæðinu á Kálfatjörn GK-151:001 og 170 m austur af Kálfatjarnarkirkju GK-151:002.



Bæjarhóll Fjósakots 001

Tóftin er innan golfvallar. Mosagróið hraun er utan vallarins.



Bæjarhóll Fjósakots 001, horft til vesturs



Bæjarhóll Fjósakots 001, horft til suðausturs

Bærinn hefur staðið á litlum hól, u.þ.b. 26 x 30 m stórum og 2 m háum sem snýr í austur-vestur. Samkvæmt túnakorti stóð húsaþyrping nyrst á hólnum. Túnakortið virðist sýna 8 byggingar (þó teiknaðar í einni þyrpingu, sjálfsagt að miklu leyti sambyggðar og því erfitt að aðgreina þær) en aðeins er hægt að greina leifar sex bygginga á hólnum. Nú sést lítið til þeirra en svo virðist sem sléttað hafi verið úr minjum ofan á hólnum. Þó má enn greina garðlag nyrst meðfram bungunni (A). Einnig eru tvær grjóthrúgur vestast á hólnum (B). Þar skammt suðvestur af er 2 x 3 m stórt svæði sem er örlítið hærra og afar grýtt. Líklega hefur bygging staðið þar (C). Þar suðvestan við má glitta í flata steina undir gróðrinum. Hugsanlegt er að þeir séu leifar gangstéttar, um 2 x 4 m að stærð (D). Sunnan við steinlögnina má greina veggjarbrot þvert á garðlagið sem afmarkar hólinn frá vestari kálgarðinum. Sunnan við það er grýtt svæði, 5 x 3 m að stærð. Líklegt er að þar hafi einnig staðið bygging (E). Garðlag afmarkar hólinn í austri. Í framhaldi af því, til suðvesturs, eru leifar byggingar, 6 x 3 m að stærð og snýr í suðvestur-norðaustur (F). Í suðvestri er tóftin full af grjótruðningi. Breidd veggja er 0,6 m og hæð þeirra 0,3 m. Eru þeir grjóthlaðnir. Þar vestur af eru leifar húss með steinsteyptum grunni/kjallara (G). Það stendur í jaðri bæjarhólsins og er byggt inn í hann. Norðvesturgaflinn virðist þó hafa verið grjóthlaðinn. Er hann mikið hlaðinn. Hvergi sjást ummerki inngangs. Breidd veggja er um 0,2 m og hæð þeirra 1 m. Breidd grjóthlaðna veggjarins er þó 0,7 m. Sitt hvoru megin við hólinn, þ.e. norðan og sunnan við hann voru kálgarðar. Garðarnir eru enn afar greinilegir. Sá syðri er 20 x 26 m að utanmáli en sá vestari 10 x 22 m. Báðir snúa í austur-vestur. Garðarnir eru grjóthlaðnir en nú vaxin grasi. Veggir þeirra eru um 1 m að breidd og 0,7 m að hæð. Allur hóllinn er grasi gróinn og sleginn af golfvallarstarfsmönnum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 7; Ö-Kálfatjörn, 9; Túnakort 1919

GK-155:002 heimild um 64°00.972N 22°17.545V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró, 5-10 m vestan við bæjarhúsin 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Bæjarhóll Fjósakots er nú á miðjum golfvelli. Utan golfvallarins er mosagróið hraun.
Ekki sást til fornleifar á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1919

GK-155:003 *Grjótgarðurinn Nyrðri* garðlag túngarður 64°00.930N 22°17.503V
"Fjósakot [001] stóð í Fjósakotstúni og lágu að því Grjótgarðurinn Syðri og Grjótgarðurinn Nyrðri." segir í örnefnaskrá. Umhverfis Fjósatún liggur garðlag. Líklega er það Grjótgarður Syðri eða Nyrðri eða þeir báðir saman. Garðlagið liggur austan við Fjósakot, um 50 m frá bæjarstæðinu 001.
Garðlagið er innan golfvallar. Mosagróið hraun er utan vallarins.
Grjóthlaðinn túngarður, um 1 m á breidd og 0,3 m hár. Hann afmarkar að norðan og austanverðu svæði sem er um 170 x 170 m að stærð. Garðlagið á upphaf að sunnan við garð 005 og liggur þaðan í sveig til austurs og síðan vesturs um 250 m. Þar hefur golfvallarflöt verið rudd þvert í gegnum hann



Garðlag 003, horft til norðvesturs


og hefur hleðslan þurft að víkja þar á 30 m kafla. Þaðan liggur garðlagið um 50 m til norðvesturs. Garðurinn hefur að auki verið rofinn 40 m frá nyrðri enda hans þar sem önnur flöt liggur í gegn. Einnig hafa fjögur op, um 2 m breið, verið rofin í garðinn þar sem gönguleiðir innan golfvallarins liggja. Garðurinn er grasi gróinn en víða sést glitta í skófum- og mosavaxna steina.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9

GK-155:004 *Vatnsgjá* brunnur vatnsból
64°00.993N 22°17.617V
"Hér var Vatnsstæðið vatn í klöpp og þraut aldrei, sem einnig var nefnt Vatnsgjá," segir í örnefnaskrá. Vatnsstæðið er milli tveggja lágra hóla um 90 m norðvestur af bæ 001.
Vatnsbólið er innan golfvallar. Mosagróið hraun er utan vallarins.
Vatnsgjá er 1,4 m djúp dæld og 3 x 2,5 m stór. Glitta sést í grjót í dældinni og hefur líklega verið hlaðið ofan í hana. Hún er nú gróin grasi og er þurr.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9


Brunnur 004, horft til suðvesturs

GK-155:005 garðlag óþekkt 64°00.974N 22°17.453V
Garðlag er um 10 m norðvestur af túngarði 003 og 55 m austur af bæ 001.
Garðlagið er innan golfvallar. Mosagróið hraun er utan vallarins.
Um 10 m langt garðlag liggur frá norðaustri til suðvesturs utan í hæð. Breidd þess er 1,2 m og hæð 0,8 m. Hugsanlegt er að það hafi verið hluti af gerði eða nátthaga en sökum þess hversu lítill hluti hefur varðveist er ómögulegt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 9

GK-155:006 tóft+garðlag útihús 64°00.978N 22°17.519V



Tóft og garðlag 006


Tóft og garðlag 006, horft til norðvesturs

Um 5 m norðan við norðausturhorn austari kálgarðs á bæjarhóli (sjá 001) er þúst og garðlag. Erfitt er að gera sér grein fyrir aldri tóftarinnar þar sem sléttað hefur verið úr henni.
Tóftin er á miðjum golfvelli. Gróið hraun er í kringum völlinn.
Greina má 5 x 4 m stóra þúst í flötinni. Líklega er um að ræða ógreinilega tóft útihúss. Þústin snýr í VSV-ANA. Er hún niðurgrafin og er dýpst 0,3 m. Norðvesturveggur stendur hæstur, um 0,2 m ofan við jörð. Breidd hans er u.þ.b. 1 m en aðrir veggir eru aðeins 0,3 m breiðir. Veggir eru líklega torf- og grjóthlaðnir og glittir í steina í suðausturhorni þústarinnar. Norðan við hana liggur garðlag samsíða gaflinum. Hefst það við suðausturhorn tóftarinnar og liggur til norðvesturs. Það er samtals um 40 m langt. Breiðast er það um 2,5 m en sums staðar nær það aðeins 1 m breidd. Garðlagið er 0,3 m hátt en hefur hrunið mikið til hliðanna. Nú er það grasi gróið en víða sést í grjót.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-155:007 álagablettur huldufólksbústaður
Herdís Erlendsdóttir, síðasti ábúandi Kálfatjarnar, sagði forsvarsmönnum Golfklúbbs Vatnsleysustrandar frá þeirri

trú að illt hlytist af því að slá þúfu á hól sjávarmegin við Fjósakot því í hólnum byggi huldufólk. Starfsmenn golfvallarins hafa látið það vera að slá þúfuna. Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi og ekki var heldur tekið hnit á vettvangi því upplýsingar um staðsetningu bárust eftir að vettvangsvinnu lauk en að líkindum er hóllinn og þúfan í landi Fjósakots, norðvestan við bæinn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

GK-156 Bakki

1703 var jarðadýrleiki óviss, Kálfatjarnarkirkjueign. Bakkakrókur eyðihjáleiga 1703. [1379]: Kirkjan á Kálfatjörn á jarðirnar Bakka og Flekkuvík. (DI III 340) [1477]: Kirkjan á Kálfatjörn á jarðirnar Bakka og Flekkuvík. (DI VI, 124). Bjarg var tómthús frá Kálfatjörn en fór í eyði 1934 og sameinaðist Bakka. Litlibær var tómthús í upphafi (fyrir 1884), en síðar grasbýli frá kirkjujörðinni Kálfatjörn. (GJ: Mannlíf og mannvirki, 333-340). Bakki (nýi) fór í eyði árið 1963 (Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10). "Það mun rétt vera að núverandi Bakki sé þriðji bústaðurinn sem vitað er um þar. Fyrsti Bakki er kominn út í sjó út, annar Bakki er rústir á sjávarkambinum, en sá þriðji var byggður svo langt frá sjó að ekki mun þurfa að hopa með hann fyrir ágangi sjávar á næstunni" (GJ:Mannlíf og mannvirki, 337). "Sagnir eru um, að aðalkirkjan hafi upphaflega staðið á Bakka er þá stóð fram við sjóinn. En vegna landbrots af sjávargangi hafi hún verið flutt að Kálfatjörn" (ÁÓ: Strönd og Vogar, 183).
1703: "Túnin fordjarfast af sands og sjáfarágángi árlega meir og meir, og þarf ábúandinn með kostnaði og ómaki sandinn af að moka og burt að færa. Engjar eru ongvar. Útihagar lakir um sumar, um vetur nær öngvir, nema fjaran." JÁM III, 146. 1919: Tún 1,5 teigar, 760m2. "Norðan eða innan Móakots og Kotagirðingar, þar sem nú eru býlin Bakki og Litlibær ásamt því landi öðru, sem innan Heiðargarðs er frá Móakotsmörkum, var um langan aldur kúabeit frá Kálfatjörn, kölluð Kálfatjarnargirðingar. En þetta hafa áður verið tún og beitarland Bakka hins forna býlis, er þar var, en lagðist í eyði vegna sjávarágangs og lagðist þá undir Kálfatjörn" (Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9). Eftir að bærinn á Bakka var síðast fluttur vegna sjávarágangs árið 1904 fékk ábúandi smám saman útmælt land og ræktaði tún allt frá sjó að Heiðargarði (Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10). Óljóst er hversu mikið land hefur upphaflega tilheyrt jörðinni Bakka. Í örnefnaskrá Kálfatjarnar (4) segir að Kálfatjörn tilheyri "innangarðs allt hið forna Bakkaland að svo miklu leyti, sem það hefur ekki verið selt á leigu og erfðafestu handa Bakka (Nýja), Bjargi og Litlabæ." Líklegt er að Bakka hafi að fornu a.m.k. tilheyrt land frá Bakkarkóki að túnmörkum Nýja-Bakka á móti Kálfatjörn. Einnig eru líkur til þess að jörðin hafi átt land áfram upp í heiðina eins og flestir aðrir bæir á ströndinni. Heiðargarður (GK-151:022) skilur á milli túna og hraunmóa frá Kálfatjörn að Bakkakróki. Í skráningunni er Bakkaland skilgreint þannig að það sé innan Heiðargarðs, frá suðvesturhlið túngarðs Nýja-Bakka að Bakkakróki. Á því svæði eru eyðibýlin Litlibær, Bjarg og Nýi-Bakki, Gamli-Bakki og Bakkakrókur. Utan Heiðargarðs er Bakkastekkur en hann er skráður með Kálfatjörn. Ekki eru aðrar minjar utan Heiðargarðs sem tengjast Bakka svo vitað sé.

GK-156:001 *Gamli-Bakki* bæjarhóll bústaður 64°01.269N 22°17.542V




Bæjarhóll Bakka 001, horft til norðvesturs



Rof á bæjarhóll Bakka 001, horft til suðvesturs.

"Niður við sjó eru varir nefndar Bakkavarir verstu lendingar á allri ströndinni, þar oft brim og ólendandi, þar innaf eru tóftir eftir kot sem hét Bakki er svo var flutt undan sjó þar sem nú er bærinn við sjóinn," segir í örnefnaskrá Bakka, Móakots og Bjargs. "Á Gamla-Bakka mun þó fljótlega hafa verið tekin upp búseta á ný, en þá líklega sem tómthús. En víst er um það, að á ofanverðri 19. öld var myndarlega húsað á Bakka. Þar var loftbaðstofa og einnig voru þar allstórir kálgarðar og túnblettir. Gamli-Bakki, en svo eru rústirnar kallaðar, stóð á sjávarbakkanum nokkuð miðsvæðis, upp af Bakkatöngum [...]. Nálægt síðustu aldamótum var sjór farin að brjóta svo nálægt bænum, að ekki þótti annað fært en flytja hann frá sjónum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Bakki var grasbýli frá kirkjujörðinni Kálfatjörn. [...] Það mun rétt vera að núverandi Bakki [003] sé þriðji bústaðurinn sem vitað er um þar. Fyrsti Bakki [008] er kominn í sjó út, annar Bakki er rústir af sjávarkampinum, en sá þriðji var byggður svo langt frá sjó að ekki mun þurfa að hopa með hann fyrir ágangi sjávar á næstunni." Gamli-Bakki er 200 m suðaustan við núverandi bæjarstæði Bakka 003. Á túnakorti má sjá ýmis garðlög, hús og húsaleifar þar sem Gamli-Bakki stóð. Suðvestan við gamla bæjarstæðið var ræktað út tún eftir að bærinn var fluttur árið 1904 og tilheyrði það tún Bjargi. Gamli-Bakki er fast norðvestan við Bakkatjörn. Sumt af því sem er á túnakortinu er horfið vegna ágangs sjávar og vegna fjörugrjóts sem borist hefur upp á bakkann og hylur e.t.v. sumar minjarnar.



Bæjarhóll Bakka 001

Gamli-Bakki stendur fram á sjávarbakka. Í fjörunni til norðurs og norðvesturs er klapparfjara en sunnan við hann er Bakkatjörn. Grasi gróið er allt í kringum minjarnar og grýtt.

Í bók Árna Óla, Strönd og vogar segir: "Sagnir eru um, að aðalkirkjan hafi upphaflega staðið á Bakka er þá stóð fram við sjóinn. En vegna landbrots af sjávargangi hafi hún verið flutt að Kálfatjörn. En þar sem Bakki stóð áður sé nú grængolandi sjór. [...] Aðfaranótt 3. febrúar 1779 gerði mikið sjávarflóð og skemmdist Bakki þá svo að hann var í eyði það ár, en grasbýli sem hét Naustakot [GK-152] tók alveg af. Erfitt er að gera sér grein fyrir stærð bæjarhólsins vegna gróðurs og sjávarrofs en sýnilegar leifar hans eru um 15 x 15 m að stærð og mesta hæð um 1 m. Á bæjarhólnum er minjasvæði sem er um 12 x 12 m að stærð. Tóft gamla bæjarins A) er um 12 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan tóftarinnar má greina eitt hólf í sömu stefnu, grjóthlaðið en ef til vill er einnig torf neðst. Hólfið er um 7 x 4,5 m að innanmáli. Mesta hleðsluhæð er um 1,5 m utanmáls. Hólfið er breiðara í suðvesturendanum því í norðausturendanum stendur meira af veggjum. Tóftin virðist hafa fyllst af hruni og áfoki. Ekki er hægt að greina frekari hólf eða útlínur í þessari tóft. Suðaustan við tóftina og samhliða henni eru tvær samliggjandi grjótþústir B), grasi grónar. Sú sem er suðvestar er um 4 x 4 m að stærð en sú sem er norðvestar er um 2,5 x 4 m að stærð. Þessar þústir eru að líkindum hrun úr bæjarhúsum eða hluti af þeim. Samkvæmt túnakorti var þarna lítið hús. Þar framan við til suðurs, á milli grjótþústa og túngarðs sem liggur frá sjávarbakkanum austan við Gamla-Bakka til suðvesturs, er lítið gróið garðbrot E), um 3 m langt. Ekki sést í hleðslur en það finnst fyrir þeim undir sverði. Ekki er unnt að greina frekari minjar hér vegna gróðurs og mikils sjávargrjóts og rofs. Sjórinn er nú farinn að rífa í bæjartóftina og í rofabakkanum sést í hleðslur, torf, bein og lög af skeljum og fiskbeinum. Á túnakorti er útihús C) 5-10 m norðan við Gamla-Bakka sem nú er horfið.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Túnakort 1919, Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9-10; GJ: Mannlíf og mannvirki, 335-337; Árni Óla: Strönd og vogar, 183

GK-156:002 heimild um kirkju

Í bók Árna Óla, Strönd og vogar, segir: "Sagnir eru um, að aðalkirkjan hafi upphaflega staðið á Bakka er þá stóð fram við sjóinn. En vegna landbrots af sjávargangi hafi hún verið flutt að Kálfatjörn. En þar sem Bakki stóð áður sé nú grængolandi sjór. [...] Aðfaranótt 3. febrúar 1779 gerði mikið sjávarflóð og skemmdist Bakki þá svo að hann var í eyði það ár, en grasbýli sem hét Naustakot [GK-152:001] tók alveg af." Ef kirkja hefur verið á Bakka er líklegt að

hún hafi staðið þar sem elsta þekkta bæjarstæðið var en það er nú komið út á sjó og löngu horfið og því ólíklegt að nokkrar leifar kirkju eða krikjugarðs kunni að koma í leitirnar héðan í frá, nema að kirkjan hafi fylgt bænum eftir að hann var fluttur á bæjarstæði 001 en engar sagnir eru um slíkt. Ennfremur er erfitt að fullyrða nokkuð um að kirkja hafi verið á Bakka þar sem engar fornar heimildir eru til um hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Árni Óla: Strönd og vogar, 183

GK-156:003 *Bakki* hús bústaður 64°01.168N 22°17.451V



Bæjarstæði Bakka 003, horft til norðvesturs

"Niður við sjó eru varir nefndar Bakkavarir [011] verstu lendingar á allri ströndinni, þar oft brim og ólendandi, þar innaf eru tóftir eftir kot sem hét Bakki [001] er svo var flutt undan sjó þar sem nú er bærinn við sjóinn," segir í örnefnaskrá Bakka, Móakots og Bjargs. "Á Gamla-Bakka mun þó fljótlega hafa verið tekin upp búseta á ný, en þá líklega sem tómthús. En víst er um það, að á ofanverðri 19. öld var myndarlega húsað á Bakka. Þar var loftbaðstofa og einnig voru þar allstórir kálgarðar og túnblettir. Gamli-Bakki, en svo eru rústirnar kallaðar, stóð á sjávarbakkanum nokkuð miðsvæðis, upp af Bakkatöngum [...] Nálægt síðustu aldamótum var sjór farinn að brjóta svo nálægt bænum, að ekki þótti annað fært en flytja hann frá sjónum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Bakki var grasbýli frá kirkjujörðinni Kálfatjörn. [...] Það mun rétt vera að núverandi Bakki sé þriðji bústaðurinn sem vitað er um þar. Fyrsti Bakki [008] er kominn í sjó út, annar Bakki [001] er rústir af sjávarkampinum, en sá þriðji var byggður svo langt frá sjó að ekki mun þurfa að hopa með hann fyrir ágangi sjávar á næstunni." Á sama stað kemur fram að bærinn var byggður fyrir 1850. Þar var tómthús fram til 1900 en þá var ræktað þar upp. Núverandi bæjarstæði Bakka er um 200 m suðaustan við Gamla-Bakka 001.
Íbúðarhúsið á Bakka og útihús standa í sléttum túnbletti og lítill garður er í kringum húsið.
Ekki eru nein merki um bæjarhól á núverandi bæjarstæði Bakka eða uppsöfnun mannvistarleifa. Íbúðarhúsið er bárujárnsklætt timburhús frá 1904 og sambyggt því er steypt yngra hús, heldur minna, óvíst er hvenær það var reist. Bæði húsin eru með ris undir súð og kvistur er til suðvesturs á risi bárujárnshússins. Saman eru húsin um 9 x 5 m að stærð, snúa suðvestur-norðaustur en eldra húsið er um 5 x 5 m og það yngra 4 x 5 m að stærð. Um 4 m eru upp í mæni á yngra húsinu en um 5 m á því eldra. Dyr eru á miðri norðausturhlið yngra hússins og á norðvesturgafli þess. Ekki eru dyr á eldra húsi nema inn í það yngra á norðausturvegg. Ekki er að sjá eldri byggingaleifar á hlaðinu. Um 6 m vestan við íbúðarhús er bárujárnsklætt útihús með þrjár burstir, það er um 16 x 11 m að stærð fyrir utan lítið gróðurhús sem byggt hefur verið við suðvesturenda þess. Húsið snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9-10; GJ: Mannlíf og mannvirki, 335-337; Túnakort 1919

GK-156:004 heimild um 64°01.170N 22°17.460V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 10 m vestan við Bakka 003. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Bárujárnsklætt útihús stendur nú þar sem þróin á túnakorti stóð áður. Húsið er í sléttu túni.
Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-156:005 heimild um útihús 64°01.162N 22°17.482V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru útihús um 20 m í vestur frá Bakka 003, um 5 m suðvestan við útihús 004. Samkvæmt túnakortin skiptist þetta hús í 4 hólf og sneri norðvestur-suðaustur. Mögulega hefur þetta útihús verið fjós en í örnefnaskrá segir að Hreppagarður 013 hafi verið neðan við fjósið og á túnakorti er kálgarður um 10 m neðan (VNV) við þetta útihús. Sá kálgarður er að líkindum Hreppagarður.
Útihúsið hefur staðið þar sem nú er spennustöð, skammt suðvestan við núverandi bárujárnsklædd útihús, í sléttu

túni.
Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1; Túnakort 1919

GK-156:006 heimild um útihús 64°01.158N 22°17.532V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 60-70 m vestan við Bakka 003.
Slétt tún en virðast ekki vera slegin lengur.
Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919


GK-156:007 heimild um útihús 64°01.162N 22°17.424V
Samkvæmt túnakorti var tvískipt hús um 20 m suðaustan við Bakka 003.
Sléttað tún.
Ekki sést til minja. Um 20 m sunnan við staðinn þar sem húsið stóð er mikil grjóthrúga utan túns og má vera að umrætt grjót hafi verið rutt úr húsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-156:008 *Bakki (elsta bæjarstæði)* heimild um bústað
"Það mun rétt vera að núverandi Bakki [003] sé þriðji bústaðurinn sem vitað er um þar. Fyrsti Bakki er kominn út í sjó, annar Bakki [001] er rústir á sjávarkambinum, en sá þriðji var byggður svo langt frá sjó að ekki mun þarfa að hopa með hann fyrir ágangi sjávar á næstunni."
Ekki sést til fornleifar.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 337

GK-156:009 *Naustin* tóftir naust 64°01.227N 22°17.586V


Leifar af mannvirkjum 009A-B, horft til suðurs

"Bakkavarir [011] voru hér við Bakkakampinn en eftir honum lá Bakka-Sjávargarðurinn, Bakka-Naust og Bakka-Skiparétt," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. "Um 80 m sunnan við rústir Gamla-Bakka er Bakkavör ásamt skiparétt og sjávarhúsum. Í Bakkavör eiga einnig Litlibær, Móakot, Fjósakot og Hátún uppsátur. Örstutt upp frá Naustunum var býlið Bjarg [017] [...]," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru ýmis mannvirki niður við sjó, um 150 m norðvestan við Bakka 003 og 60 m SSV við



Minjar við Naustin 009

Gamla-Bakka 001. Þau eru skráð hér sem ein minjaheild auk annarra minja sem eru á svæðinu en ekki eru á túnakorti. Minjarnar á túnakorti fá sinn bókstaf, sem og þær minjar sem ekki eru sýndar þar. Á túnakortinu eru eftirfarandi mannvirki sýnd: Fyrst er að nefna tvískipt hús A) suðaustan við Bakkavör. Þar örfáum metrum suðaustar er eitt allstórt hús B). Spil C) til að draga báta á land er ASA við vörina og um 10 m norðaustan við B). Um 10 m norðaustan við C) er svo stórt hús D) sem skiptist í 4 hólf og er eitt þeirra opið til norðvesturs. Umhverfis allt þetta svæði er garður sem skráður er með býlinu Bjargi 017 þar sem hann afmarkaði tún sem tilheyrði því býli.



Leifar af spili 009C, horft til suðvesturs

Allgrýttur en vel gróinn sjávarbakki með litlum mýrarblettum.

Minjarnar eru á svæði sem er um 35 x 50 m að stærð og snýr NA-SV. Þar voru samtals skráðar 7 minjar. Lítið sést orðið af húsi A á túnakorti), annað en hluti af einum vegg. Annað hefur hrunið vegna sjávarágangs. Fjörugrjót er í hleðslu og sementslím heldur henni saman. Veggurinn er greinanlegur á um 6 m kafla og hann stendur enn á 4 m löngum kafla. Veggurinn snýr norðaustur-suðvestur. Hann er um 0,5 m á þykkt og um 1,7 m á hæð. Um 1 m ofan við vegginn, til suðausturs, er steypt hús undir þaki í sömu stefnu og veggurinn, er um 9 x 5 m að stærð. Í suðvesturenda hússins eru steinhlaðnir veggjarbútar úr eldri byggingu í langveggjum, að öllum líkindum úr húsi B) á túnakorti. Sementslím er milli steina í steinhlöðnu veggjunum og eru þeir hvor um sig um 2 m á lengd og 1,5 m á hæð en ekki var hægt að sjá breidd þeirra. Gluggar eru á húsinu, 3 á hvorri langhlið og stórar dyr til norðausturs. Litlar dyr og gluggi eru á suðvesturstafni. Suðvestan og sunnan við steinsteypta húsið er stétt G), þar sem steypa hefur verið sett ofan á steinlögn. Hún er um 7 m löng og um 1 m á breidd. Leifar spils C) sjást enn, þar er grjóthlaðinn grunnur undir og sést aðeins hluti af honum, er um 4 x 2 m, snýr norðaustur-suðvestur. Viðarleifar sjást þar norðvestan við. Einnig sjást leifar af húsi D) sem sýnt er á túnakorti: næst leifum af spili C) er veggjarbútur, um 1,5 x 3 m, snýr norðaustur-suðvestur, steinhlaðinn með steypuleifum. Þar fast við til suðausturs er steyptur grunnur, um 2 x 4 m, snýr norðvestur-suðaustur. Fast við grunninn til norðausturs er grjóthlaðin tóft, einföld, um 5 x 6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Tóftin er gróin en aðeins 2 veggir hennar eru sýnilegir, norðaustur- og suðausturveggir. Um 14 m norðvestan við C) eru óljósar mannvirkjaleifar F) á svæði sem er um 1,5 x 5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Þar sjást steinar á dreif sem eru mjög grónir ofan í grassvörðinn. Líklegt er að fleiri mannvirki hafi verið þar norðaustan við. Þar er nokkuð sléttur grasbali með stöku steinum, um 4 x 3 m að stærð. Að lokum er óljóst garðlag E) sem liggur til norðausturs frá tóft D. Það er um 10 m langt, það liggur yfir mýrlendi að Bakkatjörn og er mjög sokkið, sést aðeins móta fyrir því og nokkrir steinar sjást. Líklegast hafa flestar minjarnar á svæðinu fyrir utan garðlag verið naust, skiparéttir eða annað sem viðkemur fiskveiðum. Flestar minjanna eru fremur ungar en elstu minjarnar eru að líkindum tóft D) og óljósa garðlagið E). Annað virðist vera yngra.



Tóft 009D, horft til norðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 8; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10; Túnakort 1919

GK-156:010 *Fjósakotsvör* mannvirki lending

64°01.217N 22°17.616V

"Nokkur býli áttu uppsátur í Bakkavörum. Þar var Bakkavör [011], Fjósakotsvör og Móakotsvör [020]," segir í örnefnaskrá. Sunnan við Bakkavör 011 eru 2 grunnar víkur milli klappa. Sú syðri af þessum hefur verið hentugri sem lending því niður að henni til vesturs er aflíðandi halli en innan (austan) við hina



Fjósakotsvör 010, horft til vesturs

víkina er klöpp sem lokar henni til austurs. Líklega hefur Fjósakotsvör verið í syðri víkinni, um 30 m sunnan við Bakkavör 011 og um 160 m norðvestan við Bakka 001. Birna Jóhannesdóttir, heimildamaður, vissi ekki um nákvæma staðsetningu hennar.
Í fjörunni eru klappir og sker og nokkuð af lausu fjörugrjóti þar ofan á. Aflíðandi brekka er frá vörinni til austurs upp á sjávarbakka.
Vörin er milli tveggja klappa, um 5 x 5 m að innanmáli. Upp af vörinni er slétt klöpp og á henni nokkuð af lausu fjörugrjóti. Ekki er ljóst hvort vörin er alveg náttúruleg eða mannaverk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 8

GK-156:011 *Bakkavör* mannvirki lending 64°01.233N 22°17.608V



Bakkavör 011, horft til NNV

Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls var árið 1703 heimræði og ágæt lending á Bakka. "Niður við sjó eru varir nefndar Bakkavarir verstu lendingar á allri ströndinni, þar oft brim og ólendandi, þar innaf eru tóftir eftir kot sem hét Bakki [001] er svo var flutt undan sjó þar sem nú er bærinn [003] við sjóinn," segir í örnefnaskrá Bakka, Móakots og Bjargs. "Um 80 m sunnan við rústir Gamla-Bakka [001] er Bakkavör ásamt skiparétt og sjávarhúsum [009]. Í Bakkavör eiga einnig Litlibær, Móakot, Fjósakot og Hátún uppsátur," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Bakkavör er um 85 m suðvestan við Gamla-Bakka 001.
Vörin er í stórgrýttri klapparfjöru. Ofan við vörina til suðausturs eru hlaðnir steinveggir og steypt hús undir bárujárnsþaki.
Vörin er um 20 x 7 m að stærð og snýr austur-vestur. Til suðurs er hún afmörkuð af klappartanga en að norðan virðist vera manngerð hleðsla sem liggur austur-vestur að litlu skeri og afmarkar þá hlið. Frá skerinu að landi er hleðslan um 10 m löng og 2 m breið. Þá tekur steinlögn við á um 5 m löngum kafla, langleiðina að sjávarbakkanum. Steinlögnin er um 4 m breið og nær yfir að klappartanganum sunnanmegin. Þar ofan við, til suðausturs upp á bakka, er mikið stórgrýti á stórri klöpp sem sjórinn hefur borið með sér og rótað til. Hleðslan og steinlögnin eru úr stóru fjörugrjóti, aðeins sést eitt umfar hleðslu. Erfitt er að segja til um hleðsluhæð þar sem hún var að hluta til undir sjó þegar skráningin fór fram. Líklega er hún ekki mikið hærri en 0,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 146; Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10

GK-156:012 garðlag túngarður 64°01.205N 22°17.517V



Garðlag 012, horft til norðvesturs

Samkvæmt túnakorti var túngarður umhverfis túnið á Bakka 003, næst bænum og niður í fjöru. Annar garður 019 var suðaustan við þennan garð þar sem meira var um klappir í túni og er hann skráður sérstaklega.
Túngarðurinn er sumsstaðar í túni og annarsstaðar í túnjaðri.
Túngarður þessi hefur allsstaðar verið rifinn nema á stuttum kafla milli kálgarðs sem tilheyrir Litlabæ 023 og kálgarðs sem tilheyrir Bjargi 017, og er á mörkum milli Litlabæjar og Bakka. Garðurinn er grjóthlaðinn, liggur norðvestur-suðaustur og er um 45 m langur. Mesta hleðsluhæð er um 1,2 m og hann er 1,2 m á breidd. Samkvæmt túnakorti hefur túngarðurinn afmarkað allar hliðar svæðis sem er um 160 x 100 m og snýr norðvestur-suðaustur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1919


GK-156:013 *Hreppagarður* örnefni kartöflugarður 64°01.156N 22°17.528V
"Hreppagarður er hluti af Bakkatúni er niður af fjósinu," segir í örnefnaskrá. Um aldamótin 1900 átti að rækta þar kartöflur. Óvíst er hvar þessi garður hefur verið en líkur eru til þess að hann sé sami garður og merktur er á túnakort, fáum metrum suðvestan við útihús 006. Hann var um 10 m neðan og suðvestan við útihús 005 sem kann að hafa verið fjósið og 65 m VSV við Bakka 003. Birna Jóhannesdóttir, heimildamaður, vissi ekki hvar Hreppagarður var.
Sléttað tún.
Garðurinn á túnakortinu er um 20 x 20 m að stærð. Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1, Túnakort 1919

GK-156:014 heimild um fjós
"Hreppagarður er hluti af Bakkatúni er niður af fjósinu," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar þetta fjós hefur verið en líkur eru á því að það hafi verið eitt af útihúsum sem merkt eru á túnakort. Útihús 005 kemur helst til greina. Líklegt er að örnefnið Fjósaboði vísi til sama fjóss.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bakki, Móakot og Bjarg, 1; Ö-Kálfatjarnarhverfi 11 og Túnakort 1919

GK-156:015 *Bakkavötn* heimild um þvottastað 64°01.254N 22°17.591V
"[...] fjöruvötn, en svo voru kallaðar uppsprettur, er komu í ljós þegar út fjaraði. Voru þau all víða. Þessar uppsprettur voru oft kenndar við bæina, til dæmis Bakkavötn. Við þau var þvegin ull og þvottur. Var þá gerð stífla úr steinum og þangi," segir í örnefnaskrá. Þvottastaðurinn er tæplega 200 m norðvestur af Bakka 003 og um 50 m suðvestur af Gamla-Bakka 001.
Þarna í fjörunni er klapparhella með hæðir og lægðir. Nokkuð grýtt er á svæðinu og mikið þang.
Hvorki sáust uppsprettur né leifar stíflu á svæðinu en það er um 20 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Það er stutt frá sjávarbakkanum og aðgengi að því er gott. Heimildamaður, Birna Jóhannesdóttir, taldi að ekki hefði lengur verið þvegið í Vötnunum þegar að hún kom að Bakka um 1960.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 3

GK-156:016 heimild um mógrafir 64°01.262N 22°17.535V
"Ofan rústanna [001] og kampsins er Bakkatjörn, allstór tjörn, vaxin mýrgresi og broki. Þar var allgóð mótekja," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Birnu Jóhannesdóttur, heimildarmanni voru mógrafirnar fast upp við og norðvestan við túngarð 017A sem skilur á milli Gamla-Bakka 001 og Bakkatjarnar og um 14 m suðaustan við rústir Gamla-Bakka 001.
Mjög grasi gróið og grýtt er á svæðinu norðvestan við túngarðinn. Þar er jarðvegurinn alveg þurr. Þegar skráning fór fram var Bakkatjörn einnig þurr og gróður í botni hennar.
Tekinn var mór fram undir 1930. Ekki var hægt að sjá merki um mógrafir norðvestan við túngarð né annarsstaðar þar í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 9-10

GK-156:017 *Bjarg* tóft+garðlag býli 64°01.213N 22°17.541V
"Örstutt upp frá Naustunum [009] var býlið Bjarg, hafði það kálgarð og dálítinn túnblett. Það fór í eyði 1936 og er nú sameinað Bakkatúni. Þar standa enn hús," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. "Niður við Gamla-Bakka [001] stóð býlið Bjarg í Bjargslóð umgirt Bjargsgörðum," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar um mannlíf og mannvirki í hreppnum segir: "Bjarg var tómthús frá kirkjugjörðinni Kálfatjörn. Þau er munu hafa búið þar fyrst, um 1850 voru Jón Ólafsson og kona hans Katrín." Enginn ábúandi eftir 1934. Bjarg er um 105 m sunnan við Gamla-Bakka 001 og um 110 m norðaustan við Bakka 003. Á túnakorti eru eftirtalin mannvirki sem talin eru með býlinu Bjarg: A) Þrískiptur bæjarhús; B) útihús; C) garður sem liggur umhverfis A) og B) og kálgarð; D) garðlag sem er niður við sjó og byggt er við túngarð Bakka 012; E) gerði utan um kvía- eða kúamóa og áfast því er rétt eða annað mannvirki; F) túngarður sem afmarkar lítinn túnblett milli Gamla-Bakka 001 og Bjargs.



Minjar um býlið Bjarg 017



Byggingaleifar á bæjarstæði Bjargs 017

Bærinn stendur á tiltölulega sléttri brún í landslaginu sem liggur norðvestur-suðaustur. Fram af honum til suðvesturs er dálítill bratti



Leifar af kálgarði 017C, horft til VNV


niður að kálgarði og túni. Allt umhverfis bæinn er grasi gróið og nokkuð er um steyptar byggingar á bæjarstæðinu.
1919: Tún 0,27 teigar, garðar 940m2. Heildarstærð minjasvæðisins er um 30 x 60 m og snýr það norðvestur-suðaustur. Auk þess er túngarður F) skráður með Bjargi þar sem túnið innan hans tilheyrði býlinu en hann kann að hafa tilheyrt Gamla-Bakka upphaflega. Samkvæmt túnakorti stóðu bæjarhúsin í röð frá norðvestri-suðausturs. Þar sem bærinn stóð er nú steyptur húsgrunnur og leifar samtengdra húsa sem eru að hluta steypt og að hluta hlaðin. Húsin standa í röð meðfram jarðvegsbakka norðaustan við kálgarð. Suðaustast er steypti húsgrunnurinn, tvískiptur, og fáum metrum norðvestar er steypt og hlaðið hús sem skiptist í 4 hólf. Það er alls um 18 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það hólf sem er austast I) er að mestu hrunið eða hefur verið rifið. Það hefur verið hlaðið að einhverju leyti og er um 8 x 8 m, snýr suðaustur-norðvestur. Þá tekur við annað hólf II), sem er að mestu leyti hlaðið en steypt hefur verið ofan á það og framan við veggi í norðvesturenda. Það hólf er um 6 x 3 m að innanmáli, snýr eins og I. Líklegt er að þessi tvö fyrstnefndu hólf séu elstu hlutar húsa á þessum stað sem enn standa og hafa e.t.v. tilheyrt bæjarhúsunum A). Hólf III) er þar við hliðina, 4 x 6 m að innanmáli en framan við hefur verið bætt litlu húsi, 4 x 2 m að innanmáli, og var þar hesthús samkvæmt Birnu Jóhannesdóttur. Veggir í þessu hólfi eru ekki hlaðnir, nema sá sem er sameiginlegur með hólfi II og suðvesturgafl. Þá kemur mjótt hólf IV), það er 2 x 6 m að innanmáli, norðvesturveggur er hlaðinn að öllu leyti og er öllum líkindum frá elsta sýnilega byggingarstigi útihúss B). Veggir eru mest um 1,3 m á hæð. Á milli nefndra húsa og kálgarðs er húsgrunnur með kjallara sem snýr austur-vestur og eru á honum þrjú op niður í kjallarann af gólfplötu sem eru byrgð. Þar fast suðaustan við er lítið steypt hús með bárujárnsþaki. Meðfram norðausturhlið þess er mikið grjótpúkk. Garður C) umhverfis býli og kálgarð er grjóthlaðinn og vel greinilegur umhverfis kálgarðinn og norðvestan við útihús B). Garðurinn hefur afmarkað svæði sem er 40 x 30 m og snýr suðaustur-norðvestur. Innan garðs er grasi gróið. Mesta hleðsluhæð er 0,7 m. Greinilegastur er garðurinn umhverfis kálgarðinn sem er um 27 x 16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Um 2 m suðaustan við þar sem garður C) endar norðvestan við leifar útihúss B) tekur við annar garður D) og liggur hann niður í fjöru. Hann er grjóthlaðinn, um 15 m langur, mesta hleðsluhæð er um 0,6 m. Þegar garðurinn er kominn í grýtta fjöruna má greina hann beygja til vesturs og hverfur hann þar. Rétt áður en hann beygir er dálítil grjóthrúga

við garðinn sem kann að vera leifar af öðrum garði eða byggingum. Þar má m.a. greina steypubrot. Ekki sést til garðs E) í kringum kvía- eða kúamóa sem sýndur er á túnakorti, né áfast mannvirki. Eru þessar minjar horfnar vegna landbrots. Túngarður F) eru umhverfis tún niður við sjávarbakkann á milli Gamla-Bakka 001 og Bjargs. Garðurinn er grjóthlaðinn en hruninn að mestu og horfinn á köflum. Mesta hleðsluhæð þessa garðs er um 0,9 m og mesta breidd um 1 m. Hann er alls um 130 m á lengd og afmarkar svæði sem er 75 x 15 m og snýr NNA-SSV.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10; Ö-Kálfatjörn, 10; GJ: Mannlíf og mannvirki, 333-335; Túnakort 1919

GK-156:018 tóft útihús 64°01.140N 22°17.270V



Tóft 018, horft til suðurs



Tóft 018

Við norðausturenda Heiðargarðs GK-151:022, við afleggjarann heim að Bakka er lítil tóft, um 160 m austan við Bakka 003.
Tóftin er í túnjaðri en utan túngarðs er gróið hraun.
Við hliðið inn á afleggjara heim að Bakka 003 og Litlabæ 023 er tóft áföst Heiðargarði GK-151:022. Heiðargarður er skráður undir Kálfatjörn en þar sem tóftin hefur að öllum líkindum tilheyrt Bakka er hún skráð sér með honum frekar en að skrá hana með garðinum sem hún er áföst, eins og venjan er. Tóftin er einföld, snýr suðaustur-norðvestur og er um 6 x 5 m að stærð. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m og nokkuð hefur hrunið úr veggjum inn í tóftina. Tóftin er vel gróin og ekki sést víða í grjót. Ekki sést op á tóftinni en hún hefur að öllum líkindum verið e.k. útihús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-156:019 garðlag túngarður 64°01.097N 22°17.346V



Garðlag 019, horft til norðausturs

Garður er eftir suðurvesturmörkum túnsins á Bakka 003 og er sýndur á túnakorti. Á sama korti er sýndur garður við suðausturmörk túnsins á Bakka en hann er skráður sem hluti af Heiðargarði GK-151:022.
Garðurinn liggur á mörkum túns og gróins hrauns.
Heildarlengd garðs er um 180 m. Frá Heiðargarði er hann um 150 m langur til norðvesturs og beygir til norðausturs móts við Bakka þar sem traðir 025 hafa legið heim að bæ samkvæmt túnakorti en ekki sést til. Garðurinn sést þar á um 30 m löngum kafla. Garðurinn er ekki mjög stæðilegur, hann er um 0,5 m á hæð og breidd. Túngarðurinn hefur afmarkað vestur og austurhlið svæðis sem er 90 x 120 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Afleggjari heim að Bakka 003 og Litlabæ 023 er nú þar sem austurhliði

túngarðsins hefur verið. Sú hlið svæðisins sem vísar til suðausturs er afmörkuð af Heiðargarði GK-151:022 og sú hlið svæðisins sem vísar til norðvesturs er afmörkuð af túngarði 012.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

GK-156:020 *Móakotsvör* mannvirki lending 64°01.196N 22°17.630V




Móakotsvör 020, horft til norðurs

"Nokkur býli áttu uppsátur í Bakkavörum. Þar var Bakkavör [011], Fjósakotsvör [010] og Móakotsvör," segir í örnefnaskrá. Líklegt er að Móakotsvör hafi verið um 40 m suðvestan við Fjósakotsvör 010 og 155 m norðvestan við Bakka 003. Þar er löng og mjó vík og virðist vera hentugur staður til lendingar.
Í fjörunni eru klappir og sker, laust fjörugrjót þar ofan á og ljós skeljasandur.
Víkin er um 15 x 5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Yst í víkinni eru stórar klappir austan og vestan við hana. Nær bakka er grýtt fjara með skeljasandi. Vestan megin við víkina er dálítill tangi út að klöpp við enda hennar, um 10 m breiður, grýttur og sendinn. Vörin er að mestu grjótlaus og hefur eflaust verið rudd. Önnur mannaverk er ekki að sjá.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 8

GK-156:021 *Bakkakrókur* tóft býli 64°01.294N 22°17.178V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Backakrokur, eyðihjáleiga, hefur í eyði legið yfir fjörutíu ár. [...] Nú brúkar ábúandinn grasnytina, og má ei að skaðlausu missa." "Til suðurs með sjónum, stuttan spöl, var garður hlaðinn frá Garðsendanum [enda Heiðargarðs GK-151:021] og síðan þvert út fjöruna í stóra og háa klöpp, er Garðsendaklöpp nefnist. Þarna í girðingakróknum eru rústir bæjar er Krókur nefndist eða Bakkakrókur. Þarna hafa húsakynni verið lítil, máski upphaflega sjóbúð. Bakkakrókur fór í eyði 1660," segir í örnefnaskrá. Bakkakrókur er 300 m austan við Gamla-Bakka 001 og 10 m vestan við norðurenda Heiðargarðs GK-151:022.
Tóftin er í túni umkringdu hrauni og mólendi. Grýtt fjara með svörtum klöppum og ljósum skeljasandi er skammt frá.



Tóft 021



Tóft 021, horft til suðvesturs


Nú sést aðeins ein tóft á þessum stað. Hún stendur á lágum hól, 0,1 m háum og ekki mikið stærri en tóftin sjálf. Tóftin er grasi gróin,einföld og 8 x 3,5 m að stærð. Snýr hún í suðvestur-norðaustur. Veggir tóftarinnar eru 1 m breiðir og 0,5 m háir. Líklega eru þeir torf- og grjóthlaðnir eða grjóthlaðnir því sums staðar sést glitta í grjót í veggjum. Dyraop er á norðausturgafli miðjum, tæplega 1 m breitt. Garðlag 151:022 liggur frá suðri til norðurs 10 m austan við tóftina það sem það endar í fjörunni. Tóftin lítur ekki út fyrir að vera mjög gömul og gæti verið um yngra byggingarstig en býlið sjálft að ræða.
Hættumat: engin hætta, vegna landbrots
Heimildir:JÁM III, 146; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10

GK-156:022 heimild um óþekkt 64°01.293N 22°17.162V

"Til suðurs með sjónum, stuttan spöl, var garður hlaðinn frá Garðsendanum [enda Heiðargarðs GK-151:022] og síðan þvert út fjöruna í stóra og háa klöpp, er Garðsendaklöpp nefnist," segir í örnefnaskrá. Garðsendinn er um 310 m vestan við Gamla-Bakka 001 og um 330 m suðvestan við Bakka 003.

Á þessum slóðum er grýtt fjara með svörtum klöppum og ljósum skeljasandi.
Ekki sést til minja.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 10

GK-156:023 *Litlibær* tóft+garðlag býli 64°01.200N 22°17.433V



Minjar um býlið Litlabæ 023


Bæjarstæði Litlabæjar 023A, horft til norðurs



Hleðsla 023B, horft til suðausturs


Þúst 023H, horft til austurs

"Litlibær stóð í Litlabæjartúni eða Litlubæjarlóð. Þar var rétt hjá Litlabæjartjörn," segir í örnefnaskrá. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir: "Litlibær var tómthús í upphafi, en síðar grasbýli frá kirkjujörðinni Kálfatjörn. [...] Helgi byggði upp Litlabæ úr torfbæ í timburhús árið 1906." Þar kemur einnig fram að býlið hafi verið byggt fyrir 1884. Húsið sem stendur nú var byggt 1934 og notað sem sumarbústaður. Litlibær er 155 m suðaustur af Gamla-Bakka 001 og um 60 m norðaustur af Nýja-Bakka 003. Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru innan túngarðs G), auk bæjarins á Litlabæ A), tvö útihús B) og C) og þrír kálgarðar D), E) og F) þar af tveir heim við bæ og er það hér allt skráð undir einu númeri.
Bærinn stendur skammt suðaustur frá sjó, á grónu flatlendi, umkringdu mosagrónu hrauni.
Túnakort 1919: Tún 1,15 teigar, garðar 900m2. Minjar sem tilheyra Litlabæ eru á svæði sem er 200 x 95 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Skráðar voru 9 minjar og fær hver þeirra bókstaf til aðgreiningar. Ekki er að sjá uppsafnaðar mannvistarleifar eða gömul mannvirki á bæjarstæði Litlabæjar A) en nokkuð rask hefur þó orðið á því og við það vegna byggingaframkvæmda. Í bókinni Mannlíf og mannvirki segir frá eldra húsi sem stóð á bæjarstæðinu og byggt var 1906. Það var rifið og flutt til Hafnarfjarðar árið 1921. Húsið var sett á steyptan kjallara að Hverfisgötu 21 b þar í bæ. Á bæjarstæðinu standa nú þrjú sambyggð hús í röð. Húsin snúa norðvestur-suðaustur

en húsaröðin snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestasta húsið er stærst og sennilega er það húsið sem byggt var 1934. Það er bárujárnsklætt, með háu risi, og við það hefur verið byggður timburskáli til norðvesturs. Þar norðaustan við er minna hús sem hefur sama lag. Norðaustast er svo nýlegt hús, bárujárnsklætt með tveimur burstum. Í því er smíðaverkstæði. Alls er húsaröðin um 26 x 9 m að stærð. Austan við húsaröðina er nýlegt hesthús og hlaða í bárujárnsklæddu tvíburstahúsi. Á hlaðinu og í kringum hesthús er malarplan og búið að slétta það að mestu. Samkvæmt túnakorti var útihús B) norðaustan við kálgarð D) og norðan við bæinn. Leifar þessa húss sjást enn en norðaustan og austan við það hefur verið mikið rask vegna byggingaframkvæmda. Dálitlar hleðsluleifar sjást í norðvesturhorni grjóthrúgu sem er um 4 x 4 m. Hleðslan er hæsti hluti hrúgunnar, um 0,8 m á hæð. Um 20 m norðan við útihús B) er lítil grjóthrúga H) á klapparhrygg þar sem líklegt er að mannvirki hafi staðið, nú hrunið. Það er ekki á túnakorti. Fast norðvestan við það er steypt þró, ferköntuð. Hrúgan er um 3 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Samkvæmt túnakorti var tvískipt hús C) um 20 m suðaustur af útihúsi B), það er á svipuðum stað og nýlegt hesthús og hlaða en ekkert sést til eldri leifa. Kálgarður D) er norðvestan við húsaröðina, grjóthlaðinn, 6 x 19 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Innan hans er sleginn grasbali. Kálgarður E) er svo vestan við bæjarstæðið, grjóthlaðinn en gróinn á köflum. Innan hans eru trjáplöntur og sleginn grasbali. Kálgarðurinn er um 30 x 15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í vesturhorni hans er mikil grjóthrúga sem tengir kálgarð við gamlan túngarð sem skráður er með Bakka (GK-156:012). Í suðurhorni kálgarðsins er steypt hús sem þakið er grasi, það er á Bakkalóð. Mesta hleðsluhæð garðsins er um 1 m. Samkvæmt túnakorti var kálgarður F) og garðlag að honum (sem telst með túngarði G)) yfir þvert túnið um 125 m suðaustur frá Litlabæ. Ekki sést lengur til þessara minja í túninu en kálgarðurinn var um 10 x 10 m að stærð. Túngarður G) er greinanlegur frá norðurhorni túnsins, um 35 m norðaustur af útihúsi B) og liggur hann þaðan til austsuðausturs þar til hann kemur á Heiðargarð GK-151:022. Garðurinn er um 180 m á lengd. Samkvæmt túnakorti afmarkaði túngarðurinn svæði sem er 170 x 100 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðausturhlið túnsins er afmörkuð af Heiðargarði GK-151:022 og suðvesturhlið túnsins er afmörkuð af túngörðum 012 og 019.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kálfatjörn, 10, GJ: Mannlíf og mannvirki, 337, 340

GK-156:024 gerði kálgarður 64°01.215N 22°17.216V



Kálgarður 024


Kálgarður 024, horft til NNA

Á túnakorti Bakka og Litlabæjar frá 1919 er lítill afgirtur túnblettur, gerði, sem áður var kálgarður frá Bakka 003, austur af túni Litlabæjar 023. Gerðið er um 180 m ANA við Litlabæ 024 og 210 m norðaustan við Bakka 003. Gerðið er í grónu hrauni.
Gerðið er grjóthlaðið, úr fremur stórgerðu grjóti. Það snýr í norðvestur-suðaustur og er 25 x 15 m að stærð. Er það ekki alveg ferhyrnt að lögun heldur er það breiðara í suðri. Breidd veggja er 1,3 m og hæð þeirra víðast hvar 0,4 m. Austari langveggur er þó öllu hærri, um 1 m. Er hann þó nokkuð hruninn að hluta. Ef til vill hefur verið inngangur á miðri norðausturhlið þar sem hleðslur eru mjög ógreinilegar. Einnig kann að hafa verið inngangur í norðvesturhorni gerðisins þar sem aðeins er einföld röð steina á um 7 m löngum kafla.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919


GK-156:025 heimild um traðir 64°01.147N 22°17.501V
Á túnakorti Bakka eru traðir sem liggja að núverandi bæjarstæði Bakka 003 frá suðvestri til norðausturs. Traðirnar enda þegar um 20 m eru eftir að bænum. Ekki sáust nein ummerki um traðirnar á vettvangi.
Traðirnar hafa legið í gegnum túnið á Bakka sem er nokkuð flatlent en upp úr því stendur stöku klöpp.
Ekki sést til minja.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort 1919

GK-157 Flekkuvík

1703: Jarðadýrleiki óviss, Kálfatjarnarkirkjueign. [1379]: Kirkjan á Kálfatjörn á jarðirnar Bakka og Flekkuvík. (DI III 340) [1477]: Kirkjan á Kálfatjörn á jarðirnar Bakka og Flekkuvík. (DI VI, 124) 28.4.1479: Í þessu bréfi lýsir Arngerður Halldórsdóttir því yfir að Flekkuvík eigi þriðjung í hvalreka ásamt viðarreka og Vatnsleysa eigi tvo hluta í Flekkuvíkurreka sem og hvalreka. (DI VI, 185-86) 1553-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. (DI XII, 577). 1703 eru hjáleigur Sigurðarhjáleiga, Blíðheimur, Péturskot, Refshali og Úlfshjáleiga. (JÁM III, 148-149). "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður syðst ... og Tröð. (Ö-Flekkuvík, 4). Tvíbýli var á jörðinni frá því fyrir aldamótin 1900 og var Vesturbær í eyði frá 1935, austurbær frá 1959. (GJ: Mannlíf og mannvirki, 343-347.) Einnig eru óljósar sagnir um tvö býli tl sem hétu Holt og Járnshaus. (Ö-Flekkuvík GE, 6)
Jörðin í eyði frá 1959.
1703: "Túnunum spillir sjáfarágángur merkilega, itemlvatnsrásir með leirágángi af vatni af landi ofan til stórskaða. Engjar eru öngvar. Útihagar lakir um sumar og enn þó minni um vetur." JÁM III, 147. 1919: Tún alls 4,7 teigar, garðar 2170m2.

GK-157:001 *Flekkuvík* bæjarhóll bústaður 64°01.518N 22°14.200V



Bæjarhóll Flekkuvíkur 001

Tvíbýli var í Flekkuvík fyrir og eftir aldamótin 1900. Flekkuvíkurbæirnir stóðu vestanvert í samnefndri vík. Umhverfis bæina voru tún á nokkru flatlendi en þó eru grónir hraunhólar í norðvestanverðu túninu sem tilheyrði Vesturbænum. Samkvæmt túnakorti voru bæði Austur- og Vesturbærinn á sama stað, austan við traðir 069, og var stutt á milli þeirra og eru þeir báðir skráðir undir þessu númeri. Vesturbærinn fór í eyði 1935 þegar íbúðarhúsið brann til grunna og Austurbærinn fór í eyði 1959. Í Austurbænum voru 2 hús sem tengd voru með litlu húsi. Vesturbærinn var eitt stórt hús og við vesturhlið þess lítið hús áfast. Norðan við vesturbæinn er þró eða gryfja. Á túnakorti er bæjarstæðið með báðum bæjum um 20 x 30 m stórt og snýr austur-vestur.
Bæjarstæðið er á láglendi en þó stendur það aðeins upp úr umhverfinu. Tún og túngarðar eru umhverfis bæjarstæðið og er það að miklu leyti flatlent en norðvestan og norðanvert eru grónir hraunhólar. Mikið rask hefur orðið á bæjarstæðinu vegna byggingaframkvæmda.
Erfitt er að átta sig á umfangi bæjarhólsins í Flekkuvík vegna gróðurs og framkvæmda sem farið hafa fram á honum. Hóllinn virðist að nokkru leyti náttúrulegur en hann er gróflega áætlað um 20 x 30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn er um 1-1,5 m á hæð. Á bæjarstæðinu stendur allstórt hús, steinsteypt auk kjallara austan við það. Steypt plata er ofan á kjallaranum og nær hún að húsinu og er einnig meðfram suðvesturhlið þess. Við norðausturhorn hússins er niðurgrafin steypt laug. Rétt utan bæjarstæðisins eða í vesturjaðri þess er annað minna, steinsteypt hús í niðurníðslu. Það er vestan við heimreið og stendur þar sem útihús Vesturbæjarins voru eða rétt norðan við þau. Byggingarnar á



Kálgarður við bæjarhól 001, horft til norðurs

bæjarstæðinu ná yfir svæði sem er um 22 x 22 m að stærð. Rask hefur hins vegar orðið á mun stærra svæði. Ekki eru kjallarar undir steyptu húsunum sjálfum svo að von er til þess að undir þeim kunni að vera óraskaðar minjar. Norðan við stóra húsið austanmegin á hlaðinu er nokkuð um grjót sem rutt hefur verið út og er gamalt bárujárn í því. Vegna rasks við byggingaframkvæmdir og vegagerð er lítið eftir af miklum grjóthlöðnum kálgörðum sem voru í kringum allt bæjarstæðið og sýndir eru á túnakorti. Þó sést til þeirra suðvestan við stóra steinhúsið, austan við heimreið, og í kringum minna húsið. Þar eru grjóthleðslur að mestu hrundar en mesta hleðsluhæð er um 1,5 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:GJ: Mannlíf og mannvirki, 343; Túnakort 1919

GK-157:002 heimild um útihús 64°01.519N 22°14.222V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús örfáum metrum norðvestan við Vesturbæinn 001.
Útihúsið hefur staðið þar sem nú er steinsteypt einlyft íbúðarhús, eða rétt sunnan við það. Sunnan við steinsteypta húsið er dálítið malarplan og óræktarblettur með miklum gróðri. Útihúsið stóð fast við tröðina að bænum, þar sem nú er malarvegur.
Ekki sjást leifar útihússins en það hefur að líkindum verið rifið við byggingu steinsteypta hússins eða fyrr.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:003 heimild um útihús 64°01.521N 22°14.227V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús á milli útihúsa 002 og 004, um 10 m norðvestan við Vesturbæinn 001. Húsið hefur staðið rétt suðvestan við þar sem nú stendur steinsteypt hús.
Óræktarblettur með miklum og háum grasgróðri.
Ekki sést til minja. Líklegt er að húsið hafi verið rifið þegar steinsteypta húsið var byggt eða fyrir þann tíma.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:004 heimild um útihús 64°01.523N 22°14.234V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóðu þrjú útihús í röð til norðvesturs frá Vesturbænum, ofan við götu 078 að Vesturbæjarbrunni 040. Útihús 004 var norðvestasta húsið í röðinni, um 20 m vestan við Vesturbæinn 001.
Þar sem húsið stóð er nú óræktarblettur þar sem vex mikið og hátt gras innan kálgarðs sem skráður er með bæjarhólnum.
Ekki sést til minja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:005 gryfja 64°01.520N 22°14.239V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró nyrst í kálgarði Austurbæjarins 001 sem var staðsettur vestan traða 069. Er það um 30 m austan við bæjarstæðið. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Tún er allt í kringum Flekkuvíkurbæinn en utan þess er gróið hraun. Innan kálgarðsins vex nú mikið melgresi.
Þar sem mannvirkið er merkt á túnakortið er nú dæld sem er 3,5 x 2 m að stærð og 0,1-0,2 m djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:006 heimild um 64°01.510N 22°14.173V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóðu fjögur mannvirki austan við Austurbæ 001, í röð frá suðvestri til norðausturs. Suðvestast var þró, um 10 m sunnan við Austurbæinn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Tún er allt í kringum Flekkuvíkurbæinn en utan þess er gróið hraun.


Mannvirkið hefur staðið í vesturkanti húsgrunns sem hefur verið grafinn nokkuð djúpur og mannvirki steypt þar ofan í.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:007 heimild um útihús 64°01.514N 22°14.169V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóðu fjögur mannvirki austur af bæjarstæði 001, í röð frá suðvestri til norðausturs. Hús 007 var 20 m suðaustur af Austurbænum og fáum metrum norðaustan við útihús 006.
Tún er allt í kringum Flekkuvíkurbæinn en utan þess er gróið hraun.
Örfáum metrum frá þeim stað sem útihúsið stóð á hefur stór grunnur verið grafinn og mannvirki steypt þar upp. Virðist það vera hálfklárað. Engin ummerki útihússins sjást nú.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:008 heimild um 64°01.516N 22°14.166V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóðu fjögur mannvirki austur af bæjarstæði 001, í röð frá suðvestri til norðausturs. Þró 008 var 30 m austan við Austurbæinn og fáum metrum norðaustan við útihús 007. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Tún er allt í kringum Flekkuvíkurbæinn en utan þess er gróið hraun.
Engin merki mannvirkisins eru sjáanleg. Svo virðist sem túnið hafi verið sléttað á þessum stað og hafa leifar útihússins líklega horfið við það. Einnig er hugsanlegt að jarðveginum hafi verið raskað vegna framkvæmda við byggingu sem lýst er í 006 og 007. Nú vex gras og melgresi þar sem útihúsið stóð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:009 heimild um
64°01.519N 22°14.155V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóðu fjögur mannvirki austur af bæjarstæði 001, í röð frá suðvestri til norðausturs. Norðaustasta mannvirkið var 40 m austan við Austurbæinn og 10 m norðaustan við útihús 008. Mannvirki þetta var þró samkvæmt túnakorti og hefur lífrænum úrgangi að líkindum verið safnað í hana sem síðan var notaður sem áburður á tún.
Tún er allt í kringum Flekkuvíkurbæinn en utan þess er gróið hraun.
Engin merki mannvirkisins eru nú sýnileg og vex þar nú gras og melgresi. Slóði niður að sjó liggur þar framhjá. Líkt og útihús 008 hefur þetta líklega horfið við túnasléttun eða byggingarframkvæmdir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:010 tóft útihús
64°01.545N 22°14.085V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var tvískipt hús utan við túngarð 041, sunnan við Vesturbæjarvörina 075. Leifar hússins sjást enn og eru þær um 110 m norðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru á fjörukambinum og er grýtt fjaran til austurs en grösugt tún er til vesturs.
Vestara hólf útihúss 010 sést enn vel en það austara hefur brotnað í sjó. Það er grjóthlaðin tóft úr fjörugrjóti. Hólfið er um 4 x 7 m stórt snýr norður-suður, mesta hleðsluhæð um 1 m. Suður- og vesturveggir eru greinilegir og uppistandandi en aðrir veggir sjást



Tóft 010, hleðsla 011 og túngarður 041

lítt. Sementslím er í hleðslu veggja nyrst í tóftinni og í henni miðri eru viðarleifar. Ekki sést greinilegur inngangur. Fjörukamburinn nær upp á brún austurlangveggjar. Túngarður 041 liggur frá tóftinni til suðurs og norðausturs.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919


Tóft 010, horft til SSV

GK-157:011 hleðsla útihús
64°01.553N 22°14.078V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvær byggingar áfastar utanverðum túngarði 041, um 10-20 m norðaustur af útihúsi 010. Ógreinilegar minjar um þessar byggingar eru um 120 m norðaustan við bæ 001.


Hleðsla 011, horft til norðausturs

Minjarnar eru á fjörukambinum og er grýtt fjaran til austurs en grösugt tún er til vesturs.
Minjarnar eru á svæði sem er um 4 x 2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Áfast túngarði 041 er lítið hólf en óvíst er hvort það hafi verið hús eða hvort aðeins er um hrun úr túngarðinum að ræða. Innanmál hólfsins er um 1 x 1 m, mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Fast norðaustan við þetta hólf hefur líklega önnur bygginganna á túnakortinu staðið. Þar er mikil grjóthrúga sem er um 2 x 0,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:012 gryfja
64°01.544N 22°14.155V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var þró um 30 m norðan við brunn 014 og um 35 m norðaustan við brunn 013 og um 60 m norðaustan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þróin gegndi en líklega hefur lífrænum úrgangi verið safnað í hana og hann notaður sem áburður.
Þróin er í sléttu grasgefnu túni, á litlum blautlendum bletti þar sem vex stör.
Þróin sést sem dálítil lægð. Þetta svæði er um 10 x 8 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Nokkurn veginn á miðju svæðinu dýpkar það en engin mannaverk eða hleðslur sjást. þar sem svæðið dýpkar er dæld sem er um 1 x 1 m að stærð og er mjög grunn, aðeins um 0,1-0,2 m djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919


Gryfja 012, horft til austurs

GK-157:013 brunnur brunnur
64°01.550N 22°14.194V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 50 m norðaustan við Vesturbæinn 001, um 35 m vestan við brunn 014 og um 60 m austan við brunn 040.
Brunnurinn er austan í hólsenda í annars nokkuð sléttum grasbala.
Brunnurinn er grjóthlaðinn er að mestu hruninn saman. Hann er um 3 m í þvermál og um 1 m djúpur. Ekkert vatn er í honum og hann er gróinn í botninn.


Brunnur 013, horft til ASA

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919


GK-157:014 heimild um brunn 64°01.533N 22°14.155V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brunnur um 60 m norðaustan við Vesturbæinn 001.
Brunnurinn hefur verið í sléttu grasgefnu túni, sunnan við lítinn blautlendan blett þar sem vex stör.
Ekki sást til brunnsins á vettvangi og kann að hafa verið fyllt upp í hann. Hann sést hins vegar sem dökkur díll á loftmynd á Google Earth eins og aðrir brunnar Flekkuvíkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:015 gryfja útihús
64°01.425N 22°14.021V
Um 100 m suðvestur af Refshala 067 og 220 m suður af bæ 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Stóð það fast undir túngarði 044 innan túns í austri.
Innan túngarð er grasi gróið en utan hans tekur hraun og mólendi við.
Á þessum slóðum er dæld í hryggnum sem túngarður 044 er á. Dældin er 4 x 5 m að innanmáli og snýr í austur-vestur. Engar hleðslur eru sýnilegar í dældinni eða í næsta nágrenni en hugsanlegt er að útihúsið hafi verið byggt niðurgrafið á hryggnum á þessum stað. Dældin er um 1 m á dýpt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919


Gryfja 015, horft til austurs


GK-157:016 gerði kálgarður 64°01.558N 22°14.113V
Kálgarður er um 100 m norðaustan við bæ.
Kálgarðurinn er innan túns, að því er virðist og er grasi vaxið umhverfis hann en nokkuð mishæðótt.
Garðurinn er grjóthlaðinn, um 14 x 17 m að stærð og snýr austur-vestur. Mesta hleðsluhæð er 1,3 m. Hleðslugrjótið er fjörugrjót og hraungrýti í bland, skófum og mosa vaxið. Hleðslur eru hrundar nema á litlum bút á austurvegg. Op er inn í garðinn á miðjum suðurvegg. Innan veggja garðsins er grasi gróið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919


Kálgarður 016, horft til austurs



Kálgarður 016

GK-157:017 *Tröð* tóft býli 64°01.499N 22°14.328V



Tóft 017


Tóft 017, horft til vesturs

"Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður [018] syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga [064], Blíðheimar [065], Pétursskot [066], Úlfshjáleiga [024] og Tröð," segir í örnefnaskrá. Tóft er við túngarðinn 041 mót heiðinni í Vesturbæjartúni, um 10 m norðvestan við afleggjarann heim að bæ þar sem traðir 069 voru áður. Tóftin er um 100 m suðvestur frá bæ 001. Halldór Guðmundsson, heimildamaður, taldi þessa tóft hafa verið býlið Tröð.
Tóftin er í túnjaðri en utan túns til suðurs og vesturs er gróið hraun.
Tóftin er einföld, um 7 x 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Mesta hleðsluhæð er um 1 m. Tóftin er mjög vel gróin og hvergi sést í grjót en líklegt er að hún sé grjóthlaðin að mestu og hart er undir gróðursverði. Tóftin er mjög grunn. Op er á henni á norðausturgafli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 4


GK-157:018 *Vatnagarður* tóft+garðlag býli 64°01.605N 22°14.282V


Tóft 018A, horft til suðausturs


Garðlag 018B, horft til suðurs

"Við Bælingsklappir er túnhorn Vesturbæjar. Þaðan liggur garður [041] til útsuðurs og skilur hann á milli túnsins og Vatnagarðsins, en svo nefnist grasbrekka og lágar flatir, er fara í kaf með stórstraumsflóði. Í Vatnagarði, niður frá Álfhól [024] er síðar getur, eru rústir. Gætu þær verið af gömlu koti (e.t.v. Pétursskoti [066] eða Úlfshjáleigu [024] sem G.S. getum um í lýsingu sinni)," segir í örnefnaskrá GE. "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga [064], Blíðheimar [065], Pétursskot [66], Úlfshjáleiga [024] og Tröð [017]. [...] Utan Norðurtúngarðs [041] var hjáleigan Vatnagarður umgirt Vatnagarðsgörðum að sunnan," segir í örnefnaskrá. Í fyrri tilvísuninni er ekki gert ráð fyrir því að umrædd tóft geti verið leifar af býlinu Vatnagarði. Innan


Vatnagarðsgarða eru tvær sýnilegar tóftir og eru um 65 m á milli þeirra. Önnur þeirra er nærri Norðurtúngarði en hin er nærri sjó. Líklegra er talið að tóftin nær sjó sé býlið Vatnagarður en ekki er útilokað að báðar tóftirnar hafi tilheyrt því. Tóftin sem er nær Norðurtúngarði er skráð sérstaklega undir númerinu 052. Vatnagarðstóftin er um 175 m norðvestan við bæ 001. Svæðið sem tilheyrt hefur Vatnagarði er afmarkað af Norðurtúngarði til suðausturs, löngum beinum garði til vesturs, sem líklega er hluti af Vatnagarðsgörðum og skráður er hér, og af fjörunni til norðurs og austurs. Svæðið er þríhyrningslaga og er alls um 290 x 185 m að stærð, snýr norður-suður. Garðurinn sem skráður er með Vatnagarði er 160 m norðvestur af Flekkuvík 001 og um 55 m vestur af Vatnagarðstóftinni. Varla er hægt að telja garðinn túngarð, þar sem ekki virðist hafa verið tún í Vatnagarði nema mjög lítill blettur umhverfis tóftina. Garðurinn er því skilgreindur sem vörslugarður.



Tóft 018A

Tóftin er á grasi grónum bala norðan við hraunhóla. Framan við tóftina til norðurs og norðausturs eru grasi grónar klapparflatir í fjörunni. Bílslóði er sunnan við tóftina, milli hennar og fjörunnar. Garðurinn liggur yfir grýttar en grasi grónar flatir næst sjó en klapparhóla er nær dregur túngarði Flekkuvíkur.
Tóftin er einföld og grjóthlaðin en grasi gróin. Hún er um 7 x 6 m stór, snýr suðaustur-norðvestur og mesta hleðsluhæð veggja er um 0,6 m. Suðvesturveggur tóftarinnar er líklega að hluta gróinn, lágur hraunhóll. Mikið af grjóti hefur hrunið inn í tóftina. Op er á henni á norðvesturgafli. Vörslugarðurinn liggur nokkurn veginn norður-suður, frá fjöru að Norðurgarði 041, og er um 290 m langur, mesta breidd er um 1 m og mesta hæð um 0,7 m. Garðurinn er að mestu hruninn. Næst sjó er mikið stórgrýti í garðinum, fjörugrjót, en smám saman verður það minna og líkt því sem er í túngarði Flekkuvíkur, hraungrýti. Eins og áður segir afmarkar þessi garður ásamt Norðurtúngarði svæði sem er 290 x 185 m að stærð og er þríhyrningslaga.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 5; Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:019 *Skothús* hleðsla skotbyrgi 64°01.699N 22°14.769V




Hleðsla 019


Hleðsla 019, horft til austurs

"Um 200 m utar en Skottjörn og Skarfanes eru dálítið vik inn í kampinn. Það heitir Stekkjarvík. Norðan við hana er lítið, grasigróið klapparnef, Stekkjarnef. Sunnan undir því er grafin hola, hlaðin innan, Skothús. Lítið tóftarbrot er upp af Stekkjarnefi og gæti það verið af stekk [092]," segir í örnefnaskrá. Skotbyrgið er um 100 m ASA við Mógrafarhól 022 og um 570 m norðvestan við bæ 001.
Byrgið er á tiltölulega sléttum og grasi grónum sjávarbakka, fast við fjörukambinn. Ofar í landi til suðurs er gróið hraun.
Byrgið er niðurgrafið og hlaðið að innan með fjörugrjóti. Það er um 3 x 3 m að utanmáli. Nokkuð hefur hrunið inn í það af grjóti og er það nú um 0,5 m djúpt. Í því og í kringum það er spýtnabrak. Að innanmáli er byrgið um 1 x 1,5 m og snýr suðaustur-norðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 5-6

GK-157:020 hleðsla óþekkt 64°01.662N 22°14.475V




Hleðsla 020


Hleðsla 020, horft til vesturs

Lítil hleðsla er um 200 m norðaustan við Flekkuvíkurstekk 021 og um 350 m norðvestan við bæ 001.
Hleðslan er á lágum og grónum klapparhól í vel grónu hrauni en inn á milli eru grýttir holmóar. Litlu vestan við hleðsluna er lítil uppþornuð tjörn.
Hleðslan er aðeins nokkrir steinar í röð og stendur vart steinn yfir steini. Hún snýr norður-suður, er um 1,5 m löng og um 0,3 m á breidd. Mesta hæð er um 0,3 m. Hrunið hefur úr hleðslunni til beggja hliða, vesturs og austurs. Hleðslan er gerð úr meðalstóru, skófum vöxnu grjóti. hún er gróin neðst. Ef til vill hefur þetta verið gildra eða lítið byrgi.
Hættumat: engin hætta


Flekkuvíkurstekkur 021, horft til norðvesturs

GK-157:021 *Flekkuvíkurstekkur* tóft+garðlag stekkur
64°01.622N 22°14.698V
"Upp af Stekkjarvíkinni er Stekkjarmóinn, velgróinn og allstór um sig. Við austurjaðar hans, nokkurn spöl frá sjó, er Flekkuvíkurstekkur sunnan undir lágum hól, Stekkhólnum," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er um 450 m norðvestur af bæ 001.
Stekkurinn er sunnan undir lágum hraunhól í grónu hrauni en mikill holmói er nálægt honum til norðvesturs. Vestan og norðvestan við stekkinn er allgott beitarhólf, flatlent og grösugt.
Stekkurinn er tvískipt tóft, grjóthlaðin og vel gróin. Hún er um 3 x 5 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðslur sjást í suðurenda, mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Hólf I) er í norðurenda, það er um 1,5 x 0,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur, ógreinilegt. Op er á því til austurs. Hólf II) er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Ógreinilegt op er inn í hólfið í suðausturhorni. Hólfið er ógreinilegt austast. Austan við stekkinn mynda grónar klappir náttúrulegt aðhald og hefur verið hlaðið ofan á klappirnar þar og norðan við stekkinn en sú hleðsla er hæst um 0,3 m. Alls er svæðið sem rúmar stekkinn og garðlagið um 14 x 8 m að stærð og snýr norður-suður.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 6



Tóft og garðlag 021


GK-157:022 *Mógrafarhóll* örnefni mógrafir
64°01.705N 22°14.890V
"Skammt utan við Stekkjarvíkina, rétt við kampinn er Mógrafarhóll. Þaðan út í Keilisnes (nesklett) er á að giska 500 m," segir í örnefnaskrá. Mótekja hefur að líkindum verið á sléttu graslendi suðvestan og sunnan Mógrafarhóls, um 50 m suðaustan við garðlag 076 og um 660 m norðvestan við bæ 001.
Slétt graslendi nærri sjávarbakka, smáþýft og þurrt.

Ekki sjást ummerki um mógrafir á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 6

GK-157:023 renna 64°01.737N 22°15.106V



Renna 023, horft til suðausturs



Renna 023

"U.þ.b. 300 metrum innan við Nesklett er hlaðin ílöng tóft ofan við kampinn. Þar var trjám flett með stórviðarsög," segir í örnefnaskrá. Nær væri að tala um rennu en tóft um þetta mannvirki og er hún um 185 m norðvestan við Mógrafarhól 022 og 840 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin er í grýttum fjörukambi en til vesturs og suðvesturs eru grónir hraunhólar og allgrösugur mói. Í honum er mikið af spýtnarusli og þar hafa ef til vill verið þurrkhjallar.
Rennan hefur verið rudd og hlaðin upp í fjörukambinum úr grjótinu sem þar er nóg af. Hún er um 0,5 m breið og um 9 m löng. Rennan liggur austur-vestur en í austurendanum beygir hún til suðurs. Í þeim enda er hún breiðust, um 1 m. Mikið spýtnabrak er hér í fjörugrjótinu. Mesta hæð veggja innanmáls er um 1 m.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 6

GK-157:024 *Úlfshjáleiga* heimild um býli 64°01.550N 22°14.223V




Klapparhóll norðan við Álfshól/Úlfshól 024, horft til norðausturs



Álfshóll/Úlfshóll 024, horft til SSA

"Í Vesturbæjartúni, skammt til útnorðurs frá bænum, er stór hóll, en ekki hár. Hann heitir Álfhóll. Þar var börnum bannað að vera að leikjum," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Ulfuhjáleiga hefur fyrir meir en tuttugu árum tóft hús verið, og nú um lánga stundir í auðn. [...] Kynni aftur að byggjast, en nokkur þyrði að ráða." "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður [018] syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga [064], Blíðheimar [065], Péturskot [066], Úlfshjáleiga og Tröð [017]. [...] Í Vesturbæjartúni er Fjóshóll [038] og enn er þar hóll nefnist Úlfshóll [einnig Álfhóll] þar mun Úlfshjáleiga hafa staðið, en lengi var þar álfabyggð mikil," segir í örnefnaskrá. Álfhóll eða Úlfshóll er um 60 m norðvestan við bæ

001.
Hóllinn er á milli hólaþyrpingar til norðurs og steyptra húsa á bæjarhlaðinu til suðurs. Hann er innan túns og afar grasgefinn. Hóllinn er nokkuð langur og liggur í boga frá suðvestri-norðausturs. Hann er um 35 x 10 m að stærð og um 2 m hár. Hóllinn er mjög grasgefinn og sést lítið í klappir nema við suðvesturenda hólsins. Þar hefur verið hlaðið í kringum járnstaura og sementslím notað til að halda hleðslum saman. Aðrar hleðslur er ekki að sjá við eða á hólnum. Að ofan er hóllinn nokkuð flatur en ójafn. Ekki er ólíklegt að á hólnum hafi staðið einhver hús en á þessum hól er áberandi mikill grasvöxtur í samanburði við aðra hraunhóla í túninu sem eru jafnvel lægri. Um 5 m norðan við norðausturenda Álfhóls/Úlfhóls er lágur klapparhóll, gróinn að mestu leyti. Hann snýr suðvestur-norðaustur og er um 10 m langur, 5 breiður og um 1 m á hæð. Hóllinn hækkar til suðvesturs og á miðjum hólnum er dæld í sömu stefnu og hóllinn, um 2,5 x 1,5 m að stærð. Norðvestan við dældina, á hólbrún, er stórt grjót á svæði sem er um 1,5 x 1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vestan við hólinn er einnig stórt grjót í um 2 m langri röð, snýr norður-suður. Ekki er útilokað að hér hafi staðið hús, e.t.v. í tengslum við Úlfshjáleigu.




Álfshóll/Úlfshóll 024

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 6; JÁM III, 149; Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:025 *Holt* tóft býli 64°01.465N 22°14.304V


Tóft 025, hólf I, horft til norðausturs


Tóft 025, hólf II, horft til suðvesturs




Tóft 025

"Suður við túngarðinn, skammt frá traðarhliði, er tóft, nefnd Holt. Er sagt, að þar hafi verið búið einhverntíma; svo er einnig um tóft eina í Austurbæjartúni, stutt frá tröð [069], út við túngarðinn [líklega 044]. Hún er kölluð Járnhaus [026]," segir í örnefnaskrá. Tóft Holts sést enn um 130 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er í túni en utan þess er gróið hraun.
Tvískipt og ferhyrnd tóft, 11 x 6 m að stærð. Snýr hún í norðaustur-suðvestur. Breidd veggja er um 1 m nema sá sem aðgreinir hólfin tvo. Hann er 2 m breiður. Mesta hæð veggjanna er 1 m (norðaustanverður innveggur) en víðast hvar eru þeir 0,4 m háir. Hólf I, hið austara, er aðeins niðurgrafið og hefur op á miðri skammhlið. Er það 4 x 4,5 m að innanmáli. Hólf II er 4 x 2,5 m að innanmáli en ekki niðurgrafið. Op er einnig á miðri skammhlið þess. Tóftin er vel gróin og ekki sést í grjót í veggjum. Túngarður 044 liggur þétt upp að syðri langvegg tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 6

GK-157:026 *Járnhaus* tóft býli 64°01.449N 22°14.264V




Tóft 026, horft til suðausturs



Tóft 026

"Suður við túngarðinn, skammt frá traðarhliði, er tóft, nefnd Holt [025]. Er sagt, að þar hafi verið búið einhverntíma; svo er einnig um tóft eina í Austurbæjartúni, stutt frá tröð [069], út við túngarðinn [líklega 044]. Hún er kölluð Járnhaus," segir í örnefnaskrá. Tóft er vestanvert í klapparhól, fast við túngarðinn í túni Austurbæjar, um 140 m suðvestur frá bæ 001 og um 40 m suðaustan við Holti.
Tóftin er vestan í hól í suðurjaðri Austurbæjartúns, grasi grónu. Sunnan og vestan við túnið er gróið hraun. Suðaustast á hólnum sést í klöpp.
Rústahóllinn sjálfur eru um 14 x 8 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er hæstur í ASA enda en þar er hann um 2 m á hæð. Mikill gróður vex þar sem hóllinn er hæstur, sérstaklega mikið vex þar af umfeðmingi. Þarna efst sést annað tveggja hólfa í tóftinni. Hólfið liggur svo til þvert á hólinn, snýr norðaustur-
suðvestur. Hólfið er um 3 x 1,5 m að innanmáli og um 0,4 m á dýpt, veggir eru útflattir. Ekki sést op á þessu hólfi en það er mjög ógreinilegt. Mun greinilegra en minna er hólf í vestnorðvesturenda hólsins, þar sem hann er lágur. Hólfið er nokkuð ferkantað, um 1 x 0,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur, og er um 0,4 m á dýpt en veggir nánast útflattir. Op er inn í þetta hólf úr norðaustri. Um 3 metrar skilja hólfin að.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 6

GK-157:027 *Flekkuleiði* áletrun legstaður 64°01.441N 22°14.213V



Áletrun 027



Áletrun 027, horft til norðvesturs

"Flekkuleiði er suðaustur frá bænum, fáa metra innan við túngarðinn og um 90 m til vesturs með túngarði [044] - frá afleggjaranum talið," segir í örnefnaskrá. Flekkuleiði er um 145 m suður af bæ 001 og um 90 m suðaustur af Járnhaus 026. Steinninn er um 5 m innan við túngarð 044.
Flekkuleiði er í grasgefnum túnjaðri. Dálítill kambur er upp frá því til suðvesturs að túngarði.
Í Frásögnum af fornaldarleifum segir: "Hóll í Sudur undan Fleckuvíkur bæ, þar í Túninu 6 álna lángur, 3 1/2 alin breidur, vid jarðveg, allur Grasi vaxin, hefur 1 álnar lángan - 2 1/3 qvart: breidan hraunstein ofan i midjum Mæni

þessari Skript grafinni [...]." "Flekkuleiði snýr frá norðri til suðurs og er um þriggja metra langt, 1,30m breidd og 30 sm hátt. Á því er rúnasteinn. - Það var trú fólks, að hér væri Flekka sú, er Flekkuvík nam, grafin. Leiði mun þó aðeins vera klapparbali, en ekki grafreitur," segir í örnefnaskrá. Árni Óla segir að á rúnasteininum standi "hér hvílir Flekka." Jónas Hallgrímsson gróf þar upp 1841 og undir var bara jarðföst klöpp og ljóst að enginn hefur verið grafinn þar. Jónas lýsir Flekkuleiði þannig: "(Það er) í hafsuður frá bænum, um 6 faðma fyrir innan túngarðinn, í þúfnareit; snýr frá útsuðri til landnorðurs og hallast þangað lítið eitt. Það er 5 álna lengd og 2 1/2 álnar breitt, sem sem álnar hátt. Hraunhella ein lítil og slétt að ofan liggur á miðri hæðinni, sokkin í jörðu; á henni stendur með greinilegu letri: [rúnaáletrunin] Hæðin er nú öll grasi gróin, en vottar samt í brúnunum fyrir grjóti, ekki ólíkt því sem það væri hleðsla. [...] Letursteinninn er nú tekinn upp og mældur: Lengd, 15-16 1/2 þuml., breidd 12 þuml., þykkt 4-5 þuml., Hann er því, sem sjá má lítill og heldur ólöguleg hraunhella [...]."
Á heimasíðu Ferlis segir: "Túnið er að mestu sunnan og ofan við húsið. Syðst í því, svo til alveg undir túngarðinum ofanverðum er Flekkuleiði; lágur gróinn hóll, einn af nokkrum. Á leiðinu er "rúnasteinn", sem segir að þar "Hvíli Flekka". Í raun er um 16. eða 17 aldar leturstein að ræða skv. áliti sérfræðinga [Óvíst er hvaðan þessi heimild er fengin en í athugasemdum Matthíasar Þórðarsonar við dagbókarskrif Jónasar um rúnasteininn kemur fram að hann telji steininn vera frá 17. eða 18. öld og að hann hafi verið gerður vegna munnmæla um Flekku, sjá JH Rit III, 300]. Sagan segir að Flekka, norsk landnámskona, sem áður byggði Flekkuvík, hafi viljað láta grafa sig í jarðri túnsins þar sem hún hefði útsýni yfir innsiglinguna að bænum. Þar mun hún hvíla, blessunin. Ekki er ólíklegt að ætla að Flekka hafi verið grafinn á ystu mörkum hins ræktaða lands á þeim tíma, m.a. til að vernda það fyrir hugsanlegum yfirgangi þeirra, sem á eftir kynnu að koma, en miklir fólksflutningar voru til landsins á landnámsöld og landamörk því fljót að breytast. Rúnasteinn Flekku er einn af a.m.k. þremur á Reykjanesskaganum." Á þessum stað er upphækkun sem er um 2 x 1 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,5 m á hæð. Steinninn er á því miðju, nær norðvesturbrún langhliðar. Hann er lítillega skófum vaxinn, sést vel en áletrunin óskýr. Steinninn er úr hraungrýti, um 0,3 x 0,4 m að stærð og snýr eins og leiðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:FF I, 239; Ö-Flekkuvík GE, 6-8; Árni Óla: Strönd og vogar, 207-212; Túnakort 1919; http://ferlir.is/?id=3366; JH Rit III, 300

GK-157:028 garðlag óþekkt 64°01.462N 22°13.695V
Garðlög eru á sjávarbakkanum í suðvestur frá Klukku, um 190 m austur frá Refshala 067 og 425 m ASA við bæ 001.
Garðlögin eru á sléttum og grasivöxnum sjávarbakka og er nokkuð af grjóti á dreif um hann. Til suðurs er gróið hraun þar sem landið fer hækkandi.
Á bakkanum má sjá þrjú stutt garðlög sem liggja frá norðri til suðurs. Garðlögin eru 5-7 m á lengd og er breidd þeirra allra um 1 m. Hleðslur eru hrundar í garðlögum a og b en hleðsluleifar eru í garðlagi c) sem er vestast og er þar hleðsluhæð mest um 0,6 m. Grjóthrúga er á milli b) og c) og kann að hafa verið þvergarður á milli þeirra. Hrúgan er um 7 x 1,5 m að stærð, snýr austur-vestur, og er samtengd garðlagi b). Heildarstærð svæðisins er um 21 x 6 m og það snýr austur-vestur. Óvíst er um hlutverk þessara garða en ef til vill hafa þeir verið herslugarðar.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5


Garðlag 028, horft til austurs

GK-157:029 *Vatnshellur* náttúrumin vatnsból
64°01.473N 22°14.344V
"Skammt utan gamla traðarhliðsins er grunnt vatnsstæði, kallað Vatnshellur, vatnsból ofan í klappir," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning vatnsstæðisins er óviss og er mögulegt að núverandi vegur heim að bænum liggi yfir það. Um 30 m sunnan við traðarhliðið eru sléttar klapparhellur og mestar líkur taldar á því að þar hafi vatnsstæðið verið en þó nokkurt svæði utan traðarhliðsins var kannað. Það er um 150 m suðvestan við bæ 001 og um 35 m norðvestan við Holt 025.


Vatnshellur 029, horft til norðurs

Klapparhellurnar eru í láglendum móa milli klapparhóla, þær eru gróðurlitlar og sléttar.
Klapparhellurnar eru á dreif um svæði sem er um 20 x 20 m að stærð. Þær eru mjög grunnar og þar hefur ekki getað safnast fyrir mikið vatn. Halldór Guðmundsson kannaðist ekki við þetta vatnsstæði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 8

GK-157:030 *Kirkjuhólar* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°01.488N 22°14.556V



Kirkjuhólar 030, horft til suðvesturs

"Skammt utan gamla traðarhliðsins er grunnt vatnsstæði, kallað Vatnshellur [029], vatnsból ofan í klappir. Þar til vesturs, um 200 m frá túngarði [041], eru þrír strýtuhólar, kallaðir Kirkjuhólar. Þeir eru í stefnu rétt vestan við opna tröðina. Það var trú fólks, að í Kirkjuhólum væri álfabyggð og þar var betra að fara með gát," segir í örnefnaskrá. Hólarnir eru í suðvestur af Síðdegishól, um 160 m suðvestan við tóft 086 og um 300 m vestan við bæ 001.
Hólarnir eru í grónu hrauni.
Hólarnir eru grónir hraunhelluhólar. Þeir eru hver upp af öðrum í stefnu til suðvesturs og eru um 30-40 metrar á milli þeirra. Landið hækkar til suðvesturs og hólarnir sjást vel þó að þeir séu ekki mjög háir, um 2-
3 m á hæð. Á toppi allra hólanna er grasi gróin hundaþúfa.
Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 8

GK-157:031 *Arnarvarða* varða landamerki 64°00.957N 22°15.008V




Arnarvarða 031, horft til vesturs

"Að sunnan á milli Kálfatjarnar að sunnan og Flekkuvíkur að innan eru þessi landamerki: [...] Þaðan beygjast mörkin nokkuð inn á við í Arnarvörðu, þá í Flekkuvíkurselás inn vestri og í Einiberjahól. [...] Nokkru vestar en Kirkjuhólar og nær túngarði [041] er stór strýtuhóll, kallaður Síðdegishóll. (Ath.: Síðdegishóll mun vera seinni tíma nafn [...]). Arnarvarða er röskan kílómetra í suðvestur frá Hádegishólum," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 100 m suður af braggagrunni 057 og um 1,2 km suðvestan við bæ 001. Almenningsvegur GK-641:003 liggur fast norðan við hólinn sem Arnarvarða er á.
Varðan stendur á háum, sprungnum hraunhelluhól í grónu hrauni.
Varðan er niður fallin að mestu leyti. Hún virðist hafa verið allstór og er mjög gróin að hluta þar sem myndast hefur hundaþúfa. Varðan er úr stóru og meðalstóru grjóti, skófum og mosa vöxnu. Varðan er um 1 x 1 m að grunnfleti og mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Mikið grjót er austan við vörðuna og hefur líklega hrunið úr vörðunni. Það er mjög gróið. Varðan hefur að líkindum varðað Almenningsveg auk þess að vera landamerkjavarða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 1,8

GK-157:032 *Sjávarstígur* heimild um leið 64°01.529N 22°14.101V
"Austurpartur Flekkuvíkur á Stíg eða Götu niður að sjó og með þeim Stíg eru túnamörkin á milli Austurbæjar og Vesturbæjar. [...] Heiman frá bæ lá Stígurinn, Gatan eða Sjávarstígurinn norður og niður í Sjávarhliðið og skiptu túninu Traðirnar [069] og Stígurinn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið þessi niður að Austurbæjarvör 074.
Á milli bæjarhlaðsins og niður að vör er mjög grasi gróið svæði og tiltölulega sléttlent en lágir hólar eru hér og hvar. Allar aðstæður eru mjög raskaðar við bæjarstæðið og mikill gróður vex á milli þess og sjávarbakkans. Ekki sést hvar

nákvæm lega leiðarinnar hefur verið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 2, 4; Túnakort 1919

GK-157:033 tóft óþekkt 64°01.477N 22°14.401V



Tóft 033


Tóft 033, horft til norðurs

Á heimasíðu Ferlis segir: "Annar stekkur, einnig tvískiptur er skammt sunnan við suðvesturhorn túngarðsins. Hann er hlaðinn úr stórum steinum." Steinhlaðin tóft er skammt utan túns, um 10 m vestan við núverandi veg heim að Flekkuvík og um 180 m norðaustur af bænum 001.
Tóftin er í grasgefnum móa þar sem eru lágir klapparhólar.
Tóftin er grjóthlaðin og skiptist í þrjú hólf. Hún er um 10 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er hlaðin sunnan í lágan klapparhól og er lágur bergveggur notaður í norðausturvegg. Hlaðið er ofan á hann að hluta. Tóftin er hlaðin úr stóru hraungrýti en hleðslur hrundar að miklu leyti. Hólf A) er stærsta hólfið, það er um 4 x 3 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Innan við það til vesturs er lítið hólf B) , um 1,5 x 1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Í suðausturenda tóftarinnar er svo hólf C) sem er að innanmáli um 3, 5 m í þvermál. Einföld hleðsla er í veggjum þess og hefur sennilega verið aðhald í því framan við tóftina. Op er á þessu hólfi til norðausturs. Mesta hleðsluhæð tóftar er um 0,4 m. Ekki sjást op inn í hólf A eða B. Hlutverk tóftar er ekki þekkt með vissu en höfundur texta á heimasíðu Ferlis telur að um stekk sé að ræða. Ef til vill er hér um útihús eða kvíar að ræða.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:http://ferlir.is/?id=4391

GK-157:034 *Sjóvarnargarðurinn* garðlag varnargarður 64°01.481N 22°14.116V


Garðlag 034, horft til SSA

"Austurbæjartún liggur innar og er Sjávarkampur mikill að norðan og eftir honum öllum Sjóvarnargarður vel byggður og traustur," segir í örnefnaskrá. Enn sjást leifar garðsins um 100 m suðaustur af bæjarstæði 001.
Garðurinn liggur í túni vöxnu grasi og melgresi. Neðan við hann (norðaustan) er stórgrýtt fjara.
Sjóvarnargarðurinn liggur frá austri til vesturs meðfram sjávarkambinum. Hann er nú um 20 m langur. Hann stendur hann misvel og hefur hrunið úr honum að hluta. Breidd garðsins er á bilinu 0,4 m upp í 1 m og er hann 1,2 m á hæð. Hann er byggður úr fremur smágerðu grjóti en nú gróinn grasi að miklu leyti. Líklegt er að garðurinn hafi upphaflega verið lengri.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:035 *Austurbæjarbrunnur* brunnur brunnur 64°01.484N 22°14.160V



Austurbæjarbrunnur 035, horft til vesturs

"Nú liggur vegur heim Austurbæjartúnið og vestan við hann er Brunnurinn eða Flekkuvíkurbrunnur. [...] Austurbæjarbrunn er víst óhætt að kalla Brunninn sem áður er nefndur," segir í örnefnaskrá. 70 m ASA af bæjarstæði 001 er brunnur, rétt vestan við gróna heimreið að bænum em liggur í gegnum túnið. Brunnurinn er merktur á túnakort frá 1919.
Brunnurinn er í grónu túni.
Hringlaga brunnur, 2,5 m í þvermál og 2,5 m djúpur. Hann er hlaðinn úr grjóti sem hefur að hluta verið höggvið til. Brunnurinn er nú þurr og sést í grjót í botni hans.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 4; Túnakort 1919

GK-157:036 *Refshalastígur* heimild um leið 64°01.443N 22°13.968V
"Frá býlinu [067] lá í suður Refshalastígur á Flekkuvíkurstíg [037] en hann lá suður í Heiðina og tengdist þar Almenningsgötum [GK-641:003]," segir í örnefnaskrá. Refshalastígur hefur að líkindum verið um 235 m suðaustan við Flekkuvík 001.
Túngarður Austurbæjarins í Flekkuvík liggur til suðvesturs frá Refshala. Norðvestan við túngarðinn er allslétt tún en utan garðs, suðaustan við hann, er gróið hraun.
Eina sýnilega leiðin í námunda við Refshala er gömul og gróin heimreið að Flekkuvík sem liggur austan við bæjarstæðið og suður yfir túnið. Liggur hann ekki að Refshala 067 heldur framhjá honum í nokkurri fjarlægð. Líklegt er að stígurinn hafi hafi legið utan túns og meðfram túngarðinum þar til komið var upp fyrir hann (suðvestur fyrir hann).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:037 *Flekkuvíkurstígur* heimild um leið 64°01.481N 22°14.376V
"Frá býlinu [067] lá í suður Refshalastígur [036] á Flekkuvíkurstíg en hann lá suður í Heiðina og tengdist þar Almenningsgötum [GK-641:003]," segir í örnefnaskrá.
Gróið hraun.
Ekki sést til Flekkuvíkurstígs suður frá Flekkuvíkurtröðum 069 en allnokkurt rask hefur orðið á því svæði við gerð núverandi vegar heim að Flekkuvík og við uppgræðslu víða í hraunmóanum í grennd við veginn sem og víðar. Mögulega hefur varða 071 staðið við leiðina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:038 *Fjóshóll* þúst fjós 64°01.514N 22°14.280V
"Í Vesturbæjartúni er Fjóshóll og enn er þar hóll nefnist Úlfshóll [Álfhóll 024] þar mun Úlfshjáleiga [024] hafa staðið, en lengi var þar álfabyggð mikil," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Í Vesturbæjartúni er Fjósvöllur." Líklegt er að Fjóshóll sé sá hóll sem er um 50 m vestur af bæ 001 og um 50 m suðvestur frá Tröð 017 og að Fjósvöllur sé á milli hólsins og Traðar 017.
Grösugt og sléttlent tún.
Fjóshóll er fremur lágur og flatur hóll. Hann er um 23 x 12 m að stærð, snýr NNV-SSA, hæstur er hann um 3 m til suðurs en er aflíðandi til norðurs og hverfur í túnið. Hóllinn er afar grasgefinn og ekki ólíklegt að hér hafi staðið útihús, t.d. fjós þó ekki sé alveg öruggt að hóllinn sé Fjóshóll. Halldór Guðmundsson, heimildamaður, kannaðist ekki við örnefnið. Af loftmynd af Flekkuvík á Google Earth má óljóst sjá móta




Fjóshóll 038, horft til norðurs

fyrir stórri tóft á hólnum sem nær yfir hann allan, eða því sem næst. Loftmyndin er tekin að haust- eða vetrarlagi og á henni sjást vel hleðslur og brunnar auk annarra landslagseinkenna sem sáust verr eða alls ekki á vettvangi vegna blómlegra gróðurfars og mikillar nálægðar, eins og raunin var með þessa tóft.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 4; Ö-Flekkuvík A.G., 152; Google Earth

GK-157:039 hleðsla óþekkt 64°01.571N 22°14.183V



Hleðsla 039, horft til norðvesturs



Hleðsla 039

Miklar grjóthleðslur eru í Vesturbæjartúni, um 25 m norðaustan við Úlfshjáleigu 024 og um 100 m norðan við bæ 001.
Hleðslurnar standa á sléttum bala í túninu en af honum er dálítill halli til norðurs og norðausturs að túngarði. Grasi gróið er allt í kring og nokkuð hólótt.
Tvær grjótraðir (ef til vill veggir) liggja samsíða norður-suður en, á milli þeirra eru um 1,5 m. Mikið stórgrýti er í röðunum syðst en það minnkar eftir því sem norðar dregur. Ekki sjást hleðslur í þeim. Vestari röðin er um 7,5 m löng en sú austari er um 5 m löng. Raðirnar eru breiðastar syðst, um 1,5 m, þar eru þær grónar og grjót skófum og mosa vaxið. Járnaleifar eru á svæðinu. Ekki er ljóst hvort þetta er fornleif eða hvort grjóti úr mannvirkjum hafi verið safnað þarna saman eða það verið hreinsað úr túninu. Heildarumfang minjanna er um 5 x 7,5 m, snúa norður-suður. Mesta hæð er um 0,8 m.
Hættumat: engin hætta

GK-157:040 *Vesturbæjarbrunnur* brunnur brunnur 64°01.541N 22°14.269V
"Vestan við bæ er svo Brunnurinn. Vesturbæjarbrunnur," segir í örnefnaskrá. Sami brunnur er merktur inn á túnakort frá 1919, í túni Vesturbæjar, um 70 m norðvestan við bæ 001 og um 60 m suðvestur af brunni 013.
Brunnurinn er í túni, nokkuð sléttlendu, en norðan við hann eru lágir og grónir klapparhólar.
Brunnurinn er grjóthlaðinn, um 2 m í þvermál og um 1 m djúpur. Ekki er vatn í brunninum. Brúnir brunnsins slúta nokkuð inn og hrunið hefur úr brún hans í suðausturjaðri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5 og Túnakort frá 1919



Vesturbæjarbrunnur 040, horft til norðvesturs


GK-157:041 *Norðurtúngarður* garðlag túngarður 64°01.490N 22°14.335V



Garðlag 041, horft til NNV



Gerði samtengt túngarði 041, horft til norðausturs



Gerði samtengt túngarði 041

"[...] er tún Austurbæjarins austan megin en Vesturbæjar vestan. Skiptast þau um tröð [069] þeim megin sem til Heiðarinnar veit og stefnir hún til suðvesturs frá bænum. Báðum megin traðarinnar eru hlaðnir grjótgarðar; svo er um tún og kúhaga," segir í örnefnaskrá. Túngarðar eru greinanlegir umhverfis allt tún Austur- og Vesturbæjar í Flekkuvík og eru sýndir á túnakorti frá 1919, en nokkur munur er á görðunum þeim eftir bæjum og verða þeir skráðir í sitthvoru lagi. Túngarður Austurbæjar er númer 044. Í örnefnaskrá segir einnig frá Vesturbæjargerði: "Norðan bæjanna er hluti Vesturbæjartúns nefnt Gerði eða Vesturbæjar-Gerði." Gerðið er um 130 m norðaustan við bæ 001 og er hlaðið út frá Norðurtúngarði og því skráð með honum.

Túngarður Vesturbæjar liggur umhverfis sléttlent tún en utan þess er víðast gróið hraun en einnig grýtt fjara.

Norðurtúngarður eða Vesturbæjartúngarður afmarkar tún vesturbæjar frá tröðum 069 í vestri að Austurbæjarvör 074 í austri. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 245 x 105 m og snýr suðvestur-norðaustur. Vesturbæjartúngarði er fylgt frá suðvesturenda traða 069 til norðurs þar til hann mætir Vatnsgarðsgörðum 016. Þar beygir Vesturbæjartúngarður til norðausturs. Í horninu þar var eitt sinn sumarbústaður með steyptum sökkli en hann brann og sjást þess enn merki á gróðrinum. Þar eru ógreinileg garðlög innan túngarðs, að öllum líkindum í tengslum við sumarbústaðarlóðina. Túngarðurinn liggur niður að sjávarbakka og meðfram honum að Vesturbæjarvör 075 og Austurbæjarvör 074 en hann er víða óskýr þar sem hann er næst bakkanum. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti þar sem hann liggur yfir hraunmóa. Hleðslur eru víða niðurfallnar, en standa í Norðurtúngarði sem liggur í suðvestur-norðaustur en vísar til norðnorðausturs. Þar sem garðurinn er hruninn er hann breiðastur um 1,5 m og um 0,5 m á hæð en þar sem hann stendur enn er hann hæstur um 1 m. Á stöku stað er garðurinn mjög ógreinilegur, einkum í suðvesturhorninu þar sem grjót virðist hafa verið tekið úr honum og ef til vill notað í hleðslur á sumarbústaðarlóð. Þegar komið er niður að sjávarbakka er grjótið í garðinum sjávargrjót og hleðslur víðast hrundar og horfnar á köflum. Heildarlengd túngarðsins er um 480-500 m. Gerðið er að miklum hluta náttúrulegt aðhald að því er virðist og er nokkuð hringlaga. Innanmál Gerðisins er um 8 m í þvermál en ekki er hægt að gefa upp utanmál þess þar sem Gerðið er að hluta afmarkað af hólum en ekki hleðslum. Norðvesturhluti þess er Norðurtúngarður og frá túngarði til norðausturs er lágur hóll sem liggur í boga. Frá túngarði til suðausturs er einnig lágur hóll en ofan á honum er töluvert grjót, sennilega hrunin hleðsla sem tilheyrir Gerðinu. Hleðslan er um 3 m á lengd og 1 m á breidd, liggur norðvestur-suðaustur, er um 0,4 m á hæð. Gerðið er opið til austurs og suðausturs. Stór grjóthrúga er um 1-2 m sunnan við áðurnefnda hleðslu, hún er um 3 x 1,5 m að stærð og snýr NNV-SSA, er um 0,7 m á hæð. Ef til vill hefur grjóti úr hleðslum í Gerðinu verið safnað þarna saman. Hólarnir sem umkringja gerðið eru um 0,5 -1 m á hæð og

hleðslan í túngarðinum er um 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 3; Ö-Flekkuvík, 5; Túnakort 1919

GK-157:042 *Refshalavör* heimild um lendingu 64°01.483N 22°13.920V
"Þá er Refshalafjara og Refshalavör. Þá er Flekkuvíkin, sem hefur aðrar víkur ...," segir í örnefnaskrá. Refshalavör hefur líklega verið í nágrenni við Refshala 067 og 130 m suðaustan við bæ 001.
Gróið nef og stórgrýtt fjara. Sunnan og vestan við nefið eru tún.
Engin merki sjást um manngerða lendingu. Hér eins og annars staðar í fjörunni ganga hins vega klappir út í sjó sem mynda ágætar náttúrulegar aðstæður.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5

GK-157:043 *Sundvarða neðri* varða samgöngubót
64°01.476N 22°14.109V
"Á miðjum Kampinum er Sundvarða neðri," segir í örnefnaskrá. Miður Kampur er um 100 m suðaustan við bæjarstæði 001.
Varðan hefur verið í túnjaðri, vöxnum grasi og melgresi. Neðan við hann (norðaustan) er stórgrýtt fjara.
Engin varða er sýnileg er líklegasti staðurinn er á Sjávargarðinum 034 miðjum. Þar er garðurinn ekki gróinn grasi og er hann aðeins hærri, líkt og grjóthrúga sé ofan á honum. Steinarnir eru grónir mosa og skófum svo ekki telst líklegt að þeim hafi skolað á land nýlega. Hugsanlegt er að grjótið sé úr vörðu sem hafi staðið þarna.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5


Sundvarða neðri 043, horft til norðvesturs

GK-157:044 garðlag túngarður 64°01.483N 22°14.330V
"[...] er tún Austurbæjarins austan megin en Vesturbæjar vestan. Skiptast þau um tröð [069] þeim megin sem til Heiðarinnar veit og stefnir hún til suðvesturs frá bænum. Báðum megin traðarinnar eru hlaðnir grjótgarðar; svo er um tún og kúhaga," segir í örnefnaskrá. Túngarðar eru greinanlegir umhverfis allt tún Austur- og Vesturbæjar í Flekkuvík og eru sýndir á túnakorti, en nokkur munur er á görðunum þeim eftir bæjum og verða þeir skráðir í sitthvoru lagi. Túngarður Vesturbæjar er númer 041.


Garðlag 044, horft til norðvesturs


Túngarður Austurbæjar liggur umhverfis sléttlent tún en utan þess er víðast gróið hraun en einnig grýtt fjara.
Túngarður Austurbæjar afmarkar tún frá tröðum 069 í vestri að Refshala 067 í austri. Túngarðurinn afmarkar svæði sem er 310 x 130 m og snýr NNV-SSA. Túngarðurinn liggur í hálfhring og afmarkar túnið til suðvesturs og suðurs en traðirnar hafa afmarkað það til norðurs og Sjóvarnargarðurinn 034 til austurs. Túngarðinum er fylgt frá suðvesturenda traða 069 til suðausturs um 250 m en þá sveigir garðurinn til norðausturs að Refshala 067, um 130 m. Samanlagt er garðurinn um 380 m langur. Túngarðurinn umhverfis Austurtúnið er frábrugðinn þeim sem er í kringum Vesturtúnið að því leyti að hann er miklu grónari og signari. Hann er breiðastur um 1 m og hæstur um 0,4 m og er allur hruninn. Hann stendur á einhvers konar jarðvegshrygg en óljóst er hvað af honum er náttúrulegt og hvað manngert. Hryggurinn er lægstur næst tröðunum en hækkar smám saman og er hæstur um 2 m og breiðastur um 3 m. Þar sem garðurinn beygir til norðausturs skerst gamall og gróinn bílfær afleggjari heim að bænum í gegnum hann og Íshúsið 073 er grafið inn í hann eða öllu heldur jarðvegshrygginn sem hann er hlaðinn ofan á. Ekki sjást leifar túngarðs meðfram sjónum frá Austurbæjarvör að Refshala.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 3

GK-157:045 *Skiparéttin* þúst naust 64°01.526N 22°14.094V



Þúst 045, horft til vesturs



Þúst 045

"Norðan við víkina eru svo Austurbæjarvör [074] og Vesturbæjarvör [075] og Naustið þar upp af og Skiparéttin," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti eru sýnd nokkur mannvirki við bæði Austurbæjar- og Vesturbæjarvarir. Ekki er ljóst við hvað af þeim mannvirkjum Naustið og Skiparéttin eiga við sem nefnd eru í örnefnaskrá. Mannvirkin sem eru við Vesturbæjarvörina eru þegar skráð, sjá 010 og 011. Við Austurbæjarvör eru á túnakorti spil, tvískipt hús vestan við það sem opið er til norðurs og svo þar suðaustan við eru fjögur samliggjandi og/eða samtengd lítil hús sem hér eru skráð sem Skiparéttin/Naustið. Líklegt er að eitthvað af þessu hafi verið naust og/eða skiparétt. Lítið sést nú til þessara minja á vettvangi en þær eru um 90 m ANA við bæ 001.
Grýtt en grasi gróið svæði niður við sjávarbakkann.
Minjasvæðið er um 20 x 12 m og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestast á minjasvæðinu er mikið grjót í háu grasi og sést því illa, ómögulegt er að sjá þar útlínur mannvirkja. Í beinu framhaldi af þessu grýtta svæði til norðausturs er greinilegri grjótdreif sem er um 12 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjótið er af öllum stærðum og er nokkuð gróið. Mest er af grjóti vestast í grjótdreifinni og er þar nokkuð reglulegur kringlóttur flötur sem er hæstur um 0,5 m, hann er um 4-5 m í þvermál. Líklegt er að þarna hafi spilið staðið.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5

GK-157:046 *Sundvarða efri* varða samgöngubót
64°01.387N 22°14.399V


"Svo segir sagan að Flekka, landnámskona hafi búið í Flekkudal í Kjós og þar hafi hún mist [svo] mann sinn. Fluttist hún þá að Flekkuvík. Á Manntapaflúð strandaði skip með sonu hennar og drukknuðu þeir. Ummæli eru eftir henni höfð, að ekki myndi skip farast á Flekkuvíkursundi væri það rétt tekið. Lét hún þá reisa Sundvörður. Aðra [043] á Kampinu [svo], en hina fyrir ofan tún Sundvörðuna efri," segir í örnefnaskrá. Sundvarða efri er að mestu hrunin. Hún er um 180 m suðvestur af Flekkuleiði 027 og um 290 m suðvestan við bæ 001. Varðan er skammt austan við núverandi afleggjara heim að bæ.



Sundvarða efri 046, horft til austurs

Varðan stendur á allháum klapparhól í grónu hrauni.
Varðan er næstum öll hrunin vestur fyrir klöppina sem hún stendur á. Af grjóthrúgunni að dæma hefur varðan verið mjög stór. Sýnilegur grunnur hennar er um 1 x 0,5 m, snýr norður-suður. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Grjóthrúgan vestan við vörðuna er um 2 x 2 m að stærð og um 0,5 m há. Grjótið er meðalstórt, skófum og mosa vaxið. Spýta hefur verið sett ofan í það sem eftir stendur af vörðunni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5

GK-157:047 *Bælisbyrgi* gryfja herslubyrgi 64°01.702N 22°14.434V



Byrgi í grjótbreiðum 047C og D


Skotbyrgi 047A, horft til norðausturs


Grjótbreiður 047C og D, horft til norðausturs

"Milli Vesturbæjartúns og Flekkuvíkurhamra eru Bælisklappir, Bælisflatir og Bælisbyrgi og eru þarna rústir nokkrar," segir í örnefnaskrá. "Víkurbotninn frá vörunum að Refshala var kallaður Bæjarvík. Nokkru vestar en varirnar eru tvær stórar klappir kallaðar Bælingsklappir. [...] Hansína mundi eftir tóftarbrotum á Bælingsklöppum og áleit þau hafa verið af fiskibyrgjum," segir einnig í örnefnaskrá. Á stóru svæði sem er á milli skotbyrgis 019 og Vatnagarðsgarða 016 eru ógreinilegar leifar herslubyrgja en einnig nýleg skotbyrgi um 390 m norðvestan við bæ 001.
Á svæðinu er nokkuð sléttlent og grasgefið en gríðarmikið af grjóti sem er annars vegar mosavaxið fjörugrjót og grjót sem hefur nýlega skolað á land. Í þessum grjótbreiðum og um mestallt svæðið er spýtnabrak.
Svæðið er um 340 x 50 m að stærð og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Á þessu svæði hafa víða verið gerðar gryfjur ofan í grjótbreiðurnar eða byrgi hlaðin nærri þeim. Allt er þetta orðið mjög óskýrt og erfitt að henda reiður á því hvað er manngert og hvað náttúrulegt. Þá hefur einnig verið nokkuð um það að nýleg skotbyrgi hafi verið hlaðin á svæðinu. Eitt nýlega hlaðið skotbyrgi A) er vestarlega á svæðinu. Það er hringlaga, úr fjörugrjóti og mosavöxnu hraungrýti, hlaðið að hluta til ofan á gróinn fjörukambinn. Það er um 5 x 4 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur, mesta hleðsluhæð er um 0,7 m. Annað nýlegt skotbyrgi B) er um 115 m austan við byrgi A). Byrgið hefur aðeins 3 veggi, langvegg sem liggur austur-vestur og tvo stutta veggi til suðurs frá hvorum enda langveggjarins. Það er um 4 x 2 m að stærð og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Greinilegustu fornleifarnar á heildarsvæðinu eru í austurhluta þess á svæði sem er um 35 x 25 m að stærð og snýr einnig austur-vestur. Á þessu svæði hafa byrgi verið gerð ofan í tvær grjótbreiður. Vestari breiðan C) er um 25 x 15 m að stærð og snýr norður-suður, mjókkar mjög til suðurs. Í norðurenda þessa svæðis, næst sjávarkambi, er ein renna I), um 5 x 1,5 m að innanmáli, snýr A-V, er 1 m djúp. Um 5 m suðaustar er önnur renna II) um 4 x 1 m að innanmáli, í sömu stefnu, og 4 minni hólf, hringlaga, það syðsta ógreinilegast. Um 10 m austan við C) er önnur svipuð grjótbreiða D). Hún snýr norður-suður og er um 10 x 20 m að

stærð. Í henni miðri er T - laga gróf I) og í suðurenda breiðunnar er renna II), um 7 x 1 m að innanmáli og 1,2 m djúp. Mjög hefur hrunið ofan í T - laga grófina en hún er um 4 x 4 m að innanmáli og um 1 m djúp, víðast grynnri. Víða suðaustan við þessar tvær grjótbreiður eru litlar grjóthrúgur sem kunna að vera byrgjaleifar en það er mjög óskýrt, þær eru á grasi grónum og flötum bakkanum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 5-6; Ö-Flekkuvík GE, 4


GK-157:048 *Vatnsgarðsvör* heimild um lendingu 64°01.617N 22°14.184V
"Ekki er ósennilegt að Vatnagarðsvör hafi verið hér nálægt Hömrunum," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst í örnefnaskrá við hvaða hamra er átt en aðstæður við Bælingsklappir virðast ekki góðar til lendingar. Líklegra er að lendingin hafi verið um 90 m austan við Vatnagarð 018 og 185 m norðan við bæ 001.
Stórgrýtt fjara. Norðvestan við meinta lendingu eru grónar grasflatir sem fara í kaf á flóði.
Nokkuð breið renna er í fjörunni austur af Vatnagarði og mögulegt að þar hafi verið lent. Ekki er hægt að sjá nein mannaverk þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 6

GK-157:049 *Tvívörður* heimild um samgöngubót 64°01.027N 22°15.040V
"Suður og upp frá Hermannsvörðu [080] eru á Háheiðinni Tvívörðuhæð og þar stóðu í eina tíð tvær vörður, Tvívörður, sem nú eru horfnar," segir í örnefnaskrá. Fast vestan undir Tvívörðuhæð er Mundastekkur 056 og hæðin er um 1,1 km suðvestur af bæ 001.
Tvívörðuhæð er hár hraunhelluhóll og er sprunga eftir honum endilöngum. Hann er vel gróinn og stendur í vel grónu hrauni.
Tvívörðuhæð snýr norður-suður. Ekki sjást vörður á hæðinni eða skýrar leifar þeirra. Eitthvað er af lausu grjóti á hólnum en ekkert sem gefur til kynna að þarna hafi staðið vörður. Hundaþúfa er á hólnum norðarlega. Ef til vill hefur grjótið úr vörðunum verið notað í braggagrunn 057 sem er á næsta hól fyrir norðan Tvívörðuhæð, um 30 m er á milli þeirra. Líklega hafa vörðurnar vísað á Mundastekk.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 6

GK-157:050 *Flekkuvíkurselsstígur* heimild um leið 64°00.112N 22°14.031V
"Flekkuvíkurselsstígur lá úr Traðarhliði og upp Heiðarlandið, sem var óskipt milli Bæjanna. [...] Skammt austan þeirra [varðanna Bræðra 053] er varðan Stakur [GK-159:117]. þar rétt hjá er Selstigurinn [svo] beint suður í Flekkuvíkursel," segir í örnefnaskrá. Ekki er til nánari lýsing á legu stígsins en vísast hefur hann legið um/við Flekkuvíkurheiði og svo áleiðis í átt að Flekkuvíkurseli 058. Líklegt er að stígurinn hafi þá legið við Reykjanesbraut í námunda við Stóra-Hrafnshól.
Leiðin hefur legið um gróið hraun.
Ekki sést neinn fornlegur slóði í námunda við Reykjanesbrautina á þessum stað. Skráning 2008: Hvorki sást til leiðarinnar sunnan við Reykjanesbraut í námunda við Flekkuvíkursel né við vörðuna Stakur GK-159:117.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 6-7

GK-157:051 *Selhóll* örnefni sel
"Rétt ofan við Þjóðveginn eru Miðmundarhólar. Þeir eru þrír.[...] Suður af Miðmundahólum er Selhóll [...]," segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Skammt ofan við þjóðveg er Selhóll hjá honum er leiðin upp í Flekkuvíkursel." Þjóðvegurinn sem nefndur er í örnefnaskrá er gamli vegurinn, Strandarvegur, sem lá mun neðar og nær sjó en Reykjanesbraut gerir nú. Staðsetning Selhóls er ókunn. Nokkurt svæði sunnan við Miðmundahóla var gengið og ekki sáust tóftir eða annað sem gæti gefið til kynna minjar um sel. Líklegt er að Selhóll dragi nafn sitt af því að leiðin upp í Flekkuvíkursel 058 lá framhjá honum og vísi því ekki á eiginlegt sel.
Gróið hraun.
Ekki tókst að staðsetja Selhól og ekki sást til leiðarinnar í Flekkuvíkursel.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 7; Ö-Flekkuvík AG, 152

GK-157:052 tóft óþekkt 64°01.579N 22°14.341V



Tóft 052


Tóft 052, horft til SSA

"Við Bælingsklappir er túnhorn Vesturbæjar. Þaðan liggur garður til útsuðurs og skilur hann á milli túnsins og Vatnagarðsins [018], en svo nefnist grasbrekka og lágar flatir, er fara í kaf með stórstraumsflóði. Í Vatnagarði, niður frá Álfhól [024] er síðar getur, eru rústir. Gætu þær verið af gömlu koti (e.t.v. Péturskoti [066] eða Úlfshjáleigu [024] sem G.S. getum um í lýsingu sinni)," segir í örnefnaskrá GE. "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga [064], Blíðheimar [065[, Péturskot, Úlfshjáleiga og Tröð [017]," segir í örnefnaskrá. Innan Vatnagarðsgarða [016] eru tvær tóftir, um 65 m eru á milli þeirra. Önnur þeirra er nærri Norðurgarði en hin er nærri sjó [041]. Líklegra er talið að tóftin nær sjó sé býlið Vatnagarður en ekki er útilokað að báðar tóftirnar hafi tilheyrt því. Tóftin sem er nær Norðurtúngarði er um 160 m norðvestan við bæ 001. Mögulegt er að þessi tóft sé einhver af þeim hjáleigum sem taldar eru í örefnaskrá og ekki er vitað hvar voru, s.s. Sigurðarhjáleiga, Blíðheimar eða Péturskot.

Tóftin er í hraunmóa sem enn ber þess merki að hafa brunnið, líklegast þegar sumarbústaðurinn í norðvesturhorni Vesturbæjartúnsins brann.

Tóftin er grjóthlaðin og orðin mjög ógreinileg. Hún skiptist í tvö hólf, er um 5 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Vesturhlið tóftarinnar er lá klöpp en aðrir veggir eru grjóthlaðnir, mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Í suðurenda tóftar er lítið hólf I þvert á stefnu tóftar sem er 3 x 1 m að innanmáli, opið til vesturs. Í norðvesturhorni tóftar er op við klapparvegg inn í hólf II. Hólf II er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-

suður. Í norðurenda þess hólfs má greina óljósan vegg, um 0,5 m innan við norðurgaflinn og kann þar að hafa verið lítið hólf. Veggurinn er um 2 m á lengd og liggur austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 5; Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:053 *Bræður* varða óþekkt 63°59.719N 22°13.830V


Bræður 053, horft til norðurs

"Enn austar [en varða GK-151:053] eru Bræður, tvær vörður, hvor hjá annarri," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Í örnefnaskrá Flekkuvíkur segir: "Eftir því sem talið er við Kálfatjörn er Stóri-Hafnhóll, Syðri-Hafnhóll að einhverju leyti í Flekkuvíkurlandi. Svo er einnig með vörðurnar Bræður, Bróðir innri og Bróðir syðri." Vörðurnar eru 700 m norðan við Flekkuvíkursel 058 og 3,4 km suður frá bæ 001. Miðað við landamerki sem fengust hjá sveitarfélaginu eru vörðurnar í miðju Flekkuvíkurlandi og því ekki vafamál að báðar vörðurnar tilheyra Flekkuvík.

Mosagróið hraun og klapparholt. Víða eru grasi grónar hvilftir.

Tvær veglegar grjóthlaðnar vörður, tveir metrar eru á milli

þeirra. Sú austari er 1,5 x 1 m að flatarmáli og 1,5 m há. Sú vestari hefur sama flatarmál en er aðeins lægri, um 1,2 m að hæð. Grunnflötur þeirra beggja er nokkurn vegin kantaður. Þar sem vörðurnar standa enn svo vel eru þær varla mjög gamlar eða hafa verið endurreistar. Vörðurnar eru á svæði sem er um 5 x 1,5 m og snýr austur-vestur. Ekki er vitað í hvaða tilgangi vörðurnar voru hlaðnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 15; Ö-Flekkuvík, 7


GK-157:054 varða landamerki 63°59.318N 22°13.675V



Varða 054, horft til norðurs

Varða er á Vesturselási um 110 m vestan við Selásvörðu 059 og um 4,1 km SSA við bæ 001.
Varðan stendur á lágum, sprungnum klapparhól, mosa og lyngi vöxnum sem er í suðvesturjaðri selstæðisins Flekkuvíkursels 058.
Varðan er hrunin, hún er um 0,6 m á hæð og um 0,8 m í þvermál. Varðan er aðallega hlaðin úr stóru skófum vöxnu grjóti en einnig meðalstóru. Samkvæmt landamerkjum frá sveitarfélaginu tilheyrir þessi varða Kálfatjörn en líkur eru til þess að sé landamerkjavarða á milli Flekkuvíkur og Kálfatjarnar. Varðan er í beinu framhaldi af landamerkjalínu sem liggur í vörðu 085, um 70 m norðar. Eins og landamerkin eru frá sveitarfélaginu lendir lítill hluti af seltúni Flekkuvíkursels innan Kálfatjarnar en ef landamerkjalínan er látin liggja í vörðu 094 er allt seltúnið innan Flekkuvíkur og hlýtur að teljast líklegt að þannig hafi merkin verið en það er óvíst, auk þess sem þau kunna að hafa breyst.
Hættumat: engin hætta

GK-157:055 tóft skotbyrgi 64°01.107N 22°14.031V



Tóft 055




Tóft 055, horft til suðurs

"Á móts við gamla Flekkuvíkurafleggjarann hefur lítið grjótbyrgi verið byggt ofan í Almenningsvegi [GK-641:003] [...]," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Byrgið er um 775 m suðaustan við bæ 001 og um 840 m norðaustan við Arnarvörðu 031.
Byrgið er í sprungu á allháum hraunhelluhól í grónu hrauni.
Byrgið er grjóthlaðið og eru langveggir hlaðnir ofan á hraunhellubrúnir í sprungu sem liggur langsum eftir hólnum og suðurgafl er hlaðinn ofan í sprunguna. Byrgið er um 3 x 4 m að utanmáli, snýr norður-suður. Op er á því til norðurs. Mesta hleðsluhæð er um 1 m utanmáls.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 36

GK-157:056 *Mundastekkur* tóft stekkur 64°01.029N 22°15.060V




Mundastekkur 056


Mundastekkur 056, horft til vesturs

"[...] og vestan undir honum [Strandaveginum] er Mundastekkur sem líklega var frá Flekkuvík," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Stekkurinn er fast vestan undir Tvívörðuhæð og um 1,1 km í suðvestur frá bæ 001.
Stekkurinn er á stéttum grasbala í nokkuð grónu hrauni en næst stekknum er flagmói. Skammt sunnan við stekkinn er reiðstígur.
Stekkurinn er grjóthlaðinn en vel gróinn og hleðslur signar. Hann er 7 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Stekkurinn skiptist í tvö hólf en veggurinn sem skilur hólfin að sést mjög illa og er afar vel gróinn. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Líklega hefur verið op inn í tóftina í norðvesturhorni hennar en það er mjög óskýrt. Hólfin eru samsíða í sömu stefnu og tóftin. Syðra hólfið I) er um 1 x 3 m að innanmáli og nyrðra hólfið II) er um 4,5 x 2 m að innanmáli. Í austurenda þess virðist vera lítið hólf sem er um 1 x 0,5 m að innanmáli og snýr norður-suður en það getur verið að það sé aðeins hrun úr veggjum.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 37

GK-157:057 mannvirki 64°01.011N 22°15.027V



Mannvirki 057


Mannvirki 057, horft til suðurs

Á hól fast upp af og við Tvívörðuhól 049 er braggagrunnur af einni

varðstöð stríðsáranna og að henni liggur greinilegur vegarslóði," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Grunnurinn er 20-30 m suður af Tvívörðuhól 049 og um 1,2 km suðvestur af bæ 001.
Grunnurinn stendur á allháum hól í tiltölulega grónu hrauni, fast við reiðstíg.
Grunnurinn er grjóthlaðinn en víða er aðeins einföld röð steina, annarsstaðar eru hleðslur hrundar. Ofan í grunninn hefur grjót verið sett til að jafna undirstöðuna. Járnaleifar eru í grunninum. Hann er um 12 x 5 m að stærð, snýr norður-suður. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 37


GK-157:058 *Flekkuvíkursel* tóftaþyrping sel 63°59.363N 22°13.534V



Tóft 058A, hólf I, horft til austurs



Tóft 058B, horft til suðvesturs



Flekkuvíkursel 058, tóftir A-G

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Selstöðu á jörðin og brúkar þar sem heitir Flekkuvíkursel, eru þar hagar viðsæmandi, en stórt mein að vatnsleysi, og báglegt eldiviðartak." "Vestan eða suðvestan undir honum er Flekkuvíkursel og er það í landi Kálfatjarnar," segir í örnefnaskrá GE. "Þar rétt hjá er Selstígurinn [050] [svo] beint suður í Flekkuvíkursel. Það stendur í Seltúninu og eru þar allmiklar rústir greinilegar. Þar var haft í seli fram til 1845. [...] Þegar haft var í seli var búsmalinn rekinn til vatns í Kúageröi, 40 mínútna leið fram og til baka," segir í örnefnaskrá Flekkuvíkur. "Enn ofar, vestan undir klapparási, er Flekkuvíkursel. Þar er allstór mói í kringum selið, er nefnist Seltún. Amma Ólafs, Herdís Jónsdóttir frá Flekkuvík, kom í selið sem barn og voru þá bæði smali og selráðskona þar. Það hefur verið á milli 1860-70, en Herdís var fædd 1858. Þarna sjást rústir allmargra kofa," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnar. Í ritgerð Gunnars Ingimundarsonar um örnefni í Brunnastaðahverfi kemur fram að Flekkuvíkursel hafi verið síðasta selið sem fór í eyði í sveitinni, um 1870. Selið er 4 km SSA við bæ 001. Heimildum ber ekki saman um hvað ásarnir heita í kringum Flekkuvíkursel en það skiptir miklu máli í þessu tilviki því landamerki Flekkuvíkur á móti Kálfatjörn annarsvegar og Vatnsleysu hins vegar liggja um ása sitt hvorum megin við selið. Í bókinni Örnefni og gönguleiðir er aðeins talað um Vestari- og Nyrðri-Flekkuvíkurselás eins og gert er í landamerkjalýsingu. Í lýsingum af staðsetningu selsins í sömu heimild er talað um að Selásvarða sé á Vesturásnum. Í Örnefnaskrá Flekkuvíkur er hins vegar talað um Selásinn vestari, Selásinn eystri og Mið-Selás. Og samkvæmt sömu heimild er Selásvarðan á Mið-Selás. Á vettvangi og af loftmyndum virðast ásarnir vera þrír og er líklegt að Selásinn eystri í örnefnaskrá sé sami ás og Nyrðri-Flekkuvíkurselás í landamerkjalýsingu en þessi ás er norðaustastur ásanna og því geta bæði nöfnin átt við hann. Mið-Selássins er væntanlega ekki getið í landamerkjaskrám af því að landamerkin liggja ekki um hann. Mið-Selás er suðaustan við Flekkuvíkusel og á honum er stór varða sem að öllum líkindum er Selásvarða en tvær vörður (085 og 094) eru á Selásnum vestari sem er vestan við Flekkuvíkursel. Annað sel er um 185 m norðaustan við Flekkuvíkursel en það er að öllum líkindum í landi Vatnsleysu og er skráð með Stóru-Vatnsleysu undir númerinu GK-159:102. Óvíst er hver tengslin eru milli seljanna tveggja en selið í landi Vatnsleysu virðist vera eldra en Flekkuvíkursel og því tilheyra færri sýnilegar rústir. Selið kann að hafa verið frá Vatnsleysu eða eldra sel frá Flekkuvík þó að selstæði Flekkuvíkursels sé mun ákjósanlegra eins og aðstæður eru nú.

Flekkuvíkursel er norðvestan undir Mið-Selás sem er allhátt hraunholt. Seltóftirnar eru í Seltúninu sem er nokkuð flatlendur og grasi gróinn túnblettur. "Drjúgan spöl suðaustan Kolgrafarholts og Kirkholts en norðaustan Sýrholts er Flekkuvíkursel. Selið stendur nokkuð fyrir neðan Grindavíkurgjá og er háa, nafnlausa, varðan ofan og austan Auðnasels [GK-146:023], í suðurstefnu frá Flekkuvíkurseli. Um hálftíma gangur er milli Auðnasels og Flekkuvíkursels. Í selinu sjást sex kofatóftir og kví. Vatnsstæði er í klapparholu uppi á ásnum norðan tóftanna og fáeinir steinar við það," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Á heimasíðu Ferlis segir: "Frá Bræðrum sést vel að Flekkuvíkurseli í suðri. Um 10 mínútna gangur er að því frá vörðunum. Selið sjálft er undir löngu holti, Flekkuvíkurselási. Á því er varða, Selásvarða [59]. Annars eru sjáanlegar vörður á holtum þarna allt í kring, átta talsins." Í ritgerð Ómars Smára Ármannssonar um sel á Reykjanesskaga segir: "Í selinu sjálfu má vel greina 8 tóttir. Líklega hafa selstöðurnar verið a.m.k. tvær. Stekkur er undir holtinu skammt sunnar, en vestan við selið eru hleðslur er gætu verið rétt og eldra gerði. Vel gróið er í kringum selið, Seltúnið. Norðan við selið er klapparhóll. Í kvos norður undir norðurholtinu er hlaðin kví. Norðan þess eru þrjár tóftir er benda til þess að þar hafi verið minna sel. Norðan þess er u.þ.b. metershár hóll með hleðslum [Framangreindar minjar: kví, sel og hóll með hleðslum er skráð saman auk vatnsstæðis og vörðu undir númerinu GK-159:102]. Talsverð landeyðing er í kringum hann, en þarna gæti hafa verið stekkur, lítil borg eða hlaðið hús. Hugsanlega gæti þetta hafa verið sel frá öðrum



Tóft 058G, horft til suðvesturs



Tóft 058C, hólf II, horft til suðurs

Flekkuvíkurbæjanna, en Flekkuvík skiptist í Austurbæ og Vesturbæ, auk þess sem bærinn Refshali [067] (Rifshali) var býli þar í túnkróknum (fór í eyði 1920)." Flekkuvíkursel er á svæði sem er 100 x 80 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar eru sex tóftir og eitt garðlag og fá minjarnar bókstafina A-G til aðgreiningar. Tóft A er grjót- og e.t.v. torfhlaðin tóft sem skiptist í þrjú hólf. Hún stendur á lágum hól undir lágum hálsi og er 11 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hólf I er austast og stærst. Það snýr í norður-suður og er 6 x 5 m að innanmáli. Breidd veggja er um 1 m og er hæð þeirra 0,7 m. Greinilega sést í grjóthleðslur sem hafa víða hrunið inn á við. Um 1 m breitt op er á hólfinu á vestari langvegg, um 2 m frá syðri skammhlið. Hólf II er vestur af I og áfast því í suðvesturhorni, sunnan við dyraopið. Hólfið er 3 x 1 m að innanmáli og snýr það þvert á hólf I. Veggir þess eru aðeins mjórri, um 0,8 m að breidd og sömuleiðis lægri eða um 0,4 m. Veggirnir eru afar grónir og sést ekki í grjóthleðslur. Líklega eru veggirnir þó grjóthlaðnir eða torf- og grjóthlaðnir. 0,5 m breitt dyraop í á langvegg í norðvesturhorni. Hólf III er austur af II og snýr á sömu vegu. Það er 3 x 1,5 m að innanmáli. Veggir þess eru einnig 0,8 m að breidd og 0,4 m háir. Dyraop er í suðvesturhorni skammhliðar. Er það aðeins 0,3 m breitt. Tóft B er 3 m vestur af A. Er hún einföld og er 6 x 4 m að stærð. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur. Breidd langveggja og austari skammhliðar er um 1 m en vestari skammhliðin er 1,5 m breið. Allir veggirnir eru 0,6 m háir. Grjót er í veggjum og sést það greinilega á syðri langvegg og í eystri skammhlið. Dyraop er í norðurhorni á skammhlið. Tóft C er um 4 m austan við tóft B. Hún snýr norður-suður og skiptist í a.m.k. tvö hólf, e.t.v. þrjú. Hólf I er nyrst. Það er 5 x 4 m að utanmáli en 3 x 2 m að innanmáli. Eystri langveggur er ríflega 1 m á breidd en aðrir 1 m. Eru þeir 0,5 m háir. Nyrðri gaflinn er nánast opinn en greina má smá veggjabút í austurhorni. Þó er hugsanlegt að einungis hafi hrunið úr langveggnum. Tóftin er grasi gróin. Hólf II er 4 m suður af I. Er það 4 x 6 m að utanmáli, 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr í VSV-ANA. Veggir hólfsins eru 1,5 m að breidd og 0,5 m háir. Op er á nyrðri langvegg miðjum, 0,4 m breitt. Tóftin er grasi gróin og sést ekki í grjót í veggjum. Milli hólfa I og II eru þúfur sem mynda e.t.v. ógreinilega veggi. Væri það þá þriðja hólf tóftarinnar. Er það 4 x 5 m að stærð og mjókkar til norðurs. Breidd veggjanna er um 1 m og hæð þeirra 0,3 m. Tóft D er 4 m austan við C II. Tóftin er fremur

Hættumat: engin hætta

Heimildir:JÁM III, 147; Ö-Flekkuvík GE, 9; Ö-Flekkuvík, 7; Ö-Kálfatjarnarhverfi, 15; SG:Örnefni og gönguleiðir, 98; http://www.ferlir.is/?id=3688; GI: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 64; ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum, 89.

GK-157:059 *Selásvarða* varða samgöngubót 63°59.308N 22°13.543V



Selásvarða 059, horft til vesturs

"Þarna [hjá Flekkuvíkurseli 058] er dálítill hvammur með Selásinn vestari, Selásinn eystri og Mið-Selás framundan og þar á Selásvörðuna," segir í örnefnaskrá. "Selás eða Flekkuvíkurselás heitir langt klapparholt við selið að ofanverðu og inn í holtið skerast grasbollar. Ásinn greinist samkvæmt gömlum landamerkjalýsingum í Vestri-Flekkuvíkurselás og Nyrðri-Flekkuvíkurselás. Á vesturásnum er Selásvarða, önnur varða er á miðhluta hans og sú þriðja á nyrðri endanum," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Heimildum ber ekki saman um hvort Selásvarða er á Mið-Selási eða Vestri-Flekkuvíkurselás. Á vettvangi og af loftmyndum virðast ásarnir vera þrír og er líklegt að Selásinn eystri í örnefnaskrá sé sami ás og Nyrðri-Flekkuvíkurselás í landamerkjalýsingu en þessi ás er norðaustastur ásanna og því geta bæði nöfnin átt við hann. Mið-Selássins er væntanlega ekki getið í landamerkjaskrám af því að landamerkin liggja ekki um hann. Selásvarðan er um 100 m sunnan við Flekkuvíkursel 058 og um 4,1 km SSA af bæ 001.

Varðan stendur nokkuð hátt á ásnum á gróinni hæð.

Varðan er hrunin og mikil um sig. Hún er um 1,2 m í þvermál en norðan við hana er grjótdreif sem er um 1 m í þvermál og er hún, a.m.k. að hluta, hrun úr vörðunni. Varðan er um 1 m á hæð og grjótið í henni meðalstórt. Um 100 m norðaustan við Selásvörðuna eru 2 lítilfjörlegar grjóthrúgur með stuttu millibili sem kunna að vera þær vörður sem í heimild eru sagðar á miðhluta og nyrðri enda Vestri-Flekkuvíkurássins og eru þær skráðar með henni. Selásvarða hefur vísað á Flekkuvíkursel.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 7; SG: Örnefni og gönguleiðir, 77-78


Varða 060, horft til vesturs

GK-157:060 varða landamerki
63°59.398N 22°13.500V
Varða er um 170 m norðan við Selásvörðu 059 og um 4 km SSA við bæ 001.
Varðan stendur á mosagrónu hraunholti á milli Flekkuvíkursels 058 og sels í landi Stóru-Vatnsleysu GK-159:102..
Varðan er hrunin. Hún er um 2 x 1 m að grunnfleti, snýr norður-suður, og er um 0,4 m á hæð. Í henni eru mjög stórir steinar og meðalstórir og þeir eru að mestu skófum og mosa vaxnir. Varðan er í beinni línu við landamerkjavörður 061 og 093 og líklega er hér um landamerkjavörðu að ræða. Samkvæmt landamerkjum frá sveitarfélaginu liggja merkin ekki í þessa vörðu, heldur í vörðu 061 og framhjá þessari vörðu, um 10 m austan við hana.
Hættumat: engin hætta


Varða 061, horft til norðurs

GK-157:061 varða óþekkt
63°59.407N 22°13.500V
Varða er um 190 m norðan við Selásvörðu 059 og um 4 km SSA við bæ 001. Hún er 20 m norðan við refagildru 060 og stendur hún nokkuð hærra.
Varðan stendur á mosagrónu hraunholti á milli tveggja selstæða.
Varðan er hrunin. Hún er um 1 m í þvermál og er aðallega gerð úr smáu grjóti en einnig meðalstóru. Varðan er um 0,3 m á hæð. Austan við vörðuna eru meðalstórir steinar sem kunna að hafa fallið úr hleðslunni. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: engin hætta


Vörðubrot 062, horft til norðvesturs

GK-157:062 varða óþekkt
63°59.457N 22°13.449V
Tvö vörðubrot eru uppá Selási um 30 m suðvestur af tóft 058j.
Vörðubrotin standa á lítt mosavöxnum klapparási, nærri brún hans.
Vörðurnar eru ógreinilegar og lgætu verið fremur nýlegar þó ómögulegt sé að skera úr um það og þær því skráðar. Þær eru í röð sem liggur suðaustur-norðvestur. Hvor varða um sig er um 1 m í þvermál og um 0,3 m á hæð. Varðan sem stendur norðvestar er heldur greinilegri og úr stærra grjóti en hin sem er mosavaxnari og úr smærra grjóti. Um 3 m eru á milli varðanna og þær eru á svæði sem er um 5 x 1 m að stærð.
Hættumat: engin hætta

GK-157:063 hleðsla herslubyrgi 64°01.710N 22°14.885V
Á heimasíðu Ferlis segir: "Víða ofan við þetta svæði má sjá hleðslur, einkum af fiskbyrgjum, en einnig af öðrum minjum; "u.þ.b. 300 metrum innan við Nesklett er hlaðin ílöng tóft [023] ofan við kampinn. Þar var trjám flett með stórviðarsög," segir í örnefnaskrá." Ofar og austar sjást enn myndarlegar hleðslur af fyrrum fiskbyrgjum. Sum hafa verið látin óáreitt, en öðrum hefur verið breytt í skotbyrgi." Víða sunnan við Mógrafahól 022 og á honum sjálfum eru margar minjar um fiskbyrgjum sem öll eru að mestu hrunin. Þau eru á svæði sem liggur frá jaðri Stekkjarmósins og niður að sjávarbakka, um 585 m norðvestan við bæ 001.



Byrgi 063A, horft til suðausturs



Byrgi 063C, horft til austurs


Byrgin eru í vel grónum hraunmóa.
Alls voru sjö byrgi skráð á svæði sem er um 140 x 70 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur en byrgin kunna að vera fleiri og víðar. A) Á Mógrafarhól 022 mótar fyrir grunni sem er um 2 x 2 m að stærð, mesta hleðsluhæð um 0,4 m. Viðarleifar við grunninn. B) Grjóthrúga er 80 m suðvestan við A), 1,5 x 2,5 m að stærð, snýr austur-vestur, mesta hæð 0,7 m. C) Vel gróin grjóthrúga með viðarleifum er 30 m austan við B), er um 1,5 x 2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur, mesta hæð um 0,3 m. D) Grjótdreif er 30 m suðaustan við C), á svæði sem er um 3 x 3 m, stórir og smáir steinar. E) Fáir stórir steinar á lítilli klöpp eru 15 m austan við D) og mynda ógreinilegan hring á svæði sem er um 1,5 x 2 m að stærð, snýr austur-vestur. F) Grjóthrúga er 30 m norðan við E), er um 3 x 2 m að stærð, snýr austur-vestur, mesta hæð um 0,4 m. Hrúgan er á lítilli klöpp. Þarna hefur verið mannvirki sem virðist nokkuð gamalt að upplagi en hefur verið raskað. Í suðurhlið hrúgunnar eru steinar með hvítri málningu. G) Mosavaxin grjóthrúga er 44 m vestan við A), 2 x 1,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, mesta hæð um 0,3 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:http://ferlir.is/?id=4391

GK-157:064 *Sigurðarhjáleiga* bæjarstæði býli
Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var Sigurðarhjáleiga í byggð árið 1703. "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður [018] syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga, Blíðheimar [065], Péturskot [066], Úlfshjáleiga [024] og Tröð [017]," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað hvar Sigurðarhjáleiga stóð en að líkindum hefur hún staðið við eða innan túns, á svæðinu milli Vatnagarða og Refshala.
Staðsetning þessarar hjáleigu er ókunn.
Heimildir:JÁM III, 148; Ö-Flekkuvík, 3


GK-157:065 *Blíðheimar* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir að Blíðheimur sé hjáleiga í byggð. "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður [018] syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga [064], Blíðheimar, Péturskot [066], Úlfshjáleiga [024] og Tröð [017]," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað hvar Blíðheimur stóð en að líkindum hefur hún staðið við eða innan túns, á svæðinu milli Vatnagarða og Refshala.
Staðsetning þessarar hjáleigu er ókunn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 148; Ö-Flekkuvík, 3

GK-157:066 *Péturskot* bæjarstæði býli
Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín var Péturskot hjáleiga í byggð árið 1703. "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður [018] syðst, og Refshali [067] innst. Þá var Sigurðarhjáleiga [064], Blíðheimar [065], Péturskot, Úlfshjáleiga [024] og Tröð [017]," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur vitað hvar Péturskot stóð en að líkindum hefur hún staðið við eða innan túns, á svæðinu milli Vatnagarða og Refshala.
Staðsetning þessarar hjáleigu er ókunn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 148-149; Ö-Flekkuvík, 4

GK-157:067 *Refshali* tóft+garðlag býli 64°01.467N 22°13.930V



Refshali 067, tóft A og garðlag B



Refshali 067, gerði C

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1703 segir: "Refshale hefur í eyði legið fjögur ár [...]. Nú er hjáleigan eyðilögð fyrir sands og sjáfar ágángi og leirflóði af landi ofan, en grasnautnarleifar brúkar heimabóndinn og þykist ei að skaðlausu afleggja mega." "Austurbæjartún liggur í boga meðfram víkinni og mjókkar eftir því sem austar dregur. Þar í túnkróknum var býli, er Refshali hét, fór í eyði um eða laust fyrir 1920. Í seinni tíð var býlið alltaf nefnt Refshali en hefur sennilega upphaflega heitið Rifshali," segir í örnefnaskrá GE. "Þessar [hjáleigur] eru með vissu taldar. Vatnagarður [018] syðst, og Refshali innst," segir í örnefnaskrá Flekkuvíkur. Í bók Guðmundar Björgvins Jónssonar, Mannlíf og mannvirki, segir að Rifshali hafi farið í eyði um 1922-23. Refshali er um 240 m austur af bæjarhólnum 001.

Býlið stendur á grónu nefi við stórgrýtta fjöru. Sunnan og vestan við nefið eru tún.

Samkvæmt túnakorti stóðu fjögur hús í Refshala og voru tvö þeirra sambyggð. Austasta húsið hefur verið þró eða gryfja. Þau stóðu í túni sem var um 30 x 40 m stórt og sneri í norðaustur-suðvestur. Talsverð mannvirki sjást enn í túninu sem er um 10 x 25 m að stærð í dag. Líklegt er að íbúðarhúsið hafi verið í öðru eða báðum sambyggðu húsunum. Kálgarður, um 10 x 10 m að stærð, er einnig sýndur á túnakortinu norðan við sambyggðu húsin. Virðist hann hafa verið umkringdur garðlagi. Nú má greina tvískipta, grjóthlaðna tóft (A) á þeim stað sem túnakortið sýnir sambyggðu húsin. Er hún 9 x 4 m að utanmáli og snýr í austur-vestur. Hólfin tvö hafa áreiðanlega verið jafn stór að innanmáli, 2 x 3 m, en veggir þess vestara (II) eru nú nokkuð innfallnir og er það því aðeins 2,5 x 2,5 m að innanmáli. Veggir hólfs II eru 1,5 m á breidd en veggir hólfs I (þess austara) aðeins 1 m. Hæð þeirra er mest tæplega 1 m en víðast hvar eru þeir um 0,5 m háir. Op er á skammhlið hólf I í suðvesturhorni en fyrir miðri syðri langhlið hólfs II. Grjóthlaðið garðlag (B) girðir af 10 x 25 m stórt svæði norðan við tóftina. Kálgarðurinn sem sýndur er á túnakortinu hefur verið í norðvesturhorni þess. Aðeins er lítið brot garðlagsins sem afmarkaði hann enn sýnilegt í austri. Svo virðist sem garðlagið hafi verið lengt til austurs og þaðan liggur það til suðvesturs að tóftinni og þaðan áfram til suðurs. Garðlag vestan við tóftina og önnur hús sem sýnd eru á túnakorti eru horfin. Um 35 m vestan við Refshala er ferhyrnt grjóthlaðið gerði (C), 12 x 7 m að



Refshali 067, tóft A, horft til norðurs


utanmáli, snýr í norðvestur-suðaustur. Er það líklega rétt en gæti einnig hafa afmarkað kálgarð. Veggir eru 0,8 m breiðir og 0,3 - 0,5 m háir. Mikið melgresi vex innan veggja sem og ofan á þeim að suðausturskammhlið undanskilinni. Út frá suðurhorni mannvirkisins liggur garðlag til suðausturs. Um 12 m frá réttinni/kálgarðinum sveigir það annars vegar til vesturs og sameinast túngarðinum sem liggur utan um Flekkuvíkurtúnin en hins vegar til austurs í átt að Refshala 067. Breiðast er garðlagið 1,5 m og hæst 0,5 m. Víða er það þó aðeins 0,7 m breitt og 0,3 m hátt. Heildarstærð minjasvæðis er um 60 x 50 m og snýr það norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:JÁM III, 149; Ö-Flekkuvík GE, 3; Ö-Flekkuvík, 4; GJ: Mannlíf og mannvirki, 347; Túnakort 1919

GK-157:068 varða landamerki 63°59.488N 22°13.535V
Varða er á nyrsta hluta Eystri Seláss (Nyrðri-Flekkuvíkurseláss) á sprungnum hraunhelluhól, um 15 m norðan við tóft GK-159:102 C) og 3,8 km SSA við bæ 001.
Varðan stendur á vesturbrún grunnrar sprungu á miðjum hraunhelluhól. Undir vörðunni er gróið mosa og lyngi. Allt í kring er gróið hraun.
Varðan er um 0,6 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti en innan í henni er lítið holrúm og þar eru litlir steinar. Grjótið er skófum vaxið og varðan er nokkuð fornleg en ekki mjög gróin neðst. Landamerki milli Flekkuvíkur og Vatnsleysubæja liggja um Eystri Selás og líklegt er að varða þessi sé landamerkjavarða þó að heimildir geti ekki um það. Landamerki sem fengin voru hjá sveitarfélaginu liggja í þessa vörðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 77-78

GK-157:069 heimild um traðir 64°01.491N 22°14.316V
"[...] er tún Austurbæjarins austan megin en Vesturbæjar vestan. Skiptast þau um tröð þeim megin sem til Heiðarinnar veit og stefnir hún til suðvesturs frá bænum. Báðum megin traðarinnar eru hlaðnir grjótgarðar; svo er um tún og kúhaga," segir í örnefnaskrá. Býlið Tröð 017 var við enda traðanna. Traðirnar lágu suður af bæjarstæði 001.
Tún eru beggja vegna traðanna en utan þeirra tekur gróið hraun og mólendi við.
Traðirnar voru um 100 m langar og lágu frá norðri til suðurs. Nú hefur verið lagður malarborinn akvegur að bænum þar sem traðirnar voru áður. Á stöku stað sést enn í grjóthleðslurnar en þær hafa þó að mestu horfið við vegagerðina.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 3; Túnakort 1919

GK-157:070 hleðsla skotbyrgi 64°01.416N 22°14.189V


Hleðsla 070, horft til suðausturs



Hleðsla 070

Hlaðið byrgi er rétt suðaustan við Austurbæjartún, um 50 m suðaustan við Flekkuleiði 027 og um 190 m sunnan við bæ 001.
Byrgið er hlaðið á klöpp í dálitlum holmóa sem nær að túninu en þar fyrir sunnan og vestan er gróið hraun.

Byrgið virðist vera tiltölulega nýlega hlaðið úr meðalstóru og smáu grjóti, skófum og mosa vöxnu. Byrgið er sporöskjulaga, snýr norðvestur-suðaustur. Byrgið er 4 x 3 m að stærð og mesta hleðsluhæð er um 0,5 m, hleðsla einföld og óvönduð. Op er á byrginu til norðurs og er hlaðinn veggur austan við útganginn, um 1 m á lengd. Óvíst er að byrgið sé skotbyrgi en það er líklegt.
Hættumat: engin hætta

GK-157:071 varða óþekkt
64°01.376N 22°14.595V
Varða er skammt norðvestur af núverandi vegi heim að bæ, um 415 m suðvestan við bæ 001.
Varðan stendur á allháum klapparhól í grónu hrauni.
Varðan er 0,6 x 0,6 m að grunnfleti, nokkuð ferköntuð í laginu, mesta hleðsluhæð um 0,6 m. Varðan er hrunin að hluta og nokkuð fornleg. Grjótið er meðalstórt og skófum vaxið. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en ekki er ólíklegt að hún hafi staðið við Flekkuvíkurstíg 037 og varðað þá leið en ekki sást til leiðarinnar við vörðuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 3



Varða 071, horft til suðvesturs

GK-157:072 *Kotgarðar* gerði kálgarður
64°01.471N 22°13.895V


Kotgarðar 072, horft til suðvesturs

"Austan við bæinn í Refshala [067] voru kálgarðar, girtir grjótgörðum. Þeir voru kallaðir Kotagarðar," segir í örnefnaskrá. Rétt norðaustan við kálgarða sem sýndir eru á túnakorti frá 1919 við Refshala afmarkar garðlag lítinn skika, er um 260 m suðaustan við bæ 001.
Grýttur melur er austan við garðlagið. Tún eru skammt undan og stórgrýtt fjara til norðurs.
Garðlagið er grjóthlaðið og ásamt garðlagi utan um Refshala [067] afmarkar það 20 x 20 m stórt svæði. Garðurinn liggur í boga frá norðri til suðurs og er um 1 m breiður og 0,3 m hár. Innan garðanna er fremur grýtt en grasi gróið. Klappir ganga inn á svæðið og minnka nokkuð nýtanlegt land innan þess.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 3

GK-157:073 *Íshúsið* gryfja skemma
64°01.418N 22°14.054V



Gryfja 073


Íshúsið 073, horft til ANA

"Um 40 til 50 m austur frá afleggjaranum, fast við

túngarðinn, er tóft, grafin í jörð, en hlaðin innan. Hún er kölluð Íshúsið. Í slíkum kofum var geymd beita og þeir hálffylltir af klaka og snjó á vetrum," segir í örnefnaskrá. Íshúsið er grafið inn í jarðvegshrygg sem túngarður Austurbæjartúns 044 liggur á. Húsið er um 220 m suðaustur af bæ 001 og um 200 m sunnan við Austurbæjarvör 074.
Gryfjan er í grasi vaxinn jarðvegshrygg og tekur túngarðshleðslan sem ofan á honum sveig framhjá henni. Innan garðs er tún en eitthvert jarðrask virðist hafa orðið í því og illgresi vex á þessum hluta túnsins. Utan garðs er allgróið hraun.
Gryfjan er grafin inn í norðvestanverðan hrygginn. Hún er grjóthlaðin að innan en hleðslur hafa hrunið inn í hana. Gryfjan er um 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur og er um 1 m á dýpt, orðin ógreinileg vegna hruns og mikils gróður sem vex í henni. Niður úr tóftinni til norðvesturs er um 1 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 4

GK-157:074 *Austurbæjarvör* mannvirki lending 64°01.524N 22°14.076V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir að heimræði sé í Flekkuvík og brimsöm lending en óvíst er hvar lendingin hefur verið þá. "Bæirnir í Flekkuvík standa örskammt frá sjó, suðvestanvert við víkina. Niður undan þeim eru lendingarnar: Austurbæjarvör, austar og vestan hennar eru þrjú sker hvert fram af öðru. Þau heita Sundsker. Fram af þeim er lægra sker og einstætt. Það heitir Mannskaðasker. Vestan þessara skerja er Vesturbæjarvör 075 og er stutt á milli varanna," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 100 m austur af bæ 001.
Vörin er við litla klöpp sem skagar út frá annarri stærri klöpp. Ofan við hana er grasi gróið tún og mikið af fjörugrjóti sem að líkindum eru leifar af nausti og skiparétt 045.
Vörin virðist hafa verið rudd og snýr ASA-VNV. Gróflega áætlað er vörin um 10 x 20 m að stærð en erfitt að sjá nema á fjöru.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM III, 147; Ö-Flekkuvík GE, 4


Austurbæjarvör 074, horft til suðausturs

GK-157:075 *Vesturbæjarvör* heimild um lendingu 64°01.544N 22°14.060V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir að heimræði sé í Flekkuvík og brimsöm lending en óvíst er hvar lendingin hefur verið þá."Bæirnir í Flekkuvík standa örskammt frá sjó, suðvestanvert við víkina. Niður undan þeim eru lendingarnar: Austurbæjarvör [074], austar og vestan hennar eru þrjú sker hvert fram af öðru. Þau heita Sundsker. Fram af þeim er lægra sker og einstætt. Það heitir Mannskaðasker. Vestan þessara skerja er Vesturbæjarvör og er stutt á milli varanna," segir í örnefnaskrá. Vörin er um 40 m norðan við Austurbæjarvör 074 og um 115 m norðaustur af bæ 001.
Vörin er í stórgrýttri fjöru, norður af henni er allhár bakki upp að útihúsum 010 og 011.
Ekki sjást mannaverk á vörinni en tvær rennur hafa verið steyptar sem liggja af bakkanum niður að vörinni til að koma bátum þar niður.
Heimildir:JÁM III, 147; Ö-Flekkuvík GE, 4

GK-157:076 garðlag óþekkt
64°01.726N 22°14.935V
Fast við fjörukambinn er garðlag um 50 m norðvestan við mógrafir 022 og um 710 m norðvestan við bæ 001.
Garðurinn er skammt frá fjörukambinum í allstórri hraungrýtisbreiðu. Umverfis hann er gróið hraun.
Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti af ýmsum stærðum. Grjótið er skófum vaxið. Garðurinn er um 11 m á lengd og liggur í norðvestur-suðaustur. Hann er um 0,5 m á breidd og um 0,5 á hæð. Aðeins sjást 2 umför. Garðurinn var ef til vill verið notaður í tengslum við fiskþurrkun.


Garðlag 076, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

GK-157:077 heimild um
"Um 200 m utar en Skottjörn og Skarfanes eru dálítið vik inn í kampinn. Það heitir Stekkjarvík. Norðan við hana er lítið, grasigróið klapparnef, Stekkjarnef. Sunnan undir því er grafin hola, hlaðin innan, Skothús [019]. Lítið tóftarbrot er upp af Stekkjarnefi og gæti það verið af stekk," segir í örnefnaskrá. Ekki fannst þetta tóftarbrot á vettvangi og var vandlega leitað. Margar hleðslur eru skráðar á númer 063 og gæti þetta tóftarbrot verið eitt þeirra. Óvíst er að þar hafi verið stekkur því líklegt er að Stekkjarnef og Stekkjarvík dragi nöfn sín af Flekkuvíkurstekk 021 sem er um 150 m suðaustan við Stekkjarnef.
Gróið hraun.
Heimildir:Ö-Flekkuvík GE, 5-6

GK-157:078 gata leið 64°01.541N 22°14.269V
Á túnakorti sést gata sem liggur frá Vesturbæ að Vesturbæjarbrunni 040.
Gatan liggur um slétt tún.
Ógreinilegur götuslóði sést liggja frá þeim stað sem útihús 004 stóð, rétt innan við kálgarð (sjá 001), til norðvesturs að Vesturbæjarbrunni 040. Rof er í kálgarðinn þar sem gatan liggur. Gatan er um 30 m löng, um 0,5 m breið og mjög grunn, eða um 0,1-0,2 m djúp.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:079 heimild um leið 64°01.485N 22°14.161V
Samkvæmt túnakorti lá 45 m löng gata frá Austurbæ að Austurbæjarbrunni 035.
Gatan hefur legið um grösugt tún.
Ekki sést til götunnar vegna rasks sem orðið hefur á og við bæjarhólinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1919

GK-157:080 *Hermannavarða* varða landamerki 64°01.726N 22°15.773V


Hermannavarða 080, horft til norðvesturs


"Keilisnes (Neskletturinn) en það er klettur sá sem lengst skagar fram og næstur er sjó í Keilisnesi, er nokkuð stór um sig, og liggur sunnan undir hinum, næstum kringlótt Ker fullt af sjó Lón, þaðan eru mörkin tekin í Hermannavörðu, vörðubrot á hól spölkorn er upp á Keilisnesi, sem ber austan til við Fagradalsfjall af Nesklettinum séð, þaðan beygjast mörkin nokkuð inn á við í Arnarvörðu [031] [...]," segir í örnefnaskrá. Girðing liggur á landamerkjum frá sjó að vörðunni en beygir girðingin þar inní Kálfatjarnarland. Varðan er um 1,4 km norðvestan við bæjarstæði 001 og 200 m suðvestur af tóft 082.
Gróin svæði á milli hraunklappa. Næst sjó er þýft graslendi og stórgrýtt fjara.
Neðst í vörðunni er grjóthrúga, 0,5 m í þvermál. Ofan á henni er stór steinn, 0,4 m langur, sem stendur upp á kant. Heildarhæð vörðunnar er um 0,8 m. Samkvæmt landamerkjum sem fengust hjá sveitarfélaginu er þessi varða í landi Kálfatjarnar og er ekki þar sem landamerkjalínan beygir í átt að Arnarvörðu 031. Vera má að röng varða verið skráð á vettvangi eða að landamerkin sem stuðst var við séu ónákvæm á þessum kafla en þau liggja í Arnarvörðu þar sem hún var skráð og eru því rétt þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Flekkuvík, 1


Varða 081, horft til norðausturs

GK-157:081 varða samgöngubót
64°01.123N 22°14.983V
Varða er um 15 m norðan aðalvegar um Vatnsleysuströnd, um 970 m suðvestan við bæ 001 og um 670 m norðaustur af Stefánsvörðu GK-151:044. Fast norðan við hólinn sem varðan stendur á liggur leið GK-641:015.
Varðan stendur á vel grónum, allháum klapparhól í grónu hrauni.
Varðan er um 1 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Varðan er nokkuð gróin neðst. Grjótið efst í vörðunni er lítt skófum vaxið, öðru máli gegnir um grjótið sem er neðar í vörðunni og kann að vera að bætt hafi verið í hana fyrir fáum árum. Varðan hefur að öllum líkindum verið hlaðin við leið GK-641:015 og varðað hana.
Hættumat: engin hætta


Tóft 082, horft til norðvesturs

GK-157:082 tóft óþekkt
64°01.815N 22°14.636V
Við fjörubakkann, 1,3 km norðvestan við bæ 001 og 80 m norðaustan við landamerkjagirðingu að Kálfatjörn er tóft.
Tóftin stendur á þýfðum mel innan um hraunklappir. Fjaran sunnan við tóftina er stórgrýtt.
Tveir grjóthlaðnir veggjabútar mætast í norðaustri. Sá lengri snýr



Tóft 082

í austur-vestur og er 4 m langur. Við enda hans eru hlaðnir stólpar úr grjóti og á milli þeirra liggur bjálki. Er hann 0,3 m hár. Ofan á hann og meðfram honum sunnanverðum hefur grjóti verið hlaðið. Styttri veggurinn liggur þvert á þann lengri. Er hann ríflega 1 m á lengd og hlaðinn úr grjóti. Báðir veggir eru 0,4 m breiðir og 0,6 m háir. Veggirnir tveir virðast vera leifar húss eða skjólgarðs. Erfitt er að segja til um hversu stórt mannvirkið hefur verið en hugsanlegt er að það hafi verið stærra. Mikið af timburbraki er allt í kring.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

GK-157:083 hleðsla 63°59.836N 22°13.750V



Hleðsla 083, horft til norðurs

Á heimasíðu Ferlis segir: "Skammt norðan við vörðurnar [Bræður 053] er hlaðið byrgi á hól. Byrgið er greinilega hlaðið með það fyrir augum að veita skjól úr suðri." Hleðslan er ofan við Reykjanesbrautina um 230 m norðaustur af vörðunum Bræðrum og um 3,1 km SSA af bæ 001.
Gróið hraun og klapparhólar.
Grjóthlaðið byrgi norðvestan í klapparhól. Er það 2,5 x 1,5 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Byrgið er hlaðið á þrjá vegu, þ.e. austari langhlið er opin. Veggir eru 0,4 m háir og 0,5 m breiðir. Sunnanverð skammhlið stendur hæst en sú nyrðri er mikið rofin og nánast horfin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:http://www.ferlir.is/?id=3688

GK-157:084 garðlag óþekkt 64°01.590N 22°14.125V



Garðlag 084, horft til suðurs



Garðlag 084

Stutt garðlag er út frá Norðurtúngarði 041 niður í fjöru til norðausturs, um 150 m norðaustan við bæ 001. Garðlagið lokar svæðinu sem er á milli Norðurtúngarðs og Vatnagarðsgarða 016.
Á þessum stað er grasi vaxinn sjávarbakki að túngarði og mikið grjót er á dreif um allt.
Garður liggur frá Norðurtúngarði fram á sjávarbakkann. Bílslóði liggur yfir hann rétt áður en hann endar á bakkanum. Hann er um 10 m langur, liggur norður-suður og er um 1 m á breidd. Í honum er fjörugrjót og hleðslan óvönduð eða niðurfallin. Mesta hleðsluhæð er um 0,5 m. Beggja vegna við garðinn er nokkurt grjót.
Hættumat: hætta, vegna landbrots


GK-157:085 varða landamerki 63°59.355N 22°13.686V



Varða 085, horft til norðurs

Varða er á Vestari Selási um 130 m suðvestur af Flekkuvíkurseli 058 og um 4 km SSA við bæ 001.
Varðan er norðan við miðjan ílangan hól sem er að mestu gróðurlaus en undir vörðu og umhverfis hana er mosa og lyngi vaxið.
Varðan er að hluta niður fallin. Hún er um 1,2 x 1 m að grunnfleti, er nokkuð köntuð, snýr norður-suður. Varðan er um 0,7 m á hæð og sjást 3 umför í henni. Grjótið er meðalstórt og smátt, mosa og skófum vaxið. Landamerki milli Flekkuvíkur og Kálfatjarnar liggja um Vestari Selás og líklegt er að varða þessi sé landamerkjavarða þó að heimildir geti ekki um það.
Hættumat: engin hætta

GK-157:086 tóft óþekkt 64°01.557N 22°14.433V



Tóft 086



Tóft 086, horft til norðvesturs

Grjóthlaðin tóft er skammt austan undir Síðdegishól, um 200 m norðvestan við bæ 001.
Tóftin er sunnarlega á sléttum hraunhól í grónu hrauni.
Tóftin er grjóthlaðin, hringlaga. Hún er um 3 x 2,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslugrjótið er að mestu leyti stórt og hrunið hefur nokkuð úr veggjum, aðallega á suðausturhlið þar sem hefur líklega verið inngangur. Mesta hleðsluhæð er um 0,8 m. Ekkert er vitað um hlutverk tóftar.

Hættumat: engin hætta


GK-157:087 hleðsla herslubyrgi 64°01.442N 22°13.914V



Hleðsla 087D, horft til norðausturs



Hleðsla 087A, horft til suðvesturs




Hleðslur 087

Hleðslur eru á nokkrum stöðum um 50 m suðaustur af Refshala 067 og um 270 m suðaustan við bæ 001.
Hleðslurnar eru á tiltölulega lágum hraunhólum í grónu hrauni skammt upp (suður) frá fjörunni.
Minjarnar eru á svæði sem er um 40 x 22 m og snýr austur-vestur. Næst Refshala er hleðsla A) hún er hálfhringur, um 5 x 2 m og snýr norður-suður. Hleðslan er á hóljaðri, hrunin. Um 10 m austan við A er hleðsla B). Hún er grjóthlaðin og hringlaga, um 3 m í þvermál. Í hleðslunni er einföld röð steina. Um 5 m austan við hleðslu B) er svo hleðsla C) sem er mjög ógreinileg. Hún er ferköntuð, einföld röð steina, um 4 x 4 m að stærð. Hleðsla D) er greinilegust af hleðslunum og er réttara að kalla hana tóft. Tóftin er um 5 x 4 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf sem snúa bæði austur-vestur. Nyrðra hólfið I er um 2 x 1,5 m að innanmáli og syðra hólfið II er um 2 x 1 m. Í nyrðra hólfinu virðist vera örlítið hólf í norðausturhorninu, um 0,5 x 1 m að innanmáli. Hólf II er ógreinilegt vegna hruns. Mesta hleðsluhæð er um 0,6 m en hleðslur eru hrundar að mestu leyti. Op hefur verið inn í tóftina í suðvesturhorni. Líklegt er að hleðslurnar hafi verið herslubyrgi en hleðsla D) kann að hafa verið stekkur.

Hættumat: engin hætta

GK-157:088 tóft stekkur 64°00.853N 22°14.784V

Á heimasíðu Ferlis segir: "Á Flekkuvíkurheiði er falleg hólaþyrping sem ber við himinn sé komið að þeim úr norðri. Þeir heita Miðmundahólar. Vestan undir hólunum er tóft, sem ekki virðist vera til í örnefnalýsingum eða fornleifaskrám." Tóft er sunnan undir suðvestasta Miðmundahólnum, um 265 m suðaustan við Arnarvörðu 031 og um 1,3 km suðvestan við bæ 001.



Tóft 088



Tóft 088, horft til suðurs


Tóftin er fremst (suðaustast) í grasgefnum krók undir suðvestasta Miðmundahólnum og klapparhæðar þar suðvestan við. Flagmói er kominn fast upp að tóftinni að suðaustanverðu.
Tóftin er grjóthlaðin en hún er afar vel gróin og lítið sést af grjóti í henni. Tóftin er einföld, snýr norður-suður og er um 3 x 5 m að stærð, mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Ekki sést op á tóftinni en líklega hefur það verið á suðurgafli. Hólarnir norðan og suðvestan við tóftina mynda aðhald kringum lítinn grasblett norðvestan við tóftina. Líklegt er að hér hafi verið stekkur og benda fjarlægð frá bæ, staðsetning og útlit tóftar til þess.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:http://ferlir.is/?id=3431

GK-157:089 varða óþekkt
64°00.049N 22°13.820V
Stór varða er skammt sunnan Reykjanesbrautar, um 635 m norðan við vörðuna Stakur GK-159:117 og um 2,7 km SSA við bæ 001.
Varðan stendur á stórum og allháum hraunhól í grónu hrauni.
Varðan er nokkuð hrunin, um 0,8 m á hæð. Hún er um 1,3 x 1 m að grunnfleti, snýr suðaustur-norðvestur. Grjótið í vörðunni er meðalstórt og smátt, skófum og mosa vaxið. Ekki er útilokað að þetta sé hrunið byrgi.
Hættumat: engin hætta


Varða 089, horft til norðurs

GK-157:090 þúst óþekkt 64°01.585N 22°14.114V


Þúst 090, horft norðvestur



Þúst 090

Grjótþúst er 15 m suðaustan við garðlag 041 og um 140 m norðaustan við bæ 001.
Minjarnar eru skammt sunnan við fjöruna og alveg við fjörukamb. Bílfær slóði liggur austan og sunnan við minjarnar.
Ógreinilega sést móta fyrir undirstöðum einfaldrar tóftar eða húss sem er um 7 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðsluhæð er um 0,2 m. Við austurgafl eru líklega leifar túngarðs 041 eða annarra hleðslna sem liggja svo til norðurs. Mikið grjót er í grunninum og grjót finnst víða í gróðrinum umhverfis, sumt úr fjörunni, annað úr hleðslunni. Ekkert er vitað um hlutverk þessa mannvirkis.
Hættumat: engin hætta

GK-157:091 heimild um leið 64°01.540N 22°14.152V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið frá Vesturbæ Flekkuvíkur 001 að Vesturbæjarvör 075.
Leiðin lá um hæðótt og gróið tún.
Leiðin var um 115 m löng og lá norðaustur-suðvestur. Bílslóði liggur nú (2008) á sama stað og leiðin og kann að hafa raskað henni.

Hættumat: engin hætta

GK-641 Fornleifar á fl. en 1 jörð

GK-641:002 *Þórustaðastígur* gata leið 63°59.791N 22°15.238V
"Þórustaðastígur nefnist gamall götuslóði sem liggur frá bænum Þórustöðum á Vatnsleysuströnd og upp heiðina. Stígurinn heldur þessu nafni allt upp að og yfir Vesturháls [Núpshlíðarháls] og að eyðibýlinu Vigdísarvöllum," segir í Örnefnum og gönguleiðum. "Stígur liggur upp frá Þórustaðahlið[i], nefnist Kúastígur, upp í heiðina. Sama [svo] stígur er líka nefndur Þórustaðastígur og liggur alla leið suður og upp til Núphlíðarháls og hann sameiginlegur Heiðarstígur fyrir alla Inn-Ströndina," segir í örnefnaskrá. Leiðin sést suðaustan við Þórustaðaborg 149:030 og frá henni til norðvesturs að Þórustöðum GK-149. Á þeim kafla eru nokkrar vörður. Leiðin sést einnig skammt suðaustan við traðir 149:055 á Þórustöðum. Árið 2000 var leiðin skoðuð í nágrenni Reykjanesbrautar.
Leiðin liggur yfir gróið hraun.


Götur á Þórustaðastíg 002, horft til norðvesturs


Varða G við Þórustaðastíg 002, horft til suðausturs

Um stíginn segir einnig í Örnefnum og gönguleiðum: "Götuslóðinn byrjar um 200 m norðan afleggjarans að bænum og sér þess nú næsta lítil merki að þar hafi gata verið. Gatan liggur um móa og moldarflag suðvestan við allmikinn klapparhól ofan við Gamla-Keflavíkurveginn. Þegar komið er upp fyrir hól þennan er stefna stígsins til austurs, sjónhending skammt norðan við Trölladyngju. Nokkru ofar (um 1 km) liggur gatan um Þórustaðaborg [149:030] en þar eru rústir stekks eða fjárborgar í vel grónum móa, vestan undir allháum hól. Frá Þórustaðaborg er stefnan áfram sú sama og fyrr er getið og að Lynghól [...]. Stígurinn liggur um hólinn miðjan og er mjög greinilegur þarna upp hólinn vestanverðan. Frá Lynghól er stefnan síðan suðaustlæg að stórum klapparhól, Kolgrafarholti, skammt ofan Reykjanesbrautar, og liggur gatan með fram honum norðaustanmegin. [...] [Stígurinn er nú stikaður sunnan við holtið enda ljóst að þar hafa menn og hestar einnig farið um]. Áframhald lýsingarinnar er á bls. 151-152. Leiðin var skoðuð á kafla í landi Þórustaða við aðalskráningu 2009. Gatan sést við Þórustaðaborg þar sem hún liggur um gróinn móa. Þar er ein mjó gata, um 0,3 m á breidd og um 0, 3 m djúp. Hún er gróin að mestu leyti á þessum kafla en þar sem hún liggur um gróðurminna svæði norðvestan við Þórustaðaborg sést lítið sem ekkert til hennar. Á leiðinni frá Þórustaðaborg að Þórustöðum sjást fjórar vörður við leiðina. Þær fá bókstafi til aðgreiningar. Fyrsta varðan D er niðurfallin, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1x1,3 m að stærð og um 0,3 m á hæð. Til suðausturs má sjá laust grjót sem oltið hefur undan halla. Önnur niðurfallin varða E er við leiðina um 50 m norðaustan við Smalaskála 032. Varðan er um 1x0,7 m að grunnfleti og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 0,4 m á hæð og sjást 2 umför. Varðan stendur lágt. Önnur hrunin varða F er um 135 m norðvestan við vörðu E. Hún stendur á litlum hraunhól og er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð, 3 umför sjást. Enn er varða G á leiðinni um 125 m norðvestan við vörðu F. Hún stendur á klöpp dálítið upp úr landslaginu. Hún er hrunin en er um 1 m í þvermál og um 0,5 m á hæð. 3 umför sjást. Allar eru vörðurnar nokkuð fornlegar, grónar og skófum vaxnar. Leiðin sést nokkuð skýrt um 50 m suðaustan við traðir 149:055 þar sem engar þúfur eru í móanum. Hún er um 2 m breið og um 0,2 m djúp, gróin. Gatan sést á um 70 m löngum kafla og stefnir nálega austur-vestur.Við skráningu vegna breikkunar Reykjanesbrautar árið 2000 var leiðin skoðuð við Kolgrafarholt. Milli Kolagrafarholts og annars hóls sem er norðar er dæld sem er grasi gróin. Merki Þórustaðastígsins eru greinileg í dældinni. Göturnar lágu svo áfram yfir hraunið til suðurs. Ekki sjást skýr merki um Þórustaðastíg við Reykjanesbrautina.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 151; Ö-Þórustaðir, 4

GK-641:003 *Alfaraleið* gata leið 64°01.492N 22°07.408V



Leið 003 í landi Flekkuvíkur GK-157, horft til norðausturs



Varða við leið 003 í landi Þórustaða GK-149, horft til norðausturs

"Um jörðina [Hvassahraun] hafa frá alda öðli legið ferðamannaleiðir til Suðurnesja. Má enn sjá þrjár brautir: Alfaraleið, troðninga hestalestanna, þjóðveginn, leið hestvagna og bifreiða, og nú síðast liggur um jörðina Reykjanesbrautin," segir í örnefnaskrá. "Almenningavegurinn er elsta sjáanlega samgönguleiðin um hreppinn og liggur hún víðast hvar tiltölulega stutt frá byggð, þó yfirleitt ofan við Gamla-Keflavíkurveginn [heitir líka Strandarvegur 011] og innarlega í Hvassahraunslandi einnig fyrir ofan Reykjanesbrautina. [...] Nafnið Almenningsvegur, yfir gömlu þjóðleiðina, virðist helst hafa verið notað af Voga- og Vatnsleysustrandarbúum og trúlega líka búendum utar á skaganum því þar sem vegurinn liggur um Hvassahraunsland og innar var hann frekar kallaður Alfaraleiðin," segir í Örnefnum og gönguleiðum. "Önnur gömul þjóðleið, eða sú sem liggur með sjónum milli Voga og Brunnastaðahverfis, var einnig kölluð Alfaraleið en ekki Almenningsvegur," segir í örnefnalýsingu Straums. "Þá liggur hér vestur um hraunið Alfaraleiðin í miklum djúpum lægðum, sem nefnast Draugadalir," segir í örnefnalýsingu Hvassahrauns. Draugadalir eru að mestu í landi Hvassahrauns. Dalirnir eru norðan Reykjanesbrautar, þar sem vegurinn sem er samsíða Reykjanesbraut norðan hennar sameinast brautinni, austarlega í landi Hvassahrauns. Ekki er greinilegur slóði á þessum stað en Alfaraleiðin er vel merkjanleg víða í hrauninu, t.d. nálægt skógarreit í landi Þorbjarnarstaða.
Gatan liggur um hraun.
Almenningsvegurinn var einnig nefndur Alfaraleið og lá frá Vogum og inn í Hafnarfjörð. Leiðin var vörðuð og enn má sjá nokkur vörðubrot á fyrsta hluta leiðarinnar frá Vogum auk þess sem einstaka vörður standa enn við leiðina. Gatan sjálf er víða greinileg sem dæld í gróið hraunið og kemur breikkun Reykjanesbrautar víða til með að eyða meira af götunni en þegar er skemmt. Við aðalskráningu Kálfatjarnarhverfis og Flekkuvíkur árið 2008 var leiðin skoðuð í landi Flekkuvíkur þar sem leiðin liggur um hraunið og kræki fyrir hól sem Arnarvarða GK-157:031 stendur á. Þar er gatan mjög mjó en breikkar þar sem hún heldur áfram til norðausturs. Skráning 2009: Í landi Þórustaða GK-149 er ein varða og ein grjótþúst á allháu holti nærri núverandi malbikuðum vegi um Vatnsleysuströnd. Varða A er á norðausturenda holtsins. Hún er um 1,2x1 m að grunnfleti, snýr austur-vestur og er um 0,4 m á hæð. Varðan er gróin neðst og skófum vaxin. Um 28 m vestar er útflött grjótþúst B sem kann að hafa verið varða á sömu leið. Þústin er um 2 m í þvermál og stendur ekki steinn yfir steini. Hundaþúfa er fast norðvestan við þústina. Mögulega hefur verið smalakofi þar sem þústin er nú.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Straumur, 7 , Ö-Hvassahraun, 1 og SG: Örnefni og gönguleiðir, 32,34

GK-641:009 *Stapavegur* vegur leið 63°58.180N 22°23.843V
"Svokallaður gamlivegur lá ofan við byggðina [við Brunnastaði ?] og meðfram henni allt utan úr Njarðvíkum um Vogastapa (þar nefndur Stapavegur], Voga og meðfram Djúpavogi um Djúpavogsheiði og áfram inn Vatnsleysuströnd. Sér nú á enda þessa vegar við Töðugerðisvörðu eða Halakotsvörðu. Gamlivegur er talinn vera nærri jafngamall byggðinni í landinu og var á sínum tíma þjóðvegur um Suðurnes. Var hann fær bæði gangandi og



Upphlaðinn vegur í Reiðskarði á leið 009 í landi Stóru-Voga GK-123, horft til suðurs



Leið 009 á Stapa í landi Stóru-Voga GK-123, horft til suðurs

ríðandi mönnum og vel mátti greina hann, meitlaðan í hraunklappirnar eftir gengnar kynslóðir. Höfundur [Gunnar Ingimundarson] gat ekki betur séð en búið væri að stórskemma og jafnvel eyðileggja veg þennan þegar á leið veturinn, vegna hitaveituleiðslu, sem lögð var úr Vogum að Brunnastaðahverfi nær því samsíða honum," segir í ritgerðinni Örnefni í Brunnastaðahverfi. Leiðin var gengin að miklu leyti á Stapa í landi Sveitarfélagsins Voga.
Leiðin liggur eftir einstigi í brattri og grösugri götu við vesturjaðar Stapans, upp Reiðskarð og þaðan eftir hrjóstrugu og blásnu hrauninu sem er sumstaðar mosagróið.
Leiðinni var fylgt þar sem hún liggur um Vogastapa, frá vestri til austurs. Vestast er leiðin mjótt einstigi í grasi gróinni brekku en verður strax mjög greinileg þegar komið er í Reiðskarð. Neðst í skarðinu hefur stórgrýti verið rutt úr götunni og hlaðið vestan við götuna. Ofar í skarðinu er ruðningur á báðar hendur þar til komið er að upphlöðnum kafla á leiðinni. Hlaðni kaflinn er um 20 m langur og er vesturkanturinn hlaðinn en grjótruðningur er við austurkantinn. Hleðslan er um 1,5 m á hæð og eru 4 umför grjóts sýnileg. Svo virðist sem fyllt hafi verið upp með smáu grjóti og jarðvegi milli hleðslunnar og ruðningsins á þessum kafla. Svo virðist sem leiðin hafi einnig legið í sveig framhjá upphlaðna kaflanum og ef til vill áður en bætur voru gerðar á honum. Í Reiðskarði er gatan víðast um 2 m breið og er dýpst um 0,5 m. Þegar komið er upp úr skarðinu eru miklir grjótruðningar meðfram götunni, allt að 1,5 m á hæð og er gatan þar 1,5-2 m breið en mjókkar svo og ruðningar lækka. Leiðinni var fylgt að mestu leyti yfir í land Njarðvíkur og sést hún halda áfram þar. Gamli-Keflavíkurvegurinn liggur yfir Stapaveg á kafla við Grynnri-Skor en annars er furðulítið rask á leiðinni þar sem henni var fylgt. Leiðinni er viðhaldið af göngufólki. Skammt sunnan við leiðina er mikið jarðrask í landi Njarðvíkur vegna efnistöku eða annarra framkvæmda og kann Stapavegi að stafa hætta af því. Lýsing á Stapagötu er að finna í bók Sesselju Guðmundsdóttur, Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi, bls. 132-134.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:GHI: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 34

GK-641:013 *Gamli-Stapavegur* heimild um leið
"Fyrr á öldum lá þjóðleiðin til Suðurnesja ofar (sunnar) á Stapanum og í heimild frá árinu 1840 er hún kölluð Gamli-Stapavegur. Sú gata er nú horfin að mestu leyti á eystri hluta Stapans en vestar sást hún býsna glöggt fyrir fáum árum allt til Innri-Njarðvíkur. Nú er gamla þjóðleiðin á þeim kafla eyðilögð af vinnuvélum. Mjög villugjarnt var á Gamla-Stapavegi segja heimildir og þess vegna var gerð ný þjóðleið og lá sú nær sjónum," segir í Örnefnum og gönguleiðum
Leiðin hefur legið um svæði sem nú er hrjóstrugt, grýtt og gróðurlítið en verið er að græða upp með lúpínu.
Ekki sást til leiðarinnar á vettvangi en eftir að vettvangsvinnu lauk fengust upplýsingar um hvar helst væri að sjá ummerki hennar hjá Sesselju Guðmundsdóttur. Samkvæmt Sesselju sést til leiðarinnar við Mörguvörður GK-151:019 en þær eru um 200 m neðan (norðan) við Reykjanesbraut, og um 1 km frá Grindavíkurafleggjara (sennilega norðvestan við hann, ekki er mögulegt að þær séu austan við afleggjarann ef þær hafa verið sunnan við Kolaskor skv. landamerkjalýsingu). Vörðurnar fundust ekki á vettvangi.
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 56

GK-641:014 *Skógfellavegur* gata leið 63°57.978N 22°23.051V
"Í lægðinni við Stapahornið og ofan Reykjanesbrautar sjáum við fyrst móta fyrir Skógfellavegi sem var fyrrum þjóðleið til Grindavíkur. Í heimildum ber leiðin eftirfarandi nöfn: Skógfellavegur, Skógfellsvegur, Vogavegur (það

nafn notuðu Grindvíkingar), Sandakravegur, Sandakradalsvegur og Sandhálsavegur. Af Suðurlandi og víðar var á öldum áður sótt skreið til Suðurnesja og menn fóru þangað í fiskiver. Á þeim tímum var Sandakravegur notaður enda djúpt markaður í klappir en með breyttum atvinnuháttum lagðist hann af. [...] Skógfellaleiðin lagðist af um 1918 þegar bílvegur var lagður til Grindavíkur en enn má rekja sig eftir vörðum alla leið "upp eftir" eins og hér var og er málvenja að segja," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Skógafellavegur er merktur með skilti um 20-30 m neðan Reykjanesbrautar. Skiltið er hins vegar norðaustan við leiðina sjálfa en það má sjá móta óljóst fyrir henni suðvestan við skiltið.
Leiðin liggur um gróið hraunið.
Ýtarleg lýsing á veginum er í bók Sesselju Guðmundsdóttur á blaðsíðu 153-159.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 60, 62


Leið 014, horft til suðvesturs

GK-641:015 gata leið

64°01.146N 22°14.653V


Leið 015 í landi Kálfatjarnar GK-151, horft til suðvesturs

"Varðan [Stefánsvarða 151:044] stendur við gamla götu sem virðist vera frá svipuðum tíma og Almenningsvegur [003] og er hún flóruð á köflum eins og Hestaslóðin [016]. Þessi gata lá neðar og nær bæjum allt frá Vatnsleysu að Kálfatjörn og hefur líklega frekar verið notuð af heimafólki en hinum almenna vegfaranda," segir í Örnefnum og gönguleiðum. Um 150 m vestan við Stefánssvörðu og um 90 m suðaustur af tóft GK-151:012 sjást ógreinileg merki götu í dálítilli rás milli grasfláka og klappa og er þetta leiðin sem nefnd er í bókinni Örnefni og gönguleiðir.
Leiðin liggur norðan við aðalveginn um svæðið í allgrónu hrauni en holmóaflákar eru á stöku stað.
Þaðan sem leiðin sést fyrst var henni fylgt að Stefánsvörðu en hún liggur skammt suðvestan við hana. Þar verður hún ógreinileg en sést aftur í landi Flekkuvíkur hjá vörðu GK-157:081. Þaðan var henni fylgt að núverandi afleggjara heim að Flekkuvík. Breidd götunnar á kaflanum við Stefánsvörðu er 1-2 m og þar er hún um 0,3 m djúp. Þar er mikið grjót í henni og hún liggur að miklu leyti yfir holmóa. Á þeim kafla sem skráður er í landi Flekkuvíkur er gatan um 0,5 m breið og 0,2-0,4 m djúp. Þar er gatan víðast gróin og grýtt. Sumstaðar hefur grjóti verið rutt úr götunni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:SG: Örnefni og gönguleiðir, 145


Leið 017 í landi Kálfatjarnar GK-151, horft til austurs

GK-641:017 *Kirkjugata* gata leið

64°00.739N 22°18.486V

"Við vesturenda baðstofunnar í Hliði [151:026] lá gatan milli bæjanna og heim að Kálfatjörn, Kirkjugatan," segir í örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Á heimasíðu Ferlis segir: "Kirkjustígurinn heldur síðan áfram út eftir ströndinn[i] í gegnum Tíðageröi [150:006] og Norðurkot [150:001]." Kirkjugatan var skoðuð í landi Kálfatjarnar GK-151, Norðurkots GK-150 og Þórustaða GK-149.

Í landi Kálfatjarnar liggur leiðin að mestu leyti um snöggt sleginn golfvöll. Annars staðar liggur leiðin um tún og hraunmóa.
Gatan liggur frá bæ Kálfatjarnar 151:001 til VSV hjá Hliði 151:026 en verður ógreinileg í landi Norðurkots. Þar sem leiðin liggur um golfvöllinn sést óljóst móta fyrir henni sem dæld á sléttri flötinni. Leiðin liggur í gegnum túngarð Kálfatjarnar (Landagarð 151:022) og er þar rof í garðinn. Þaðan og að Hliði 151:026 er gatan skýrari en þó vel gróin. Þar sem gatan er breiðust er hún um 0,6 m, hún er mjög grunn, mesta dýpt er 0,1-0,2 m. Leiðin er samtals greinileg á um 200 m löngum kafla innan Kálfatjarnar. Í Norðurkoti sést gatan óljóst á milli kálgarða 150:013 og 150:011 við bæjarhól Norðurkot 150:001. Möl hefur verið borin í götuna suðvestan við kálgarðana milli Norðurkots og Þórustaða, líklega þegar Norðurkotshúsið var flutt að Kálfatjörn GK-151. Mjó landræma, um 1 m á breidd, er á milli kálgarðs 150:011 og byggingaleifa á bæjarhólnum og hefur gatan legið um hana. Lágur kantur er meðfram götunni þar sem hún liggur suðaustan við kálgarð 150:013. Að öðru leyti sjást ekki skýr ummerki um götuna í landi Norðurkots og hún sést ekki í landi Þórustaða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kálfatjarnarhverfi, 8; http://www.ferlir.is/?id=4390

V. BYGGÐ Í VATNSLEYSUSTRANDARHREPP

Sveitarfélagið Vogar varð til við nafnabreytingu sem tók gildi 1. janúar 2006, en um aldir hafði sveitarfélagið gengið undir nafninu Vatnsleysustrandarhreppur. Árið 1596 voru Njarðvíkur sameinaðar Vatnsleysustrandarhreppi og náði hreppurinn þá að Vatnsnesklettum.[2] Árið 1889 var Vatnsleysuhrepp skipt þannig að Njarðvíkurnar urðu sér hreppur.[3] Líklegt er að snemma hafi myndast einhvers konar hverfi eða hreppur á Vatnsleysuströnd og kann elstu heimild um sveitarfélagið vera að finna í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270 en í henni er landamerkjum Voga á *Ströndd* (nú Stóru-Voga og Minni-Voga) lýst.[4] Ekki er óhugsandi að að *Ströndd* (Vatnsleysuströnd) sé þá þegar nafn á landfræðilegri heild sem var lögð hreppnum til grundvallar.

Sveitarfélagið Vogar (Vatnsleysustrandarhreppur) snýr nokkurn veginn ANA-VSV. Því tilheyrir land á móti Grindavíkurbæ til suðurs, Reykjanesbæ til vesturs og Hafnarfjarðarkaupstað til austurs. Landslagið í sveitarfélaginu einkennist af grónu hrauni frá hæstu heiðum í suðri og niður í fjöru í norðri. Margar langar og djúpar gjár eru í hrauninu, flestar í Strandar- og Vogaheiðum sunnan Reykjanesbrautar. Helstar má nefna Hrafnagjá, Stóru-Aragjá og Grindavíkurgjá.

Samkvæmt Landnámu[5] var Vatnsleysustrandarhreppur innan landnáms Steinunnar Gömlu. Hún keypti Rosmhvalanes af Ingólfi Arnarsyni, frænda sínum, fyrir „heklu flekkótta“. Steinunn gaf Eyvindi, frænda sínum og fóstra, land milli Kvíguvogabjarga (nú Vogastapa) og Hvassahrauns og samsvarar það nokkurn veginn núverandi merkjum Vatnsleysustrandarhrepps. Hrolleifur, sonur Einars Ölvissonar barnakarls, bjó í Heiðabæ í Þingvallasveit en ágirntist Kvíguvoga (skiptist síðar í Stóru- og Litlu-Voga) Eyvindar og skoraði hann á Eyvind til hólmgöngu eða landsölu. Eyvindur kaus heldur síðari kostinn, Hrolleifur fékk þannig Kvíguvoga og er hann sagður heygður þar.

Íbúar Vatnsleysustrandar hafa sjálfsagt allt frá upphafi haft aðal lífsviðurværi sitt af fiskveiðum því gjöful mið eru úti fyrir ströndinni og landskostir í sveitarfélaginu ekki miklir

[2] Lýður Björnsson. 1972. Saga sveitarstjórnar á Íslandi I, 57.
[3] Kristján Sveinsson. 1996. Saga Njarðvíkur, 193.
[4] DI II, 76
[5] Íslensk fornrit I, 389, 391, 392, 394.

þannig að svæðið hentar ekki til landbúnaðarframleiðslu í stórum stíl. Búskapur hefur þó einnig verið stundaður meðfram sjósókn alla tíð en breytilegt hefur verið eftir tímabilum hversu mikil áhersla var lögð á hann. Í Stranda- og Vogaheiðum var ágæt sauðfjárbeit en uppblástur hefur verið nokkur í heiðunum og má rekja hann til beitarinnar, auk þess sem viður og lyng var sótt í heiðina og notað sem eldsneyti og í flet vermanna.[6] Miklar sviptingar urðu í sauðfjárrækt á Vatnsleysuströnd á 18. öld. Upp úr miðri öldinni jókst sauðfjáreign á Vatnsleysuströnd og var mestur fjöldi fjár um 1200 eða tvisvar sinnum fleiri en þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var skrifuð 1703. Árið 1788 var svo allt fé í Gullbringusýslu skorið niður vegna fjárkláða og gekk mönnum erfiðlega að koma sér upp bústofni á ný.[7]

Í Vogum og á Vatnsleysuströnd breyttist útgerðin um miðja 19. öld á þann hátt að í stað tveggja manna báta sem höfðu verið algengastir komu stærri skip, sex- og áttæringar, og stóð bátaútgerðin í mestum blóma um 1880. Á síðasta áratug 19. aldar verður hins vegar mikill aflabrestur og útgerð dregst mikið saman. Á uppgangsárunum hafði fjöldi þurrabúðarmanna flust á svæðið en þeir urðu nú frá að hverfa og leita að vinnu annarsstaðar. Í kjölfar aflabrestsins fara menn að auka jarðrækt, tún voru sléttuð og færð út auk þess sem rófu- og kartöflurækt hófst. Einnig var kúm fjölgað á bæjum.[8]

Enn verða breytingar á útgerðinni í Vogum og á Vatnsleysuströnd í byrjun 20. aldar þegar vélbátar og síðar trillubátar eru keyptir til útgerðar. Þessir bátar voru gerðir út frá hverjum bæ. Stórir vélbátar sem gátu veitt 25-50 tonn koma svo til sögunnar um 1940 og þá flyst útgerðin að miklu leyti út í Voga en það er eini staðurinn þar sem hægt er að gera út stóra báta.[9] Í Vogum er nú þéttbýliskjarni þar sem íbúar sveitarfélagsins geta sótt helstu þjónustu. Útgerð er hvergi stunduð annarsstaðar en í Vogum og hvergi í sveitarfélaginu er lengur stundaður hefðbundinn landbúnaður.

[6] Stönd og Vogar, 205.
[7] Strönd og Vogar, 203-204.
[8] Strönd og Vogar, 51, 64.
[9] Strönd og Vogar, 67.

VI. SAMANTEKT

Eins og fyrr segir hafa verið skráðar 689 fornleifar á skráningarsvæðinu. Fornleifarnar eru af ýmsum toga en í þessum kafla verður fjallað um helstu minjaflokka, ástand þeirra og einkenni.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás: torfi, grjóti og öðru byggingarefni og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst varð úti í byggingaframkvæmdum á 20. öld.

Alls hafa verið skráð 19 lögbýli á skráningarsvæðinu en hér eru lögbýli talin allir þeir bæir sem voru skilgreindir sem slíkir í Jarðatali Johnsens frá 1847. Bærinn á Bakka hefur verið færður tvisvar sinnum undan ágangi sjávar og tvíbýli var á Þórustöðum og eru því 22 bæjarhólar/-stæði á lögbýlunum. Tvíbýli var einnig í Flekkuvík en þar stóðu bæirnir tveir þétt saman og voru því skráðir undir einu og sama númerinu. Önnur skráð býli og bústaðir voru 56 talsins.

Elstu lögbýlin á skráningarsvæðinu eru Stóru-Vogar, Minni-Vogar, Auðnar, Þórustaðir, Kálfatjörn, Bakki og Flekkuvík. Önnur lögbýli eru yngri og voru þau öll upprunalega hjáleigur frá elstu lögbýlunum nema Landakot sem er sagt vera hálflenda í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 og kann sú jörð að hafa tilheyrt býlinu Lönd 148:015. Nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt og er það mögulega horfið í sjó. Bæjarhólar sjást í Stóru-Vogum 123:001, á Auðnum 146:001, Þórustöðum 149:001, Kálfatjörn 151:001, Bakka 156:001 og í Flekkuvík 157:001. Allir þessir bæjarhólar hafa orðið fyrir sýnilegu raski nema bæjarhóll Auðna. Einnig sjást minni háttar bæjarhólar í Norðurkoti 150:001, Naustakoti 152:001, Hátúni 154:001 og Fjósakoti 155:001. Elsta bæjarstæði Bakka 156:008 er horfið í sjó og ekki vitað hvar það var nákvæmlega.

Gríðarlegur fjöldi býla (eða 56 slík) var skráður á lögbýlisjörðunum. Af þessum býlum eru 24 nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Önnur býli eru að líkindum yngri og heimildir eru um að flest þeirra hafi verið í byggð á 19.-20. öld.

Um elstu býlin sem getið er um í Jarðabókinni er oft lítið vitað og staðsetning þeirra

ókunn. Þau kunna að vera horfin en einnig getur verið að byggt hafi verið á þeim aftur og býlin fengið ný nöfn. Í þorpinu Vogum standa enn hús á sumum býlunum en flestar minjar um býlin eru horfnar. Utan þéttbýlisins eru margar heillegar minjar um býli. Má þar t.d. nefna Brekku 123:036, Stapabúð 123:033, Grænuborg 128:021, Götu 148:013, Hellukot 149:022 og Goðhól 151:030.

Í töflu 1 hér fyrir neðan er gerð grein fyrir öllum bæjarstæðum á skráningarsvæðinu en nánari umfjöllun er í fornleifaskrá. Þar sem minjar sjást á bæjarstæðum lögbýla er algengast að enn sjáist bæjarhólar og sumsstaðar eru einnig tóftir sýnilegar á þeim sem skiptast í nokkur hólf. Þar sem minjar sjást á bæjarstæðum annarra býla er algengast að enn sjáist tóftir. Þessar bæjartóftir eru oftast einfaldar en sumar þeirra skiptast í tvö eða fleiri hólf. Uppistandandi hús eru á sex stöðum en þau teljast ekki öll nógu gömul til þess að teljast til fornleifa.

Tafla 1. Upplýsingar um bæjarstæði á skráningarsvæðinu.

Númer	**heiti**	**í byggð**	**ástand**
123:001	Stóru-Vogar	Kvíguvoga er fyrst getið á 13. öld.	Bæjarhóllinn sést enn og eru tóftir síðasta íbúðarhúss (frá 1912) og fjóss á hólnum
123:009 og 010	Snorrastaðir	Getið 1703 og þá sögð löngu farin í eyði. Skv. örnefnaskrá fór býlið í eyði á 13. öld vegna eldsumbrota.	Horfið? Staðsetning ókunn
123:011	Nýibær	19. öld	Hús byggt 1927 stendur enn
123:015	Hábær	19. öld	Hús byggt 1922 stendur enn
123:033	Stapabúð	19. öld	Vel greinileg bæjartóft
123:036	Brekka	1848	Vel greinileg bæjartóft
123:038	Hólmsbúð	19. öld	Tóftaþyrping
123:044	Steinsholt	1874	Tóftir
123:046	Bræðrapartur/Krunakot/ Krúnutóft	Getið 1703 (Krunukot)	Horfið
123:057	Þórusker	?	Horfið
123:060	Móakot	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
123:062	Valgarðshjáleiga	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
123:081	Halakot	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
123:083	Garðbær	19. öld	Horfið
123:085	Syðsta hjáleiga	Getið 1703	Staðsetning ókunn. Er ef til vill sama og Suðurkot?
123:098	Gata	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
123:102	Garðhús	Getið 1703	Horfið
124:001	Eyrarkot	Getið 1703	Horfið
125:001	Tumakot	1847	Húsgrunnur

126:001	Suðurkot	1847	Bæjartóft sést enn
126:017	Klöpp	Eftir 1900	Horfið
127:001	Tjarnarkot	Getið 1703	Tóft
128:001	Minni-Vogar	1489 (búið að skipta jörðinni)	Ekki sýnilegur bæjarhóll. Gamalt íbúðarhús með steinsteyptum og hlöðnum kjallara stendur enn
128:010	Mýrarhús	Eftir 1847	Horfið
128:017	Helgabær	Eftir 1847	Horfið
128:019	Mörk	Eftir 1847	Horfið
128:020	Hólkot	?	Horfið
128:021	Grænaborg	Eftir 1847	Tóftir
128:032	Renslutóft	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
128:034	Austurkot	1911	Bárujárnsklætt timburhús
128:035	Austurkot	Líklega fyrir 1801	Horfið
128:036	Hólshjáleiga	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
128:058	Eirarkot	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
129:001	Norðurkot	1847	Tóft
146:001	Auðnar	Fyrst getið 1584	Bæjarhóll sýnilegur
146:022	Höfði	1850	Uppistandandi bárujárnsklætt timburhús
146:025	Ólafsbúð	?	Tóftir
146:026	ónefnd hjáleiga	?	Horfið? Staðsetning ókunn
146:027	Hólmsteinshús	Getið 1703	Horfið? Staðsetning ókunn
146:048	Hóll	19.-20. öld?	Tóft
147:001	Auðnakot	Getið 1703	Tóft og kálgarðar
148:001	Landakot	Fyrst getið 1703	Ekki sýnilegur bæjarhóll. Rask hefur orðið á bæjarstæðinu vegna núverandi íbúðarhúss sem er með niðurgrafinn kjallara
148:013	Gata	19. öld?	Tóft og kálgarður
148:015	Lönd	Getið 1703	Horfið? Staðsetning óviss
149:001	Þórustaðir	Fyrst getið 1584	Bæjarhóll sýnilegur. Mikið rask hefur orðið á honum vegna byggingar útihúsa og annarra framkvæmda
149:003	Þórustaðir (norðurbær)	19.-20. öld?	Horfið? Staðsetning ókunn
149:022	Hellukot	19. öld?	Bærinn sjálfur er horfinn vegna nútímabygginga en í túni eru margar útihúsatóftir og aðrar minjar
149:039	Suðurhjáleiga	Getið 1703	Staðsetning ókunn. Kannski sama og Hellukot?
150:001	Norðurkot	Fyrst getið 1703	Bæjarhóll og tóftir sýnilegar
150:006	Tíðagerði	19. öld?	Hlaðinn húsgrunnur er á bæjarstæðinu og á hluta hans stendur innréttaður gámur
150:008	Harðangur	19. öld?	Ógreinileg tóft

151:001	Kálfatjörn	Fyrst getið um 1200	Bæjarhóll sýnilegur. Nokkurt rask hefur orðið á honum
151:026	Hlið	19. öld?	Tóft og garðlög
151:027	Borgarkot	Getið 1703	Tóft, þúst og garðlög
151:030	Goðhóll	19. öld?	Bæjartóftin stendur allvel og miklar minjar um býlið sýnilegar
151:074	Hólakot	Getið 1703	Horfið
151:075	Árnahús	Getið 1703	Tóft
152:001	Naustakot	Getið 1703	Bæjarhóll og tóftir
153:001	Móakot	Getið 1703	Tóft
154:001	Hátún	Getið 1703	Óljós bæjarhóll
155:001	Fjósakot	Getið 1703	Bæjarhóll sýnilegur
156:001	Gamli-Bakki	Bakka er getið 1379 en óvíst er hvort þar er átt við elsta bæjarstæðið 008 eða Gamla-Bakka 001. Ekki er vitað hvenær bærinn var fluttur	Bæjarhóll sýnilegur og tóft á honum. Sjávarrof ógnar minjunum
156:003	Bakki	Fyrir 1850	Uppistandandi bárujárnsklætt timburhús
156:008	Bakki (elsta bæjarstæði)	Fyrst getið 1379	Horfið í sjó
156:017	Bjarg	Um 1850	Á bæjarstæðinu sjást hlaðnir og steyptir veggir auk kálgarðs
156:021	Bakkakrókur	Getið 1703	Tóft
156:023	Litlibær	Fyrir 1884	Uppistandandi hús
157:001	Flekkuvík	Getið 1379	Bæjarhóll sýnilegur. Hefur verið raskað vegna byggingaframkvæmda
157:017	Tröð	?	Tóft
157:018	Vatnagarður	?	Tóft
157:024	Úlfshjáleiga	Getið 1703	Horfið
157:025	Holt	?	Tóft
157:026	Járnhaus	?	Tóft
157:064	Sigurðarhjáleiga	Getið 1703	Staðsetning ókunn
157:065	Blíðheimar	Getið 1703	Staðsetning ókunn
157:066	Péturskot	Getið 1703	Staðsetning ókunn
157:067	Refshali	Getið 1703	Tóft og garðar

Skipta má lögbýlum og öðrum býlum í aldursflokka út frá þekktum heimildum, sjá töflu 2.

Tafla 2. Vísbendingar um aldur lögbýla út frá elstu heimildum sem þekktar eru. Afar líklegt er að sum býlin séu mun eldri en elstu heimildir um þau.

Örugglega í byggð fyrir 1400	**Örugglega í byggð fyrir 1600**	**Örugglega í byggð fyrir 1703**	**Örugglega í byggð á 19.-20. öld**
123:001 Stóru-Vogar (Kvíguvogar)	128:001 Minni-Vogar	124:001 Eyrarkot	125:001 Tumakot

151:001 Kálfatjörn 156:008 Bakki (elsta bæjarstæði) 157:001 Flekkuvík	146:001 Auðnar 149:001 Þórustaðir	127:001 Tjarnarkot 147:001 Auðnakot 148:001 Landakot 150:001 Norðurkot 152:001 Naustakot 153:001 Móakot 154:001 Hátún 155:001 Fjósakot	126:001 Suðurkot 129:001 Norðurkot 149:003 Þórustaðir (norðurbær)

Öll lögbýlin sem heimildir eru um að hafi byggst fyrir 1703 og síðar hafa endinguna -kot (fyrir utan tvíbýlið á Þórustöðum 149:003). Öll þessi býli voru sennilega upphaflega hjáleigur eldri jarða og ekkert þeirra átti land utan túns nema Landakot 148:001.

Tafla 3. Vísbendingar um aldur annarra býla á skráningarsvæðinu úr þekktum heimildum (spurningarmerki er sett aftan við býlin þar sem ekki er vitað um aldur).

Í byggð fyrir 1703	**Í byggð á 19.-20. öld**
123:009 Snorrastaðir	123:011 Nýibær
123:010 Snorrastaðir	123:015 Hábær
123:046 Bræðrapartur/Krunakot/Krúnutóft	123:033 Stapabúð
123:060 Móakot	123:036 Brekka
123:062 Valgarðshjáleiga	123:038 Hólmsbúð
123:081 Halakot	123:044 Steinsholt
123:085 Syðsta hjáleiga	123:057 Þórusker?
123:098 Gata	123:083 Garðbær
123:102 Garðhús	126:017 Klöpp
128:032 Renslutóft	128:010 Mýrarhús
128:036 Hólshjáleiga	128:017 Helgabær
128:058 Eirarkot	128:019 Mörk
146:027 Hólmsteinshús	128:020 Hólkot?
148:015 Lönd	128:021 Grænaborg
149:039 Suðurhjáleiga	128:034 Austurkot
151:027 Borgarkot	128:035 Austurkot
151:074 Hólakot	146:022 Höfði
151:075 Árnahús	146:025 Ólafsbúð?
156:021 Bakkakrókur	146:026 ónefnd hjáleiga?
157:024 Úlfshjáleiga	146:048 Hóll
157:064 Sigurðarhjáleiga	148:013 Gata
157:065 Blíðheimar	149:022 Hellukot
157:066 Péturskot	150:006 Tíðagerði

157:067 Refshali	150:008 Harðangur 151:026 Hlið 151:030 Goðhóll 156:017 Bjarg 156:023 Litlibær 157:017 Tröð? 157:018 Vatnagarður? 157:025 Holt? 157:026 Járnhaus?

Mjög litlar heimildir eru til um fjölgun lögbýla eða hjáleigna í Vogum og á Vatnsleysuströnd fyrr en í upphafi 18. aldar. Ef til vill má túlka það svo að byggð hafi verið nokkuð stöðug fram að þeim tíma en svo fjölgar býlum mikið og þar eru orðin til byggðahverfi strax á 19. öld.
Tafla 3 sýnir vel hversu mikil aukning verður á býlum á svæðinu á 19. og 20. öld þegar útgerð eykst á 19. öld og svo aftur þegar vélbátar og trillur koma til sögunnar í byrjun 20. aldar.

Kirkjur, kuml og legstaðir

Sóknarkirkja 151:002 var á Kálfatjörn til 1907 þegar Kálfatjarnarprestakall var lagt niður og sóknin var lögð til Garða á Álftanesi. Síðasta kirkjan stendur enn á sínum stað á Kálfatjörn en hún er timburkirkja sem vígð var árið 1893 og er hún friðuð. Sagnir eru um að kirkja hafi verið á Bakka en hún hafi verið flutt að Kálfatjörn vegna sjávarágangs og landbrots. Ekki verða þessar sagnir sannaðar eða hraktar því ekki eru til aðrar heimildir um kirkju á Bakka og elsta bæjarstæði Bakka er horfið í sjó en þar er líklegast að kirkjan hefði staðið. Hálfkirkja 123:002 var í Stóru-Vogum, líklega á vestanverðum bæjarhólnum en engar minjar eru sýnilegar um hana. Mögulega hafa þær horfið vegna sjávarrofs. Engar heimildir eru um bænhús á þeim bæjum og býlum sem hér er fjallað um.

Ekki er vitað um nein staðfest kuml á skráningarsvæðinu en á fjórum stöðum eru þekktar þjóðsagnakenndar frásagnir um meinta legstaði; þrír staðanna eru í landi Stóru-Voga og einn í landi Flekkuvíkur. Sagnir eru um að Hrolleifur Einarsson sé heygður í Stóru-Vogum. Hrolleifur þessi bjó í Heiðabæ fyrst eftir komuna til Íslands en skoraði á Eyvind í Kvíguvogum til hólmgöngu eða landsölu og kaus Eyvindur síðari kostinn. Ekki fylgir sögunni hvar haugur Hrolleifs eigi nákvæmlega að vera en líkum hefur verið leitt að því að hann sé nærri húsinu sem nú stendur í Stóru-Vogum 123:001 þar sem mannabein 123:059 hafa fundist. Þar er skráður legstaður. Líklegra er þó að beinin séu úr kirkjugarði sem tilheyrði hálfkirkjunni í Stóru-Vogum

123:002. Ekkert er þó hægt að segja með vissu um uppruna og aldur beinanna nema að undangenginni rannsókn. Beinin voru send á Þjóðminjasafnið þar sem þau eru geymd. Jónasarvarða eða Jóhannesarvarða 123:090 er stór og stæðileg og var hlaðin þar sem maður að nafni Jónas eða Jóhannes varð úti. Ekki fundust upplýsingar um hvenær sá atburður varð. Fjórði legstaðurinn er í túnjaðri Flekkuvíkur, Flekkuleiði 157:027. Þar er rúnasteinn á dálítilli upphækkun í túninu. Á rúnasteininum stendur *Hér hvílir Flekka.* Jónas Hallgrímsson gróf í leiðið 1841 en kom fljótlega niður á jarðfasta klöpp og fann engin merki um að nokkur hafi verið grafinn þar. Í örnefnaskrá segir að Flekka þessi sem nefnd er á rúnasteininum hafi búið í Flekkudal í Kjós en flutt í Flekkuvík þegar hún missti manninn sinn. Á heimasíðunni www.ferlir.is segir að Flekka, norsk landnámskona, hafi viljað láta grafa sig í jaðri túnsins þar sem hún hefði útsýni yfir innsiglinguna að bænum en ekki kemur fram hvaðan þessi saga er fengin. Í athugasemdum Matthíasar Þórðarsonar við dagbókarskrif Jónasar Hallgrímssonar um rúnasteininn kemur fram að hann telji steininn vera frá 17. eða 18. öld og að hann hafi verið gerður vegna munnmæla um Flekku.

Sjósókn

Sjávarútvegsminjar er nokkuð stór minjaflokkur á skráningarsvæðinu. Þær eru flestallar staðsettar í fjörunni eða nærri sjó og mikið af þeim hefur eðli málsins samkvæmt horfið eða raskast vegna landrofs.

Á skráningarsvæðinu var skráður gríðarlegur fjöldi lendinga, eða 46 talsins. Um margar þeirra eru aðeins heimildir en mannaverk sjást á 16 þeirra. Flestar lendingar eru skráðar í landi Stóru-Voga (11 talsins) og Minni-Voga (6 lendingar). Færri lendingar eru skráðar á öðrum lögbýlum. Lendingar þeirra lögbýla sem áður voru hjáleigur og áttu ekki land að sjó eru yfirleitt í landi gömlu heimajarðarinnar. Mörg önnur býli og hjáleigur áttu sérstakar lendingar og eru þær jafnan í landi heimajarðarinnar.

Alls voru skráð 14 naust á skráningarsvæðinu og fundust einhverjar leifar af níu þeirra. Engar leifar fjögurra nausta (146:034, 151:013, 151:014, 148:019) fundust og er líklegt að þau séu horfin vegna ágangs sjávar. Örnefnið Litli-Nausthóll 151:035 er í landi Kálfatjarnar en engar leifar af nausti fundust á eða við hólinn. Af nausti 157:045 í landi Flekkkuvíkur sást aðeins grjótþúst og af Stóru-Voganaustum 123:054 sást aðeins dæld. Naust 149:010 í landi Þórustaða er sambyggt túngarði og er skráð undir því. Á sex stöðum sáust ein eða fleiri tóftir (146:058,

149:010, 149:053, 149:054, 151:031, 156:009). Allar tóftirnar eru grjóthlaðnar. Tóftirnar eru ýmist einfaldar eða tvískiptar og snúa flestar opnum stöfnum að sjó. Á Þórustöðum stendur hús 149:009 sem var notað sem naust og fiskhús. Það er bárujárnsklætt timburhús með hlöðnum grunni og er líklega í grunninn sama hús og teiknað er á túnakort frá 1919. Heimild er um eitt uppsátur í Landakoti 148:031.

Skráðar voru 8 verbúðir. Af þeim eru þrjár í landi Minni-Voga og þrjár í landi Stóru-Voga. Tvær verbúðanna, Stapabúð 123:033 og Hólmsbúð/Hólmabúðir 123:038, voru á tímabili notaðar sem bústaðir og eru líka skráðar sem býli. Tóftir býlisins í Stapabúð sjást enn og í Hólmsbúð eru miklar leifar af mannvirkjum sem tengjast útgerð á 19. öld. Fyrir utan Stapabúð og Hólmsbúð sjást aðeins minjar um eina verbúð, Kerlingarbúðir 123:031. Þar sjást tóftaleifar og garðbrot en minjarnar eru í stórhættu vegna landbrots. Fjórar sjóbúðir eru skráðar á svæðinu en aðeins sáust minjar um eina þeirra, Stóru-Vogasjóhús 123:055 í landi Stóru-Voga. Af sjóbúðinni sést tvískipt tóft sem einnig er í stórhættu vegna landbrots.

Aðrar minjar um fiskveiðar sem skráðar voru eru herslubyrgi og hjallar. Á svæðinu voru skráðir 6 hjallar, þar af tveir með öðrum minjum. Engar minjar um hjalla sáust á vettvangi en á einum stað var skráð fjárhústóft 123:006 þar sem áður voru sjóhús og kunna fjárhúsin að hafa verið hlaðin á grunni hjalls. Alls voru 10 herslubyrgi skráð. Af þeim fundust minjar á átta stöðum: tvær tóftir, fjórar hleðslur, garðlag og gryfja. Þrír fiskreitir voru skráðir en einn þeirra er skráður með varnargarði 146:044. Hvorki sést til minja um garðinn né fiskreitinn. Minjar um fiskreit sjást í Landakoti 148:034. Ekki sást til minja um fiskreit á Auðnum 146:064.

Garðlög og kálgarðar

Á skráningarsvæðinu var skráður mikill fjöldi grjóthlaðinna garðlaga og kálgarða enda ærinn efniviður í hrauninu. Flestir garðanna voru: túngarður, vörslugarður, varnargarður eða landamerki. Tún jarðanna í Vogum og á Vatnsleysuströnd liggja oft saman og liggja meðfram sjó. Túngarðar geta því einnig hafa gegnt hlutverki landamerkjagarða og varnargarða. Garðlögin og kálgarðarnir eru nær undantekningarlaust grjóthlaðin. Á skráningarsvæðinu voru alls skráðir 38 garðar. Leifar af þeim sáust á 34 stöðum en á fjórum stöðum sást ekki til minja. Varðveisla garðlaga á skráningarsvæðinu er því mjög góð. Nánari skiptingu garðlaga eftir hlutverkum má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Skráð garðlög

Samtala	Sérheiti	Sérheiti-2	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2
GK-129:016	Grjótgarður		garðlag	landamerki	
GK-148:022			garðlag	landamerki	túngarður
GK-123:022	Merkjagarður		garðlag	landamerki	
GK-149:055			garðlag	traðir	
GK-157:041	Norðurtúngarður		garðlag	túngarður	
GK-146:052			garðlag	túngarður	
GK-156:019			garðlag	túngarður	
GK-156:012			garðlag	túngarður	
GK-153:005			garðlag	túngarður	útihús
GK-154:005	Grjótgarðar		garðlag	túngarður	
GK-123:056			garðlag	túngarður	
GK-155:003	Grjótgarðurinn Nyrðri	Grjótgarðurinn Syðri	garðlag	túngarður	
GK-128:014			garðlag	túngarður	
GK-147:005			garðlag	túngarður	
GK-148:026			garðlag	túngarður	
GK-151:022	Heiðargarður	Landagarður	garðlag	túngarður	vörslugarður
GK-150:009			garðlag	túngarður	
GK-129:013			garðlag	túngarður	
GK-157:044			garðlag	túngarður	
GK-149:023	Gamla-Garðlagið		garðlag	túngarður	landamerki
GK-149:010	Þórustaðaskiparétt		tóft+garðlag	túngarður	naust
GK-149:041	Heiðargarður		garðlag	túngarður	
GK-146:044			heimild	varnargarður	fiskreitur
GK-151:057	Sjóvarnargarðurinn		heimild	varnargarður	
GK-149:047	Sjávargarðurinn Syðri		hleðsla	varnargarður	
GK-149:046	Sjávargarðurinn Nyrðri		heimild	varnargarður	
GK-148:021			garðlag	varnargarður	
GK-151:040	Skjólgarður		hleðsla	varnargarður	
GK-146:028	Sjávargarður		garðlag	varnargarður	túngarður
GK-157:034	Sjóvarnargarðurinn		garðlag	varnargarður	
GK-151:015	Skiparéttargarðurinn		garðlag	varnargarður	
GK-149:059			garðlag	vörslugarður	mannvirki
GK-151:058	Kotagirðingar	Girðingar	garðlag	vörslugarður	
GK-147:012			garðlag	vörslugarður	
GK-151:070	Kálfatjarnargirðingar		heimild	vörslugarður	
GK-151:029	Gerði		garðlag	vörslugarður	
GK-148:037	Gerðið		garðlag	vörslugarður	
GK-153:009	Móakotsgirðing	Kúagerði	garðlag	vörslugarður	

Ætla má að flestir túngarðarnir sem skráðir voru séu frá lokum 19. aldar þegar túnrækt eykst í kjölfar aflabrests en margir þeirra kunna að vera miklu eldri í grunninn. Eins má ætla að kálgarðarnir sem skráðir voru á svæðinu séu flestir frá aldamótunum 1900. Alls voru skráðir 46 kálgarðar en átta þeirra voru skráðir með öðrum minjum s.s. útihúsum og býlum. Oftast er ekki vitað nákvæmlega hvað var ræktað í kálgörðunum en þó var heimild um einn kartöflugarð. Alls sáust minjar um kálgarða á 22 stöðum.

Það er vert að nefna hér sérstaklega garða sem marka skil milli túna og heiða á öllum jörðum frá Bakka í norðaustri að Auðnum í suðvestri (146:052, 147:012, 148:026, 149:041, 151:022). Garðarnir eru samtengdir á merkjum en ákveðið var að skrá hvern hluta garðsins með tilheyrandi jörð. Það var hinsvegar ekki gert á Bakka en þar er garðurinn skráður með garði Kálfatjarnar vegna þess að í örnefnalýsingu Kálfatjarnarhverfis er garðinum lýst sem einni heild. Á Kálfatjörn og Þórustöðum nefnist garðurinn Heiðargarður. Hann er ýmist skráður sem túngarður eða vörslugarður því tún jarðanna ná ekki allsstaðar að honum. Þessir garðar hafa varðveist vel og sýna greinilega hversu lítið svæði var talið ræktanlegt miðað við stærð sveitarinnar í heild. Líklega eru þessir garðar frá sama skeiði og túngarðarnir almennt en ekki er útilokað að þeir séu miklu eldri í grunninn.

Útihús

Jafnvel þó að mikil áhersla hafi verið lögð á fiskveiðar í Vogum og á Vatnsleysuströnd var fjöldi útihúsa skráður í túnum jarðanna. Á lögbýlunum voru alls skráð 80 útihús á svæðinu. Aðeins er vitað um nákvæmt hlutverk 16 þeirra. Skráð voru átta fjós, fimm fjárhús, tvö lambhús og ein hlaða. Minjar um 34 útihús sjást enn. Útihús sem tilheyrðu öðrum býlum eru skráð með hverju býli undir einu númeri og eru ekki talin með hér. Þar sem minjar um útihús sjást eru grjóthlaðnar tóftir algengastar, ýmist einfaldar eða tvískiptar. Sementslím er í hleðslum sumra þeirra sem gefur til kynna fremur ungan aldur. Flestar tóftanna eru enn vel greinilegar.

Ein tegund mannvirkja sem merkt er á túnakort frá 1917 en telst ekki til útihúsa eru þrær sem teiknaðar eru sem kassar (yfirleitt) með gegnumstriki. Þetta eru niðurgrafin mannvirki, stundum hlaðin að innan, þar sem húsdýraáburði var safnað en einnig fiskslori. Þetta var svo notað sem áburður á tún og til uppgræðslu klappa. Alls voru skráðar 44 slíkar þrær og sáust ummerki um þær á 14 stöðum. Skráðar voru 11 gryfjur og 3 tóftir. Í nokkrum tilvikum eru þær skráðar með býlum (sjá 123:036, 151:030, 150:006, 149:022, 156:023) og í nokkrum tilvikum

eru þær skráðar með byggingum á bæjarhól (sjá 126:001, 129:001, 153:001, 157:001). Mannvirki af þessari gerð hafa líklega ekki tíðkast í blómlegri sveitum landsins þar sem miklu meira er af ræktanlegu landi. Líklegt er að þessum mannvirkjum hafi fjölgað eftir að meiri áhersla var lögð á túnrækt um aldamótin 1900.

Stekkir, kvíar og beitarhús

Alls voru skráðir 11 stekkir á skráningarsvæðinu. Allsstaðar sáust minjar um stekkina nema á einum stað þar sem örnefnið Stekkhóll 149:025 bendir á stekk í landi Þórustaða en engar leifar fundust. Að auki þjónaði fjárskýlið Þórustaðaborg 149:030 einnig á tímabili hutverki stekkjar. Í borgartóftina sem er um 1200 m suðaustan við bæ hefur að því er virðist verið hlaðinn tvískiptur stekkur. Nánar er fjallað um Þórustaðaborg í umfjöllun um fjárskýli.

Tafla 5. Skráðir stekkir á svæðinu.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hlutverk-2	Fjarlægð frá bæ	Gerð
GK-123:149		tóft	stekkur		1100 m	einföld tóft/grjóthlaðin
GK-123:126	Gvendarstekkur	tóft	stekkur	fjárskýli	830 m	einföld tóft/grjóthlaðin
GK-148:014		tóft	stekkur		600 m	tvískipt tóft/grjóthlaðin
GK-149:025	Stekkhóll	örnefni	stekkur		210 m	ekki sést til minja
GK-151:032	Bakkastekkur	tóft	stekkur		720 m	líkl.tvískipt tóft/grjóthlaðin
GK-151:045	Borgarkots-stekkur	tóft	stekkur		1000 m	tvískipt tóft/grjóthlaðin
GK-151:046	Heimristekkur	tóft	stekkur		930 m	tvískipt tóft/grjóthlaðin
GK-151:048	Staðarstekkur	hleðsla	stekkur		1700 m	5 hólf/grjóthleðslur
GK-157:021	Flekkuvíkur-stekkur	tóft+garðlag	stekkur		450 m	tvískipt tóft/grjóthlaðin
GK-157:056	Mundastekkur	tóft	stekkur		1100 m	tvískipt tóft/grjóthlaðin
GK-157:088		tóft	stekkur		1300 m	einföld tóft/grjóthlaðin

Athygli vekur að þrír stekkir voru skráðir í landi Flekkuvíkur en það kann að skýrast að hluta af því að þar var um tíma tvíbýli. Fjórir stekkir eru skráðir í landi Kálfatjarnar en aðeins tveir þeirra voru frá Kálfatjörn. Hinir voru frá Bakka annarsvegar og Borgarkoti hins vegar. Það kemur á óvart að enginn stekkur var skráður í landi Auðna en þó er möguleg stekkjartóft skráð með

Auðnaborg 146:047. Allsstaðar nema á einum stað þar sem fundust minjar á vettvangi var um að ræða grjóthlaðna tóft, oftast gróna, sem var ýmist einföld eða skiptist í tvö hólf. Tvískiptar stekkjartóftir voru sex en einfaldar stekkjartóftir voru þrjár. Staðarstekkur 151:048 er hlaðinn í hraungjá og skiptist í 5 hólf sem er óvanalegt. Hann minnir frekar á sel s.s. minjarnar í Hólsseli 123:075 og Vogaseli 123:045. Mjög misjafnlega langt er frá bæjum að stekkjum. Langstyst er frá Þórustöðum að Stekkhól 149:025, eða 210 m en ekki fundust minjar um stekk þar. Lengst er frá bæ að Staðarstekk 151:048, eða 1700 m og gæti það enn styrkt þá hugmynd að tóftin hafi í raun verið af seli og þá mögulega svokölluðu mjólkurseli eins og fjallað er um í næsta kafla. Meðallengd stekkjarvegar á svæðinu er 930 m. Það er nokkuð löng leið en skýrist af því hve lítið haglendi er á skráningarsvæðinu.

Aðeins var þekkt heimild um kvíar á einum stað á skráningarsvæðinu, í landi Þórustaða. Þar er þekkt örnefnið Stöðulhóll 149:028 en engin ummerki kvía fundust. Tvö beitarhús voru skráð, eitt í landi Auðna 146:061 og annað í landi Kálfatjarnar 151:036. Tóftir sjást enn á báðum stöðum. Beitarhúsin í landi Auðna eru 585 m frá bæ og þar er fjórskipt tóft sem líklega er torf og grjóthlaðin. Beitarhúsin í landi Kálfatjarnar eru 1100 m frá bæ og þar er tvískipt, grjóthlaðin tóft. Ekki sáust ummerki um jötur eða garða í beitarhúsunum. Ekkert er vitað um aldur þeirra.

Fjárskýli og sel

Alls voru skráð sjö fjárskýli á svæðinu, auk þess sem Gvendarstekkur 123:126 var einnig notaður sem fjárskýli. Á öllum stöðunum nema einum voru sýnilegar minjar. Ekki tókst að staðsetja Byrgishól 123:069 en mögulega dregur hann nafn sitt af smalabyrgi eða skotbyrgi. Þekktasta og stæðilegasta fjárborgin sem skráð var er án efa Staðarborg 151:049 í landi Kálfatjarnar. Hún er hringlaga og hleðslur hennar standa enn. Pétursborg 123:074 í landi Stóru-Voga er önnur heilleg borg. Hún er sporöskjulaga og eru hleðslur hennar hrundar að hluta. Skammt frá Pétursborg eru tvær tóftir sem eru skráðar með borginni. Þórustaðaborg 149:030 er nokkuð hringlaga tóft en eins og áður segir hefur stekkur verið hlaðinn inn í hana. Með Þórustaðaborg var skráð fornleg, tvískipt tóft, garðlag, vatnsstæði og vörðubrot. Auðnaborg 146:047 er ekki dæmigerð fjárborg en þar voru skráðar fjórar tóftir, þar af mögulega einn stekkur, renna og rétt. Gíslaborg 123:064 er ekki heldur dæmigerð fjárborg. Innan hennar má greina 6 aðskilin hólf en vera má að þau hafi verið hlaðin eftir að hætt var að nýta hana sem fjárskýli. Enn er ónefnt fjárskýli í Kálffelli 123:092 þar sem fjárskýli eru í tveimur hellisskútum og vörslugarður er í gíg fellsins. Þetta

fjárskýli er heila 7 km frá bæ. Það var notað um aldamótin 1900 og er sennilega til marks um þverrandi beitarland þar sem sífellt þurfti að fara lengra frá bæ til að finna haglendi. Önnur fjárskýli sem hægt var að staðsetja eru 1-2,9 km frá bæjum.

Óvanalega mikill fjöldi selja er á skráningarsvæðinu. Alls voru skráð 13 sel, þar af átta í landi Stóru-Voga. Ekki fundust sel á tveimur stöðum þar sem örnefni gáfu slíkar minjar til kynna. Örnefnið Þórusel 123:065 í landi Stóru-Voga var líklega um 1,8 km frá bæ en engar minjar um sel fundust á vettvangi og engar minjar komu í ljós þegar fornleifafræðingur vaktaði framkvæmdir á þessum slóðum. Örnefnið Selhóll 157:051 er í landi Flekkuvíkur. Ekki tókst að staðsetja hann en líkur eru til þess að hann dragi nafn sitt af leið að Flekkuvíkurseli sem lá skammt frá honum, frekar en að þarna hafi verið sel. Ekki er þó hægt að fullyrða um það.

Minjarnar sem fundust um selin eru ólík innbyrðis. Hægt er að skipta þeim gróflega í þrjá flokka: Flokkur 1= Fáar, signar og fornlegar tóftir; Flokkur 2= Þrjár eða fleiri tóftir, greinilegar; Flokkur 3= hleðslur í krosssprungum hólum og tóftir. Skiptinguna má sjá í töflu 6 auk fjarlægðar frá bæ.

Tafla 6. Skipting selja í flokka og fjarlægt þeirra frá bæ.

Flokkur 1	**Frá bæ**	**Flokkur 2**	**Frá bæ**	**Flokkur 3**	**Frá bæ**
123:071 Snorrastaðasel	2,9 km	123:072 Nýjasel	2,5 km	123:045 Vogasel	1,4 km
123:080 Vogaselið gamla	5,9 km	123:079 Arahnúkssel	3,9 km	123:075 Hólssel	3,1 km
151:067 Fornuselshæðir	4,4 km	123:084 Vogasel yngri	6 km		
		148:039 Auðnasel	4,9 km		
		149:037 Fornasel	3,2 km		
		157:058 Flekkuvíkursel	4 km		

Mikilvægi seljanna á Vatnsleysuströnd er augljóst vegna þess hve lítill hagi var heima við bæina og því enn nauðsynlegra en ella að fara með búfénað í selin. Vatnsleysi og uppblástur olli því að sum selstæðin féllu úr notkun og ný selstæði voru fundin. Það skýrir að einhverju leyti mikinn fjölda skráðra selja. Síðast var haft í seli á Vatnsleysuströnd árið 1870 í Flekkuvíkurseli 157:058. Varla er hægt að skýra allan þann fjölda selja sem skráður er í landi Stóru-Voga með því að selin hafi færst til vegna vatnsskorts og uppblásturs. Mögulega hafa Minni-Vogar einnig átt selstöðu í landi Stóru-Voga og ef til vill sumar af stærstu hjáleigunum sem síðar urðu lögbýli. Einnig er mögulegt að sum selin hafi verið kúasel en önnur fjársel. Í bók Lars Reinton *Til seters* kemur fram að í Noregi eru þekktar þrjár megingerðir selja sem voru í notkun á mismunandi tíma yfir

sumarið: heimasel, millisel og sumarsel. Heimaselin voru næst bæ og var farið í þau fyrst á vorin. Sumarselin voru fjærst bæ og voru notuð yfir hásumarið. Milliselin voru notuð á haustin þegar beitin minnkaði upp til fjalla áður en búfénaður var fluttur heim. Notkun norsku seljanna skiptist líka í þrjá meginflokka; fullsel, mjólkursel og heysel. Í fullseljum var búið allt sumarið og mjólkin fullunnin þar. Í mjólkurseljum var einungis mjólkað en mjólkin flutt heim á bæ til vinnslu. Í heyseljum vann fólk við slátt.[10] Ólíklegt er að heysel hafi tíðkast á Vatnsleysuströnd en ekki er útilokað að eitthvað af seljunum í landi Stóru-Voga hafi verið mjólkursel. Hægt er að hugsa sér að sel í flokki 3 gætu hafa verið mjólkursel. Að vísu hefur þá verið nokkuð langur burður með mjólkina úr Hólsseli, eða 3,1 km. Ljóst er að selin á Vatnsleysuströnd þarfnast frekari rannsókna við til þess að meira sé hægt að segja til um aldur og hlutverk þeirra.

Að ofan hefur verið fjallað um helstu minjaflokka á skráningarsvæðinu. Ýmsar aðrar tegundir minjar fundust við skráninguna og tafla 7 sýnir hlutverk og fjölda allra minja sem birtast í þessari skýrslu.

Tafla 7. Hlutverk skráðra fornleifa

beitarhús	2	hjallur	4	mógrafir	12	smiðja	1
brunnur	30	huldufólksbústaður	6	mylla	1	stekkur	11
brú	2	kartöflugarður	1	naust	13	traðir	5
bústaður	28	kálgarður	38	óþekkt	97	túngarður	18
býli	50	kirkja	2	refagildra	1	uppsátur	1
hlutverk óþekkt	55	kolagröf	1	rétt	10	útihús	64
eldhús	1	kvíar	1	samgöngubót	19	útkirkja	1
fiskreitur	2	lambhús	2	sel	13	varnargarður	9
fjárhús	5	landamerki	20	sjóbúð	4	vatnsból	5
fjárskýli	7	legstaður	4	skemma	3	verbúð	6
fjós	8	leið	48	skotbyrgi	6	vörslugarður	7
herslubyrgi	10	lending	46	smalakofi	2	þvottastaður	6

[10] Albína Hulda Pálsdóttir, 31.

VII. NIÐURSTÖÐUR

Minjar í hættu

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru á svæðinu. Alls teljast 33 fornleifar vera í mikilli hættu og í langflestum tilvikum er það vegna landbrots. Hátt hlutfall minja telst í hættu, eða 383 fornminjar. Flestar þeirra eru taldar í hættu vegna ábúðar, því þó að hefðbundnum búskap sé hætt á svæðinu, er búið á flestum jörðunum og því fylgir óhjákvæmilega hætta á framkvæmdum sem gætu raskað minjastöðum í nágrenninu. Þar á eftir eru flestar minjar í hættu vegna landbrots og rasks. Allar fornminjar sem eru á Kálfatjarnargolfvelli í landi Kálfatjarnar og aðliggjandi jarða eru í hættu vegna mögulegs rasks og er mikilvægt að fylgst sé með öllum framkvæmdum við stækkun eða breytingar sem gerðar verða á golfvellinum.

Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Engar friðlýstar fornleifar eru á skráningarsvæðinu. Staðarborg 151:049 var áður friðlýst en var tekin tekin af lista um friðlýstar fornleifar árið 1990. Ekki er getið um ástæður þess í friðlýsingarskránni. Fjölmargar merkar minjar voru skráðar á svæðinu sem vert er að vekja athygli á vegna óvenjumikils kynningar-, verðveislu- og rannsóknargildi sem þær hafa. Sem dæmi um fornleifar sem hafa hátt minjagildi má nefna:

• **Bæjarhóll Stóru-Voga** 123:001 og **kirkja** 123:002. Bæjarhóllinn er í stórhættu vegna landbrots og hefur hluti hans þegar skolast á haf út. Bæjarhóllinn er enn nokkuð stæðilegur og geymir að líkindum minjar um búsetu á staðnum frá landnámstíð. Talið er að hálfkirkja í Stóru-Vogum hafi verið á vestanverðum bæjarhólnum. Hún kann að vera horfin vegna landbrots en mannabein 123:059 sem fundust í sniði á bæjarhólnum gefa til kynna staðsetningu kirkju og kirkjugarðs. Mikilvægt er hafist verði handa við rannsókn og/eða aðgerðir sem tryggja varðveislu minjanna svo að ekki verði frekari skemmdir á þeim. Þær hafa afar mikið rannsóknargildi og geta varpað ljósi á upphaf og þróun byggðar í sveitarfélaginu.
• Býlið **Brekka** 123:036 undir Vogastapa hefur mikið varðveislu- og kynningargildi en þar er vel varðveitt býlisheild. Á svæðinu gefur að líta fjölmörg mannvirki þurrabúðar sem fyrst var byggð 1848 og varð síðar grasbýli.

• Býlið **Hólmsbúð** 123:038 er litlu norðan við Brekku 123:036 en þar eru miklar mannvirkjaleifar sem tengjast umfangsmiklu útræði frá miðri 19. öld og fram yfir aldamótin 1900. Þessar minjar hafa mjög gott kynningar- og varðveislugildi.

• Verbúðin **Kerlingarbúðir** 123:031 er um 400 m norðvestan við Brekku 123:036. Þar sjást enn minjar um verbúð sem er nokkuð fornleg og er í stórhættu vegna landbrots. Varðveittar verbúðir eru afar fáar en þær geta veitt mikilvægar upplýsingar um húsakost, aðbúnað og annað sem varpar ljósi á lífið í verbúðum á Íslandi. Sökum þeirrar bráðu hættu sem verbúðin er í er nauðsynlegt að grípa til ráðstafanna til að tryggja varðveislu hennar eða að öðrum kosti að rannsaka þær minjar sem þar eru, áður en þær skolast á haf út.

• **Stapavegur/Gamlivegur** 641:009 er gömul leið sem er rudd og upphlaðin á köflum. Hún sést greinilega skammt frá þéttbýlinu í Vogum og er hægt að fylgja henni upp á Vogastapa en af henni er farið niður að Brekku, Hólmsbúð, Kerlingarbúðum og fleiri minjum norðan við Vogastapa. Leiðin hefur varðveislu- og kynningargildi.

• Öll þau fjölmörgu **sel** sem skráð voru í Vogaheiði og Strandarheiði hafa mikið rannsóknargildi og geta mögulega varpað nýju ljósi á þróun og hlutverk selja á fyrri öldum. Þau eru einnig kjörnir áfangastaðir fyrir göngufólk og aðra áhugasama um svæðið og henta því vel til kynningar.

• Í **Goðhól** 151:030 er vel varðveitt minjaheild býlis en þar var búið allt til 1933 og hafa minjarnar á þessum stað mikið varðveislu- og kynningargildi. Tryggja þarf gott aðgengi að minjunum en þær eru í jaðri Kálfatjarnargolfvallar.

• Á jörðinni Flekkuvík eru skráð níu **býli**. Minjar um fimm þeirra eru sjást enn og staðsetning eins til viðbótar kunn. Ekki er vitað um staðsetningu þriggja býla. Svo góð varðveisla er óvanaleg í þessum minjaflokki en þess má geta að tóftir þriggja þeirra eru innan túngarðs. Frekari rannsókn á býlunum myndi geta sagt mikið um þróun byggðarinnar í sveitarfélaginu og allar aðstæður og líf fólksins sem þarna bjó.

• Í túni Flekkuvíkur er svokallað **Flekkuleiði** 157:027 og á því er rúnasteinn. Þó að uppgröftur árið 1841 á þessum stað hafi leitt í ljós að þar hafi ekki verið legstaður er rúnasteinninn og sagan sem fylgir honum merkileg. Staðurinn hefur því mikið kynningargildi og væri hægt að vekja athygli á honum með einhverjum hætti þar sem viðbúið er að ókunnugir komi ekki auga á hann.

• Að lokum má nefna **Staðarborg** 151:049, reisuleg og sérlega vel varðveitt, steinhlaðin fjárborg sem gott aðgengi er að. Hún hefur því mikið varðveislu- og kynningargildi.

HEIMILDASKRÁ

Prentaðar heimildir:

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI. 1853-1976. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

FF I: *Frásögur um fornaldarleifar* fyrri hluti, 1817-1823. 1983. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

Fornleifaskrá: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornminjanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

GJ: Mannlíf og mannvirki: Guðmundur B. Jónsson. 1987. *Mannlíf og Mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi*. Útgefið af höfundi, Vogum.

Íslensk fornrit I. *Íslendingabók - Landnámabók*. 1968. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík.

JÁM III: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi Gullbringu- og Kjósarsýsla. 1923-1924. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

JJ 1847: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J.Johnsen, Kaupmannahöfn.

JH Rit III: Jónas Hallgrímsson. (1929-1936). Rit, III. bindi. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Jón Thorarensen. 1982. *Litla skinnið eða Blöndukúturinn*. Nesjaútgáfan, Reykjavík.

Kristján Sveinsson. 1996. *Saga Njarðvíkur*. Þjóðsaga ehf., [Reykjavík].

Lýður Björnsson. 1972. *Saga sveitastjórnar á Íslandi*. Fyrra bindi. Almenna sögufélagið, Reykjavík.

Manntal 1801: *Manntal á Íslandi 1801*. Suðuramt. 1978. Ættfræðifélagið, Reykjavík.

PP: Sveinn Níelsson. 1869. *Prestatal og prófasta á Íslandi*. 2. útgáfa. Hið íslenzka bókmenntafélag, Reykjavík.

SG: Örnefni og gönguleiðir: Sesselja G. Guðmundsdóttir. 2007. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins)*. Lionsklúbburinn Keilir, Vatnsleysuströnd.

Strönd og Vogar: Árni Óla. 1961. *Strönd og Vogar: Úr sögu einnar sveitar í landnámi Ingólfs Arnarsonar*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Sturlunga Saga: *Sturlunga Saga I*. 1988. Svart á Hvítu, Reykjavík.

ÞJÁ I: Jón Árnason. 1980. *Íslenzkar Þjóðsögur og Ævintýri*, I. bindi. Bókaútgáfan Þjóðsaga og Prentsmiðjan Hólar hf, Reykjavík.

Óprentaðar heimildir:

Albína Hulda Pálsdóttir. 2005. Segðu mér sögu af seli. Óútgefin námsritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Dómur Hæstaréttar nr. 47/2005: Dómur Hæstaréttar nr. 47/2005. Sótt þann 31.03. 2009 af slóðinni: http://www.haestirettur.is/domar?nr=3526

GHI: Örnefni í Brunnastaðahverfi: Gunnar Haukur Ingimundarson. 1982. Örnefni í Brunnastaðahverfi á Vatnsleysuströnd. Óútgefin námsritgerð í landafræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.

GoogleEarth: Loftmyndir frá GoogleEarth, sóttar 2009.

G.M.J. líkan 1930: Líkan af Vogum eins og þeir litu út árið 1930 eftir Guðmund M. Jónsson.

http://www.vogar.is/Ithrotta_og_tomstundastarf/Minjafelagid/: Sótt þann 13. maí 2009 af slóðinni: http://www.vogar.is/Ithrotta_og_tomstundastarf/Minjafelagid/

http://www.vogar.is/resources/Files/14_saga.pdf: Viktor Guðmundsson. (án árs). *Brot úr sögu Vatnsleysustrandarhrepps*. Sótt þann 2. apríl 2009 af slóðinni: http://www.vogar.is/resources/Files/14_saga.pdf

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

OA: Örnefni í Kálfatjarnarhverfi og Flekkuvík: Oddgeir Arnarson. 1998. Örnefni í Kálfatjarnarhverfi og Flekkuvík í Vatnsleysustrandarhreppi. Óútgefin námsritgerð í landafræði við Háskóli Íslands, Reykjavík.

ÓMÁ: Sel og selstöður á Reykjanesskaganum: Ómar Smári Ármannsson. 2007. Sel og selstöður á Reykjanesskaganum – vestan Esju. Óútgefin námsritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands, Reykjavík.

Túnakort: Þjóðskjalasafn Íslands. Uppdrættir af túnum 1919. Vatnsleysustrandarhreppur.

http://www.ferlir.is: Heimasíða FERLIR. Ýmsar greinar sóttar veturinn 2008-2009 af slóðinni: www.ferlir.is

Ö-Auðnahverfi: Örnefnaskrá Auðnahverfis. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bakki, Móakot, Bjarg: Örnefnaskrá Bakka, Móakots og Bjargs. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Bergskot í Auðnahverfi: Örnefnaskrá Bergskots (Auðnakots). Kristján Eiríksson skráði eftir Þórarni Einarssyni og Ástu Þórarinsdóttur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Flekkuvík AG: Örnefnaskrá Flekkuvíkur. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Flekkuvík GE: Örnefnaskrá Flekkuvíkur. Gunnar Erlendsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Flekkuvík: Örnefnaskrá Flekkuvíkur. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Hvassahraun: Örnefnaskrá Hvassahrauns. Sigríður Jóhannesdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Höfði í Auðnahverfi: Örnefnaskrá Höfða í landi Auðna. Kristján Eiríksson skráði eftir Þórarni Einarssyni og Ástu Þórarinsdóttur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kálfatjarnarhverfi, aths. og viðb.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Sigríður Jóhannsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kálfatjarnarhverfi: Örnefnaskrá Kálfatjarnarhverfis. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kálfatjörn: Örnefnaskrá Kálfatjarnar. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kálfatjörn AG: Örnefnaskrá Kálfatjarnar. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Landakot: Örnefnaskrá Landakots. Margrét Guðnadóttir og Eyjólfur Guðnason skráðu. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Landakot GS: Örnefnaskrá Landakots. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Norðurkot: Örnefnaskrá Norðurkots. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Straumur: Örnefnaskrá Straums. Gísli Sigurðsson, Gústaf Brynjólfsson og Ástvaldur Þorkelsson skráðu. Athugasemdir frá Bjarna Sigurðssyni, Hauki Sigurðssyni, Gísla Guðjónssyni og Jósef Guðjónssyni. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vogar ath.: Athugasemdir við örnefnaskrá Voga. Pétur Jónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vogar: Örnefnaskrá Voga. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þórustaðir: Örnefnaskrá Þórustaða. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þórustaðir AG: Örnefnaskrá Þórustaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Þórustaðir, svör við sp: Örnefnaskrá Þórustaða, svör við spurningum. Eyjólfur Guðnason skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn í stafrófsröð:

Andrés Guðmundsson, fæddur 31.03. 1951 (Kálfatjörn).

Ása Árnadóttir, fædd 31.03. 1932 (Minni-Vogar).

Birna Jóhannesdóttir, fædd 19.09. 1957 (Bakki).

Eydís Franzdóttir, fædd 31.03. 1963 (Landakot).

Eyjólfur Guðmundsson, fæddur 13.06. 1954 (Stóru-Vogar).

Guðmundur Valdimarsson, ekki vitað um fæðingardag og ár (Stóru-Vogar).

Guðrún Lovísa Magnúsdóttir, fædd 18.12.1922 (Stóru-Vogar).

Halldór Guðmundsson, fæddur 04.08. 1925 (Flekkuvík).

Margrét Guðnadóttir, fædd 07.07. 1929 (Landakot, Þórustaðir).

Sesselja Guðmundsdóttir, fædd 30.11.1947 (Allt svæðið).

Særún Jónsdóttir, fædd 23.02. 1949 (Stóru-Vogar).

Viktor Guðmundsson, fæddur 01.05. 1960 (Stóru-Vogar).

VIÐAUKI I: HNITASKRÁR Á ISN93

Hér fyrir neðan er birt hnitaskrá á ISN93 fyrir svæðið sem skráð var á árunum 2007-2010.

Samtala	Longitude	Latitude
123001	334201.51	390971.39
123002	334190.27	390972.78
123003	334204.08	390975.34
123004	334225.38	390997.23
123005	334249.64	390964.29
123006	334091.85	391037.47
123007	334080.21	391081.45
123008	334076.86	391095.26
123011	334346.88	390868.83
123012	334330.5	390871.59
123013	334235.63	390848.32
123014	334346.09	390893.09
123015	334277.25	391094.47
123016	334234.06	391106.3
123017	334055.16	391096.05
123018	334269.95	391125.83
123021	334040.77	391129.38
123022A	334285.34	391199.79
123022B	334256.74	391188.35
123023	330716.96	389960.56
123024A	336248.42	389788.38
123024B	336195.76	389813.03
123024C	336172.29	389854.06
123025A	336363.21	389711.65
123025B	336332.44	389712.05
123026	333983.96	390186.4
123027A	333310.21	389690.94
123027B	333323.03	389743.01
123027C	333321.05	389749.52
123027D	333326.58	389804.16
123028	333139.4	389732.76
123029	333479.04	389616.78
123030	333081.61	389562.35
123031	332954	390026.05
123032	333073.33	389990.74
123033A	333195.61	389891.33
123033B	333182.99	389897.45
123033C	333195.42	389874.77
123033D	333137.82	389932.75
123033E	333069.19	389964.31
123033F	333062.28	389970.43
123033G	333058.93	389962.54
123033H	333088.91	389970.82
123033I	333171.35	389941.83
123034	333251.43	389942.81
123035	333318.69	389874.77
123036A	333309.62	389822.5
123036B	333332.89	389812.05
123036C	333342.55	389804.95
123036D	333272.73	389856.42
123037	333408.23	389790.74
123038A	333371.55	389965.1
123038B	333371.94	389986.01
123038C	333368.79	389943.21
123038D	333366.02	389950.51
123038E	333365.24	389933.35
123038F	333391.47	389929.2
123038G	333378.84	389963.92
123039	333410.4	389937.88
123040	333749.84	390229.59
123041	337805.2	387359.43
123042	333903.69	389946.17
123043	334055.36	390253.85
123044A	334303.48	390230.38
123044B	334311.57	390235.9
123044C	334313.94	390254.84
123044D	334334.25	390206.91
123044E	334350.43	390175.16
123044F	334318.67	390229.79
123044G	334314.92	390224.07
123044H	334299.93	390227.03

123044I	334307.82	390254.05
123044J	334299.93	390253.85
123044K	334318.67	390252.47
123044L	334299.34	390239.65
123044M	334334.65	390171.01
123045	334893.02	389736.7
123046	334309.01	390621.3
123047	334269.95	390647.93
123048	334233.46	390657
123049	334259.3	390593.1
123050	335526.34	391177.9
123051	336781.94	390111.25
123052	334112.95	391029.18
123053	334098.56	391015.38
123054	334097.18	391028.79
123055	334088.3	391027.8
123056	334228.53	390590.14
123057	333638.8	391162.52
123058	334246.88	390109.67
123059	334190.07	390972.78
123061	334351.21	391214.98
123063	334714.32	390470.81
123064	335335.81	391105.32
123065A	335688.07	390029.79
123065B	335673.68	390226.83
123066	336366.37	389720.53
123067	331187.36	389893.5
123068	335586.89	389751.5
123070	335819.63	389859.78
123071	333586.14	388169.87
123072	334610.97	388551.52
123073	334870.34	387962.37
123074	335237.79	388222.72
123075	336219.03	388573.41
123076	336320.41	387882.49
123077	335403.07	388397.28
123078	336304.24	387715.83
123079	336418.24	387851.33
123080	338134.38	386604.41
123082	333375.1	389745.38
123083	334361.47	390626.63

123084	338142.47	386449.38
123086	333549.06	389168.47
123087	332272.36	389898.63
123088	336241.32	387843.64
123089	336071.89	388168.09
123090	337040.32	386834.78
123091	335135.62	388469.07
123092AB	337482.32	384978.01
123092C	337344.65	384984.52
123093	337237.75	384922.59
123094	337101.46	388926.26
123095A	333875.88	387553.7
123095B	333879.82	387573.23
123096	334296.58	390474.36
123100	335149.03	389624.08
123101A	334231.69	390985.2
123101B	334210.78	390975.54
123101C	334210.59	390963.7
123101D	334210.98	390955.42
123101E	334209.4	390954.43
123102	334296.38	391013.8
123103	334244.51	390653.65
123104	334250.62	390651.08
123105	334337.01	390596.45
123106	334193.43	390987.57
123107	334369.75	390843.98
123108	334372.71	390839.05
123109	334360.68	390840.43
123110	334402.3	390862.72
123111A	334411.77	390868.64
123111B	334397.76	390869.62
123112	334401.51	390878.3
123113	334402.89	390911.83
123114	334359.7	390868.24
123115	334350.62	390848.32
123116	334283.96	391100.39
123117	334289.09	391099.99
123118	334278.43	391109.26
123119	334286.13	391093.88
123120	335344.69	390404.74
123121	334364.03	390621.5

123122	334307.23	390599.8
123123	334322.22	390636.29
123124	334314.53	390643.2
123125	334323.4	390612.23
123126	335009.19	390800.59
123127	335940.54	390030.19
123128	335762.43	389417.97
123129	333843.53	389759.38
123130	333813.55	389728.62
123131A	334333.27	389626.84
123131B	334345.3	389621.32
123132	334206.64	390631.36
123133	335254.16	390740.24
123134	335239.36	390794.28
123135	335397.94	391132.73
123136	335624.96	389478.72
123137	333817.3	389613.63
123138	333805.66	388458.03
123139	336080.57	389890.94
123140	335536.4	391098.41
123141	334439.38	388372.62
123142	334966.98	388067.11
123143	334829.31	387980.72
123144	336209.96	388027.26
123145	336335.4	388018.39
123146	336429.28	387787.82
123147	336395.16	387483.09
123148	334333.46	389574.18
123149	334427.54	389935.71
123150	337919.59	386738.33
123151	335640.74	387832.59
123152	335724.96	389414.42
123153	335888.66	390697.24
123154	334636.42	389890.94
123155A	334782.77	389783.25
123155B	334733.85	389782.86
123156	333881.79	390254.44
123157	333881.2	390233.14
124001	333983.96	391209.46
124002	333963.45	391209.46
124003	334022.23	391227.41

125001	334242.93	390934.12
125002	334227.55	390918.54
125003A	334235.44	390949.9
125003B	334234.45	390940.23
125003C	334233.66	390935.89
125003D	334233.27	390931.75
125004	334212.36	390897.04
125005	334239.18	390852.66
125006	334240.76	390833.33
125007	334271.73	390930.17
125008	334227.75	390927.02
125009	334204.87	390915.58
126001	334304.86	390681.26
126002	334260.09	390699.41
126003	334262.66	390697.44
126004	334259.7	390689.94
126005	334276.27	390697.04
126006	334411.96	390806.11
126007	334265.81	390682.84
126008	334232.68	390692.9
126009	334304.08	390692.9
126010	334301.31	390671.99
126011	334383.17	390681.06
126012	334396.97	390681.26
126013	334391.45	390661.14
126014	334385.34	390664.5
126015	334374.88	390642.41
126016	334370.35	390646.15
126017	334382.97	390676.53
126018	334364.03	390734.12
127001	334225.38	391133.13
127002	334062.26	391103.94
127003A	334215.12	391129.58
127003B	334216.31	391143.38
127003C	334238	391140.03
128001	334212.56	391342
128002	334176.07	391350.48
128003	334188.5	391360.15
128004	334190.47	391361.72
128005	334199.15	391365.87
128006	334190.27	391354.62

128007	334110.98	391424.05
128008	334104.28	391219.71
128009	334222.81	391615.76
128010	334223.41	391477.3
128012	334118.28	391449.89
128013	334130.71	391523.46
128014A	334358.51	391341.41
128014B	334376.86	391331.15
128014C	334426.36	391295.06
128014D	334442.93	391285
128015A	334192.05	391377.7
128015B	334166.8	391408.07
128016	334232.28	391300.19
128017	334265.22	391428.39
128018	334088.89	391333.52
128019	334060.49	391332.93
128020	334200.13	391938.04
128021A	334242.14	391898.01
128021B	334244.71	391886.96
128021C	334225.18	391869.8
128021D	334205.85	391957.77
128021E	334200.33	391931.14
128021F	334190.86	391939.82
128021G	334190.47	391944.16
128021H	334200.13	391938.44
128021I	334204.67	391953.43
128021J	334249.24	391941.2
128021K	334248.45	391842.39
128021L	334201.71	391929.17
128021M	334297.76	391922.46
128021N	334302.3	391933.51
128021Q	334309.8	391952.64
128021R	334284.75	391932.32
128021S	334216.9	391987.95
128021T	334243.33	391995.83
128021X	334365.22	391880.45
128021Y	334343.13	391858.76
128022	334247.67	391825.62
128023	334204.47	391631.94
128024A	334305.26	391761.91
128024B	334322.81	391795.64
128024C	334369.16	391877.3
128025	334320.84	391915.95
128026	334443.91	392023.45
128027	334359.1	391275.73
128028	334373.3	392048.69
128029	334418.67	392083.41
128030	334438	392087.35
128031	334396.97	392057.96
128033	334393.42	391840.81
128034	334242.14	391288.15
128035	334283.37	391263.7
128037	334315.51	391270.6
128038	334451.41	391808.46
128039	334496.77	391564.88
128040	334405.45	391542.19
128041A	334180.01	391320.5
128041B	334181.59	391339.83
128041C	334178.83	391345.16
128042	334196.78	391321.29
128043	334250.23	391477.7
128044	334284.75	391444.76
128045	334344.51	391376.32
128046	334256.74	391288.15
128047	334268.18	391288.55
128048	334275.08	391288.55
128049	334279.62	391291.31
128050	334268.38	391285.99
128051	334252.99	391297.42
128052	334253.39	391269.81
128053	334222.62	391461.52
128054A	334407.23	391406.69
128054B	334368.97	391429.97
128054C	334361.27	391431.54
128054D	334313.94	391459.75
128054E	334297.37	391472.77
128054F	334292.83	391476.12
128054G	334273.7	391494.86
128055	334171.34	391416.75
128056	334242.34	391337.86
128057	334092.64	391258.96
129001	333987.32	391341.01

129002	333973.71	391333.12
129003	333955.96	391323.85
129004	333948.85	391311.63
129005	333934.65	391290.92
129006	333981.6	391313.2
129007	333982.58	391271.59
129008	334036.62	391349.1
129009	333945.9	391330.56
129011	333989.09	391332.73
129012	333969.17	391323.26
129013	334005.26	391342.39
129014	334030.12	391331.35
129015	333914.73	391272.77
129016	334049.05	391213.99
146001	337830.25	393990.67
146002	337820.19	394002.11
146003	337834.39	394026.96
146004	337844.05	394028.15
146005	337871.07	394037.22
146006	337830.25	394034.66
146007	337817.23	394029.33
146008	337806.18	394028.94
146009	337905	394070.16
146010	337860.03	394102.9
146011	337800.66	394054.58
146012	337767.33	394122.03
146013	337754.31	394092.25
146014	337712.69	393983.57
146015	337708.75	393977.26
146016	337786.46	393861.09
146017	337865.35	393864.84
146018	337870.88	393924.6
146019	337906.58	394006.45
146020	337914.66	393967.99
146021	337854.9	393838.21
146022	337887.84	393902.31
146023	337696.72	394016.71
146024	337749.18	394184.16
146025A	337675.02	393883.57
146025B	337693.37	393889.49
146025C	337700.47	393881.21

146028A	337706.78	394013.95
146028B	337854.31	394112.17
146030A	337736.56	393836.63
146030B	337734.19	393809.22
146031	337688.04	393993.43
146032	337748.79	394128.93
146033	337707.76	394087.32
146034	337754.71	394109.21
146035	337758.06	394110.79
146036	337772.26	394173.9
146038	337726.5	393760.7
146039	337837.35	393621.64
146040	337797.51	393899.55
146041	337777.39	394081.01
146042	337868.71	393894.82
146043	337773.05	394092.44
146044	337755.3	394137.61
146045	337868.12	394024.2
146047	338412.68	393130.92
146048	337727.29	393745.51
146049	337684.88	393912.76
146051	337935.37	393833.67
146052	337934.39	393835.84
146053	337888.23	393797.38
146054	337862.59	393920.46
146055	337692.97	394028.94
146056	337651.35	393899.15
146057	337756.48	393855.17
146058	337670.68	393902.9
146059	338331.42	393495.81
146060	338287.44	393513.17
146061	338078.37	393459.91
146062	337668.32	393919.47
146063	337643.46	393928.15
146064	337673.44	393939.59
146065	337817.43	393962.27
147001	338002.04	393884.16
147002	337986.85	393883.97
147003	338072.06	393908.23
147004	338023.34	393865.43
147005	338035.77	393980.22

147006	338000.66	393901.92
147007	338020.58	393880.22
147008	338008.35	393866.22
147009	337927.48	393877.06
147010	337947.8	393908.62
147011	337962.59	393886.73
147012	338111.9	393866.61
148001	338073.44	394059.11
148002	338088.23	394080.02
148003	338091.98	394063.85
148004	338067.91	394079.23
148005	338112.1	394187.12
148006	338029.85	394121.44
148007	338033	394132.68
148008	338010.91	394153.59
148009	338008.35	394201.32
148010	338021.56	394198.36
148011	338032.61	394195.4
148012	338148.58	394184.95
148013	338177.38	394114.73
148014	338409.13	393557.54
148015	337979.16	394126.76
148016	338007.76	394223.61
148017	338027.28	394224.4
148018	338051.54	394231.69
148019	338030.44	394206.84
148020	338038.72	394205.46
148021	337998.88	394196.98
148022A	338016.83	394106.65
148022B	338011.7	394141.36
148022C	338053.52	393979.03
148023	338423.53	393864.05
148024A	338392.56	393572.93
148024B	338381.91	393517.5
148024C	338344.04	393537.62
148024D	338333.99	393521.45
148025	338075.8	394036.04
148026A	338291.78	394039.59
148026B	338213.28	393998.17
148027	338058.64	393983.57
148028A	338090.79	394053
148028B	338071.66	394030.91
148029	338096.12	394054.77
148030	338038.53	394156.94
148031	338025.9	394205.86
148032	338054.11	394152.8
148033	337994.54	394178.64
148034	338165.55	393929.92
148035A	338234.97	394064.24
148035B	338217.62	394077.85
148036	338185.27	394207.43
148037	338048.19	394189.68
148038	338123.93	394208.42
148039A	341051.1	390178.9
148039B	341055.83	390231.17
148039C	341010.27	390290.93
148039D	340952.48	390205.92
148039E	340971.81	390210.86
148039F	340957.61	390211.25
148039G	340953.47	390203.76
148039H	340948.54	390207.5
148039I	340963.92	390199.42
148039J	340955.24	390225.45
148039K	340918.36	390216.38
148039L	340916.39	390222.49
148039M	340908.5	390233.14
149001	338421.75	394221.83
149002	338429.25	394261.08
149003	338430.63	394243.53
149004	338394.34	394235.05
149005	338398.28	394227.55
149006	338378.56	394266.8
149007	338358.84	394346.88
149008	338332.6	394353.98
149009	338294.54	394364.24
149010A	338290.99	394350.82
149010B	338272.45	394307.43
149010C	338251.74	394281.59
149010D	338248.39	394278.04
149011A	341686.98	390192.71
149011B	341689.35	390174.17
149012	338265.54	394284.55

149014	338253.32	394416.31
149015	338290.2	394413.54
149016A	338354.69	394432.28
149016B	338346.02	394435.63
149017A	338582.5	393758.92
149017B	338585.85	393731.7
149017C	338575.99	393721.45
149018A	338645.22	393725
149018B	338668.5	393698.17
149019A	338224.91	394233.27
149019B	338247.4	394283.17
149020	338953.7	393363.46
149021	338211.5	394202.9
149022A	338355.29	394082.78
149022B	338367.52	394085.15
149022C	338330.83	394072.72
149022D	338371.85	394057.14
149022E	338315.05	394050.43
149022F	338294.74	394047.67
149022G	338317.22	394082.39
149022H	338396.9	394053
149022I	338391.58	394057.34
149022J	338385.86	394067.79
149023A	338217.22	394187.32
149023B	338294.54	394039.39
149024	339023.72	393181.42
149025	338459.23	394016.31
149026	338450.55	393988.5
149027	338407.95	394442.14
149028	338473.82	394057.53
149029A	338596.31	393624.01
148040	338838.12	393210.61
149062B	338875	393264.45
149062A	338863.36	393270.17
149030A	339338.5	393484.17
149030B	339374.01	393476.48
149030C	339338.7	393511
149030D	339348.56	393477.47
149031	339545.4	393213.76
149032	339048.17	393618.88
149035	339592.94	393113.76

149036	338960.01	393697.97
149037A	340203.78	391533.12
149037B	340218.96	391526.02
149037C	340218.37	391523.06
149037D	340265.51	391488.15
149037E	340243.62	391510.44
149038	338225.9	394376.07
149040	338383.1	394021.24
149041A	338376.79	394041.16
149041B	338295.13	394038.21
149041C	338555.48	394163.45
149042	338312.09	394354.37
149043	338451.14	394221.83
149044A	338664.16	394015.13
149044B	338658.63	394075.88
149045i	338536.35	393983.77
149045ii	338569.88	393975.09
149045iii	338585.66	393981.4
149045iv	338577.57	393988.11
149045ixA	338583.29	394123.61
149045ixB	338587.43	394129.72
149045ixC	338596.11	394123.61
149045l	338449.96	393933.67
149045li	338444.44	393934.07
149045lii	338440.89	393935.64
149045v	338588.62	394001.13
149045vi	338635.95	394017.5
149045vii	338608.54	394120.26
149045viii	338617.61	394111.58
149045x	338562.58	394118.48
149045xi	338553.9	394107.63
149045xiiA	338491.18	394103.1
149045xiiB	338493.94	394099.15
149045xiiC	338517.81	394098.76
149045xiiiA	338532.8	394068.18
149045xiiiB	338535.56	394062.07
149045xivA	338540.1	394052.6
149045xivB	338539.7	394037.81
149045xivC	338550.94	394053
149045xivD	338566.92	394048.46
149045xix	338617.41	394083.77

149045xl	338455.09	393960.89
149045xli	338450.16	393959.51
149045xlii	338449.76	393966.02
149045xliii	338448.18	393964.44
149045xliv	338440.29	393963.85
149045xlix	338458.24	393943.53
149045xlv	338446.8	394003.29
149045xlvi	338443.45	393942.35
149045xlvii	338447	393941.17
149045xlviii	338452.13	393951.82
149045xv	338551.14	394078.24
149045xvi	338566.33	394076.07
149045xvii	338570.27	394083.17
149045xviii	338572.84	394102.5
149045xxA	338623.33	394052.41
149045xxB	338625.1	394056.35
149045xxC	338615.64	394047.87
149045xxD	338615.05	394044.12
149045xxE	338609.72	394041.16
149045xxF	338617.61	394036.43
149045xxiA	338611.69	394062.47
149045xxiB	338601.44	394066.41
149045xxiC	338621.75	394064.44
149045xxii	338606.17	394078.24
149045xxiii	338590.59	394068.38
149045xxiv	338584.87	394050.83
149045xxixA	338542.46	394020.26
149045xxixB	338533.78	394022.62
149045xxv	338602.42	394044.12
149045xxviA	338571.26	394007.83
149045xxviB	338579.15	394001.52
149045xxviC	338588.81	394002.11
149045xxviD	338576.98	393989.49
149045xxvii	338551.54	393995.01
149045xxviii	338550.15	394007.04
149045xxx	338506.37	393998.17
149045xxxi	338502.42	393996.59
149045xxxii	338485.07	393991.07
149045xxxiii	338482.7	393986.73
149045xxxiv	338492.37	393967.99
149045xxxix	338466.53	393969.76

149045xxxv	338494.34	393943.93
149045xxxvi	338471.26	393972.13
149045xxxvii	338476.59	393979.82
149045xxxvii	338472.44	393979.23
149046	338285.07	394388.49
149047	338281.72	394355.75
149048	341312.04	391062.12
149052	338220.57	394193.03
149053	338453.12	394475.28
149054	338436.15	394460.09
149055A	338480.53	394132.68
149055B	338433.39	394200.53
149056	338376.39	394095.01
149057	338456.86	394489.87
149058A	338382.7	394318.28
149058B	338371.07	394356.35
149059A	338293.55	394379.62
149059B	338376.39	394398.16
149060	338482.5	394141.75
149061	341153.66	390539.65
149063	338417.02	394466.8
149064	338428.66	394488.3
149065	338433.79	394508.81
149066	338439.7	394488.1
149067	338428.07	394476.26
149051	338483.88	394466.4
150001	338509.33	394291.85
150002	338503.8	394299.74
150003	338542.66	394347.08
150004A	338450.95	394422.81
150004B	338484.87	394374.1
150005	338502.23	394357.92
150006A	338564.16	394297.96
150006B	338563.57	394290.86
150006C	338545.82	394311.77
150006D	338546.6	394314.33
150006E	338570.67	394317.88
150006F	338570.47	394310.39
150007	338588.62	394332.28
150008A	338617.21	394373.9
150008B	338601.24	394403.68

150009	338519.19	394256.35
150009B	338547.79	394301.12
150010	338452.13	394388.89
150011	338514.85	394269.76
150012	338474.81	394310.98
150013	338493.35	394281.4
150014A	338433.39	394365.62
150014B	338428.66	394370.15
150014C	338435.56	394381.79
150015	338576.78	394347.67
150016A	338571.65	394216.9
150016B	338568.89	394225.58
150016C	338565.74	394233.27
150016D	338579.15	394209.21
150016E	338589.8	394210.19
151001	338877.76	394446.09
151002A	338903.6	394451.02
151002B	338895.91	394447.67
151003	338886.24	394435.24
151004	338870.07	394468.18
151005	338867.51	394483.96
151006	338877.37	394498.95
151007	338799.07	394507.43
151008	338792.56	394592.83
151009	338785.65	394597.17
151010	338672.64	394656.73
151011	338913.86	394471.53
151012	340303.97	394657.52
151015A	338752.12	394647.86
151015B	338710.51	394628.53
151015C	338672.44	394657.33
151017	338664.75	394683.36
151018	338670.27	394665.41
151019	338651.14	394649.44
151020	338626.09	394531.88
151021	338650.94	394617.29
151022A	338611.1	394566.2
151022B	338789.01	394277.06
151022C	338941.27	394303.88
151022D	339231.8	394717.09
151022E	339241.07	394716.69

151022F	339292.75	394813.14
151022G	339296.1	394827.54
151022H	339351.13	394907.22
151022I	339395.11	395096.77
151022J	339352.51	394914.72
151023	338994.92	394312.56
151024A	338894.92	394441.55
151024B	338995.71	394312.76
151025	338929.64	394308.42
151026A	338641.67	394340.57
151026B	338650.35	394347.67
151026C	338667.71	394331.3
641017D	338720.76	394374.1
641017E	338841.27	394417.69
641017C	338639.11	394343.72
151028A	338695.32	394345.69
151028B	338722.93	394363.64
151028C	338714.45	394354.57
151029	338783.29	394275.48
151030A	338608.93	394448.06
151030B	338607.35	394447.27
151030C	338590	394447.07
151030D	338597.69	394455.55
151030E	338642.07	394455.55
151030F	338628.46	394475.87
151030G	338595.72	394500.72
151030H	338625.3	394411.57
151030I	338588.22	394423.21
151030K	338616.43	394406.44
151030L	338630.04	394361.47
151030M	338630.23	394355.56
151030N	338570.86	394539.58
151031A	338561	394533.07
151031B	338556.86	394528.14
151031C	338554.1	394524.59
151031D	338548.18	394527.15
151032	339702.21	394673.11
151033	338538.32	394546.09
151034	339485.64	395267.77
151035	339563.16	395305.84
151036	339639.09	395218.66

151037	339758.22	395536.21
151038	339802.8	395511.55
151039	339780.71	395529.9
151040	340286.81	395809.97
151041	340323.5	395816.48
151042	340316.99	395820.03
151043	340604.56	395996.55
151044	340483.65	394612.36
151045	340516.59	394830.89
151046	339774.99	394172.72
151047	339691.16	394638.39
151048	340432.37	393754.19
151049	340335.92	393453.99
151050	340619.55	393580.82
151051	340932.16	392882.8
151052	338759.82	394530.7
151053	341463.91	392073.55
151054	339794.91	395507.8
151055	339888	395073.3
151056	339247.38	394123.41
151058A	339230.22	394713.14
151058B	339037.72	394787.5
151059	338890.58	394283.96
151060	339147.38	394605.45
151061	339490.18	395251
151062	339491.36	395249.82
151063	341672.39	391461.33
151064A	340338.68	395831.47
151064B	340463.73	395901.49
151064C	340491.54	395927.92
151065A	338709.52	394619.06
151065B	338803.01	394517.09
151065C	338871.65	394486.72
151066	340605.35	395988.66
151067A	341519.73	390857.2
151067B	341514.01	390850.69
151068	338651.34	394343.72
151069	341586.39	390987.57
151072	339758.81	395460.67
151073A	340158.41	395599.12
151073B	340198.25	395640.35

151074	338785.26	394597.17
151075	338875.2	394556.14
151027A	340164.53	395776.24
151027B	340302.39	395804.84
151027C	340126.66	395747.45
152001	338653.9	394623.6
153001A	338942.46	394653.38
153001B	338945.41	394648.06
153001C	338949.75	394641.75
153001D	338928.85	394682.77
153001E	338968.69	394660.48
153001F	338924.51	394663.64
153002A	338938.91	394659.5
153002B	338936.54	394664.82
153003	338948.57	394664.43
153004A	338900.05	394684.15
153004B	338917.41	394671.53
153005A	338865.34	394694.6
153005B	338969.67	394581.39
153005C	339019.77	394611.96
153005D	339027.46	394681.59
153005E	338963.76	394814.33
153005F	339001.82	394697.37
153006	338860.6	394704.07
153007	338839.7	394724.58
153008	338938.51	394634.45
153009A	338990.58	394780.6
153009B	339001.63	394801.11
153010	339005.97	394716.3
154001A	339035.75	394399.93
154001B	339048.37	394364.04
154001C	339014.05	394379.22
154001D	339028.45	394411.77
154002	339025.49	394402.7
154003	339028.65	394383.37
154004	339081.7	394418.67
154005A	338955.08	394375.28
154005B	339009.52	394309.21
154005C	339071.05	394439.18
154006A	339021.35	394404.87
154006B	338978.16	394452.99

154006C	338897.49	394466.01
155001	339077.56	394511.37
155002	339052.71	394517.29
155003A	339082.69	394437.61
155003B	339018.79	394611.37
155004	338996.3	394558.51
155005A	339127.46	394517.09
155005B	339130.82	394525.38
155006	339074.6	394526.56
156001A	339083.68	395067.77
156001B	339097.48	395068.56
156001C	339071.25	395078.62
156003	339147.58	394877.24
156004	339141.07	394880.79
156005	339122.14	394866.99
156006	339081.11	394861.86
156007	339169.08	394863.44
156009A	339043.44	394991.44
156009B	339046	394981.78
156009C	339057.84	394994.4
156009D	339068.69	395002.29
156009E	339076.58	395016.1
156009F	339042.65	395004.26
156010	339018.79	394973.89
156011	339026.28	395004.07
156012A	339097.88	394948.25
156012B	339136.54	394926.75
156013	339084.47	394857.13
156015	339042.26	395042.33
156016	339088.8	395054.95
156017A	339086.63	394957.32
156017B	339079.14	394963.83
156017Ci	339059.42	394935.63
156017Cii	339063.36	394961.46
156017Ciii	339071.05	394963.63
156017D	339054.49	394970.93
156017E	339035.16	394955.15
156017Fi	339052.32	394996.18
156017Fii	339048.17	394978.62
156017Fiii	339064.74	394983.55
156017Fiv	339071.84	395004.46
156017Fv	339084.27	395042.33
156017Fvi	339074.8	395049.43
156018	339292.55	394816.3
156019A	339226.67	394740.95
156019B	339096.5	394817.68
156019C	339105.37	394839.97
156020	339004.78	394936.22
156021	339382.68	395099.73
156022	339395.31	395096.37
156023A	339166.12	394936.02
156023B	339171.64	394971.92
156023C	339190.97	394957.72
156023D	339154.48	394947.66
156023E	339151.72	394940.75
156023F	339280.32	394881.19
156023G	339195.71	394996.77
156023H	339173.62	394991.84
156024	339343.43	394953.77
156025	339105.37	394839.97
157001A	341827.22	395388.87
157001B	341806.51	395391.44
157001C	341820.91	395358.7
157002	341809.47	395392.62
157003	341805.92	395395.97
157004	341799.8	395399.33
157005	341796.05	395395.38
157006	341848.72	395374.08
157007	341852.07	395380.59
157008	341854.83	395383.94
157009	341864.3	395389.86
157010	341923.86	395435.62
157011	341930.37	395448.83
157012	341866.67	395435.62
157013	341834.91	395449.03
157014	341865.68	395415.89
157015	341964.1	395209.78
157016	341901.77	395460.07
157017	341721.7	395359.09
157018A	341769.03	395553.37
157018B	341695.46	395462.84
157018C	341735.11	395745.87


157019	341381.27	395749.81
157020	341617.16	395668.16
157021	341432.35	395603.27
157022	341283.64	395765.39
157023	341111.25	395834.23
157024A	341812.03	395450.01
157024B	341825.25	395472.7
157025	341738.07	395295.97
157026	341768.84	395264.02
157027	341809.07	395247.45
157028	342232.73	395263.82
157029	341706.12	395312.34
157030	341535.11	395348.24
157031	341116.19	394382.38
157032	341909.27	395406.43
157033	341659.57	395322.4
157034A	341892.11	395317.87
157034B	341903.75	395300.91
157035	341856.8	395325.56
157036	342008.87	395240.95
157037	341680.48	395328.72
157038	341761.93	395384.53
157039	341846.55	395486.5
157040	341773.57	395434.63
157041A	341714.4	395342.32
157041B	341694.87	395409.78
157041C	341696.85	395441.73
157041D	341723.87	395473.88
157041E	341908.28	395507.41
157041F	341926.23	395429.11
157041G	341880.87	395510.37
157042	342051.67	395313.13
157043	341897.04	395307.61
157044A	341717.95	395329.5
157044B	342020.9	395256.72
157045	341914.4	395399.72
157046	341653.06	395154.36
157047A	341505.53	395770.72
157047B	341621.5	395753.76
157047C	341637.28	395744.49
157047D	341654.05	395739.95

157048	341849.51	395573.09
157049	341096.66	394513.54
157050	341831.56	392772.94
157052	341718.74	395508.99
157053	341957.99	392034.89
157054	342045.95	391285
157055	341926.03	394619.46
157056	341080.88	394517.49
157057	341106.13	394482.77
157058A	342165.48	391362.32
157058B	342153.84	391350.09
157058C	342145.16	391349.1
157058D	342136.09	391338.25
157058E	342164.49	391342
157058F	342119.32	391311.03
157058G	342093.29	391398.01
157059	342152.26	391260.74
157060	342196.05	391426.02
157061	342197.23	391443.38
157062A	342243.38	391534.3
157062B	342245.36	391532.33
157063A	341288.17	395774.66
157063B	341261.74	395698.93
157063C	341290.54	395705.43
157063D	341302.97	395676.84
157063E	341317.37	395675.06
157063F	341316.18	395705.04
157063G	341244.78	395780.98
157067A	342042.4	395282.96
157067B	341996.05	395304.65
157067C	342008.48	395281.77
157068	342175.93	391595.25
157069	341730.77	395344.1
157070	341826.23	395199.13
157071	341492.51	395143.12
157072	342071	395290.45
157073	341936.88	395196.96
157074	341928.99	395395.38
157075	341943.78	395431.87
157076	341248.73	395805.43
157078	341773.37	395435.03


157079	341855.62	395325.95
157080	340567.48	395841.92
157081	341152.28	394688.49
157082	341500.99	395958.88
157083	342034.12	392249.28
157084	341895.66	395520.43
157085	342040.82	391354.43
157086	341641.82	395471.51
157087A	342053.05	395235.82
157087B	342065.28	395230.89
157087C	342074.16	395229.51
157087D	342094.87	395237.2
157088	341288.57	394179.43
157089	341997.23	392648.49
157090	341903.94	395509.38
641002	340831.18	392193.66
641002A	339594.52	393320.86
641002B	339412.86	393426.38
641002C	339271.25	393513.95
641002D	339180.72	393580.03
641002E	339091.76	393653.79
641002F	338968.69	393712.37
641002G	338855.08	393771.94
641002H	338530.43	394115.52
641003A	338743.25	393915.92
641003B	338719.58	393903.3
641003C	341104.94	394384.75
641003D	341158.39	394402.89
641009A	333906.84	389539.47
641009B	333860.3	389600.81
641009C	333739	389629.41
641009D	333647.48	389608.3
641009E	333621.25	389562.35
641009F	333593.04	389537.1
641009G	333562.27	389536.31
641009H	333532.29	389510.47
641009I	333500.93	389509.29
641009J	333141.97	389679.11
641009K	332271.57	389878.91
641009L	332057.17	389892.91
641009M	331912.01	389870.43
641009N	330818.73	389897.65
641009O	330768.83	389923.88
641015A	341423.48	394718.47
641015B	341128.81	394702.69
641015C	340471.62	394599.54
641015D	340340.06	394573.11
641017A	338263.97	394125.58
641017B	338500.25	394271.34

VIÐAUKI II: TÚNAKORT FRÁ 1919

Túnakort 1919 - Stóru-Vogar, Tumakot, Suðurkot, Tjarnarkot, Minni-Vogar, Norðurkot




Túnakort 1919 - Stapabúð og Brekka




Skýringar

- bæjarhóll
- horfinn minjastaður
- tóft
- gömul bygging sem stendur enn
- mörk túns og garða skv. túnakorti
- leifar túngarðs
- traðir
- önnur mannvirki


Túnakort 1919 - Auðnar, Auðnakot og Landakot




Túnakort 1919 - Þórustaðir og Norðurkot




Túnakort 1919 - Kálfatjörn, Naustakot, Móakot, Hátún og Fjósakot



Túnakort 1919 - Bakki



Túnakort 1919 - Flekkuvík



VIÐAUKI III: MINJAKORT

Loftmyndirnar voru fengnar hjá sveitarfélaginu Vogum en eru eign Loftmynda ehf.

Yfirlitskort: Skráðar fornleifar í Vogum

N

Skráðar fornleifar

Grófar útlínur túnakorts

Garðlög

Landamerki*

Brotalína sem afmarkar fornleifar skráðar undir númerinu149:045

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar.
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki

0 0,5 1
Kílómeter

Yfirlitskort: Skráðar fornleifar í Vogum: 2

N

Skráðar fornleifar

Grófar útlínur túnakorts


Garðlög


Landamerki*

Brotalína sem afmarkar fornleifar skráðar undir númerinu149:045

*Landamerki eru sett fram án ábyrgðar.
Minjakortin má ekki nota sem heimild um landamerki

0 0,5 1
kílómetrar



Minjakort: Fornleifar í Stóru-Vogum
N
123057
123096
123063
123032
123033H
123033I
123033G
123031
123033
123033E
123033D
123033B
123033A
123033C
123028
123036C
123030
123027C
123027A
123027B
123027D
123034
123038A
123038B
123038G
123038D
123038C
123039
123038F
123038E
123035
123036D
123036A
123037
123029
123082
123036B
123040
123156
123157
123043
123026
123042
123129
123130
123137
123086
123023
123067
123087
123044J
123044L
123044A
123044G
123058
123044C
123044B
123044F
123044D
123044E
123044M
123149
123154
123155B
123155A
123131A
123131B
123148
123045
0
0,5
1
kílómeter



Minjakort: Fornleifar í Stóru-Vogum: 2
N
123057
123050
123135
123140
123064
123126
123134
123133
123153
123044J
123096
123063
23156
123044L
123044C
123044B
123044A
123043
23157
123044F
23040
123044D
123026
123044E
123044G
123044M
123058
123120
123065B
123065A
123127
123051
123139
123024C
123024B
123066
123024A
123025A
123025B
123027C
123082
123027B
123042
123149
123154
123129
123155A
123045
123130
123029
123137
123131A
123131B
123155B
123148
123100
123070
123068
123136
123152
123128
123086
123094
123072
123075
123138
123091
123077
123141
123074
123071
123089
123142
123143
123073
123144
123145
123076
123151
123088
123079
123146
123078
123095B
123095A
123147
123041
123090
123150
123080
123084
123092C
123092AB
123093
0
0,5
1
kílómeter



Minjakort: Fornleifar í Stóru-Vogum og Suðurkoti
N
Norðurkot
Minni-Vogar
Austurkot
Eyrarkot
123061
123022A
Hábær
123021
123018
123118
123016
123116
123117
123017
123008
123015
123119
123007
Stóru-Vogar
123054
123006
123055
123052
123053
123102
123106
123004
123101A
123003
Stóru-Vogar
123002
123001
123005
123101E
123101
123113
123014
Nýibær
Tumakot
123011
123111B
123112
123012
123111A
123114
123110
123013
123115
123107
123109
123108
Stóru-Vogar
126006
Suðurkot
126018
126003
126002
126005
126008
126009
126011
126004
126007
126001
126012
126017
123103
126010
126014
123048
126013
123104
123047
123124
126016
123123
126015
123132
123083
Bræðra-
partur
123046
123121
123125
123056
123049
123105
123122
0
50
100
metrar



Minjakort: Fornleifar í Eyrarkoti, Norðurkoti, Tjarnarkoti og Tumakoti
N
Minni-Vogar
Norðurkot
Minni-Vogar
Austurkot
Eyrarkot
Hábær
Stóru-Vogar
Stóru-Vogar
Tumakot
Nýibær
Stóru-Vogar
Suðurkot
129001
129002
129008
129009
129013
129011
129014
129003
129012
129004
129006
129005
129015
129007
124003
129016
124001
124002
127003B
127001
127002
125003A
125003D
125001
125007
125008
125002
125009
125004
125005
125006
0
50
100
metrar



Minjakort: Fornleifar í Minni Vogum
N
128030
128029
128031
128028
128026
128021T
128021S
128021G
128021D
128021Q
128020
128021J
128021N
128021F
128021E
128021M
128021L
128021R
128025
128021A
128021B
128021X
128021C
128021Y
128021K
128033
128022
128038
128024
128023
128009
128039
128040
128013
128043
128053
128012
128044
128054C
128054B
128007
128017
128055
128015B
128015A
128002
128045
Minni-Vogar
128005
128004
128001
128018
128006
128056
128041
128042
128016
128051
128049
Minni-Vogar
128014C
128046
128034
128048
128027
128050
128037
128057
128052
128047
128035
Norður-Vogar
Austurkot
0
50
100
metrar



Minjakort: Fornleifar á Auðnum og í Auðnakoti
N
146024
146036
146044
146032
146012
146035
146028B
146034
146010
146043
146033
146041
146013
146009
146011
146055
146007
146006
146005
146023
146008
146045
146003
146004
146019
146028A
146002
146031
146001
146014
147005
146015
146065
146020
146063
146064
146018
147010
146062
146054
147006
146049
146058
146040
146022
147009
147002
147003
146025B
146042
147001
146056
146025C
147007
147012
146025A
146016
146017
147004
146057
147011
146030A
146021
147008
146051
146052
146030B
146053
146038
146048
146039
146060
146059
146061
146047
0
100
200
metrar


Minjakort: Fornleifar í Landakoti
N
148017
148018
148016
148031
148019
148009
148038
148036
148020
148021
148011
148005
148012
148033
148010
148037
148030
148008
148032
148022B
148007
148015
148006
148013
148022A
148004
148002
148035B
148003
148001
148035A
148029
148028A
148026A
148025
148028B
148026B
148027
148022C
148034
148024A
148014
148024C
148024D
148024B
0
50
100
metrar


Minjakort: Fornleifar í Landakoti: 2
N
148024A
148014
148024C
148024B
148024D
148039D
148039L
148039J
148039C
148039M
148039K
148039B
148039G
148039E
148039F
148039H
148039I
148039A
0
350
700
metrar


Minjakort: Fornleifar á Þórustöðum og í Norðurkoti
N
149065
149066
149064
149057
149067
149053
149063
149051
149054
149016A
149016B
149027
149015
149014
150004A
149059B
150008B
149046
150010
149059A
150014C
149038
150004B
150008A
149009
150014B
150014A
149047
149008
149058B
150005
149007
150003
150015
149010A
149042
150007
149058A
150006C
150012
150006E
150006F
149010B
150009B
150002
150001
149019B
150006A
149012
150013
150006B
149010D
150011
149006
149002
150009
149003
149019A
149004
150016C
149005
149043
150016B
150016A
149001
150016E
149055B
149021
150016D
149052
149023A
149041C
149060
149055A
149022B
149022A
149022G
149056
149022C
149022J
149044B
149022I
149022E
149028
149022D
149045
149022H
149041A
149041B
149040
149025
149044A
149026
0
50
100
metrar


Minjakort: Fornleifar á Þórustöðum: 2
N
149044B
149044A
149017A
149017B
149017C
149018A
149018B
149036
149029A
149032
149030C
149030A
149030B
149030D
149020
149062A
149062B
148040
149024
149031
149035
149037A
149037C
149037E
149037B
149037D
149048
149061
149011A
149011B
0
400
800
metrar



Minjakort: Fornleifar á Kálfatjörn, í Naustakoti, Móakoti, Hátúni og Fjósakoti
N
151058B
153009A
153007
153004A
153010
153006
153001D
151022E
151017
151018
153002B
151058A
153004B
153003
151010
151015C
153001E
153001F
151019
151015A
153001B
153002A
153001C
151001A
152001
151065A
153008
151021
155003B
151060
151074
151009
151008
153005B
151022A
151033
151075
155004
151052
151031A
155006
151031D
151065B
151020
151031B
155002
155005A
151007
151006
151031C
155001
151030G
151065C
151005
151011
151030D
151030F
151004
154006C
154005C
151030E
151030C
151002A
154006B
151001
151030B
155003A
151030A
151002B
151030I
151030H
151003
151024A
154002
154004
150008B
154006A
154001A
150008A
154005A
151026B
151028B
154003
151068
151028C
154001B
151028A
151026A
151026C
151025
151024B
151022B
151059
151023
151029
0
100
200
metrar



Minjakort: Fornleifar á Kálfatjörn og Bakka
N
151043
151066
151064C
151064B
151064A
151040
151042
151041
157080
151027A
151027C
151073B
151073A
151037
151039
151038
151054
151072
151035
151034
151061
151062
151036
151055
156001C
156001A
156001B
156015
156016
156009F
156011
156009E
156009D
156009A
156009B
156009G
156010
156017B
156017D
156017A
156017E
156020
156012A
156012B
156006
156017C
156013
156004
156003
156007
156005
156025
156018
156023H
156023G
156023B
156023C
156023D
156023E
156023A
156024
151022J
156023F
156021
151022I
156022
151058B
156019A
151045
0
250
500
metrar


Minjakort: Fornleifar á Kálfatjörn
N
156024
151022
156023F
156018
156019A
151045
151032
151047
151012
151044
151046
151056
151048
151050
151049
151051
151053
151063
151069
151067A
151067B
0
350
700
metrar


Minjakort: Fornleifar í Flekkuvík
N
157082
157023
157076
157063G
157063A
157022
157019
157047A
157047B
157018C
157047C
157047D
157063C
157063B
157063F
157063D
157063E
157020
157021
157048
157018A
157052
157084
157039
157090
157024B
157018B
157013
157016
157086
157024A
157011
157041C
157078
157010
157012
157040
157004
157003
157014
157075
157005
157001A
157032
157017
157038
157009
157008
157045
157074
157069
157002
157007
157044A
157030
157001C
157006
157037
157067B
157042
157033
157043
157034B
157072
157029
157079
157067A
157035
157025
157028
157026
157036
157087D
157087C
157027
157087A
157087B
157015
157070
157073
157071
157046
0
150
300
metrar


Minjakort: Fornleifar í Flekkuvík 2
N
157081
157056
157049
157057
157031
157088
157055
157050
157089
157083
157053
157068
157062A
157062B
157058G
157061
157060
157058A
157058C
157085
157058B
157054
157058E
157058F
157058D
157059
0
350
700
metrar


Minjakort: Fornleifar á fleiri en einni jörð
N
641009O
641009N
641009M
641009L
641009K
641009J
641009D
641009C
641009B
641009E
641009G
641009F
641009A
641009H
641009I
0
400
800
metrar


Minjakort: Fornleifar á fleiri en einni jörð: 2
N
641015B
641015A
641015C
641015D
641003D
641003C
641017E
641017D
641017C
641017B
641017A
641002H
641003A
641003B
641002G
641002F
641002E
641002D
641002C
641002B
641002A
641002
0
450
900
metrar